Fallin frumvörp.

A. Stjórnarfrumvörp.

1. Umboð þjóðjarða.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða (A. 36).

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Þetta er í rauninni smámál, sem vonandi er að ekki veki miklar umræður.

Jeg byggi frv. þetta á reynslu þeirri, sem jeg hefi fengið þau 20 ár, sem jeg hefi verið umboðsmaður í þessu umboði. Reynslan er sem sje sú, að nú eru þegar seldar flestar jarðir umboðsins og hinar á förum, nema þær fáu, þar sem útmælingar eru á húsa- og graslóðum, eða jarðirnar að öðru leyti sjerstaklega hugsaðar til opinberra nota. Tel jeg, þegar svo er komið, heppilegra að hafa sjerstakan umboðsmann, eins og áður, í staðinn fyrir að fela umboðið hreppstjórum, eins og nú er ákveðið.

Þetta segi jeg þó ekki af því, að jeg sje á móti hreppstjórum þeim, sem hlut eiga að máli, heldur vegna þess, að það er mín persónuleg skoðun, að heppilegra sje að hafa sjerstaklega valinn mann fyrir ríkisins hönd í þessu efni.

Hreppstjórar eru valdir af alt öðrum ástæðum og með öðrum skilyrðum og ætlunarverki en umboðsmenn ríkisins, og það er alls ekki lítilsvert, hvernig með umboð þetta er farið.

Auðvitað get jeg skilið, að hafa þyrfti undantekning þá, sem hjer er um að ræða, víðtækari. Jeg hefi heyrt það á einum umboðsmanni, sem einmitt á sæti hjer í deildinni, að líkt standi á í hans umboði.

Mjer finst rjett, að máli þessu verði vísað til allsherjarnefndar. Fjárhagsnefnd er hvort sem er svo hlaðin störfum, að ekki virðist ástæða til að vísa því til hennar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 2 atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 15 : 1 atkv.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 26. febr., var frv. tekið til 2. u m r. (A. 36, n. 57, 61).

Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv. um brtt. 61, er of seint var útbýtt.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Eins og nál. ber með sjer, hefir nefndin ekki fundið ástæðu til að fallast á frv. þetta. Nefndinni er það ekki ljóst, á hverju það byggist, að betra sje, að einn maður hafi eftirlit með jarðeignum ríkissjóðs á stóru svæði, í stað viðkomandi hreppstjóra í hverjum hreppi. Þeim ætti að vera það hægara, þar sem svæðið er minna og þeir eru nákunnugir. Nefndinni virðist það of mikið vantraust á hreppstjórum landsins að þora ekki að trúa þeim fyrir þessum tiltölulega fáu eignum, ef það álíst tiltækilegt að setja einn mann yfir margfalt fleiri eignir og dreifðari um margfalt stærra svæði. Það er þegar búið að selja mikið af þjóðjörðum, og það ætti því ekki að vera sjerstakt vandastarf að hafa á hendi innheimtu og eftirlit á þeim fáu eignum, sem eftir eru í hverjum einstökum hreppi. Aðalástæðan fyrir frv. þessu er talin sú, að ekki sje annað óselt af þjóðjörðum en þær, sem fyrirhugaðar eru til opinberra nota, eða þar sem er útmæling á lóðum, eins og t. d. á Raufarhöfn, Kópaskeri og Flatey, þar sem hafa risið upp þorp, og þess vegna telji stjórnin það miður heppilegt að fela hreppstjórn í hverri sveit umsjónina. En einmitt eins og hjer hagar til, þá lítur nefndin svo á, að hreppstjóri standi þar miklum mun betur að vígi en maður, sem á heima í fjarlægu hjeraði og hefir að sjálfsögðu auk þess í mörgu öðru að sýsla. Ef þessi maður ætti t. d. heima í uppsveitum Suður- eða Norður-Þingeyjarsýslu, mundi hann kynoka sjer við að fara alla leið út á Raufarhöfn eða fram í Flatey, til þess að skifta lóðarskika eða líta eftir ábúð einstakra leigjenda.

Þetta frv. kemur því undarlegar fyrir, sem það byggir á sömu ástæðu og lögin frá 1913 voru bygð á, en gengur þó í þá átt, að kollvarpa að miklu leyti þeim lögum. Og vil jeg í því sambandi vísa til orða flm. málsins 1913, 1. þm. Skagf. og þáverandi umboðsmanns. Hann segir svo, hinn gamli og glöggi þingm., í ástæðunum fyrir lögunum, sem jeg ætla að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalatriðið í frv. er að koma hagkvæmara skipulagi á umboð þjóðjarða. Fyrirkomulagið nú er sjerstaklega óhentugt, af því að þjóðjörðum hefir fækkað mjög, fyrir sölu á seinni árum. Fyrirhöfn umboðsmanna aukist."

Háttv. deildarmenn sjá, að ástæðan fyrir lögunum er þarna sú sama og nú er flutt til þess að upphefja þau og það í því umboði, sem ekki verður sagt að standi eiginlega neitt sjerstaklega á. Þegar litið er á þetta hliðstætt, kemur það allkátlega fyrir sjónir. Auk þess byggir frv. á undarlega litlu trausti til hreppstjóra yfirleitt. Ef sýslunefnd er ekki treyst til þess að útnefna svo þrjá menn, að þeim hverjum um sig sje nokkurn veginn fulltrúandi til að gegna stöðunni, og sýslumanni svo ekki treyst til þess að velja þann, sem hann ætlar best til starfans fallinn, þá er óneitanlega rjettara að nema lögin alveg úr gildi. Það nægir ekki að gera það að eins á þeim stað, sem frv. fer fram á, heldur fyrir fult og alt, ef bygt er á þessari órökstuddu ástæðu stjórnarinnar með frv. En þessi vantraustsyfirlýsing á hreppstjóra, sem nefndin getur ekki fallist á, er enn undarlegri, þegar

til þess er litið, að þeir mega ekki gera ábúðarsamning án samþykkis viðkomandi sýslumanns. Vandamesta starfið á umboði þjóðjarða hvílir þannig að miklu leyti á sýslumanni, því hitt ætti hverjum hreppstjóra að vera ljett verk, að dæma um það, hvort jörð sje sæmilega setin og sjá um, að afgjald sje greitt o. s. frv. Það getur verið erfiðara að gera hagfeldan byggingarsamning, en það er sem sagt gert með aðstoð sýslumanns.

Þetta mál er að vísu ekkert stórmál, en getur þó orðið allþýðingarmikið. Því ef frv. er samþ., þá er því þar með lýst yfir, að lögin um umboð þjóðjarða sjeu óheppileg. Nefndinni hefir þess vegna ekki fundist ástæða til að fallast á frv., eins og tekið er fram í nál.

Þá má benda á það, að frv. hefir dálítinn kostnaðarauka í för með sjer. Umboðsmönnum er ætlað 10% í þóknun, og er það hagfelt, þegar til þess er litið, að áður höfðu þeir 16⅔%. En hreppstjórar hafa 6% eða 4% minna en umboðsmenn. Þetta eru að vísu ekki stórar upphæðir og skiftir ekki mjög miklu máli, en eigi að síður mælir það á móti frv. frekar en með því.

Jeg sje þá ekki ástæðu til að ræða þetta frekara að sinni; fæ ef til vill tækifæri til þess síðar. Jeg hefi hjer lýst skoðun minni og skoðun nefndarinnar og vona, að mjer hafi tekist það svo, að háttv. deildarmenn geti auðveldlega áttað sig á málinu, enda er það ekki torskilið.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 61, við frv. á þskj. 36, um umboðsskipun í Norðursýsluumboði, og lýtur hún að því að bæta við Múlaumboði.

Ástæðan fyrir mjer er ekki sú, að jeg haldi þessa skipun betri en ákvæði laga nr. 30, 1913, heldur að jeg v e i t m e ð v i s s u, að hún er betri. Á þingi 1917, þegar þessi nýja skipun var gerð um Arnarstapaumboð, var af einum háttv. þingdm. hjer flutt brtt. um að bæta Múlaumboði við, en hún var feld, og að því er jeg best gat sjeð, af tómum misskilningi; jafnvel flaug sú fáránlega kenning fyrir, að till. mundi fyrir mig borin fram og mjer í hag, þótt öllum mætti það sýnilegt vera, eins og nú, að hjer var og er að ræða um skipun umboðsins eftir minn dag.

Jeg er jafnsannfærður um það nú eins og jeg var þá, að þessi skipun, sem gerð hefir verið á Arnarstapaumboði, á einmitt alt eins við um Norðursýslu og Múlaumboð. Nákvæmlega sömu rökin mæla með á öllum þessum stöðum: Fjölbýlisjarðir, sem ekki verða seldar, til og frá á umboðssvæðinu, með mörgum lóðarútmælingum, verðmætar eignir, sem miklu skiftir fyrir ríkið og almenning að hyggilega og vel sjeu hagnýttar.

Það er alls eigi rjett að líta á frv. þetta eins og vantraustsyfirlýsingu til hreppstjóranna. Ekkert slíkt vakir fyrir mjer, en jeg skil, að meðferð þessara ríkiseigna getur yfirleitt eigi verið eins vel borgið hjá þeim og umboðsm., sem stjórnin skipar, og það liggur í því, að hreppstjórar verða háðari hreppsbúum á hverjum stað en umboðsmaður, sem býr utan hrepps, og töluverð hætta er á, að meðferð eignanna verði einskonar hreppsmálefni; eigin hagur og grannahagur verður eðlilega oft í fyrirrúmi. Auðvitað getur þetta átt við líka um umboðsmann, ef eignirnar liggja í hans hreppi, en hvorttveggja er, að hann býr

þá að eins í einum hreppi þeirra, sem eignirnar eru í, enda stjórninni hægari tök á honum en hreppstjórum.

Jeg hefi verið við riðinn sölu margra þjóðjarða, alt frá 1910, og hún hefir í mörgum tilfellum sýnt mjer, að hreppsbúar styðja tíðum hver annan eftir föngum til að eignast jarðirnar með litlu verði og losa ríkissjóð við þær. Jeg hefi varla sjeð svo lýst þjóðjörð, sem selja átti, að eigi væri lögð mikil áhersla á ókosti hennar, en að sama skapi dregin fjöður yfir kostina. Þetta er ljós vottur þess, hvernig farið getur, þegar meðferð eignanna er orðin að hreppsmálefni.

Það er á allra vitorði, að almenningur lætur sjer lítið ant um hag þess opinbera, er kröfuharður, þegar þangað á að sækja gjöld, en linur um eftirgangsmuni, þegar þangað ber að greiða. Það mætti benda á mörg atvik, sem eru spegill þessa hugsunarháttar, en jeg sje ekki ástæðu til þess hjer.

Lögin frá 1913, um meðferð umboðanna, eru eigi vandl. hugsuð; þau geta átt við þar, sem örfáar sveitajarðir verða eftir við fráfall umboðsmannanna, en alls eigi þar, sem fjölbýlisjarðir margar, með mörgum útmældum lóðum eða jafnvel heilum kauptúnum, eru eftir.

Jeg býst að vísu ekki við því, að jeg snúi huga þeirra, sem fyrirfram hafa ákveðið að fella frv. og till. mína, eins og hv. landbúnaðarnefnd leggur til, en jeg tel mjer jafnskylt fyrir því að halda fram þeirri stefnu, sem jeg tel rjettari og öruggari.

Háttv. frsm. (St. St.) áleit það örugga tryggingu fyrir góðri meðferð á eignum ríkisins, að staðfesting sýslumanns væri heimtuð á byggingarbrjefum. Jeg verð að líta öðruvísi á. Í fæstum tilfellum geta sýslumenn dæmt nokkuð um meðferðina af eigin reynd, en verða að treysta sögusögn hreppstjóranna. Sjerstaklega á þetta við um fjarlæga hreppa í víðlendum sýslum, eins og t. d. á sjer stað í Múlaumboði.

Þá hefir það verið tekið fram í nál. sem ástæða gegn frv., að eftirlit hreppstjóranna verði ítarlegra, vegna þess að þeir búa nærri vettvangi og geti því skift jörðunum rjettlátlegar og heppilegar manna milli.

Það má vel vera, að þessi skifting eða úthlutun yrði hreppsbúum þeim, sem í hlut ættu, haldkvæmnari, og það kemur heim við skoðun mína um það, að umsjón eignanna verði að hreppsmálefni. En það er þá líka jafnljóst, að öðrum, sem þurfa að komast að notum þessara eigna, verður leiðin ógreiðari og ríkinu eða hagsmunum þess miður borgið.

Þá er sú óverulega ástæða flutt gegn frv., að umboðslaun hreppstjóra sjeu lægri en umboðsmanna. Þessi hækkun nemur að eins nokkrum hundruðum króna, og er hún eðlileg afleiðing þess, að fyrirhöfn umboðsmanna er meiri, því þeir verða að hafa eftirlit með stóru svæði, en hreppstjórarnir að eins rjett í kringum sig.

Um sparnað þann, sem háttv. nefnd talar um á þskj. 57, ætla jeg ekki margt að tala. Frv. gerir ráð fyrir, að umboðsmenn fái 10%, en áður hreppstjórum ætlaðar 6%. Háttv. frsm. (St. St.) lagði ekki mikla áherslu á þetta, enda er hjer ekki um ýkjamikið að ræða.

Tekjur af Norðursýsluumboði má ætla 5000 kr. árlega og af Múlaumboði 4500 kr. Umboðslaun því eftir frv. 500 kr. í öðru, en 450 í hinu.

Væri nú eignum þessara umboða skift milli hreppstjóranna, þá mundi sparast af umboðslaununum nyrðra

200 kr., en eystra 180 kr, eða alls 380 kr. í báðum.

Slík upphæð skellur ekki hátt í ríkissjóði, og fljótlega getur jafnstór upphæð glatast ríkinu, eða þótt meira væri, af lóðarleigum við sjó á þjóðjörðum, ef ekki er vel til gætt og þegar meðferð eignanna er orðin að hreppsmálefni.

Jeg skal svo ekki tefja hv. deild með fleiri orðum um þetta mál. Jeg get sagt nú, eins og jeg sagði, þegar þetta var á dagskrá á þingi 1917, að jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvort ofan á verður, en það veit jeg, eins og jeg gat um áðan, að eftirlitið af hálfu hins opinbera yrði miklu betra, ef frv. næði fram að ganga.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg hafði ekki hugsað mjer mikla mótstöðu á móti frv. þessu og tel varla vert að gera úr því mikla þrætu. Jeg bjóst ekki við mótstöðu, vegna þess, að fyrir skömmu gekk gegnum þingið umræðulítið frv. um Arnarstapaumboð. Ef til vill hefir það verið umhugsunarlítið. En nú er heil nefnd á móti þessu frv. Þar sem jeg er vel kunnugur þessu umboði, vil jeg gefa nokkrar skýringar, sem snerta þetta mál. Jeg hefi verið umboðsmaður þar í nærri 20 ár. Það er þegar búið að selja mikið af jörðum og það, sem eftir er, á förum, nema jarðir þær, sem ætlaðar eru til opinberra eða almenningsnota og má því ekki selja. Í Reykdælahreppi er að eins eftir ein jörð, og hún er ætluð til læknisseturs. Flatey er öll ætluð til grasbýla, og þar er verslunarlóð. Hún er í 4 lögbýlum, en þar af eru 2 bygð einum og sama manni, og það er hreppstjórinn. Í Presthólahreppi eru 2 kauptún, Raufarhöfn og Kópasker. Innan skamms verða að eins eftir þessar tvær jarðir, sem kauptúnin standa á. Verði einhver eftir, þá verður hún höfð til almenningsnota. Í Skinnastaðahreppi eru 2 jarðir. Önnur þeirra er seld, en hin gerð að læknissetri eða skólajörð. Jeg geri ekki ráð fyrir, að í öðrum hreppum verði nokkuð eftir, en ef svo færi, þá yrðu þær eignir annaðhvort ætlaðar til opinberra þarfa eða til almenningsafnota. Eðlilegra sýnist nú, að ríkisstjórnin sjálf velji og skipi þá menn, sem eiga að annast þær fasteignir, sem geymast eiga til almenningsnota, eða eru það þegar, en ekki sveitar- eða hjeraðsvöld.

Háttv. frsm. (St. St.) gerði endilega ráð fyrir því, að umboðsmaður yrði valinn út á útkjálka hjeraðsins. Þetta eru auðvitað getsakir einar. Það er stjórninni í sjálfsvald sett að velja menn af stöðum, sem liggja vel við. T. d. gæti umboðsmaður Norðursýslu vel átt heima á Húsavík. Þá ætti hann hægast með að komast til Raufarhafnar, Kópaskers og annara þeirra staða, sem eignirnar standa á. Jafnvel þótt hann ætti heima á Raufarhöfn, þá ætti hann ekki svo erfitt með að komast á staðina með strandferðaskipunum. En á Húsavík væri hann best settur, og þar eða í nágrenninu eru auðfengnastir hæfir menn til þess.

Jeg legg því meira upp úr orðum hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), þar sem hann benti á, að betra væri að treysta einum manni í hjeraðinu en 4 eða 5 hreppstjórum. Jeg er ekki að leggja hreppstjórunum til, enda sæti það síst á mjer. Í Norðursýsluumboði eru 2 hreppstjórar, báðir vinir minir, og jeg ber hið fylsta traust til þeirra beggja, en annar þeirra er illa við riðinn, þar sem hann er ábúandi á hálfri Flatey.

Hv. frsm. (St. St) sagði, að rjettast

væri þá að nema lögin öll úr gildi. Jeg er ekki á móti því, en eitthvað þarf að koma í staðinn, og jeg er ekki undir það búinn nú sem stendur. En af því að jeg er svo nákunnugur Norðursýsluumboðinu, vildi jeg ekki sleppa tækifærinu nú til að fá því breytt, þar sem enn þá er ekki farið að afhenda umboðið hreppstjórum.

Viðvíkjandi brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), þá er jeg ekki á móti henni. Jeg skil vel þær ástæður, er hann færði fyrir henni, því þær eru þær sömu og í Norðursýsluumboði. En það, sem rekur hjer á eftir, að því er Norðursýsluumboðið snertir, er, eins og jeg hefi þegar getið um, það, að því hefir ekki verið skift enn þá. (P. O.: Hver hafði umboðið áður?). Jeg hafði umboðið þangað til jeg varð ráðherra, en varð þá auðvitað að sleppa því.

Annars finst mjer eins og það sje einhver hreppstjóra-viðkvæmni, sem hafi ráðið afstöðu nefndarinnar og frsm (St. St.) til frv. þessa.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagðist vita, að betra yrði eftirlitið með þjóðjörðunum, ef frv. þetta næði fram að ganga. Mjer liggur við að segja: „Mikil er trú þín, kona.“ Háttv. þm. (Sv. Ó.) veit, að ríkisstjórninni mun ávalt takast vel að velja slíka menn; hann veit, að hún mun aldrei verða hlutdræg, aldrei láta fylgismenn sína eða gæðinga ganga fyrir öðrum. Háttv. þm. (Sv. Ó.) gefur mjer tilefni til að taka það fram, að jeg efast um þetta, því að þessi maður, sem á að hafa á hendi umboðið, verður þá að hafa margfalda yfirburði fram yfir hreppstjórana, sje þeim engan veginn treystandi til umboðsstarfsins, hverjum í sínum hreppi, og jeg get búist við, að það verði erfitt að fá slíkan mann á hverjum tíma sem er.

Sami háttv. þm. (Sv. Ó.) hreyfði því, að það hefði verið kafað svo grunt hjer í deildinni, þegar Arnarstapaumboð var undanskilið framkvæmd laganna, og hann þá bar fram hina sömu tillögu og hann flytur nú, um að Múlaumboð falli einnig undir þetta lagafrumvarp, að þess hafi ekki verið gætt, að hann rjeði engu um það, hver yrði umboðsmaður eftir sinn dag. Það er ekki mitt að svara þessu ámæli, heldur er það háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) að taka upp hanskann hvað þetta snertir, þar sem hann var frsm. þess máls.

Hv. þm. (Sv. Ó.) gat þess enn fremur, til að fegra afstöðu sína til þessa máls, að hjá honum væri alls ekki um neitt vantraust á hreppstjórunum að ræða, þeir væru eiginlega vel færir um að hafa þetta umboð á hendi. Já, — en þá er heldur ekki nein ástæða til að taka umboðið úr höndum þeirra. Þm. gat þess, að farið væri með þetta sem hreppsmál. Að vísu má hugsa sjer það, en með því er ekki sagt, að þá hljóti að verða illa með eignina farið, því það mundi valda tjóni fyrir sveitarfjelagið. Annars virðast lögin næg trygging fyrir góðu eftirliti með eignunum. Því jeg fæ ekki sjeð, að engin trygging sje í því, að sýslumaður samþykki ábúðarskilmála. Hann ætti þó að geta sjeð, hvað sje löglegt eða rjettmætt og hvaða skilmálar sjeu með öllu óhlutdrægir. Það er næstum óskiljanlegt, að ekki megi fyllilega treysta sýslumönnum að þessu leyti. Annars vil jeg spyrja hæstv. atvinnumálaráðh. (P. J.) og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að ef til dæmis væru í sama hreppi, segjum 2—3 jarðir, sem væru mjög vel fallnar til sundurskiftingar í grasbýli, og svo skyldi fara, að

fjöldi manna vildi fá lóðir. Þá risi upp í hreppnum að öllum líkindum smáþorp. Væri þá ekki sjálfsagt að svifta hreppstjórann umboðinu? Mjer skilst eftir stefnu frumv., að svo yrði að fara, en það yrði nokkuð erfitt í framkvæmdinni, yrði sennilega þingmál í hvert sinn, sem slíkt kæmi fyrir.

Hæstv. atvinnumálaráðh. (P. J.) sagði, að ekki væri nema einn ábúandi á hálfri Flatey. En var nú ástæða til, að einn maður fengi bygðar tvær lendur? Að mínu áliti er það illa farið, hvernig umboðsmenn hafa hagað sjer í þessu falli, hvernig þeir hafa leyft sjer að byggja jafnvel vildisjarðir þeim, sem ekki hafa flutt á þær til ábúðar, heldur nytjað þær, og svo flutt meira og minna af heyfengnum burt af jörðinni. Þetta hefir orðið til þess, að jörðin hefir níðst niður, bæði að ræktun túns og viðhaldi húsa. Það hefir jafnvel komið fyrir, að mönnum hafa verið bygðar stórar jarðir á þennan hátt, sem engin nauðsyn bar til að gera. Slíkt virðist ekki vera vel samrýmanlegt því, að mörg góð bændaefni eru í vanda stödd af því að þá vantar jarðnæði. Þetta álít jeg að hreppstjórar mundu ekki leyfa sjer, en þetta hafa umboðsmenn leyft sjer, eins og kom fram í ræðu hæstv. atvinnumálaráðh. (P. J.). En í því tilfelli hefir að vísu getað staðið svo á, að fleiri hafi ekki beiðst ábúðarinnar.

Hæstv. atvinnumálaráðh. (P. J.) þótti undarlegt, að hjer skyldi verða slíkur þytur út af frv. þessu, þar sem Arnarstapaumboðið var samþykt nær orða- og umræðulaust. En hjer er öðru máli að gegna, þar sem hjer er að ræða um þrjú smá þorp, í mikilli fjarlægð hvert frá öðru.

Hæstv. atvinnumálaráðh. (P. J.) gat þess enn fremur, að hreppstjórar stæðu ekki beint undir ríkisstjórninni, en það yrðu umboðsmenn að gera, þar sem eignirnar ættu að vera háðar beinu eftirliti stjórnarinnar. Þetta er ekki þýðingarmikið atriði, þegar þess er gætt, að þeir þurfa að gera stjórninni árleg skil, og það er verk sýslumannanna, sem standa beint undir stjórninni, að líta eftir, hvernig þeirra reikningsskil eru. Ef vangoldið er frá hreppstjóra árum saman, er auðvitað sjálfsagt, að sýslumaður tilkynni þá vanrækslu, og yrðu þá að sjálfsögðu gerðar þær ráðstafanir, sem hlýða þætti.

Jeg man svo ekki eftir, að það kæmi fram í ræðum háttv. þm. nokkrar fleiri verulegar ástæður, sem leggjandi sje áhersla á, og hefi því ekki meira að segja að sinni.

Björn Hallsson: Það er að eins eitt atriði, sem jeg vildi bæta við ræðu hv. þm. Eyf. (St. St.) í andsvari hans til hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að það væru samtök innan hreppanna um það að fá jarðirnar keyptar fyrir sem lægst verð. Þetta er svo þung ásökun, að ekki má láta ómótmælt. Þar sem, eins og kunnugt er, eru eiðsvarnir virðingarmenn, sem meta jarðirnar, þá er með þessum orðum borið á þá, að þeir meti eið sinn að engu, og virðing fyrir honum veiti því enga tryggingu. Jeg get sagt, hvað sjálfum mjer viðkemur, að jeg hefi verið virðingarmaður og fundið til þeirrar ábyrgðar, sem starfinu fylgir. Jeg held líka, að hver virðingarmaður virði eftir því, sem hann telur jörðina verða, en ekki til þess að kaupandi fái þær sem ódýrastar. Að vísu munu fáir hafa virt jarðir eftir braskverði dýrtíðarár-

anna, enda er það ekki heilbrigt verð. En væri þessi ásökun hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) rjett, þá held jeg, að full ástæða sje til að afnema lögin tafarlaust, svo að meiri siðspilling hljótist ekki af þeim. En eins og að framan segir, mótmæli jeg því, að hún sje rjett.

Sveinn Ólafsson: Það tekur því ekki fyrir mig að elta lengi ólar við hv. mótstöðumenn mína. Svör þeirra hafa flest farið fram hjá efninu. Þó hafa einstöku atriði fram komið, sem jeg neyðist til að gera athugasemdir við. Frsm. háttv. nefndar (St. St.) fór mest í aukaatriði, en gekk fram hjá því, sem ráðherra lagði mikla áherslu á, sem sje þá tryggingu, er frv. veitti, og í hverju hún væri aðallega fólgin. Til þess að sýna honum, að hann hefði gengið fram hjá þessu atriði, benti jeg honum á, að það hefði þótt meiri trygging í að fela Arnarstapaumboð sjerstökum umboðsmanni. Hann spyr nú, hvernig hafi farið með Arnarstapaumboð, og á víst að skilja það sem tilvitnun til vanskila, sem þar urðu eitt sinn hjá umboðsmanni, og bendingu um, að svo muni verða eftirleiðis, ef þeim sje haldið. Þessi spurning er vindhögg og dæmið of einstaklegt til að álykta eftir því. Missmíði og axarsköft hafa komið fyrir hjá opinberum starfsmönnum í ýmsum stjettum. Sýslumenn hafa hröklast úr embættum fyrir óhöpp eða óreglu og sjóðþurð, og neitar þó enginn því, að starf þeirra sje nauðsynlegt. Vandalitið væri að benda á glappaskot einstakra hreppstjóra og hrapallega meðferð þeirra á kirkjujörðum, en slík dæmi sanna nær ekkert um það, hvert fyrirkomulagið sje tryggast. Sú tilgáta hans, að hreppstjórar myndu aldrei leyfa sjer að byggja tvær jarðir sama manni, eins og umboðsmenn hafi leyft sjer að gera, er svo skopleg, að jeg nenni ekki að svara henni. Hvað viðvíkur viðbótarræðu hv. 2. þm. N.-M. (B. H.), þá skal jeg taka það fram, að jeg sagði ekki, að hrepparnir hefðu samtök um að fá jarðirnar sem ódýrastar, heldur að það liti stundum þannig út. Hvað eiðsvörnu virðingarmönnunum viðvíkur, þá má ekki gleyma því, að sannfæring þeirra getur oft litast af aðstöðu til vina, frænda og vandamanna, og þeim alveg ósjálfrátt, jafnvel hjá samviskusömustu mönnum; eða — hví er varnaður boðinn á því í lögum, að eiðsvarnir dómarar dæmi í málum vandamanna? Að öðru leyti tek jeg ekki alvarlega athugasemdir, sem ekkert hafa komið málinu við.

Hvað viðkemur Múlasýsluumboði, þá liggur ekki fyrir skýrsla um jarðirnar, og skal jeg því geta þeirra að nokkru.

Þær eru 5. Fyrst er Kollaleira við Reyðarfjörð með Búðareyri. Þar hefir bygð aukist mjög á síðari árum, og þar er aðalviðskiftasöð kaupfjel. Hjeraðsbúa. Önnur er Kappeyri í Fáskrúðsfirði, sem nú hefir tekið við bygðarauka Búðaþorps með sjávarúthaldi. Þriðja er Nes í Norðfirði, þar sem stærsta kauptún Austurlands stendur, en þar er að vísu að eins ⅓ eignarinnar ríkiseign. Fjórða er Vattarnes við Reyðarfjörð, einhver þektasta og besta verstöð eystra. Fimta er Glettinganes við Borgarfjörð, lítið kot að vísu, en verstöð góð og sjálfkjörinn vitastaður, jörð, sem mikið kapp var lagt á að fá keypta fyrir nokkrum árum fyrir 400 krónur, en sjálfsagt er að ætla vitaverði til ábúðar. — Hjer við mætti reyndar bæta 6. jörðinni, námujörðinni Helgustöðum. Enga þessa jörð ætti að selja, en talsverðu hygg jeg varði fyrir ríkissjóð, að sæmilega sje með þær farið.

ATKVGR.

Brtt. feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. G., Þorst. J., E. E., Gunn. S., J. B., M. G., M. J., M. K., Ó. P., P. J., Sv. Ó.

nei: Þorl. J., Þór. J., B. H., E. Þ., H. K., Jak. M., J. A. J., J. S., J. Þ., M. P., P. O., P. Þ., S. St., St. St., B. Sv.

Frvgr. **feld** með 14 : 9 atkv.

2. Aðflutningsbann á óþörfum varningi.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi (A. 14).

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg skal ekki tefja umræður með langri framsögu.

Eins og mönnum er kunnugt, var á síðasta þingi stjórninni falið að varna innflutningi til landsins á óþarfa varningi. Af þessu flaut, að þegar lögin gengu í gildi, varð landsstjórnin að skipa nefnd, eins og líka af sumum var gert ráð fyrir þá á þinginu. Fyrir aukaþinginu lá frv. til laga um að skipa 5 manna nefnd til þess að hafa íhlutun um peningaviðskifti landsins við útlönd. Var frv. þetta flutt fyrir tillögur stjórna beggja bankanna, og var ekki stjórnarfrv., heldur borið fram af einstökum mönnum. Það var ekki tími til að afgreiða málið í Nd., en því lauk þar á þann hátt, að samþykt var þar rökstudd dagskrá svohljóðandi:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin geri, ef með þarf, nauðsynlegar ráðstafanir til þess að halda uppi jafnvægi í viðskiftum landsins við önnur lönd, sjerstaklega með því að banna innflutning á óþörfum vörum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Eins og menn muna, var innihald frv. þess efnis að fela nefnd íhlutunarrjett um viðskifti landsmanna erlendis og peningagreiðslur til útlanda. Stjórnin taldi nú, samkvæmt vilja þingsins, rjett að fela nefnd þessari, er hún hafði skipað vegna vöruinnflutningsins, meira vald í hendur, og í tilefni af því gaf hún út bráðabirgðalög, sem hjer liggja nú í frv. þessu. Auk þess er í bráðabirgðalögum þessum heimilað að taka ¼% af innfluttum varningi til kostnaðar við nefndina.

Það er nú auðsætt, að stjórnin hefir ekki gert annað í þessu máli en það, sem þingið ætlaðist til eða heimilaði.

Jeg býst við, að mál þetta fari í nefnd, og taldi stjórnin rjett, að það færi í fjárhagsnefnd. En nú virðist líklega rjett að vísa málinu til hinnar væntanlegu nefndar, sem áðan var hjer samþ., nefnilega viðskiftamálanefndar.

Jakob Möller: Það mun víst ekki vera til þess ætlast, að miklar umræður verði um þetta mál nú. En þó vil jeg segja

örfá orð, vegna þess, að að þessu máli hefir verið vikið áður hjer í deildinni, og þá haldið miklu meir eindregnum vörnum uppi fyrir þessum ráðstöfunum en nú var gert.

Á síðustu dögum þingsins í fyrra kom fram frv. um skipun nefndar til að hafa hönd í bagga með peningaviðskiftunum við önnur lönd. Frv. það náði ekki fram að ganga, en aðalefni þess var svo tekið upp í frv. það, sem hjer liggur fyrir, sem stjórnin gaf út sem bráðabirgðalög 15. apríl s. l. — Síðasta þing veitti stjórninni að eins heimild til að hefta innflutning á óþörfum varningi. Það kom fram þá, að stjórnin hafði tilhneigingu til að teygja þessa heimild svo, að hún næði einnig til nauðsynjavöru. En sem betur fer hefir stjórnin ekki treyst sjer til að láta undan þessari tilhneigingu sinni í framkvæmdinni. En að þessi hafi verið tilgangur stjórnarinnar sjest á því, að hún byrjaði á því að semja reglugerð, sem hún hefir síðan sett fæturna undir með þessu frv. Stjórnin hefir aldrei verið ávítuð fyrir það að hefta innflutning á óþarfa varningi, heldur hefir hún verið vítt fyrir það, með rjettu, að hún hefir gert of lítið að því. Hún hefir ekki framkvæmt lögin frá 8. mars, heldur sett bráðabirgðalög og borið fram till. um það að hefta innflutning á nauðsynjavörum. Hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) hjelt því fram um daginn, að viðskiftahömlurnar hefðu orðið til þess að hefta innflutning á óþarfavarningi. Þetta undraðist jeg. Til þessa þurfti ekki ný lög; lögin frá 8. mars nægðu, því að þau áttu við allskonar glingur og prjál, sem hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) nefnir svo.

Þegar um þetta frv. ræðir, liggur ekki lengur fyrir að athuga, hvernig eigi að hefta innflutning á óþarfa varningi, heldur er hjer spurningin um það, hvort hefta eigi frjálsa verslun á nauðsynjavörum eða ekki. Um það verður ágreiningurinn. Því hefir verið haldið fram, að viðskiftahömlurnar hafi reynst árangurslausar, og það lá í hlutarins eðli, að svo hlyti að fara. Innflutningurinn hlýtur að haldast í hendur við eyðsluna, hvort sem heftur er innflutningur að nafninu til eða ekki. En stjórnin hefir enga tilraun gert til þess að draga úr eyðslunni, því jeg get ekki talið skömtunarkákið á tveim vörutegundum tilraun í þá átt. Hún gat engin áhrif haft, því að það eyðist að eins þess meira af öðrum vörutegundum, og heildarútkoman verður sú sama. Ef þessi skömtun hefði átt að verða annað en kák, varð að skamta miklu fleiri vörutegundir, neyða menn til að spara og nota meira innlendar afurðir. Þessi skömtun hefir einnig verið framkvæmd á þann hátt, að hún er hreinasti hjegómi. Jeg get sagt fyrir mig, að jeg hefi aldrei þurft á hveiti eða sykurseðlum að halda. Ef sá hefir verið tilgangur stjórnarinnar með öllum þessum höftum og nefndum, að takmarka innflutning á óþarfa varningi, þá hefir hann mistekist. Menn þurfa ekki annað en ganga hjer búð úr búð og sannfæra sjálfan sig um, að meira en nóg er til af öllu, sem óþarfi má teljast. Ef sá hefir verið tilgangurinn að takmarka innflutning nauðsynjavöru, þá hefir hann einnig mistekist. Jeg veit ekki til þess, að þurð hafi orðið á matvöru, fyr en hv. þm. Ak. (M. K.) segir, að lítið sje orðið af hveiti. En þar á landsverslunin sök á máli, en ekki hömlurnar að öðru leyti.

Jeg hefi bent á það, að viðskiftahöftin hafa ekki náð tilgangi sínum, og jeg held, að flestir verði mjer sammála um

það atriði. Hæstv. fjármálaráðh. (M. G.) drap á það, þegar annað mál var hjer til umræðu, að hægt væri að fá skýrslu frá innflutningsnefnd og sjá á henni árangur þann, sem orðið hefði af starfi hennar. Vitanlega er hægt að fá skýrslu, en þó að innflutningsnefnd sýni það, að hún hafi neitað einhverjum um innflutningsleyfi, þá sannar það ekkert. Jeg veit um verslun, sem er ekki hjer í bænum, og hún sótti um innflutningsleyfi á veiðarfærum. Þetta var versluninni bráðnauðsynlegt, en henni var synjað um leyfið. Hún bað þá heildsala hjer í bænum að útvega sjer veiðarfærin, hann fór til innflutningsnefndar og fjekk leyfið samdægurs.

Í skýrslu innflutningsnefndar verður auðvitað sýnd þessi neitun, en menn geta sjeð, að hún sýnir ekki, að viðskiftahöftin hafi takmarkað innflutning. Og svo verður um fleiri leyfissynjanir nefndarinnar, það sem einum er varnað er öðrum leyft. Eins má benda á það, að umsóknirnar verða fleiri. Kaupmenn sækja um leyfi fyrir meira en þeir þurfa, til þess að fá þá frekar eitthvað. Neitanir um innflutningsleyfi sýna þess vegna ekkert um innflutninginn, þó skýrslan sýni, að minna hafi verið flutt inn síðasta ár en árið þar á undan, sannar það ekkert í þessu máli. Allir vita um peningakreppuna, sem verið hefir, og vöntunina á erlendum gjaldeyri. Auk þess getur innflutningur orðið mismunandi á ýmsum árum vegna þess, að fyrir getur legið mismunandi mikið af vörum við ársbyrjun. Jeg býst þess vegna ekki við því, að mikið verði að græða á þessari væntanlegu skýrslu, en engu að síður verður fróðlegt að sjá hana og sjálfsagt að rannsaka alt því viðvíkjandi.

Því hefir verið haldið fram, að afnema eigi allar þessar tilraunir til að hefta innflutning, og það verð jeg að taka undir. Ástæðan fyrir þessari kröfu er ofureinföld; það hefir sýnt sig, að viðskiftahömlurnar hafa orðið árangurslausar, og verra en það. Því hefir jafnvel verið haldið fram, að þær yrðu til þess að auka innflutning. Hæstv. fjármálaráðh. (M. G.) hefir sýnt sig algerlega skilningslausan gagnvart þessu, en í raun og veru er það vel skiljanlegt: þegar vörur eru að falla á erlendum markaði, er áhættumikið að flytja inn meira en nauðsyn krefur í hvert skifti, og það heftir þess vegna innflutninginn, ef verslunin er frjáls. En nú, þegar viðskiftanefnd leyfir ekki innflutning fyr en þær birgðir eru búnar, sem í landinu eru, þá ýtir það undir menn að flytja mikið inn. Það verndar þá fyrir verðfallinu. Þessi vernd viðskiftahaftanna dregur úr varúð manna og dregur úr áhuga þeirra á því að gera góð innkaup. Hæstv. atvinnumálaráðh. (P. J.) gat þess, að í nóv. síðastliðnum hefði komið umsókn um allmikinn innflutning á sykri. Jeg veit ekki, hvort svo hefir verið, en hitt veit jeg, að ef þessi beiðni hefir verið borin fram, þá hefir það verið gert í skjóli innflutningshaftanna. Mennirnir hafa sjeð, að þeim var óhætt að flytja mikið inn, viðskiftahöftin verðu þá gegn væntanlegu verðfalli. Nú varð það landsverslunin, sem sykurinn flutti, og einmitt í þessu sama skjóli. Ef höftin hefðu ekki verið, hefði innflutningur á sykri ekki orðið eins mikill, og á því hefði sparast stórfje.

Þessar viðskiftahömlur eru sjerstaklega hættulegar, þegar vöruverð er að lækka. Þær hljóta að halda við dýrtíðinni í landinu. Ef hömlurnar eru ekki, heldur frjáls verslun, er altaf hægt að ná í vöru með lægsta verði, því að menn

kaupa varlega inn, en oftar, og almenningur nýtur verðfallsins jafnóðum. Nú er svo ástatt, að einum aðalatvinnuvegi landsins ríður lífið á, að dýrtíðin hjaðni. Það er lífsskilyrði fyrir sjávarútveginn, að kaupgjald lækki, en innflutningshöftin hindra það. Auk þess er honum nauðsynlegt að geta fengið þær vörur, sem til framleiðslunnar fara með hæfilegu verði. Ef engin bót er á þessu ráðin, er sú afleiðing hugsanleg og jafnvel sennileg, að útvegurinn hætti að bera sig. Mönnum er farið að skiljast þetta, og þó að margir yrðu til þess að mæla höftunum bót fyrst í stað, þá fer tala þeirra stöðugt lækkandi. Það má nefna það til dæmis, að í upphafi voru blöðin ekki andvíg þessum höftum, nema eitt, en nú þorir ekkert blað að mæla þeim bót. Eitt blað hjer í bænum hefir að vísu hringlað fram og aftur í þessu máli, en nú held jeg, að það hafi ekki hug til að taka viðskiftahöftin upp á arma sína. Og almenningsálitið hefir fordæmt þau. Stjórnin hefir borið það fyrir sig, að bankarnir hafi heimtað þetta, en henni hefir verið bent á, að hún á að vera yfir bönkunum, ekki undir þeim. Hún á ekki að vera vikadrengur bankanna og gera það eitt, sem þeim sýnist. Jeg segi þetta með tilliti til þessa máls og líka með tilliti til annars máls, sem hjer hefir verið rætt, gjaldeyrislánið. Þó bankinn segi nei, er það skylda stjórnarinnar að skipa þeim að gera það, sem almenningsheill krefur. Stjórnin á ekki heldur að hlaupa þegar í stað í bankana, þegar eitthvað ber að höndum, og leita álits þeirra. Hún á að tilkynna þeim álit sitt og láta þá breyta samkvæmt því.

Höfuðorustan um þetta mál stendur ekki að þessu sinni, og þess vegna fer jeg ekki nánar út í það, en jeg geymi mjer rjett til að ræða það síðar.

Forseti (B. Sv.): Nú er það áliðið á fundartímann, að bráðum kemur að fundartíma þingnefnda, og er því málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á. 8. fundi í Nd., fimtudaginn 24. febr., var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 14).

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg er neyddur til að svara hv. 1. þm.Reykv. (Jak. M.) nokkrum orðum út af ræðu hans í þessu máli í gær, því að jeg fann það, að þessi ræða átti, meðal annars, að vera svar við þeim orðum, er jeg ljet fylgja fjárlagafrv. fyrir árið 1922. Að sönnu svaraði hann þá þegar nokkru, en honum þótti nú ástæða til að gefa þetta svar út í aukinni og endurbættri útgáfu, eftir nokkurra daga umhugsun.

Hann talaði einkum um tvent, lán handa bönkunum og viðskiftahöftin.

Um lánin handa bönkunum hjelt hann því fram, að stjórnin ætti ekki eða hefði ekki átt að spyrja bankana um þetta, heldur skipa þeim að taka lán, því að til þess hefði hún fult vald, bæði að því er snertir Landsbankann og Íslandsbanka. En þessu er jeg ekki samþykkur. Jeg álít, að það hafi verið sjálfsögð kurteisisskylda að spyrja bankana, og jeg held því fram, að þeir hafi getað gefið ábyggilegastar upplýsingar í þessu efni, því þeir vita best, hvað af þeim er heimtað og hvað með þarf af fje og hvað þeir geta af mörkum látið af því. Hitt er vitaskuld, að stjórnin er ekki bundin við svarið, og getur ákveðið

annað, en það ræður til, ef hún þykist sjá, að tillagan sje röng. Enjeg held því óhykað fram, að bankarnir hljóti sjálfir að vita best um getu sína og þær kröfur, sem til þeirra eru gerðar, og jeg efast ekki um, að svör þeirra hafi verið rjett eftir því, sem þá horfði við, en hvorki þeir nje jeg verða rjettilega um það sakaðir, að ástandið hefir síðan breyst mikið til hins verra. Enginn getur heimtað það, að bankarnir, fremur en aðrir, sjái fyrir óorðna hluti, sem rökrjett ályktun af þeim forsendum, sem kunnar eru, er ályktunin er gerð, leiðir ekki til. Annars skal jeg taka það fram, að það er misskilningur hjá hv. þm. (Jak. M.), að stjórnin geti skipað Íslandsbanka að taka lán, þannig, að hann sje skyldur til að hlýða því. Það er að sönnu svo, að forsætisráðherra er formaður bankaráðsins, en þar eiga sæti auk hans 6 menn, og þeir geta ráðið úrslitum í efnum sem þessu. Og stjórnin, sem slík, hefir þar um ekkert atkvæði. Jeg mun hafa tekið það fram um daginn, að mjer var kunnugt um í haust, að Landsbankinn fjekk í Kaupmannahöfn þau lánsloforð, sem hann fór fram á þá.

Um innflutningshöftin talaði háttv. þm. (Jak. M.) margt og mikið, og jeg skildi hann þannig, að hann áliti, að þau hefðu aukið innflutninginn og að þau hjeldu uppi vöruverðinu. Hið fyrra verð jeg að telja beina fjarstæðu, enda eru það næsta undarleg höft, sem valda þveröfugum úrslitum við það, sem þeim er ætlað að gera, og jeg held þá, að rjettast sje að hætta að kalla þetta höft, með öðrum orðum, innflutningarnir eru ekki heftir, heldur er greitt fyrir þeim. En hvejru er þá hv. þm. (Jak. M.) að berjast á móti? Vill hann þá draga úr innflutningnum með því að hafa hann alfrjálsan? Það er mjög handhægt að rengja skýrslu innflutningsnefndar, en ekki eru það rök í þessu máli, og dæmi það, sem háttv. þm. (Jak. M.) nefndi, sannar ekkert í þessu efni, fremur en aðrar undantekningar. Nei, höftin minka innflutninginn. Á því er enginn efi. Það sýna meðal annars skipin, sem siglt hafa með hálffermi til landsins, og áætlaðar skipaferðir, sem alveg hafa fallið niður. En ef nú svo væri, að þau minkuðu ekki innflutninginn, hvernig geta þau þá haldið uppi vöruverðinu? Það fæ jeg ekki skilið.

Nei, það er best að horfast beint í augu við sannleikann og viðurkenna hann; hann verður hvort sem er ekki kúgaður til lengdar. Það er ekki til neins að neita því, að innflutningshöftin draga úr innflutningi vara. Nú hefi jeg áður sýnt fram á það í þessum sal, að vjer þurfum að spara erlendan gjaldeyri og að það verður með því einu móti gert, svo að verulegu haldi komi, að innflutningur sje minkaður. Þessu hefir ekki verið mótmælt, svo jeg viti, svo jeg tel mjer óhætt að byggja á því. Hitt játa jeg og hefi altaf játað, að þegar verð á erlendum markaði er fallandi, er hætt við, að innflutningshöft haldi verðinu uppi, en undir þann leka má ef til vill setja með verðlagsnefnd, er færi niður verð á birgðum þeim, sem til eru í landinu, jafnskjótt sem samskonar vörur ódýrari gætu verið hingað komnar, færa þær niður eins mikið og verðfallinu nemur. Jeg álít rjett að athuga, hvort ekki sje rjett að stefna með einingu og festu, og mun þá vel duga. Jeg skal skýra þetta með dálitlu dæmi. Kaupmaður á t. d. efni í 1000 klæðnaði er kosta 150 kr. hver. Nú fellur verðið, svo fá má efni í samskonar klæðnað fyrir 75 kr. Þá er ekki ráðið að flytja

inn efni í aðra 1000 klæðnaði, heldur að setja niður verðið á því, sem fyrir er, og flytja þá fyrst inn, er þörf er á, því að ella eyðum vjer erlendum gjaldeyri að nauðsynjalausu, en það megum vjer eigi eins og stendur.

Jeg held, að þetta sje besta ráðið, og það verðum vjer að muna, að ástand það, sem nú er í heiminum, er rökrjett afleiðing heimsstyrjaldarinnar. Það er óumflýjanleg afleiðing þess, að hundruð miljóna manna á besta aldri, sem annars hefðu unnið að framleiðslu verðmæta, hafa um nærfelt 4 ára bil ekki unnið að öðru en manndrápum, eyðileggingu og spillingu verðmæta. Það er óumflýjanlegt, að þetta bitni á öllum heiminum, og vjer getum ekki skotist undan að taka vorn hlut. Um það tjáir ekki að mögla og það er ekki til neins að kenna stjórn og þingi um þetta; það er jafnsanngjarnt og kenna stjórn og þingi um eldgos, jarðskjálfta og harðæri. Það eina, sem vjer getum gert, er að draga úr afleiðingunum með bestu ráðum er vjer finnum, og það er oss skylt að gera, hverjum á sína vísu. En það verðum vjer að hafa hugfast, að bót á þessu böli fæst ekki með neinum töfraorðum, slagorðum eða kínalífselixír, heldur með þrautseigju, sjálfsafneitun og sparnaði þjóðarinnar í heild.

Háttv. þm. (Jak. M.) gat um tildrög þessa máls, en ekki fór hann þar alveg rjett með. Mjer er þetta mál manna kunnugast, því að það var jeg, sem samdi frv. það, sem umrædd bráðabirgðalög eru viðauki við. Og það var skýrt tekið fram hjá mjer, sem frsm. þessa máls, að til óþarfavara teldist einnig vörur, sem í raun og veru eru þarfar, en nóg er til af í landinu. Höftin ættu því að ná til slíkra vara meðan nóg væri til af þeim. Með þessari skýringu og með þessum skilningi var frv. samþykt og eftir því hefir stjórnin farið. Þegar jeg bar frv. fram, átti jeg ekki sæti í stjórninni og hafði eigi hugmynd um, að jeg mundi í henni lenda. Og það er ekki stjórnin, sem átti frumkvæðið að frv. því, er hjer liggur fyrir, heldur bankarnir, sjerstaklega Landsbankinn, og það var tekið fram á aukaþinginu í fyrra, að innflutningsnefnd væri nauðsynleg.

Atvinumálaráðherra (P. J.): Jeg bjóst við, að hálfgerður eldhúsdagur yrði um viðskiftahöftin, er þetta mál kæmi fram, en þar sem nú er búið að kjósa sjerstaka nefnd til að rannsaka þetta mál, þá er alveg ástæðulaust að halda slíkan eldhúsdag við þessa umræðu. Þessi nefnd er að vísu rannsóknarnefnd á stjórnina, en hún er um leið rannsóknarnefnd á ráðstafanir Alþingis 1920. Aðalumræður um þetta mál fara þess vegna þá fyrst fram, er nefndin hefir lokið störfum sínum. Þó vildi jeg með nokkrum orðum minnast á verkefni þessarar verslunarmálanefndar, sem er nú búið að kjósa.

Það leit svo út eftir ræðu hv. frsm. (M. G.) fyrir þessari nefndarskipun, að aðalhlutverk nefndarinnar væri að athuga ágalla þá, er væru á viðskiftahöftunum og rekstri landsverslunarinnar. Á gallana þarf ekki að minna, þá má ávalt finna einhverja, og það er auðvitað nauðsynlegt að athuga þá og bæta úr. En því má þá heldur ekki gleyma, að það er ekki síður nauðsynlegt að athuga kosti eða nauðsyn þessa fyrirkomulags. Það er þá það fyrsta, sem jeg vil benda þessari nefnd á, að hún verður að eiga tal við og ráðfæra sig við viðskiftanefndina sjálfa og fá í hendur öll gögn, er snerta starf hennar,

því að margt hefir verið fundið að henni, og margt verið um hana sagt, sem alls ekki er rjett. Jeg ætla hjer ekki að fara að svara neinu fyrir hönd viðskiftanefndarinnar, enda mun hún koma fram fyrir þingnefndina.

Eitt mesta vandræðaefnið eru vörubirgðirnar, sem nú liggja hjer á landi, í sambandi við verðfall það, sem þegar er byrjað erlendis, og jafnvel er farið að bóla á hjer. Um vörubirgðir landssjóðs er tiltölulega einfalt fyrir löggjafarvaldið að ráða fram úr, með því að höggva á þann hnút. Öðru máli er að gegna um vörubirgðir kaupmanna og margra kaupfjelaga. Sje verðfall á vörum erlendis eins mikið og af er látið, — það efast jeg nú að vísu um, — en birgðir af sömu vörum til í landinu til margra mánaða, þá er þarna vandinn. Nú segja sumir, að úr þessu verði bætt með því að hleypa nýjum vörum sömu tegundar inn í landið og á þann hátt pressa kaupmennina til að færa niður verðið. Þetta er ekki ósanngjarnt í sjálfu sjer. Margir græddu svo á verðhækkuninni, á meðan hún stóð, að þeir ættu að eiga fyrir verðfalli nú. En eiga þeir þá fyrir því nú? Á það verður nefndin að líta, því ekki getur hjá því farið, að kaupmenn verði að færa niður. Mjer hefir nú sýnst, að hjer gæti verið um milliveg að ræða í þessu máli, eins og hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) benti á, því að það er þó ekki svo aðgengilegt að hleypa vörum inn í landið, sem landsmenn ekki beint þarfnast nje hafa gjaldeyri fyrir.

Það má ganga að því sem vísu, að skortur verði á gjaldeyri. Við verðum því, eins og hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) gat um, að takmarka okkur sem allra mest. Þetta vita líka allir. Það er mikil spurning, hvort við höfum gjaldeyri fyrir bláberar lífsnauðsynjar. Að hleypa nýjum vörum inn í landið, án annarar þarfar, en að þrýsta niður verðinu á samskonar vörum, sem til eru fyrir, það er, frá sjónarmiði heildarinnar, álíka búhnykkur og ef maður, sem keypti sjer fatnað nú í hádýrtíðinni, ætlaði sjer svo að bæta óhappið upp með því að kaupa sjer annan fatnað, þegar verðið fjelli, þótt hann þyrfti hans alls ekki við, en vantaði hins vegar helstu lífsnauðsynjar. Það er að vísu auðsætt, að það er ótækt, ef dýrtíðin helst við í landinu lítið breytt, þegar mikið verðfall er komið erlendis á sömu vörum. En hitt nær heldur ekki neinni átt, í gjaldeyrisskortinum, að flytja inn vörur, sem vjer að öðru leyti getum verið án, til þess þá einungis að þrýsta niður verðinu á vörunum, sem fyrir eru. Hjer er ráðgáta fyrir nefndina.

Og gerum nú ráð fyrir, að öll verslunarhöft verði afnumin. Hvernig mun þá hliðrast til um gjaldeyrinn í hinni frjálsu samkepni? Segjum svo, að hann reyndist nú t. d. helmingi minni þetta ár en undanfarin ár? Myndi hann þá skiftast sanngjarnlega niður á verslunarrekendur, miðað við fyrri verslun þeirra? Mundi ekki hver og einn þar skara eld að sinni köku, eins og verið hefir í frjálsri samkepni, ýmsir verða út undan, og því feiri, sem minna verður til skifta? Þetta tel jeg víst, og þetta tel jeg íhugunarverðast. Og þá er spurningin: Verða það þeir, sem lífsnauðsynjarnar flytja inn, sem sitja í fyrirrúmi? Er ekki hætta á því, að hálfnauðsynjarnar þoki meira eða minna úr vegi lífsnauðsynjunum? Hjer er þungamiðjan í starfi nefndarinnar.

Þá er að minnast á ástandið í landinu. Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.)

lagði mikla áherslu á hinar breyttu kringumstæður frá því styrjöldin hætti. Allar ráðstafanir þá hefðu verið stríðsráðstafanir. Jeg vildi nú mega spyrja: Er ekki sýnilega fult eins alvarlegt ástand um innflutning vara í landið og meðferð þeirra nú, þegar innflutningurinn hindrast af gjaldeyrisskorti einungis, heldur en þegar hann hindraðist af flutningateppu og öðrum verslunarhindrunum stríðsins?

Þetta alt liggur til athugunar fyrir nefndina. Og þótt jeg viti, að hún taki starf sitt með mikilli alvöru, þá þótti mjer rjett að beina þessum spurningum til hennar, því þær allar og ýmsar fleiri hafa legið þungt á mjer og allri stjórninni, og það gleður okkur, að þessi nefnd ljettir nú nokkuð af áhyggjum stjórnarinnar.

Eitt vil jeg loks benda á, að þegar verið er að tala um verslunarhöft innflutningsnefndar, þá má ekki blanda saman öllum verslunarhöftum. Höftum, sem komin eru af gjaldeyrisskorti, má ekki blanda saman við höft, sem innflutningsnefndin hefir að öðru leyti átt þátt í, og er miklu meira af slíkum höftum en af er látið.

Jakob Möller: Það fer eins og fyrri daginn, að misskilnings gætti í ræðu hæstv. fjármálaráðherra (M. G.). Hann sagði, að það, sem jeg sagði í ræðu minni í gær, hefði verið það sama og jeg talaði um hjerna á dögunum, enda vjek hann ekki einu orði að aðalatriði ræðu minnar í gær.

Aðalatriði ræðu minnar í gær var það, að hindra mætti innflutning á óþarfavarningi, samkvæmt fyrirmælum laganna, sem samþykt voru á síðasta þingi og staðfest voru 8. mars. En því bætti jeg við, að á síðasta þingi hefði bólað á tilhneiging í þá átt að reyna að teygja bókstaf þeirra laga, svo að þau gætu einnig náð til nauðsynjavara. Þessarar tilhneigingar varð einmitt vart hjá mönnum, sem að minsta kosti voru mjög nákomnir núverandi stjórn. En þegar til framkvæmdanna kom, reyndist lagabókstafurinn ekki nógu teygjanlegur, og þess vegna eru fram komin þessi bráðabirgðalög, sem jeg hefi fullyrt, og fullyrði enn, að ekki hafi orðið að neinu gagni.

Jeg ætlaði ekki að stofna til eldhúsdagsumræðna um málið að svo stöddu, að eins vekja athygli manna á því, að banna mætti innflutning á óþörfum varningi án þess að leggja hömlur á innflutning nauðsynjavara, og annars vegar á því, að höft á nauðsynjavöruinnflutningi eru gersamlega þýðingarlaus, ef ekkert er gert til þess að draga úr eyðslunni. Þó að höft sjeu lögð á innflutning á rúgmjöli, þá borða menn þó jafnmikið brauð, meðan það fæst. Að minsta kosti yrði höftunum að fylgja skömtun. En allar skömtunartilraunir stjórnarinnar hafa reynst þýðingarlausar.

Að þessum atriðum ræðu minnar vjek hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) ekki á annan hátt en með því að spyrja mig, hvort jeg vildi ekki viðurkenna, að tekist hefði að draga úr innflutningi á óþarfavarningi! Um það fullyrði jeg hvorki til nje frá. Jeg fullyrði að eins, að þetta hefði verið unt án þessara laga, samkv. lögunum frá 8. mars, — og það jafnvel betur en tekist hefir. Jeg vil þó segja, að það eru teljandi þær tegundir af óþarfavarningi, sem eru ófáanlegar hjer.

Hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) viðurkendi, að viðskiftahömlur gætu haldið uppi verði á nauðsynjavörum, en

lagði lítið upp úr því og áleit, að ráða mætti bót á því með því að láta verðlagsnefnd lækka verðið. Hvers vegna hefir það þá ekki verið gert? Hjer eru seld kol, sykur og hveiti miklu hærra verði en unt væri samkv. verði því, sem á þessum vörum er nú á erlendum markaði. — Jeg hygg, að það mundi reynast erfitt viðfangs að ákveða verðlag hjer samkv. erlendu markaðsverði á vörum, sem keyptar hafa verið inn fyrir hærra verð, jafnvel með öllu óframkvæmanlegt. Þá þyrfti eftirlit verðlagsnefndar að minsta kosti að taka mjög fram því opinbera eftirliti, sem menn eiga hjer að venjast. — Og hvað sýnir reynslan? Verðlagsnefnd hefir verið skipuð hjer, og hefir hún fært lítið eitt niður verð á örfáum vöruteg-undum hjer í bænum, en mjer er sagt, að áhrifa hennar hafi alls ekki orðið vart úti um land. Hitt hefir víst alls ekki verið borið við, að verðfella vörur, sem keyptar hafa verið hærra verði erlendis, svo að útsöluverð þeirra svari til núverandi verðlags erlendis, nema ef vera skyldi á kaffi, nú fyrir skemstu, til undirbúnings undir þingið.

Jeg verð svo að vekja athygli manna á ósamræminu í ræðum hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) og hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.). Hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) hjelt því fram, að lækka mætti verðið á dýrum vörubirgðum, í stað þess að leyfa innflutning; alt annað kom fram í ræðu hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.). Hann sagði, að erfiðasta viðfangsefnið væru hinar dýru vörubirgðir, sem til væru í landinu hjá kaupmönnum og kaupfjelögum, og það stórkostlega tap, sem á þeim birgðum hlyti að verða, ef ódýrari vörur yrðu fluttar inn. Einmitt þetta hefir ráðið of miklu hjá stjórninni. Viðskiftahömlurnar hafa verið notaðar til að vernda þá, sem hafa slíkar vörubirgðir fyrirliggjandi. Orð hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) sjálfs sanna þetta.

Það, sem nú er að ske hjer í Reykjavík, gefur glögga hugmynd um afleiðingarnar af slíkri lögverndun dýrtíðarinnar. Atvinnuvegirnir eru að komast í kaldakol. Botnvörpungarnir að hætta veiðum, sökum þess, hve allar nauðsynjar eru dýrar, sem reksturinn þarfnast, og sökum hins háa verkakaups, sem dýrtíðin heldur við.

Hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) gat þess í ræðu sinni, að ekki mundi ráð á nema helmingi þess gjaldeyris, sem nauðsynlegur væri til lífsnauðsynjakaupa, á þessu ári. En heldur stjórnin, að innflutningshaftafálm hennar megni nokkuð til að afstýra slíkum vandræðum? Reynslan er búin að sýna það. — Eina bjargráðið er að efla atvinnuvegina, svo að framleiðslan aukist, en ekki það, að íþyngja atvinnurekstrinum. Og í sambandi við þetta skal jeg enn taka það fram, og bið sjerstaklega hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) að athuga það, að ef afrakstur-inn af atvinnuvegum landsmanna gerir ekki betur en borga helming þeirra nauðsynja, sem landið þarf að kaupa að, þá fæ jeg eigi sjeð, hvernig hægt verður að komast hjá því að taka lán — og það jafnvel e y ð s l u lán.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) segir, að jeg hafi misskilið sig. Jeg held nú sannast að segja, að hann fari að verða nokkuð torskilinn.

Jeg var að eins að svara því, sem hann vefengdi hjá mjer um daginn, en vjek

ekki að frv.; það er hlutskifti hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) að svara fyrir það.

Háttv. þm. (Jak. M.) neitaði því ekki, að innflutningshöftin hefðu dregið úr óþörfum innflutningi, en vill þó alt að einu afnema þau; og þó að þetta frv. verði felt, þá fæst samt engin fræðsla um það, hvort höftin hafi orðið að gagni eða ekki. Háttv. þm. (Jak. M.) segir, að innflutningshöftin hafi verið lögð á vegna kaupmanna, og þó eru það þeir, sem berjast fyrir afnámi þeirra, enda er það líka fjarri sanni, að þau hafi til orðið vegna þeirra. Mjer finst, að ekki sje sanngjarnt að minnast á kolaverðið í þessu sambandi, og hvað viðkemur orðum háttv. þm. um starf verðlagsnefndarinnar og því, að hún hafi eigi sett niður verð á vörum landsverslunarinnar nje átt að gera það, þá held jeg að mjer sje óhætt að segja, að það verður ekki með rökum sagt, að verðlagsnefnd hafi legið á liði sínu, heldur þvert á móti, lagt á sig mikið erfiði, eins og betur mun eiga eftir að koma í ljós bráðlega.

Að öðru leyti mun hæstv. atvinnumálaráðh. (P. J.) svara því, sem viðkom frv. í ræðu hv. þm. (Jak. M.).

Einar Þorgilsson: Hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) gat þess í ræðu sinni, að það væri ekki tími til eldhúsdags nú; jeg ætla heldur ekki að verða þess valdandi. Vil að eins segja örfá orð til að lýsa afstöðu minni til þessa frv., sem fyrir liggur.

Þegar síðasta Alþingi, með lögum frá 8. mars, heimilaði landsstjórninni að takmarka og banna innflutning á óþarfa varningi, þá var það í samræmi við skoðun mína á málinu, enda greiddi jeg atkvæði með því. Og sama get jeg sagt um bráðabirgðalögin frá 20. apríl f. á., sem hæstv. stjórn gaf út. Þá voru útlendar vörur í afarháu verði og þó stígandi, en innlendar vörur byrjaðar að falla í verði til muna. Jeg áleit, að sjálfsagt væri að reyna að takmarka innflutning á vörum, svo að framleiðslan í landinu og útflutningur innlendrar vöru gæti jafnast við innflutninginn, ef kostur væri. Það áleit jeg ríkinu, eins og hverju búi, hollast. Þess vegna var jeg því samþykkur, að innflutningsnefnd væri sett á fót, til að takmarka innflutning á óþörfum varningi, og lög samin í þeim tilgangi. Raddir hafa komið fram um það, að innflutningsnefndin hafi ekki beitt valdi sínu rjett, enda er það tíðast svo, að sá fær eigi lof, sem á ljósinu heldur, en jeg lít nú svo á, að of mikið sje gert að því að lasta framkvæmdir hennar.

Því hefir verið haldið fram, að innflutningshöftin hafi ekkert dregið úr innflutningnum, en þetta er ekki rjett; menn aðgæta það eigi, að sá óþarfavarningur, sem seldur hefir verið hjer síðan nefndin tók til starfa, var mestallur fluttur inn í landið áður. En þótt jeg lýsi því yfir, að jeg hafi verið samþykkur, að innflutningshöftunum væri komið á, þá felst eigi í því, að jeg álíti rjett að halda þeim við, eins og nú er ástatt, því sú breyting er á orðin, að verðfall er komið á margar erlendar vörutegundir, og enda þótt það sje ef til vill eigi svo mikið sem af er látið, þá er samt víst, að það er nokkuð og heldur áfram, og því er það eins nauðsynlegt nú að leysa innflutningshöftin af, svo að verðfallið á erlendu vörunum fái að verka á hag einstaklingsins og atvinnuvegina, sem eru nú mjög aðkreptir vegna dýrtíðar þeirra erlendu vörutegunda, sem þarf til viðurhalds

og framleiðslu, en verðleysis á innlendum afurðum. Eina ráðið, sem virðist nú fyrir hendi, til þess að ljetta undir með atvinnuvegunum, er að fá þær þarfir, sem útheimtast til þeirra, sem ódýrastar, jafnframt því að reyna að koma afurðum þeirra í sem hæst verð.

En eina ráðið til þess að ljetta af dýrtíðinni er að leyfa innflutning á hinni verðföllnu og fallandi vöru.

Hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) gat þess í ræðu sinni, að ráðið til að minka dýrtíðina væri ekki frjáls innflutningur, heldur að lækka verð þeirrar vöru, sem liggur í landinu, en jeg mótmæli þessu sem ógerlegu og óvinsælu, án þess að innflutningur ódýrari vöru hafi áhrif á niðurfærsluna. Eigi t. d. að miða hið niðurfærða verð vörunnar við verð á samskonar vöru erlendis, sem heyrist í frjettum, þá verður um leið að ganga úr skugga um, hvort vörugæðin eru hin sömu, og það hlýtur að liggja öllum í augum uppi, hversu miklum erfiðleikum þetta er bundið, svo að sannraun sje.

Nei, eina ráðið er að afnema innflutningshöftin, og það má ekki horfa í það, þó einstakir menn kunni að bíða skaða af því, að innflutningshöftunum er af fljett; þeir verða að sætta sig við það, — enda mælir líka sanngirni með því, því meðan varan fór síhækkandi, nutu þeir þess, að geta fært upp verð á ódýrari innkeyptri vöru, sem þeir lágu með.

Af þessum ástæðum, sem jeg hefi nú talið, er jeg því algerlega samþykkur að afljetta viðskiftahöftunum á þörfum varningi.

Þess hefir verið getið, að það stæði fyrir dyrum, að mjólkurkýrnar okkar — togararnir — yrðu bundnar við garðana hjerna. Ráðið til að afstýra þessu er afnám innflutningshaftanna, og ekkert annað getur komið að haldi, því að enda þótt verðfallið sje enn eigi svo mikið, að það eitt sje nægilegt til að afstýra voðanum, þá verður það þess umkomið, ef það heldur áfram. Jeg vonast nú til, að hv. þingdeild hafi skilið afstöðu mína til málsins.

Jón Auðunn Jónsson: Herra forseti! Jeg stend ekki upp til þess að taka þátt í deilum þeim, sem hjer hafa fram farið. Mjer finst það ærið óviðeigandi, að langar umræður skuli vera þegar við 1. umr. málsins og áður en nefndin hefir skilað því frá sjer.

Það, sem jeg vildi segja, er að eins örfáar bendingar til nefndarinnar.

Á síðasta Alþingi var útlitið þegar orðið svo, að öllum hygnum mönnum duldist eigi, að tilfinnanlegur gjaldeyrisskortur mundi verða áður langt um liði.

Verðfall var þá þegar komið á margar íslenskar afurðir, síld og fiskur hvorttveggja stórkostlega fallið í verði. Því var það, að í fjárhagsnefnd var borið fram frv. um takmörkun á innflutningi óþarfa varnings og rökstutt með því, að svo gæti við borið, að takmarka þyrfti innflutning á þörfum varningi, sökum yfirvofandi gjaldeyrisskorts.

Í þinglokin kom ósk um það frá báðum bönkunum, að stjórninni væri heimilað að skipa 5 manna nefnd til þess að hafa umsjón með innflutningi og eftirlit með peningayfirfærslu. Það hefir nú sýnt sig, því miður, að ástæðan var fyrir hendi og ótti bankanna ekki ástæðulaus.

Jeg gat þess í upphafi ræðu minnar, að hygnum mönnum hefði eigi dulist, að hætta var yfirvofandi, og einhver ráð þyrfti að finna til að bæta úr gjaldeyrisskortinum, og til þess var um 3 leiðir að velja:

1. Auka framleiðsluna.
2. Takmarka innflutning.
3. Taka gjaldeyrislán erlendis.

Hvað fyrsta ráðinu viðvíkur, þá er þess að geta, að það er ekki einhlítt; verðið, sem fæst fyrir framleiðsluna, ræður þar miklu um. Framleiðslan á síld hefir t. d. verið mikil, en verðið, sem fengist hefir fyrir hana, lítið. Sama má segja um fiskframleiðsluna. Hún hefir aukist, en gerir þó tæplega að vega á móti verðfallinu, sem orðið hefir á fiski.

Vil jeg minna nefndina á að athuga, hvort fiskframleiðslan muni einmitt ekki vera fullmikil, borin saman við þær markaðshorfur, sem nú eru, og þann markað, sem við getum haft á Spáni og Ítalíu.

Hvað öðru ráðinu viðvíkur, þá er þar um tvær leiðir að velja, annaðhvort að banna innflutning á óþörfum varningi eða skipa viðskiftanefnd til að takmarka innflutning allskonar varnings. Nú er það að vísu svo, að auðveldara er að banna innflutning vissra vörutegunda en að skipa nefnd, en jafnframt er þess gætandi, að bannið gæti aldrei orðið fullnægjandi, bæði vegna þess, að eftirlit með því, að lögunum yrði framfylgt, mundi mjög erfitt, ef ekki ógerlegt, og í öðru lagi það, að það mundi ávalt orka tvímælis, hver varningur er óþarfur og hver ekki, og enn er það, að bannið mundi ekki nægja til þess að bæta úr gjaldeyrisskortinum. Hvað hina leiðina snertir, að skipa nefnd, þá veit jeg að vísu, að það er óvinsælt og árangurinn af starfi nefndarinnar ekki eins mikill fyrst í stað að minsta kosti, sem æskilegt er, en hins vegar sýnist mjer kenna fullmikils bráðlætis hjá sumum háttv. þm., er þeir halda því fram, að viðskiftanefnd sú, er skipuð var á síðastliðnu ári, hafi lítið gagn gert. Það er kunnugt, að margir verslunarsamningar eru oft gerðir þannig, að vörurnar eru ekki afhentar fyr en 3—4 mánuðum eftir að samningur er gerður. Nú hygg jeg, að nefndin hafi í upphafi tekið þá stefnu, að ónýta ekki slíka samninga, jafnvel þó vörurnar gætu talist ónauðsynlegar.

Auk þess, sem slík nefnd hlýtur altaf að vera óvinsæl, ber þess að gæta, að hún getur ekki haft full áhrif nema því að eins, að hún fái líka yfirráð yfir öllum erlendum gjaldeyri manna og ráðstöfun hans. En slíkt hefir ekki verið gert, og tel jeg það hið mesta óhapp, enda hefir það orðið til þess, að árangur nefndarstarfsins hefir ekki orðið meiri en orðið er. En ef nefndin hefði haft þessi umráð, hefði hún átt að geta miðlað málum þannig, að útgerðarmenn og aðrir atvinnurekendur yrðu betur settir en þeir menn, sem að eins reka verslun í gróðaskyni. Því það var ekki nema sjálfsagt, að verslunin með erlendan varning þyrfti eitthvað að draga saman seglin, og gæti það, til þess að hinar atvinnugreinarnar, framleiðsla til sjós og lands — þessi þjóðnýtu olnbogabörn — gætu haft meiri umráð erlends gjaldeyris. En nú er það vitanlegt, að þar sem allir atvinnurekendur hafa beðið stórtjón, hafa verslunarmennirnir, sem að eins eru milliliðir, stórgrætt. Og jeg held, að verslunarstjettinni hefði verið það ljúft að lúta slíkum takmörkunum, til hagsmuna fyrir þá, sem framleiðsluatvinnu stunda.

Því hefir verið haldið hjer fram, að bankarnir hefðu átt að hafa þetta starf — miðlun erlends gjaldeyris — og það, sem á þessum tímum er nauðsynlegt til þess að halda henni í jafnvægi og stjórna henni. En svo er ekki. Bankastjórnirnar eru blátt áfram svo störfum hlaðn-

ar við daglegar annir, að þær geta ekki bætt þessu á sig, því það heimtar gríðartíma að ræða öll viðskiftamál viðskiftamanna, ráða fram úr erfiðleikum þeirra og finna úrlausnir á viðskiftaörðugleikunum, bæði hjer á landi og erlendis.

Þá kem jeg að þriðja atriðinu — um lántökurnar. Jeg vænti þess þá fyrst um það atriði, að allir geti orðið á eitt sáttir um það, að eins og nú standa sakir um alt fjárfar ríkjanna, sje það alls ekki eftirsóknarvert að taka nokkur lán, nema vissa sje fyrir því, að hægt sje að verja þeim til einhvers þess, sem ágóða gefi. Það mun einnig vera reynsla, að þessi gjaldeyrislán hafi oftast að eins orðið bráðabirgðahjálp, eða svo mun t. d. Norðmönnum vera farið að finnast nú. Þau þóttu bót í bráðina, en meðan inn- og útflutningur stenst ekki á, þykir sækja í sama farið aftur áður en langt um líður. Jeg bendi að eins á reynslu Norðmanna sem gott dæmi.

Hæstv. fjármálaráðh. (M. G.) gat þess í sambandi við þessi lán, að bankarnir hefðu verið spurðir ráða um nauðsyn þeirra, en svarað neitandi. Til þessa geta legið tvenn rök: 1., að engin þörf væri á lánum, eða 2., að bankarnir treystu sjer ekki til þess að „financiera“ þau, þó þau fengjust og þeirra væri þörf. Jeg hefi að vísu um hvorugt þessara atriða talað við bankastjórana, en skal þó víkja lítillega að þeim, einkum því síðara, en vísa um það fyrra til þess, sem áður er sagt.

Það er vitanlegt, að á meðferð slíks láns mundi verða fyrirsjáanlegt tap, ef ekki yrði hægt að koma því fyrir í atvinnugreinum, sem beinan arð gæfu af sjer — við skulum segja fyrst og fremst til hjálpar botnvörpuútgerðinni. Það mætti því reyna að athuga það, hvort eða hvernig botnvörpungarnir bera sig, eins og nú er ástatt. Eftir áreiðanlegum upplýsingum veit jeg, að útgerð eins botnvörpungs yfir vetrarvertíð kostar nú um 500 þúsund krónur. Á árinu í fyrra, sem var sjerstaklega aflasælt, mun aflabesti botnvörpungurinn hafa fengið um 4 þúsund skippund af fullverkuðum fiski, og þóttu fádæmi. Nú geri jeg ráð fyrir 3 þús. skpd. sem meðalafla, og mun þó hátt reiknað. Útgerðarmenn reikna 2700 skpd. meðalafla. Einnig má gera ráð fyrir því, að þessi fiskur skiftist þannig, að 1800 skpd. sjeu stórfiskur, 500 skpd. smáfiskur og 700 skpd. ýsa, og að fiskurinn sje, eins og gengur, ýmist nr. 1, 2 eða 3, og seljist því á 150, 120 og 100 kr. skpd. Hvað verður þá þetta alt? Það verða um 400 þús. kr. Þrátt fyrir slíkan afla og slíka sölu mundi því samt vanta 100 þús. kr. upp í útgerðarkostnaðinn. Og auk þess verður nú að gera ráð fyrir því, sem ekki er gert hjer, sem sje hinu afskaplega tapi í verðfalli skipanna.

Það hefir verið getið upp á ýmsum orsökum til fjárkreppunnar, og liggja þó sennilega mörg rök að henni, sum óviðráðanleg — sum hefðum við getað ráðið við — og við sum getum við enn þá ráðið. Við gátum t. d. ekki nema að litlu leyti ráðið við verðfallið á afurðunum. Og um sum af hinum atriðunum má segja, að það er auðvelt að vera hygginn eftir á. En um mörg af þeim má segja það — t. d. um botnvörpungakaupin og botnvörpungaútgerðina og Íslandsbanka — að þetta gat hepnast, ef vel tækist — og gat auðvitað líka mishepnast. En það er að minsta kosti eitt í þessu sambandi, sem við getum ráðið bót á, og það eru lífnaðarhættir sjálfra okkar. Það er ekki víst, að við gerum

það, en við getum það, og það getur verið, að við verðum neyddir til þess, einmitt vegna fjárkreppunnar og örðugleikanna. Þannig gæti það orðið, að einmitt fjárkreppan sjálf yrði til þess að hjálpa okkur út úr ógöngunum, yrði til þess að kenna okkur að bæta svo okkar eigin lifnaðarhætti, að það yrði til þess að ýmsu leyti að rjetta við þá atvinnuvegi landsins, sem er á fallanda fæti, og fleyta okkur út úr viðskiftakreppunni og byggja í framtíðinni heilbrigðari fjárhagsgrundvöll.

Jakob Möller: Jeg vil fyrst þakka hæstv. forseta fyrir það að hafa leyft mjer að gera stutta athugasemd, þó jeg sje annars dauður. Jeg skal ekki elta ólar við þær hnútur, sem hæstv. stjórn hefir hent til mín. Henni hefir sviðið sannleikurinn, og nú gera þeir það helst, hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) og hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.), að velta andsvörunum og sökinni hvor yfir á annan. Að endingu vil jeg að eins gera þá athugasemd við ræðu hv. þm. Ísaf. (J. A. J.), að viðskiftanefndin átti aldrei, samkvæmt lögunum, að hafa þau umráð yfir erlendum gjaldmiðli, sem hann talaði um. En í framkvæmdinni hefir starf viðskiftanefndar einmitt orðið til þess að draga svo og svo mikið af erlendum gjaldeyri undan yfirráðum bankanna.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil að eins gera þá athugasemd, að jeg hefi aldrei sagt, að þær vörur, sem landsverslunin verslaði með, ættu að vera undanþegnar hámarksverði.

Magnús Kristjánsson: Af því að jeg hefi lent í þeirri nefnd, sem skipuð hefir verið í þetta mál, vildi jeg segja um það nokkur orð, jafnvel þó að jeg geri ráð fyrir því, að verða þar í minni hluta, og þó jeg geri ekki ráð fyrir því að geta sannfært þá menn, sem aldrei vilja láta sannfærast, eins og t. d. hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.). Það er margföld reynsla fyrir því um hann, að hann heldur sífelt áfram að berja höfðinu við steininn, og mundi heldur brjóta það en láta sannfærast. Þessi hv. þm. (Jak. M.) hefir bæði fyr og nú haldið því fram, að öll afskifti þings og stjórnar af verslunarmálum væru til ills eins, og að þingið ætti nú að taka í taumana og leggja landsverslunina niður og afnema öll viðskiftahöft. Þetta er hin megnasta fjarstæða, sem virðist sprottin annaðhvort af þekkingarleysi á málinu eða þá af öðrum hvötum, svo sem óþarflega mikilli umhyggjusemi fyrir hagsmunum verslunarstjettarinnar, sem þessi hv. þm. (Jak. M.) á óneitanlega mikið gott upp að unna. Þessar villukenningar þessa hv. þm. (Jak. M.) verða því væntanlega ekki teknar alvarlega.

Öllum ætti að vera það ljóst, að eina ráðið til að losast sem fyrst úr fjárhagsvandræðunum er að minka innflutninginn og að stuðla að því, að almenningur fái nauðsynjar sínar með sem vægustu verði.

Þá verð jeg að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 1. þm. G.-K. (E. Þ.). Lengi framan af virtist hv. þm. (E. Þ.) tala eins og skynsamur maður, og jeg fór að gera mjer góðar vonir um, að hann væri á rjettri leið. En skyndilega kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti, að alt tekur að snúast í höndunum á hv. þm. (E. Þ.), og hann fer að hrekja það, sem hann í fyrri parti ræðu sinnar virtist vilja sanna.

Aðalgallinn á skoðun þessara háttv. þm. (Jak. M. og E. Þ.) er sá, að þeir álíta viðskiftahöftin til slíkrar bölvunar, að þau verði að afnema þegar í stað. Mjer virðist þeim farast líkt og mönnum, sem legðu árar í bát, er þeir væru staddir í sjávarháska, og forðuðust alla sjálfsbjargarviðleitni, en ljetu tilviljun eina ráða, hvort heldur flyti eða sykki eða hvar þá bæri að landi. Að sleppa öllum tökum, það er þeirra bjargráð. Ein orsökin til núverandi ástands á að vera sú, að landsstjórnin hefir haft afskifti af sölu nauðsynjavara. Þeir vilja gefa öllum kaupsýslumönnum leyfi til að flytja inn vörur eftir eigin geðþótta og með hvaða verði sem vera skal. Þetta á að vera allra meina bót. En jeg vona, að þingið hafi svo mikla ábyrgðartilfinningu, að stefna þessi verði ekki ofan á, og setji strangar reglur um, að kaupmenn geti ekki auðgast á ástandinu, heldur verði að selja vörur sínar fyrir sannvirði.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sagði í gær, að verðlagsnefndin ætti að vera nokkurskonar bjargráðanefnd fyrir þennan bæ. En það er rangt. Hún á að vera bjargráðanefnd fyrir alt landið.

Það hefir verið talað um það, að verðlagsnefndin hafi ekki haft umsjá með verðlagi landsverslunar. En engin nauðsyn hefir verið á að leggja verðlag á þær vörur, með því að þær ávalt hafa verið seldar eins sanngjarnlega og unt hefir verið.

Að halda því fram í fullri alvöru hjer á Alþingi, að erfiðleikarnir stafi af því, að landsstjórnin hafi hlutast of mikið til um verslunar- og viðskiftamál, er fjarstæða, sem ekki getur náð neinni átt og því ekki svaravert. En þeir, sem hafa hagsmuni af að telja almenningi trú um þetta, er ekki ofgott að reyna það. En þeir, sem vilja líta með skynsemi og ró á málið, munu fljótt komast að raun um, að orsakirnar liggja annarsstaðar.

Þessu máli er þannig varið, að úr því það er komið inn á þingið, verður það nú að leggja úrskurð á það, hvort eigi að sitja í fyrirrúmi, eiginhagsmunastefna örfárra einstaklinga eða almenningsheill. Jeg mun ókvíðinn bíða úrskurðar seinni tíma um það, hvor stefnan hafi verið þjóðinni hollari, mín eða þeirra hv. þm. (Jak. M. og E. Þ.), er jeg nú hefi átt orðaskifti við.

Einar Þorgilsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að standa upp aftur. En þar sem jeg geri það þó, þá er ástæðan sú, að jeg vil ekki láta þann misskilning óleiðrjettan, að jeg hafi viljað væna hæstv. stjórn þess, að hún vilji vernda einstakan flokk kaupsýslumanna fyrir verðfalli, öðrum fremur.

Ekki vil jeg skrifa undir það, að hv. þm. Ak. (M. K.) skilji ekki mælt mál. En jeg verð að játa, að hann virðist ekki hafa skilið það, sem jeg sagði í ræðu minni. Jeg sagðist hafa verið með innflutningshöftunum síðastliðið ár vegna þess, að þá hefðu ástæður verið svo mjög ólíkar því, sem þær voru nú orðnar á öllum atvinnu- og fjármálasviðum, svo breyttar, að eins og jeg hefði álitið innflutningstakmörkun nauðsynlega þá, vegna verðhæðar og verðhækkunar á útlendum nauðsynjavörum, eins áliti jeg nú sjálfsagt að leyfa óhindraðan innflutning þeirra, vegna þess lækkaða og lækkandi verðs, sem á þeim væri.

Jeg ætla ekki að orðlengja um þetta meira. Hv. þm. Ak. (M. K.) getur gert það, ef hann vill, en hann fær mig ekki til að þrátta við sig. Þarf að minsta kosti að koma með betri rök.

Jón Þorláksson: Það eru öfgar hjá hv. þm. Ak. (M. K.), að það sje í eiginhagsmunaskyni, er kaupmenn halda því fram, að rjett sje að leyfa innflutning á ódýrum vörum til landsins. Jeg hefi ekkert sagt um það, hvort allur innflutningur ætti að vera ótakmarkaður; það er rannsóknarefni handa nefndinni. Hitt er annað mál, að jeg álít verksvið það, sem hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) vill láta verðlagsnefndina hafa, vera alt of viðtækt. Það er ófær leið, til þess að halda vöruverði niðri, að hindra aðflutning á ódýrum varningi, en færa niður með valdboði verð á fyrirliggjandi birgðum.

Það er rjett hjá hæstv. fjrh. (M. G.), að það gæti ef til vill haft í för með sjer gjaldþrot einhverra manna, ef innflutningur væri óheftur. En það gæti líka leitt af sjer gjaldþrot, ef verðlagsnefnd setti niður verð hjá kaupmönnum niður fyrir það, sem vörurnar hafa kostað þá. Og jeg tel vafasamt, að slík niðurfærsla með valdboði væri heimil, ef hið opinbera jafnframt bannar kaupmönnum að flytja til sín ódýrari vörur. Jeg held, að hið opinbera yrði þá að taka vörurnar lögnámi gegn fullu endurgjaldi, til þess að ráðstöfunin kæmi ekki í bága við stjórnarskrána. Hjer við bætist, að engin verðlagsnefnd getur annað því að ákveða verð á öllum vörutegundum.

Mín skoðun er sú, að almenn viðskiftalögmál eigi að ráða. Ef svo er, þá má hver sjálfum sjer um kenna, ef hann tapar á því að hafa keypt of mikið af vörum og of dýru verði. En þá er munur á afstöðunni gagnvart slíkum mönnum, eða þegar þeir geta skelt allri skuldinni á stjórnarráðstafanir.

Besta leiðin er því sú, að leyfa innflutning á ódýrum varningi. Það er fjarstæða hjá hv. þm. Ak. (M. K.), að nokkur hafi sagt, að núverandi erfiðleikar væru að kenna verslun ríkisins. Erfiðleikarnir stafa af dýrtíð þeirri, sem alstaðar ríkir, og verðfalli á íslenskum afurðum.

Hæstv. atvrh. (P. J.) og hæstv. fjrh. (M. G.) mótmæla því báðir, að ódýrari vörur sjeu fluttar inn í landið, vegna þess, að dýrari vörur sjeu fyrir. Vonandi fær sú skoðun ekki yfirhöndina. En það eru ekki of sterk orð að segja, að slíkt mundi halda við dýrtíðinni í landinu.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg hjelt, að jeg hefði talað svo ljóst, að hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) gæti skilið það. Síður furðar mig á því, að hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hefir ekki skilið mig, eða læst ekki gera það. Jeg hefi alls ekki í ræðu minni lagt dóm á það, hvort frágangssök væri að hleypa inn vörum í landið til þess að lækka dýrtíðina. Jeg hefi að eins sagt, að jeg áliti þá aðferð vandræðamál. Ræða mín gekk að eins út á að benda á verkefni nefndarinnar. Það væri meðal annars fyrir hana að meta, hvort tiltækilegra væri, að hleypa óþarflega miklu inn í landið af vörum, til þess að þrýsta niður verðinu á því, sem fyrir væri, eða verjast innflutningi sem mest á því, sem óþarft er, svo gjaldeyririnn hrykki, þótt það yrði þá örðugt að þrýsta niður dýrtíðinni.

Fjármálaráðherra (M. G.): Út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) vildi jeg benda á það, að kaupmaður, sem verður neyddur til að setja niður vörur sínar, verður jafnt gjaldþrota, hvort það er fyrir tilstilli verðlagsnefndar eða ekki, að hann lækkar verðið.

Ástæðan til þess, að jeg ekki vil slíta

alveg viðskiftahöftin, er ekki fyrst og fremst hræðslan við gjaldþrot. Aðalástæðan fyrir mjer er sú, að meðan gjaldeyrisskortur helst vil jeg ekki láta eyða gjaldeyri í óþarfa. Það er rangt, að ráðstafanir, sem miða í þá átt, hafi nokkursstaðar orðið til tjóns, þær hafa áreiðanlega alstaðar orðið til bóta.

Jeg hefi ekki sagt, að þetta væri tvímælalaust eini rjetti vegurinn. Jeg hefi að eins haldið þessu fram sem mínu áliti, en meðan ekki er búið að sannfæra mig um, að önnur leið sje færari, þá verð jeg að halda fast við þetta.

Það er kátlegt að heyra því haldið fram, að stjórnin vilji ólm leggjast á móti því, að menn fái ódýran varning. Tilgangur okkar er að spara gjaldeyrinn, og á því tvennu er mikill munur.

Sumir hv. þm. virðast ganga út frá því sem vísu, að þeir kaupmenn, sem kynnu að fá leyfi til að flytja inn ódýrar vörur, muni miða útsöluverð við hið ódýra verð eingöngu, þótt þeir eigi mikið af eldri og dýrari vöru. En þetta er jeg ekki svo sannfærður um. Jeg get alveg eins búist við, að þeir geri með sjer samtök um að eyðileggja ekki hver annan, og haldi áfram að miða útsöluverð við hið eldra markaðsverð meðan hinar eldri birgðir verða fyrirliggjandi. (J. Þ.: Þar á verðlagsnefnd við).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 : 1 atkv. og til viðskiftamálanefndar (sjá A. bls. 1665) með 21 shlj. atkv.

Á 25. og 26. fundi í Nd., dagana 17. og 18. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., laugardaginn 19. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 14, n. 158).

Frsm. (Jón Þorláksson): Þessu frv. var vísað til viðskiftamálanefndar, og þegar nefndin var búin að hafa það nokkurn tíma til meðferðar, varð það að samkomulagi, að tilsvarandi nefnd í Ed. gengi með henni í eina nefnd, samvinnunefnd.

Það þótti vera sjerstök ástæða til þess, auk annars, að nefndin í Ed. tæki þátt í meðferð frv., að ef frv. fjelli í þessari deild, kæmi það ekki til Ed., og hún fengi þá ekki færi á að taka þátt í meðferð þess.

Eins og nál. ber með sjer, er það tillaga nefndarinnar, að frv. sje felt, og þar með skuli falla úr gildi bráðabirgðalög þau, er frv. átti að verða staðfesting á.

Það er einnig ætlast til, eða till. nefndarinnar ber að skilja svo, að viðskiftanefndin verði lögð niður samtímis, því að hún hefir starfað samkvæmt heimild bráðabirgðalaganna frá ~~8. mars~~ 1920. 15. apr.

Ástæðurnar fyrir till. nefndarinnar eru að miklu leyti greindar í nál., en jeg skal leyfa mjer að gera nokkru nánari grein fyrir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið.

Nefndin sneri sjer til viðskiftanefndarinnar og fjekk hjá henni skýrslu um öll þau leyfi til innflutnings, sem veitt hafa verið og synjað um.

Af þessari skýrslu er helst hægt að sjá það, hve örðugt eða jafnvel ómögulegt er að fá fastan grundvöll, sem hægt væri að byggja á veitingu eða synjun um innflutningsleyfi eða takmörkun þeirra vörutegunda, sem leyft væri að

flytja inn. Þessi leyfi ná til flestra vörutegunda, en annars má sjá á skýrslunni, að leyfður hefir verið innflutningur á flestum nauðsynlegum og ónauðsynlegum vörum, af þeirri orsök, að viðskiftanefndin áleit, að hún mætti ekki stöðva atvinnurekstur einstakra manna, sem gera má ráð fyrir að haldi honum áfram. Jeg hygg, að allflestir í nefndinni hafi verið samþykkir því, að ekki hefði verið rjett að ganga svo nærri neinni atvinnugrein, að menn yrðu að hætta rekstri hennar.

Nefndin fjekk skýrslu um verð á vörum erlendis og einnig skýrslur um núverandi smásöluverð á þeim tegundum hjer í Reykjavík. Þessar skýrslur útvegaði nefndin til þess að gera sjer ábyggilega grein fyrir því, hvort vænta mætti verðfalls, ef nýjar vörur kæmu til landsins, með því verðlagi, sem nú er á þeim erlendis, og menn fengju að nota sjer það. Sem mælikvarða fyrir þenna samanburð valdi nefndin þær vörutegundir, er dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins er miðuð við, og þær, sem kaupgjald verkamanna í Reykjavík er miðað við, og eru þetta samtals 8 erlendar vörutegundir, nefnilega hveiti, rúgmjöl, kartöflur, kaffi, sykur, smjörliki, kol, steinolía.

Nefndin sneri sjer til Verslunarráðsins og Sambands ísl. samvinnufjelaga og beiddist upplýsinga um verð á þessum vörutegundum, fluttum í hús á innflutningshöfn, og um áætlað tilsvarandi smásöluverð í Reykjavík.

Báðar stofnanirnar urðu vel við málaleitun nefndarinnar og spöruðu hvorki kostnað nje ómak til að útvega sem ábyggilegastar upplýsingar. Það er enn fremur nokkur trygging fyrir, að þessar upplýsingar sjeu ábyggilegar, að þær eru fengnar á tveim stöðum, bygðar á sjálfstæðum athugunum beggja stofnananna. Þó er þess að gæta, að þessa dagana var gengi erlendrar myntar talsvert breytilegt frá degi til dags, og vöruverðið einnig nokkuð á hreyfingu, og þess vegna urðu skýrslurnar um verð einnar og sömu vörutegundar stundum dálítið mismunandi.

Nefndin áleit það ekki rjett að taka einstök atriði úr skýrslunum upp í nál., en þykir rjett að gera grein fyrir aðalniðurstöðunni nú í framsögu málsins.

Meðalverðlækkun á þessum 8 vörutegundum er um 30 til 35% móts við verðlagið í júlí 1920. Einungis ein vörutegundin, rúgmjöl, hefir hækkað, hinar hafa allar lækkað, svo að nema mundi frá 14 til 60% í smásöluverði, og meðallækkunin sem sagt nokkuð yfir 30%.

Á þessu byggir nefndin, að rjett sje, að innflutningshömlurnar sjeu afnumdar, til þess að verðfallið fái að njóta sín óhindrað og engin tortrygni geti átt sjer stað meðal landsmanna um að svo sje. —

Nefndin hefir kynt sjer skýrslu verðlagsnefndarinnar um starf hennar til áramóta og einnig fengið upplýsingar um starf hennar síðan á áramótum, og hefir það aðallega beinst að hámarksverðlagningu á stöðum utan Reykjavíkur. Verðlagsnefndin getur þess í skýrslu sinni, að hún miði hámarksverðið á erlendri vöru við það markaðsverð, sem sje á vörunni erlendis og sanngjarnlega mætti krefjast að fram væri komið hjer tímans vegna. En þessi ákvörðun er erfið, einkum í kauptúnum úti um land, vegna þess, hve samgöngur eru óreglulegar og aðflutningar stopulir.

Þar sem nefndin leggur til, að bráðabirgðalögin verði nú þegar feld úr gildi var henni ljóst, að rannsaka þurfti,

hvort reglugerð um peningaviðskifti við útlönd, sem sett hefir verið samkvæmt heimild í bráðabirgðalögunum, mætti falla úr gildi án þess að neitt yrði sett í staðinn. Nefndinni er það ljóst, að ekki er unt nú sem stendur að leyfa ótakmarkaða sendingu póstávísana til útlanda, en hún hefir sannfært sig um, að póstávísanir má takmarka með einfaldri stjórnarráðstöfun, og þarf þá ekki að halda áðurnefndri reglugerð í gildi þess vegna, og þarf hún því ekki að standa fyrir afnámi bráðabirgðalaganna.

Nefndin var sammála um það, að engar ráðstafanir skyldu gerðar í þá átt, að heimildarlögin frá 8. mars 1920 fjellu úr gildi, en um það voru skiftar skoðanir, hvernig stjórnin ætti að nota þessa heimild. Það er mikið verk að rannsaka, hve mikið hefir verið flutt inn af óþarfavarningi síðustu ár, og síðan þarf að gæta að, hvort ástæða sje til að hindra innflutning hans vegna gjaldeyrissparnaðar. Það, sem fyrst verður á vegi manns, eru mjög misjafnir dómar um, hvað eigi að teljast óþarfi og hvað ekki. Nokkrir menn úr nefndum Ed. og Nd. hafa nú gert skrá yfir óþarfavörur, aðrar en þær, sem sjerstakur tollur hvílir á, og hefir verið inn flutt árið 1917 fyrir 200 þús. kr., en tollvörurnar verða að teljast flokkur út af fyrir sig. Aðrir nefndarmenn hafa viljað telja fleiri vörur, og hefir þeim talist upphæðin fyrir þær um 1 milj. kr., og getur verið, að sá hv. nefndarmaður, sem hefir skrifað undir með fyrirvara, hafi þá haft þetta sjerstaklega í huga.

Jeg nefndi áðan óþarfar vörur sem sjerstakan vöruflokk, og stendur svo á því, að nefndin hefir aðgætt allan innflutning á árunum 1915, 1916 og 1917 og flokkað þær niður. Í 1. flokk voru teknar þær vörur, sem telja verður ómissandi nauðsynjavöru, annaðhvort til lífsviðurværis, eða þá beint til rekstrar atvinnuveganna, og er ekki viðlit að hefta þær á nokkurn hátt. Þessar vörur nema meira en helmingi af vörumagninu, t. d. 1917 28 milj. af 43 miljónum. 2. flokkur er nauðsynjavörur, sem notaðar eru meira eða minna eftir því, hvernig kaupgetu landsmanna er háttað, og má þar nefna t. d. byggingarefni, því það er vitanlegt, að í góðum árum byggja menn frekara en þegar illa árar. Þessi flokkur taldist 1917 um 7 milj. Þá er 3. flokkur, og eru það tollskyldar nautnavörur, að undanskildum sykri, sem talinn er í 1. flokki. Upphæð þessa flokks nam 1⅓ milj. 1915, en um 2 milj. 1916 og 1917. Þessar vörur eru flestum óþarfar, öðrum en landssjóði. Í 4. flokki eru aðrar óþarfavörur, og nam upphæð þeirra ekki meira en 200 þús. 1917, en 400 þús. hin árin, eða fyrir neðan 1% af öllum vöruinnflutningi. Skip eru talin utan flokka.

Eftir þessari skiftingu er flutt inn 1917 fyrir 36 milj. nauðsynjavörur, en að eins fyrir 2 eða 2,2 milj. ónauðsynlegar vörur, og af þeim eru $^{9}/_{10}$ tollskyldar.

Eins og nál. sýnir, viljum vjer leggja það á vald stjórnarinnar, hvort hún notar heimildina eða ekki. Jeg skal svo ekki tala meira fyrir nefndarinnar hönd, en ætla að fara nokkrum orðum um þetta mál frá mínu sjónarmiði, og getur verið, að nefndin sje mjer ekki sammála þar. Það skrifast eingöngu á minn reikning. Jeg lít svo á, að ef þess er þörf, að landsmenn leggi eitthvað á sig til gjaldeyrissparnaðar, þá sje ekki annað fyrir en að spara tollskyldar óþarfavörur, svo sem kaffi, tóbak, súkkulaði og vínföng. Þetta er alt óþarfi

og þó ýmsir hafi viljað telja t. d. kaffi nauðsynjavöru, þá er öllum vitanlegt, að svo er ekki. Vatnið og sykurinn, sem í kaffinu er, getur verið nauðsynlegt, en það gerði ekkert til, þó kaffið sjálft vantaði; að því væri að eins heilsubót. En hitt er satt, að mönnum þykir óþægilegt að fara á mis við kaffi og vilja ef til vill ekki leggja það á sig. Jeg vil ekki staðhæfa, að ástandið sje svo alvarlegt, að þjóðin þurfi að leggja hart að sjer, því hún gerir það mjög ófús. En samt verð jeg að halda því fram, að nær hefði verið að banna innflutning á þessum vörum heldur en mörgu öðru, sem viðskiftanefndin hefir bannað. Jeg get nefnt barnaleikföng, og eru vitanlega engar upphæðir, sem til þeirra fara, en það er harðneskja að meina börnum leikföng, en leyfa fullorðnum ótakmarkað kaffi og tóbak. Það mætti halda áfram að telja upp, en jeg sje þess ekki þörf. Þetta er að eins mitt álit, en ekki sagt fyrir nefndarinnar hönd.

Pjetur Ottesen: Hv. frsm. (J. Þ.) hefir gert grein fyrir afstöðu nefndarinnar, og hefir hún orðið á einu máli um það að fella úr gildi bráðabirgðalögin, sem takmörkun innflutnings hefir aðallega grundvallast á. En um það var nokkur ágreiningur innan nefndarinnar, hvort nema eigi nú úr gildi allar innflutningshömlur, en niðurstaðan varð þó sú, eins og nál. ber með sjer og hv. frsm. (J. Þ.) hefir lýst, að leggja til, að lögin frá 8. mars í fyrra standi, og láta stjórnina ráða, hvernig hún beitir þeim, innan þeirra takmarka þó, að eigi sje heftur innflutningur á öðru en óþarfavörum. Jeg er einn meðal þeirra, sem ekki vilja sleppa öllu lausu þegar í stað, heldur stefna í þá átt, sem lögin frá 8. mars benda til. Það var tilætlunin með þeim lögum að takmarka innflutning á óþarfavarningi. Þetta er svo skýrt tekið fram, að það verður naumast misskilið, en þó hefði ekki veitt af að búa til sjerstaka skrá yfir þessar vörur, því heimildin hefir verið þanin út yfir miklu víðara svið, og hefir verið látin ná til varnings, sem enginn neitar að nauðsynlegur sje. Þetta hefir orðið tvíeggjað sverð, og hefir það vegið í þá átt, að halda uppi vöruverði í landinu; verðfall á erlendum markaði hefir ekki borist hingað fyr en seint og síðar meir. Viðskiftanefndin, sem að þessu hefir unnið, er ekki í samræmi við vilja þingsins, sem lögin setti. Það heyrðust að vísu raddir um það, að slík nefnd mundi nauðsynleg, en þó voru fleiri, sem mæltu í móti. En það þýðir ekki að þrátta um það, sem liðið er og ekki verður við gert. Nefndin hefir verið skipuð, en hún hefir ekki gengið nógu röggsamlega fram. Þrátt fyrir þessar hömlur hefir verið flutt inn mikið af óþarfa, sem hefði þurft að hefta með öllu. Jeg hefði helst kosið, að þær vörur, sem átti að banna, hefðu verið taldar upp í lögunum sjálfum, en til samkomulags við nefndina hefi jeg gengið inn á að láta lögin frá 8. mars standa óbreytt. Það má vinna þetta upp með því að telja þessar vörur upp í sjerstakri reglugerð. Það er altaf teygjanlegt orð, óþarfavara. Það fer eftir ástandinu í hvert skifti, en jeg lít svo á, að heldur eigi að ganga lengra en skemra í því efni. Jeg hefi farið yfir innflutning áranna 1916 og 1917 og skrifað upp hjá mjer þær vörutegundir, sem jeg álít að stjórnin eigi að banna innflutning á. Þær vörur eru þessar: Niðursoðinn fiskur, niðursoðið kjöt, niðursoðnir ávextir og grænmeti, sultaðir ávextir og grænmeti, kex og kökur,

lakkrís, brjóstsykur og konfekt, ilmvötn, epli og perur, appelsínur, önnur aldini, þurkaðir ávextir, hnetur og kjarnar, cigarettur, silkivefnaður, kniplingar, glysvarningur, lifandi blóm, myndabækur, kort og brjefspjöld, marmari, gimsteinar, aðrir steinar, myndir úr gibsi og marmara, gull- og silfurmunir, plettmunir og glysvarningur, hljóðfæri, vasaúr, klukkur, þurkað grænmeti, myndarammar (listar), döðlur, kandíseraðir ávextir, barnaleikföng.

Jeg hefði haft tilhneigingu til að ganga lengra, og jeg get verið samþ. hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að auk þess, sem sparnaður sje nauðsynlegur, vegna fjárhagsástandsins, sje hann einnig góður uppeldisskóli fyrir þjóðina; hún hefði gott af því að læra að neita sjer um ýmislegt, sem hún þykist varla geta án verið nú. En jeg er vonlaus um, að mjög róttækar breytingar frá því, sem jeg hefi hugsað mjer, nái fram að ganga, því margir álíta skaðlegt að banna eða takmarka innflutning á ýmsu því, er jeg nefndi. Jeg verð að álíta, að með því að banna og takmarka innflutning á þeim vörum, sem jeg nefndi, sje margt unnið, en engu tapað. Það eru ekki litlar upphæðir, sem fara árlega í þessar vörur, 1,600,000 kr. 1916, nokkuð minna 1917, en þó yfir 1 miljón. En það er aðgætandi, að þessi ár var flutt inn með minna móti, og 1918 og 1919 hefir innflutningurinn orðið margfalt meiri. Þó innflutningur þessa varnings væri bannaður, tapar ríkissjóður ekki tolli svo neinu næmi. Það yrði aðallega af vindlingum, en jeg verð að telja slíka ástæðu lítils virði. Það getur verið rjett, að ilt yrði að hafa hönd í bagga með þessu, og er slíkt bann ekki einhlítt, nema vel sje fylgt í framkvæmdinni. Jeg tel viðskiftanefnd ekki nauðsynlega til slíkra framkvæmda, enda munu dagar hennar taldir.

Að endingu vil jeg brýna það fyrir stjórninni að taka föstum tökum á þessu máli og kveinka sjer ekki, þó það komi ef til vill í bága við hagsmuni einstakra manna. Fyrst og fremst ber að líta á hagsmuni þjóðfjelagsheildarinnar, og ef hagsmunir annara rekast á hana, verða þeir að lúta. Með þessum skilningi á því, hvernig heimildarlögin frá 8. mars sjeu notuð, get jeg gengið inn á, að málið sje leitt til heppilegra úrslita á þann hátt, sem nefndin leggur til.

Magnús Kristjánsson: Eins og nál. ber með sjer, hefi jeg skrifað undir með fyrirvara. Jeg geri ráð fyrir því, að öllum hv. þm. muni það kunnugt, að jeg álít varhugavert og jafnvel hættulegt hagsmunum þjóðfjelagsins, að innflutningur verði að öllu leyti gefinn frjáls á þessum tímum. En jeg hefi þó eigi klofnað frá nefndinni algerlega, og rjeði þar mestu um, að jeg vildi fylgjast með störfum hennar í þeirri von að geta haft einhver áhrif á þá í þá átt, sem jeg áleit rjetta.

Jeg hefi aldrei skilið fyllilega röksemdafærslu þeirra manna, sem halda því fram, að aðeins þurfi að opna allar gáttir, og þá losni maður við öll þau vandræði, sem við erum í, eins og aðrar þjóðir. Það má vera, að Reykvíkingar njóti þar einhvers góðs af, og er þá skiljanlegt, að hv. þm. þeirra mæli með því; en þeir menn, sem reyna að líta á hag heildarinnar, sjá þetta öðrum augum. Það er ekki nóg, að vörur sjeu fluttar inn og seldar fyrir lágt verð hjer í Reykjavík; það verður að líta á hitt,

jafnframt, að vörurnar verði greiddar á þann hátt, að ekki þurfi að taka of mikil lán, sem að lokum yrðu of þung byrði að rísa undir. Margir hafa gengið svo langt í loftköstulum sínum, að þeir halda því fram, að vöruverð lækki að miklum mun, kaupgjald lækki og atvinnuvegirnir blómgist, ef viðskiftanefndinni er af ljett. En þetta er mestmegnis út í loftið sagt. Allir vita, að verðfall á þeim vörum, sem flytjast til landsins, verður altaf á eftir verðfallinu þar sem varan er keypt, og er það eðlilegt, eftir staðháttum. Jeg býst því ekki við, að breyting verði til batnaðar, þó sú ráðstöfun yrði gerð, sem nú er í ráði. Því er svo varið, að aldrei hefir verið meiri ástæða til að kaupa sem minst af útlendum varningi og reyna að bjargast sem mest við það, sem í landinu er framleitt, til þess að hægt verði að komast hjá of miklum skuldum. Nú eru horfur á því, að framleiðslan verði með minna móti, ef til vill lítið meira en helmingur af venjulegu vörumagni, og ætti þá hv. þm. að vera ljóst, að vjer hljótum að safna skuldum, ef innflutningur er ótakmarkaður. En jeg býst ekki við, að miklu verði um þokað úr því, sem komið er, og verður þá að taka því og reyna að gera það eins viðunanlegt og hægt er. Jeg mun því halda fast við þá stefnu, að bannaður sje allur innflutningur á óþarfavarningi, og skírskota til ræðu hv. þm. Borgf. (P. O.), sem er gagnslaust að hafa hjer upp aftur, en jeg get að mestu leyti fallist á.

Jeg beini þess vegna þeirri áskorun til stjórnarinnar, að hún framfylgi lögunum frá 8. mars eftir því, sem henni er frekast unt, því það, sem sparað er, er grætt.

Annars datt mjer í hug, þótt jeg búist ekki við, að það hafi mikinn árangur, að æskilegt væri, að þetta mál yrði ekki afgreitt í dag. Og ástæðurnar til þess, að jeg fer fram á það, að atkvgr. um þetta mál verði frestað, eru þær, að einn nefndarmanna úr viðskiftanefndinni, sem er bankastjóri Ludvig Kaaber, hefir verið erlendis til þess að kynna sjer þessi mál, og má því búast við, að hann hafi eitthvað að leggja til í þessu efni, þegar hann kemur. En hans er einmitt von í dag eða á morgun, og þykir mjer óviðfeldið, ef nefndin gæti ekki heyrt hans álit áður en fullnaðarúrskurður er lagður á þetta mál. Jeg veit ekki, hvort þetta þykir nægileg ástæða, en seint er slíkt mál sem þetta of vandlega athugað.

Það eru að vísu fyrirsjánleg úrslit þessa máls, en ekki mundi það skaða, þótt úrskurðinum væri frestað í 1—2 daga.

Annars þykir mjer ekki ástæða til að fjölyrða um þetta mál. Mín skoðun er sú, að það mundi vera mjög til skaða að afnema þessar varúðarreglur nú þegar á þessum tíma, þegar útlitið er ískyggilegra en það hefir kannske verið nokkru sinni áður. Þá fer fyrir þessari þingdeild eins og borg í herumsát, ef lýðurinn inni fyrir tæki þau ráð, að hætta að verja sig, en gefast upp áður en að væri farið að þrengja. Þá yrði það sjálfsagt álitinn ófyrirgefanlegur amlóðaskapur, en fjárkreppan er óvinurinn, sem hjer sækir að. En þar sem verið er að ræða um það, að afnema öll höft og allar hömlur, þá er það sama og að opna borgarhliðin fyrir óvininum og segja: „Gerið þið svo vel, við viljum ekki vera að þessu lengur, svo að við komumst hjá þeim óþægindum, sem af því leiðir að halda lengur uppi vörninni.“

Jón Baldvinsson: Þó vel geti verið, að rjett hafi verið að setja viðskiftahöftin, þegar þau upphaflega voru sett, og meðan verð allrar vöru fór síhækkandi, þá er öðru máli að gegna nú, þegar verðið er lækkandi. Þá er rjett, að það hverfi úr sögunni. Það er þó ekki svo mjög vegna verðlækkunar þeirrar, sem orðið hefir á matvörum, að jeg held þessu fram. Þeirrar verðlækkunar hygg jeg að landsmenn hafi notið jafnóðum, að minsta kosti á vörum landsverslunarinnar. En það eru fleiri vörur en matvörur nauðsynjavörur, t. d. fatnaður, áhöld ýmisleg o. fl. Þessar vörur hafa lækkað miklu meira í verði en matvörur, en innflutningshöftin aðallega verið gegn þessum vörutegundum. En þeirrar verðlækkunar þurfa menn að njóta hjer. Og þó að viðskiftahöftin sjeu afnumin, held jeg líka, að hemill sje á því, hve mikið verður flutt inn, og sá hemill er gjaldþol almennings. Allir atvinnuvegir eru lamaðir, og það eru engar líkur til þess, að kaupmenn verði svo djarfir, að þeir fari að fylla alt með vörum, því að jeg hygg, að þeir hafi orðið varir við, hversu mjög hefir dregið úr öllum kaupum nú upp á síðkastið. Hins vegar vil jeg virða viðleitni þeirra manna, sem vilja útiloka þær ónauðsynlegu vörur, til þess að spara gjaldeyri landsins. En í framkvæmdinni yrði sá sparnaður ekki svo ýkjamikill, ef feld yrðu úr gildi bráðabirgðalögin og ekki yrði annað eftir en lögin frá 8. mars 1920. Vjer sjáum af verslunarskýrslunum, að mikið hlýtur að vera flutt inn af sumum vörum, þrátt fyrir viðskiftahöftin. Tökum til dæmis gull- og silfurmuni. Það sjest af verslunarskýrslum frá 1916 og 1917, að lítið hefir verið flutt inn af þeim vörum, og alls ekki í neinu samræmi við það, er nú sjest í skrautgripabúðum hjer. Þessar vörur virðast ávalt geta komist inn í landið, enda sumar svo gerðar, að stinga má af þeim í vasa sinn fyrir þúsundir króna. Eins er með silkivefnað og kniplingainnflutning, sem var um 200,000 kr. árið 1917. Þessar vörur geta komið þrátt fyrir öll höft. Af öðrum vörum, sem má útiloka, af því að þær eru svo fyrirferðarmiklar, má nefna t. d. niðursoðnar vörur, kjöt, fisk og ávexti, en aðrar vörur munu þá koma í staðinn. Sama er að segja um kex og kökur. Þannig yrði þetta fyrirkomulag afskaplega ranglátt, og sumar vörurnar koma eins eftir sem áður.

Í nál., sem hjer liggur fyrir, er sagt, að að samkomulagi hafi orðið í nefndinni að leggja það á vald stjórnarinnar, hvort hún noti heimildarlögin frá 8. mars eða ekki. Það er minn skilningur, að þetta orðalag eigi að vera nokkurskonar brú fyrir hæstv. stjórn, og sett með tilliti til þeirrar skoðunar, sem hún hefir áður haft á málinu, án þess að meiri hlutinn ætlaðist til þess, að hún notaði heimildarlögin, enda hygg jeg hæstv. stjórn vera komna á þá skoðun, að hún ætli sjer ekki að nota þessa heimild, og byggi jeg það á þeim orðum, er hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, þegar vantraustið var á ferðinni, að stjórnin gæti alls ekki notað heimildina frá 8. mars, nema viðskiftanefndin starfaði. Og jeg veit ekki betur en hæstv. stjórn hafi fallist á það að afnema viðskiftanefndina. En úr því að hún hefir afnumið viðskiftanefndina, þá er minn skilningur á orðalaginu rjettur. Og það er með þessum skilningi, að jeg greiði atkv. með því, að bráðabirgðalögin falli úr gildi, að stjórnin noti alls ekki heimildina.

Þorsteinn Jónsson: Þegar þingið í fyrra samdi heimildarlögin um að banna eða takmarka innflutning á óþörfum varningi, þá hafði það það í huga, að landsstjórnin semdi reglugerð um þær vörutegundir, sem hún teldi óþarfar, og bannaði innflutning á þeim. En í stað þess að gera þetta, stofnsetti hún viðskiftanefndina og fjekk henni vald til þess að ráða því, hvað skyldi flutt inn og hvað ekki. Jeg ætla mjer ekki að fara að leggja harðan dóm á þessar ráðstafanir, en það mun víst, að innflutningur hefði verið litlu meiri, þótt engar viðskiftahömlur hefðu verið. Það er gjaldþol þjóðarinnar, sem ræður mestu innflutningi á vörum til landsins. Að því er snertir nauðsynjavörur, þá verður eftirleiðis engrar viðskiftanefndar þörf þeirra vegna. Öðru máli er ef til vill að gegna með óþarfavörur. En þó finst mjer önnur leið rjettari en sú, að fela viðskiftanefnd ráð yfir því, hvað af þeim er flutt til landsins. Hún er sú, að banna gersamlega allan innflutning á ónauðsynjavörum með lögum. Í þeim lögum ættu að vera taldar upp þær vörur, sem eru á takmörkunum að vera nauðsynlegar og ónauðsynlegar. Yfir innflutningi þeirra vara á stjórnin að ráða. Og sjer til aðstoðar í því efni þarf hún enga viðskiftanefnd, heldur getur haft til þess einhvern mann í stjórnarráðinu.

Þetta vildi jeg að eins láta í ljós, nefndinni til athugunar, og ef tillögur hennar ganga engar neitt í þessa átt, þá væri jeg fús að flytja frv. um þetta efni. En þar sem tími sá er útrunninn, sem þmfrv. mega koma fram, nema með undanþágu frá þingsköpum, þá vildi jeg óska, að hv. nefnd flytti frv. þess efnis, sem jeg hefi lagt til.

Ólafur Proppé: Herra forseti! Jeg hjelt, að það mundi nægja, að einn úr hverjum flokki tæki hjer til máls. En þar sem 4 úr nefndinni hafa nú þegar talað, þá vænti jeg þess, að það verði ekki illa tekið upp fyrir mjer, þótt jeg, sem einn nefndarmannanna, segi nokkur orð.

Jeg þarf engu við að bæta það, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir sagt. Það er að eins um þann ágreining, sem varð innan nefndarinnar um það, hvort ljetta skyldi af öllum hömlum eða ekki, sem jeg vil minnast á.

Í samvinnunefnd voru 7 af 10 ásáttir um að sleppa öllum hömlum, og ákvæðið um að leggja á vald stjórnarinnar, hvort hún notaði heimildina frá 8. mars eða ekki, var samþ. með 7 : 3 atkv. Tveir þeirra þriggja manna, sem ekki voru meiri hl. nefndarinnar fyllilega sammála í þessu efni, eru hjer í deildinni, hv. þm. Borgf. (P. O.) og hv. þm. Ak. (M. K.), og hafa lýst skoðun sinni á því máli.

Jeg lít svo á, og get skírskotað til upplýsinga hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að þetta, sem til mála getur komið að takmarka, er svo lítið, að það getur ekki borgað sig að elta ólar við það. Upphæðin, sem hjer ræðir um, er frá 240,000—480,000 kr. og er, eins og sjá má, að eins örlítill partur af neyslu okkar yfirleitt. Hitt getur verið álitamál, hvernig skoða á tollvörurnar í þessu sambandi, en jeg býst þó ekki við, að það næði samþykki hjer í hv. deild að takmarka innflutning á tollvörum yfirleitt. Af innflutningi þeim, sem takmarka á, hefir fjöldi manna atvinnu, og er það eflaust viðsjárvert, frá hvaða sjónarmiði sem er, að takmarka eða kippa fótunum undan atvinnufrelsi manna. En upp úr

hinu legg jeg þó meira, að ef á að takmarka eða banna innflutning á vörum, þá mun það leiða til hins sama og með bannlögin, sem sje til ólöghlýðni, og jafnvel meira flytjast inn af hinni bönnuðu vöru eftir en áður, enda margt af því, sem banna á innfl. á, þannig vörur, sem hægt er að smygla inn áhættulítið. — (**P. O.**: Þetta er ljót lýsing á kaupmannastjettinni!). Jeg á ekki einungis við kaupmannastjettina, heldur við alþjóð manna, því það er alþjóðarstaðreynd, að hverskonar þvingunarlög espa til ólöghlýðni og hverskonar smyglunartilraunir sigla í kjölfar þeirra.

Takmörkun sú á innflutningi, sem hjer um ræðir, er svo lítil, að engu munar á ársinnflutningi vorum, og það jafnvel þótt till. hv. þm. Borgf. (P. O.) næði fram að ganga, en auk þess ber að gæta þess, að í báðum tilfellunum er fjöldi vörutegunda, sem ómögulegt er án að vera og undanþágur verður að gera um.

Mjer datt í hug, þegar hv. þm. Ak. (M. Kr.) sagði, að einhverjar hömlur yrðu þó að vera, að „litlu verður Vöggur feginn". Jeg sje ekki, frá hans sjónarmiði, neina ástæðu til þess að halda í þessa litlu taug, sem eftir er, þar sem hann nú er búinn að ganga frá þessu lífslögmáli sínu, að höft sjeu á sem flestu, svo landsverslunin geti orðið sem yfirgripsmest, á kostnað frjálsrar samkepni. — Jeg lít þess vegna svo á, og það er áskorun mín til stjórnarinnar, að sú heimild, sem getið var um í nál., viðvíkjandi lögunum frá 8. mars, verði ekki notuð, enda þótt samþykt verði.

Hv. þm. Ak. (M. K.) vildi fresta endanlegum úrskurði málsins til mánudags eða þriðjudags, þar sem í dag eða á morgun væri von á manni frá útlöndum, er kynt hefði sjer þetta mál þar, og hefði því ef til vill einhverja till. að gera í því efni. Jeg hefi mikla virðingu fyrir dugnaði og framsýni þess manns, — jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. eigi við Kaaber bankastjóra — en jeg held ekki, að hann muni hafa neitt það í pokahorninu, sem gæti breytt nokkru hjer. Frekar geri jeg ráð fyrir, að hann hafi orðið fyrir áhrifum af þeirri stefnu, sem nú er að ryðja sjer til rúms erlendis, sem er sú, að ljetta af öllum viðskiftahömlum. Jeg sje þess vegna ekki, að hjer sje nokkur ástæða til frestunar. Frekar væri að vænta, að maður þessi gæti gefið nokkrar upplýsingar fjárhagslegs efnis.

Um viðskiftanefndina er kannske ekki rjett að tala hjer, þar sem nú er afráðið hvað um hana verður, þótt ástæða væri til að minnast á afrek hennar opinberlega. En hún á sjer hjer engan málsvara, svo jeg sleppi því.

En jeg vona, að þessi deild og hæstv. stjórn skilji það, að jeg er alveg á móti því, að þessu ákvæði í nál. verði framfylgt.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg vil fara nokkrum orðum um það, hvernig verslunarhöftin eru til komin. Get jeg þar að mestu skírskotað til inngangsræðu minnar í þessu máli, um skilning stjórnarinnar á lögunum frá 8. mars 1920, en skal þó nokkru við bæta.

Ástæðan til þess, að frv. til laganna frá 8. mars 1920 kom fram, var óttinn við gjaldeyrisskort, ef vöruinnflutningur yrði ekki að stórum mun takmarkaður. Þessi ótti, sem kom fram á þinginu 1920, fór nú sívaxandi eftir þingslitin, líka hjá stjórninni; sá hún því, að lögin voru eigi að ófyrirsynju sett, enda þótt henni dyldust eigi vandkvæðin, sem yrðu á framkvæmd þeirra, ef þau ættu að ná tilgangi sínum.

Stjórnin sá það nú, að án aðstoðar var henni ómáttugt að framkvæma þau og að henni var því nauðsynlegt að fá menn til þess að taka þennan starfa að sjer, og satt að segja er mjer óskiljanlegt, hvernig menn geta haldið því fram, að hægt væri að komast af án nefndar. — Stjórnin hafði áður haft með rekstur landsverslunarinnar að gera, og hafði það bakað henni hina mestu erfiðleika, og var framkvæmdarstjórn landsverslunarinnar skipuð til þess að bæta úr þessu. Þegar nefndin settist á rökstóla, var það hennar fyrsta verk að gera tillögu til reglugerðar um tilhögun starfsins. Gerði nefndin í einu hljóði það skilyrði, ef henni ætti nokkuð að verða ágengt, að vald hennar væri eigi skorðað við tilteknar vörutegundir, sem innflutningsnefnd skyldi banna, heldur skyldi henni frjálst að takmarka innflutning á hverskonar vöru, sem hún áliti að flyttist of mikið af til landsins eða of mikið fyrirliggjandi af. Á þetta fjelst stjórnin. Hún þóttist sjá það glögt, að tilgangslaust var að skipa innflutningsnefndina, ef bannið næði að eins til þeirra vörutegunda, sem kallaðar eru óþarfar. Og í því lá einmitt vandinn, þegar að því kæmi, sökum gjaldeyrisskorts, að takmarka hæfilega innflutning nauðsynjavöru.

Veit jeg, að snúa má út úr þessum orðum mínum, ef þau eru skilin alt of bókstaflega, en um það hirði jeg eigi.

Það, sem vakti fyrir stjórninni, var, að svo framarlega gæti gagn orðið að nefndarskipuninni og hömlunum, að gætt yrði þess, að gjaldeyrir færi ekki út úr landinu fyrir þær vörur, sem nóg væri af fyrir, enda þótt nauðsynlegar væru í eðli sínu.

Nefndin, sem var skipuð 5 mönnum, 2 bankastjórum, 2 verslunarfróðum mönnum og lögfræðingi úr stjórnarráðinu, var stjórninni sammála um þetta. En það, sem jeg hygg að ylli því, að minna gagn varð að nefndarstörfunum en ella hefði orðið, var það, að þegar nefndin tók til starfa, var sá rekspölur kominn á innkaup, sjerstaklega iðnaðarvöru, að ekki varð við ráðið. Margir búnir að festa kaup erlendis og sumir búnir að borga, svo að ógerlegt var að hamla innflutningi þeirra vara, þegar svo var komið. En þrátt fyrir það, þótt nefndin kæmi of seint til sögunnar, er jeg þess fullviss, að hún hefir gert stórmikið gagn og heft stórum öfgarnar í innflutningnum. Og jeg er ekki trúaður á, að gjaldeyristregðan hefði dregið mjög úr honum, því að vörurnar hefðu verið fengnar að láni að meira eða minna leyti.

Í þessu sambandi skal jeg geta þess, að megn óánægja reis út af höftunum, einkum á Norður- og Austurlandi. Þetta kom mönnum þar á óvart; þeir þektu ekki kringumstæðurnar og bjuggust líka við, að hömlurnar mundu tilfinnanlegast koma niður á kaupmönnum og kaupfjelögum úti um land, en aftur á móti hlynna að kaupmönnum í Reykjavík og einkum heildsölunum þar. Ýfðist upp eldri gremjan frá stríðsárunum, þegar heildsalarnir spruttu hjer upp eins og fíflar í túni, en verslun kaupmanna úti um land drógst aftur úr, sökum samgönguleysis við útlönd. En af því hafði leitt, að flestir töpuðu sínum eldri samböndum erlendis og urðu að ganga undir heildsalana í Reykjavík. Hefði þetta ekki valdið óánægjunni, hygg jeg, að menn hefðu felt sig sæmilega við innflutningshöftin. Innflutningsnefndin reyndi nú til að aftra því eftir mætti, að afstöðumunur yrði tilfinnanlegur millum kaupmanna

hjer og úti um land, og hygg jeg, að þetta hafi tekist fyllilega, enda var langmest bannað af vörum til Reykjavíkur.

Þegar verðfallið kom úti í heimi á ýmsum vörutegundum í vetur, duldist stjórninni það eigi, að vandi væri að framkvæma svo innflutningshöftin, að þau yrðu ekki til þess að halda við dýrtíðinni innanlands. En hjer við er þess að gæta, að verðlækkunin kom seint og hefði lítið getað notið sín síðustu mánuðina vegna vöntunar á gjaldeyri til að kaupa verðföllnu vöruna fyrir. Stjórnin fór þess samt á leit við verðlagsnefndina, að hún reyndi að þrýsta niður verðinu innanlands eftir líkum hlutföllum og orðið hefði erlendis, en nefndin skýrði stjórninni frá því, að hún treysti sjer ekki til þess að hafa mikil áhrif á verðlækkun á fjölbreyttum iðnaðarvarningi; slíkt væri svo miklum vandkvæðum bundið. Þetta var nú litlu fyrir þingbyrjun, og áleit stjórnin því ekki rjett að afnema höftin nje breyta þeim fyr en þing kæmi saman. —

Liggur nú hjer þá fyrir álit samvinnunefndar viðskiftamálanna bæði um bráðabirgðalögin og málið í heild sinni, og hefir hv. nefnd beggja deilda fallist á að fella hömlurnar niður á þeim vörum, er teljast nauðsynjavörur. Er það tilgangurinn með þessu að fá verð gömlu vörunnar, sem hjer liggur, lækkað með frjálsum innflutningi nýrrar vöru. Stjórnin hefir nú að vísu ekki sömu trú og meiri hluti nefndarinnar á því, að þetta sje einhlít ráðstöfun til verðlækkunar, eins og jeg mun síðar víkja að; hins vegar kannast hún við, að það sje svo miklum vandkvæðum bundið að fá verð vörunnar lækkað með öðru móti, og þykir því rjett, ef háttv. deild vill hverfa frá hinni tilrauninni og hverfa að þessari, að setja sig ekki þar á móti.

Hvað snertir samanburðinn á þessum átta vörutegundum, sem háttv. frsm. (J. Þ.) talaði um, þá sannar hann nú í raun og veru lítið, því verðlækkun var orðin á þeim nú þegar allmikil, og engin hætta á, að dýrtíð hjeldist á þessum vöruteg. meiri en erlendis, þó að viðskiftahöftunum væri haldið við. Aftur á móti eru það iðnaðarvörurnar, sem mjög erfitt var að setja hámarksverð á. Vegna þess að kringumstæður hafa breyst, erfiðleikar eru á framkvæmd viðskiftahaftanna, og sýni það sig þar á ofan að vera vilji þingsins að afnema höftin, þá lýsi jeg því yfir, fyrir stjórnarinnar hönd, að hún muni ekki gera þetta að neinu kappsmáli.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að innflutningsnefndinni. Það kom til umræðu milli stjórnarinnar og viðskiftanefndarinnar, hvort þörf mundi á nefndinni. Ef innflutningur verður gefinn frjáls á öllum nauðsynjavarningi og listi saminn yfir þær vörur, sem eigi má flytja inn, þá telur stjórnin eigi nægja ástæðu til, að nefndin haldi áfram. Hlutverk nefndarinnar var einkanlega það að meta, hvaða vörur nauðsynlegt væri að flytja inn í landið, og eins hvernig gjaldeyrinum yrði best ráðstafað.

Þó sýnist stjórninni eigi rjett að afnema nefndina fyr en búið er að ákveða, hvaða vörur skuli banna með reglugerð, sem mundi verða tilbúin að líkindum fyrir lok þessa mánaðar. Háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) mintist á það, að með því að láta lögin frá 8. mars 1920 standa, þá væri með því verið að byggja brú fyrir stjórnina í þessu máli. Það er auðvitað undir háttv. deild komið, hvað hún gerir í þessu máli. Hins vegar hefir

stjórnin látið það í ljós, að hún teldi ekki heppilegt, að viðskiftahöftunum væri ljett af algerlega.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 14, n. 158).

Þorleifur Guðmundsson: Viðskiftahöftin hafa reynst óþægil. fyrir Rvíkinga að ýmsu leyti, og þaðan hefir vaknað alda í þá átt að afnema þau með öllu. Jeg vil ekki mæla þeim bót, og síst í því formi, sem þau eru nú í, en hins vegar tel jeg varhugavert að leysa þau algerlega upp þegar í stað. Það nægir ekki að líta á það eitt, hvað einstökum mönnum er þægilegt eða ekki. Það verður fyrst að líta á hag og velferð þjóðfjelagsheildarinnar. Við höfum þegar stofnað oss í ofmiklar skuldir, og þær myndu aukast eins og á í vexti, ef stíflurnar yrðu teknar úr nú og allur innflutningur leyfður. Jeg bið menn þó að skilja ekki orð mín svo, að jeg vilji halda þeim í núverandi mynd með viðskiftanefnd og öllu því, sem þar til heyrir.

Þegar lög frá 8. mars 1920 voru til umræðu á síðasta þingi, þá var jeg þeim meðmæltur, með það fyrir augum, að innflutningur á óþörfum varningi yrði takmarkaður á þann hátt, að kveðið væri á í reglugerð, hvaða vörutegundum skyldi bannaður innflutningur á, en ekki að skipuð yrði viðskiftanefnd, sem hefði umsjón með öllum innflutningi til landsins.

Allir þurftu að snúa sjer til þessarar nefndar; þeir áttu alt undir náð hennar og gátu aldrei verið vissir í sínum sökum. Og innflutningurinn virtist ekki ávalt fara eftir þörfum þjóðarinnar, heldur eftir þörfum einstakra manna — oft og einatt. Þessa ráðstöfun stjórnarinnar má að vísu afsaka með því, að vörur fóru hækkandi um það leyti er nefndin var skipuð, en nú horfir þetta öðruvísi við. Nú fara vörur lækkandi, og þess vegna er ekki hætta á því, að of mikið verði flutt inn af nauðsynjavörum. Af þessum ástæðum mun jeg greiða atkvæði gegn frv., en í því at[illegible]. felst ekki, að jeg vilji láta flytja inn óþarfa varning óhindrað og takmarkalaust.

Það má ekki setja það fyrir sig, þótt það komi einstökum mönnum illa. Þjóðin getur ekki borið aðra menn en þá, sem starfa að framleiðslu, starfa til þarfa. Gjaldþol okkar er svo lítið, að við getum ekki staðið straum af útgjöldum til annara en þeirra, sem starfa í þjónustu ríkisins.

Eins og jeg tók fram áðan, álít jeg, að ekki sje leggjandi út í að afnema viðskiftahöftin, nema með því að eitthvað verði sett í stað þeirra, sem kemur í veg fyrir innflutning á óþörfum varningi inn í landið. Jeg álít það ranglátt gagnvart þjóðinni. Við höfum lifað yfir efni fram síðustu árin, og við verðum að læra að spara, venja okkur á að neita okkur um ýmsan óþarfa, sem við getum vel án verið. Þótt upplýst hafi verið, að innflutningur ýmiskonar glingurs og annars óþarfa næmi eigi meiru en 200—400 þús. krónum árlega, þá sjer hver maður, að slíkt nær engri átt. Jeg ímynda mjer, að hægt væri að sanna, að einstakar verslanir hjer í Rvík flytji inn ýmsar óþarfar vörutegundir fyrir alt að [illegible] þús. kr. hver. — Jeg veit að vísu, að hæ[illegible] er að tala um þessa hluti en framkvæma þá, veit, að örðugt muni að tilgreina vörutegundir, sem bannaður skuli innflutningur á, til þess að fullkomið rjettlæti sje í. En jeg er sammála

háttv. þm. Borgf. (P. O.) um það, sem hann benti á, þótt jeg geti eigi þar með sagt, hvort taka skuli alt, sem hann nefndi, eða fella eitthvað þar úr og bæta öðru við.

Háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) gat þess, að varasamt væri að banna innflutning á þessum vörutegundum vegna þess, að margir, sem fást við verslun, mundu missa við það atvinnu. Hann gat þess og, að sumt af þessu fólki gæti eigi stundað aðra atvinnu og gæti orðið fyrir þessa sök handbendi vandafólks síns eða jafnvel þjóðfjelagsins. En þetta má ekki taka til greina. Þjóðin getur ekki borið þessa menn. Hún getur ekki borið þá, sem fást við óþörf störf, og þeir, sem ekki geta starfað til þarfa, verða að fara aðrar atvinnuleiðir. Jeg veit, að margt þessara manna eru góðir menn. En það dugir ekki að setja það fyrir sig. Og jeg vil segja það, að þótt jeg sje ekki einn af þeim, sem álít alla kaupmenn óþarfa — því góða og atorkusama kaupmenn þurfum við að eiga — þá er kaupmannastjett vor orðin svo fjölmenn, að þjóðin getur eigi risið undir henni. Hún er orðin sá skattur á þjóðinni, sem hún getur eigi borið. Hún ekki að eins tekur fje, heldur og fólk frá framleiðslunni. Fjöldi manna flytur til bæjanna og stundar þar glingursölu og annan óþarfa, en um leið stynja atvinnuvegir þjóðarinnar undan fólksskorti.

Jeg álít, að ganga beri svo langt, að bannaður skuli innflutningur á ö l l u m óþörfum vörutegundum. Og jeg vil biðja þingmenn að gæta þess vel og athuga, að við erum að verða peningalausir.

Ef hægt er að taka lán og nauðsynlegt er að taka gjaldeyrislán til þess að bjarga okkur úr klípu, þá verðum við auðvitað að neyðast til þess. En við verðum jafnframt að athuga, hvort hægt sje að borga það, og jeg sje ekki, að unt verði með sama áframhaldi að standa straum af hærri skuldasúpu en þegar hvílir á okkur.

Það hefir verið bent á tvær leiðir til þess að rjetta þjóðina við og bjarga henni úr vandræðunum, en um þær hafa menn ekki orðið sammála. Annar segir: tökum lán, en hinn segir: við verðum að spara. Jeg segi: við verðum fyrst og fremst að spara, en við verðum einnig að taka lán, ef við sjáum úrræði til þess að greiða það.

Annars er eitt, sem við höfum sparað um of undanfarið, og það er v i n n a n. Eftir því sem næst verður komist, þá eru það 20 þúsund manns, sem vinna að beinni framleiðslu hjer á landi. Sje nú íbúatala landsins um 90 þúsund, þá eru það 70 þúsund, sem lifa á vinnu þessara 20 þús. manna.

Þessir menn lifa þægilegra lífi og heimta meiri tekjur og meiri virðing þjóðfjelagsins en hinir, svo að eðlilegt er, að þeim fækki, sem vinna að framleiðslunni í landinu, og fari fækkandi og fólkið hverfi frá framleiðslustörfunum.

Úr minni sveit ætla 12 bændur að flytja burt í vor — og fárra er von í staðinn. Þeir hætta búskap vegna skattanna, sem þeir fá eigi risið undir. Við verðum því að sporna við innflutningi á óþörfum varningi í landið. Enginn þarf að komast á vonarvöl, þótt hann geti eigi stundað verslun með slíkar vörur. Fólkið getur farið upp í sveitirnar. Þar bíða engjarnar óslegnar og garðarnir óplægðir. Og ef farið er út á sjóinn, er fiskurinn nægur. Það getur verið, að sjórinn sje oft svo úfinn, að ónytjungum sje ekki hent að etja kappi við hann, en hann er líka oft ládauður, og þá býður Ægir öllum út á bátinn með öngul, net og vað, og þar liggur margur fiskur und-

ir steini, sem virðist bíða eftir því, að einhver nenni að krækja hann. Og til þess að sækja fiskinn á þennan hátt þarf hvorki dýr kol nje dýra yfirmenn.

Ykkur þykir þetta ef til vill broslegt, en haldið þið, að þjóðin geti oltið áfram í ráðleysi eftirleiðis.

Jeg vil, að viðskiftahömlum þeim, sem gilt hafa undanfarið, verði af ljett, en að jafnframt verði gefin út reglugerð, samkvæmt heimild, sem stjórnin fær hjá þinginu, um, hvaða vörum skuli bannaður innflutningur á. Verslunarstjettin verður þá betur sett en nú. Hún veit, að hverju hún gengur og hvað henni ber að gera.

Jeg vona að þið skiljið, hvað jeg hefi meint með þessu, þótt það hafi kann ske ekki látið vel í eyrum áheyrenda og sumra þingmanna.

Stjórnin verður að innræta þjóðinni virðing fyrir vinnunni. Og jeg verð jafnvel að fara fram á það, að Reykvíkingar taki sjer það fyrir hendur að vinna eitthvert þarflegt verk 2—3 tíma á dag, svo sem að rækta upp móana í kring um bæinn, sjer til heilsubótar og þjóðinni til gagns, í stað þessara svo nefndu „spásser-túra" og hlaupa með bolta á tánum út um alla mela, eftir vissum reglum.

Jakob Möller: Jeg hjelt ekki, að þetta mál, sem nú liggur fyrir, mundi vekja svo miklar umræður, úr því sem komið er, að samkomulag virðist orðið um að fella frv. Háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) gat vel geymt sjer þessa ræðu sína þar til það mál verður tekið fyrir, sem ræða hans snerist um. Háttv. þm. hafa víst sjeð nál. viðskiftanefndar. Fyrsta niðurstaða hennar er sú, að innflutningshöft á nauðsynjavörum verði feld úr gildi, en þar er ekki gerð nein ákveðin tillaga um það, hvort innflutningsbanni á óþörfum varningi skuli framfylgt framvegis, eða þau höft látin niður falla líka.

Jeg skal þá að eins snúa mjer að innflutningshöftunum á nauðsynjavörum, og hvernig nefndin ætlast til að þau verði afnumin. Jeg fellst á þá niðurstöðu nefndarinnar, að með því að fella bráðabirgðalög frá 15. apríl 1920 úr gildi sje fyrst og fremst viðskiftanefndin úr sögunni, en þá einnig um leið öll innflutningshöft á nauðsynlegum vörutegundum. Og jeg held því fram, að samkv. lögum frá 8. mars 1920, sem þá verða ein eftir, sje að eins heimilt að hefta innflutning á ákveðnum vörutegundum, sem vel er hægt að komast af án, sem sje einungis „óþörfum" vörutegundum. Hvernig stjórnin hefir að undanförnu hagað sjer með framkvæmd þeirra laga, liggur ekki fyrir að ræða hjer um. Hæstv. atvinnumálaráðh. (P. J.) talaði um í byrjun þessarar umr., að viðskiftanefndin hjeldi áfram að starfa, hvað sem upphafning þessara laga liði. En það get jeg ekki fallist á að geti átt sjer stað, og veit ekki, hvernig hún getur þá starfað áfram, í skjóli hvaða lagaheimildar. Jeg geri nú ráð fyrir því, að nú sje nokkurn veginn víst orðið um afdrif innflutningshaftanna, svo að ekki þurfi að eyða miklum tíma í deilur út af sjerstöðu háttv. þm. Ak. (M. K.) í viðskiftamálanefndinni. Jeg þykist hafa skilið hæstv. atvinnumálaráðh. (P. J.) rjett, að stjórnin sætti sig við þessi úrslit málsins, að viðskiftanefndin og þar með innflutningshömlurnar á öllum nauðsynlegum vörutegundum verði numdar úr gildi, og að um ágæti þeirra þurfi þá ekki að deila lengur við hæstv. stjórn. Þó get jeg ekki stilt mig um að láta þess getið, að jeg á erfitt með að skilja afstöðu

þess hæstv. ráðherra (P. J.) í þessu máli, því eins og kunnugt er, talaði enginn af meira móði gegn afnámi innflutningshaftanna fyrir litlu síðan en einmitt hæstv. atvinnumálaráðh. (P. J.), og finst mjer þessi veðrabrigði alleinkennileg, svo ekki sje fastar að orði kveðið. — Jeg mun greiða atkv. með afnámi laga þessara, er hjer er rætt um að nema úr gildi, en jeg er ekki ráðinn í því að svo stöddu, hvort jeg greiði atkvæði með innflutningsbanni á vissum „óþarfa“ vörutegundum, enda liggur það ekki fyrir að svo stöddu, og væri æskilegt, að háttv. þm. væru ekki að „tefja tímann“ með löngum umræðum um þá hlið málsins að svo stöddu.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg er samdóma hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) um það, að ekki sjeu nauðsynlegar langar umræður um málið, eins og það liggur fyrir í deildinni.

Mjer þykir rjett að segja í fám orðum frá afstöðu stjórnarinnar til þessa máls. Annars mun atvinnumálaráðh. (P. J.) og ef til vill fjármálaráðh (M. G.) ræða það frekara.

Í samtali við viðskiftamálanefnd lýsti stjórnin því yfir, að hún ljeti sjer lynda, að viðskiftahöftin yrðu afnumin, og um þetta varð samkomulag í nefndinni, eins og háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) lýsti yfir í byrjun þessarar umr. En jeg vil geta þess, að ráðuneytið litur svo á, að rjett sje að hafa hömlur fyrst um sinn á óþörfum varningi. Og ráðuneytið heldur því enn fremur fram, að vegna gjaldeyrisskorts muni ráðlegt og heppilegt að hafa eftirlit með útlendum gjaldeyri.

Jeg skal í sambandi við þetta geta þess, að í fyrradag barst stjórninni skeyti frá sendiherra vorum í Kaupm.höfn, um að í Finnlandi, þar sem líkt stendur á og hjá okkur, verði viðskiftahömlurnar numdar úr gildi 1. apríl, en jafnframt því er stjórninni heimilað eftirlit með erlendum gjaldeyri. — Jeg skal ekkert segja um það, hvort bankarnir geta haft þetta eftirlit hjer, en stjórnin telur eftirlitið nauðsynlegt. Og sem dæmi upp á það, að ekki sjeu allar þjóðir afhuga innflutningshöftum, er það, að í Sviss á nú að taka upp innflutningshöft á vörum og setja viðskiftanefnd.

Á sameiginlegum fundi viðskiftamálanefnda þingsins, þar er stjórnin mætti, var spurt að því af einum manni, hvort ráðuneytið teldi viðskiftahöftin nauðsynleg. Málið lá ekki þannig fyrir þá, að ástæða væri til að svara þessu. Nú get jeg sagt það, að ráðuneytið telur þetta ekki nauðsyn. Annars hefði það ekki látið sjer lynda niðurstöðu háttv. nefndar.

Alt ráðuneytið er hins vegar sammála um það, að viðskiftahöft hafi verið nauðsynleg. En um framhald á þeim, undir breyttum kringumstæðum, hefir ekkert verið ráðið í stjórninni. Og ráðuneytið varð sammála um að halda þeim óbreyttum þar til þing kæmi saman.

Hins vegar voru dálitið skiftar skoðanir í ráðuneytinu um, hve lengi ætti að halda í höft þessi á nauðsynjavörum, hvort ætti að ljetta þeim af þegar verðfallið byrjaði, hvort gera ætti ráð fyrir að ljetta þeim af nú með vorinu, eða má ske ekki fyr en í lok þessa árs.

Eins og menn vita, eru mjög skiftar skoðanir og hafa verið um allan heim, á hvern hátt unt er að verjast innflutningi óþarfs varnings. Það eru sem sagt skiftar skoðanir um þetta meðal þeirra,

sem ætla mætti að hefðu vit á þessum málum. Þess vegna er ekki nokkur ástæða til að gera þetta að deiluefni milli þings og stjórnar. Ef þingið ekki vill, að viðskiftahöftunum sje haldið, þá hefir engin stjórn leyfi til að heimta það. Svo er örðugt um það að dæma, hvað rjettast sje í þessu efni. Það verður að viðurkenna það, að aðstaðan er allmikið breytt, einkum vegna verðfallsins. Verðlagsnefndin hefir ekki reynst máttug til að færa niður svo sem bar t. a. m. vefnaðarvöru. En hæfilegt verðlag þurfti nefndin að setja á ýmsar vörur, til þess að vega á móti innflutningshöftunum.

Mín persónulega skoðun er sú, að rjettast hefði verið að halda aðflutningshöftunum í engu minna mæli en nú eru þau. Og jeg hygg, að það mundi hafa komið í ljós einmitt enn betur, að þau væru heppileg, er þeim hefði verið haldið áfram enn þetta ár. Þau nutu sín auðvitað ekki í byrjun. Það dylst engum, að oss ríður mest á því að forðast að kaupa frá útlöndum annað en það, er beint er bráðnauðsynlegt, en ónauðsynlegar eru ekki einungis þær vörur, er aldrei er þörf á, heldur og nauðsynjavörur fram yfir þörf. En það hefði kostað mikla sjálfsafneitun. Það hefði kostað að neita sjer um útlendar vörur, sem menn eru vanir að hafa sjer sumpart til þæginda. Það hefði kostað að breyta um lifnaðarháttu. En það þýðir ekki að reyna að gera þetta, eins og til hagar hjá oss, á móti vilja þjóðarinnar, og það lítur út fyrir, að almenningur vilji ekki láta gera þetta með valdi.

Jeg er að vona, að eitthvað megi gera í þessa átt með frjálsum samtökum. Jeg veit, að fjelagsskapur um þetta hefir myndast annarsstaðar, og jeg hefi heyrt getið um, að eitthvað hafi verið reynt í þessa átt til sveita hjer á landi. Það mætti orða það, að minka kornvörukaup, svo sem fært er, en nota meir hina ágætu innlendu fæðu, sem vjer höfum svo mikið af, t. a. m. síld, er nú er flutt út og kastað í sjóinn, er þangað kemur. Jeg hefi reyndar sjeð það í einu dagblaðinu, að íslenskir magar væru ekki „innrjettaðir" fyrir slíka fæðu. Hugsanlegt væri einnig, að spara mætti með fráfærum. Einnig mætti nota meira innlendan skófatnað og innlent fataefni. Með samtökum má ef til vill ná því, sem innflutningshöftunum var ætlað. Jeg hafði óttast, að ekki væri hægt að fá samtök í þessa átt, en nú er jeg ekki vonlaus um það. Það er nauðsynlegt að rifa seglin og reyna að komast af með sitt eigið. Því þótt útlenda varan sje að lækka, þá er það meir í orði en á borði. Því innlenda varan, sem við þurfum að borga með, hefir lækkað tiltölulega miklu meira, og sumar vorar útflutningsvörur orðið svo að segja óseljanlegar.

Vil jeg svo ekki fara frekara út í þetta mál, því það er rjett, eins og tekið hefir verið fram, að eins og málið liggur fyrir hjer, eru engar ástæður til langrar umræðu.

Mjer þótti vænt um það samkomulag í nefndinni, að banna megi innflutning á óþörfum varningi. Að vísu gerir hún lítið úr, hvað hann kosti, en þó ekki sje hægt að spara með því nema 1 miljón, þá munar um það nú.

Jeg vil að eins drepa á eitt. Hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) sagði, að það gæti orðið atvinnumissir fyrir verslunarstjettina, ef bannaður væri innflutningur á óþörfum varningi. Þetta er rjett. En það er minni skaði en að leyfa innflutninginn. Og þó einstakir verslunarmenn verði að hætta, þá gerir það ekki svo mikið til,

þar sem sú stjett virðist orðin helst til mannmörg.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Aðeins örfá orð út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sagði. Því er ekki svo farið, að þótt bráðabirgðalögin sjeu feld, þá sje löglegi grundvöllurinn fyrir viðskiftahöftunum fallinn. En stjórnin telur það þá liggja í atkvgr. h. hv. deildar, að hún ætlist til, að viðskiftanefndin sje fljótlega lögð niður. Ekki er þó hægt að gera það samstundis. Stjórnin þarf nokkurn undirbúning til að semja nýja reglugerð í staðinn. Þetta mun þó ekki taka mjög langan tíma, og þarf því ekki, af þeim ástæðum, að draga lengur en til marsmánaðarloka að leggja niður innflutningsnefndina og semja nýja reglugerð.

Magnús Jónsson: Byrinn í þessu máli er nú svo í þessari hv. deild, að litlar umr. þarf um það. En í umræðunum í fyrradag var fleira dregið inn í, sem sje um óþarfavarning og hvaða afstöðu skuli taka til innflutnings á honum. Jeg sje líka varla, að hægt sje að komast alveg hjá að ræða þá spurningu, þó eiginlega sjeu það aðeins bráðabirgðalögin frá 15. apríl, sem greiða á atkv. um. Bráðabirgðalögin frá 15. apríl byggjast á heimildarlögunum frá 8. mars 1920, og viðskiftanefndin er skipuð samkvæmt þeim. Mjer virðist því óeðlilegt, þegar fella á bráðabirgðalögin, að skilja eftir þann grundvöll, sem þau voru bygð á. Nefndin hefir líka sjeð þetta og því tekið afstöðu til heimildarlaganna, þar sem segir svo í nál.: „Það hefir orðið samkomulag í nefndinni að fallast á það, að heimildarlögin frá 8. mars 1920 hjeldust í gildi fyrst um sinn.“ Enn fremur hefir nefndin skýrt, hvað í heimildarlögunum felist, nefnilega að með „óþörfum varningi“ sje aðeins átt við óþarfar vörutegundir. Og einnig ákveðið, hvernig stjórnin á að framfylgja þeim; hún á ekki algerlega að hefta innflutning þeirra, heldur má hún veita undanþágur.

Hæstv. atvrh. (P. J.) benti á, að það væri tilætlun stjórnarinnar að nota þessa heimild. Jeg skildi svo orð hans, að ekki væri hægt að sleppa innflutningshöftunum fyr en búið væri að semja nýja reglugerð. Mjer finst því, að úr því að nefndin tók þessa stefnu, að nema þau ekki úr gildi, þurfi að ræða, hvort það sje þó ekki heppilegra.

Viðskiftanefndin virðist vera á einu máli, bæði um að fella bráðabirgðalögin frá 15. apríl og sömuleiðis um að láta heimildarlögin standa. Mjer virtist þó ekki vera eins mikið samræmi innan nefndarinnar í umr. eins og í nál., því hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) beindi þeirri áskorun til stjórnarinnar að nota þau ekki. Þetta bendir á, að hann, persónulega, sje á móti heimildarlögunum, því yrði stjórnin við áskorun hans, væru lögin úr gildi „reelt“, þó þau ekki væru það „formelt“. — Í hinni skýru framsöguræðu hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) kendi og þess, að hann væri andvígur heimildinni. Hann sagði það að vísu ekki beinum orðum, en öll röksemdaleiðsla hans sýndi, hve lítið gagn hann áleit að yrði af því að halda þessum leifum. Hann benti á, hve lítil sú upphæð væri, sem borguð hefði verið fyrir óþarfavarning, eftir því sem nefndinni reiknaðist. Og hún hlýtur að verða enn minni, þegar kaupgetan hjer á landi er svo lítil sem nú. Því kaupgetuleysið hlýtur fyrst að koma niður á óþörfu vörunni, því án hennar geta menn helst verið.

Ekki er hægt að vitna í það, að meira

hafi verið flutt inn af óþörfum varningi en skýrslur geti um, eins og hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) gerði, því þær vörur verða fluttar inn þrátt fyrir alt bann og allar hömlur.

Viðvíkjandi því, að banna algerlega innflutning ákveðinna vörutegunda, þá hygg jeg, að það sje varhugavert og muni aldrei geta gengið. Hv. þm. Borgf. (P. O.) og hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) töldu upp margar slíkar óþarfar vörutegundir, sem hægt væri að banna algerlega innflutning á. En eins og hæstv. atvinnumálaráðh. (P. J.) benti á um daginn, þá geta þarfar vörur undir vissum kringumstæðum orðið óþarfar, og þannig geta einnig óþarfar vörur orðið þarfar. Háttv. þm. Borgf. (P. O.) talaði t. d. um niðursoðið kjöt og fisk sem óþarfa vöru, en þetta hvorttveggja getur hjer í Rvík orðið að þarfri vöru. Sama er með vasaúrin, sem hann og nefndi; þau þurfa ekki ætíð að vera óþarfi. Annars hygg jeg, að sparnaðurinn af innflutningsbanni á slíkum vörum yrði hverfandi. Hann yrði meira í orði en á borði, því þær mundu koma inn í landið þrátt fyrir það.

Hæstv. forsrh. (J. M.) benti á einu heilbrigðu leiðina til að spara, samtök þjóðarinnar sjálfrar í þá átt. Það er það eina, sem getur fengið þjóðina til að spara, en ekki hitt, að halda í leifar af viðskiftahömlunum.

Aðeins eitt getur rjettlætt að láta heimildarlögin standa, nefnilega ef þau eru nauðsynleg pappírslög, ef það er nauðsynlegt fyrir stjórnina að geta sýnt, að einhverskonar innflutningshöft sjeu hjer. Annað gagn geta þau aldrei gert.

Hin háttv. nefnd á þakkir skilið fyrir að hafa flokkað vörurnar og sýnt, hve lítið er hjer um að ræða. Og nú er sjálfsagt hægt að telja í mjög smáum tölum, hvað keypt er af óþarfavarningi. Það er einkennilegt að fara nú að banna innflutning á honum, þegar búast má við að sama og ekkert verði af honum keypt sökum fjárskorts, úr því það var ekki bannað þegar allir höfðu fulla vasa af peningum og keyptu í óhófi. Einu vörurnar, sem hægt væri að spara, svo nokkru nemi, eru tollvörurnar. En það er hart að stöðva þá tekjulind, þegar gert er ráð fyrir 9 miljóna útgjöldum. Það er að minsta kosti lítið samræmi, ef þeir hinir sömu vildu það, sem sagt hafa, að þyrfti að afnema bannlögin til að ná í toll af víni í ríkissjóð.

Jeg er að því leyti undrandi yfir nefndarálitinu, að nefndarmennirnir skyldu allir verða sammála um, að heimildarlögin frá 8. mars skuli standa. En nú hygg jeg, að jeg hafi fengið skýringuna á þessu í þeim ummælum hv. þm. Ak. (M. K.), að hann hafi fylgt meiri hluta nefndarinnar til að koma þó þessu fram. Jeg veit ekki, hvort eitthvað svipað þessu kemur oft fyrir. En fullkomlega heiðarleg aðferð er þetta ekki nje heppileg upp á skýrar niðurstöður og hreinar línur. En með slíku samkomulagi, sem hefir átt sjer stað í viðskiftanefnd þessari, getur komið fram nefndarálit, sem ef til vill enginn nefndarmannanna er samþykkur.

Heimildarlögin ættu að afnemast. Þótt hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) hafi sagt, að þau ættu að verða pappírsgagn, þá er það ekkert nema orð. Því stjórnin er ekkert bundin við slíkt, heldur lögin, og því ætti að afnema þau.

Til að gefa ekki falskar vonir hefir hæstv. atvrh. (P. J.) tekið það fram, að ekki muni hægt að afnema innflutningsnefndina strax, hún muni verða að standa

til mánaðarloka, því hún geti ekki farið frá fyr en ný reglugerð væri samin. Jeg sje ekki betur en að stjórnin standi nú eins að vígi og þegar bráðabirgðalögin voru gefin út í fyrra, nema að því leyti, að hún veit nú, að þingið getur ekki fallist á þá leið, sem hún fór þá með framkvæmd heimildarlaganna. Að öðru leyti hefir hún jafnóbundnar hendur.

Sveinn Ólafsson: Það er í raun og veru deilt um það, hvort rjett sje að halda nokkrum viðskiftahömlum áfram eða ekki. Það virðist mega ráða af nál., að nefndin vilji ekki fella úr gildi lögin frá 8. mars 1920 og telji það óvarlegt, þótt hún leggi til að fella niður bráðabirgðalögin frá 15. apríl.

Það segir sig sjálft, að ef nauðsyn er á innflutningshömlum, þá er rjettmætt og sjálfsagt, að lögin frá 8. mars standi óhögguð. En um þá nauðsyn þarf ekki langt að leita. Fjárhagshorfurnar erfiðu og skortur á erlendum gjaldmiðli sýnir hana átakanlega. Skuldir við útlenda skiftavini, banka og heildsala, tala nægilega hátt um nauðsyn á sparnaði.

Þjóðarbúinu má í þessu efni líkja við bú einstaks búanda, þar sem eyðsla og sukk hefir yfirstigið framleiðslu eða tekjur og lánstraust er að þverra. Að eins ein leið er út úr þvílíkum kröggum, ef ekki er hægt að auka framleiðsluna, svo að hún haldist í hendur við eyðsluna, og það er að takmarka þarfirnar, kaupa sem minst eða spara, og það er hlutverk húsbóndans að taka í taumana og beita húsbóndavaldi sínu til að aftra eyðslu annara heimilismanna, ef annað tjóar ekki.

Hjer eru eyðsla, sukk og sundurgerð landlægir lestir, og það verður eigi á því bygt, að almenningur verði þegar í stað samtaka um nauðsynlegan sparnað, meðan gróðabrall einstakra manna og innflutningur munaðarvöru hverskonar, glingurs og óþarfa, er látið óheft að öllu. Húsbóndinn, sem hjer er stjórn og þing, verður hjer að láta til sín taka og neyða til sparnaðar, áður en það er um seinan, áður en gróðabrall einstakra fjesýslumanna steypir oss í gjaldþrot.

Þetta er alt almennar hugleiðingar, en jeg get ekki betur sjeð en að húsbóndinn á þjóðarheimilinu nái best almennum sparnaði með innflutnings- og viðskiftahömlum.

Hv. frsm. viðskiftamálanefndar (J. Þ.) komst að þeirri niðurstöðu, eftir hagskýrslum 1915—1917, að ekki borgaði sig að hamla innflutningi á glysvarningi og óþarfa, af því að slík vörukaup næmu litlu, eða í ítrasta lagi 200 þús. kr. á ári.

Þessu verður að taka með varhygð, og því má ekki gleyma, að margar vörutegundir má takmarka að meira eða minna leyti, sem ekki eru heimfærðar undir glingur eða óþarfa, eftir málvenjunni.

Jeg hefi ekki haft tíma til að athuga hagskýrslur, en jeg vil taka það fram, að það er ekki einhlítt að byggja á skýrslum frá 1915—1917 um verðgildi einstakra vörutegunda og bera það saman við verðgildi sömu tegundar fyrir stríðið. Innflutningur ýmsra vörutegunda var miklu minni 1917 en 1914, þótt verðgildið beggja ára væri líkt. Vörumagn það, sem kostaði 70 þús. kr. 1917, gat verið fimmfalt eða sexfalt 1914 fyrir sama vörumagn.

Til dæmis um þetta skal það nefnt, að ostur var fluttur inn 1914 fyrir 58 þús. kr., en 1917 fyrir 49 þús. Rangt væri að ætla, að hjer munaði að eins ⅙ á innflutningnum, því að osturinn var að minsta kosti tvöfalt dýrari 1917

en 1914, og þess vegna var innflutningurinn 1917 meira en helmingi minni en 1914.

Fyrir þessa sök er mjög valt að byggja á þessum þriggja ára samanburði ('15, '16 og '17) hjá hv. frsm. (J. Þ.). Jeg hefi ritað hjá mjer ýmislegt af honum og sje, að hann gefur óljósa mynd af ástandinu á reglulegum tímum. Jeg get verið sammála hv. þm. Borgf. (P. O.) um það, að vel mætti takmarka innflutning á niðursoðinni mjólk, ef jafnframt væri sett hámarksverð á innlenda framleiðslu mjólkur, og líkt mætti fara að um fleiri varningstegundir, sem afla má innanlands. 1917 var flutt inn niðursoðin mjólk fyrir 276,000 kr., en ostur fyrir 49,000 kr., og þetta eru vissulega vörutegundir, sem landið ætti að geta veitt sjer að mestu sjálft, ef vel væri á haldið. Slíkar vörur er sjálfsagt að takmarka, þegar að sverfur.

Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) taldi stjórnina ekki eiga að nota heimildarlögin frá 8. mars, þótt þau hjeldu gildi. Til hvers eru þau þá? Af nauðsyn eru þau sett, og sú nauðsyn er ekki horfin. Þeim þarf að beita, og til þess standa þau.

Jeg hefi áður og í öðru sambandi tekið fram, að framkvæmd þeirra undanfarið hafi mistekist, einkanlega í fjarlægari landshlutum, þar sem í skjóli þeirra og skortsins vegna hefir verið okursala á ýmsum varningstegundum, af því að hámarksverð og alt eftirlit vantaði. Hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) hjelt því að vísu fram, að hömlurnar hefðu sárast bitnað á Reykjavík og nágrenninu, en það er fjarstæða tóm. Erfiðast hefir veitt um leyfi úr fjarlægum hjeruðum, og hörgull á vörunni þar komið henni í afarverð. Jeg hygg t. d., að mulinn melis hafi hvergi verið seldur næstl. sumur á 6,40 kr. kg., nema á Austurlandi, og engu var þar um að kenna nema skorti á eftirliti þess opinbera, sem stjórninni var sjálfrátt að bæta úr með hámarksverði. Sykursalan var í höndum stjórnarinnar og hún gat öllu um hana ráðið. En víti eru til varnaðar, og á þessu skeri þarf eigi að steyta aftur, þótt takmarka þurfi aðflutning.

Jeg verð að víkja nokkrum orðum að hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.), að ummælum hans um nál. og lögin frá 8. mars. Að vísu heyrði jeg ekki glögt til hans, en jeg tel mig þó hafa heyrt rjett, að hann taldi það nægja ástæðu til að beita e k k i viðskiftahömlunum, að ef þeim væri beitt, þá mundu margir missa atvinnu sína. Hann átti víst við glingursalana og smásala einkum. Jeg verð nú að segja það, að mjer hálfbnykti við að heyra þessa kenningu. Hvílík atvinna er það, sem hann talar hjer um? Prang með óþarfan eða lítt þarfan varning, sem seldur er óhófsverði og keyptur um efni fram af glysgirni og athugaleysi. Jeg verð að efast um siðferðilegan rjett til að stunda slíka atvinnu og held ekki vert að tala mikið um lögheimild fyrir henni. Já, hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) má gjarnan skrifa þessi ummæli mín hjá sjer; jeg stend við þau. Þetta, um löglegu atvinnuna, var að nokkru leyti tekið fram af hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), og það með rjettu. Það er alkunnugt, að fjöldi hraustra og vinnufærra manna hefir horfið frá heiðarlegum atvinnuháttum og tekið að versla, sumir í heildsölu, sumir í smásölu, og þessir menn eru mörgum sinnum fleiri en viðskiftaþörfin krefur. Þeir eru orðnir þjóðinni að þungri byrði, og ýmsir þeirra rjettnefndar blóðsugur, því að þjóðin verður mergsvikin, af því að mikill hluti starfhæfra manna leggur

niður störfin líkamlegu og leitar sjer viðskiftaatvinnu eða lifir af annara sveita.

Jeg geri ekki meira úr atvinnumissi þessara manna en svo, að jeg teldi það mestu „reformation“, ef nokkrir þeirra flosnuðu upp og hyrfu að heiðarlegri atvinnuháttum. Og þótt ekki fengist annað en störf fjósamanna í sveit eða kamarmokara í Reykjavík, þá tel jeg þau miklu sæmri.

Sami háttv. þm. (Ó. P.) hjelt því fram, að framhaldandi viðskiftahömlur mundu valda stórfeldri smyglun, eins og reynst hefði um bannlögin.

Þarna hefir hann nokkuð til síns máls, og vissulega hefir nokkuð að henni kveðið næstl. ár. En í slíkt má ekki horfa, það væri sama og að leggja árar í bát og gefast upp við hálfunna þraut. Með sæmilegu eftirliti á að mega fyrirgirða að mestu leyti bannaðan innflutning. Loks lagði hv. þm. (Ó. P.) stjórninni ríkt á hjarta að beita ekki ákvæðum laganna frá 8. mars, þó svo færi, að þau stæðu, en jeg vil þvert á móti brýna fyrir henni að beita þeim alvarlega, og þó með betra eftirliti en næstl. ár.

Að endingu vil jeg benda á þá framkvæmd laganna, sem mjer virðist eðlilegust. En það er að flokka allan innflutning í þrent.

Í 1. flokki ættu að vera allar nauðsynlegustu vörur, svo sem matvara, salt, kol, ljósolía, veiðarfæri o. s. frv., og engar hömlur lagðar á innflutning þeirra.

Í 2. flokki vörur, sem takmarka má, svo sem dúkavara og munaðarvara, og ætti stjórnin að leyfa takmarkaðan, en þó lítinn, innflutning á þeim.

Í 3. flokki óþarfar vörur, svo sem glysvarningur, leikföng og óhófsvara, sem að öllu væri bannað að flytja inn og jafnvel að bjóða til sölu.

Þvílíkar innflutningshömlur, með öruggu eftirliti, eru einhlítasti vegurinn út úr gjaldmiðilsskortinum.

Með þetta fyrir augum og von um framkvæmdir í þessa átt greiði jeg atkvæði með niðurfellingu bráðabirgðalaganna frá 15. apríl. n. l.

Frsm. (Jón Þorláksson): Jeg hefi ekki mikið fram að taka, því meðnefndarm. mínir hafa að nokkru leyti tekið af mjer ómakið. Jeg vissi, að hv. þm. Ak. (M. K.) var að nokkru leyti annarar skoðunar og skrifaði undir nál. með fyrirvara. Jeg ætla ekki að fara að rökræða þetta atriði hjer, en verð þó að mótmæla, að nokkur haldi því fram, að það sje allra meina bót að afnema höftin, heldur sje stigið eitt spor í áttina til að ráða fram úr þeim vandræðum, sem nú kalla brýnast að, sem er það, að tilkostnaður er svo mikill, að framleiðslan í landinu borgar sig ekki.

Viðvíkjandi afstöðu nefndarinnar til laganna frá 8. mars, og hvernig stjórnin eigi að beita þeim, langar mig til að segja, að jeg lít svo á, að þeir nefndarmenn, sem skrifað hafa undir nál. án fyrirvara, hafi þar með bundið sig til að leggja á vald stjórnarinnar, hvernig þeim væri beitt, en að hún gerði það upp á sína ábyrgð. Og jeg tel það ekki rjett, að einstakir nefndarmenn geri tilraun til, með umr., að taka ákvarðanir, er gæti losað stjórnina frá að framkvæma lögin upp á eigin ábyrgð. Úr því að þeir hafa ekki gert tillögur til deildarinnar um, að atkv. skeri úr, og engin till. hefir komið fram um að nema lögin frá 8. mars úr gildi, þá verður deildin að láta sjer lynda, að

stjórnin hagi sjer eftir bestu vitund. Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) o. fl. vildi láta það verða að samkomulagi, að lögin hjeldust fyrst um sinn, og jeg er því ekki mótfallinn, að lögin verði ekki numin úr gildi, þó jafnvel að stjórnin noti þau ekki; kringumstæðurnar geta breyst.

Viðvíkjandi því, að jeg hafi sagt, að ekki taki því að hafa innflutningshöft á glingurvarningi, þá tók jeg það fram, að ef landsmenn í raun og veru vildu eitthvað á sig leggja til gjaldeyrissparnaðar, þá lægi næst að hefta innflutning á tollskyldum óþarfa, og ef það ráð væri tekið, þá teldi jeg ekki rjett að nema þau úr gildi.

Hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) sagði, að viðskiftanefndin þyrfti að standa þar til ný reglugerð væri sett. Nefndin áleit, að stjórnin gæti samið þá reglugerð strax, eða á meðan málið væri hjer í deildum, og yrðu það þá aðeins nokkrir dagar, og geri jeg ráð fyrir, að viðskiftanefndin verði þá daga að starfa á sama grundvelli og hin fyrirhugaða reglugerð ákvæði, og ef nú er ekki von á neinu skipi frá útlöndum á næstunni, þá er sama, hvort nefndin starfar þessa fáu daga eða ekki.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) mintist á, á fundi, sem ráðherrarnir og nefndin hjeldu, að það yrði að hafa eftirlit með erlendum gjaldeyri, en viðskiftamálanefndin áleit, að það heyrði ekki undir hana, heldur peningamálanefndina, og jeg geri ráð fyrir, að ef nefndin hefði verið spurð, þá mundu hafa orðið daufar undirtektir hjá henni að flytja höftin inn á annað svið. Hann mintist einnig á, að innflutningshöft hefðu nú verið sett í Sviss, en þar stendur öðruvísi á. Það er gert til að verjast því, að inn flytjist ódýr útlendur varningur, er geti útrýmt innlendum iðnaði, og veldur þar um gengismunur landanna. En þær ástæður, sem eru fyrir hendi í Sviss, eru ekki fyrir hendi hjer.

Annars vil jeg minnast á eitt atriði, sem hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) nefndi rjettilega, að það gæti haft þýðingu, að þessi heimildarlög til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi væru fyrir hendi, því það væri gott að geta vísað til þeirra, t. d. við fjármálasamninga erlendis.

Að hægt sje að fara eins langt í því að banna innflutning eins og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) vildi, tel jeg algerlega ómögulegt, t. d. að því er snertir innflutning á niðurs. mjólk. Þetta sýnir aðeins ókunnugleika hv.þm. (Sv.Ó.). Hjer í Reykjavík er alls ekki hægt að halda lífinu í börnunum, án þessarar mjólkur. Þá eru ummæli hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) um fjölmenni kaupmannastjettarinnar. Jeg legg nú ekki mikið upp úr slíkum ummælum á meðan ekki er sýnt fram á þau með tölum. Meðan þau styðjast einungis við almennar tilfinningar manna, sem koma úr sveitum, þar sem engin verslun er, álít jeg þau að engu hafandi. (Sv. Ó.: Jeg veit það.). Þessir hv. þm. (Sv. Ó. og Þorl. G.) geta ekki vitað neitt um það, því að það eru 10 ár síðan skýrsla um það var gefin út, þangað til nú, að verið er að gera hana, en sú skýrsla hefir ekki verið birt enn.

Jeg álít óþarfa að vera að rökræða það, sem komið hefir fram í umr. hjer, að takmörkun á innflutningi skerði atvinnu manna. Sú atvinna, sem tekin hefir verið upp samkvæmt lögum þjóðarinnar, á fyllilega rjett á sjer. Þótt vandræði komi fyrir heildina, þá verður ekki úr þeim bætt með því að láta einstaka

menn gjalda þeirra, en allan almenning sleppa. Þetta er stakasta ranglæti. Jeg felli mig betur við, að þær ráðstafanir, sem gera þarf, komi við alla jafnt, skelli á gömlu þrenningunni: kaffi, tóbaki og brennivíni. Annars er það undarlegt af hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) að viðhafa jafnhörð orð um þá, er versla með þenna varning, um leið og stjórnin flytur frv. um að landið taki að sjer einkasölu einmitt á þessum varningi.

Eitt atriði er enn, sem jeg vil minnast á. Hjer liggja fyrir bráðabirgðalög, sem nefndin leggur til að verði synjað staðfestingar. En þar í liggur ekki nein ásökun til stjórnarinnar fyrir að hafa gefið lögin út. Það var viðurkent af öllum í nefndinni, að ástæður væru þá alt aðrar, er lögin voru gefin út, og að till. nefndarinnar byggist á því, að nú sjeu breyttar ástæður frá því er þá var. Mjer hefir verið bent á það af gömlum þingmanni, að rjettara hefði verið að láta dauðdaga þessa frv. verða á þann hátt að vísa því frá með rökstuddri dagskrá, því að hitt mætti skilja sem ásökun til stjórnarinnar. Þess vegna hefi jeg viljað taka þetta fram.

Ólafur Proppé: Herra forseti! Enda þótt kastað hafi verið til mín nokkrum hnútum í umræðum hjer í deildinni, þá skal jeg þó ekki tefja umræðurnar þess vegna. Það er vegna ummæla samnefndarmanns míns, háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að jeg stend upp. Það varð að samkomulagi í nefndinni að leggja á vald stjórnarinnar, hvort hún notaði lögin frá 8. mars eða ekki, en sjö af tíu nefndarmönnum voru þeirrar skoðunar, að stjórnin skyldi e k k i nota heimildina, enda þótt samþykt yrði. Háttv. þm. (J. Þ.) er 7. maður í nefndinni, sem aðhyltist þessa skoðun innan nefndarinnar, og það er því ástæðulaust nú eftir á fyrir háttv. þm. (J. Þ.) að ætla okkur öðrum nefndarmönnum að binda svo hendur okkar, að við getum ekki greitt atkv. eftir því, sem við álítum rjettast og eftir því, sem við höfum haldið fram innan nefndarinnar.

Það er nú búið að ræða þetta mál svo mikið, að vel mætti fara að ganga til atkvæða, og skal jeg því láta vera að svara þeim lítilfjörlegu hnútum, sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) hafa kastað til mín. En það, sem þeir hafa sagt um kaupmannastjettina, er af lítilli sanngirni og minna viti sprottið, og væri ef til vill sjerstök ástæða fyrir mig sem kaupsýslumann að svara því, en þar sem ummælin eru á svo lítlum rökum bygð og verslunarstjettin á hinn bóginn stendur jafnrjett uppi eftir sem áður, get jeg fyrir hönd stjettarinnar látið mjer nægja að lýsa þau „ómerk ómagaorð".

Eiríkur Einarsson: Mjer virðist niðurstaða sú, sem viðskiftamálanefndin hefir komist að í þessu máli, ekki vera svo heil sem skyldi. Þess var líka að vænta, þar sem ýmsir menn hafa þar komist að sömu niðurstöðu um þau atriði, er þeir hafa ólíkan vilja um.

Jeg vil, að heimildir handa landsstjórninni til að banna og takmarka innflutning á vörum, sbr. lög 8. mars 1920, verði feldar úr gildi, af því að þær mundu verða alveg ónógar og jafnvel þýðingarlausar. Það er mín skoðun, að annaðhvort eigi að banna innflutning á óþörfum varningi, þeim er komist verður af án, banna hann algerlega með lögákveðinni aðgreiningu, og láta það bann

ná nokkuð langt, en hinsvegar leyfa skilyrðislausan innflutning á öðru.

Áframhaldandi heimild handa landsstjórninni yrði henni einungis til ásteytingar, og síst líkur til, að hún nyti sín í þessari takmarkanastarfsemi, er vopnin eru tekin úr höndum hennar, er hún hefir þó átt kost á, samkvæmt þeim reglum, er nú skulu úr gildi numdar. Það er á það að líta, að þótt landsstjórnin hefði umrædda lagaheimild, mundi altaf geta orðið reiptog um, hvað leyft skyldi eða ekki. T. d. má gera ráð fyrir, að hjá hæstv. stjórn kæmi í ljós samskonar brjóstgæði, ef fátækur atvinnurekandi, svo sem konfekt- eða sigarettukaupmaður, ætti í hlut, eins og orðið hefir vart hjer í deildinni hjá hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.), er hann barði sjer á brjóst fyrir hönd kaupmannastjettarinnar, er kynni að verða svift atvinnu með sölubanninu. Af þessum ástæðum mun jeg, eftir því sem þessi málefni koma í ljós, greiða atkvæði mitt með því, að innflutningshömlurnar verði algerlega úr gildi numdar, eins og þær eru nú, með heimildum handa stjórninni, þangað til ekki stendur lengur steinn yfir steini í þeirri byggingu, en algert lögbann sett í staðinn.

Þeir, sem halda fram sparnaðarkenningunni, verða að sýna það í verkinu, að þeim sje alvara. Hið háa Alþingi verður að sýna það með ákvörðun sinni, að það vilji vernda þjóðina fyrir eyðslu á því, er án má vera, og spara með því gjaldeyri einstaklings og almennings. Þess vegna vildi jeg, eins og á var drepið, ekki heimila stjórninni að banna, heldur lögbanna innflutning á óþarfanum. Það mintist einhver á niðursoðna mjólk. Vil jeg í því sambandi geta þess, að framtakssamir bændur í Þjettbýlli sveit austanfjalls hafa stungið upp á því, að reyna mjólkurniðursuðu. Væri sú uppástunga verð athugunar, og í framkvæmdinni gæti hún leitt til þess, að banna mætti innflutning á mjólk, smám saman. Líkt mætti segja t. d. um ýmsar vefnaðarvörur. Gæti þar vel komið til greina algert bann, annars vegar með tilliti til þess, að í landinu eru vitanlega fyrirliggjandi miklar birgðir af þeim varningi, og hinsvegar eigum við, sem aðrar þjóðir, að kosta kapps um að vernda og auka iðnað okkar sem best verður. Stendur okkur þar næst að auka ullariðnaðinn, bæði með því, að hlynna að verksmiðjum þeim, er fyrir eru, og stofna nýjar. Flutti jeg á síðasta þingi till. til þál., þar sem skorað var á landsstjórnina að styðja sem best að framkvæmd þeirra mála. — Þessi þjóð þarf ætíð að hafa það hugfast, sem aðrar þjóðir, að velmegun hennar hlýtur mjög að byggjast á því, að hún sje bjargálna, hafa meira til aflögu en það, er hún þarfnast annarsstaðar frá. Það verða menn að hafa fyrir augum, er rætt er um verslunarhömlur og aðflutning á óþarfa varningi.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg get tekið undir margt af því, sem háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) sagði, og eins það, sem háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) sagði, um lögin 8. mars 1920, sem sje, að alt verður á huldu, ef eigi fer fram atkvgr. um þau lög. En það er aftur misskilningur, ef háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) meinar, að hægt sje að greiða atkvæði um þau lög nú, því að þau eru alls ekki á dagskrá.

Ef fara á eftir nál., þá er stjórninni alveg í sjálfsvald sett, hvort hún notar heimildina til innflutningshafta eða ekki. Mjer þykir því undarlegt, að nefndarmenn skuli allir hafa staðið hjer upp

og lýst skoðun sinni á þessu, og er langt frá, að allir sjeu þeir sammála. En ekki getur stjórnin farið eftir skoðun allra. Best væri fyrir stjórnina, að atkvgr. færi fram um l. frá 8. mars f. á. Þau heimila að takmarka eða banna innflutning á óþarfa varningi. Það varð svo ofan á að takmarka en banna ekki alveg, og held jeg, að það hafi verið rjett aðferð. En ástæðan til þess, að höftin voru látin ná til allra vara, var sú, að nefndin, sem skipuð var, taldi sjer ekki fært að hafa íhlutun með innflutningi, nema hún hefði allar vörur.

Jeg skal viðurkenna fúslega, að síðan í fyrra hafa miklar breytingar orðið, sem snerta þessar ráðstafanir. Vörur hafa fallið og kaupgeta minkað og ástæður allar breytast altaf meira og meira í það horf, að síður þarf innflutningshafta. Þess vegna get jeg ekki fallist á orð hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), að það sje undarlegt, að stjórnin skuli geta sætt sig við nál.

Frsm. nefndarinnar (J. Þ.) sagði, að óhætt væri að afnema viðskiftanefndina strax og farið væri að setja reglugerðina, ef ekki væri von á skipum. En það er hægt að panta vörur, þótt ekki sje von á skipum, og það er hart að banna þeim að flytja inn vörur, sem pantað hafa meðan á samning reglugerðarinnar stóð.

Það er rjett, að höftin í Sviss sjeu til varnar iðnaði landsins. En það er þó ekki ósvipað og hjá okkur, því við reynum að nota það af okkar eigin vöru, sem fallið hefir utanlands.

Jeg er hræddur um, að það verði fáar vörur, sem alveg er hægt að banna án undanþáguheimildar, og því verði að setja í reglugerð undanþáguheimild.

Annað er líka, sem mælir á móti aðflutningsbanni vissra vörutegunda, og það er, að farið verði í kring um ákvæðin. Úr því geri jeg þó eigi svo mikið.

Háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) nefndi niðursoðna mjólk sem dæmi upp á eina vörutegund, er komið gæti til greina að banna innflutning á. Jeg held það geti eigi komið til mála, eins og stendur; hitt væri annað mál, ef skriður kæmist á þær framkvæmdir, sem háttv. þm. (E. E.) gat um, að komið hefðu til tals austanfjalls, að sjóða niður mjólk. En þangað til er innflutningur mjólkur nauðsynlegur, því að bæði hjer og annarsstaðar í kaupstöðum og sjávarþorpum er fólk neytt til þess að nota útlenda mjólk. Vil einnig geta þess í sambandi við innlenda ullariðnaðinn, sem hann drap á, að það var með tilliti til þingsályktunar hans á síðasta þingi, að Álafoss-ullarverksmiðjunni voru lánaðar 100 þús. krónur til vjelakaupa síðastliðið ár.

Að síðustu vil jeg taka það fram, að ef þingið lætur heimildarlögin frá 8. mars 1920 haldast óbreytt, þá verður stjórnin að telja sig einungis bundna af því, sem í nefndarálitinu stendur, en ekki við tillögur eða skoðanir einstakra þingmanna, að svo miklu leyti, sem þær ekki falla saman við það.

Þorleifur Guðmundsson: Það er að eins örstutt athugasemd út af ummælum hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.). Hann sagði, að jeg hefði getað sparað mjer ummæli mín. Satt er það að vísu, að jeg gat það með því að þegja, en jeg vildi láta það í ljós, að mjer þætti nefndarálitið loðið, og því þörf fyrir stjórnina að fá að vita ákveðinn vilja þingsins.

Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagðist ekki taka til greina þau ummæli, að verslunarstjettin væri of mannmörg, nema sjer væri sýnt það með tölum, að hún

væri tiltölulega mannfleiri en verslunarstjettir annara þjóða. Jeg var nú ekkert að bera hana saman við verslunarstjettir annara þjóða, sagði að eins, að hún mundi of mannmörg, borið saman við framleiðendurna, en jafnframt er þess að gæta, að hún átti eigi að vera tiltölulega jafnfjölmenn og verslunarstjettir þeirra þjóða, sem eingöngu eða aðallega lifa á verslun, því við erum framleiðslu- en ekki verslunarþjóð. Sami háttv. þm. (J. Þ.) sagði einnig, að það væri ekki vel viðeigandi að ráðast á eina stjett þjóðfjelagsins. Þetta kann nú að vera fögur hugsjón, en það ber ekki að hlýða henni, því að ef einhver stjett er óþörf, þá á að uppræta hana. Jeg á hjer auðvitað ekki við alla kaupmenn, heldur aðeins glyssalana; handa þeim væri nóg annað þarfara að starfa, ef þeir bara fengjust til að fara út úr glysbúðunum. — Jeg er ekki að særa þá út með þessum orðum, en jeg vona, að þeir skriði út þegar sólin skín, svo að jeg taki mjer í munn ummæli, sem hæstv. forsrh. (J. M.) hafði eftir bóndanum að austan.

Þá vildi jeg svara háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) nokkru. Hann sagði, að ræða mín hefði verið nokkuð þokukend. Jeg veit nú ekki, hvernig þokan kann að vera á Vestfjörðum, en jeg þóttist svara skýrt þeim orðum hans, sem hann mælti á síðasta fundi, að glyssalarnir og smákaupprangararnir mundu verða öðrum til byrði, ef þeir mistu atvinnu sína. Jeg sagði í fyrri ræðu minni og segi enn, að það er betra að styrkja þá beinlínis en að þeir selji eintóman óþarfa. En þess þarf ekki með; þeir geta unnið. — Og þeir koma bráðum og fara að vinna, því „neyðin kennir naktri konu að spinna."

Hæstv. fjrh. (M. G.) gat þess, að sjer hefði fundist rjettara að framkvæma lögin frá 8. mars 1920 svo, að innflutningur væri takmarkaður en ekki bannaður á einstökum vörutegundum. Jeg er gagnstæðrar skoðunar, því kaupmannastjettin á örðugra aðstöðu, ef hún er í óvissu og veit eigi, hvað sjer mun leyft og hvað eigi.

Jeg vona því, sökum þess að hæstv. fjrh. (M. G.) sagðist fara eftir því, sem deildarmenn vildu, að hann fari þá helst eftir mínum vilja.

Jón Baldvinsson: Engum, sem las nefndarálitið, mun hafa blandast hugur um það, að skoðanir mundu hafa verið skiftar innan nefndarinnar. Enda var um orðalag nál. þvarg mikið, þó að menn vildu eigi kljúfa nefndina, og í raun og veru er þetta álit bæði meiri og minni hlutans. Og að minsta kosti veit jeg til þess, að bæði jeg og hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) ætluðumst ekki til, að stjórnin notaði heimildarlögin frá 8. mars, en þegar jeg heyrði hæstv. atvrh. (P. J.) taka upp skoðun 3ja minni hluta mannanna, þá mun jeg ekki skorast undan því að greiða atkvæði með afnámi heimildarlaganna frá 8. mars 1920. Jeg er þeirrar skoðunar, að lítill gjaldeyrir sparaðist, þó bannaður yrði innflutningur sárfárra vörutegunda, sjerstaklega þegar litið er til þess ástands, sem nú er, þar sem bæði gjaldþol manna er mjög lítið, kaupmenn varkárir að gera innkaup og auk þess fyrirliggjandi í landinu talsverðar birgðir af þeim vörutegundum, sem bannaðar mundu verða. Það er rjett hjá hæstv. fjrh. (M. G.), að það er erfitt fyrir stjórnina að átta sig á skiftum skoðunum deildarmanna um þetta mál, og því tel jeg rjett, að atkvgr. sje látin fara fram um

heimildarlögin frá 8. mars, því að þá er gengið hreint til verks og stjórnin leyst úr vanda.

Jakob Möller: Hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) má ekki misskilja orð mín, jeg meinti að eins, að hann hefði getað geymt ræðu sína sökum þess, að hjer lá ekki fyrir, hvort fallið skyldi frá öllum viðskiftahöftum, og því taldi jeg rjett að takmarka umræðurnar að þessu sinni og fresta öllum umræðum um innflutningshöft á óþörfum vörum. En nú hafa umræðurnar, að vísu hjá fleirum, snúist um ónauðsynlegu vörurnar, og í raun og veru mætti ganga svo frá málinu nú þegar, að því væri lokið að fullu, t. d. með því að samþykkja svohljóðandi rökstudda dagskrá:

Um leið og deildin lýsir því yfir, að hún telur rjett að afnema þegar í stað öll innflutningshöft, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá.

Ef þessi dagskrá væri samþykt, þá mundi stjórninni auðvitað eigi koma til hugar að beita heimildarlögunum frá 8. mars 1920. En sökum þess, að jeg býst við, að háttv. þingdeild þykist eigi viðbúin að greiða atkvæði um þetta nú, ber jeg hana eigi fram að þessu sinni, en leyfi mjer aftur á móti að bera fram svohljóðandi rökstudda dagskrá:

Um leið og deildin lýsir því yfir, að hún telur rjett að afnema þegar í stað öll innflutningshöft á nauðsynlegum vörutegundum, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá.

Þessi dagskrá, sem jeg hefi borið hjer fram, litur beint að því, sem hjer liggur fyrir, afnámi innflutningshafta á nauðsynlegum varningi, og er í samræmi við nál. og till. meiri hl. viðskiftamálanefndar. Verði hún samþykt, má hæstv. stjórn verða það fullljóst, að það er vilji deildarinnar, að engin takmörkun sje gerð á innflutningi vöru, sem nauðsynleg er til notkunar og án tillits til þess, hversu mikið kann að vera fyrirliggjandi af vörunni í landinu.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara mikið út í einstök atriði í ræðum háttv. þm.; þó er það eitt atriði í ræðu hæstv. fjrh. (M. G.), sem jeg vildi athuga litillega. Hann sagðist eigi geta fallist á það, að stjórnin hefði snúist í þessu máli, þó að hún nú væri annarar skoðunar í því en fyr, sökum breyttra kringumstæðna. Jeg held, að kringumstæðurnar hafi nú lítið breyst frá þingbyrjun. Þá sagði sami hæstv. ráðh. (M. G.), að nauðsyn bæri til að takmarka innflutninginn sökum gjaldeyrisskortsins. Stjórnin hefir því, held jeg, breytt nokkuð skyndilega skoðun í þessu máli, og mjer er nær að halda, að ef þingið hefði lítið öðrum augum á þetta mál, þá hefði afstaða stjórnarinnar líka verið nokkuð önnur. Hitt er ei nema eðlilegt, þó að hún kjósi að láta það líta svo út sem þessar breyttu kringumstæður sjeu eina orsökin.

Sami hæstv. ráðherra (M. G.) mintist líka á innflutningshöftin í Sviss, og taldi þau gerð í líkum tilgangi og hjer. En því fer mjög fjarri. Svisslendingar banna innflutning til þess að vernda innlendan iðnað, beinlínis til þess að bægja frá ódýrari vörum en framleiddar eru í landinu sjálfu. Hefði nú stjórnin hjer framkvæmt innflutningshömlurnar með tilliti til þess að fá þjóðina til þess að notast meir við sitt, þá mætti segja, að skyldleiki væri á millum. En það er svo langt frá því, að stjórnin hafi gert þetta, því hjer hefir ætíð verið mikið af erlendri matvöru, og skömtun ekki reynd nema á 2 vörutegundum, og sem auk þess varð þýðingarlaus.

Jeg fæ því eigi sjeð, hvað líkt er, þar sem annarsvegar, í Sviss, er bannaður innflutningur útlendrar vöru, sökum þess, hversu ódýr hún er, af því að innlendu atvinnuvegunum stafar hætta af samkepninni; hjer halda innflutningshöftin uppi dýrtíðinni svo mjög, að framleiðslan fær eigi borið sig. Verðfall erlendrar vöru er, með öðrum orðum, okkur til bjargar, en Svisslendingum hættulegt. — Jeg skil eigi samanburðinn. — Hæstv. forsrh. (J. M.) gat einnig um þessi innflutningshöft Svisslendinga. Mjer þykir sennilegt, að hann hafi einungis lesið fyrirsögnina, því ella er varla að ætla, að hann hefði varpað þessu fram.

Að svo mæltu afhendi jeg hæstv. forseta hina rökstuddu dagskrá, sem jeg las upp áðan.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) gengur út frá því, að stjórnin hafi slegið undan af „praktiskum" ástæðum, en ekki af öðrum ástæðum. En háttv. þm. (Jak. M.) getur ekki fundið þessum orðum sínum neinn stað í fjárlagaræðu minni, því að í henni stendur einmitt um innflutningshöftin, að þeim verði að halda áfram „með eða án breytinga", og það bendir til, að á það var minst, að breyta innflutningshöftunum eitthvað. Annars held jeg, að of miklar vonir sjeu bygðar á verðfallinu framvegis, og ekki trúi jeg á lága verðið, þótt innflutningshöftunum verði ljett af.

Um dagskrá háttv. þm. (Jak. M.), þá stendur mjer á sama, hvort hún er samþykt eða till. viðskiftamálanefndarinnar. Þó má segja, að með því að samþykkja dagskrána sje farið enn vægilegar að stjórninni, og ber líklega að taka þetta þannig, að háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sje nú að verða einn af stuðningsmönnum stjórnarinnar.

Jakob Möller: Að eins örstutt athugasemd til að bera af mjer ámælið. Það hefir áður verið tekið fram, að þótt frv. yrði felt, þá felist í því engin ásökun til stjórnarinnar, svo því er eigi hægt að segja, að vægilegar væri með stjórnina farið, þó dagskráin yrði samþykt. En það, sem fyrir mjer vakti, var það, að dagskráin kveður skýrar á um það en nefndarálitið, að takmarkanir eða bann á innflutningi megi framvegis að eins ná til ónauðsynlegra vörutegunda.

Magnús Kristjánsson: Það eru aðallega tveir háttv. þm., sem hafa gefið mjer tilefni til að standa upp. Háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) sagði, að jeg hefði gengið frá fyrri skoðun minni, og hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) talaði um, að það hefði verið óheilbrigt af mjer, að hafa ekki klofið nefndina. Þessi ummæli háttv. þm. eru töluð hreint og beint út í bláinn. Háttv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) ætti að vera kunnugt um, að jeg hefi aldrei gengið frá skoðun minni í nefndinni. Að illa tókst, má mikið kenna því, að nefndin var óheppilega skipuð, þar sem helmingur var með og helmingur móti, og sjerstaklega af því, að Ed.-nefndin var engu betri og hafði því, að mínu áliti, ekki bætandi áhrif á málið. Þó hafa sumir reynt að hafa sem best áhrif, og einmitt þess vegna verður ekki eins mikið tjón af ákvörðunum þingsins og ella hefði orðið.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) er óvanur þingstörfum, og jeg vona, að það stafi af því, ef hann heldur að það sje góður þingsiður að kljúfa nefndir strax

og einhver ágreiningur verður. Sjerstaklega væri slíkt óheyrilegt á þingi eins og þessu, þar sem má segja, að skoðanirnar sjeu eins margar og mennirnir. Miklu fremur er nauðsynlegt, að menn í lengstu lög reyni að sætta sig við ýmislegt og komast að einhverri sameiginlegri niðurstöðu.

Þó jeg hafi margsinnis gert það, þá vil jeg enn einu sinni taka fram ástæðurnar fyrir því, að jeg áleit ekki kominn tíma til þess að afnema viðskiftahöftin.

Eins og öllum er kunnugt, er gjaldeyrir landsins mjög takmarkaður, og því langt frá að hann sje handbær eftir þörfum. Til þess að bæta úr því, er í rauninni að eins einn vegur, að minka það, sem til er í landinu, og kaupin frá útlöndum. Það er því varhugavert að afnema viðskiftahöftin. Þegar öllu verður slept lausu, má búast við að sumir kaupsýslumenn gangi langt í að útvega vörur. Sumum mun þó ganga illa að fá fje til þess að greiða þær. En þá kemur annað þeim til hjálpar. Margir kaupsýslum. erlendis liggja með geysibirgðir og mundu vera fúsir á að veita gjaldfrest, til þess að losna við vörur sínar. Þegar svo þeirra tími er kominn, fara þeir til viðskiftabanka síns í útlöndum og biðja hann að innheimta kröfurnar. Viðskiftabankar þeirra snúa sjer síðan til þeirra banka erlendis, sem standa í sambandi við bankana hjer. Síðan koma tilmæli til bankanna hjer, um að innheimta kröfurnar. Þeir eiga erfitt með að neita því; mega búast við, að það verði tekið illa upp fyrir þeim. Þeir geta kann ske lofað að innheimta, en flytja ekki út fjeð. En af því geta orðið talsverð óþægindi. Þegar útlendu bankarnir fá ekki fje sitt, má búast við að þeir snúi sjer til ríkisstjórnar í sínu landi og biðji hana að skerast í leikinn. Stjórnirnar senda svo hingað fyrirspurn um, hvernig standi á því, að þegnar þeirra fá ekki fje sitt greitt. Þá er komið að því, sem kallað er „Svindel" á útlendu máli. Þegar svo er komið, rýrist álit og tiltrú, ekki að eins einstakra manna og banka, heldur einnig ríkisins.

Þessi gangur málsins er sá, sem menn verða að gera sjer ljósan. Þá sæu allir, að því meira sem inn er flutt af útlendum vörum, því meiri líkur fyrir því, að landið verði fjárþrota og missi lánstraust sitt. Og jeg er viss um það, að ef viðskiftahöftunum væri haldið til næstu áramóta, mundi ástandið orðið breytt til stórra bóta. En því miður eru engar horfur á því.

Jeg ætla ekki að taka aftur til máls. Vil þó að endingu beina örfáum orðum til hv. 2. þm. Reykv. (J. B.). Jeg verð að segja, að mjer kemur undarlega fyrir sjónir framkoma hans nú. Jeg hafði búist við henni annari. Hann gat þess nýlega, að hann teldi viðskiftahöftin tilgangslaus, vegna þess, að landsmenn myndu fara í kringum þau og flytja inn vörur óleyfilega. Jeg get ekki sjeð annað en þetta sje hreinasta vantraust á þjóðina. Jeg get alls ekki fallist á, að landslýðurinn sje svo ólöghlýðinn og spiltur, að það sje tilgangslaust að setja honum lög og reglur. — Jeg vil mótmæla slíkum ummælum harðlega, frá hverjum sem þau koma. Háttv. þm. (J. B.) sagði, að sjer væri næst skapi að greiða atkv. með því, að lögin frá 8. mars 1920 væru feld úr gildi. Jeg skal að vísu geta þess, að hæstv. fjrh. (M. G.) gaf nokkuð tilefni til þess með orðum sínum. En jeg er honum alls ekki sammála um það. Jeg álít, að þau lög eigi ekki að koma til atkv. nú.

Þessi framkoma hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) verður hálfkynleg, þegar hún er borin saman við stefnuskrá þá, sem hann var kosinn upp á. Ýms ummæli hans eru í algerðu ósamræmi við þá skoðun, sem jeg álít að hann ætti að hafa samkvæmt stefnuskránni. Jeg hjelt ekki, að það væri h a n s skoðun, að rjett væri að útiloka öll opinber afskifti af framferði einstaklinga í landinu. Jeg hjelt einmitt, að það væri á stefnuskrá þess flokks, sem hv. þm. (J. B.) telst til, og sem studdi hann til þings, að styðja stjórnina til allra þeirra ráðstafana, sem geta leitt til almennrar farsældar, og þá ekki síst til þess að hindra skaðvænar ráðstafanir einstakra manna.

Jón Baldvinsson: Hv. þm. Ak. (M. K.) segir, að það geti ekki samrýmst stefnu minni, að vera á móti áframhaldandi viðskiftahöftum. Ef háttv. þm. (M. K.) á þar við stefnu jafnaðarmanna, þá hefir hann ekki skilið hana rjett vel, því það er alls ekki á stefnuskrá jafnaðarmanna, að leggja alla vöruúthlutun undir landsstjórnina, til þess að útbýta á meðal vina sinna. Jeg get heldur ekki fallist á það, en ef um það væri að ræða, að láta ríkið taka að sjer sölu á svokölluðum óþarfavarningi, þá mundi jeg geta verið honum sammála um það.

Frsm. (Jón Þorláksson): Þegar nefndin gerði þá till. sína, að leggja það á vald stjórnarinnar, hvort hún noti heimild laganna frá 8. mars 1920, þá var nefndinni kunnugt um, að stjórnin var ákveðin, eða sem næst ákveðin, í að nota heimildina, ef það yrði lagt á hennar vald, og geta nefndarmenn því ekki haldið því fram, að þeir hafi lagt þetta á vald stjórnarinnar í því trausti, að hún notaði heimildina e k k i, eins og mjer skildist hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) segja, að hann hefði gert.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil geta þess, að hjer er í rauninni ekki annað til umr. en það, hvort eigi að nema úr gildi bráðabirgðalögin frá 15. apríl. Allar aðrar ráðstafanir, t. d. hvort eigi að afnema lögin frá 8. mars 1920, og setja reglugerð í staðinn, um bann gegn innflutningi á óþörfum vörum, eiga að bíða seinni tíma. Samt skal jeg geta þess, að jeg gæti ekki greitt atkv. með afnámi l. frá 8. mars 1920, nema eitthvað kæmi í staðinn, sem gæfi heimild til að banna innflutning á óþörfum vörum. Jeg er alveg sannfærður um það, að innfluttur óþarfavarningur árin 1918, 1919 og 1920 er margfalt meiri heldur en verslunarskýrslur fyrir árið 1917 sýna, að flutt hafi verið inn það ár. 1917 var afarerfitt að ná í vörur og menn höfðu yfirleitt ekki jafngóð efni og seinni árin. Jeg er því sannfærður um, að innflutningur á óþarfa hefir verið mörgum, mörgum sinnum meiri 1918—20; jafnvel skift miljónum króna árlega.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) benti á, að það mætti takmarka innflutning á niðursoðinni mjólk. Jeg vil algerlega taka undir þau andmæli, sem komið hafa fram gegn því. Neysla þessarar mjólkur er orðin svo almenn í kaupstöðum, að það má telja hana til nauðsynjavöru.

Það, sem mjer finst stinga einna óþægilegast í augun, er ýmiskonar brauðvara. Jafnvel 1917 er keypt af henni fyrir 200 000 kr. Samt er nytsemi þessarar vöru sáralitið; þvert á móti er hún að mestu argasti óþarfi.

Jeg er líka sammála þeim mönnum, sem segja, að verslunarstjettin sje alt

of mannmörg. Jeg er viss um, að ef þeir reikningar væru gerðir upp á hagfræðilegan hátt, mundi það sýna sig, að þar mætti spara hundruð þúsunda.

Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji bera verslunarstjettinni nokkuð ósæmilegt á brýn. Það er fjarri mjer. En það er alkunna, að margir smásalar lifa góðu lífi af því að selja ónauðsynlegan varning í búðarkytrum, og hafa þó örlítil viðskifti. Og það er alveg ótrúlegt, hvað miklar tekjur þeir virðast hafa af slíkri viðskiftaatvinnu. En hin háttrómaða frjálsa samkepni hefir ekki notið sín í allri þessari ringulreið. Hún hefir spilst. Í stað þess að halda niðri vöruverðinu, hafa menn reynt að halda því uppi, til þess að geta flotið, þrátt fyrir litla viðskiftaveltu. Úr þessu óheilbrigða ástandi verður að bæta, og það með einu „radikölu“ aðferðinni, sem til er, að búa svo um hnútana, að menn geti ekki þrifist við slíkt óþarfavarningssölubrask.

Sumir vilja gera lítið úr sparnaðinum. Velmegun þessarar þjóðar hefir þó hingað til bygst á sparsemi, samfara iðjusemi og dugnaði, og þannig mun það verða í framtíðinni. Nú eru þeir dagar að líkindum taldir, sem hægt var að grípa upp stórfje með litlu ómaki. Hv. 1. þm. Árn. (E. E.) nefndi ullariðnaðinn. Að mínu áliti væri peningum vorum betur varið í innlendan ullariðnað heldur en til þess að kaupa bráðónýtan, útlendan fatnað. Það væri ekki vanþörf á að gera lík samtök um land alt um stofnun ullariðnaðarfyrirtækja og gerð voru, þegar Eimskipafjelag Íslands var stofnað. Við fleygjum besta efninu, ullinni, út úr landinu, fyrir sárlítið verð, en kaupum í staðinn rándýr og ónýt, útlend efni.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. Reykv. (Jak. M.) feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. H., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., M. J., M. P., Ó. P., P. Þ., Þorst. J., B. Sv.

nei: E. Þ., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. K., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J.

Einn þm. (P. J.) fjarstaddur.

1. gr. frv. **feld** með 22 shlj. atkv.

B. Þingmannafrumvörp.

1. Skifting Ísafjarðarprestakalls.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 28. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um skifting Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll (A. 69).

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Jeg geri ráð fyrir, að það sje betra, að flutningsmennirnir láti nokkur orð fylgja þessu frv. Skal þó ekki vera langorður, því jeg hefi á tveim þingum áður flutt þetta frv., og fært þar fram þær ástæður, sem til þess liggja, að frv. er fram komið. Þessar ástæður eru enn fyrir hendi og eru teknar fram í greinargerð frv. sjálfs.

Það hefir viljað brenna við á undanförnum þingum, að háttv. þm. hafa freistast til að ætla, að jeg taki munninn nokkuð fullan, þegar jeg hefi verið að lýsa staðháttum á Vesturlandi. Þetta er mjög eðlilegt. Því lýsi maður rjett staðháttum á Vestfjörðum, þá stingur sú lýsing mjög í stúf við staðháttalýsingu í öðrum fjórðungum landsins. Erfiðleikar og kostnaður þar, vegna staðhátta, er ekki saman berandi við aðra fjórðunga landsins.

Það er engin von til þess, að alókunnugir menn, sem vanir eru að hleypa skeiðfráum hesti yfir grund, geti gert sjer þessa grein, nje heldur þeir dæmt um sjóferðir þar vestra, sem sjálfir hafa aldrei á sjó komið.

Öll ferðalög eru þar með öðru móti en víðast hvar annarsstaðar. Fæturnir eru fararskjótar ferðamannsins á landi, en báturinn á sjónum. Er þar sjór dutlungasamari en annarsstaðar, vegna bylja og kastvinda ofan af fjöllunum. Þetta hefi jeg sjálfur reynt í 40 ár, svo vel mætti háttv. deild trúa orðum mínum. Og nú vill enn fremur svo vel til, að jeg er hjer ekki einn til frásagna um þessi mál. Nú eru hjer tveir hv. þm. í deildinni, sem bæði geta og munu vera fúsir til að sanna mál mitt.

Á jeg þar við háttv. meðflutningsmann minn, þm. Ísaf. (J. A. J.), sem þar er borinn og barnfæddur, og háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.), sem verið hefir sóknarprestur Ísafjarðarprestakalls. Veit jeg að þessa menn báða skortir hvorki þekking nje vilja til þess að taka sanngjarnlega í málið.

Það mun ef til vill verða vitnað til þeirrar reynslu, að prestar á Ísafirði hafi dvalið þar langdvölum, og frá því sjónarmiði verða álitið, að ekki sje eins örðugt eða torvelt að þjóna þessu prestakalli eins og af er látið.

En aðstaðan hefir breyst mjög á síð-

ustu árum, og jeg vil geta þess, að mjer er nær að halda, að þeir prestar, sem verið hafa á Ísafirði tugum ára saman, mundu heldur ekki hafa orðið mosavaxnir þar, ef þeir hefðu átt að stríða við — jeg vil segja — helming þeirra örðugleika, sem nú eru orðnir á prestsþjónustu í því prestakalli.

Það er tekið fram í aths. við frv. hve erfiðleikarnir hafa breyst, en jeg vildi þó gera nokkuð nánar grein fyrir því.

Hólskirkja hefir verið þriðjungakirkja við Ísafjarðarkirkju um langan aldur. Gátu prestar áður, er þeir fóru á annexíuna, oft notað bátsferðir, sem þá voru mjög tíðar. Þá var engin verslun í Bolungarvík, og þurftu hreppsbúar að sækja allar nauðsynjar sínar í Ísafjörð. Voru því oft daglegar ferðir þar á milli, þegar ekki gaf á sjó. Þetta ljetti mikið með prestunum, að þeir gátu notað þessar ferðir, enda kostuðu þær sama og ekki neitt.

Eftir því, sem jeg veit best til, munu nú vera í Bolungarvík 4—5 verslanir, og munu þær fullnægja verslunarþörfum hreppsbúa, svo að engin þörf er fyrir þá að sækja nauðsynjar sínar á Ísafjörð, enda eru allar sjóferðir orðnar svo dýrar, að Bolvíkingar fara ekki á Ísafjörð, nema þeir bráðnauðsynlega þurfi.

Þar sem ferðir eru svo strjálar og dýrar, er það ofvaxið prestum að borga kostnað við þær af launum þeim, sem þeim eru ætluð.

Ef presturinn fer á landi, þarf hann að borga fylgdarmanni 40—50 krónur fyrir ferðina. Mun það ekki talið mikið, þar sem hann þarf að bíða frá laugardegi til sunnudagskvölds, og stundum til mánudags.

Þó maður líti ekki á annað en að presturinn geti gengið Óshlíð, þá verður það um 800—1000 kr. á ári, sem hann þarf að borga, og mikið meira, ef hann þarf að kaupa mótorbát, sem ekki kostar minna en 100—120 kr. báðar leiðir.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í þessar ástæður fyrir frv., eða lengja tímann með að lesa þær upp. Jeg veit, að háttv. deildarmenn, hvort þeir eru með eða móti, munu hafa kynt sjer þær.

Jeg vil þó drepa nokkuð á almennar athugasemdir um málið.

Í seinni tíð hefir ekki borið svo lítið á þeim hugsunarhætti hjá þjóðinni, að það skifti ekki miklu, hvort prestar geti rækt köllun sína eða gegnt skylduverkum sínum nokkurnveginn sómasamlega.

Sá mikli mentunarstraumur, sem nú flæðir yfir sveitir landsins, gengur sumstaðar í þá átt að skola burtu prestunum, sem „inutile pondus terræ“, eða gagnslitlum gripum á þessari upplýstu öld.

En söfnuðirnir líta öðruvísi á þetta mál. Brauðasamsteypurnar hafa, svo að segja, svift marga þeirra prestsþjónustu, að því leyti, hvað erfitt er að ná til presta. Ýmigustur sá, sem söfnuðirnir úti um sveitirnar hafa á brauðasamsteypunum, lýsir sjer í hinum mörgu óskum og áskorunum til þingsins um að sundra því, sem hefir verið sameinað. Söfnuðirnir láta sjer heldur ekki í ljettu rúmi liggja, hvað þeir gjalda til prests, eða hvert það gjald rennur, því að auðvitað er söfnuðunum ekki sama, hvort þeir enga eða litla prestsþjónustu fá.

Hjer er líka að líta á mikilsvert atriði frá þingsins hálfu.

Það hafa verið gerðar margar tilraunir til að reyra kirkjuna fastar við ríkið. Kirkjan er hreint og beint orðinn skjólstæðingur ríkisins. Það hefir með

höndum öll fjármál hennar og getur skamtað henni úr hnefa. Jeg ætla þó ekki að lasta þingið fyrir meðferð þess á málum kirkjunnar, því að það hefir oft sýnt mikla rjettsýni og sanngirni í þeim efnum. En þetta leggur ríkinu því meiri skyldur á herðar, þar sem það er fjárhaldsmaður kirkjunnar. Og það er ekki góður fjárhaldsmaður, ef hann ekki lítur á hagsmuni og þarfir skjólstæðingsins.

Það eru tálvonir fyrir hinu háa Alþingi, að ætla að kveða niður þær óskir og áskoranir frá söfnuðum landsins um aukna prestsþjónustu, sem því berast, og með því smátt og smátt losast við þær. Það sannast, að hversu oft, sem þingið neitar eða synjar að verða við þeim, að þá mun það ekki losna við þær, en söfnuðirnir láta í ljós rjettmæta óánægju sína út af því, að þeim finst rjettur sinn fyrir borð borinn.

Þetta mál er líka þannig vaxið, að þinginu er í lófa lagið að haga sjer í því eftir því, sem efni og ástæður ríkissjóðs leyfa, en vorkunarlaust að meta óskirnar eftir nauðsyninni, og líta með sanngirni á þörfina. Ef gera þarf breytingu á prestaskipun landsins, þá er það ekki nema eðlilegt og í alla staði sanngjarnt að líta fyrst á það, hvar nauðsynin er mest, og halda síðan áfram á þeirri braut, um prestaskipunina. Vitanlega er það um alt land, að flestar samsteypurnar eru mjög óvinsælar hjá söfnuðunum, sem þar eiga hlut að máli.

En ef þær óskir, sem koma frá söfnuðunum, ekki geta talist sanngjarnar, þá er þinginu innan handar að taka þær ekki til greina, og haga sjer þar eftir. Jeg játa það, að það getur verið óþægilegt fyrir þingmenn að koma með svona frv., ef ekki fylgir þeim sparnaður, en hinsvegar álít jeg sjálfsagt að taka til greina rjettmætar óskir, og ekki rjettlátt, að þingmenn synji kröfum safnaðanna, þó nokkur kostnaður fylgi þeim.

Að því er snertir þessa skiftingu, þá vill svo til, að kostnaðarauki fyrir ríkið verður svo lítill, að hann ætti ekki að standa fyrir því, að frv. næði fram að ganga.

Íbúarnir í prestakallinu munu hátt á 4. þúsund, eða 3783 síðastliðið ár. Með núverandi sóknargjöldum munu þau nema 3800 kr., og auk þess eru heimatekjur töluverðar af Hólssókn, t. d. um 200 króna prestsmötugjald, og miklu hærri upphæðir í heimasókninni. Svo alls mun það verða um eða yfir 5000 krónur, sem prestakallið greiðir í prestlaunasjóð. Það er því ekki nema í alla staði eðlilegt, að menn mæni eftir krónunni, sem þeir borga í hann til að launa öðrum prestum í þeim köllum, sem eru miklu hægari en þeirra, þegar þá sjálfa skortir viðunanlega prestsþjónustu.

Verði sóknargjöldin hækkuð, mun þessi upphæð hækka svo, að ekki mun miklu þurfa við að bæta, að dugi til að launa tveim prestum í hæsta launaflokki. Munu þau og enn hækka eftir því, sem mannfjöldinn vex, en það leiðir af sjálfu sjer, ef marka má af því, að fólksfjöldinn hefir hjer um bil áttfaldast í prestakallinu, og þar af fjórfaldast í Hólshreppi. Prestakallið er nú orðið eitt með fólksflestu prestaköllum á landinu, svo að ekki munu nema 12—13 prestaköll, sem eru mannfleiri en Hólsprestakall yrði.

Jeg skal svo ekki þreyta háttv. deild á lengri ræðu, en vísa frv. til athugunar háttv. þm., og vona að hv. deild líti á hinar erfiðu ástæður safnaðanna og sóknarprestsins í þessu prestakalli, með-

an það er óskift, og nauðsynina á skiftingunni.

Magnús Jónsson: Af því, að háttv. flm. beindi máli sínu til mín, vil jeg ekki skorast undan að gefa þær vísbendingar í málinu, sem mættu verða því að liði hjer í þessari háttv. deild, einkum vegna þess, að meðferð málsins, þegar það hefir verið hjer á döfinni undanfarið, sýnist benda til þess, að háttv. þm. hafi ekki meir en svo trúað þeim, sem málið hafa flutt, og litið á meðmæli þeirra eins og einhverskonar kjördæmisreipdrátt frá þeirra hendi.

Vegna kunnugleika míns, þá get jeg borið það, að þær ástæður, sem tilfærðar hafa verið með frv. og háttv. flm. talaði um, eru í alla staði sannar og óýktar; það veit jeg af eigin reynslu, því að jeg þjónaði þessu prestakalli dálítinn tíma. Og þó veit jeg, að erfiðleikarnir hafa heldur aukist síðan jeg var þar vestra, eða farið í vöxt heldur en minkað. Bæði hafa ýmsir örðugleikar vaxið, og svo er jeg, ef svo mætti segja, svo heppinn, að þann tíma, sem jeg þjónaði þar, var fríkirkjusöfnuður í Bolungarvík, og dró það úr störfum sóknarprestsins á Ísafirði þann tíma.

Mjer er það ljóst, að síðan tekið var að steypa saman prestaköllum, hefir það víða valdið mikilli óánægju, og annexíur eru víða svo erfiðar, að ef sinna ætti öllu slíku, mundi það ógerningur. En hjer stendur í rauninni alveg sjerstaklega á. Fyrst er nú það, að þó að annexíur sjeu víða erfiðar, þá munu þær ekki víða vera lakari heldur en þessi. Þó að vegalengdir sjeu víða miklar, þá mun þó víðast greitt yfirferðar á landi. T. d. sagði einn maður, sem kunnugur var fyrir norðan, við mig, að hann vildi heldur vera prestur í hálfri Húnavatnssýslu en hafa Bolungarvík eina fyrir annexíu frá Ísafirði, þar sem menn oft og tíðum verða að bíða langan tíma eða fara mjög hættulegar ferðir. Leiðin á annexíuna er svo ill yfirferðar, að það er ekki hægt að ætlast til, að prestar fari hana stöðugt, nema þeir sjeu ungir og heilsuhraustir. Enda mun landleiðin nú ekki berandi saman við það, sem hún áður var. Eftir því, sem mjer var sagt, var haldið við vegi með því að ryðja hann árlega, svo að hann varð nokkurnveginn fær. En nú mun búið að leggja það niður, og breyttir tímar og hugsunarháttur, og kannske líka tómlæti, hafa valdið því, að menn hafa trjenast upp á því. Og það er ekki um aðra leið að velja eða sjóinn. En hann er, eins og kunnugir menn vita, harla óviss þeim, sem þurfa að fara milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur á ákveðnum, fastsettum tímum, og landleiðin þá oft og einatt bráðhættuleg og illfær, nema berserkjum.

Og ef nú Bolungarvík yrði gerð að viðkomustöð strandferðaskipanna, þá hyrfi enn meir þörfin á að sækja til Ísafjarðar, og mundi því enn versna um ferðir þar í milli.

Enn ein ástæða til þess að losa Ísafjarðarprestakall við Hólssókn er sú, að full þörf er orðin á því að gera Hnífsdal að annexíu. Þar eru nú yfir 400 manns. Og þó að ekki sje nema þriggja stundarfjórðunga gangur, þá er það allskostar óviðunandi, að jafnfjölment kauptún þurfi að sækja kirkju svo langa leið, því að þeir, sem helst vildu sækja kirkju, geta ekki sótt til Ísafjarðar, það sem er gamalt og farlama fólk, og það sem ekki vegna heimilisástæðna getur farið svo langt frá heimilinu. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg viti um neina sjerstaka hreyfingu í þessa átt, en jeg

þekki af eigin reynslu, að þessa er full þörf. Yrði þá Hnífsdalur þriðjungakirkja, í stað Hólskirkju.

Þó Bolungarvík væri tekin frá prestakallinu, mundi Ísafjarðarprestakall samt verða fjölmennasta prestakallið utan Reykjavíkur, eða það yrðu áhöld um það og Akureyri. Það eru ekki aðallega erfiðleikarnir, heldur einmitt þessi mikli mannfjöldi, sem í mínum augum gerir kröfuna um að skifta þessu prestakalli sundur miklu þyngri á metunum en aðrar svipaðar kröfur. Hjer er ekki um fámennan annexíusöfnuð að ræða, heldur eitt af fjölmennustu kauptúnum landsins, svo að sú sókn ein mundi verða allofarlega meðal prestakalla landsins, hvað fólksfjölda snertir. Og auk þess á nú að þjóna henni frá annari sókn, sem, eins og áður er sagt, mundi verða annað fólksflesta prestakall landsins. Hjer er því um alveg sjerstakt tilfelli að ræða. Þegar svo ofan á þetta bætist, að annexíuvegurinn er bæði illur og oft og einatt lokaður tímum saman, þá má sjá, hve mikil nauðsyn er á að fá þessu kipt í lag.

Jeg fann oft til þess, þegar jeg var þar, að jeg hefði þurft að dvelja um tíma í Bolungarvík, bæði við húsvitjanir, undirbúning barna undir fermingu og til að kynnast fólki. En þá stóðu á mjer óteljandi járn frá Ísafirði, því að störfin kölluðu þá að þar. Það er líka ærið nóg verkefni fyrir prest þar, og því sjerstök ástæða til að skifta þessum prestaköllum, því að það er ofvaxið einum presti að sinna tveim jafnfjölmennum prestaköllum.

Háttv. flm. (S. St.) gat um fjárhagshlið málsins. Þá var þar ekki svo lítill óánægja yfir þessum gjöldum til prestlaunasjóðs, er svo gengju til annara presta.

Öll borguð sóknargjöld urðu um 3700 kr., og mun það hafa látið nærri, að Ísafjarðarprestakallið borgaði með þessu öllum prestum prófastsdæmisins. Yfir þessu var ekki svo lítil óánægja.

Það er nú ekki heldur svo sem söfnuðirnir standi varnarlausir gegn Alþingi. Þeir eiga nefnilega þann kost að ganga úr þjóðkirkjunni og setja á stofn fríkirkju, og halda með þeim hætti sóknargjöldunum heima hjá sjer.

Þá getur söfnuðurinn launað sinn prest sæmilega, valið hann og haldið honum, ef honum líkar við hann. Þessi vegur stendur þeim altaf opinn. Ef kostnaður yrði við skiftinguna, þá mundi það verða enn greinilegri kostnaður, ef ekkert kæmi í prestlaunasjóðinn úr þessari fjölmennu sókn, og gæti því orðið kostnaður úr sparnaði.

Jeg hefi ekki verið beðinn fyrir neina hótun í þessa átt, en af því að háttv. flm. (S. St.) vitnaði til mín um þetta prestakall, og jeg veit, hve mikil þörf er á því að Hólshreppur verði sjerstakt prestakall, vildi jeg mæla með því, að þetta frv. næði fram að ganga. Það er ekki svo, að þetta mál hafi ekki fengið nógan undirbúning. Það hefir verið lagt bæði fyrir synodus, hjeraðsfund og biskup, og fengið meðmæli þaðan, og kemur nú til þingsins kasta, hvort það muni sinna þessum málaleitunum.

Þorleifur Jónsson: Jeg hefi ekki tekið eftir því, að nokkur uppástunga hafi komið fram um að vísa máli þessu til nefndar, en þar sem fleiri slík mál eru á döfinni, finst mjer rjettast, að það sje athugað af nefnd. Það er því uppástunga mín, að þessu og öðrum slíkum málum verði vísað til allsherjarnefndar. Háttv. flm. (S. St.) á þar líka sæti, og málinu því ekki síður borgið þar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 16 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., laugardaginn 19. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 69, n. 149 og 160).

Frsm. meiri hl. (Þjetur Ottesen): Fyrir hönd meiri hl. allsherjarnefndar vil jeg hjer gera þess grein, hvers vegna hann hefir ekki sjeð sjer fært að mæla með framgangi þessa máls. Að vísu er það kunnugra en frá þurfi að segja, hverjum örðugleikum landshættir og strjálbýli valda um allar samgöngur hjer á landi. Þess vegna er það ekki nema eðlilegt, að á ýmsan hátt komi fram kvartanir frá þeim, sem ekki þykjast njóta jafnrjettis við aðra, um hlunnindi eða fjárframlög frá ríkinu, í heilbrigðismálum, kirkjumálum, verklegum framkvæmdum eða hverju öðru sem er. En eins og það er eðlilegt, að þessar kvartanir komi fram, er það í rauninni líka eðlilegt, vegna staðhátta og ýmsra annara ástæðna, að allir geti ekki notið sömu aðstöðu, allra helst þar sem þessi hlunnindi hljóta að takmarkast af því, sem ríkissjóður getur lagt fram, því augljóst er það, að ekki muni vera takmarkalaust gjaldþol einna 90 þús. manna. Það ætti því að vera mönnum ljóst, að undir slíkum kringumstæðum verði að slá allmiklu af kröfum einstaklinga og sýslna, — jafnvel af því, sem þær annars þættust eiga sanngirniskröfu til.

En eins og nokkuð er tekið fram í nál., hefir meiri hl. allsherjarnefndar litið svo á, að með endurbótum fræðslufyrirkomulags okkar hafi starfssvið presta að ýmsu leyti verið gert þrengra og auðveldara en áður var, þar sem svo er litið á, að af þeim sje að mestu leyti ljett eftirlitinu með alþýðufræðslunni, að fráskildum undirbúningnum í kristnum fræðum undir fermingu. En af þessu ætti einnig að leiða það, að prestum gæfist nú meiri tími en áður til að gegna þeim svo nefndu eiginlegu prestsverkum, og geti því betur uppfylt þarfir fólksfleiri prestakalla en áður, og á þessu á þjóðin líka heimtingu. Enn fremur má líka benda á það, að prestarnir njóta nú í rauninni allmikillar aðstoðar í starfi sínu, þar sem er aukin fræðsla í landinu og þau hollu og siðbætandi áhrif, sem það ætti að hafa. Auk þess er fólki nú, betur en áður, gefinn kostur á því að eiga aðgang að ýmsum andlegum bókmentum, ekki einasta þeim guðfræðiritum, sem gefin eru út á okkar máli, heldur einnig erlendum guðfræðiritum, við sívaxandi tungumálaþekkingu. Auðvitað dettur mjer það ekki í hug, að þessi breyting geri prestastjettina óþarfa með öllu; en starfssvið þeirra getur stórum aukist.

Meiri hl. getur ekki fallist á það, að fólksfjöldinn einn, út af fyrir sig, sje nægileg ástæða til þess að skifta prestaköllum. Prestum ætti ekki að vera ofætlun að þjóna ekki mannfleira kalli en hjer er um að ræða, ef aðrar ástæður hömluðu ekki. Má í þessu sambandi minna á það, að í Reykjavík eru undir 18 þúsund, en aðeins 3 þjónandi prestar. Hinsvegar hefir hv. flm. (S. St.)

haldið því fram, að það væri svo miklum torveldleikum bundið að þjóna Ísafirði og Bolungarvík saman, að skifta yrði þess vegna. — Það er náttúrlega nokkuð hæft í því, að þetta geti verið nokkrum erfiðleikum bundið, en þó ekki svo mjög, sem látið hefir verið í veðri vaka, eftir upplýsingum, sem meiri hl. nefndarinnar hefir fengið um þetta, og komnar eru frá mjög kunnugum og áreiðanlegum manni, utan þings. Og því neita jeg ekki, að landleiðin er allerfið, og stundum ekki hættulaust að ferðast þar um slóðir. En það er svo um svo margar leiðir hjer á landi, og þótt fjölfarnar sjeu, að það er ýmsum erfiðleikum bundið að fara þær, svo það er alls ekkert einsdæmi, hvað þessa leið snertir, eða um neina undantekningu að ræða.

Og eftir þeim upplýsingum að dæma, sem þessi kunnugi maður hefir gefið okkur (S. St.: Hver er þessi kunnugi maður?), þá er sú landleið, sem hjer er um að ræða, ekki eins mikill þröskuldur fyrir prestinn á Ísafirði eins og hv. flm. (S. St.) heldur fram. Því er heldur ekki, sem betur fer, þannig varið, að ekki sje hægt að komast þetta öðruvísi en landveg. Það er miklu oftar, sem sjóleiðin er notuð, enda er það aðeins rúm klukkutímaferð á mótorbát. En auðvitað er sjóleiðin stopul, og eins með þessa sjóferð eins og svo margar aðrar, að stundum þarf að bíða byrjar, en þegar vel viðrar, eru þarna góðar og greiðar samgöngur. Þessi leið var líka farin mikið áður, og þó eitthvað kunni að vera hæft í því, að samgöngur á sjó hafi eitthvað minkað milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur upp á síðkastið við það, að verslun hefir aukist í Bolungarvík, þá haldast þó uppi enn allmiklar samgöngur þar í milli.

Þá hefir hv. flm. (S. St.) haldið því fram, bæði í ástæðunum fyrir frv. og við 1. umr. málsins, að færi presturinn landveg á annexíuna, kostaði hver ferð 40—50 kr., en færi hann sjóveg, þá mundi það kosta 100—120 kr. Þessi kostnaður byggist víst á því, að presturinn kaupi fylgdarmann báðar leiðir, fari hann landveg, en vjelbát til að flytja sig sjóleiðina. Það er auðvitað altaf hægt að slá fram svona tölum, og máske hægt að færa þess nokkur rök, að kostnaðurinn geti orðið þessi, ef svo væri að farið, eins og kaupgjald og verðlag er nú. En þar sem því verður ekki með neinum rökum mælt í gegn, að tíðar samgöngur, bæði á sjó og landi, eru milli þessara staða, og presturinn getur í flestum tilfellum að mestu eða öllu leyti losnað við þennan kostnað, þá verður það hvorttveggja í senn, rangt og villandi að leggja þessar tölur til grundvallar fyrir því, hver hinn verulegi kostnaður prestsins við þessar ferðir sje. —

Það er því æði hæpin tilraun hjá hv. flm. (S. St.), að ætlast til þess, að menn taki svona ástæður og röksemdir fyrir góða og gilda vöru.

Þá er því haldið fram af hv. flm. (S. St.), að þetta sje óbærilega mikill kostnaður fyrir embættismann í kaupstað með 2—3000 króna árslaunum. En það er aðgætandi, að með dýrtíðaruppbótinni komast þó þessi laun, nú að minsta kosti upp í 5000 krónur, og þeir prestar, sem lengi hafa þjónað og komnir eru upp í 3000 kr., hafa með uppbótinni alt að 7000 kr. í árslaun.

Það er því ekki einasta það, að hv. flm. og frsm. minni hl. (S. St.) gefi villandi upplýsingar um kostnaðinn við að þjóna annexíunni, heldur gengur hann alveg

framhjá dýrtíðaruppbótinni, þegar hann talar um launin, en dýrtíðaruppbótin er þó ekki óverulegur hluti launanna, þar sem hún er nú hvorki meira nje minna en 137% hjá öllum öðrum en sveitaprestum. Af þessum ástæðum, og svo því, sem mestu skiftir þó, hvernig hag ríkissjóðs er komið, getur meiri hl. nefndarinnar ekki mælt með því, að þessi skifting nái fram að ganga.

Frsm. minni hl. (Sigurður Stefánsson): Jeg þykist ekki þurfa nú að tala langt mál, því öll þau rök, sem jeg færði fyrir máli þessu, er frv. þetta kom fyrir hv. deild, standa óhögguð, þrátt fyrir ræðu hv. frsm. meiri hl. (P. O.).

Mjer skildist, að aðalástæðan hjá hv. frsm. meiri hl. (P. O.) fyrir því að leyfa ekki þessa skiftingu, væri sú, að starf prestanna hefði minkað, þar sem ljett hefði verið af þeim barnafræðslunni. Þetta hlýtur að vera einhver misskilningur, því mjer er ekki kunnugt um, að starf presta í fræðslumálum sje minna en það hefir áður verið, eða eins og hann vildi halda fram, orðið eingöngu eftirlit. Prestar verða eftir sem áður að undirbúa börn til fermingar. Þó að kristindómsfræðslan sje í barnaskólunum, er prestinum gert að skyldu að hafa sömu afskifti af fermingarundirbúningi barna og áður. Ekki aðeins eftirlitsskylduna um það, að börnin læri eitthvað, heldur sjálfa fræðsluna að meira eða minna leyti. Enda er mjer kunnugt um það, að minsta kosti hvað alla eldri presta snertir, að þeir hafa í engu breytt hátterni sínu; þeir spyrja börn eftir sem áður og á sama hátt, og þeir eyða í það engu minni tíma en áður, og stundum jafnvel meiri tíma, því eftir að kristindómsfræðslan fluttist frá heimilunum og í skólana, hefir hún ekki farið batnandi. Að minsta kosti er mjer kunnugt um það, og það er reynsla mín, að barnaskólabörn, þau, sem jeg þekki, eru að jafnaði ver undirbúin í kristnum fræðum heldur en hin. Þó er þetta misjafnt, og í sumum skólum er kristindómsfræðslan sæmileg. Þessi aðalhöksmdafærsla um minni starfsemi prestanna hlýtur því að vega ekki mikið í þessu máli.

Þá talaði hv. frsm. meiri hl. (P. O.) í þessu sambandi um það, að nú væri gefið svo mikið út af tímaritum og fræðibókum, sem komið gætu í staðinn fyrir fræðslu prestanna. Það er nú svo, að margt er prentað nú á dögum, en eigi það að koma að nokkru gagni, þá verður að fást trygging fyrir því, að þær hinar sömu fræðibækur sjeu lesnar. En svo er þess líka gætandi, að í sumum þessum tímaritum birtist eitt og annað, sem jeg mundi eindregið ráða mínum fermingarbörnum frá að lesa. (P. O.: Er það nýja guðfræðin?).

Þá vildi hv. frsm. meiri hl. (P. O.) gera lítið úr fólksfjölda þessa prestakalls. Jeg er nú ekki í neinum vafa um það, eins og jeg hefi áður tekið fram, að í engu prestakalli, utan Reykjavíkur, hefir fólkstalan vaxið jafnhröðum fetum eins og hjer. Hólssókn ein er með allra fjölmennustu prestaköllum á landinu. Að vísu get jeg fallist á það, að fólksfjöldinn einn sje ekki nægileg ástæða fyrir þessari skiftingu. En hjer er á fleira að líta. Staðhættirnir, með vaxandi fólksfjölda, gera þetta prestakall eitt af þeim allra erfiðustu á öllu landinu og prestinum lítt mögulegt að gera skyldu sína. Hann getur blátt áfram ekki þjónað því eins

og hann vildi og ætlast er til. Því verður ekki neitað með rökum, að hjer er um annexíu að ræða, sem svo erfitt á að ná í alla prestsþjónustu, að slíks munu fá dæmi hjer á landi, sem betur fer.

Háttv. frsm. meiri hl. (P. O.) vitnaði í orð kunnugs manns, og þykir mjer þá hart, að jeg, sem ætti þó líka að vera kunnugur þarna, og hv. meðflm. minn (J. A. J.), sem fæddur er þarna vestra, að við skulum vera vændir þess að segja vísvitandi rangt frá máli þessu. Og því undarlegra finst mjer þetta, þar sem fyrverandi sóknarprestur þeirra Ísfirðinga, hv. 4. þm. Reykv. (M. J.), hefir staðfest þessa lýsingu okkar og ekki hv. 2. þm. Reykv. (J. B.), sem borinn er og barnfæddur þar vestra, vefengt hana.

Þá var það ferðakostnaður prestsins, sem háttv. frsm. meiri hl. (P. O.) efaði að væri rjettur. Þó rengdi hann ekki, að í einstaka tilfellum gæti talan verið rjett, en í öðrum gæti presturinn verið hepnari. Hvaða trygging er nú fyrir þessu? Enginn prestur getur reitt sig á þetta. Og það hefði sá „kunnugi" átt að fræða hann um, að síðan verslununum fjölgaði í Bolungarvík eru miklu sjaldgæfari ferðir þar á milli.

Fyrir 20 árum var það altítt, að Bolvíkingar komu inn á Ísafjörð á hverjum laugardegi í verslunarerindum, og þá var hægt fyrir prestinn, fyrir litla eða enga borgun, að komast út eftir. Þetta var nú líka á þeim tímum, sem alt var ódýrara; þó gat það kostað talsvert, ef presturinn þurfti að kaupa bát með sig aðra leiðina, því heim þurfti hann að komast.

Þar sem háttv. frsm. (P. O. hefir viðurkent rjett skýrt frá kostnaðinum, hygg jeg, að þessar undantekningar hans vegi ekki mikið. Nú hafa tímarnir breyst og mennirnir með, alt er orðið dýrara en áður, enda er nú svo komið, að prestsþjónusta þessarar sóknar er svo dýr, að hún er prestinum ofvaxin, og þá ekki síður fyrir söfnuðinn. Það er mikil upphæð fyrir fátækan mann, sem þarf að sækja prest, að borga fyrir það 40—120 krónur, og það er líka mikið fyrir ungan og efnalítinn prest að leggja slíkt fram til að rækja embættisskyldu sína. Jeg skýt því til háttv. deildarmanna, hvort þeir þekki aðra annexíu, þar sem staðhættir geri svo erfitt fyrir um alla prestsþjónustu?

Við höfum aldrei haldið því fram, að þessi leið sje löng, hvort sem heldur er farið landleiðina eða sjóveg. En við höfum haldið því fram, og það er þungamiðja okkar máls, að hún sje erfið, og fyrir því höfum við fært þau rök, sem enn standa óhrakin. Þessi leið er oft ófær með öllu; það getur skift mörgum dögum, að komast megi landleiðina, og vikum saman ekki gefið á sjó. Þess eru dæmi, að presturinn hefir oft tepst dögum saman í Bolungarvík, og stundum jafnvel í hálfan mánuð hefir hann orðið að bíða byrjar. Það er langur tími þeim, sem veit, að nóg störf bíða heima fyrir. Hvernig getur háttv. frsm. meiri hl. (P. O.) haldið, að slíkt komi fyrir annarsstaðar?

Þá vildi háttv. frsm. meiri hl. (P. O.) efast um það, að við reiknuðum árslaun prestsins rjett, og bætti við þau dýrtíðaruppbótinni. Okkur þótti rjett að ganga út frá því, sem er; dýrtíðaruppbótin fer að öllum líkindum minkandi með hverju árinu, þangað til hún hverfur með öllu, og verður þá að ganga út frá þeim launum, sem prestinum ber samkvæmt lögum.

Það er í alla staði rjett, að þjóðin á heimting á því, að allir embættismenn

landsins ræki sem best skyldur þær, sem þeir eiga af höndum að inna, og prestarnir eru þar ekki fremur undanþegnir en aðrir að helga starfinu krafta sína. En það verður þá að vera krafa til þjóðarinnar, að hún geri sitt til þess, að embættismenn hennar geti rækt skyldu sína. Þjóðin verður að búa svo í haginn fyrir embættismennina, að þeir geti helgað alla krafta sína starfi því, sem þeir eru til kvaddir.

En um þennan prest er það að segja, að honum er gert það í alla staði ómögulegt að uppfylla skyldur sínar. Og þetta finnur enginn betur en sjálfur hann. Hann finnur, að hann getur ekki gegnt embætti sínu, ekki þjónað söfnuði sínum, eins og hann vildi, og veit sig því neyddan til að sækja burtu við fyrsta tækifæri, nái skifting þessi ekki fram að ganga.

Mjer dettur ekki í hug að fara í hart út af þessu, en jeg treysti svo sanngirni háttv. deildarmanna, að þeir sjái nauðsyn þessa máls, þegar þeir hafa athugað betur ástæðurnar. Fólksfjölgunin er ekki aðeins bundin við Hólssókn, heldur ber líka að líta á þann fjölda lausamanna, 2—300 manns, sem á vertíðinni streymir til Bolungarvíkur. Þetta eykur prestsþjónustuna til muna, t. d. þegar menn drukna o. fl. o. fl. Þetta er líka ein af ástæðunum. En þó þessu sje slept, er sóknin samt með heimilisföstum mönnum eitt fjölmennasta prestakall á landinu eftir skiftinguna, ef það verður sjálfstætt prestakall.

Jeg orðlengi svo ekki frekar um þetta. Málið græðir ekki á löngum umræðum, enda ber jeg það traust til háttv. deildarmanna, að ræða háttv. frsm. meiri hl. (P. O.) hafi ekki mörgum snúið frá rjettu máli.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vildi hefja mál mitt með því að þakka háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) fyrir þá drengilegu vörn, er hann veitti okkur flm. með ræðu sinni, við 1. umr. þessa máls.

Jeg ætla ekki að vera langorður, enda hafa þessir háttv. þingmenn, hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) og hv. 4. þm. Reykv. (M. J.), rakið ástæður þær, er liggja til grundvallar því, að skifting þessi nái fram að ganga, og hefi jeg litlu við þær að bæta. Þó er það eitt atriði enn, sem jeg vildi minnast á, en það er afstaða Hnífsdælinga í máli þessu. Í sjóþorpinu Hnífsdal eru nú á 4. hundrað manns, og auk þess margir bæir í dalnum, svo þarna er um allmikinn mannfjölda að ræða, enda hafa þeir unað því illa að geta ekki haft guðsþjónustu hjá sjer í þorpinu. Varð það því að samkomulagi, að presturinn messaði þar í barnaskólahúsinu 6—10 sinnum á ári. Var það svo á síðustu árum síra Þorvalds og á meðan háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) þjónaði þar vestra og fram á fyrsta ár núverandi sóknarprests. En á síðasta ári lögðust þessar guðsþjónustur niður í Hnífsdal, vegna annríkis prestsins, og harma menn það mjög.

Hnífsdælingar hafa lengi hugsað um að koma upp kirkju hjá sjer og margir góðir og áhugasamir menn unnið ósleitilega að því takmarki, og hefir þegar fengist loforð fyrir allmiklu fje í því skyni. En kirkjubygging þessi kemur ekki að neinum notum á meðan núverandi ástand ríkir, því það er ekki til neins að reisa guðshús, sem presturinn, sökum annríkis, getur aldrei messað í. Þetta er nú ein hlið þessa máls, og mjer finst hún þann veg, að eftir henni megi taka.

Jeg get ekki betur sjeð en að ástæður meiri hl. allsherjarnefndar sjeu á

litlum rökum bygðar, og get því tekið undir alt, sem háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir sagt til að hnekkja þeim. Það er auðvelt að bera brigður á þessa erfiðleika, en með sanngirni getur enginn sagt, að við höfum farið of langt í lýsingum okkar á ástandinu.

Viðvíkjandi ferðakostnaði prestsins skal jeg geta þess, að síðastliðið ár, eftir því, sem honum sagðist sjálfum frá, fjekk hann 4 ferðir ókeypis, en úr sínum vasa varð hann þó að borga fyrir hinar ferðirnar 15—1600 kr., og er þetta engin smáræðisupphæð fyrir efnalitinn mann.

Það má ef til vill segja sem svo, að kostnaðurinn sje ekki aðalatriðið í þessu máli, því kostnað þennan mætti bæta prestinum á annan hátt.

Aðalatriðið er það, að prestinum er gersamlega um megn að þjóna embættinu. Presturinn þarf oft að dvelja langdvölum í Bolungarvík, og hafa margir í Ísafjarðarkaupstað yfir þessu kvartað, því á Ísafirði og Eyrarsveit er fullkomin þörf á prestinum svo að segja daglega, ekki síst ef hann stundar embætti sitt samviskusamlega, eins og á sjer stað um núverandi prest. Það er og sárgrætilegt fyrir sóknarprestinn að sjá fram á það að geta ekki gegnt embættisskyldu sinni fullkomlega. Er jeg þess og fullviss, að núverandi prestur mun sækja frá prestakallinu fljótlega ef lagafrv. þetta nær ekki fram að ganga. Jeg vildi og óska þess, að þeir háttv. þm., sem ekki vilja samþykkja frv. þetta, eins og það liggur fyrir, greiði atkv. móti því, að það gangi til 3. umr., svo örlög þess hjer í háttv. deild verði sjeð nú þegar. Jeg hefi lofað sóknarprestinum að láta hann fljótlega vita um afdrif málsins hjer á þinginu, og það getur staðið honum á talsvert miklu að fá að vita það sem fyrst, þar sem hann hefir þá í huga að sækja um annað prestakall, sem nú er laust.

Háttv. frsm. meiri hl. allshn. (P. O.) gat þess, að þetta væri mikill baggi fyrir ríkissjóð. Jeg neita því ekki, að það er nokkur baggi, þótt jeg alls ekki geti samþykt útreikning háttv. frsm. (P. O.). Jeg byggi á, að þetta muni hafa í för með sjer 3000—3500 króna kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. En þar frá mun óhætt að draga erfiðleikauppbót fyrir þjónustu Hólsprestakalls, ca. 2000 krónur. Jeg býst ekki við, að nokkur prestur fáist fyrir minna framvegis. Eru þá ekki eftir nema 1000 til 1500 kr., er varla getur talist mikið fje. Jeg fæ ekki annað sjeð en að þessar söknir eigi fylsta rjett á því, að presti sje gert fært að þjóna þeim sæmilega. Söknirnar eru fólksmargar, og gjöldin í prestlaunasjóð því mikil. Tel jeg því ómaklegt, ef þingið ekki vill sinna rjettmætum kröfum fólksins í þessu efni. Jeg veit, að mönnum í Hnífsdal er mikið áhugamál að reisa þar kirkju og fá Ísafjarðarprest til að hafa þar ákveðna guðsþjónustudaga.

Eldra fólkið þar er sjerstaklega trúhneigt og þykir mjög leitt að geta ekki hlýtt á guðsþjónustu nema endrum og eins. Þeirri þörf eiga þessir menn rjett á að fá fullnægt, ekki síður en aðrir, en henni verður ekki fullnægt fyr en prestakallinu er skift.

Gunnar Sigurðsson: Jeg stend upp til þess að gerast sáttasemjari í málinu. Mjer er talsvert kunnugt um erfiðleikana þar vestra, hefi sjálfur ferðast þar og verið nær druknaður á leiðinni milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Þó held jeg rjettast, að hjer verði málum miðlað þannig, að frv. bíði nú, en að

þingið jafnframt gefi einskonar vonarbrjef um að taka upp málið aftur á næstunni. Með því að samþykkja frv. nú gefum við fordæmi, sem getur verið varhugavert á þessum erfiðu tímum. En ef Bolvíkingar eru jafntrúhneigðir og áhugasamir og háttv. flutningsmenn láta, þá ætti þeim að vera opin leið að stofna hjá sjer fríkirkju, ekki síst þar sem þetta er mannmargt hjerað. En mjer þykir þó vafasamt, að þeir geri það, því jeg býst ekki við, að Bolvíkingar líti svo á, eins og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) ætlar, að sáluhjálp þeirra sje beinlínis í veði, þótt það dragist um 2—3 ár, að þeir fái sjerstakan prest. Jeg hygg því rjettast, að það gæti orðið að samkomulagi hjer, að máli þessu væri frestað.

Björn Hallsson: Jeg ætla ekki miklu við það að bæta, sem háttv. frsm. meiri hl. allshn. (P. O.) hefir sagt. Jeg taldi og tel enn ástæður hans góðar og gildar.

Um málið var allmikið rætt í allsherjarnefnd, og okkur kom ekki öllum ásamt. Jeg játaði, að vel mætti þessi skifting á undan ganga, ef þingið á annað borð vildi ganga inn á þá braut að fjölga prestum. En af fjárhagsástæðum tel jeg ekki hyggilegt að ganga inn á þá braut nú að fjölga starfsmönnum ríkisins um skör fram. Störf prestanna eru nú mun ljettari en áður, síðan fræðslulögin gengu í gildi, eða að minsta kosti taka prestarnir störfin ljettara. Og ef á að fara að fjölga þeim mikið, þá fer að verða spurning, hvort ekki sje rjettara að aðskilja ríki og kirkju, og hefi jeg þó ekki fylgt því til þessa.

Jeg er því sömu skoðunar og háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), að málið verði látið bíða nú og athugað, hvað margar slíkar breytingar stæðu til bráðlega. En jeg vil heldur ekki gefa því nein loforð um fylgi á næstu þingum.

Mjer finst undarlegt af háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) að vera ógna þingmönnum með því, að presturinn fari, ef frv. sje ekki samþ. Mjer er um það kunnugt, að hann vildi ekki sveitaprestakall þegar hann fjekk þetta. En ef hann hefir nú fengið þá reynslu, að betra muni að vera í sveit, þá er ekkert um það að tala; það er ekkert annað en aukin lífsreynsla, sem hann hefir fengið um kaupstaðarveruna. Slíkt er hins vegar algengur hlutur, að prestar flytji sig úr einu brauði í annað.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) benti á fólksfjöldann í prestakallinu, að þar væru um 930 manns. En jeg vil þá benda honum á Kirkjubæjarsókn með Hjaltastað, er í mun vera jafnmargt fólk eða heldur fleira. Erfiðleika eiga og prestar víðar við að stríða. T. d. þarf presturinn í því prestakalli að sækja yfir tvö stórvötn, Jökulsá og Lagarfljót, og snjóþunga sókn. Og þó það megi segja, að bátar sjeu dýrir og bátsferðir, þá eru reiðhestar og landferðir dýrar líka. Þannig má færa ýmsar ástæður með og móti skiftingunni, og víðar er erfitt og þarf að breyta, ef fjárhagsástæður leyfðu.

Jeg tel þess vegna mjög athugavert að fara inn á þessa braut, án þess að rannsaka alt vendilega. Og ef þingið hyrfi að því að fjölga prestum, þá held jeg, að væri rjett áður að endurskoða og athuga öll prestakallalögin yfirleitt.

Jeg hefi ekki í neinu skift um skoðun við umr. um málið hjer, enda mun það svo oftast, að þingræður á fundum hafa lítil áhrif, nema auka landssjóði útgjöld með óþarflega löngum þingfundum.

Magnús Jónsson: Það, sem kom mjer til þess að taka til máls um þetta frv. við 1. umr., var það, að jeg hafði það einhvern veginn á tilfinningunni, að málið hefði ekki mætt fullri sanngirni á undanförnum þingum. Og jeg heyri það enn hjer, við þessar umræður, að menn vilja ekki taka á því enn þá með silkihönskum sanngirninnar.

Jeg trúi því ekki, að deildarmönnum ekki finnist, að ummæli kunnugra eigi hjer að hafa mest að segja.

Mjer dettur ekki í hug að neita því, að hægt sje að benda á jafnerfitt prestakall þessu. Og það hefir þegar verið bent á jafnmannmargt prestakall. En jeg vil biðja menn að benda á eitthvert það prestakall á landinu, þar sem þetta fer hvorttveggja saman, svo að jafnist við Ísafjarðarprestakall óskift.

Háttv. frsm. meiri hl. (P. O.) var að benda á Reykjavík sem dæmi, að þar væri þó mannfleira prestakall. Jeg er nú líklega fult eins kunnugur starfi prestanna hjer eins og þessi háttv. þm. (P. O.), og jeg veit, að á þá er ofmikið lagt. En jeg vil spyrja háttv. frsm. að því, hvort honum mundi ekki sýnast öðruvísi, ef prestarnir hjer ættu að hafa Akranes sem annexíu. Það er annexían, sem gerir Ísafjarðarprestakall erfiðast. Reykjavík er því alls ekki hjer hliðstætt dæmi. Það mundi enginn minnast á að gera Hólssókn að sjerstöku prestakalli, ef það væri ekki nema sveitin ein, og væri það þó ekki lítil sókn. En þegar þar við bætist, að þarna er eitt af fjölmennustu kauptúnum landsins, þá sýnist það nokkuð hart að neita þeim um prestsþjónustu.

Jeg vona, að háttv. þm. kunni svo að meta skýrslur fagmanna, að þeir taki gilda skýrslu okkar prestanna um það, að ekki sje ljett störfum af herðum presta með fræðslulögunum. Okkur ætti að geta komið saman um, að ljettirinn sje enginn. Kristindómsfræðslan hvílir jafnt á prestunum eftir sem áður. Skyldan er sú sama, hversu sem hún er rækt. En enginn veit enn, hvernig þetta kann að verða í framtíðinni, þar sem nú er verið að endurskoða fræðslulögin. Um hin hollu og siðbætandi áhrif af nýjum bókum er það að segja, að ef sú menning hefir nokkuð að segja, þá held jeg, að hún geri starf prestsins erfiðara, en ekki ljettara.

Jeg er algerlega á móti frestun málsins, því jeg tel hjer vera um sanngirniskröfu að ræða.

Viðvíkjandi fríkirkjustofnun í Hólssókn er það að segja, að mjer finst slíkt vera að tala gegn sjálfum sjer, því ef slíkt verður gert, þá er kostnaðurinn í raun rjettri kominn.

Háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.) benti á jafnfjölmenn prestaköll. Það er vandalaust. Hólssóknin ein er heldur ekki erfiðasta sóknin á landinu. En hún er líka annexía við eitthvert fólksflesta prestakall landsins.

Það, að presturinn skuli nú ætla að sækja burtu úr þessu prestakalli, sýnir einnig, að hjer er alvara á ferðum og farið með rjett mál.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Ottesen): Jeg þar hjer ekki að taka margt fram, því háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.) hefir að mestu tekið af mjer ómakið í því efni. Það hefir nú farið hjer sem oftar, þegar tveir deila, að þeim finnast ástæður mótpartsins veigalitlar, og sannast hjer sem oftar hið fornkveðna, að „hverjum þykir sinn fugl fagur.“ Þannig hefir það að minsta kosti reynst hjá hv. flm. þessa frv. og frsm. minni hl.,

hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). (S. St.: Er það ekki svipað hjá meiri hlutanum líka?).

Jeg hefi fulla ástæðu til að halda því fram, að prestar, margir að minsta kosti, hafi þann skilning, að barnafræðslunni sje af þeim ljett með fræðslulögunum. Og afskifti sumra presta af þeim málum ekki önnur en þau, er jeg hefi nefnt, nema þá að þeir sitja í fræðslunefnd. Og það munu dæmi þess, að þessi skilningur hafi verið teygður svo langt, að húsvitjanir hafi verið vanræktar upp á síðkastið. Prestar hafa því yfirleitt litið svo á, þótt háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sje, að því er marka má, á annari skoðun, að þessu starfi hafi verið af þeim ljett með fræðslulögunum. Jeg held því þess vegna fram, að rök meiri hl. allshn. í þessu efni, sem styðjast við reynsluna sjálfa, sjeu fullgild rök.

Meðhaldsmenn frv. hafa heldur ekki verið almennilega á eitt sáttir. Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að þetta væri fjölmennasta prestakall landsins, en háttv 4. þm. Reykv. (M. J.), að önnur prestaköll muni jafnfjölmenn og jafnerfið. — Hitt er vitanlegt, ef þetta prestakall er borið saman við önnur prestaköll á Vestfjörðum, að þá sje þar fjölmennast, því þar munu vera prestaköll, sem ekki eru í nema rúmlega 250 manns, og yfirleitt eru prestaköllin þar, að Ísafjarðarprestakallinu undanskildu, mjög fólksfá.

Því hefir verið haldið hjer fram, að meiri hl. allshn. hafi vefengt það, að rjett væri skýrt frá erfiðleikunum þar vestra. Háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) sagði, að þeir flm. frv. mundu ekki hafa gengið langt frá sannleikanum í lýsingum sínum. En af þeim orðum hans mátti skilja, að þeir hefðu þó gengið feti framar því, sem satt var og rjett, og er það gott að fá játningu háttv. þm. (J. A. J.) um þetta. Jeg hefi fyrir heimildarmann um þessi efni prest, sem þjónað hefir þessu prestakalli fulla 3 tugi ára, og eru aðeins örfá ár síðan hann ljet af embætti.

Þessum manni er því að sjálfsögðu allra manna kunnugast um, hvernig þarna er ástatt, og mun hann alls ekki telja það ofætlun áhugasömum og duglegum presti að sinna embættinu svo, að söfnuðirnir megi vel við una. Mjer finst fullkomlega mega byggja á því, sem þessi trúverðugi heiðursmaður segir um þetta, þó háttv. frsm. minni hl. (S. St.) og öðrum, sem nokkuð eru kunnugir á þessum stöðum, vaxi þetta svo mjög í augum.

Þá vildi háttv. frsm. minni hl. (S. St.) vefengja þær athugasemdir, sem jeg gerði við kostnað þann, er hann kvað prestinn hafa við að komast á annexíuna.

Þar sem það, sem hann sagði um það efni, voru einungis endurtekningar á því, sem hann hefir áður haldið fram um það, sje jeg ekki ástæðu til að kljást meira við hann um það atriði. Það stendur óhrakið, að það er ekki nema í örfáum tilfellum, ef það kemur þá fyrir, að kostnaðurinn við það fari nokkuð nærri því, sem hann hefir nefnt.

Hvað það snertir, að það geti komið fyrir, að presturinn komist ekki á annexíuna, þá er það ekkert einsdæmi þar. Skyldi það ekki vera æði oft, sem prestar í víðlendum prestaköllum í sveitum ekki komast á annexíurnar á messudögum að vetrinum til? Jeg hygg, að svo sje.

Eins er það auðvitað fyrir þeim prestum, sem þurfa að fara sjóveg á kirkjur sínar; það getur auðvitað komið fyrir, að þeir komist ekki leiðar sinnar, og er það svo að sjálfsögðu víðar en á þessum stað.

Hvort sem það er af því, að háttv. frsm. minni hl. (S. St.) hefir ekki verið annarsstaðar betur settur eða ekki, þá hefir hann, svo sem kunnugt er, alla sína prestsskapartíð vestur þar búið í eyju og því æfinlega orðið að sæta sjóveðri á kirkjur sínar. Jeg hefi nú ekkert heyrt undan því kvartað, eða orðið þess var, að sóknarbörn hans hafi gert neinn úlfaþyt út af því, þó hann hafi eðlilega oft tepst frá því að komast á kirkjurnar og ekki getað starfað eins mikið og að jafnaði meðal safnaða sinna og hann hefði getað gert, ef hann væri betur settur. Mjer kemur það því óneitanlega dálitið einkennilega fyrir, hvað hv. frsm. (S. St.) gerir mikið úr þeirri nauðsyn, að prestaköll sjeu ekki stærri en það, að presturinn geti næstum því daglega umgengist söfnuðina. Því undarlegra þykir mjer þetta, þar sem hv. frsm. (S. St.) hefir slegið svo slöku við prestsskapinn í þeim söfnuðum, sem honum er trúað fyrir, að hann hefir setið á þingi um 2 tugi ára. Jeg segi slegið slöku við prestsskapinn, af því að mjer er ekki kunnugt um, að hann hafi, í fjarveru sinni, nokkurn tíma sjeð söfnuðunum fyrir annari sálusorg en þeirri, sem nágrannaprestar hans hafa miðlað þeim fyrir hann. Þetta hefði hann vitanlega alls ekki gert, ef hann hefði ekki vel getað varið það fyrir guði og samvisku sinni.

Þetta sannar, að það er einmitt álit hv. frsm. (S. St.), að prestar geti haft miklu víðari verkahring en þeir hafa víða nú, og erum við þar alveg sammála.

Þá talaði hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) um, að það væri hæpið að treysta á guðfræðirit. (S. St.: Tímarit.). Jeg nefndi aldrei annað en guðfræðirit. Og taldi hann, að það væri svo margt í þeim, sem hann vildi ekki láta, að minsta kosti sín sóknarbörn, lesa. Jeg veit ekki, hvað hann meinar með þessu, hafi það ekki verið hin svo kallaða nýja guðfræði, sem vitanlegt er að honum fellur alls ekki í geð. Ef þessi skifting verður framkvæmd, þá getur það orðið tvíeggjað sverð fyrir þennan nýja söfnuð, frá sjónarmiði hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Hann hefir enga tryggingu fyrir því, að sá prestur, sem kosinn yrði í þetta embætti, yrði ekki nýguðfræðingur. Það væru einmitt miklu meiri líkur til, að það færi svo, því þessi trúmálastefna er að ryðja sjer til rúms, hjá yngri guðfræðingum að minsta kosti. Það gæti því svo farið, að sá prestur, sem þangað kæmi, prjedikaði söfnuðinum það, sem hv. frsm. (S. St.) síst vildi og hann teldi söfnuðinum miður uppbyggilegt og má ske til skaðsemdar. — Færi nú svona, mundi hv. frsm. (S. St.) sáriðrast eftir að vera hvatamaður þessarar skiftingar og naga sig í handarbökin fyrir að eiga sök á, að svona hefði tekist til.

Þó háttv. frsm. (S. St.) geri lítið úr þeim góðu og siðbætandi áhrifum, sem það hafi á menn að lesa guðfræðirit, þá er það vitanlegt, að trúhneigðir menn úti um landið færa sjer í nyt lestur slíkra bóka, og það er margt í þeim bókum, sem síður en svo stendur að baki því, sem sumir prestar að minsta kosti bjóða söfnuðum sínum.

Háttv. frsm. (S. St.) sagði, að dýrtíðaruppbótin mundi smálækka og hverfa að öllu með tímanum. Það er vonandi, að þetta fari svo. En þegar hann gerir samanburð á kostnaðinum við ferðir prestsins nú við launin, þá verður hann að reikna dýrtíðaruppbótina með launum, annað er rangt, því jafnframt því sem dýrtíðaruppbótin minkar,

minkar þessi kostnaður að sjálfsögðu, sem hann talar svo mikið um.

Það er satt, að meðan sá prestur, er jeg nefndi áðan, þjónaði vestur þar, að þá hefir kostnaðurinn verið minni. Þá er líka þess að gæta, að launin voru miklu minni þá en þau eru nú.

Þó svo kunni að vera, að prestur sá, sem nú er á Ísafirði, hafi í hyggju að sækja um prestsembætti í sveit, sem nú er laust hjer austanfjalls, þá er það engin sönnun þess, að starfið sje ofætlun einum presti.

Margir líta nú til hægðarinnar, taka því, ef þeim býðst annað, sem er þeim betur að skapi; það fer alt eftir upplagi mannsins. Svo er á það að líta, að annar þráir að vera í sveit, hinn vill vera í kaupstað, en fyrir sumum blandast þetta saman, og það er ekki nema eðlilegt, að menn leiti að sjálfum sjer, ef svo mætti að orði kveða, og reyni fyrir sjer þar til þeir hafa fundið það, er hugur þeirra stendur til.

Þó þessi prestur kunni að hafa í hyggju að grípa þetta tækifæri, þá getur það verið af alt öðrum ástæðum en þeim, er hjer hefir verið haldið fram.

Það, sem háttv. þm. Ísaf. (J. A. J.) sagði, var að mestu endurtekning á því, sem háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hafði sagt. Í útreikningum háttv. þm., að þetta yrðu engin útgjöld fyrir ríkissjóð, þó þetta embætti yrði stofnað, eða í hæsta lagi sem svaraði 1500 kr., þá miðaði hann við það, að enginn prestur mundi fást til að vera á Ísafirði, nema hann fengi 2000 kr. erfiðleikauppbót, og svo við það, að hækkun sú á söknargjöldum, sem stjórnin hefir lagt fyrir þingið, næði fram að ganga. Það er nógu snemt að miða við þessa söknargjaldahækkun þegar hún er orðin að lögum, sem jeg hygg að tæplega verði á þessu þingi, og líka er það nógu snemt að staðhæfa, að enginn fáist til að vera prestur á Ísafirði án þessarar erfiðleikauppbótar, þegar það sýnir sig, að spá þingmannsins rætist. Þegar embætti þetta var síðast laust, voru nógir um boðið.

Þetta er bara fyrirsláttur og ekkert annað.

Þó að það megi segja, að þetta og þetta embætti út af fyrir sig muni ekki sliga landssjóðinn, en þegar þess er gætt, að á hverju einasta ári er bætt nýjum embættum við, þá verður þetta skammvinn ástæða, að þetta eina hafi ekki mikil áhrif, en þegar þau eru komin öll í eina heild, til viðbótar því, sem fyrir er, þá sjer þess óneitanlega staði í útgjöldum ríkissjóðs.

Háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) kom fram í þessu máli eins og sáttasemjari; það er auðvitað gott og virðingarvert og ekki síður vel við eigandi, þar sem hann hefir það sem af er þinginu lagt það eitt til mála, sem trauðla má telja að hafi farið í þá stefnu. Þetta bendir til þess, að háttv. þm. (Gunn. S.) hafi tekið sinnaskiftum og ætli hjer eftir að stuðla að sátt og samlyndi, og er það vel farið.

Út af ummælum háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) vil jeg leiðrjetta það, að samanburður minn á Reykjavík og Ísafirði átti aðeins við mannfjölda þeirra safnaða, og þetta tók jeg fram; það var þess vegna alveg óþarfi fyrir hann að vera að teygja lopann um þetta svo sem hann gerði.

Hinu þarf ekki beint að undrast yfir, þó honum vaxi nú í augum erfiðleikarnir vestur þar, þegar hann ber þá saman við það starf, sem háskólakennarar hafa á hendi, ef það er satt, sem sagt

er, að þeir kenni ekki nema eina klukkustund á dag ¾ hluta ársins, en hafi hinn tímann alveg frí.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skal vera stuttorður. Háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) gaf okkur flm. vitnisburð um, að rjett væri skýrt frá í lýsingu okkar, þar sem hann sagði frá því, að hann hefði nærri því orðið fyrir stórslysi að vorlagi, á ferð milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar.

Þegar nærri liggur við slysum að vorlagi, þá er það ekki síður að vetrarlagi, og því fremur sem landleiðin er mun hættulegri á öllum tímum en sjóleiðin. Jeg vil leyfa mjer að bæta því við, til að leiðrjetta þá, sem halda, að auðvelt sje að þjóna Bolungarvík frá Ísafirði, og virðast ætla, að Hólssókn sje aðeins kauptúnið Bolungarvík, að í þessari sókn eru 11 býli með 16 búendum. Jeg hygg, að Hólssókn megi teljast í meðallagi erfitt prestakall. (**P. O.:** Er kirkja í Skálavík?). Háttv. frsm. meiri hl. (P. O.) virðist hugsa, að prestar hafi ekki annað að starfa en halda guðsþjónustur. Jeg vil taka það fram, að jeg þekki presta á Vesturlandi, sem starfa mikið að öðru, og vil jeg þar til nefna eftirlit með barnafræðslu. Jeg veit, að presturinn okkar hefir orðið að dvelja langdvölum úti í Bolungarvík á vorin, til að líta eftir uppfræðslu barna í prestakallinu, og svo hefir það verið um þá þrja presta, sem jeg hefi þekt þar.

Háttv. frsm. meiri hl. (P. O.) vildi leggja það í mín orð, að jeg hefði viðurkent, að við hefðum gert heldur mikið úr kostnaðinum. Jeg vona, að hv. þm. taki það trúanlegt, að presturinn borgaði síðastliðið ár beint út 15—1600 kr. í ferðakostnað. Hann verður auðvitað að borga uppihald í Bolungarvík meðan hann dvelur þar. Hann verður að leigja þar herbergi alt árið og hafa þar rúm og þjónustu, því að það kemur fyrir, að hann verður að dvelja þar dögum og vikum saman.

Háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.) segir, að prestarnir vilja heldur sveitaprestaköll. Það má vel vera, ef þeir eru aldir upp í sveit, að þeir vilji það heldur en kaupstaðaprestaköll. En okkar prestur er nú alinn upp í kaupstað.

Það hefir eðlilega ekki dregið hann nein sjerstök ástæða til að sækja um Ísafjarðarprestakall. En það stóð svo á, að hann þjónaði því hálft ár fyrir hv. 4. þm. Reykv. (M. J.), sem varð að fara burtu, og að hann ekki fór þaðan mun vera af því, að hann hefir felt sig við íbúana og þeir við hann.

Svo verður að líta á það, að Ísafjarðarprestakall hefir altaf þótt eitt af veglegri prestaköllum landsins. Jeg held því eindregið fram, að presturinn sæki ekki burt af öðrum ástæðum en þeim, að hann sjer sjer ekki fært að anna embættinu, því að hann er mjög skyldurækinn embættismaður, svo og því, að embættið er ekki lífvænlegt með þeim kostnaði, sem embættisreksturinn hefir í för með sjer.

Jeg vænti þess, að háttv. þm., ef þeir ætla sjer ekki að láta frv. komast í gegn, felli það frá 3.umr., því að prestinum er umhugað um að fá að vita um afdrif þess. Jeg vil svo leyfa mjer að óska nafnakalls, þá er atkvæðagreiðsla fer fram.

Frsm. minni hl. (Sigurður Stefánsson): Jeg get nú verið stuttorður, með því háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) og meðflm. minn (J. A. J.) hafa að miklu leyti hrakið það, sem háttv. frsm. meiri hl. (P. O.) hefir sagt um þetta mál.

Það er undarlegt, að hann skuli berja það blákalt fram, að það hafi verið velt miklu starfi af prestunum með fræðslulögunum. Jeg vildi, að hann nefndi dæmi þess, að prestar hafi kent börnum sögu, náttúrufræði, landafræði og aðrar greinar, sem nú eru kendar í barnaskólanum. Hafi þeir ekki kent þær áður, þá er engu ljett af þeim, en það hefir aldrei hvílt á þeim skylda að kenna þær.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) veit það af eigin reynslu, að barnafræðslan í skólunum er ekki einhlít, og samviskusamir prestar hafa eftirlit með henni og framkvæma það enn, eins og á undan lögunum.

Það má ekki taka dæmi af prestum, sem vanrækja starf sitt og hvorki fyrir eða eftir að fræðslulögin gengu í gildi hafa rækt starf sitt sem skylduræknir embættismenn.

Það eru í þessari stjett, eins og flestum öðrum, til þeir menn, sem svo er farið.

Jeg hefi aldrei sagt að Hólssókn yrði nú þegar fjölmennasta prestakall landsins, en með þeim fjölmennustu. Það vill nú svo vel til, að jeg hefi nýlega athugað þetta atriði, og samkvæmt þeirri athugun verður Hólsprestakall 13. eða 14. í röðinni að fólksfjölda, og þá er það ekki mjög fjarri sanni, að það sje eitt með fjölmennari prestaköllum landsins. Þegar þar við bætast örðugleikarnir á að þjóna sókninni með öðru fjölmennu prestakalli, þá er það ærin ástæða fyrir því að skifta því.

Hv. frsm. meiri hl. (P. O) færði til ummæli prests, sem hefði þjónað þar í 35 ár. Jeg þekki þann sómamann mætavel, og ósannar það ekkert, sem jeg hefi sagt. Hitt hefi jeg bent á, að þá voru þær ástæður fyrir hendi, sem eru ekki nú, og miklu hægra að þjóna sókninni. En þó var svo komið, að hann sá sjer ekki fært annað en taka aðstoðarprest síðustu ár sín, og var hann þó þrekmaður mikill og heilsugóður.

Það, sem hv. frsm. meiri hl. (P. O.) sagði um samgöngurnar milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar, að þær mundu þær sömu og áður, og að presturinn mundi geta notað þær til að fara á annexíuna, hefir verið marghrakið. Það er tilviljun ein, ef ferðir falla á þá daga, sem presturinn þarf að fara á annexíuna, eða laugardagsferðir.

Þá er það undantekning, að presturinn nú geti notað tækifærisferðir. Sökum dýrleika bátaferðanna fara Bolvíkingar ekki til Ísafjarðar í kaupstað nema brýna nauðsyn beri til, og það þá einkum, þegar þeir þurfa að sækja á Ísafjörð vörur, eftir skipakomur þangað.

Það liggur í augum uppi, að það er ekki hægt fyrir prestinn að byggja á þessum ferðum.

Hv. frsm. meiri hl. (P. O.) talaði um prestakallið, sem jeg þjónaði. Þó að það prestakall sje örðugt, þá er svo háttað, að það liggur inni í miðju Djúpi, og þar getur dögum saman verið logn og ládeyða, þótt lítt fært veður sje á sjó og landi frá Ísafirði til Bolungarvíkur. Það hefir varla komið fyrir, að jeg hafi tafist, vegna veðurs, meira en einn dag, þessi 40 ár, sem jeg er búinn að þjóna því prestakalli.

Þá kem jeg að þeirri kristindómsþekkingu og siðgæðisáhrifum, sem tímarit og guðfræðibækur flytja fólkinu, eftir orðum hv. þm. Borgf. (P. O.). Það er hægt að slá þessu fram, en fyrir mig hefir það ekkert sönnunargildi. Það er margt í þessum bókum, sem jeg álít ekki holt fyrir börn og óþroskaða unglinga að lesa, og á jeg þar ekki við neina sjerstaka trúarstefnu. Jeg held, að það yrði ekkert happaráð að slá öllum

áhyggjum sínum á þessi tímarit og guðsorðabækur, og jeg býst ekki við, að hv. þm. (P. O.) sje á þeirri skoðun í raun og veru.

Jeg skal viðurkenna það, að varhugavert er að bæta við nýjum embættum á slíkum tímum sem þessum, en hitt tel jeg ekki rjett, að neita öllum slíkum málaleitunum umsvifalaust, hve sanngjarnar og rjettmætar sem þær kunna að vera. Jeg lít svo á, að það sje skylda ríkisins að sjá þjóðinni fyrir nægilegri prestþjónustu; ríkið hefir þá skyldu að styðja og vernda þjóðkirkjuna, og hjer er ekki farið fram á annað en það, sem fylsta sanngirni mælir með.

Þá er borin fram sú mótbára, að aðrir söfnuðir muni rísa upp og heimta presta. Jeg álít það bera vott um of mikið þroskaleysi hjá þinginu, ef það treystist ekki til að meta rjett þörfina í hvert skifti, en telur sjer skylt að hlaupa eftir öllum áskorunum, ef það viðurkenni rjettmæti einnar, við hversu lítil rök sem þær hafa að styðjast.

Jeg vil ekki lengja umr. meira og sest því niður, en helst vildi jeg, að málið yrði til lykta leitt nú, felt eða samþ., og legg jeg það á vald hv. þm. og sanngirni þeirra, hvorn kostinn þeir taka.

Gunnar Sigurðsson: Hv. þm. Borgf. (P. O.) kvað mig koma fram sem sáttasemjara í þessu máli, en taldi það brjóta í bág við fyrri framkomu mína hjer á þinginu, en slíkt er alls ekki, og er til þess því að svara, að jeg kem aðeins fram til sátta þar sem slíkt á við. Jeg vildi t. d. ekki taka að mjer sáttasemjarastarf milli hæstv. stjórnar og háttv. þm. Borgf. (P. O.), þar sem hv. þm. (P. O.) er andstæður stjórninni í öllum aðalmálum; en skyldi nú ekki það undur verða, að þar yrði sátt?

Frsm. meiri hl. (Pjetur Ottesen): Jeg vil ekki fjölyrða um sáttasemjarann, hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), en jeg hefi aldrei kallað hann til sætta; hann kom þar óbeðinn. Jeg vil heldur snúa mjer að hv. frsm. minni hl. (S. St.) og hv. þm. Ísaf. (J. A. J.), og þótti mjer framkoma þeirra alleinkennileg. Þeir mæltust til þess, að frv. yrði felt sem fyrst, og get jeg orðið við þeim tilmælum þeirra fyrir mitt leyti. Það hefir verið gert mikið að því að útmála allar þær hættur, sem væru á veginum milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar, og legg jeg hæfilegan trúnað á þær sögur, en sú verður niðurstaðan, að það er rjett, sem meiri hl. allsherjarnefndar heldur fram, að þörfin fyrir því að skifta þessu embætti sje ekki, þegar öllu er á botninn hvolft, neitt brýnni en sumstaðar annarsstaðar, — ef um þörf er að ræða í því efni.

Það hefir komið fram dálítil mótsögn hjá formælendum þessa máls, sem menn hafa ef til vill tekið eftir. Það er sögð venja, að presturinn fari út í Bolungarvík á laugardögum og verði þar yfir helgina, og stundum dveljist honum þar lengur. Þetta er talið mjög óþægilegt fyrir prestinn. En um leið er kvartað yfir því, að presturinn geti aldrei dvalið í Bolungarvík nema örstutta stund í einu, sje þar aldrei öðruvísi en sem gestur á hraðri ferð, og þetta er einnig talið mjög óþægilegt.

Jeg bar saman örðugleika Ísafjarðarprestsins og örðugleika hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) á því að þjóna brauðum sínum, og gerði jeg það ekki til þess að reyna að gera lítið úr þeim, heldur til að benda á, að víða eru örðug prestaköll, og ef ráða ætti bót á öllu, sem söfnuðum þætti miður fara í þessu efni, yrði það dálaglegur útgjaldaauki fyrir

landssjóðinn. Háttv. þm. (S. St.) hefir dvalið á þingi í mörg ár, og hefir það ekki komið að klandri, og er því ekki rjett sú mótbára, að Ísafjarðarprestinum sje meinað að sitja á þingi. Annars tel jeg sjálfsagt, að prestar, sem á þingi sitja, taki upp sömu reglu og læknar, fái menn í sinn stað, meðan á þingsetu stendur. Ef þeir eru eins þarfir og orð er á gert, og jeg vil síst vefengja það, ættu þeir ekki að setja söfnuðina á gaddinn, skilja þá eftir, eins og hirðislausa sauði, um svo langan tíma.

Um guðfræðiritin vil jeg ekki fjölyrða, en þeim kom saman um það, hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) og hv. 4. þm. Reykv. (M. J.), að það mundi ekki alt hollur lestur almenningi. Jeg held, að sömu skoðanir gætu orðið á ræðum prestanna, svo alt er þetta varhugavert. Jeg veit ekki hve langt hv. þm. ganga í því að fordæma þessi rit, hvort hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) telji t. d. guðfræðirit hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) óholla andlega fæðu, og gagnkvæmt. Um það vil jeg ekki deila; jeg læt prestana um það.

Jeg vil svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni. Jeg hygg, að menn sjeu búnir að skapa sjer skoðanir og fleiri ummæli því árangurslítil, en þeir, sem eru á móti frv., ættu að verða við tilmælum hv. flm. (S. St.) og fella það þegar í stað.

Magnús Jónsson: Það er aðeins örstutt athugasemd. Hv. þm. Borgf. (P. O.) fann ástæðu til að minnast á háskólakenslu mína í sambandi við þetta mál, þó að hún sje því algerlega óviðkomandi. Rakalausum aðdróttunum svara jeg ekki, en mjer þykir leitt, að hv. þm. (P. O.) skyldi verða til þess að auglýsa fáfræði sína og þekkingarskort á þeim efnum, sem hann reyndi að gera að umtalsefni. En ef til vill má segja um hv. þm. (P. O.), að það sje sama, í hvorri Keflavíkinni hann ræri í þessu efni og sje því ekki svaraverður.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil aðeins ítreka þá ósk mína, að menn skoði þessa atkvgr. sem úrslit þessa máls hjer í hv. deild.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: H. K., Jak. M., J. A. J., J. B., J, S., J. Þ., M. G., M. J., M. K., P. J., P. Þ., S. St., Þorl. J., B. J., E. Þ.

nei: Gunn. S., M. P., Ó. P., P. O., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. H., E. E., B. Sv.

Einn þm. (Þorst. J.) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 6 atkv.

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 69).

Frsm. minni hl. (Sigurður Stefánsson): Við flm. höfum engu við það að bæta, sem við sögðum við 2. umr., og vonum, að hv. deild taki málinu jafnvel nú og þá.

Þorleifur Jónsson: Jeg vil aðeins gera stutta fyrirspurn til allsherjarnefndar. Til nefndarinnar hafa komið tvö frv. um skiftingu prestakalla, þetta frv. og annað frá mjer, um Stafafell. Nú hefir nefndin aðeins afgreitt annað frv., en ekkert sjest bóla á hinu, en þar sem þetta virðist ætla að sigla beggja skauta

byr í gegnum deildina, þætti mjer fróðlegt að heyra, hver örlög nefndin ætlar hinu, því mjer hefði þótt rjettast, að bæði frv. hefðu orðið samferða.

Frsm. minni hl. (Sigurður Stefánsson): Jeg lái hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) það ekki, þótt hann spyrji. Jeg get svarað honum því, að nefndin mun innan skamms koma með álit um Stafafellsmálið líka, en klofin, eins og um hitt.

Eiríkur Einarsson: Það virðist liggja í loftinu á þessu þingi að spara, og í samræmi við það hafa ýmsir hv. þm. viljað takmarka sem mest öll fjárframlög til embættaskipunar. Vil jeg í því sambandi minna á kröfur þær, sem fyrir liggja, um bætta læknaskipun, víðsvegar að af landinu. En ef fjölgun læknanna nær ekki fram að ganga, sem engar líkur eru til að þessu sinni, tel jeg ekki rjett að fjölga öðrum embættum, sem ef til vill mætti telja miður nauðsynleg. Ef fjölga á embættum, verður að byrja á rjetta endanum. Jeg er ekki með þessu að mæla á móti ástæðum háttv. flm. (S. St.) hvað örðugleikana þar vestra snertir, heldur aðeins að undirstrika það, að engin ástæða er til þess að hafa fleiri presta en lækna, og að frekar beri að fjölga þeim síðari, ef á annað borð er fjárhagslega hægt að fást við nokkra fjölgun. Jeg vildi þess vegna leysa úr því máli, sem hjer er til umræðu, með því að bera upp rökstudda dagskrá, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

> **Þar eð margir alþm. eru vitanlega þeirra skoðunar, að gæta verði sparnaðar á fje ríkissjóðs um þessar mundir, og eigi er annað sýnna en t. d. nauðsynlegar umbætur á læknaskipun landsins verði óframkvæmdar nú, einkum af þessum sparnaðarástæðum, þá verður að telja það því sjálfsagðara að fresta stofnun annara embætta, sem eigi er hægt að telja eins nauðsynleg og nokkur fjölgun hjeraðslækna, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.**

Þorsteinn Jónsson: Af því að jeg var ekki viðstaddur atkvgr. um þetta síðast, vil jeg gera grein fyrir atkv. mínu nú. Mjer blandast ekki hugur um það, að óviða á landinu er eins mikil nauðsyn á skiftingu prestakalls og þarna. En hins vegar er jeg andstæður því, að tekin verði sú stefna að fjölga aftur prestaembættum, en hún virðist nú vera í aðsigi, þar sem hv. allsherjarnefnd hefir látið á sjer skilja, að hún fallist einnig á frv. hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.), um skiftingu Stafafellsprestakalls. (S. St.: Misskilningur.). Með þessu tel jeg því gefið slæmt fordæmi, á þessum vandræðatímum, og af þeirri ástæðu, að jeg hefi ekki viljað hefja það fordæmi, að byrjað væri á að skifta prestaköllum, þá hefi jeg hætt við að bera fram frv. um skiftingu Kirkjubæjarprestakalls, sem kjósendur mínir höfðu lagt ríka áherslu á að jeg flytti. Sömuleiðis höfðu þeir æskt þess, að jeg og hv. samþm. minn (B. H.) flyttu frv. um skiftingu Hróarstungulæknishjeraðs, sem hjer hefir áður verið margborið fram. En vegna þess, hve mikið vandræðaúlit er nú að öllu leyti, þá höfum við háttv. samþm. minn orðið ásáttir um að flytja þetta frv. ekki heldur. Mjer þætti sanngjarnt, að með tilliti til dýrra ferða milli kirkjusóknanna í Bolungarvík og Ísafirði væri prestinum á Ísafirði veitt sjerstök erfiðleikauppbót.

Jón Auðunn Jónsson: Herra forseti! Jeg skal ekki lengja umr. með því að taka upp aftur neitt af því, sem fram kom við 2. umr. En með skirskotun til ummæla minna þá, um að þá færi fram úrslitaatkvæðagreiðsla um málið, vænti jeg þess, að frv. nái nú fram að ganga, og að sömu menn, sem greiddu því atkv. til 3. umr., greiði því einnig atkv. nú, en á móti dagskránni. En þetta er af því sprottið, að núverandi prestur hafði ákveðið að sækja burtu frá Ísafirði, ef prestakallinu yrði ekki skift, og sækja um annað brauð, sem þá var laust, en umsóknarfrestur er nú útrunninn, og hann sótti ekki, af því að við símuðum honum, að málið mundi ná fram að ganga hjer í hv. deild. Um erfiðleikauppbótina skal jeg aðeins geta þess, að til hennar kemur ekki. Presturinn vill ekki og getur ekki þjónað kallinu óskiftu, þó að launin hækki eitthvað, enda mundu sóknarmenn ekki telja embættinu þjónað á viðunandi hátt, ef skifting prestakallsins næði ekki fram að ganga.

Þorleifur Guðmundsson: Það er dálítið einkennilegt, að það skuli hafa átt sjer stað, að þessi hv. deild skyldi samþ. frv. þetta með miklum meiri hl. Þegar svo stendur á, að alstaðar þarf að spara, og ekkert fje til nauðsynlegra fyrirtækja, þá er það einkennilegt að ganga út á þá braut að stofna til nýrra embætta.

Við höfum þegar nógu marga embættism., og við verðum að gá að því, að þjóðin hefir nóg að bera og að framleiðslan þolir ekki alla þessa embættafjölgun.

Þess vegna gladdi það mig, þegar frv. til laga kom frá hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) og hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.), er fór í þá átt að draga úr þeirri launafúlgu, sem landssjóður verður að gjalda embættismönnunum. Þetta gladdi mig því fremur, sem jeg sá, að hjer átti embættismaður hlut að máli, og að rjettlætið rjeð meiru en ágirndin.

En Adam var ekki lengi í Paradís, og svo fór um gleði mína. Hún hvarf fljótt, er flm. tóku frv. aftur eða stungu því undir stól.

En jeg held mjer fast við þetta, að við verðum alstaðar að spara, og megum þess vegna ekki gegna kvabbi allra þeirra, sem ekki þykjast fá nóg laun. Þau eru orðin nógu há, launin embættismannanna, og ekki vinna þeir allir fyrir þessum þúsundum, sem landssjóður verður að greiða þeim. Framleiðslan gefur svo lítið í aðra hönd. Og jeg vona, að þessum unga og efnilega presti sje ljúft að leggja fram alla krafta sína til starfs í þágu fósturjarðar sinnar og spara fyrir landssjóðinn á þessum neyðartímum.

Frsm. minni hl. (Sigurður Stefánsson): Jeg verð nú að segja það, að mjer kom það dálítið á óvart, að umr. skyldu nú hefjast um þetta mál aftur. Jeg hafði ekki búist við því, og síst að sparnaðarmennirnir yrðu til þess, því vita mega þeir það, þeir góðu menn, að hver stundin er dýr, sem tefur fyrir störfum Alþingis, og að langar umr. kosta landið ekki alllítið, og er það allilt, þegar þær eru ekki þarfari en hjer á sjer stað. Jeg álít, að menn hafi rætt málið svo við 2. umr., að þennan dagskrárleik hefði ekki þurft að hefja nú.

Viðvíkjandi þessum efa, sem altaf er að smástinga upp höfðinu hjer í deildinni, og nú síðast í ræðu hv. 1. þm. Árn. (E. E.), að prestarnir sjeu nú á tímum ekki eins nauðsynlegir og áð-

ur, starfsemi þeirra gagnslaus og margir embættismenn þarfari, þá er því til að svara, að hafi prestarnir verið nauðsynlegir fyr á tímum, eða fram á okkar daga, þá hljóta þeir að vera það enn, og það engu síður.

En svo má líka líta á þetta mál frá hlið safnaðanna, sem leita til þingsins í þessu efni. Þeir viðurkenna fyllilega nauðsyn þessa máls og telja prestana þarfa þjóðfjelaginu. Er þá ekki hart að láta öll mál, sem snerta andlegu stjettina, gjalda þess, að ríkið þurfi að spara. Það er eins og hv. þm. telji sig svo bundna við atkv. sitt í þessu máli, að þeir megi alls ekki frá því víkja í öðrum líkum málum, án tillits til þess, hvort þar stendur nokkuð líkt á. En jeg tel mig ekki bundinn við það og treysti mjer vel að taka aðra afstöðu til annara líkra mála, þrátt fyrir það, þó að jeg ljái þessu máli fylgi, og sama heimta jeg af öðrum hv. þm. Jeg veit, að enginn getur borið mjer það, að jeg sje eyðslusamur á landsfje, hvorki í þessu máli nje öðrum, en jeg lít á brýna og bráða nauðsyn þessa máls, að það nái fram að ganga, eins og jeg hefi margbent á.

Hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) talaði eiginlega bæði með og móti frv., þótt hann yrði helst á móti því að lokum, og að mjer skildist af tómum sparnaði. Það er fjarri mjer að lasta sparnaðarmennina, en jeg krefst þess af þeim, er drepa vilja þetta mál, að þeir verði þá sjálfum sjer samkvæmir síðar meir og greiði atkv. á móti öllum auknum embættisbreytingum, hver sem í hlut á og hvernig sem á stendur. (**Þorst. J.**: Jeg vil veita prestinum erfiðleikauppbót.). En það kemur ekki að neinu haldi, eins og hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) rjettilega tók fram. Presturinn segist ekki geta komist yfir að þjóna þessum mannmörgu söknum, hafi hvorki krafta nje tíma til þess, og úr því slík játun hans liggur fyrir þinginu, þá er ástæðulaust með öllu að fara að troða upp á hann erfiðleikauppbót.

Hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) þótti það undarlegt, að frv. skyldi sigla jafngóðan byr frá 2. umr., eins og raun varð á, en því undarlegra finst mjer, að þeir skyldu ekki þá koma með athugasemdir sínar, úr því þeir höfðu ætlað sjer að drepa frv., og því fremur, sem við flm. mæltumst til þess, að því aðeins hjeldi málið til 3. umr., að nokkurn veginn vissa væri fengin fyrir því, að það ætti að fá að ganga fram í þinginu. — Þá mintist sami hv. þm. (Þorl. G.) á frv., sem jeg hafði verið með að flytja, um lækkun dýrtíðaruppbótar. En hv. þm. (Þorl. G.) skýst þar, er hann segir, að jeg muni hafa horfið frá þeirri lækkun með því að taka frv. aftur. Þetta sýnir, að hann hefir ekki kynt sjer annað frv., er jeg og fleiri þm. flytjum um sama efni og fer fram á miklu meiri lækkun. Þykist jeg því ekki hafa hopað af hólmi nje breytt í nokkru hinni upprunalegu stefnu hins afturtekna frv.

Fleira þykist jeg ekki þurfa að taka fram, en jeg vona, að hv. deild hafi ekki snúist hugur frá því að hún samþ. frv. þetta við síðustu umr., og felli því hina rökstuddu dagskrá. En hitt er mjer gleði, að dagskráin er komin fram af tómum sparnaði, og vænti jeg þá, að þeir menn, sem henni fylgja af þeim ástæðum, hviki ekki frá þeirri stefnu í öðrum málum, sem fyrir kunna að koma síðar á þessu þingi og minni nauðsynjamál eru.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Ottesen): Jeg ætla ekki að rökræða frv. þetta nú,

og því síður er þess þörf, þar sem jeg sje, að rök þau, sem færð eru fram í nál. meiri hl. allsherjarnefndar og ræðum þeim, er jeg hjelt um málið við 2. umr., hafa vakið menn til umhugsunar og sannfært að minsta kosti nokkra hv. deildarmenn um það, að það sje varhugavert að ganga út á þá braut, sem frv. stefnir, og þörfin fyrir skiftingu þessa embættis sje engan veginn svo brýn, sem haldið er fram af flm.

En jeg vildi aðeins leiðrjetta þau orð hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), er hann sagði, að meiri hl. nefndarinnar væri með skiftingunni. Hv. þm. (Þorst. J.) hlýtur að hafa orðið mismæli; það er minni hl., sem er með því, að frv. um skiftinguna nái fram að ganga.

Hv. frsm. minni hl. (S. St.) gat þess, að það að fara nú að hefja umr. um málið gæti kostað meira en laun prestsins næmu eftir skiftinguna, og rjeð því frá að hafa langar umr. um málið, en þar sem honum varð nú það á að halda lengstu ræðuna, þá sannast á honum, að hægra er að kenna heilræðin en halda þau.

Þorleifur Guðmundsson: Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að við hefðum getað kveðið upp úr með álit okkar á þessu máli við 2. umr. þessa máls. Jeg fyrir mitt leyti gerði það með atkv. mínu. En jeg þagði, og það hlýtur að hafa miðað til sparnaðar, samkvæmt kenningu þm. (S. St.). En þegar jeg sá, hvernig frv. flaug í gegnum 2. umr., þá vildi jeg þó á síðustu stundu gera grein fyrir minni afstöðu, ef það gæti orðið til þess að snúa einhverjum til rjetts vegar í þessu máli, því, eins og jeg hefi margtekið fram, þá álít jeg þinginu bera skylda til, eins og fjárhag landsins er komið, að vera á móti þeim embættaaukningum, sem sýnilega geta vel beðið.

Viðvíkjandi verðlagsskrárfrv. er það að segja, að jeg hefi lesið það, en jeg hefi kann ske ekki skilið það. En þó ætla jeg, að dýrtíðaruppbótarfrv. hefði vegið meira en þetta verðlagsskrárfrv., sem nú er fram komið, og svo er þess að gæta, að fyrst verður þó að semja verðlagsskrá, svo lög í þessa átt geta varla komið til framkvæmda fyr en a. m. k. seint á þessu ári, eða einhvern tíma á næsta ári.

Þá vildi jeg segja hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) það, að jeg lofa alls ekki að greiða atkv. á móti öllum fjárframlögum, og það er fjarri mjer, að vilja láta ríkið skera fje við neglur sjer, þegar um verklegar framkvæmdir er að ræða, sem ágóðavon er að. En hjer er alt öðru máli að gegna. Þetta getur aldrei verið nema baggi fyrir landssjóð, og slíkan bagga eigum við alls ekki að binda honum.

Jeg vil ekki með þessu segja, að prestarnir sjeu með öllu óþarfir, en það eru til embættismenn, sem eru þeim langtum nauðsynlegri og þarfari, eins og t. d. læknarnir. Prestarnir eru þegar allmargir í landinu, og prestastjettin verður að leggja þjóðinni til meira af andlegum auði, áður en við fjölgum þeim eða bætum við laun þeirra.

Frsm. minni hl. (Sigurður Stefánsson): Hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), sem nú var að enda með sinn sparnaðarlestur, sagði, að sparnaður dýrtíðaruppbótar samkvæmt hinu nýja frv. okkar kæmi ekki fyr en eftir ár eða seinna. En þetta er misskilningur. Frv. ætlast til, að bráðlega verði samin ný verðlagsskrá, sem hlýtur að lækka dýrtíðaruppbótina þetta ár að stórum mun. Ann-

ars er það mál ekki til umr. nú, svo þess vegna sje jeg ekki ástæðu til að svara honum frekara.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. Árn. (E. E.) feld með 16 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: Gunn. S., H. K., M. P., P. O., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., B. H., E. E., B. Sv.

nei: B. J., E. Þ., Jak. M., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. K., Ó. P., P. J., P. Þ., S. St., Þorl. J., Þór. J.

Frv. samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jak. M., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. K., P. J., P. Þ., S. St., Þorl. J., B. J., E. Þ.

nei: B. H., E. E., Gunn. S., H. K., M. P., Ó. P., P. O., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. Sv.

Frv. afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., þriðjudaginn 29. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 69).

Á 30. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg vil láta fylgja þessu frv. fáein orð til nefndarinnar.

Það hafa altaf verið sparnaðarmenn á þingi, og svo er einnig nú, og sparnaðarstefnan hefir sjaldan haft jafngóðan byr eins og einmitt nú. Jeg er því hissa á, að gamall sparnaðarmaður skuli flytja þetta frv., um fjölgun embættismanna, og ekki nauðsynlegri en hjer er um að ræða.

Það eru aðallega tvær ástæður, sem bornar eru fram fyrir frv. þessu. Fyrst sú, hversu erfitt Hólssóknarmönnum sje að ná til prestsins, og í öðru lagi, hversu erfitt og dýrt sje fyrir prestinn að komast til safnaðarins. Um fyrra atriðið er það að segja, að víðar er erfitt að ná í embættismenn, og þá sjerstaklega læknana. Er því engin ástæða til að skifta þessu prestakalli, fremur en öðrum, sem erfið eru.

Jeg veit auðvitað ekki, hve kirkjuræknin er á háu stigi hjá þeim þar vestur í Hólssókninni, en annarsstaðar er hún svo ljeleg, að lítil ástæða virðist vera fyrir löggjafarvaldið að ausa út fje til þess að fjölga messum í einstökum sóknum, og því engin ástæða til að samþ. frv. þetta. Hvað snertir erfiðleika prestsins, þá er hann vitaskuld skyldugur til að kosta ferðirnar. En þar sem þær eru vitanlega mjög dýrar, þá vil jeg leggja til, að honum verði veitt erfiðleikauppbót.

Jeg hefi tekið þetta fram til athugunar fyrir nefndina.

Guðmundur Ólafsson: Jeg get verið sammála hv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.) í því, að ekki sje ástæða til að fjölga prestum, úr því ekki er hægt að fjölga læknum. — Jeg er kallaður sparnaðarmaður og get því ekki fallist á, að frv. verði samþ., en ekki af því, að jeg telji það óþarft. Hv. þm. (G. Guðf.) sagði, að fólk væri nú svo ókirkjurækið, að eng-

in ástæða væri til þess að fjölga prestunum. En það er einmitt löggjafarvaldið, sem með skiftingu prestakallanna hefir eyðilagt kirkjuaðsóknina. Þetta tel jeg ekki vel farið. Við Húnvetningar höfum orðið fyrir einni samsteypunni, og hefir löggjafarvaldið með henni látið okkur greinilega vita, að við þyrftum ekki á prestum að halda.

Mjer finst illa sitja á hv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.) að vilja heldur veita erfiðleikauppbót heldur en stofna nýtt prestakall. Þessu er jeg algerlega mótfallinn, því að með því er aðeins bætt úr þörf eins manns, en ekki safnaðarins alls. En jeg get þó ekki verið með þessu frv. að svo stöddu, því að byrðarnar á þjóðinni eru svo miklar, að tæplega verður undir meiru risið.

Guðjón Guðlaugsson: Af því að heyrst hefir á þeim, sem tekið hafa til máls, að þeir eru á móti frv. því, sem hjer er til umr., þá stend jeg upp, þar sem jeg er sjerstaklega kunnugur öllum staðháttum þar vestra. Jeg veit vel, að fjárhagsörðugleikarnir eru miklir, en þrátt fyrir það mun jeg greiða frv. þessu atkv. mitt. Jeg geri það sökum þess, að jeg hefi gert það áður, og úr því verið er að hafa presta, finst mjer rjett, að þessi sókn fái sjerstakan prest, því að kauptúnið er fjölment og því óeðlilegt, að það hafi prest með einu fjölmennasta prestakalli landsins, þar sem Ísafjörður er. Þetta nýja prestakall, sem hjer er talað um að stofna, yrði fyrir ofan meðaltal að fólksfjölda, samanborið við önnur prestaköll landsins.

Þetta er þó ekki aðalatriðið, heldur hitt, að prestsþjónusta Ísafjarðarprestsins í Bolungarvík getur aldrei orðið viðunandi, því að ferðirnar þar á milli eru svo erfiðar, dýrar og hættulegar, að oft getur presturinn alls ekki farið, hvað sem við liggur, því landleiðin er oft ófær og sjóleiðin mjög örðug; þó oft sýnist t. d. fært, þegar lagt er af stað frá Ísafirði, getur verið alófært þegar til Bolungarvíkur kemur, því að þar er mjög brimasamt.

Af framangreindum ástæðum verð jeg, þrátt fyrir sparsemisstefnuna, sem jeg vil fylgja, að greiða atkv. með frv. þessu.

Jeg er á sama máli og háttv. 1. þm. Húnv. (G. Ó.), að það sje ekki rjett að greiða erfiðleikauppbót, eins og háttv. 2. þm. Rang. (G. Guðf.) stakk upp á, því að með því er aðeins greitt úr þörf prestsins, en söfnuðurinn er ekki hóti nær fyrir það.

Jeg hefi jafnvel heyrt, að prestur sá, sem nú er á Ísafirði og sagður er mjög samviskusamur maður, vildi alls ekki vera prestur þar, ef Hólssókn verður ekki gerð að sjerstöku prestakalli, og getur því erfiðleikauppbótin ef til vill alls ekki haldið honum. Gæti því vel farið svo, ef prestaskifti yrðu, að þeir yrðu jafnvel ver settir en áður, þrátt fyrir erfiðleikauppbótina, ef þeir fengju annan prest, sem ekki væri eins samviskusamur.

Jeg segi þetta allshn. til athugunar, en hins vegar get jeg ekki verið harðorður í garð þeirra, sem vilja spara á þessum tímum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 69, n. 228).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Nefndin hefir lagt á móti því, að þetta frv. verði samþ., og ber einkum fyrir sig fjárhagsvandræðin, sem yfir standa. Um þetta var nefndin öll einhuga. Að öðru leyti litu nefndarmenn nokkuð ýmsum augum á málið. Jeg lít svo á, að margt muni nú slæðast í gegnum þingið, sem síður skyldi en þetta. En í sjálfu sjer er það ekki nóg ástæða til þess að greiða frv. atkv. Enda er það svo, að þótt fjárhagsástæðan vegi mikið í mínum augum, þá bætist það og við, að jeg er hneigður til að líta svo á, að fremur beri að fækka prestum en fjölga. Störf þeirra hafa verið minkuð nú á síðari árum; meðal annars hefir barnafræðslunni að mestu verið ljett af þeim. Jeg get nokkuð um þetta borið af kunnugleika í sveitum, og þar virðist mjer prestar gætu haft miklu meiri störf en nú er. Fyrir því lít jeg svo á, að hægt sje að komast af með færri presta, en tel þá rjett að launa þá svo vel, að þeir gætu gefið sig við starfi sínu óskiftir.

ATKVGR.

Frvgr. **feld** með 9 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. H. K., B. K., E. Á., G. G.
nei: S. J., S. F., G. Guðf., G. Ó., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., S. E., G. B.

Einn þm. (K. E.) fjarstaddur.

2. Þingmannakosning í Reykjavík.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík (A. 150).

Á 27., 28., 30., 36. og 37. fundi í Nd., dagana 19., 21. og 30. mars og 6. og 7. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 8. apríl, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta er svo ofureinfalt mál, að það ætti ekki að þurfa langa framsöguræðu til að skýra það. Hjer er aðeins farið fram á að bæta úr misrjetti, sem höfuðstaður landsins hefir orðið að þola um langan tíma. Að vísu var lítils háttar úr þessu bætt á síðasta þingi, en sú rjettarbót náði skamt, og nú hefi jeg viljað gefa hinu háa Alþingi tækifæri til þess að sýna höfuðstaðnum fullkomið rjettlæti og láta hann fá þá þingmannatölu, sem honum að rjettu lagi ber, og það því fremur, sem þurft hefir lengi eftir því að bíða. Jeg veit, að það vakir fyrir sumum háttv. þm., eins og fram kom í fyrra, um þetta mál, að það þurfi gagngerða endurskoðun á kjördæmaskipun landsins. Jeg hefi ekkert á móti þeirri endurskoðun, og í raun rjettri hefði sú endurskoðun nú átt að liggja fyrir þinginu frá hæstv. stjórn, samkv. þingsályktun síðasta Alþingis. En jeg sje ekki, að sú endurskoðun þyrfti að tefjast nokkuð eða verða á annan veg, þó þetta frv. yrði að lögum. Jeg geri ráð fyrir, að tala þm. yrði að mestu leyti, eins og verið hefir, miðuð við mannfjölda eða kjósendatölu, og þótt Reykjavík væri þá búin árinu fyr að fá þá þm.tölu, sem henni ber, þá væri það ekki nema sanngjörn uppbót fyrir það, hve lengi hún hefir þurft eftir því að bíða. Í ástæðum frv. þessa eru færðar sterkar sannanir fyrir því, að þessi fjölgun þm. fyr-

ir Reykjavík hafi við fylstu rök að styðjast, samkvæmt þeirri venju, sem virðist hafa vakað fyrir löggjafanum, að miða tölu þm. við fólksfjölda.

Þannig hefir kaupstöðum landsins verið veittur rjettur til þess að verða kjördæmi út af fyrir sig, þegar þeir hafa náð þeirri íbúatölu, sem þá hefir verið meðaltal í öðrum kjördæmum landsins.

Jeg neita því ekki, að einstöku kjördæmi landsins eiga við dálítið misrjetti að búa í þessu efni. Mætti þar til nefna Hafnarfjörð, sem nú kýs með Gullbringu- og Kjósarsýslu, en ætti að rjettu lagi að fá sjerstakan þm., móts við önnur kjördæmi, og það er síður en svo, að jeg hafi á móti því, og skyldi vera fyrstur manna til þess að ljá því liðsyrði og fylgi að gera Hafnarfjörð að sjerstöku kjördæmi.

Stefna hins háa Alþingis í þessu hefir einmitt verið sú, sem frv. þetta fer fram á, og það mætti telja næsta undarlegt, ef það nú breytti út af þeirri stefnu, þar sem hún sýnist líka bygð á fullri sanngirni, og því undarlegra virðist það, ef sú stefnubreyting yrði nú í þessu, þar sem höfuðstaður landsins á í hlut.

Auk þingmannafjölgunar er í frv. farið fram á nokkrar umbætur á kosningalögum Reykjavíkur. Undanfarið hafa altaf komið umkvartanir við kosningar hjer í bæ, og nú síðast við kosningarnar til yfirstandandi þings, og eins og hv. þm. mun reka minni til, varí fyrra ónýtt kosning þm. fyrir Reykjavík vegna galla. Þessir gallar hafa leitt af því, að Reykjavík er vaxin upp úr kosningalögunum, sem samin hafa verið fyrir landið í heild og eiga í mörgu illa við Reykjavík. Úr þessu á frv. að bæta, og þó eitthvað sjeu skiftar skoðanir um þingmannatölu þá, sem 1. gr. frv. nefnir, þá get jeg ekki skilið, að nokkur hv. þm. vilji leggjast á móti þessu. — Reyndar trúi jeg því ekki, að hv. þm. vilji ekki veita Reykjavík rjetta þingmannatölu, að jeg ekki nefni það, sem skotið er að mjer, að sumir hv. þm. ætli að fella frv. frá 2. umr. Þó ekki væri nema vegna umbótanna á kosningalögunum, ætti frv. að sjálfsögðu að komast fram.

Það er óhugsandi, að kosningar geti farið hjer vel fram, ef gömlu lögin eru óbreytt.

Vegna þess, hve kjósendur eru margir hjer, er alt of seint að láta kosningar byrja kl. 12, því þá verða þær ávalt að standa fram á nótt. Reykjavík þarf því að fá heimild til þess að byrja kosningar fyrir hádegi, svo kosningar geti gengið nægilega fljótt fyrir sig. Í þriðju grein er farið fram á að skifta bænum í kjördeildir eftir bæjarhlutum eða stafrófsröð. Þetta heimildarákvæði er svo nauðsynlegt, til þess að kosningar geti gengið sem fljótast, eins og til hagar í Reykjavík, að þm. geta ekki haft neitt við það að athuga.

Mjer hafði dottið í hug að vísa málinu til allsherjarnefndar, en með því að henni var áðan fengið flókið mál til íhugunar, sem hlýtur að taka hana langan tíma, þá datt mjer í hug, hvort ekki mætti vísa því til einhverrar annarar nefndar. Jeg veit raunar ekki vel, í hverja nefnd það ætti þá að fara. Helst hefi jeg hugsað mjer mentamálanefnd, því sú nefnd hefir lítið að gera, en jeg vildi helst vísa því í nefnd, sem afgr. það fljótt. Jeg legg að vísu ekkert kapp á þetta, en ef hægt er fyrir þingsköpunum, sem hæstv. forseti mun segja til um, þá þætti mjer það best. (**Forseti:** Sjálfsagt ekkert því til fyrirstöðu.). Jeg sje

þá ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en vona, að hv. deild farnist vel við frv.

Magnús Jónsson: Það verða aðeins örfá orð, því frv. er mönnum kunnugt af umr. um sama mál hjer á þingi í fyrra. Það kom þá fram, að þetta þótti mikil sanngirniskrafa, þó hv. þm. gætu ekki orðið sammála. Rjett nýlega lá mál hjer fyrir hv. deild, sem miklu minni þörf sýndist að athuga nánara, þar sem það fór fram á skýlaust brot á gerðum samningi ríkisins, en var þó vísað bæði til 2. umr og nefndar. Jeg vona því, að engin hæfa sje í þeim orðasveim, að þm. ætli sjer að fella frv. þetta frá 2. umr., þó að þeir hafi verið að leika sjer að því að hafa prófkosningu á undan 1. umr. Jeg vil styðja till. hv. flm. (J. B.), um að vísa frv. til mentamálanefndar, sem hefir annars lítið að gera.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 18 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. Þ., Þorst. J., B. J., Gunn. S., Jak. M., J. B., J. Þ., M. J., B. Sv.

nei: M. K., M. P., Ó. P., P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., B. H., E. Þ., E. E., H. K., J. A. J., J. S., M. G.

3. Stofnun dócentsembættis.

Á 19. fundi í Nd., fimtudaginn 10. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stofnun dócentsembættis við heimspekisdeild Háskóla Íslands (A. 122).

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg er hv. nefnd þakklátur fyrir það, að hún hefir flutt þetta frv. fyrir mig, en jeg er ekki við því búinn nú að gera frekari grein fyrir því, og jeg vildi þess vegna mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki það út af dagskrá og setji það ekki inn aftur nema í samráði við mig.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. og 36. fundi í Nd., dagana 30. mars og 6. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 7. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr. (A. 122).

Forsætisráðherra (J. M.): Það er rjett, sem sagt er hjer í greinargerðinni, að þetta frv. er borið fram af nefndinni fyrir mína hönd. Mjer finst ekki þörf á að fara mörgum orðum um frv., því að það er bein afleiðing af því, sem fjvn. þingsins 1920 hefir þegar gert og gengið að, að láta þennan mann hafa sömu kjör og dócenta við háskólann. Þetta veldur ekki nýjum fjárútlátum, því að það er ekki verið að stofna neitt nýtt embætti, nema að forminu, því að sá maður, dr. Alexander Jóhannesson, sem embættið er ætlað, gegnir þegar kenslustörfum við háskólann með þeim kjörum, sem frv. gerir ráð fyrir. En jeg get hugsað, að menn vildu binda það við nafn hans, enda mun von á brtt. í þá átt, og er ekkert við það að athuga.

Jeg vona, að hv. deild lofi því að ganga áfram, því að sem sagt er ekki gjaldaauki að því, eftir því sem áður hefir verið til stofnað, en rjettara að ákveða það svona heldur en hafa það í fjárlögunum eingöngu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 122, 262).

Jón Þorláksson: Brtt. á þskj. 262 er ekki fram komin af því, að mjer sje ant um þetta frv., heldur eingöngu af því, að mjer var tjáð, að þessi maður hefði fengið loforð fyrir stöðunni hjá stjórn og þingi, og fer brtt. fram á, að það loforð sje efnt, en ekki lengra farið.

Jeg hafði vænst þess, að frá því hefði verið skýrt við 1. umr. málsins, hvernig loforð þetta var til komið, en það var ekki gert þá. Með brtt. er fyrir það girt, að stofnað sje fast embætti, sem veitt verði öðrum, ef sá, er nú gegnir því, fellur frá eða lætur af starfinu.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg heyrði ekki ræðu hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), en hugsa, að hún hafi ekki verið bein fyrirspurn. Það er rjett athugað, að það má líta svo á, að ekki hafi komið neinn löglegur samningur í þessa átt. En aðallega kom þetta til milli dr. Alexanders og fjárveitinganefnda beggja deilda.

Hann hafði þjónað hjer þýska konsúlatinu, og varð það að umtali við nefndina, eins og hv. þm. Dala. (B. J.) man og veit, að af því var það gert að skilyrði, að hann legði niður þau störf, er hann tæki við þessu. Var það aðallega vegna þess, ef hann átti að fá dýrtíðaruppbót fulla. Þetta varð svo samkomulag fjárveitinganefnda beggja deilda, en jeg hefi ekkert annað gert en lokið við það. Hvort sem á að telja það reglulegt, þá geri jeg ráð fyrir, að Alþingi sje bundið við það, því að maðurinn misti hitt embættið.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg viðurkenni, að það er rjett, sem hæstv. forsrh. (J. M.) tók fram um fjárveitinganefndina, að hún vissi til, að kenslumálastjórnin vildi eigi veita dr. Alexander Jóhannessyni fast kennarastarf, nema hann legði niður starf sitt sem þýskur ræðismaður. Og eftir sameiginlegan fund nefndanna í þinglok varð það að samningi við hann, að hann hjeldi áfram kenslu við háskólann með sömu launum og dócentar. Mál þetta lá svo fyrir, að það varð að skera úr um það, hvort maður þessi ætti að hætta vísindastarfsemi eða hverfa burt, og var hvorugt arðvænlegt.

Hugur hans hneigðist mest að vísindastarfi hjer innanlands, og fjárveitinganefnd þótti skaði að missa manninn, svo að hún tók það ráð að ganga að þeim kjörum, eins og hæstv. forsrh. (J. M.) hefir tekið fram, að ráða hann til skólans, og þing og stjórn við það bundið.

Þar sem því ekki er eyriskostnaður við það, tel jeg sjálfsagt að samþ. frv. Að embættið verður bundið við nafn hans er bara skemtilegra fyrir manninn, og þar með er það trygt, að starfinu verður ekki haldið áfram í framtíðinni, nema hæfur maður verði til.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefði má ske átt að biðja um yfirlýsing formanns hv. fjárveitinganefndar, en hv.

þm. Dala. (B. J.) er frsm. nefndarinnar um þann kafla í fjárlögunum, er þetta heyrir undir, og því vísaði jeg til hans, enda hann málinu kunnugastur.

Pjetur Ottesen: Það hefir verið að því fundið, að stjórnin hafi greitt ýmsar fjárveitingar eftir till. fjvn., án þess að það hafi verið borið undir þingið í heild sinni. Mest brögð hafa verið að þessu á síðastl. ári, og má ekki láta slíka aðferð vera óvítta. Nú kom það í ljós, bæði í ræðu hæstv. forsætisráðherra (J. M.) og hv. þm. Dala. (B. J.), að fjvn. hafa ráðið þennan kennara, sem nú á að fara að gera að fóstum embættismanni, með stofnun þessa embættis, og töldu þeir báðir þingið bundið af þessu. Jeg mótmæli slíkri verslun. Jeg mótmæli því líka, sem hæstv. forsrh. (J. M.) sagði, að frv. hefði ekki eyrisfjárútlát í för með sjer fram yfir það, sem nú er. Það er sitthvað, að veita ákveðnum manni fje í fjárlögum til þessarar kenslu, eða stofna fast embætti, eins og hjer er farið fram á.

Forsætisráðherra (J. M.): Í frv. getur legið dálítil frekari fjárveiting í framtíð en sú, er fjárlögin veita einstökum manni. En við 1. umr. gerði jeg ráð fyrir þeirri brtt., sem jeg vissi að mundi koma fram, um að binda embættið við persónu, og sje það gert, þá er enginn munur á því. Ef haldast ætti samkomulag hans við fjvn., þá ættu launin að hækka eftir reglunum um dócentsembætti. En hann þyrfti ekkert að greiða í lífeyrissjóð, fengi því ekkert úr honum á síðan, og mætti búast við, að hann fengi eftirlaun beint úr ríkissjóði.

Út af ummælum hv. þm. Borgf. (P. O.) skal jeg enn einu sinni taka það fram, að orsökin til þess, að ekki var frá þessu gengið formlega, er sú ein, að þinginu var slitið svo skyndilega í fyrra og farið frá hálfgerðum verkum, sem stjórnin varð að ljúka. Í framtíðinni á þetta ekki að koma fyrir.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Það getur vel verið að það sje ekki heppilegt, að fjárveitinganefnd með stjórninni ráði fjármálum til lykta sem þessu. Þó er sú þingvenja gömul og sá siður er til, að nefndir haga sjer ekki eins og sjálft fjárveitingarvaldið. Þó fyrirskipa þingsköp, að nefndir skuli spyrja fjvn. til ráða um fjárveitingar sínar. En á þessu þingi hafa þær ekki gert það, og væri þm. nær að halda lög en að víta sjálfsögð verk. Verst hefir þó verið ein nefnd, sem hv. þm. Borgf. (P. O.) er í, og er það sjerstakt dæmi, er heimilað var fje í forboði fjvn., alt að hálfri miljón.

En hjer er það fjvn., sem gefur heimild til stjórnarinnar, er hún fór eftir, af því að ekki varð hjá því komist, þar sem það bar svo bráðan að.

Það var rjett hjá hæstv. forsrh. (J. M.), að fje var veitt í fjárlögunum, en það var ónóg til að lifa af því, og annaðhvort varð maðurinn þá að hætta við starfið og flýja á náðir útlendra ríkja, eða fara eftir till. hæstv. forsætisráðh., og meiri hl. nefndarinnar var kunnugt um, að þessi ungi maður var duglegur og áhugasamur um sína vísindagrein.

Hann hefir samið merkilegt rit í samanburðarmálfræði. Það hefir lítið verið dæmt hjer, en jeg hefi sjeð það í blaðadómum erlendum, að engin ritverk eru talin jafnvandasöm, og 4 eða 5 sjerfróðir vísindamenn, bæði í Þýskalandi og Hollandi, telja bókina mjög merkilega gott verk.

Það veitti ekki af að forða hv. þm. frá því að binda svona mann við há-

skólann, þar sem tilfinnanlega vantar kenslukrafta í íslenskum fræðum, — málfræði og íslenskri tungu, og náskyldum málum, bæði þýsku og öðrum skyldum norrænu.

Og þessi maður er sjerlega fróður í gotnesku og engilsaxnesku. Allir eru sammála um það, að ef háskólinn hjer á að vinna sjer veg, þá verður að leggja áherslu á íslensk fræði og fornnorræn, og ætti að vera deild fyrir hverja sjerstaka fræðigrein. Þá ætti það að geta orðið, að Háskóli Íslands yrði fremsti háskólinn í þessum fræðum, svo menn sæktu til hans alstaðar að úr heiminum. En þá yrði að kosta meira til hans og knýta við skólann mannvali áhugasamra og efnilegra vísindamanna.

En menn geta víst seint skilið þau sannindi, og það er reyndar nýtt stafróf, því að annars hefði ekki að undanförnu orðið að búa undir því, að ekki hefir verið tímt að fá næga krafta til skólans, síðan háskólinn var stofnaður. Það hefir ekki verið álitið rjettlátt að veita lífsuppeldi þeim snillingum, er verja tíma sínum til að skara fram úr í listum og vísindum. Þegar þeir svo eru búnir að verja 15—20 árum æfi sinnar til undirbúnings, þá gæti jeg hugsað, að þeir væru farnir að eldast, er það legst í þessa hv. deild að fara nú að veita þeim laun, og þá með sama hætti og svo mýmargar aðrar fjárveitingar hafa gengið í gegnum hana, eða með sama hætti og þessi fjáraukaveiting, og vona jeg, að þessi fái þá að fylgjast með.

Jón Þorláksson: Þessu frv. hefir, samkvæmt því, er nú hefir fram komið, að ófyrirsynju verið troðið upp á mentamálanefnd til flutnings. Fjárveitinganefnd hefði átt að bera það fram, ef það er rjett, að hún hafi bundið sig með loforðum. En jeg vil benda á, að þeir hv. þm., sem greiddu atkv. með fjárveitingu til þessa starfs í fyrra, eru á engan hátt skyldir að vera með stofnun nýs embættis, þó að það sje honum ætlað.

Jeg vildi ekki láta telja mig bundinn af slíku, því að það er sitthvað að veita hæfum manni styrk til einhvers starfa eða stofna nýtt, fast embætti, sem altaf verður að fylla, hvort sem hæfir menn fást til þess eða ekki. Þó að jeg hafi ekkert á móti þeim manni, sem um er að ræða, mun jeg greiða atkvæði gegn frv., því að jeg álít stefnu þess ekki heppilega, og jeg býst við, að jeg sje ekki einn um það álit.

Eiríkur Einarsson: Jeg vildi geta þess um þá ákvörðun mentamálanefndar að flytja þetta frv., að jeg og fleiri nefndarmenn gerðu það með skilorði og höfum óbundnar hendur. Þetta kemur að vísu óbeinlínis fram í greinargerð frv., en þó vildi jeg taka þetta fram, til þess að fyrirbyggja allan misskilning.

En fyrst jeg stóð upp, leyfi jeg mjer að taka það fram, að jeg get ekki orðið með till. á þgskj. 262, og það af þeirri ástæðu, að ef rjett er að stofna þetta embætti, þá er það eingöngu af því, að svona lagað embætti er nauðsynlegt við háskólann, án tillits til þess, hvaða maður verður settur til að gegna því. Till. í þá átt, að binda embættið við nafn ákveðins manns, bendir um of í þá átt, að of mikið tillit sje tekið til persónunnar, en það hefir löngum viljað við brenna á Alþingi Íslendinga. Það er öðru nær en að jeg amist við þessum manni. dr. Alexander Jóhannessyni, og jeg vil

ekkert draga úr því lofi, sem hann hefir fengið hjer, og það eflaust að verðleikum. En jeg álít, að ekki sje rjett að leggja persónulegan mælikvarða á slík mál sem þetta. Það ber aðeins að líta á embættið, hvort það sje nauðsynlegt eða ekki, og eftir því á að samþ. það eða fella.

Hjer er haft að yfirvarpi, að verið sje að styrkja norrænu, en ef það væri af heilindum mælt, mundi í embættið valinn sjerfræðingur í norrænu, en maðurinn, sem um er að ræða, er sjerfræðingur í þýskum fræðum, og þar er tekið af öfugum enda. Jeg vildi þess vegna helst, að þessi till. yrði tekin aftur eða feld, og hreinlega yrði greitt atkv. um það, hvort stofna ætti embættið eða ekki.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg get ekki látið undir höfuð leggjast að vísa á bug ásökunum og aðdróttunum hv. 1. þm. Árn. (E. E.) um yfirvarpsástæður. Það getur verið, að hann telji sjer sæma að brigsla mjer um slíkt. Hitt get jeg ekki þolað, að heimspekideild háskólans sje borið slíkt á brýn, og jeg held, að hv. þm. (E. E.) væri hollara að fara heim og læra betur, áður en hann setur henni fyrir. Það er vitað, að hv. þm. (E. E.) hefir ekkert vit á þessu máli móts við hana.

Eiríkur Einarsson: Jeg brá ekki heimspekideild háskólans um yfirvarpsástæðu og nefndi hana ekki í þessu sambandi. Hnjóðsyrðum hv. þm. Dala. (B. J.) til mín verð jeg því að vísa heim til föðurhúsanna.

ATKVGR.

Brtt. 262. samþ. með 16 : 2 atkv.

1. gr., svo breytt, **f e l d** með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Gunn. S., H. K., Jak. M., M. J., M. K., M. P., P. Þ., Þorl. G., Þorl. J., B. J.

nei: J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., E. E.

Tveir þm. (B. Sv. og Ó. P.) fjarstaddir.

---

4. Kosningarrjettur til bæjar- og sveitarstjórnar.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. mars, var útbýtt

Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 49, 30. nóv. 1914 (A. 84).

Á 14. fundi í Nd., föstudaginn 4. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jakob Möller): Það er eins um þetta frv. og hitt, sem jeg áðan flutti, að það er samið af bæjarstjórn og falið okkur þm. bæjarins til flutnings, án þess að við viljum í raun og veru gera öll orð þess að okkar orðum. Höfum við því áskilið oss óbundnar hendur um einstök ákvæði þess, eins og greinargerðin ber með sjer. Tveir flm. hafa hvergi komið nálægt samningu frv. og því ekki nema eðlilegt, að þeir hafi eitthvað við það að athuga.

Helstu breytingar, sem frv. fer fram á, eru:

1. Að þeginn sveitarstyrkur svifti menn ekki kosningarrjetti nje kjörgengi til bæjarstjórnar.

2. Að þeim kjósendum verði varnað að neyta kosningarrjettar síns, sem standa í skuld fyrir skattgjaldi til bæjarsjóðs.

Samkvæmt gildandi lögum hafa þeir menn einir kosningarrjett, sem gjalda í bæjarsjóð. En frv. fer fram á að sleppa gjaldskyldunni og sveitarstyrk.

Ýmsum mun nú líklega þykja nóg að gert, þó aðeins yrði fallið frá gjaldskyldunni og ekki meira. — En frv. vill hjer slá tvær flugur í einu höggi og alls ekki meta kosningarrjett manna til peninga. Og þess verður aldrei mjög langt að bíða, að slíkum rjettarkröfum fáist framgengt. Hugsunarháttur manna er nú smátt og smátt að breytast frá því sem áður var, og krafan um það, að fjárhagur manna hafi ekki áhrif á borgaralegan rjett þeirra, er að verða háværari, ekki aðeins erlendis, heldur einnig hjer.

Þessi krafa kemur nú fram hjer í frv., ekki frá einstökum flokki manna, heldur sem almenn krafa bæjarbúa, fyrir munn bæjarstjórnarinnar. Því þó ágreiningur nokkur hafi orðið í bæjarstjórninni um frv., þá hefir hann meira verið um einstök atriði þess. Aðalstefna frv. er samkv. eindregnum vilja meiri hl. bæjarstjórnarinnar.

Jeg skal taka það fram, að það virðist vera nokkurt ósamræmi í frv., þar sem það annars vegar fer fram á, að gjaldskylda sje ekki sett sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, en hins vegar þó það skilyrði sett fyrir því, að kjósandinn fái að neyta kosningarrjettar síns, að hann skuldi ekki bæjarsjóði nein gjöld, sem honum ber að greiða. Og jeg skal taka það fram nú þegar, að þetta ákvæði frv. get jeg ekki fallist á. En jeg býst við, að bæjarstjórnin gangi hjer út frá því, að gjöldin sjeu lögð þeim einum á herðar, sem geti borgað, og því stafi greiðsludrátturinn frekar af viljaleysi en getuleysi kjósandans, og megi hann því sjálfum sjer um kenna að vera sviftur kosningarrjettinum.

En dráttur á innheimtunni getur og verið sök innheimtuvalds, en þá væri ekki rjettlátt að láta það koma gjaldanda í koll.

Eins og nú er, þá er þeim mönnum, sem ekki eru aflögufærir, hegnt með því að svifta þá kosningarrjetti. Þetta hljóta menn að finna að er rangt, því örbirgð manna stafar venjulega af óviðráðanlegum ástæðum, heilsubresti, ómegð o. fl. Fyrir þessar sakir eru svo saklausir menn látnir sæta refsingu og settir á bekk með illræðismönnum. Allir hljóta að viðurkenna, að þetta má ekki lengur svo til ganga, og að þessum mönnum bera full mannrjettindi. Helsta ástæðan til að vera á móti þessari sjálfsögðu rjettarbót hefir verið talin sú, að ýmsir óverðugir yrðu þar með kosningarrjettarins aðnjótandi. Það getur vel verið. En hitt er líka víst, að eins og er, fara margir verðugir á mis við þennan rjett.

Það nær því engri átt lengur að binda kosningarrjett manna við fjárhaginn, því fjárhagurinn er engin trygging fyrir því, að maður noti atkv. sitt rjettilega. En hitt er nær sanni, að setja þau skilyrði fyrir kosningarrjetti, að maður sje fjár síns ráðandi, þ. e. hafi ekki verið sviftur fjárforræði, sakir óvits, og í annan stað að maður hafi ekki gerst brotlegur við lög landsins, þannig að mannorðsspjöll hafi af hlotist.

Eins og jeg sagði áður, er þessi sjálfsagða rjettlætiskrafa nú almenn orðin um allan heim. Hún hlýtur að fá framgang, einnig hjer á landi, fyr eða síðar, Og jeg tel hiklaust rjett, að henni verði sem allra fyrst fullnægt, og því beri að samþ. þetta frv. nú þegar, óbreytt í aðalatriðum.

Bjarni Jónsson: Jeg hygg, að í löggjafarsögu okkar Íslendinga sje um einna auðugastan garð að gresja hjá bæjarstjórn Reykjavíkur, ef leita skal að gerræði í löggjöf.

Kemur þetta gerræði í ljós í því frv., er hjer var næst áður til umr. Þar er einstökum flokki eigenda sýnt gerræði, með því að þeim er ekki gert jafnhátt undir höfði og öðrum eigendum.

Í því frv., sem hjer liggur fyrir, er einnig gerræði sýnt einstökum mönnum, og er í því fólgið, að bæjarstjórnin vill svifta alla þá kosningarrjetti, er eiga ógoldin skattgjöld í bæjarsjóð, þegar kosning fer fram. Er heimilt, samkvæmt frv., að strika út af kjörskrá, rjett fyrir kosningu, alla þá menn, sem ekki hafa greiðslum lokið til bæjarsjóðs. Þetta er gerræði við einstaka menn, en jafnframt ágætt vopn í hendi bæjarstjórnar til þess að hafa áhrif á kosningar. Hún heimtir gjöldin inn, og henni er í lófa lagið að ganga vægt eftir greiðslum hjá þeim mönnum, er henni eru andvígir, en strika þá síðan út af kjörskrá rjett fyrir kosningar. Mega nú allir sjá, hve þetta ákvæði frv. er rjettlátt og heppilegt.

Þó kemur fram í þessu frv. nokkuð, sem annars er fágætt hjá bæjarstjórninni, og það er, að í fyrri hluta frv. er um allmikla rjettarbót að ræða, þar sem feld eru niður bæði gjaldskylda og þeginn sveitarstyrkur sem skilyrði fyrir kosningarrjetti. En þegar til seinni hluta frv. kemur, keyrir um þverbak. Því þar eru þær rjettarbætur teknar aftur, sem heimilaðar voru í fyrri hlutanum. Er þar ekki eingöngu sýnt gerræði einstökum flokki manna, heldur líka allri heilbrigðri hugsun, því fyrri og síðari hluti frv. stangast eins og reiðir hrútar.

Í fyrri hluta frv. er gjaldskyldan tekin burtu, og svo sveitarstyrkurinn, sem skilyrði fyrir kosningarrjetti. Þetta hvorttveggja er mikil rjettarbót. Er það einn mesti smánarbletturinn á íslenskri löggjöf, að slík skilyrði skuli eigi hafa verið niður feld úr stjórnarskrá vorri. En ekki er það mín sök, því jeg gerði alt sem jeg gat til þess að fá þessi skilyrði burt úr stjórnarskránni.

En enn þá heldur bæjarstjórnin fram skilyrðinu um óflekkað mannorð í þessu frv. Það þykir enn þá sjálfsagt og rjett, að flekkað mannorð svifti menn helgustu borgararjettindum. En flekkað mannorð er það kallað, ef menn þola refsingu fyrir hin stærri afbrot.

Sjálf tekur þjóðin sjer vald til þess að refsa slíkum mönnum, og mælikvarðinn á mannorð hennar og siðgæði ætti að vera sá, hvernig henni ferst við þessa menn.

Sumir vilja í þessu efni fylgja fram reglunni: „auga fyrir auga og tönn fyrir tönn“, og gæti þá samkvæmt henni refsing fyrir öll stærri afbrot varað æfilangt.

Aðrir halda því fram, að refsingin sje og eigi að vera afbrotamönnunum til betrunar. Og virðist sú stefna vera hjer ríkjandi, eins og nafnið „betrunarhús“ bendir til. Jeg vil nú ósagt láta, hvort sú betrunarvist og þau ágætu uppeldisbrögð, sem þar eru um hönd höfð, sjeu veslingum til góðs. En ef sú skólavist er afbrotamönnum til betrunar, þá ættu þeir ekki að koma verri út aftur. Og finst mjer þá harla undarlegt að banna þeim mönnum kosningarrjett og önnur borgararjettindi, sem ef til vill í mörg ár hafa notið fyrirmyndaruppeldis í betrunarskóla þjóðarinnar. En eins og nú standa sakir, er slíkum mönnum ekki

aðeins bannaður kosningarrjettur, heldur hafa þeir einnig fyrirlitningu almennings.

Úr því nú bæjarstjórnin á annað borð gekk svona langt, eins og fyrri hluti frv. ber með sjer, þá tel jeg rjett, að gengið sje enn feti lengra og þessum mönnum leyft að fljóta með upp að kjörborði. Þeir eru ekki svo margir, að það geri nokkurn verulegan mun, og svo er hitt, að jeg fyrir mitt leyti treysti ekki að taka þá menn alla í ábyrgð, sem nú ganga óhindraðir að kjörborði, vegna þess, að þeir eru af almenningi taldir hafa óflekkað mannorð.

Svo er þetta alveg hugsunarvilla, þegar frv. fellir niður sem kosningarrjettarskilyrði skattgjald í bæjarsjóð og það að vera skuldlaus fyrir þeginn sveitarstyrk, að taka atkvæðisrjettinn af mönnum, ef þeir hafa ekki greitt sveitarútsvar sitt vissan dag þetta og þetta ár. Hvers vegna ætti að taka atkvæðisrjett af þeim, sem ekki getur borgað skuld sína við sveitarsjóðinn, þar sem hver önnur lögmæt skuld getur ekki svift menn atkvæðisrjetti. Þetta er mjög ósamhljóða hjá höfundi frv., að seinni partur greinarinnar tekur gersamlega aftur það, sem veitt er í fyrri setningunni og jeg tel vel gert og lofsvert.

Jeg vona, að hin háttv. nefnd, sem fer með málið hjer í deildinni, geti lagað það svo í meðferðinni, að þær rjettarbætur, er það ber með sjer, fái að njóta sín, en kippi burtu þessari hugsunarvillu, sem felst í því.

Gunnar Sigurðsson: Hv. þm. Dala. (B. J.) hefir að mestu tekið af mjer ómakið, að tala mikið um þetta frv. Jeg get þó ekki orða bundist að minnast á, hve fáránlegt þetta frv. er frá höfundanna hendi.

Aðalstefna frv. er rjettlát, nefnilega sú, að svifta menn ekki kosningarrjetti, þó að þeir hafi þegið sveitarstyrk, því að það er ómannúðlegt og engin sanngirni í að svifta þá kosningarrjetti, sem verða fyrir því óláni að missa heilsuna, og setja þá þar með á borð með glæpamönnum.

Þá er það beint svívirðilegt að taka atkvæðisrjettinn af þeim mönnum, sem verða styrkþurfar sakir þess, að ómegð hleðst á þá. Það geta oft verið nýtustu mennirnir í þjóðfjelaginu, og efnileg börn eru miklu meira virði en skuldir þeirra við sveitarsjóði.

En svo kemur þessi makalausi seinni partur. Það lítur út fyrir, að bæjarstjórnin haldi, að hún nái gjöldum til bæjarins betur inn með þessu ákvæði. En það mundi geta haft öfuga afleiðingu. Benda má á, að menn þyrftu ekki annað en segja sig til sveitar rjett fyrir kosningarnar, og ná þá kosningarrjetti. Með þessu ákvæði er líka opnuð leið að hættulegu mútukerfi.

Menn gætu innleitt þá reglu að bjóðast til að greiða útsvar fyrir kjósendur, gegn því, að þeir fylgdu sjer að málum eða sínum flokksmönnum.

Jeg skal svo ekki taka fleira fram að sinni, en jeg vil geta þess, að jeg álít, að færa ætti aldurstakmarkið niður í 21 ár, og mun rökstyðja það nánara síðar.

Jón Þorláksson: Jeg ætla aðeins að taka fram nokkur atriði, til athugunar fyrir þá hv. nefnd, sem væntanlega fjallar um þetta mál.

Það er þá fyrst, hvort ekki muni ástæða fyrir löggjafarvaldið að setja ein lög um kosningarrjett til sveitarstjórnar um land allt. Þau munu vera nokkuð mismunandi nú. Og jafnframt vil jeg hreyfa því, hvort ekki væri æski-

legt, að kosningarrjettur til sveitarstjórna væri sem líkustum skilyrðum bundinn og kosningarrjettur til Alþingis. Í því sambandi vil jeg minnast á kjörskrárnar. Það hefir sýnt sig hjer í Reykjavík, að það er afarmikið verk og vandasamt að semja kjörskrár til Alþingis og bæjarstjórnarkosninga. Nú er tilhögunin sú, að samin er sjerstök alþingiskjörskrá, sem gildir eitt ár í senn. En fyrir kosningar til bæjarstjórnar er samin önnur sjerstök kjörskrá nokkru áður en kosningarnar fara fram. Þetta fyrirkomulag er afaróheppilegt. En ef það gæti orðið svo, að skilyrði fyrir kosningarrjetti til sveitarstjórna yrðu að miklu leyti þau sömu og til Alþingis, mætti taka til athugunar, hvort þær alþingiskjörskrár, sem samdar eru á hverju ári, gætu ekki, ef til vill með einhverjum viðaukum, gilt líka fyrir kosningar til sveitarstjórnar. Jeg vildi aðeins leyfa mjer að skjóta þessari athugasemd til hinnar hv. nefndar, er fær málið til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 15 shlj. atkv.

Á 30., 32., 33. og 34. fundi í Nd., dagana 30. mars og 1., 2. og 4. apríl, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 84, 86, n. 174, 212).

Jón Baldvinsson: Eins og tekið er fram í greinargerð frv. þessa, hafa flm. þess óbundnar hendur um efni þess. Var það og fyrirfram vitanlegt um að minsta kosti tvo af flm., að þeir voru ósamþykkir sumum atriðum frv., þótt það væri sitt á hvorn veg. Og samhliða því að gerast flm. frv. flutti jeg breytingartillögu um að nema burt agnúa, sem jeg taldi vera á frv., og sú tillaga liggur nú hjer fyrir á þingskjali 86.

En áður en jeg sný mjer að brtt. langar mig til þess að fara nokkrum orðum um nefndarálit hv. allshn., sem haft hefir þetta mál til meðferðar.

Jeg þakka háttv. nefnd það ekki, þótt hún játi, að það sje misrjetti í núgildandi kosningalögum, að menn missi kosningarrjett sinn fyrir þá sök, að þeir hafa „ofþyngd ómegðar“ eða vegna óviðráðanlegra óhappa, t. d. sjúkdóms og heilsubilunar, en hitt lái jeg nefndinni, þegar hún er búin að gera þessa játningu, að þá skuli hún samt sem áður komast að þeirri niðurstöðu, að hún geti ekki mælt með því, að þessum mönnum sje veittur kosningarrjettur og kjörgengi, af því að ekki sje hægt að aðgreina þá frá öðrum, sem verða styrkþegar fyrir dáðleysi sitt og kæruleysi.

„Það er betra, að sekur sleppi, en að saklaus verði dæmdur,“ segir gamalt og gott máltæki.

En háttv. allshn. vill fara dálítið öðruvísi að. Til þess að hinir seku sleppi ekki, þá vill hún vinna það til, að hinir saklausu verði líka dæmdir, þrátt fyrir það, þó hún viðurkenni, að hinir saklausu sjeu miklu fleiri en hinir seku. Því hún segir í nál., að þessar ástæður, þ. e. sjúkdómar, heilsubilun og ómegð, sjeu „e k k i æ t i ð“ orsök til styrkþágu, og verður það naumast skilið öðruvísi en svo, að hitt sjeu undantekningarnar, og er það líklega óafvitandi

rjett hjá hv. nefnd, þó hún raunar vilji draga úr þessu með því að segja rjett á eftir, að það megi „tíðum“ öðru um kenna. En það stenst ekki við hliðina á hinu. Og það, sem merkilegra er, hún byggir niðurstöðu sína um að fella frv. að nokkru á þessum undantekningum.

En hefir nú háttv. nefnd gert sjer ljóst, hve marga er hjer um að ræða, sem segja mætti um að sveitarstyrks nytu vegna „leti og ómensku“, eins og nefndin er að tæpa á í áliti sínu? Jeg verð að efast um það, að minsta kosti að því er Reykjavík snertir, en það skiftir nú mestu máli, hvernig ástandið er þar í þessu efni, því fyrir hana er þetta frv. gert, og hún á undir því að búa, ef það verður að lögum.

Þegar þetta frv. var til umræðu í bæjarstjórn Reykjavíkur, þá var einmitt rætt um þetta atriði, hve margir þeir mundu vera af styrkþegum, sem segja mætti um að styrk hefðu þegið vegna ómensku og annara sjálfskaparvíta. Nefndin í bæjarstjórninni, sem hafði frv. til meðferðar, rannsakaði þetta, og hún skýrði frá því í bæjarstjórninni, að þessir styrkþegar væru svo hverfandi fáir, að það væri algerlega ástæðulaust að undanskilja þá í frv., enda mætti á annan hátt taka af þeim kosningarrjettinn: með því að svifta þá fjárforræði. Og þá því síður hitt, að láta alla hina gjalda þessara sárfáu og láta alla styrkþega vera framvegis beitta því ranglæti, sem hingað til hefir því miður tíðkast, að vera sviftir mannrjettindum. Og um þetta var lítill ágreiningur í bæjarstjórninni. Og jeg man ekki, hvort nokkur greiddi atkv. gegn þessu þar. Og núna nýskeð hefi jeg átt tal um þetta við borgarstjóra Reykjavíkur, og hann hefir tjáð mjer, að þeir menn, af öllum styrkþegum bæjarins — líklega um 300 alls — sem það mætti segja um, að fengju styrk vegna ómensku, væru ekki fleiri en 6 talsins, eða ca. 2% af styrkþegum.

Þegar nú þetta er upplýst fyrir háttv. nefnd, þá finst mjer hún vel geta snúið frá villu síns vegar og samþykt þessi ákvæði frv. Og það því fremur, sem hægt er að svifta þessa fáu menn fjárforræði samkvæmt heimild í fátækralögunum, og þá missa þeir kosningarrjettinn um leið, og þá gæti nefndin verið ánægð. Þegar þess er nú enn fremur gætt, að kjósendur til bæjarstjórnar í Reykjavík eru líklega eitthvað talsvert á 8. þúsund — eða yfir 8 þúsund — þá getur það ekki ráðið miklu um úrslit kosninga, þó að þeim fáu hundruðum, sem sveitarstyrk þiggja, væri veittur kosningarrjettur, og væri bætt fyrir það margra ára ranglæti, sem þessum mönnum hefir verið sýnt. Jeg held sannarlega, að sú tilfinning, að vera upp á aðra kominn, sje flestum þeirra nógu sár fyrir því, þó þeir sjeu ekki líka sviftir öllum mannrjettindum. Baslið og bágindin eru þeim nóg raun og áhyggjuefni, þó þessu sje ekki bætt þar á ofan, sem þar að auki getur ekki haft hina minstu skaðvænlegu þýðingu fyrir þjóðfjelagið.

Þó mjer líki nú ekki vel og þyki næsta undarleg niðurstaða háttv. nefndar um þetta efni, þá eru þó ummælin í sambandi við þetta mjer talsvert ánægjuefni, sjerstaklega þar sem nefndin talar um ákvæðin í berklaveikisfrv. og breytingarnar á 77. gr. sveitarstjórnarlaganna — sem mun reyndar eiga að vera fátækralaganna — og kallar þær breytingar „spor í rjetta átt“, en þetta eru einmitt breytingar um, að það skuli ekki varða rjettindamissi, þótt menn verði styrkþegar vegna veikinda, eftir því sem þar er nánar tiltekið. Og það

er ekki einasta það, sem gleður mig, að nefndin virðist hafa fallist á þessar breytingar á fátækralögunum, heldur líka hitt, að hún virðist tilleiðanleg til að ganga enn lengra. Og jeg er að hugsa um að nota þennan góða vilja háttv. nefndar í þessu efni og vona, að jeg fái tækifæri til þess bráðlega að tala um þetta í góðu tómi við háttv. nefnd.

Ein af ástæðum háttv. nefndar til að leggja á móti frv. er það, að það sje tæplega rjett að semja sjerstök lög um kosningarrjett og kjörgengi fyrir Rvíkurkaupstað út af fyrir sig, heldur beri að athuga þetta í sambandi við kosningar til bæjar- og sveitarstjórna yfirleitt, svo að samræmi verði í lögum þessum um land alt.

Jeg er dálitið hræddur um, að nefndin hafi ekki athugað þessa hlið málsins nægilega vel. Við 1. umr. þessa máls var einhverju á þessa leið skotið fram af samþingismanni mínum, hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Og þó að honum sje nú trúað vel og till. hans þyki sumar viturlegar, þá skaðar ekki, þó þær sjeu eitthvað nánar athugaðar. En nefndin virðist hafa gleypt þessa flugu alveg umhugsunarlaust og notar hana nú sem átyllu gegn frv.

Það, sem hefir vakað í þessu efni fyrir hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), býst jeg við að hafi helst verið sá erfiðisauki, sem það hefir í för með sjer að semja kjörskrá eftir öðrum reglum til bæjarstjórnarkosninga en til alþingiskosninga, eins og nú er hjer í Rvík. En nú skulum við athuga, hvernig þessu er varið í öðrum kaupstöðum landsins.

Í 3. gr. í bæjarstjórnarlögum Akureyrar, nr. 65, frá 14. nóv. 1917, segir svo: Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára að aldri og hafa átt lögheimili í bænum eitt ár, þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis."

Og í 5. gr. laga um bæjarstjórn Ísafjarðar, nr. 62, frá 14. nóv. s. á., er nákvæmlega sama orðalagið og í lögunum fyrir Akureyri.

Enn er í lögum nr. 26, frá 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 7. gr., tekið upp samhljóða ákvæði úr bæjarstjórnarlögum hinna kaupstaðanna.

Og loks eru lög nr. 58, frá 28 nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði.

Hjer er fullkomið samræmi á milli kosningalaganna fyrir þessa kaupstaði og milli kosningalaga til Alþingis. Og Siglufjarðarlögin geta verið í samræmi við þau kosningalögin, sem lengst ganga nú, eða síðar kunna að verða sett, og hefði hv. allshn. verið eins mikið kappsmál að samræma kosningalögin eins og ætla mætti af nefndarálitinu, þá var hægurinn hjá að taka óbreytta kosningalagagreinina úr lögum einhverra þeirra kaupstaða, er jeg nefndi, og bera fram sem brtt. við frv., og þá hefði því líka verið náð, að sömu kjörskrár hefði mátt nota til bæjarstjórnarkosninga og til þingkosninga. Og það sýnist ofurauðvelt að gera þetta, og má benda á till. háttv. þm. Dala. (B. J.), sem fram er komin um það að samræma löggjöfina í þessu efni.

Líka má athuga í þessu sambandi, að kosningarrjettur við kjördæmakosningar til Alþingis er nú talsvert rýmri en kosningarrjettur til bæjarstjórnar í Reykjavík. Má þar til dæmis nefna, að þeir, sem ekkert útsvar er lagt á, en þiggja þó ekki af sveit, hafa nú ekki kosningarrjett til bæjarstjórnar hjer, og þegar kosningarrjetturinn til innansveitarkosninga er orðinn þrengri en

til Alþingis, þá sýnist ekki vanþörf á að breyta, og þó að nú sje rýmkað til ofurlítið meira en enn er komið á í öðrum kaupstöðum, þá sýnist það varla vera svo háskalegt. Og ber þá ekkert á milli um kosningarrjett til Alþingis og til bæjarstjórnar í Reykjavík, ef þetta frv. yrði samþykt, annað en það, að sveitarstyrkur svifti menn ekki þessum rjetti að því er til bæjarstjórnarkosninga kæmi. Og að vísu þarf ekki, að jeg hygg, svo ýkjamiklar breytingar á fátækralögunum til þess, að sveitarstyrkur svifti ekki kosningarrjetti til Alþingis. Og það getur verið, að hið háa Alþingi fái tækifæri til þeirra breytinga. Og þá er fult samræmi komið bæði hjer í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum landsins, því að þeir fylgja kosningalögum Alþingis. Svo að þessi ástæða hv. nefndar er þar með burtu fallin.

Jeg skal þá minnast á brtt. mínar á þskj. 86.

Fyrri brtt. fer fram á það, að aldurstakmarkið í frv. sje fært úr 25 árum niður í 21.

Jeg skil nú ekki í, að nokkur maður geti látið sjer detta í hug, að þeir, sem hafa náð 25 ára aldri, sjeu miklu þroskaðri eða færari til þess að taka þátt í kosningum heldur en þeir, sem eru 21 árs. Jeg þykist sannfærður um það, að þá hafi menn yfirleitt náð þeim þroska, sem gerir þá eins færa til þess að hafa hönd í bagga um allar kosningar til opinberra starfa. Þá hafa menn að jafnaði fengið þá almennu mentun, sem menn alment fá undir lífsbaráttuna, og standa þar flestir ekki að baki þeim, sem bætt hafa við sig fáum árum.

Loks hefir löggjafarvaldið viðurkent þetta með því að veita mönnum 21 árs fult fjárræði, og verður það ekki talið minna vert, að menn megi fara með fjármuni sína og ráðstafa þeim eftir vild, heldur en þótt þeir taki þátt í kosningum. Sannarlega verður að telja það fult svo mikið vandamál að fara með þau mál, þó fyrir sjálfan sig sje. — Þjóðfjelagið er heldur ekki hlutlaust í því, hvernig sú ráðstöfun fer þeim úr hendi; ef til vill miklu fremur hið gagnstæða. Og þó hefir löggjöfin álitið þetta alveg áhættulaust.

Þá er annað atriði til samanburðar. Mönnum á tvítugsaldri er með lögum heimilað að gera þá mikilvægu ákvörðun að taka sjer konu og reisa bú, — konur hafa sama rjett mikið yngri. — Ekki verður talið, að sú ráðstöfun sje minna virði, hvorki fyrir manninn sjálfan nje þjóðfjelagið, heldur en þó að mönnum væri leyft að taka þátt í kosningum. Af þessu má sjá, að mönnum á þessum aldri er veittur svo víðtækur ráðstöfunarrjettur, bæði fyrir sjálfa sig og aðra, að það verður ekki eftir snefill af ástæðu til þess að meina þeim að taka þátt í kosningum.

Þá hafa þær mótbárur heyrst, að meira los komist á í málum landsins, ef yngra fólkinu yrði veittur þessi rjettur. Jeg veit nú ekki, hver ástæða er til þess að gera mikið úr þessu. Það mun nú mörgum finnast, að það geti varla verið meira los en nú er í stjórnmálum vorum, og er þó ekki þessu fólki þar til að dreifa.

Unga fólkið er að jafnaði áhugasamara um mál en eldra fólkið. Og fyrir því vakir ekki annað en málefnin sjálf, — það hefir enga tilhneigingu til þess að vera að þóknast þessum eða hinum manninum með fylgi sínu, og fylgi þess á engan hátt mótað vegna eiginhagsmuna, og verður það þá varla talið skaðvænlegt.

Ungir menn hafa oft tekið mikinn

þátt í kosningum og stjórnmálum landsins yfirleitt.

Vil jeg sjerstaklega benda á, að laust eftir síðustu aldamót voru það mestmegnis ungir menn, innan kosningaraldurs, sem sumpart hófu og sumpart báru uppi ákveðna stefnu í allra stærsta máli þjóðarinnar fyr og síðar. Og það er skemst frá að segja, að þetta mál, með stefnu ungu mannanna, hefir nú löggjafarþing þjóðarinnar leitt til framkvæmda á farsællegan hátt, og það með meiri eindrægni, bæði eldri og yngri, og meiri ánægju um úrslitin en annars er vant að vera hjá okkur. Sýnist mjer því, að okkar reynsla ætti ekki að fæla okkur frá því að veita nú hinu unga fólki kosningarrjett. Og jeg vænti þess, að hv. deild geti fallist á þessa brtt. mína. Og það því fremur, sem í raun rjettri er meiri hl. fyrir þessari tillögu minni í bæjarstjórn Reykjavíkur, og þar eru að minsta kosti 9 af 15 bæjarfulltrúum, sem voru með því, að aldurstakmarkið væri aðeins 21 ár, þótt svo slysalega vildi til, að nokkra af þeim vantaði á fundinn, þegar þetta var samþ.

Síðari brtt. mín er um það, að skattgjaldsgreiðslur verði ekki skilyrði fyrir því, að menn fái að nota kosningarrjett sinn. Um það þarf fátt að segja. Bæði hefir hv. allsherjarnefnd bent á, hvernig þetta ákvæði rekur sig á annað í frv., og að það mundi alls ekki koma að tilætluðum notum, og svo er líka hitt, að það mundi geta komið sjer ákaflega illa fyrir fjölda manna, t. d. í harðæri, og mundi þá koma harðast niður á fátækari hluta fólksins, sem annars að jafnaði stendur þó betur í skilum en margir þeir, sem peningaráð eru taldir hafa og mikið hafa umleikis. — Enn er það, að bæjargjöld hafa lögtaksrjett, og það sýnist varla geta verið hugsanlegt að leggja sterkara vopn í hendur bæjar- eða sveitarstjórna til innheimtu gjalda en lögtaksrjettinn, þar sem ganga má að eignum manna fyrirvaralaust, til lúkningar þessum skuldum. Og að löggjöfin fari nú að bæta því ofan á að svifta menn líka kosningarrjetti, ef þeir geta ekki greitt á rjettum tíma, sýnist því alls ekki geta komið til mála.

Jeg vænti þess því, að hv. deild geti samþ. brtt. mínar, og það því fremur, sem önnur þeirra er að minsta kosti studd í nál. hv. allsherjarnefndar. Og þá yrðu kosningalög höfuðstaðarins bæði honum til sóma og löggjafarvaldinu, sem veitti þau, og sköruðu fram úr öðrum slíkum lögum í mannúð og frjálslyndi.

Eins og jeg mintist á áðan, hefir hv. þm. Dala. (B. J.) flutt brtt. við frv., og get jeg fullkomlega fallist á þá till., og ekki síður fyrir það, að hún er víðtækari en bæði frv. og brtt. mínar og ætlast til, að þetta kosningalagafrv. gildi fyrir sveitar- og bæjarstjórnarkosningar um land alt. En jeg mun þó ekki taka till. mína aftur fyr en till. hv. þm. Dala. (B. J.) hefir verið samþ.

Hv. frsm., 1. þm. G.-K. (E. Þ.), taldi þingið hafa annað við sinn tíma að gera en að fást við þetta mál. Þessu verð jeg að mótmæla. Hjer er um mjög mikilsvert mannrjettindamál að ræða, sem skiftir miklu máli fyrir almenning að vel sje úr ráðið. Og ætti háttv. deild því síður að telja eftir þann tíma, sem fer í að ræða það, að þessi málaleitun er komin frá höfuðstað landsins.

Frsm. (Einar Þorgilsson):* Á þskj. 84 er frv. til laga um breytingu á lög-

* Þessi ræða átti að koma á undan ræðu Jóns Baldvinssonar.

um nr. 49, frá 30. nóv. 1914, um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar í Reykjavík. Frv. þetta er samið af bæjarstjórn Reykjavíkur og flutt hjer í þessari hv. deild af öllum 4 hv. þm. Reykv. Var því vísað til allshn., og hefir hún samþ. nál. það, sem liggur fyrir á þskj. 174.

Í niðurlagi nál. getur allshn. þess, að hún geti alls ekki aðhylst frv. og sje því óskift um að leggja á móti því, að það nái fram að ganga. Ástæður hennar eru settar fram í nál., og jeg þarf nú ekki miklu við að bæta, þótt jeg hins vegar leyfi mjer að koma með nokkrar athugasemdir.

Það, sem nefndin fyrst og fremst hefir athugað, er að kjósendur eru ráðendur bæði í bæjar- og sveitarfjelögum, og má líta svo á, að öll stjórn sje í þeirra hendi. Því virðist svo, að þegar kosningalögin voru samin, þá hafi ekki aðrir verið látnir hafa kosningarrjett en þeir, sem færir væru taldir að fara með sjerforráð sín, eða hefðu búsforráð. Síðan hefir kosningarrjettur verið rýmkaður mjög, en nefndinni þykir of langt farið, þegar nú er til þess ætlast, að þeir fái kosningarrjett, sem alls ekki eru færir um að fara með sjerforráð sín.

Hjer er þá að ræða um að veita kosningarrjett þeim, sem styrk hafa orðið að þiggja vegna heilsubrests, ómegðarþyngsla eða sjúkdómstilfella. Nefndin tekur það fram, að hún er einhuga um það, að þeim ætti að veita aftur rjettindi sín, er hafa mist þau af tilgreindum ástæðum, ef mögulegt er að greina þessa styrkþega frá þeim, er af öðrum ástæðum hafa orðið að leita á náðir sveitar- eða bæjarsjóðs. Nefndin getur þess í nál. sínu, að í núgildandi lögum er það allmikið misrjetti, að þessum mönnum er gert alveg jafnt undir höfði og öðrum, sem eru styrkþegar fyrir ráðleysi, kæruleysi eða ómensku. Nefndin bendir á það í nál., að fyrir hv. deild liggi frv. til laga um breytingu á 77. grein fátækralaganna, þar sem komi fram ákvæði, er miða í þessa átt, og nefndin er þessari stefnu fylgjandi, en er hins vegar á móti því, að a l l i r styrkþegar verði kosningarrjettar og kjörgengis aðnjótandi.

Annað atriði í þessu frv., sem jeg vildi minnast á, er það, að þeir, sem skattskyldir eru og ekki hafa greitt skatta sína fyrir kjördag, skulu strikast út af kjörskrá. Þetta finst nefndinni algerlega ríða í bág við hugsjón þá, er að baki frv. liggur, að allir verði kosningarrjettar aðnjótandi. Það er mesta ástæða til að ætla, að margur sje skattskyldaður, sem þó ekki getur greitt skatta sína á rjettum tíma, eða eigi bágt með það. Ýms ófyrirsjáanleg forföll, sem skattgreiðanda alls ekki verður kent um, geta hindrað hann. Það er því í rauninni mesta misrjetti, að þeir, sem ekki hafa greitt skatta sína 3 dögum fyrir kjördag, eigi að strikast út. Nefndin lítur svo á, að þetta ákvæði jafnvel gæti leitt til þess, að menn mundu reyna að koma sjer hjá því að greiða skatta og leita styrks, þótt þeir hefðu enga aðra þörf fyrir hann. Þess er getið í greinargerðinni fyrir frv., að þetta ákvæði sje sett til þess að herða á mönnum að greiða skatta sína á rjettum tíma, en nefndin lítur svo á, að það einmitt muni leiða til þess, að menn, fremur en ella, leiti á náðir sveitar- eða bæjarsjóðs.

Jeg álít þetta mál eitt af þeim, sem ekki verðskulda langar umr. og megi ekki tefja fyrir öðrum mikilsverðari málum. Jeg skal þess vegna ekki vera

langorður, en læt mjer nægja að vísa til nál.

Þess vil jeg þó geta, að það getur tæpast talist rjett að semja sjerstök lög um kosningarrjett og kjörgengi fyrir Reykjavík, heldur eigi þau lög að vera ein og þau sömu fyrir alt land. Og jeg skal geta þess enn fremur, viðvíkjandi brtt. hv. þm. Dala. (B. J.), á þskj. 212, um 21 árs aldurstakmarkið til kosningarrjettar, að nefndin hefir alls ekki enn tekið neina afstöðu til hennar, svo jeg get engu svarað fyrir hennar hönd, en fyrir mitt leyti vil jeg geta þess, að með þessari brtt. er ekki numin á burt þyngsta ástæða mín fyrir að leggjast á móti þessu frv. Þá brtt. get jeg því ekki aðhylst; hún ætti þá líka helst að koma fram sem sjerstakt frv.

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal ekki lengja umr. mikið, því hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) hefir tekið sumt af því fram, sem jeg vildi sagt hafa. Jeg get eigi varist að láta það í ljós, að mjer sýnist nál. allshn. vera hinn furðulegasti gripur. Fæ jeg eigi skilið, hvernig á að greina það í sundur, hverjir komist á vonarvöl fyrir sjálfráðar sakir og hverjir fyrir ósjálfráðar. Held jeg, að hjer sje um ekkert fullgilt mat að ræða, og nær er mjer að halda, að ef maður með lögfræðilegri þekkingu hefði átt setu í nefndinni, þá hefði hann minst setningarinnar alkunnu: In dubio pro reo, en eins og nefndin er nú skipuð, er það sjálfsagt til of mikils mælst að krefjast þess af henni, að hún hafi þessi almennu sannindi í huga. Annars sýnist mjer svo, sem þjóðfjelagið hafi full tök á þessum mönnum, því bæði er hægt að svifta þá fjárforræði og þvinga þá til vinnu eða synja þeim styrks, ef þeir þrjóskast við vinnu. Eitt er jeg þó þakklátur nefndinni fyrir, og það er að fella niður síðari liðinn, því eins og jeg mintist á við 1. umr. málsins, er hann endemisvitleysa.

Þá kem jeg að aldurstakmarkinu, og er jeg þar samdóma hv. 2. þm. Reykv. (J. B.), að rjett sje að lögleiða 21 árs aldur, og það hvort sem litið er á það frá íheldninnar eða frjálslyndisins sjónarmiði. Sje litið á það frá síðarnefnda sjónarmiðinu, þá mælir það með því, að rjettlætistilfinningin er yfirleitt næmari hjá ungum mönnum en gömlum, áhuginn og kappið er meira. Veit jeg, að sagt mun verða, að þeim sje hættara við gönuskeiðum en þeim eldri; má og vera, að það sje rjett, en þó sýnist nú svo, sem þeir eldri renni þau oft líka, og að minsta kosti sýndist þá eigi síður ástæða til að svifta menn kosningarrjetti, er þeir hefðu náð vissum aldri, og hætt orðið við elliglöpum hjá þeim. Enn er mjer það kunnugt, að yngri menn eru áhugasamir um kosningar og hafa þar oft unnið ósleitilega.

Frá sjónarmiði þess fyrnefnda, íheldninnar, mælir það með, að úr því að þeim er veitt fjárforræði 21 árs og þeir verða að bera útgjöld og skyldur, þá er eigi nema sjálfsagt, að þeir hafi og rjettinn.

Hv. frsm. (E. Þ.) vildi hafa stuttar umr. og taldi þetta ekki svo mikilsvarðandi mál, að það ætti að tefja fyrir öðrum þýðingarmeiri. Mjer sýnist nú málið eigi vera svo lítilvægt, þar sem um mannrjettindi er að ræða, og ættu þau mál ætíð að vera þyngst á metunum.

Jeg er þakklátur hv. þm. Dala. (B. J.) fyrir brtt. hans. Og þó að svo fari, að þær verði eigi samþ. nú, þá verður þess skamt að bíða, að þær nái fram að ganga. Verði till. á þskj. 212 ekki

samþ., mun jeg greiða atkv. till. á þskj. 86, því Reykjavík má eigi gjalda þess, þó að lítill áhugi kunni að vera fyrir máli þessu annarsstaðar á landinu, og því eigi þar búið að fá þessu sjálfsagða máli framgengt.

Bjarni Jónsson: Jeg var undir það búinn þegar í byrjun þessa þingfundar að syndga á móti þeim tímans straumi, sem nú bólar á í blöðum vorum, og jafnvel hjá sumum hv. þm., að varpa frá sjer stórmálunum og hafa þegjandi þing. En þm. hafa nú alment syndgað á móti þessu boðorði í dag, svo útlit er á því, að málurum framtíðarinnar gefist eigi kostur á að mála hv. þm. með stein í munninum. Annars vil jeg taka undir mál hinna tveggja hv. þm., sem á undan mjer hafa talað, og er óþarfi fyrir mig að hafa langan formála fyrir brtt. minni, því að hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) hefir talað svo vel og viturlega í þessu máli, að það eitt ætti að nægja til þess að ráða máli þessu rjett úrslit á hvaða mannfundi sem er, ef hann annars er kominn saman til þess að gera rjett. — Er mjer ljúft að geta þessa sökum þess, að hjer var óvenjulega góð ræða flutt af nýjum þm.

Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) flutti líka góða ræðu og fylti út í það, sem drepið var aðeins á af hv. 2. þm. Reykv. (J. B.). Er mjer því lítið eftir skilið annað en þakka mönnum þessum fyrir ummæli þeirra og beygja mig svo fyrir straumi tímans og tala stutt. Mjer datt í hug sagan af bakaranum og smiðnum, þegar jeg las ástæðurnar, sem hv. allshn. færir fyrir því að veita ekki mönnum, sem fara á sveitina, kosningarrjett.

Smiður nokkur hafði drepið mann og átti að líflátast fyrir. En í þessu sama þorpi, sem smiðurinn var í, voru tveir bakarar, og annar þeirra orðinn gamall og hrumur, en ekki nema einn smiður. Þorpsbúar komu sjer því saman um það að hengja gamla bakarann fyrir smiðinn, því að hann máttu þeir ógjarnan missa.

Hv. allshn. fer hjer nokkuð líkt að ráði sínu. Hún vill svifta þá menn, sem komast á sveitina af óviðráðanlegum orsökum og án þess að þeim verði gefin nokkur sök á því, kosningarrjettinum, vegna hinna, sem á sveitina hafa komist fyrir leti og ómensku. Ekki ómerkari maður en Ciceró gamli var þó á því að það væri betra, að tíu þjófar slyppu, en einn saklaus væri dæmdur, og jeg fæ eigi skilið annað en hv. þm. vilji ganga enn lengra og kjósi heldur að láta miljón sekra manna sleppa en að dæma einn rjettlátan.

Þá er það prúðmannlega talað af þessum mönnum, að mikill hluti styrkþega sje það af kæruleysi og dáðleysi. En þetta á ekki að eins við Reykjavík. Orðin eru töluð til allra styrkþega á landinu. Jeg hefi þó ekki þekt einn einasta mann, sem eigi þetta ámæli skilið. Og ekki held jeg, að það sje skaplyndi Íslendinga að vilja þiggja náðarbrauð. Fráleitast er þó að vilja refsa mörgum fyrir fáa. Flestir þeirra, sem styrks þurfa, eru barnamenn. Svívirðingin, sem á að refsa þeim fyrir, er sú, að þeir leggja okkur til unga fólkið. Það er glæpurinn, sem þeir fremja. Í rauninni ætti að veita þeim heiðurslaun í stað rjettindamissis.

Mjer er því ekki neitt órótt innanbrjósts. Jeg veit, að hv. þm. sjá, að till mín er sjálfsögð, og samþ. hana orðalaust. Enginn þm. hefir verið svo djarfur að segja, að það geti haft áhrif á

kosningar til bæjarstjórnar eða Alþingis, hvort þessir menn hafa kosningarrjett eða ekki, því allir vita, að þeir eru af sama höfðingjabergi brotnir og hafa sama lundarlag og við hinir. Enginn er svo fífldjarfur að segja, að þurfamenn sjeu svo margir, að það geri mun við atkvgr.

Það getur verið, að einstaka menn sjeu svo skapi farnir, að þeir hati fátæklingana, hati þá fyrir það að hafa ekki haldið nógu vel á fjenu og álíti hættu stafa af þeim fyrir þjóðfjelagið. En jeg vona, að enginn sje svo blindur á Alþingi. Ef þetta hatur er svo ríkt í einstöku mönnum, þá er það vanalega af því, að þeir gæta þess ekki, að „tout comprendre c'est tout pardonner", að skilja alt er að fyrirgefa alt. Menn leita ekki að því rjetta, þegar menn dæma. Af hverju er þetta svona? Dómarar skilja það. Alþm. ættu líka að skilja, að þeim er ekki sæmandi að reiða sleggjuna að heilum flokk, þó berja eigi einn sökudólg. Það má ekki lemja alla blint, þó nokkrir eigi það skilið.

Sumir áfellast fátæklingana, sem orðið hafa fyrir slysum. En hví ekki áfellast þá ríku líka? Margir þeirra halda virðingu sinni, þó að þeir rambi á þröskuldi betrunarhússins. Virðinguna missa þeir ekki fyr en þeir detta inn fyrir.

Jeg skal nú ekki syndga meira móti tíðarandanum, sem heimtar þegjandi þing.

Magnús Jónsson: Jeg kvaddi mjer hljóðs áður en jeg hjelt, að nokkur annar hefði gert það, vegna þess, að jeg hafði margt að athuga við ræðu hv. frsm. (E. Þ.). En nú hefir verið talað svo mikið, að jeg get orðið stuttorður.

Í greinargerð frv. er það tekið fram, að flm. áskilji sjer óbundnar hendur um efni þess. Ástæðan til þessa hjá mjer var sú, að jeg gat ekki felt mig við síðari part 2. málsgr. Jeg tek að vísu ekki eins djúpt í árinni og þeir, sem neita þessu ákvæði um alt gildi. Það má vel líta á það sem nokkuð slungið ákvæði til þess að ná inn þeim gjöldum bæjarsjóðs, sem ekki er hagfelt að ná inn með lögtaki. En við hlið þessa gagns er svo annað, sem jeg verð að telja hættulegt. Þetta vísar mönnum á þá leið að segja sig til sveitar og halda þannig kosningarjetti sínum, án þess að greiða gjöld sín. Það gæti líka verið bein leið fyrir mútugjafir við kosningar, þannig að ýmsir áhugasamir efnamenn mundu greiða gjöld fyrir menn til þess að eignast atkvæði þeirra. En þar sem háttv. allshn. og allir, sem hafa talað, eru á eitt sáttir um þetta, þá ætla jeg ekki að fara frekar út í það.

Viðvíkjandi aldurstakmarkinu, sem er 25 ár í frv., en 21 ár í brtt. hv. 2. þm. Reykv. (J. B.), þá er jeg sammála hinu síðara fyrir mína parta. En jeg legg ekkert sjerstaklega upp úr þessu atriði. Það er mjög erfitt að draga takmörkin, en einhversstaðar verða þau að vera. Þykir mjer þá eðlilegast, að sami aldur ráði fjárforræði og kosningarrjetti, eins og vafalaust hefir verið um 25 ára aldurinn, og úr því að búið er að lækka fjárræðisaldurinn niður í 21 ár, þá ætti hitt að fylgja á eftir. Það er kunnugt, að menn á aldrinum 21—25 ára hafa haft allmikil áhrif á kosningar, þó þeir ekki hafi kosningarrjett. Það sýnist því vera að spyrna á móti broddunum, án þess að geta það, þegar verið er að meina þeim að kjósa.

Aðallega ætlaði jeg mjer að tala um það, hvort þeir, sem þiggja af sveit, eiga að hafa kosningarrjett eða ekki.

En þar sem svo mikið hefir verið talað um það, get jeg sparað mjer það að mestu.

Mjer finnast orð háttv. nefndar um styrkþegana mjög óviðeigandi. Þó nefndin geti ekki fallist á þetta nýmæli og álíti hættulegt, að þessir menn fengju kosningarrjett, þá var alveg óþarfi fyrir hana að gera það með þessum ummælum. Nefndin talar um að greina styrkþegana — sauðina frá höfrunum. Jeg veit ekki, hverjum nefndin ætlar að framkvæma þessa aðgreiningu, en jeg þekki engin stjórnarvöld, menn eða stofnanir, sem jeg treysti til að framkvæma hana. Slík aðgreining er ómöguleg, fyrst og fremst vegna þess, að það er oftast ekki af neinni einstakri ástæðu, að menn verða styrkþegar, heldur er það venjulega margt, sem hjálpast að í einu. Þó einhver eigi við ómegð eða veikindi að stríða, þá getur altaf verið álitamál, hvort hann ekki hefði getað bjargað sjer, ef hann hefði verið svo og svo útsjónarsamur og duglegur. Um slíkt mætti þrátta lengi árangurslaust. En jeg vil benda nefndinni á, hvort hún ekki vill láta þessa aðgreiningu ná til fleiri, eða heldur hún, að dáðleysi og kæruleysi sje hvergi að finna nema hjá þeim, sem þiggja af sveit? Jeg get talað hjer af eigin reynslu, því jeg hefi verið í fátækranefnd, og jeg veit, að iðjuleysingjanna er ekki fyrst og fremst að leita meðal hinna fátæku, heldur miklu fremur meðal þeirra, sem nóga hafa peningana. Mjer finst þetta ekkert annað en að níðast á mönnum, í skjóli afturgöngu löngu liðins tíma.

Þá er sú ástæða háttv. nefndar, að hún telji ekki rjett að setja sjerstök kosningalög fyrir Reykjavík, því það þurfi að koma samræmi á kosningalög um alt land. Till. hv. þm. Dala. (B. J.) á að gilda um alt land. Annars sje jeg ekki ástæðu til að takmarka sjálfstæði Reykjavíkur eða annara kjördæma landsins í þessu efni. Þegar eitthvert sveitar- eða bæjarfjelag vill ívilna sínum styrkþegum, þá er ekki nema sanngjarnt, að það ráði því. Hjer fer Reykjavík fram á þetta, og jeg sje enga ástæðu fyrir Alþingi til að banna henni það. Hitt er meira efamál, hvort rjett er, að Alþingi fari að troða slíku upp á sveitar- eða bæjarfjelög óbeðið.

Annars er það svo um þetta samræmi, sem verið er að tala um, að það er orðið mjög alment orðatiltæki, en er í rauninni orðagjálfur, sem á víst að merkja það, að menn leggist eitthvað sjerstaklega djúpt, jafnvel þegar þeir vita ekki sjálfir, af hverju þeir hafa komist að niðurstöðunni.

Jeg vona, að hv. deild láti frv. komast fram með brtt. hv. 2. þm. Reykv. (J. B.). Jeg vil alls ekki gera það að fleyg í málið að láta það ná yfir alt land.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Jeg þarf í rauninni ekki að standa upp, því enn hefir ekkert verið hrakið af því, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni, eða því, sem stendur í nál. Jeg vil samt minnast á nokkur atriði í ræðum þeirra hv. þm., er mælt hafa með frv.

Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) sagði, að hugtök nefndarinnar væru úrelt. Það væru leifar frá löngu liðnum tíma að vilja binda kosningarrjettinn við það skilyrði, að menn standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Þetta ákvæði var þó tekið upp í stjórnarskrána 1920, svo það er ekki eldra en síðan í fyrra. **(M. J.:** Var það fundið upp þá?). Það er sama, úr því það var endurnýjað þá.

Sami hv. þm. (M. J.) sagði, að ástæð-

ur nál. væru mjög leiðinlegar, og að ekki væri hægt að gera aðgreiningu á styrkþegunum. Hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) sagði, að rannsókn hefði verið gerð í þessu skyni í Reykjavík síðastl. vetur, og það hefði komið í ljós, að af 306 þiggjendum væru 300, sem ekki ættu að missa kosningarrjett, eftir áliti hv. allshn., en aðeins 6 ættu að missa hann, ef lögunum væri breytt að nefndarinnar vilja.

Jeg skal ekki rengja, að þetta geti verið rjett, en jeg þekki þó tvo þiggjendur, sem ekki ættu að hafa kosningarrjett eftir okkar skoðun, og þekki jeg þó fæsta þiggjendur í Reykjavíkurbæ.

Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) sagði bæði mögulegt og ómögulegt að fá svona aðgreiningu gerða. (**Gunn. S.**: Þm. (E. Þ.) hefir misheyrst.). Nei, það held jeg ekki. Jeg skal taka það fram, að nefndin hefir ekki sagt, að aðgreiningin sje möguleg. Hún segir aðeins, að hún vildi, að hún væri möguleg. Ef svo reynist, er sjálfsagt, að þeir, sem eru styrkþegar vegna heilsubrests og ómegðar, missi ekki rjettinn.

Hv. þm. Dala. (B. J.) lagði mikla áherslu á það ranglæti, sem hann sagði að stafaði af ástæðum nefndarinnar. Jeg skal ekki leggja dóm á það, hve vitur eða rjettsýnn dómari hann er. En jeg álít hann ekki sanngjarnari en suma aðra þm. Og jeg vil alls ekki líða honum að kveða upp þann dóm, að jeg sje ranglátari eða strangari dómari en hann. Eins og ljóst er af þeim ummælum, sem jeg hafði í upphafi fyrri ræðu minnar, þá álítur nefndin það ekki geta náð neinni átt, að þeir, sem ekki eru færir til að fara með fjárráð sín, geti ráðið fyrir aðra, en það er þeim ætlað að gera eftir frv. því, sem hjer er til umræðu.

Það er rætt mikið um, hvort aldurstakmarkið eigi að vera 21 eða 25 ár. Jeg skal viðurkenna það, að margir, sem eru á aldursskeiðinu frá 21—25 ára, eru svo þroskaðir og viti bornir að þeir ættu að vera færir til að greiða atkvæði við kosningar. En einhversstaðar verður að setja aldurstakmarkið, og ekki er hægt að neita því, að staðfesta og þroskun eykst á því aldursskeiði með reynslu lífsins. Jeg skal líka viðurkenna það, að margir, sem á þessu aldursskeiði eru, hafa mikil áhrif við kosningar og geta oft ráðið þar allmiklu, þó þeir ekki greiði atkv. En einmitt vegna þess, að þetta er svo, þá finst mjer, að jeg mundi ekki vera mótfallinn þessu, ef ekki væri önnur atriði í frv., sem jeg legg áherslu á að ekki nái fram að ganga.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) vítti mikið þá skoðun, að ekki ætti að eyða löngum tíma í þetta mál. Jeg álít það ekki þess virði, að í það sje eytt löngum tíma frá öðrum þingstörfum. Læt jeg svo máli mínu lokið að þessu sinni og býst ekki við að taka aftur til máls við þessa umr. málsins.

Jón Þorláksson: Jeg ætla aðeins að minnast nokkrum orðum á það atriðið, sem mestum andmælum hefir sætt, ákvæðið um skattgjaldið. Í raun rjettri er þetta ákvæði í lögum nú, þar sem það er skilyrði fyrir þessum kosningarjetti, að menn „greiði skattgjald“ í bæjarsjóð, en því hefir ekki verið framfylgt, og þess vegna þykir bæjarstjórninni varhugavert að fara nú að beita því, án þess að ný lagaheimild komi til. Þetta er heldur ekkert nýmæli, því í Danmörku er þessu framfylgt þannig, að þar eru menn strikaðir út 10 dögum fyrir kosningar, en hjer er gert ráð fyrir 3 dögum. Það er því engin ástæða til að kalla þetta endemisvitleysu, eins

og hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) leyfði sjer að gera.

Um annað atriði, sem hjer hefir verið talað um, aldurstakmarkið, vil jeg segja það eitt, að jeg skil varla, að þingið fari að þrengja upp á bæinn ákvæði, sem bæjarstjórnin hefir felt — ef það á aðeins að gilda fyrir Reykjavík sem undantekningu. Hitt er auðvitað annað mál, ef það á að verða alment ákvæði um sveitarstjórnarkosningar um alt land, eins og háttv. þm. Dala. (B. J.) fer fram á, því þá þarf ekki frekar að fara að vilja bæjarstjórnar Reykjavíkur en annara um þetta.

Gunnar Sigurðsson: Jeg þarf að svara hv. 1. þm. G.-K. (E. þ.) örfáum orðum, því hann rangfærði eða misskildi orð mín. Jeg hrakti það aðeins, að mögulegt væri að skifta mönnum í flokka eins og hann gerði, og hjelt því fram, sem enn er óhrakið, að enginn mælikvarði væri til á það, hverjir væru fátækir fyrir sjálfskaparvíti og hverjir ekki, enda ætti þjóðfjelagið nóg önnur vopn en þessi til að ná sjer niðri á slíkum mönnum. Háttv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) sagði, að jeg hefði talið skattgjaldsákvæðið endemisvitleysu. Það kann vel að vera, að jeg hafi sagt það, enda stend jeg við það. Umrætt atriði er með öllu ósamkvæmt skoðunum og stefnu nútímans, og vart er hugsanlegt, að aðrir en politiskir forngripir geti haldið slíku fram.

Jón Baldvinsson: Ástæðan er ekki mikil til andsvara, því frá hv. frsm. (E. þ.) hefir ekkert nýtt komið, umfram það, sem stendur í þessu makalausa nál. hv. allshn. En viðvíkjandi orðum hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) skal jeg geta þess, að um skattgreiðsluákvæðið varð mikil deila í bæjarstjórninni, þar sem margir bæjarfulltrúar töldu rangt að láta þetta varða missi kosningarrjettar. Það er líka rangt hjá sama hv. þm. (J. þ.), að þetta sje í núgildandi kosningalögum. Að vísu ætlaði borgarstjóri Rvíkur, ásamt 2 öðrum, sem voru í kjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar 1918, að skilja kosningalögin á þessa leið, og ætluðu þá að útiloka fjölda fólks frá því að kjósa. Var harðæri mikið 1917, eins og kunnugt er, og kom þetta því hart niður á alþýðu manna. Varð úr þessu mikið hneykslismál, og endaði með því, að stjórnarráðið skarst í leikinn á síðustu stundu, svo að þessu ranglæti varð ekki komið fram. Taldi stjórnarráðið skilning kjörstjórnar á lögunum rangan og úrskurðaði, eins og rjett var, að nóg væri, ef mönnum hefði verið gert að greiða útsvar. Um síðara atriðið, sem sami hv. þm. (J. þ.) talaði um, aldurinn, get jeg fullvissað hv. deild, að það þarf ekkert að þrengja 21 árs ákvæðinu, hvorki upp á bæjarstjórn nje bæjarbúa, því jeg veit, að í bæjarstjórn eru 9 af 15 fulltrúum því fylgjandi, þó sumir þeirra væru fjarverandi við atkvæðagreiðsluna, og meðal bæjarbúa sjálfra er munurinn vafalaust enn þá meiri.

Vona jeg svo, að hv. þd. sýni máli þessu þann sóma, sem það á skilið, því það verður um leið þingsins sómi.

ATKVGR.

Brtt. 212, 1. feld með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., M. J., M. P., P. þ., Þorst. J., B. Sv.

nei: B. H., E. Þ., E. E., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. K., O. P., P. J., P. O., S. St., St. St., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J.

Einn þm. (Sv. Ó.) fjarstaddur.

Brtt. 212. (varatill.) samþ. með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. A. J., J. B., M. J., M. P., P. Þ., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv.

nei: B. H., E. Þ., J. S., J. Þ., M. G., Ó. P., P. J., P. O., S. St., St. St., Þór. J.

— 86. sjálffallin.

— 212,2. (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 2 atkv., með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar og sveitarstjórnar.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 16. apríl, var frv. aftur tekið til 3. u m r. (A. 241, 253, 319).

Gunnar Sigurðsson: Fyrst að svo lítur út, að enginn ætlar að hefja umr., þá neyðist jeg til að kveðja mjer hljóðs, enda þótt jeg hafi ekki ætlað mjer að ríða fyrstur úr hlaði. En þeir munu ekki vera komnir í sæti sín enn, sem búast má við að eitthvað hafi að segja og vilji segja áður en gengið verður til atkv. um frv. þetta.

Jeg á litla brtt. á þskj. 319, að færa aldurstakmarkið um kosningarrjett og kjörgengi úr 25 árum niður í 21 ár.

Jeg hefi áður talað fyrir þessari brtt., svo jeg ætti ekki að þurfa að fara mörgum orðum um rjettmæti hennar. En mín sannfæring er sú, að hún sje í alla staði rjettlát og sanngjörn.

Það má vel vera, að jeg sje nærnari fyrir þessu af því, að jeg er ungur og get því fremur sett mig inn í hugsunarhátt ungu mannanna heldur en öldurmenni þau, er sæti eiga hjer á þingbekkjunum. Og um sjálfan mig man jeg það, að ekki var jeg minna áhugasamur um stjórnmál á meðan jeg öðlaðist ekki kosningarrjett heldur en jeg hefi verið síðan, enda sárlangaði mig að geta með atkv. mínu sýnt skoðun mína á mönnum og málefnum á þeim árum.

Frá sjónarmiði frjálslynds manns lítur þetta þannig út: Ungir menn ganga til kosninga óbundnir og frjálsir. Hjá þeim ráða hreinni og betri hvatir, er þeir greiða atkv., heldur en hjá þeim, sem eldri eru og rígbundnir við margra ára venju í pólitísku tjóðurbandi. **(M. K.:** Þetta er „nærmest" ósvífni). Það geta vitanlega verið undantekningar, þó að jeg sjái ekki beinlínis ástæðu til að telja hv. þm. Ak. (M. K.) þar með. Auk þess er hættara við, að gamlir menn láti fremur stjórnast af hagsmunahvötum. Það kemur langtum síður fyrir unga menn, því fullyrða má, að þeir fari venjulega eftir því, sem þeir álíta hreint og gott og samrýmist rjettlætistilfinningu þeirra.

Ungir menn, áhugasamir og framgjarnir, hafa líka opnari augun fyrir mörgu því, er gera þarf til bóta og skifta um til framfara fyrir þjóðina, heldur en þeir, sem aldraðir gerast og stara á gömlu venjurnar.

Jeg skal nefna eitt dæmi, máli mínu til sönnunar. Það eru U. M. F. svo nefndu. Þó að ýmislegt hafi verið fundið fjelagsskap þessum til foráttu, þá hefir hann þó mörgu góðu til leiðar komið. Og dæmið, sem jeg ætlaði að nefna, er þetta:

Gamall bóndi bjó á sandjörð, sem lá undir uppblæstri. Sandurinn var kominn heim að túninu, og ekkert sýnilegra en að túnið legðist í auðn. Þessi bóndi gat ekkert gert. Hann skorti fje til þess að verja túnið, eða kann ske að hann skildi ekki fyllilega, hvað gera þurfti. Þá tók sig til U. M. F. sveitarinnar og hlóð grjótgarð ágangsmegin við túnið, og bjargaði með þeirri framtakssemi túninu og fyrirbygði með því frekari skemdir. Jeg skal taka það fram, að þetta var ekki í mínu hjeraði, en hjer voru það ungu mennirnir, sem riðu á vaðið; þeir sáu betur og rjettara heldur en gömlu mennirnir og ljetu ekki þar við staðar numið. Þeir fylgdu hugsjóninni fram til sigurs.

Það er sagt um unga menn, að hjá þeim gildi meira kapp en forsjá. Jú, þetta getur verið, en kappið getur líka mörgu góðu til leiðar komið, þegar því er beitt til stuðnings góðu máli. Og ekki dæmi jeg unga menn fyrir það, þó að þeir sjeu djarfir og árræðnir.

Það getur líka hent fullorðna menn að kunna ekki fótum sínum forráð og vera skammsýnir í „spekúlationum“ sínum. Við þurfum ekki annað en hugsa til togaraútgerðarinnar hjer í bæ og hvernig hún er komin; skipin falla úr 600 þús. kr. niður í 350 þús. eða jafnvel minna, og ekkert sýnna en að sum útgerðarfjelögin verði að leggja árar í bát. Að þessum fjelagsskap hafa þó eldri mennirnir starfað, svo þá getur hent glappaskotin eins og þá, sem yngri eru. Þess skal getið, að jeg áfelli ekki þessa menn, því aðalorsök þessa óhapps þeirra, er það, að tímarnir hafa breyst.

Það, sem jeg ætla að vegi fyllilega upp á móti vanhugsun yngri mannanna, er hnignun þeirra eldri að átta sig á þeim hlutum, sem framsókninni fylgja og því, sem fram undan er.

Jeg drap á það um daginn, að jafnsanngjarnt væri að taka atkvæðisrjett af mönnum, þegar þeir hefðu náð ákveðnum aldri og væru orðnir lítt starfhæfir í þjóðfjelaginu og áhugalausir um velferðarmál þjóðarinnar, eins og að svifta þessa menn, sem hjer ræðir um, atkvæðisrjetti. Jeg segi, að þetta gæti komið til mála, en það er ekki þar með sagt, að svo ætti að vera.

Þessar eru nú ástæðurnar frá sjónarmiði frjálslynds manns. En frá sjónarmiði íhaldsmannsins finst mjer, að lögráðaaldurinn hljóti að ráða. Og þar er aldurstakmarkið 21 ár.

Og þar sem svo er litið á, að 21 árs maður sje það þroskaður orðinn, að löggjafarvaldið trúir honum fyrir fje sínu, hlýtur einnig að mega treysta honum að fara með atkv. sitt í opinberum málum.

Við lifum nú og störfum á erfiðum tímum, svo engir kraftar mega ónotaðir liggja, sem til bjargar gætu orðið þjóðinni. Þess vegna er nauðsynlegt, að samvinna takist á milli eldri og yngri manna, þann veg, að þeir standi jafnt að vígi, þegar um úrlausn áhugamálanna er að ræða. Af þessum ástæðum

er hún fram komin, brtt. á þskj. 319, og vænti jeg, að hv. deild samþ. hana.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi leyft mjer að flytja brtt., sem er að finna á þskj. 253. Þessar breytingar þykja nú kann ske ekki mikilsverðar. Jeg hefi aðallega tínt upp þau lög og þær greinar þeirra, sem mjer skilst að falli úr gildi með hinum nýju lögum.

Er þá fyrst að telja lög nr. 49, 30. júlí 1909, eins og nánara er tekið fram í brtt. Allar hinar breytingarnar snerta lög þau, sem út hafa verið gefin um bæjarstjórnir í landinu á ýmsum árum, svo sem um bæjarstjórn Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar, Hafnarfjarðar, Seyðisfjarðar, Vestmannaeyja og Siglufjarðar.

Hjer er ekki um neinar efnisbreytingar að ræða, en mjer fanst rjett að telja upp í einu þau lagaákvæði, sem falla úr gildi með þessum nýju lögum, svo menn gætu betur glöggvað sig á því. Jeg býst varla við, að brtt. þessi mæti nokkurri mótspyrnu; hún er svo meinlaus; svo að þess vegna ætti ekki að þurfa langt mál að fylgja henni úr garði.

Þórarinn Jónsson: Það er aðeins örstutt athugasemd, sem jeg vildi leyfa mjer að skjóta að háttv. flm. brtt. á þskj. 253 (J. B.). Hann hefir líklega tekið eftir því, að ef sumar af þessum greinum ýmsra laga, sem taldar eru upp í brtt., eru feldar úr gildi, þá falla einnig niður ýms önnur atriði, sem ekki koma kosningarrjettinum við, t. d. að konur verða eftir þessari brtt. skyldugar að taka sæti í hreppsnefnd, en eru það ekki eftir núgildandi lögum; sömuleiðis fellur niður ákvæði um skyldleika þeirra, sem sæti mega taka í hreppsnefnd.

Vitanlegt er, að um leið og konur hafa fengið jafnrjetti við karlmenn, þá hafa þær líka tekið á sig skyldurnar, sem rjettindunum fylgja, en þó er óviðkunnanlegt að neyða þær til að gegna þeim störfum, sem þær eru frábitnar, enda nóg fyrir þær flestar að starfa heima á búum sínum.

Það var aðeins þetta, sem jeg vildi taka fram, svo mönnum sje það ljóst; annars hefi jeg ekki haft tíma til að bera tilvitnanir brtt. saman við öll lögin og veit því ekki, hvort upptalning þessi er tæmandi.

Jón Baldvinsson: Jeg hafði tekið eftir þessu, en gerði það með fullum vilja að lofa því að standa, enda eru brtt. mínar engar efnisbreytingar við frv. Veit ekki, hvort alt er upp talið, en held þó, að alt sje tekið, sem nokkru máli skiftir, enda hafði jeg aðallega fyrir augum ákvæði þau, sem farið hefir verið eftir nú á síðari árum, og þá einkum það, sem snertir kaupstaðina.

Jeg álít ekki rjett að leysa konur undan þeim skyldum, sem þær hafa á sig tekið með auknum rjettindum, og tel enga ástæðu til þess að veita þeim heimild til að skorast undan því að taka sæti í hreppsnefnd eða bæjarstjórn, enda getur það stundum komið sjer illa, ef konur þær, sem vel er treyst og hafa nægan tíma frá heimilisstörfunum, geta skorast undan því.

Magnús Jónsson: Það er aðeins út af því, sem hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) sagði, að jeg stend upp. Mjer finst það alveg sjálfsagt, að þetta ákvæði komist inn í lögin, að konur geti ekki skor-

ast undan að taka þátt í hinu opinbera lífi, og engin ástæða til að láta þær hafa undanþágur frá borgaralegum skyldum, er þeim hafa greiðlega verið veitt borgaraleg rjettindi til jafns við karlmenn.

Hver kona eða karl hefir vörn í móti því, að þeim sje nauðugum troðið í sæti í sveitarstjórn. Hafi menn gildar ástæður, geta menn spilt slíkri kosningu, og býst jeg við, að menn, svona fyrst um sinn að minsta kosti, taki ástæðurnar gildar, ekki síst hjá konum, sem oft og einatt eiga enn óþægilegra með að sinna slíkum störfum en karlmenn. En það er ósamræmi, að konur sjeu undanþegnar þessum skyldum.

Jeg álít, að brtt. hv. samþm. míns (J. B.) sje til mikilla bóta, þó að upptalningin sje ef til vill ekki í alla staði tæmandi. Það er vitanlegt, að öll lagaákvæði, sem fara í bág við ný lög, eru úr gildi fallin þar með, hvort sem þau eru nefnd eða ekki, en það er góð regla og til mikils hægðarauka fyrir þá, sem lögin þurfa að nota, að sem flest sje upp talið af því, sem úr gildi á að falla.

ATKVGR.

Brtt. 319. feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. J., M. P., P. Þ., B. J., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., B. Sv.

nei: M. K., Ó. P., P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., B. H., E. Þ., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G.

Tveir þm. (Þorst. J. og Þór J.) fjarstaddir.

Brtt. 253. samþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., J. Þ., M. G., M. J., M. P., Ó. P., P. J., P. Þ., Þorl. G., B. J., E. E., B. Sv.

nei: J. S., M. K., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. H., E. Þ.

Tveir þm. (J. A. J. og Þorst. J.) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 : 5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 18. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 336).

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Halldór Steinsson: Jeg geri það að till. minni, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13. shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 13 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 336, n. 519).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Allsherjarnefnd hefir gert 3 brtt. við þetta

frv., en um 1. brtt. er nefndin ekki öll sammála. Hv. 2. landsk. þm. (S. E.) vill samþ. 1. málsgr. 1. gr. eins og hún kom frá Nd., þar sem hann telur ekki rjett að svifta menn kosningarrjetti og kjörgengi, þótt þeir hafi þegið sveitarstyrk. Meiri hl. nefndarinnar vill aftur á móti ekki ganga hjer framar en gert er um kosningarrjett og kjörgengi til Alþingis. Því tók hann hjer upp samskonar ákvæði og er í stjórnarskránni.

Um 2. brtt. er nefndin öll sammála. Nefndinni þótti nokkurt ósamræmi í orðalaginu, og því hefir hún orðað þessa málsgr. eins og gert er í stjórnarskránni.

3. brtt., sem á við 2. gr., stafar af því, að hv. Nd., hefir sjest yfir það, að þau lög, sem þar eru nefnd, hafa áður verið úr gildi feld. Er því óþarft að gera það aftur.

Guðmundur Ólafsson: Það fer ekki mikið fyrir þessu frv., og efni þess er ekki neitt nýmæli, ef dæma á eftir ræðu hv. frsm. nefndarinnar (S. F.). En það er einkennilegt við það, hvílíkan sand af lagafyrirmælum það nemur úr gildi. Það eru víst ein 7 eða 8 lög, sem það breytir að verulegu leyti. Ef hv. deild fellst á brtt. hv. allshn., þá er sú breyting gerð á gildandi ákvæðum, að gjald til sveitarsjóðs verður ekki lengur skilyrði fyrir kosningarrjetti. Og sú breyting virðist nú ekki gera mikið til, þótt mjer hins vegar þyki hún ekki til bóta.

Hitt þykir mjer verra, sem ekki hefir verið getið um, að eftir frv. mega hjón, foreldrar og börn, föðurforeldrar og móðurforeldrar, sitja í sveitarstjórn samtímis. Gegn þessu hefir verið ákvæði áður, og allir unað vel við og þótt sjálfsagt. Þetta finst mjer mjög varhugaverð breyting. Eftir frv. væri ekkert því til fyrirstöðu, að sveitarstjórn eða bæjarstjórn sje skipuð aðeins einni fjölskyldu, þótt í henni ættu sæti 5 eða 7 menn eða fleiri.

Þá mælir það ekki með frv., hversu mörgum lögum það breytir, og það nýjum lögum. Þetta veldur ruglingi. En þó skiftir hitt mestu máli, að lögin verða verri að miklum mun eftir en áður. Og jeg skil satt að segja ekkert í því, hvernig svo slysalega hefir getað tekist til, að frv. er komið í gegnum hv. Nd. og hv. allshn. þessarar deildar hefir fallist á það að mestu, án þess svo mikið sem benda hv. deild á þessa gagngerðu breytingu.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi minnast örfáum orðum á þann ágreining, sem jeg gerði í nefndinni. Jeg vil mæla með því, að 1. málsgr. 1. gr. verði samþ. eins og hún kom frá hv. Nd.

Framþróun stjórnskipulagsins fer nú á tímum yfirleitt í þá átt að láta ekki kosningarrjett vera bundinn við fjármuni. Þar eiga allir að vera jafnir, fátækir sem ríkir. Engum dettur í hug að láta þann, sem á miljónir, eiga mörg atkv. Og það er beint áframhald af þeirri reglu, að láta menn ekki missa atkvæðisrjett, þótt þeir hafi orðið að þiggja fjárhagslega hjálp hjá hinu opinbera, til þess að framfleyta sjer og sínum. Þótt menn hafi orðið að þiggja sveitarstyrk, þá geta þeir verið ágætir menn, og reynslan hefir sýnt, að börn þeirra hafa engu síður getað orðið góðir borgarar en önnur börn, en það sýnir, að foreldrarnir hafa látið þeim eftir góðan arf í þroska og uppeldi, þótt þau, af ytri ástæðum, hafi orðið fyrir því óhappi að þurfa að þiggja af sveit. Því er ranglæti að svifta þá kosningarrjetti.

Móti þessu verður það væntanlega sagt, að sumir þessir menn hafi farið

ráðlauslega með efni sín og kunni ekki að hafa á hendi fjárforráð sín, hvað þá heldur annara. Og að vísu er það satt, að svo er ástatt um suma af þessum mönnum, en þeir munu ekki færri, sem eingöngu vegna heilsuleysis og annara óviðráðanlegra óhappa hafa orðið að þiggja af sveit. Og á þá að láta þá gjalda þeirra ráðlausu? Og meðal þeirra, sem enginn efast um að eigi að hafa kosningarrjett, eru líka margir, sem áreiðanlega kunna ekki með fje að fara. En dettur samt nokkrum í hug að fara að svifta a l l a rjettinum fyrir það? Þetta er bein afleiðing af þeirri niðurstöðu, sem menn eru komnir að, sem sje þeirri, að kosningarrjettur eigi ekki að bera bundinn við fjárhag manna.

Vitanlega mætir þessi rýmkun á kosningarrjettinum mótspyrnu. Sjerhver rýmkun á honum hefir jafnan mætt mótspyrnu. Svo var fyrir nokkrum árum, þegar verið var að veita konum kosningarrjettinn. Þó hefir sú rýmkun ekki haft neinar illar afleiðingar; þvert á móti. Og nú mundu fáir hafa kjark til þess að berjast fyrir því að svifta konur kosningarrjetti. Rýmkun kosningarrjettarins eykur þeim, sem hann fá, ábyrgð og þroska, og vekur þá til umhugsunar og athugunar á því, til hvers þeir lifa í þjóðfjelaginu.

Jeg vona nú, að hv. deild taki þessu vel og samþ. þessi ákvæði, eins og hv. Nd. Og þótt svo fari, að þetta frv. verði felt hjer nú, þá er jeg sannfærður um það, að það verður aðeins töf, því að þetta verður undir eins tekið upp aftur og aftur, þar til það gengur fram. Og það verður aldrei langt þangað til hætt verður að refsa þessum mönnum, þótt þeir verði að leita á náðir hins opinbera, til þess að geta alið upp borgara handa þjóðfjelaginu. Það er alt of þung refsing að svifta þá frumrjettindum sínum í þjóðfjelaginu, auk þeirrar auðmýkingar, sem þetta hefir í för með sjer, og er sannarlega mörgum fullþung.

Sigurður Jónsson: Jafnvel þótt jeg sje að sumu leyti á sömu skoðun í þessu máli og hv. 2. landsk. þm. (S. E.), verð jeg þó að líta svo á, að til sjeu þau tilfelli, þar sem rjettlátt sje að svifta menn kosningarrjetti vegna þegins sveitarstyrks; en þau má nú víst telja undantekningar. Það er því ekki vegna þess, að jeg treysti mjer tæplega til að fylgja frv. óbreyttu, heldur af því, sem hv. 1. þm. Húnv. (G. Ó.) nefndi, að í frv. er ekki bannað, að hjón eða náin skyldmenni megi sitja í hreppsnefnd samtímis. Þetta álít jeg háskalegt, því það getur leitt til þess, að hreppsnefnd misbeiti valdi sínu. Sveitarstjórn þarf ekki að bera álit sitt og fyrirætlanir undir hreppskilaþing, og það þótt um mikilvægar ráðstafanir sje að ræða, svo sem um mikilvægar ábyrgðir, ýmisleg kaup eða sölu á eignum hreppsins. Sýslunefnd leyfir slíkt venjulega eftir tilmælum sveitarstjórnar, og þá getur alt verið komið í kring áður en það er borið undir hreppsbúa. Ef því hjón og sifjalið skipar eingöngu hreppsnefnd, sem vel getur átt sjer stað, þá leiðir það til einveldis einnar fjölskyldu, og þarf það ekki skýringar við, hversu afarviðsjált slíkt gæti orðið.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg ætla aðeins að taka það fram, að það, sem fyrir okkur vakti, var það, að við vildum ekki, að kosningarrjetturinn væri takmarkaðri í sveitarmálum en landsmálum. En hvað því viðvíkur, sem hv. 1. þm. Húnv. (G. Ó.) sagði, þá hafði

nefndin athugað það áður og hugsað sjer að láta frv. ekki velta á því. En því miður hefi jeg ekki þau gögn við höndina, að jeg geti svarað því nú til hlítar, og ætla því, að rjettast sje að taka málið út af dagskrá að sinni.

Að því er snertir þessi mörgu lög, sem hv. 1. þm. Húnv. (G. Ó.) kvað falla úr gildi við þetta, þá skal jeg geta þess, að þetta eru aðeins einstakar greinar úr sveitar- og bæjarstjórnarlögum, og er það því einfalt mál og ætti ekki að valda neinni fyrirstöðu.

Hvað það snertir, að þeginn sveitarstyrkur skuli valda missi kosningarrjettar, þá skal jeg geta þess, að mjer finst það stundum, þ. e. í sumum tilfellum, sanngjarnt, en í öðrum ekki. Jeg gæti því fallist á rýmkun í því efni, en ekki á hitt, að öllum sveitarlimum sje skilyrðislaust veittur kosningarrjettur. — Jeg er alls ekki sömu skoðunar og hv. 2. landsk. þm. (S. E.) í þessu efni og efast stórlega um það, að þessi víðtæki kosningarrjettur, sem nú er á kominn, hafi orðið til bóta yfirleitt. Mín reynsla er sú, að þeir sjeu einatt örlátastir á fje úr sveitarsjóði, sem minst hafa til hans lagt, enda hefir það löngum þótt fýsilegt að rista þveng af annara skinni.

Eins og menn vita, þá eru aðalviðfangsefni sveitar- og bæjarstjórna fjármálin, og þykir mjer því sanngjarnast að sjá svo um, ef hægt væri, að þeir sjeu ekki alveg ofurliði bornir, sem þyngsta bera baggana.

Sigurður Eggerz: Hv. 1. þm. Húnv. (G. Ó.) var að tala um það, að ekki væri gott, að bæði maður og kona sætu í sveitarstjórn. Jeg skal játa, að slíkt mætti að jafnaði teljast óheppilegt, en hins vegar skil jeg ekki í öðru en trúa megi kjósendum fyrir því að sjá um, að svo verði ekki. En jeg fyrir mitt leyti get fallist á, að þetta ákvæði verði aftur tekið upp í frv.

Að því er snertir athugasemdir hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) um það, að þeir væru jafnan frakkastir að ausa fje úr sveitarsjóði, sem minst borguðu í hann, þá vil jeg benda á það, að minstu muni, þótt markalínan sje færð lítið eitt neðar, því eins og allir vita, þá eru nú fyrir ofan strikið margir, sem illa eru staddir fjárhagslega, og eiga því sveitarsjóðir þar fyrir fult af talsmönnum örlætisins. Væri því ekki hundrað í hættu, þótt fáir bættust við.

Þetta er aðallega mannúðaratriði, sem hjer er um að ræða, og finst mjer því öll ástæða til, að menn veigruðu sjer við að vera á móti því.

Auk þess getur hjer oft orðið vont að gera upp á milli manna, því það eru margir, sem ekki þiggja sveitarstyrk, en þiggja styrk af frændum sínum og vandamönnum.

Hv. 3. landsk. þm. (S. J.) sagði, að það væru aðeins einstök tilfelli, er menn færu á sveitina sökum heilsubrests, en jeg verð að segja, að þau „tilfelli“ sjeu æðimörg. Annars má ekki láta heildina gjalda undantekninganna, og það verður aldrei hægt að girða fyrir það, að ýmsir fái kosningarrjett, sem ekki kunna að fara með atkv. sitt.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira, þar sem lagt er til, að málið verði nú tekið út af dagskrá.

Halldór Steinsson: Þar sem þetta er 2. umr. og menn geta því átt kost á að koma fram með brtt. við 3. umr., þá get jeg ekki sjeð neina ástæðu til að taka málið út af dagskrá.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Ef hv. deildarmönnum sýnist svo, þá er jeg fús á að taka þessa till. mína aftur.

Sigurður Eggerz: Þá leyfi jeg mjer að taka upp till. hv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) og skora á hæstv. forseta að taka málið af dagskrá.

ATKVGR.

Till. um að taka málið af dagskrá feld með 8 : 5 atkv.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skal ekki lengja umr. mikið. Hjer er aðallega rætt um það, hvort þeir, sem hafa fengið sveitarstyrk, eigi að hafa kosningarrjett eða ekki. En eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, er hjer um miklu meiri breytingu að ræða. Jeg álít, að með þeirri breytingu fari fram sú röskun á öðrum lögum og ákvæðum, að það borgi sig ekki að gera hana, enda álít jeg ekki þennan kosningarrjett til bæjar- og sveitarstjórna svo mikils virði, að hægt sje að tala um þunga refsing, sem lögð sje á þá, sem eru sviftir honum. Það er beinlínis rangt hjá háttv. 2. landsk. þm. (S. E.), að hjer sje verið að svifta menn rjetti, því þessir menn hafa aldrei haft þennan rjett. Virðast mjer horfurnar í þessum efnum nú helst vera þannig og breytingagirni manna og frjálslyndi á svo háu stigi, að mjer kæmi ekki á óvart, ef frv. verður samþ., að komið yrði fram með á næsta þingi till. um, að enginn skyldi mega sitja í bæjarstjórn eða sveitarstjórn, nema sá, sem þegið hefir sveitarstyrk. Og þótt jeg viðurkenni fúslega, að ýmsir, sem þiggja sveitarstyrk, sjeu engu lakari menn en hinir, sem þess þurfa ekki, finst mjer ekki eiga við að tala um þessa styrkþega sem nýtustu sonu þjóðarinnar, er standi þeim, sem sjeð geta um sig og sína, miklu framar, en það virðist háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) hafa lagt mikla áherslu á.

ATKVGR.

Brtt. 519, 1. a. samþ. með 8 : 5 atkv.
— 519, 1. b. samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, **feld** með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. F., E. Á., Jóh. Jóh., K. E., S. E.
nei: B. K., G. G., G. Guðf., G. Ó., H. St., H. Sn., S. H. K., S. J., G. B.

5. Laun embættismanna.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 30. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (A. 430).

Á 60. og 62. fundi í Nd., dagana 2. og 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., laugardaginn 7 maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það mætti samt taka til meðferðar.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg skal ekki tefja tímann. Hefi gert grein fyrir þessu frv. við framsögu fjáraukalag-

anna. Mun ræða einstakar greinar þess við 2. umr., en vænti, að háttv. deild leyfi því að ganga til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 430, 563)

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg hafði ætlað að kveðja mjer hljóðs til þess að taka aftur brtt. á þskj. 563 og vil um leið afsaka það með nokkrum orðum.

Þegar jeg bar fram brtt., þá minti mig, að skógarverðirnir á Hallormsstað og Vöglum væru ekki á launalögunum, og hjelt því, að greinin hljóðaði um að bæta þeim á þau. En mjer þótti ekki viðeigandi að gera það, vegna þess, að skógarverðirnir hafa mjög ólika aðstöðu. Mjer er kunnugt um, að 2 af þeim hafa jarðir til ábúðar og aðrir hafa frítt húsnæði og hita. En verðmæti þessara hlunninda breytist mjög eftir kringumstæðum. Nú, þegar jeg veit, að það var misminni mitt, að hinir tveir fyrstnefndu skógarverðir væru ekki á launalögunum, þá ætla jeg að taka brtt. aftur, því að það hefir litla þýðingu fyrir stjórnina, hvort þeir eru þar eða ekki.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg kann ekki við annað en láta frv. fylgja nokkur orð, þó þess sje ekki mikil þörf, því að allar greinarnar hafa verið ræddar meira og minna í sambandi við fjárlögin og ýmislegt annað.

Um 1. gr. er það að segja, að fjvn. þótti rjettara að setja þetta ákvæði, um laun bæjarfógetans á Siglufirði, beint inn í launalögin, þó það hafi verið samþykt í öðrum lögum. En jafnframt fellur þá niður 4. málsgr., því að lögreglustjóri á Siglufirði er ekki lengur til sem sjálfstætt embætti.

Um 2. og 4. gr. Fjvn. þykir rjett, að dyraverðirnir við pósthúsið og Alþingishúsið sjeu á launalögunum, eins og dyraverðir við önnur samskonar opinberar bygingar, svo sem safnahúsið og mentaskólann.

Um 3. gr. hefir hæstv. atvrh. (P. J.) talað nægilega.

5. gr. er aðeins lagarjetting, til þess að koma þessum tveim kennurum á rjettan stað.

Um 6. gr. var nægilega talað í umræðunum um fjáraukalögin, þegar talað var um kennaraskólann.

Viðvíkjandi 7. gr. vil jeg beina máli mínu til hæstv. fjrh. (M. G.). Í síðustu línu gr. er sagt, að kennararnir fái ekki þessar launabætur fyr en þeir verða skipaðir fastir kennarar, en í 1. málsgr. segir, að launabæturnar gildi frá 1. jan. 1921. Þegar nefndin setti þessa grein, átti hún við 2 kennara, sem ráðnir voru með samningi á síðastliðnu hausti, en hún hjelt, að hinir kennararnir við skólann væru skipaðir fastir kennarar. Nú hefir nefndin fengið þær upplýsingar, að einn elsti kennarinn, sem helst ætti að bæta við, Sigurbjörn Á. Gíslason, er ekki skipaður fastur kennari enn þá og segist ekki kæra sig um að vera skipaður, ef hann fær launabæturnar samt.

Nú vil jeg spyrja hæstv. fjrh. (M.

G.), hvort hann álítur sig hafa heimild til þess að greiða honum launabætur eftir gr., eða vill heldur fá sjerstaka brtt. til þess.

Jeg vona svo, að frv. verði vísað til 3. umr. og síðan afgreitt til háttv. Ed. og að hún fari ekki eins með það og samskonar frv. frá stjórninni, sem hún hefir stungið undir stól.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil aðeins geta þess, að jeg vil heldur fá sjerstaka brtt um það atriði, er háttv. frsm. (M. P.) nefndi.

ATKVGR.
Brtt. 563. tekin aftur.
1. gr. samþ. með 16 : 1 atkv.
2. gr. samþ. með 14 : 1 atkv.
3. gr. samþ. með 16 : 1 atkv.
4. gr. samþ. með 14 : 1 atkv.
5. gr. samþ. með 16 : 1 atkv.
6. gr. samþ. með 16 : 1 atkv.
7. gr. samþ. með 17 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 : 3 atkv.

Á 69. fundi í Nd., föstudaginn 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 430, 593).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Eins og jeg gat um við 2. umr., þótti okkur nefndarmönnunum rjettara að gera brtt. við 7. gr., svo ekki gæti neinn misskilningur orðið um það, hverjir þeir menn væru, sem ætlast væri til að fengju launabætur. Við höfum nú gert þetta, eins og sjá má af þskj. 593, svo nú ætti ekki lengur að geta orkað tvímælis um það.

Jeg sje svo enga ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál.

ATKVGR.
Brtt. 593. samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., laugardaginn 14. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 602).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. **felt** frá 2. umr. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. J., B. K., G. Guðf., H. St., K. E., S. E.
nei: S. H. K., S. F., E. Á., G. G., G. Ó., H. Sn., Jóh. Jóh., G. B.

---

6. Sýslumannsstörf í Skaftafellssýslu.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 23. apríl, var útbýtt
Frumvarpi til laga um, að sýslumenn og bæjarfógetar megi fela öðrum sjerstök störf (A. 370).

Á 51., 56., 57. og 60. fundi í Nd., dagana 25., 27. og 28. apríl og 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það mætti samt taka til meðferðar.

Flm. (Þorleifur Jónsson): Sá þingmaður, sem ekki hefir getað sótt þetta þing fyrir lasleika sakir, Gísli Sveinsson sýslumaður, hefir sent þetta frv. hingað með þeim tilmælum, að það væri flutt á Alþingi. Frv. kom of seint suður til þess, að hægt væri að leggja það fyrir hið háa Alþ. án afbrigða frá þingsköpum, en jeg hefi nú tekið að mjer flutning þess eftir beiðni hæstv. fjrh. (M. G.). Frv. fylgir greinargerð frá hendi sýslumannsins, og getur hv. deild sjeð þar ástæður þær, sem hann telur því til gildis.

Jeg skal geta þess, að það mun óvíða jafnmiklum erfiðleikum bundið að þjóna sýslumannsembætti eins og í Skaftafellssýslu, vegna hinna miklu vegalengda þar og stórvatnanna, sem oft eru ófær yfirferðar; og þegar Skeiðará hleypur, er, eins og kunnugt er, öll umferð tept um langt skeið. Sýslumaðurinn, sem er búsettur vestast í Vestursýslunni, getur líka orðið teptur við embættisstörf í Vestursýslunni á þeim tíma, sem búið er að boða sýslufund og manntalsþing í Austursýslunni, og hefir því nokkrum sinnum komið fyrir, að þurft hefir að setja mann eystra til að gegna þessum störfum, halda uppboð o. s. frv. Slíkt getur átt sjer stað annarsstaðar, þar sem sami sýslumaður hefir tvö sýslufjelög undir, og þurfa þeir þá að geta falið hreppstjórum eða öðrum hæfum mönnum þau störf, sem hægt er að meinalausu, þegar forföll banna þeim sjálfum að framkvæma þau. Það er ekki meiningin með þessu að hvetja sýslumenn til að fela öðrum mönnum störfin að óþörfu. Jeg álít, að almenningur eigi heimtingu á að ná tali af sýslumanni sínum einu sinni á ári, ef þeim er unt að ferðast um, enda er tekið fram í frv., að heimildin gildi aðeins, „ef forföll banna þeim sjálfum (sýslumönnunum) að framkvæma þessi störf.“

Það gæti litið svo út, að þetta sje ekki bráðnauðsynlegt, því sýslumenn geti fengið löggilta menn fyrir sig af stjórnarráðinu, ef þeir sjálfir eru tálmaðir. En höfundi frv. hefir fundist óhagkvæmt að þurfa altaf að hlaupa til stjórnarráðsins í hvert skifti, sem þörf væri á slíkri löggildingu.

Jeg býst við, að frv. verði vísað til allshn., og vona, að hún afgreiði það fljótt, svo það geti komist gegnum þingið.

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og háttv. flm. (Þorl. J.) tók fram, þá held jeg, að sjaldan sje fyrirstaða á því, að stjórnarráðið leyfi sýslumanni, sem sjálfur er forfallaður, að láta hreppstjóra halda fyrir sig uppboð eða umboðsmann halda manntalsþing. Þetta hefir oft komið fyrir í Austur-Skaftafellssýslu, og aldrei verið fyrirstaða á að veita það. Jeg hefði samt ekki á móti því, að sýslumanninum þar væri veitt sú heimild, sem þetta frv. fer fram á. En jeg held, að engin nauðsyn sje á að veita sýslumönnum alment slíka heimild, því það stendur óvíða líkt á og í Skaftafellssýslum. Ef manntalsþing yfirleitt hafa nokkra þýðingu, þá er það því aðeins, að sýslumenn haldi þau sjálfir og sýslubúum gefist þar kostur á að ná tali af þeim að minsta kosti einu sinni á ári. Það væri hreinlegra að leggja

manntalsþingin alveg niður heldur en farið væri að tíðka það, að sýslumenn ljetu aðra halda þau fyrir sig. Það hefir komið fram á þingi frv. um að leggja manntalsþingin niður. Jeg man, að jeg mælti þá á móti því, vegna þess, að jeg mundi frá mínum yngri dögum, að það þótti af atriði heppilegt, að sýslumenn kæmu í hreppana einu sinni á ári að minsta kosti og gætu athugað mál manna og almenningi gæfist kostur á að leita ráða hjá þeim. Nú er vitanlega margt orðið svo breytt, að ef til vill mætti leggja þau niður að meinalitlu. En mjer þykir athugavert að gefa svona almenna heimild, meðan þau haldast. Annars vil jeg skjóta því til þeirrar nefndar, sem fær frv. til athugunar, hvort hún ekki geti orðið mjer samdóma um að binda heimildina við sýslumanninn í Skaftafellssýslu. Venjulegast er nú sýslumaðurinn í Vík, og þá kostar það aðeins símskeyti að fá löggildingu, svo heimildin hefir ekki mikla þýðingu.

Heimildin til að fela hreppstjórum eða sjerstökum umboðsmönnum að halda uppboð skiftir minna máli en um manntalsþingin. Helst gæti það verið um stranduppboð. Það kemur stundum fyrir á stranduppboðum, að eigendurnir fetta fingur út í meðferð á munum sínum, og má þá búast við, að þeir vilji heldur, að sýslumenn sjálfir haldi þau.

Að lokum vil jeg sjerstaklega taka það fram, að rjettara er að binda heimildina við Skaftafellssýslu.

Gunnar Sigurðsson: Jeg er sammála hæstv. forsrh. (J. M.) um það, að manntalsþing eigi helst ekki aðrir að halda en sýslumaðurinn. Og því tel jeg óþarfa að gera undantekningu um Skaftafellssýslu eða yfir höfuð nokkra sýslu. Eins og hæstv. forsrh. (J. M.) tók fram, þá kostar það sýslumanninn aðeins símskeyti að fá löggildingu á manninn fyrir sig, og enn fremur er það víst, að hvaða stjórn sem er mundi telja það skyldu sína að gera slíkt, þegar lögmæt forföll eru fyrir hendi. En sýslumaðurinn sparar sjer alls ekki þetta skeyti, þó frv. yrði samþ., því samkvæmt því er honum gert að skyldu að skýra stjórnarráðinu frá ráðstöfuninni í hvert skifti. Frv. er því í rauninni algerlega þarflaust.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil aðeins geta þess, að þessi sjúki starfsbróðir okkar, Gísli Sveinsson sýslumaður, sendi þetta frv. til mín og bað mig um að koma því á framfæri. Talaðist þá svo til milli háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) og mín, að hann flytti málið hjer fram. Jeg vil mælast til þess við hina háttv. deild, að hún leyfi að minsta kosti nefnd að athuga málið, því oss er skylt að taka svo mikið tillit til þessa sjúka starfsbróður, sem forföll banna að flytja frv. þetta fram sjálfum.

Annars get jeg fallist á sömu lausn og hæstv. forsrh. (J. M.) hefir bent á.

Flm. (Þorleifur Jónsson): Jeg hefi ekki á móti því, að frv. verði aðeins bundið við Skaftafellssýslu, og getur þá hv. nefnd breytt því í þá átt, ef henni sýnist svo.

Jeg er alveg á móti því, að manntalsþing sjeu feld niður. Það er nauðsynlegt, að almenningur geti átt kost á að fá úrskurði og leiðbeiningar ýmsar á manntalsþingunum hjá sýslumönnunum.

Og eins og jeg hefi tekið fram áður, á ekki að hlífa sýslumönnum við manntalsþingahaldi og þess háttar, nema sjerstök forföll banni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 18 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 370, n. 506).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Niðurstaða nefndarinnar sjest í nál. á þskj. 506. Hún hefir ekki getað fallist á það að veita heimild þessa alment, og sje jeg ekki ástæðu til þess að taka upp aftur ástæður nefndarinnar úr nál. Hins vegar gat hún fallist á það, að sýslumanninum í Skaftafellssýslum yrði veitt slík undanþága, þar sem aðstaða í Skaftafellssýslum er sjerstök, enda er frv. komið fram frá sýslumanninum þar. Og með þessum breytingum leggur nefndin til, að frv. verði samþ.

Þorleifur Jónsson: Jeg get fallist á það, eftir atvikum, að hafa frv. í þessari mynd, sem hv. nefnd hefir lagt til. Þörfin á þessu er hvort eð er mest í Skaftafellssýslu, og þar mundi lögunum mest, eða nær eingöngu, verða beitt, svo aðaltilgangi þess er að mestu jafnt náð eftir sem áður.

En um ástæðurnar fyrir nauðsyn undanþágunnar í Skaftafellssýslum, þarf jeg ekki að fjölyrða, en get vísað til þess, sem áður hefir verið um það sagt.

ATKVGR.

Brtt. 506, 1. (ný 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 506, 2. (ný 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 506, 3. (ný 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 506, 4. (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19. shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um, að sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu megi fela öðrum sjerstök störf.

Á. 68. fundi í Nd., fimtudaginn 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 558).

Hákon Kristófersson: Jeg hefi látið þetta mál afskiftalaust við 1. og 2. umr. Jeg skil samt ekki nauðsyn frv., og mig furðar dálítið á því, að hæstv. stjórn skuli álíta það nauðsynlegt fyrir hið háa Alþingi að láta frá sjer fara lagafyrirmæli um annað eins og þetta. Vitanlega er frv. þetta komið fram vegna sjúkleika eins embættismanns. En þar sem stjórnin hefir heimild til þess að veita þessum sýslumanni leyfi til þess að fela öðrum að gegna fyrir sig störfum, sem hann, vegna lasleika eða annara orsaka, getur ekki framkvæmt sjálfur, þá sýnist það vera óþarfi að setja lög um það.

Jeg man ekki betur en sagt hafi verið, þegar launalögin voru hjer síðast til umr., að sýslumenn gætu falið hreppstjórum að halda uppboð fyrir sig. Því óskiljanlegra verður það þá, hvað lög eiga að þýða um það efni.

Þá má líta á það, að búast má við

því, að fleiri sýslumenn komi á eftir, og þá helst þeir, sem hafa strandlengissýslur eða tvö sýslufjelög, því það eru fleiri sýslur erfiðar yfirferðar heldur en Skaftafellssýsla. Jeg ætla þá með það fyrir augum, að stjórnin veiti sýslumönnum leyfi til þess að láta aðra framkvæma fyrir sig störf, þegar nauðsyn krefur, að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

> **Í því trausti, að stjórnin heimili núverandi sýslumanni í Skaftafellssýslu að fela viðkomandi hreppstjórum að framkvæma ýms þau störf, er sýslumenn hafa á hendi, svo sem að halda manntalsþing, stjórn sýslufunda eða önnur þau störf, er hann kann forfalla vegna ekki að vera fær um að inna af hendi og ekki eru þess eðlis, að útkljá þurfi með dómsúrskurði, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.**

Með því að jeg lít svo á, að beiðni sýslumannsins sje fullnægt með þessu, þá leyfi jeg mjer að afhenda forseta þessa till. til rökstuddrar dagskrár.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get fallist á það með hv. þm. Barð. (H. K.), að þetta frv. er ekki beinlínis nauðsyn. En jeg get ekki fallist á þau ummæli, að frv. sje fram komið vegna mögulegra forfalla núverandi sýslumanns í Skaftafellssýslu. Eins og flm. (Þorl. J.) bar það fram, var það alment um forföll sýslumanna, en jeg gat þess jafnframt, að það stæði sjerstaklega á í Skaftafellssýslu. Jeg veit, að sýslumenn eiga víðar erfitt uppdráttar með þingaferðir og önnur ferðalög; t. d. er mjög örðug leið fyrir sýslumanninn í Barðastrandarsýslu að komast í austurhreppa sýslunnar. Sama má segja um Norður-Ísafjarðarsýslu. Þá er talsverður munur á örðugleikunum í Skaftafellssýslu og hinum sýslunum. Því vegna stórvatnanna er stundum ómögulegt að komast leiðar sinnar milli Vestur- og Austur-Skaftafellssýslna. Jeg man t. d. eftir því, að sýslumaður Skaftfellinga hefir orðið að koma hingað til Reykjavíkur, til þess að komast hjeðan til þingaferða í austursýslunni.

Þó að jeg því ekki geti sagt, að það sje nein nauðsyn, þá sje jeg ekki, að það geti verið neitt skaðlegt að veita heimild í þessu sjerstaka tilfelli.

Gunnar Sigurðsson: Jeg hreyfði andmælum gegn frv. við 1. umr. Hv. allshn. hefir tekið þau til greina að nokkru, en ekki öllu leyti. Mjer finst þetta frv. vera óþarfi og auk þess hættulegt fordæmi. Það eru fleiri sýslur en Barðastrandarsýsla, sem hefðu sanngirniskröfu til að heimta það sama og Skaftafellssýsla; tökum t. d. Suður-Múlasýslu, sem er allra sýslna erfiðust yfirferðar.

Jeg álít alveg gagnslaust að samþ. lög um þetta efni, því að hvaða stjórn sem situr við völd mun veita slíkt leyfi, sem hjer ræðir um, orðalaust, ef þörf er fyrir hendi. Þótt frv. þetta nái fram að ganga hjer í deildinni, þá er mjer kunnugt um það, að hv. Ed. mun hafa vit fyrir Nd. og fella frv.

Forsætisráðherra (J. M.): Stjórnin getur vitanlega látið sjer í ljettu rúmi liggja, hvernig um frv. fer. En jeg held, að ekki sje rjett að samþ. svona dagskrá, eins og hv. þm. Barð. (H. K.) hefir borið fram. Jeg álít sem sje alls ekki, að beiðni sýslumannsins í Skaftafellssýslu um, að þetta frv. væri borið hjer fram, sje komið fram fyrir hann sjálf-

an persónulega. Og jeg er alveg óviss um, hvort honum þætti betra, að þessi dagskrá sje samþ., heldur en hvorttveggja, frv. og dagskráin, felt. Ef hann hefði aðeins verið að hugsa um sjúkleika sinn í augnablikinu, þá hefði hann snúið sjer beint til stjórnarinnar.

Hákon Kristófersson: Jeg ætla ekki að fara að gera þetta að neinu kappsmáli eða deiluatriði. Mjer finst, að lög í þessu efni sjeu algerlega óþörf og jafnvel hættulegt fordæmi, en vil hins vegar taka til greina vanmátt sýslumannsins í Skaftafellssýslu til þess að gegna störfum sínum. Og eftir atvikum, einkum af því að jeg veit frv. búinn bana í hv. Ed., þá held jeg fast við þessa rökstuddu dagskrá, sem jeg hefi borið fram.

Þorleifur Jónsson: Þetta er ekkert stórmál, sem ástæða er til að deila um hjer á hinu háa Alþingi. Jeg vil aðeins mótmæla því, að þetta frv. sje einkanlega fram komið vegna sjúkleika núverandi sýslumanns í Skaftafellssýslu. Það er sem sje ekkert einsdæmi með hann, að sýslumaður í Skaftafellssýslu hafi orðið neyddur til að fá leyfi til að fela hreppstjóra eða umboðsmanni að framkvæma fyrir sig ýms störf, svo sem þingaferðir eða uppboð. Það kom fyrir oftar en einu sinni í tíð fyrri sýslumanna, bæði Guðlaugs, Sigurðar og Sigurjóns, og var vitanlega engin fyrirstaða á því að fá leyfið hjá stjórnarráðinu. En þau tilfelli geta komið fyrir, að heppilegra sje fyrir sýslumenn að geta upp á eindæmi falið hreppstjóra eða umboðsmanni að halda uppboð eða annað þvílíkt.

Jeg er sammála hæstv. forsrh. (J. M.) um það, að ekki sje viðeigandi að samþ. svona dagskrá, því að stjórnin þarf engra áskorana við. Hvað sem annars verður gert við málið, þá vona jeg, að dagskráin verði feld.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Barð. (H. K.) feld með 15 : 7 atkv.

Frv. samþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jak. M., M. G., M. J., M. P., P. J., P. O., S. St., St. St., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. H., E. Þ., B. Sv.

nei: H. K., J. A. J., J. B., J. Þ., M. K., P. Þ., Sv. Ó., E. E., Gunn. S.,

Einn þm. (J. S.) fjarstaddur

Frv. afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., föstudaginn 13. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 558).

Á 70. fundi í Ed., laugardaginn 14. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Halldór Steinsson: Þetta virðist mjer vera eitt af hinum nauðaóþörfu frv., sem koma fram aðeins til þess að tefja tíma þingsins. Það fjallar um það, að sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu megi fela hreppstjórum eða öðrum umboðsmönnum sínum að halda uppboð, stýra sýslufundi og framkvæma fleiri þau störf, sem sýslumaður á að vinna. En um þetta er alveg óþarft að setja sjerstök lög. Stjórnarráðið mundi áreiðan-

lega samþykkja slíkt í hvert skifti, sem sýslumaður óskaði þess, og ástæða væri til. —

Jeg held því, að rjettast væri að fella frv. nú þegar, til þess að eyða ekki tíma deildarinnar að óþörfu.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 11 shlj. atkv.

---

7. Vjelgæsla á mótorskipum.

Á 19. fundi í Nd., fimtudaginn 10. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum (A. 121).

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kristjánsson): Þetta frv. stendur í nánu sambandi við lög nr. 13, 18. maí 1920, um kenslu í mótorvjelfræði. Þau lög hafa enn ekki komið til framkvæmda, en jeg vona, að drátturinn á framkvæmdunum verði sem minstur úr þessu. Þegar tekið verður til starfa samkvæmt þeim lögum, er nauðsynlegt, að til sjeu lagaákvæði um rjettindi og skyldur þeirra manna, er lögin ná til. Nauðsynin á skjótri framkvæmd laganna er því brýnni, þar sem nú er fallin niður sú kensla Fiskifjelagsins, sem áður var, og þótt hún hafi ekki verið eins fullkomin og æskilegt var, mun hún hafa orðið til mikilla bóta. Kennarinn á þessum námsskeiðum var ágætlega til starfans fallinn, en að öðru leyti voru skilyrðin mjög bágborin, því öll tæki til kenslunnar vantaði.

Jeg þykist ekki þurfa að fara mörgum orðum um þetta mál. Jeg hygg, að hv. deildarmönnum sje það ljóst. Út í einstök atriði ætla jeg ekki að fara. Jeg vona, að hv. þm. sjái, að fyrirkomulagið, sem farið er fram á, er hnitmiðað við það, að þeir menn, sem reynst hafa starfi sínu vaxnir í þessari grein, missi einkis í af rjettindum sínum, er þeir þegar hafa aflað sjer. Ennfremur er áhersla lögð á það, að atvinnuvegurinn geti framvegis orðið stundaður með minni hættu fyrir líf manna og eignir. Jeg vona því, að málið fái góðar undirtektir.

Jeg álít ekki þörf á, að málið fari til nefndar, en ef mönnum þykir það viðkunnanlegra, mun jeg ekki setja mig á móti því, og ætti þá frv. að fara til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 1658) með 18 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 121, n. 304).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 18. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 121, n. 304).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Það er ekki ástæða til þess að fjölyrða mikið um málið, enda er gerð grein fyrir því í nál. á þskj. 304. Það er mikil nauðsyn

á því að setja lagaákvæði um þetta efni, en hins vegar hefir það ekki verið hægt til þessa, þar sem menn hafa ekki átt kost á nægri fræðslu eða undirbúningi undir þennan starfa. En úr því átti að bæta með lögunum um stofnun mótorvjelstjóraskólans, sem samb. voru á síðasta þingi, þó sá skóli hafi enn ekki verið stofnaður. Vil jeg því nota tækifærið til þess að skora á hæstv. stjórn að láta það nú ekki dragast miklu lengur, að skóli þessi taki til starfa.

Af þessum ástæðum hefir orðið að fara fremur vægilega í sakirnar í kröfum um þekking manna í þessu frv. — fyrst um sinn — og gengur þetta stig af stigi, og er hert á kröfunum eftir því sem vjelarnar eru stærri og margbrotnari, sem stjórna á. Annars eru breytingar nefndarinnar ekki efnisbreytingar, heldur leiðrjettingar á ósamræmi í frv., eða viðbætur til skýringar. Vænti jeg þess svo, að hv. deild taki málinu vel.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 304, 1, samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj atkv.

3.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 304, 2, (ný 5. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 304, 3. samþ. með 18 shlj. atkv

6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 304, 4, samþ. með 16 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

8.—10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 342).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 22. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd., (A. 342).

Á 50. fundi í Ed., laugardaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti (G. B.): Jeg sting upp á, að frv. verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 1653), hvorttveggja með 14 atkv.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (342, n. 466).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (342).

Guðjón Guðlaugsson: Það er tæpast, að jeg geti tekið til máls um þetta frv. nú, því að það er til 3. umr., og á að verða að lögum í dag. En svo stendur á, að jeg hefi vanrækt að yfirvega frv., fyr en í morgun. Jeg verð að telja það vanrækslu, heldur en beinlínis tímaleysi.

Þegar jeg fór að lesa frv. þetta í morgun, fanst mjer það talsvert athugavert. Jeg hafði engan tíma til að tala við sjávarútvegsnefndirnar og stend því „blankur".

Í frv. þessu er ákveðið, hverjir hafi rjett til að stunda atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum. Og er það 2. gr., sem snertir mig sjerstaklega, því að það ákvæði, sem þar er, getur komið stórkostlega í bág við hagsmuni einstakra manna og jafnvel heilla hjeraða, því að það á að útiloka alla frá að hafa vjelgæslu á smámótorbátum, nema þeir hafi gengið undir nokkurskonar próf. Skal jeg svo taka dæmi, er sýnir það, hve illa þetta getur komið sjer. — Í hjeraðinu, sem jeg átti heima í, eru tveir mótorbátar; annar er um 10 tonn og gengur til og frá um flóann til fiskjar. Hinn er 4 tonn og er notaður til flutninga. Hann er eign hlutafjelags og er notaður til að flytja vörur fyrir bændur, þegar þær koma þangað í stórum slumpum, og líka til þess að flytja sláturvörur á haustin, og fer hann þá oft 3—4 ferðir yfir daginn. — Venjulegast var nú maðurinn ráðinn til þess að fara með bátnum, nokkrum dögum áður en þessi vertíð byrjaði, en svo kom það líka oft fyrir, að ráða varð manninn því nær samstundis. Margir af þeim mönnum höfðu lært, en þó kom það fyrir að taka varð menn, sem ekkert höfðu lært; þannig varð jeg einu sinni, þó að jeg væri kaupfjelagsstjóri, að vera vjelarmaður á þessum bát í hálfan mánuð, og hefði jeg með öllu verið útilokaður frá því, ef jeg hefði þurft að hafa próf. Líka getur það komið fyrir, að vjelarmaður veikist í byrjun vertíðar, og svo sje annar maður á bátnum, sem sje jafnfær um að gæta vjelarinnar eins og hinn, en hafi ekki próf, þá er það allhart, að sá maður skuli ekki mega gæta vjelarinnar, og verði því að setja upp bátinn, ef ekki fæst lærður maður á hann.

Þessi dæmi ættu að nægja, til þess að sýna, hversu þetta ákvæði getur komið sjer illa, og það því athugavert, að gera ekkert ráð fyrir slíku, þar sem beinlínis getur stafað af því efnalegt tjón, eins og jeg hefi þegar bent á. — Það getur því eigi annað talist en alveg ótækt, að hafa þetta ákvæði undantekningarlaust um smávjelbáta, sem eingöngu eru notaðir til flutninga, því að oft þarf t. d. að grípa til þeirra í lífsnauðsyn, til þess að vitja læknis, og þannig er t. d. ástatt í Reykjafjarðarhjeraði.

Það má nú ef til vill segja, að samkvæmt 1. gr. sje öllum heimilt að vera vjelstjórar, þegar það telst ekki vera atvinna þeirra, en þetta er þá ekki nógu skýrt, og hefði þurft að skýrast í nál. að minsta kosti. Það væri nú betra en ekki, að fá yfirlýsingu sjávarútvegsnefndar um þetta atriði.

Með hinn mótorbátinn, sem jeg gat um áðan, og er 10 tonn, hefir altaf far-

ið sami maðurinn í samfleytt 10 ár, og hefir aldrei orðið neitt að hjá honum, og hefir hann þó aldrei próf tekið. En þeir, sem kunnugir eru á Húnaflóa, hljóta að þekkja það, að þar eru þó stundum þokur og stormar, og sker eru þar mörg. En ef þetta frv. verður að lögum eins og það er, þá hefir maður þessi ekki rjett til þess að vera með vjelbát þennan lengur, nema hann taki próf. — Og þannig getur verið um marga fleiri.

Mjer hefir því dottið í hug að koma með brtt., sem gengi í þá átt, að hægt væri að fá undanþágu frá þessu í sjerstökum tilfellum, og að t. d. þeir, sem búnir væru að stunda vjelgæslu í 5—10 ár, þyrftu ekki að taka próf. — Jeg vildi því leyfa mjer að óska þess, að málið verði tekið af dagskrá.

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg get nú ekki sjeð, að eins mikið sje að athuga við þetta frv., eins og hv. 4. landsk. þm. (G. G.) lýsti. Mjer hefir þó frá upphafi þótt það ókostur á frv., að 2. gr. nær ekki yfir stærri báta en þá, sem hafa 10 hestafla vjel. Jeg væri ánægður með, að 2. og 3. gr. væri slengt saman, og ein og sama regla gilti um alla þá báta, sem þar um ræðir. Það eru þær bátastærðir, sem mest eru notaðar, því að það er vitanlegt, að síðan Fiskifjelagið tók að halda mótorfræðanámsskeið, geta margir tekið þátt í þeim, og fengið umgetin vottorð. Og ekki tel jeg neinn vafa á því, að þessi 12 ára vjelamaður, sem hv. 4. landsk. þm. (G. G.) talaði um, hefði getað fengið slíkt vottorð. En meðan hinn væntanlegi mótorvjelstjóraskóli, sem stofnaður var með lögum í fyrra, tekur ekki til starfa, þá er nauðsynlegt, að þessi námsskeið sjeu haldin víða á helstu veiðistöðvum landsins.

Það kom fram nokkur misskilningur hjá hv. 4. landsk. þm. (G. G.), um undirbúning frv. Það er samið af Fiskifjelagi Íslands, með aðstoð kennarans við mótorvjelfræðinámsskeiðin, sem fjelagið hefir haldið. Síðan kom frv. til okkar í sjútvn. og bar Nd.-nefndin það fram. En frá upphafi þótti mjer þetta galli á frv., sem jeg gat um. Og eftir að aðrir hafa líka fundið sitthvað að frv., þá vildi jeg leyfa mjer að óska þess, að málið sje tekið út af dagskrá. Mætti þá reyna að laga það, því að jeg er ekki alveg viss um, hvort jeg get greitt frv. atkv. óbreyttu út úr deildinni.

Forseti (G. B.): Jeg tek þá málið af dagskrá með þeim fyrirvara, að hv. sjútvn. athugi það betur, og beri sig saman við nefndina í hv. Nd.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 342, 555).

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg gat þess síðast, er þetta mál var hjer til umr., út af orðum hv. 4. landsk. þm. G. G., að mjer væri um og ó að mæla með að frv. gengi fram, og bað því um, að það yrði tekið af dagskrá.

Síðan hefi jeg orðið þess fullviss, að eigi er rjett, að láta frv. ganga fram óbreytt, því enn þá er engin föst regla um mótornámsskeið Fiskifjelagsins, og því engin trygging fyrir því, að nú þegar sje nóg til af vjelstjórum, er gengið hafa á þessi námsskeið. Brtt. nefndarinnar, á þskj. 555, lúta að því, að lögin komi ekki til framkvæmda, fyr en mótorvjelstjóraskólinn í Reykjavík er tekinn til starfa og reglubundin náms-

skeið verða haldin í kauptúnunum, og sömuleiðis að taka skýrt fram, hvað átt er við með yfirvjelstjóri í 2. málsgr. 5. gr. — Annars vil jeg taka það fram, viðvíkjandi ræðu hv. 4. landsk. þm. (G. G.), að ekki er meiningin, að útiloka þá menn frá að annast vjelgæslu á mótorbátum, er það hafa gert áður, eða geta, í viðlögum, heldur er aðeins átt við þá, er atvinnu hafa við vjelgæslu á mótorskipum.

ATKVGR.

Brtt. 555, 1. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 555, 2. samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 569).

Á 69. fundi í Nd., föstudaginn 13. maí, var frv. tekið til einnar úmr. (A. 569).
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 14. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 569, 600).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Frv. kemur með 2 breytingum frá hv. Ed. Fyrri breytingin, á 7. gr., er aðeins skýring. Síðari breytingin er um að bæta nýrri gr. aftan við frv., þar sem svo er ákveðið, að lögin komi ekki til framkvæmda fyr en mótorskólinn í Reykjavík er tekinn til starfa og fast námsskeið er haldið í Vestmannaeyjum, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði.

Þetta er veruleg efnisbreyting, sem sennilega yrði þess valdandi, að lögin kæmu ekki til framkvæmda fyrst um sinn. Þó fastlega megi gera ráð fyrir því, að ekki líði á löngu, að mótorskólinn í Reykjavík taki til starfa, þá gæti nokkur og ef til vill langur dráttur orðið á því, að jafnframt væri hægt að halda uppi námsskeiðum á þeim stöðum öllum, er um ræðir í greininni. Nefndin hefir því leyft sjer að bera fram brtt. um að fella þetta innskot í burtu, ekki af því, að auðvitað væri æskilegast, að menn ættu sem auðveldastan aðgang að þessu námi og þyrftu ekki að sækja nám sitt til mjög fjarlægra staða, heldur mundi þetta óhjákvæmilega tefja fyrir því, að ákvæði þau, sem frv. þetta hefir inni að halda, kæmust í framkvæmd, en það blandast naumast nokkrum manni hugur um það, að slíks er ærin þörf.

ATKVGR.

Brtt. 600. samþ. með 13 : 2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 70. fundi í Ed., laugardaginn 14. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 611).

Á 73. fundi í Ed., fimtudaginn 19. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 611).

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg vildi aðeins gera stutta athugasemd um það, að jeg get ekki mælt með því, að þetta frv. nái fram að ganga, því að sú breyting hefir verið gerð á þessu frv. í hv. Nd., að það er ekki víst, að þeir geti

fengið prófskírteini, sem að rjettu lagi eiga að fá þau.

ATKVGR.

Frv. **felt** með 7 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Guðf., S. H. K., G. B.

nei: B.K., E. Á., G. G., G. Ó., H. Sn., K. E., S. J.

H. St., Jóh. Jóh. og S. F. greiddu ekki atkv.

Frumvörp afgr. með rökst. dagskrá.

A. Stjórnarfrumvarp.

Einkasala á kornvörum.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka einkasölu á kornvörum (A. 29).

Á 6. fundi í Ed., þriðjudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Ástæðurnar til þess, að stjórnin kemur fram með frv. þetta, eru tilfærðar í greinargerðinni. Er þar skýrt frá þeim allítarlega, og býst jeg ekki við að bæta miklu við í þessari umr. Jeg get tekið það fram, að með þessu og öðrum slíkum einkasölufrumvörpum, er stjórinn flytur, er hún ekki að marka nýja stefnu í þá átt, að verslun landsins þokist smátt og smátt í hendur ríkisins. Þessi frv. hafa hvert sinn tilgang, sem að álitu stjórnarinnar, næst einungis með ríkisverslun á þessum vörum, og lítur hún svo á, að þ e s s i verslun sje framkvæmanleg fyrir ríkið.

Jeg hefi víða orðið var við þær mótbárur, að frv. væri borið fram á óheppilegum tíma. Jeg neita því ekki, að á þessum hverfulu tímum er bæði óhægt og óheppilegt að kaupa kornvöruforða nema af skornum skamti, en þess er að gæta, að hjer er aðeins um heimild að ræða fyrir stjórnina, og hún sætir þá hinum bestu tækifærum og velur hinn heppilegasta tíma. En það, sem aðallega knúði stjórnina til að flytja þetta mál nú, var það, að hún áleit nauðsynlegt, að málið væri komið á dagskrá, áður en landsverslunin, sem nú er, yrði lögð niður, og hægt væri að taka tillit til þess áður en landsversluninni og tækjum hennar yrði sundrað. Þessa skýringu gef jeg fyrir stjórnarinnar hönd.

Enginn hygg jeg heldur þurfi að lá mjer það, þótt jeg, sem ekki býst við ellidauða í mínu núverandi sæti, vildi hreyfa þessu máli, sem jeg hefi haft í huga í meira en 20 ár, á meðan jeg sæti í því, úr því svo vel vildi til, að hinir ráðherrarnir voru mjer sammála, og úr því sama hugmyndin var fyrir þó nokkru síðan komin fram fyrir þjóðina frá einum merkasta áhugamanni þessa lands. Var það mikil upp örfun fyrir mig, sjerstaklega þar eð sú hugmynd var ekki komin frá mjer, og virðist það nokkur sönnun fyrir tilverurjetti þessa máls, að tveim eða fleiri —

máske mörgum — hugkvæmist sama úrræðið, án þess þó að einn hafi áhrif á annan.

Því hefir verið hreyft nú, að aðrir vegir væru til en þeir, sem í frv. liggja, að fá forða fyrir búpening, og hafi þeir það fram yfir ríkisverslun á korni, að þeir skerði ekki frjálsa verslun, en nái þó sama augnamiði. Þar er þá helst til að dreifa kornforðabúrum eða kornforðasamningum við kaupfjelög og kaupmenn, sem þá útvega fjelagsmönnum sínum forða. En það vill nú svo vel til, að jeg hefi eigin reynslu í því og þekki bæði kornforðabúr og hinar aðferðirnar líka.

Í minni sveit var stofnað 1883—84 forðabúr af gjafakorni. Þetta kornforðabúr varð aldrei stórt, en var þó óneitanlega töluvert mikil stoð í því. Í raun og veru starfaði það ekki lengur en fram að stríðinu, þótt það sje til á pappírnum enn.

Þessum kornforðabúrum þarf að stjórna með járnhendi og mikilli árvekni, og hefir það gengið stopult. Fyrst og fremst er að hafa kornforðann vissulega til, þegar á þarf að halda. Kornforðabúr, er stofnuð hafa verið annarsstaðar, hafa, að minsta kosti þau, sem jeg veit um, flest lognast út af eftir nokkurn tíma. Þetta forðabúr stóð þó og starfaði í ein 30—40 ár, gerði nokkurt gagn, en var máttlítið í verulegum fóðurskorti. Enn fremur geri jeg ekki ráð fyrir, að sveitarfjelög hafi yfirleitt fje til þess að stofna slík kornforðabúr. Jeg er einnig hræddur um, að almennt komist ekki framkvæmd á um samninga við kaupm. og kaupfjelög, og það hafa ekki orðið veruleg not að slíku enn þá, sem jeg þekki til. Um 3. atriðið, að kaupfjelög sjái mönnum fyrir forða, hefir að vísu nokkra þýðingu, eins og bent er til í aths., en í of smáum stíl. Og mín reynsla er það, að með járnhendi þarf að halda um stjórnarvölinn í því fjelagi, sem slíkt tekur fyrir, og sú stjórnsemi er ekki nógu almenn í fjelögum. Jeg hefi því ekki trú á því, að þetta blessist fyr en ríkið tekur að sjer málefnið. Þannig hefi jeg, þrátt fyrir glaðar vonir í fyrstu, eftir allmikla kynningu og reynslu, mist trúna á þessar smærri tilraunir sem nokkra allsherjartryggingu. En hitt er annað mál, að þar, sem eitthvað af þessu þrífst vel, er það gott með, til fulltingis og útfærslu allsherjarforða ríkisins. Hjer ræðir um þrautaforða, þ. e. forða, sem grípa má til í aftakaharðindum, eða ef eitthvað það kemur fyrir, sem tálmar aðflutningi vörunnar til landsins.

Jeg hefi heyrt þann andblástur, að frv. væri forboði einokunar í landinu. Jeg ætla ekki að tefja fyrir hinni hv. deild með því, að fara að tala um einokun og frjálsa samkepni, að minsta kosti ekki við þessa umr. Einungis skal jeg með nokkrum orðum lýsa afstöðu minni til landsverslunar eða ríkisverslunar yfir höfuð. Jeg var enginn sjerlegur hvatamaður að landsverslun-inni í fyrstu, og dróg jafnvel heldur úr 1914—15; jeg minnist þess, að jeg lenti í dálítilli þrætu við þáverandi ráðherra; jeg var þar að ýmsu leyti kunnugri en margir þingmenn, og sá því ýmsa agnúa á málinu öðrum fremur. Tilhögun ríkisverslunar hefi jeg hugleitt fyrir löngu í sambandi við, og með samanburði við kaupfjelagsskapinn. Þar er sú verslunaraðferð, sem jeg hefi haldið fram og lifað fyrir, og hefir bæði sín siðbætandi og fjárhagslega auðgandi áhrif fyrir almenning og alment viðskiftalíf. Og

min skoðun hefir verið, að þessara umbóta þyrfti við, áður en ríkið tæki við verslun yfirleitt. En áður en slíkar róttækar umbætur eru komnar á í þjóðlífi voru, býst jeg við, að liði ekki einungis áratugir, heldur aldir. En þessa verslun, sem hjer ræðir um, tel jeg hiklaust ríkisvaldið þegar fært um að annast, alveg eins og póstkerfið, símakerfið o. fl., sem sjálfsagt þykir, að ríkið annist, því þetta eru ekki meiri vandamál en þau.

Halldór Steinsson: Þó það sje venja hjer á þingi að vera stuttorður við 1. umr., get jeg þó ekki komist hjá að vera nokkuð langorður í þetta skifti. Eins og nú stendur, er kvartað mjög um dýrtíð og viðskiftakreppu. Það er kvartað yfir aðgerðaleysi þings og stjórnar og að þessum vandræðum verði að ryðja burt.

Þessar kvartanir eru á fullum rökum bygðar. Síðan 1914 hefir dýrtíðin farið vaxandi, og nú keyrir hún úr hófi. Menn hafa vonað, að dýrtíðin mundi batna, sjerstaklega nú upp á síðkastið, er spurst hefir um verðlækkun að mun í öðrum löndum, en sú von hefir brugðist. Þó er óhætt að segja, að vörur fari nú lækkandi alstaðar annarstaðar en á Íslandi. Engan skyldi því furða á því, þótt menn hugsi áhyggjufullir um þennan ófögnuð og brjóti heilann til þess að finna eitthvert ráð við kvilla þessum. Til þessa eru margar ástæður; mætti nefna peninga- og bankamálin, sem eru í mesta ólagi, og eru þau þó ein af helstu slagæðum viðskiftalífsins. Sala afurðanna hefir og brugðist. Og ofan á þetta bætast viðskiftahömlur, sem upphaflega voru gerðar í sparnaðarskyni, en hafa borið alveg gagnstæðan árangur. Það er ekki einhlítt að benda á sparnað. Aukin framleiðsla er ómögu-leg, því alt þar tilheyrandi fer stórhækkandi; framleiðslan samsvarar ekki þörfunum. Í sjálfu sjer er sparnaðurinn góður, en hann kemur ekki að notum, ef því litla, sem sparað er, er kastað á glæ. Annars hefi jeg litla trú á lagaboðum til sparnaðar. Það eru margir bláfátækir, sem hafa naumast í sig og á, og ef á að fara að heimta af þeim meiri sparnað, þá er það það sama og að skipa þeim að svelta. Það verður að grafa dýpra fyrir ræturnar á þessu ólagi. Það verður að koma skipulagi á bankamálin, afnema viðskiftahömlurnar og hleypa inn nýjum, heilbrigðum versl.-straumum, bygðum á frjálsri samkepni. Með þessu frv. yrðum við keyrðir enn dýpra niður í kreppu þá, sem enn er og ekki sjest fyrir endann á. Án þess að jeg vilji fara nokkuð nánara út í landsverslun — það geri jeg líklegast síðar — vil jeg með nokkrum orðum minnast á frv.

Hinar 3 ástæður, sem tilgreindar eru í aths. stjórnarinnar við frv., eru allar heldur veigalitlar. 1. ástæðan er sú, að tryggja landinu góðar og ódýrar vörur. Já, miklir menn erum við, Hrólfur minn. Annars er nú vanalegra hægara að lofa en efna slíkt. Höfum við hingað til átt kost á að fá góðar og ódýrar vörur hjá landsversluninni? Er nokkur ástæða til að halda, að það verði betra hjer eftir en undanfarin 6 ár? Jeg hefi enga trú á því. Það er engin ástæða til að álíta, að hún hafi tækifæri til að tryggja vörugæði betur en kaupmenn, og verðið verður engu lægra en hjá þeim. Landsverslun á þeim vörum, sem hjer um ræðir, hefir afarkostnað í för með sjer, og þarf þá til rekstr-

ar hennar afarmikið fje, auk þess sem frv. gerir ráð fyrir að leggja talsverða upphæð í varasjóð. Þessi ástæða er fyrirsjáanlega mjög ljettvæg.

2. ástæðan er að varna því, að fóðurskortur eigi sjer stað, þótt stórar misfellur komi fyrir í árferði og aðflutningum.

3. ástæðan er að varna stórtjóni á búpeningi, þegar óvenjuleg vorharðindi ganga og þar af leiðandi fóðurskortur.

Jeg held, að hægt sje fyrir stjórnina, í samráði við kaupfjelög, samvinnufjelög og kaupmenn að ráða fram úr þessu, án þess að landsverslun eigi sjer stað, því stjórninni er skylt að vera á verði, er einhver slík vandræði ber að höndum.

Það er ekki hægt að segja annað en að allar þessar þrjár ástæður stjórnarinnar sjeu ákaflega veigalitlar. En aftur á móti eru margar á móti og sumar allþungar á metunum. Skal jeg þar leyfa mjer að benda á eina, sem jeg tel nægilega til að sanna, að landinu sje með þessu teflt hreint og beint í fjárhagslegan voða.

Eins og allir vita, kvartar stjórnin mjög undan fjárskorti sínum, og er það síst að ófyrirsynju, þar sem tekjulindir hennar gera ekki betur en hrökkva til þess að halda stjórnarbákninu gangandi, og ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir verða við það að sitja á hakanum. — En hvað hugsar þá stjórnin með því að fara að fitja upp á öðru eins og þessu? Ætlar hún, að hún geti fjelaus ráðist í slíkt? Henni ætti þó ekki að vera minna ætlandi en að vera það ljóst, að það þarf afarmikið fje til að reka slíka verslun, svo mikið fje, að það myndi skifta mörgum miljónum króna, sem til láns þyrfti að taka. Yrði þetta og þeim mun tilfinnanlegra, sem landsverslun þessi yrði jafnan að liggja með miklar birgðir og of fjár fast í þeim.

En gerum nú ráð fyrir, að lán fáist og verslun þessi komist á fót. Hverjar yrðu þá afleiðingarnar? Að minni hyggju yrðu þær alt annað en glæsilegar. Þetta myndi að eins herða á viðskiftaböndunum og auka fjárhagsvandræðin, sem virðast þó fullnóg fyrir. Eins og kunnugt er, lækka vörur nú óðum erlendis. Ef því landsstjórnin keypti inn vörur í stórum stíl, þá mundi hún að skömmum tíma liðnum sitja með birgðir til sölu, sem seljast yrðu talsvert hærra en vörur, sem væru þá keyptar gagngert frá útlöndum. Þessa gætir síður með heildsala og kaupmenn, sem jafnan kaupa í smáum stíl. — Er hætt við, að mörgum myndi, er til lengdar ljeti, þykja þröngt við að búa, en við því yrði þó ekki gert, því auðvitað yrði landsstjórnin að selja sjer að skaðlausu.

Til þess að benda á, að þetta er ekki sagt út í bláinn, nægir að taka dæmin frá landsversluninni. Það verður víst varla með tölum talið, hve mikið hefir tapast á birgðum þeim af kolum, sykri og kornvöru, sem hún hefir legið með að óþörfu. Það er litlum efa bundið, að svona myndi fara, og ekki betur, ef verslun sú, sem hjer er um að ræða, kæmist á fót.

Jeg skal að endingu geta þess, að mjer list svo þunglega á frv. þetta og stefnu þá, er það ber með sjer, að jeg hefði ekki orðið því fylgjandi, þótt það hefði verið borið fram á „normölum“ tímum, en því síður nú. — Er ekki trútt um, að mig furði á stjórninni fyrir að hafa einurð og þrek til þess að leggja það fram fyrir þetta þing.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg

efa það ekki á nokkurn hátt, að frv. þetta sje flutt af heilum hug. Er það og drengilegt að reyna til að koma fram því, er þá dreymdi um í æsku, þegar menn verða nokkurs ráðandi. — En hvað frv. þetta snertir, þá virðist mjer það algerlega ófallið til þess að verða að lögum, að minsta kosti á þessu þingi. Það hefir það sameiginlegt við önnur einkasölufrv. stjórnarinnar, hve mjög höndum er kastað til undirbúningsins; kostnaðurinn við framkvæmd laganna er ekki rannsakaður til neinnar hlítar. Stjórnin sýnist hvorki hafa gert sjer, nje þá heldur þm., neina viðunandi grein fyrir stofnkostnaðinum nje heldur rekstrarkostnaðinum, og verður það undirbúningsleysi tilfinnanlegast að því er þetta frv. snertir, af því að hjer veltur á langhæstri fjárhæðinni. Flest það, er að framkvæmdum lýtur, á að ákveðast eftir á — með reglugerðum. — Land þetta á því ekki lengur að byggja með lögum, heldur með reglugerðum, sem vel geta orðið að ólögum.

Það er líka athugavert, að hjer er á því bygt að afla útlendrar vöru til fóðurbætis, þótt svo mikið sje af þeirri vöru í landinu sjálfu. Undanfarin styrjaldarár hafa þó kent þjóðinni, hve holt það er að byggja framtíð sína eftir föngum á heimafengnum afurðum.

Enginn veit heldur, hve mikið lánsfje myndi þurfa. Og er svo víst, að lánið myndi fást? Fengist það ekki, þá yrði það fremur til álitshnekkis fyrir landið út á við, en stjórnina sjálfa inn á við.

En sje nú gert ráð fyrir því, að lánið fáist, með hverjum kjörum myndi það verða? Lánið þyrfti að vera til 20 ára. Síðastliðið sumar tók frakkneska stjórnin 1 miljarð dollara að láni hjá einum auðmanni í Vesturheimi, og varð að skuldbinda sig til að greiða 8 af hundraði í þessi 20 ár. Víst mundi þetta litla ríki ekki komast að betri kjörum.

En ekki skiftir það minstu máli í mínum augum, að mjer finst ógerningur að ráðast í þetta nú, eins illa og fjárhagnum er komið hjá okkur, og þá einkum það, hver vandræði eru að verða í landinu með það að útvega atvinnuvegum landsins það rekstrarfje, sem þeir þurfa.

Eigi að leggja vörurnar upp á öllum verslunarstöðum landsins, þá verður að hafa hús á hverjum þessum stað, til þess að geyma vörurnar í, því rjett er, að saman fari rjettindi og skyldur, og ekki er þá hægt að heimta, að kaupmenn birgi sig upp að vörunni, nema eftir því, sem þörf kallar að. — Tökum dæmi: Kaupmaður vill fá, segjum 50 poka af kornvöru að haustnóttum. Ætti þá að skylda hann til þess að geyma, segjum 10 poka fram í aprílmánuð og svo koll af kolli, þá yrði af þessu talsverður kostnaðarauki fyrir verslun hans, en aðalbirgðirnar verður landið að geyma á hverjum stað, þangað til þær seljast upp. Undir þær birgðir þyrfti mikið húspláss, og hlyti þetta því að hafa í för með sjer geysilegan byggingakostnað, því það væri algerlega undir hælinn lagt, hvort hægt væri að fá geymslustað með hæfilegum kjörum. Er ekki við því að búast, að kaupmenn fyndu neina hvöt hjá sjer til þess að hliðra til við landsstjórnina í því efni, svo framarlega sem þeir gætu gert eitthvað annað við hús sín, sem væri jafnábatavænlegt. Af þessu leiddi og það, að nokkru af þungavöru landsins væri kipt burt frá þeim samgöngutækjum meðfram ströndum landsins, sem landssjóður yrði að kosta hvort eð er og þjóðin á heimtingu á að ríkið sjái

um og styrki. Yrði þetta því sýnilega kostnaðarauki fyrir ríkið. Væri vörunum lagt upp á aðeins fáa staði og yrði þetta þannig nokkurskonar ný landshornaverslun í líkingu við þá landsverslun, sem hjer hefir verið rekin undanfarin ár, þá myndi leggjast svo stórfeldur aukakostnaður til flutningsgjalds, framskipunar og uppskipunar, á vöruna, að ótrúlegt er, að það hjeldist uppi til lengdar, enda er slík landshornaverslun með öllu óviðunandi.

Jeg er þeirrar skoðunar, að ef til vill væri rjettast, að mál þetta hyrfi algerlega af dagskrá þingsins að þessu sinni. Jeg tel stjórninni lítinn ávinning að því, að það verði þrautrætt í þessum búningi, en þingið hins vegar nóg með sinn tíma að gera. Þó skal jeg taka það fram, að af því að málið er svo mikilvægt, þá vil jeg ekki amast við því, að það fari til 2. umr. og athugist í nefnd.

Sigurður Eggerz: Þetta mál kom, að því er mig minnir, fyrst fram árið 1913 hjer í hv. deild. Þá var hugmynd þeirri, sem kemur svo greinilega fram í þessu frv., hreyft af hæstv. forseta, 6. landsk. þm. (G. B.). Jeg man, að jeg mælti þá sterklega á móti þessari stefnu, og þau rök, sem jeg hafði þá fram að færa, get jeg í dag flutt af jafnmikilli sannfæringu, á þessum þingfundi.

Jeg skal játa, að það er að bera í bakkafullan lækinn, að jeg fari nú einnig að deila hjer á stjórnina og álasa frv. þessu, því þetta hefir þegar verið gert allrækilega, af þeim hv. þm., sem þegar hafa tekið til máls. En með því að hjer er að ræða um mikilvægt stefnumál, þá vil jeg þó með nokkrum orðum gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli.

Jeg verð að segja það, að jeg furða mig á því að sjá ekki alla hæstv. stjórn hjer á þessum fundi, þar sem slíkt stefnumál og þetta er á dagskrá. Því þar sem hjer er ekki að ræða um neinar ófriðarákvarðanir, heldur horft beint við framtíðinni, þá verður tæplega annað sjeð en að stjórnin, í frv. þessu, sje að marka stefnu sína í verslunarmálum. Það getur heldur engum blandast hugur um, að stjórnin sje öll sammála í þessu efni; má sjá það ljóslega á öðrum frv. hennar, sem eru af sama toga spunnin.

Jeg skal undir eins taka það fram, að jeg er algerlega andvígur þessu frv., eins og einokunarstefnunni yfirleitt, og það sama get jeg fullyrt fyrir hönd þess flokks, sem jeg skipa sæti í.

Eitt af því, sem hæstv. stjórn telur mæla mjög með frv., er það, að gefið sje, að betri innkaup fáist, er öll kornvöruverslun sje þannig á einni hendi. Jeg skal ekki neita því, að reglan sje sú, að hægt er að ná betri kjörum á vöru, þegar keypt er inn í stórum stíl. En þó er á það að líta, að þegar innkaup þessi eru öll á hendi eins manns, þá veltur alt á því, hve hæfur hann er til starfans. Embættismaður þessi skal, samkv. frv., vera skipaður af stjórninni. Ef nú svo illa tækist til, sem ekki er óhugsandi, að val þetta færi að einhverju leyti í handaskolum hjá henni, þá er helst til mikið í húfi. Jeg fyrir mitt leyti er hræddur við að leggja svo mikið vald í eins eða fárra manna hendur. Þar sem um slíkar lífsnauðsynjar er að ræða, gæti auðveldlega orðið veruleg hætta á ferðum, ef mistök yrðu, og er jeg algerlega mótfallinn að tefla í nokkru á tvær hættur í þeim efnum.

Það er alment viðurkent, að einvaldsstjórn myndi vera hin besta og heilla-

vænlegasta hverju ríki, ef einvaldurinn væri bæði góður maður og vitur og hefði yfirburðaþekkingu til að bera á starfa sínum. En þó nú í einhverju ríki væri völ á slíkum manni, þá myndu trauðla margir fúsir til þess að koma á slíku stjórnarfyrirkomulagi og leggja alt vald í hendur einum manni, bara af ótta við þá, sem eftir hann kæmu til að sitja á veldisstólnum.

Þannig er og farið um slíkar framkvæmdir, sem hjer er um að ræða. Þótt hæstv. stjórn hitti á hæfan mann í fyrstu, þá gæti hún, eða einhver önnur stjórn síðar, veitt starfann manni, sem ekki væri stöðunni vaxinn. Það liggur í augum uppi, að sökum allrar afstöðu yrði sá sess mjög vandskipaður, og ef svo færi t. d., að erlent auðvald næði tökum á þeim manni, þá hygg jeg, að]ing og þjóð myndi komast að raun um, að það væri ver farið en heima setið.

Þá skal jeg enn vekja athygli á því, hvort ekki geti verið mjög varhugavert yfirleitt að flytja slík umsvifamikil ábyrgðarstörf sem þetta yfir á fárra manna hendur, sjeð jafnt frá siðferðilegu sem hagfræðilegu sjónarmiði. Það sljófgar ábyrgðartilfinningu fjöldans, þegar stjórnin, eða fáir menn, verða nokkurskonar „forsjón“ hans í slíkum efnum. Það gerir menn kæruminni um, hvernig þessum framkvæmdum reiðir af, og, ef óhöpp vilja til, þollitla og ósanngjarna gagnvart framkvæmdavaldinu.

Hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) lagði mikla áherslu á, að með þessu móti yrði landbúnaðurinn best trygður og því aftrað, að fje bænda hriðfjelli í hörðum vorum. Nú mun það öllum kunnugt, sem nokkuð þekkja til landbúnaðar, að það er einmitt mjög umdeilt mál og vandasamt að skera úr, með hverjum hætti fjenaður hjer á landi yrði best varinn gegn falli. Óttast jeg, að það gæti orðið til þess að gera bændur vogaðri með ásetning, ef þeir ættu jafnan, ef illa færi, von á hauk í horni, þar sem væru kornbirgðir landsverslunarinnar. — Ætla jeg, að öruggasta bjargráðið verði hjer, sem oftar, að reyna að auka þroska almennings og glæða skilning bænda á því, hve mikil ábyrgð hvíli á þeim og hvílíkan voða þeir geti teflt landinu í með vondum ásetningi. Auk þess sje jeg ekki, hvers vegna ekki ætti að vera hægt að tryggja landbúnaðinn að þessu leyti, þó að verslunin væri frjáls.

Jeg hygg, að enn þá sje ekki fundin betri leið í verslunarviðskiftum en hin frjálsa samkepni, og allra síst hefir einokunarfarganið reynst Íslendingum nein heillaþúfa um að þreifa. Það eru að vísu margir nú, sem bera kvíðboga fyrir því, að það sje farið að bóla á þeirri óheillavænlegu stefnu hjá kaupmönnum vorum, að þeir myndi hringi og haldi vörunni þannig í óeðlilega háu verði. En jeg ætla, að ekki þurfi að óttast, að sú stefna nái yfirhönd hjer á landi. Því eins og mönnum er kunnugt, þá er að rísa upp öflug hreyfing víðs vegar um land, sem ætti að vera nægileg hamla gegn ásælni kaupmanna. Þessi hreyfing er samvinnufjelagshreyfingin, með kaupfjelögin í broddi fylkingar. Jeg hygg, að það muni með tímanum verða slík samkepni milli þessara tveggja stefna, að síst sje ástæða til að bera neinn kvíðboga út af þessu.

Jeg vil annars ekki þreyta hv. deild með því að fara lengra inn á þetta efni nú að svo stöddu. Virðist mjer því síður ástæða til þessa, sem þeir hv. þm, er þegar hafa tekið til máls, hafa orðið

sammála í því að áfellast stjórnina út af þessu tiltæki hennar. Og jeg verð að taka í sama strenginn og þeir og játa, að jeg er meira en lítið forviða á því, að stjórnin skyldi hafa einurð til þess að koma fram með annað eins frv. og þetta, á þessum tímum, þegar fjárhagsörðugleikarnir eru eins miklir og nú á sjer stað.

Eins og kunnugt er, kom síðasta stjórn lánum ríkissjóðs í allgott horf. Síðasta innanlandslánið, er hún tók, nam 3 miljónum, og var það aðallega ætlað til verklegra framkvæmda, en í annað mun það hafa farið, og ekki eftir af því meira en 900 þús. kr. Auk þess skildist mjer, að búið væri að endurgreiða landssjóði svo mikið af fje landsverslunarinnar, að eftir stæðu ca. 3 milj. kr. Það er því auðsjeð, að enda þótt tekjur ríkisins megi telja allgóðar síðasta ár, þá er fjárhagurinn mjög örðugur, og er því því furðulegra, að stjórnin skuli láta sjer detta í hug að bera fram slíkt frv. nú. Því til þessarar einokunarstarfsemi þarf mikið fje. Þar að auki var stjórnin ekki ólm í að taka lán, og álít jeg fulla ástæðu til að liggja henni á hálsi fyrir að taka ekki lán, til þess að bjarga við atvinnuvegunum. Eins og allir vita, liggur mikil hrúga af frv. frá stjórninni fyrir þessu þingi; þó er það aðallega eitt mál, sem allir hugsa nú um, og það mál er viðskiftakreppan. Er óhætt að segja, að ekkert mál sje neitt í samanburði við það. Jeg hefi aldrei komið á þing, þar sem eins miklir örðugleikar hafa verið fyrir dyrum og nú. Ef þingi og stjórn tekst að greiða úr flækju þessari, þá verður mikið hægt að fyrirgefa. Annars fer jeg ekki frekar út í þetta mál að sinni, en lýsi mig andvígan stefnu þessari og álít þinginu skylt að kveða hana niður.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Háttv. þm. Snæf. (H. St.) byrjaði ræðu sína með því að minnast á viðskiftahömlurnar. Hann fullyrti hiklaust, að viðskiftahömlurnar hefðu öfug áhrif við sparnað. Þetta er fullyrðing út í bláinn, og mun jeg ekki svara því frekar. Hann gat þess, að það, sem væri mest áríðandi, væri að koma betra skipulagi á bankamálin, og að þetta frv. sje ekki í þá átt. Jeg kannast fyllilega við það, að bankamálið er mikilsvert mál. En hvaða ástæða er til þess að blanda því saman við þetta frv.? Hann fór síðan að tala um einstaka liði þessa máls. Sagði hann, viðvíkjandi fyrstu ástæðunni í athugasemdunum, að hægt væri að útvega betri og ódýrari vörur en ríkisverslun gerði og að nægilegt væri að benda á landsverslunina og reynslu hennar í þessu máli. Þetta er líka fullyrðing út í bláinn.

Jeg held, eins og hv. 2. landsk. þm. (S. E.) kannaðist við, að það sje ekki hægt að neita því, að það sje auðveldara að fá góðar vörur, ef mikið er keypt í einu, því þá er hægra að útvega sjer tryggingar fyrir vörugæðunum, og ekki síst þegar ríkið stendur fyrir kaupunum, að jeg ekki tali um, ef mölun í stórum stíl kemst á í landinu á rúg og hveiti, því langmest vandkvæði eru á um að fá gott, óskemt og ósvikið mjöl. Landsverslunin er einmitt ljós sönnun þess í mörgum tilfellum, að það er hægra fyrir ríkið en einstaka menn að fá góðar vörur og góð kaup, ýmist af því, að ríkið sjálft á í hlut, eða af því að kaupin eru stærri en hjá nokkrum einstaklingi. Jeg get ekki skil-

ið, að nokkur skuli geta haldið því fram í fullri alvöru, að ríkið nái eigi eins góðum vörum og verði á vörum eins og einstakir kaupmenn.

Háttv. þm. (H. St.) mintist á, að ein ástæða væri nægileg móti frv., og það væri fjárkreppan. Hv. 2. landsk. þm. (S. E.) mintist einnig á það, en nokkuð á annan hátt. Jeg geri nú ekki ráð fyrir, að stjórnin dembi þessu á, í trássi við allar kringumstæður. Menn verða að athuga, að frv. er ekki annað en heimild fyrir stjórnina til að kaupa rúg og hveiti og selja hjer, í 2. lagi taka lán og í 3. lagi að birgja landið að hæfilegum birgðum. Og þá fyrst, þegar þetta er nægilega undirbúið, getur komið til mála að hafa einkasölu. Háttv. þm. (H. St.) hefir víst ekki lesið þetta. Því, sem hv. þm. segir viðvíkjandi kostnaðinum, verð jeg að mótmæla, og er auðsjeð, að þar hefir verið málaður fjandinn á vegginn.

Jeg geri alls ekki ráð fyrir, að forðasöfnun komist á, meðan peningakreppan er mjög hörð, t. d. ekki næstu 2 árin, enda er fordæmi fyrir því, að stjórnin geymi slíkar heimildir sem þessa, eftir kringumstæðum. Vjer höfum lög, sem eru hliðstæð þessum, og það eru lög um einkasölu á steinolíu. Hv. þm. Snæf. (H. St.) talaði um, að þetta ætti að vera keypt á þessum tíma. En það er einmitt sökum óhentugra tíma, að jeg geri ráð fyrir, að stjórninni sýnist hentugra að geyma framkvæmdir þar til betur stendur á. (**H. St.**: Það sjest ekki á frv.). Það liggur augljóslega í frv. og er tekið fram í athugasemdunum.

Það er vitaskuld ekki hyggilegt að kaupa birgðir af vörum í einmitt byrjun fallandi verðs. Mjer heyrðist hv. þm. (H. St.) liggja stjórninni á hálsi fyrir það, að landsverslunin hafi legið með óþarfar birgðir af kornvöru og kolum. En mjer þætti gaman að vita, ef hann gæti bent mjer á með rökum, að landsverslunin hafi legið með ó þ a r f a r b i r g ð i r. Jeg skal taka það fram, að það leit ekki út fyrir, að kolabirgðirnar væru of miklar í haust, er alt útlit var fyrir, að ekki væri hægt að fá nein kol í Englandi. Hvað viðvíkur matarbirgðum landsverslunar, þá er síður en svo, að þær hafi reynst of miklar hingað til. Hefði komið sjer vel, þegar rúgmjölið steig í vetur, að hafa meira af því. Hveitibirgðir voru litlar hjer á landi, þegar hveitiverðið fjell.

Hv. þm. Snæf. (H. St.) endaði ræðu sína með því að halda því fram, að það ætti að vera frjáls verslun í frjálsu landi. Jeg ætla ekki að fara út í það hjer, hvað sje frjáls verslun og hvað sje einokun.

Hv. 2. landsk. þm. (S. E.) endaði sína ræðu einnig á því að tala um frjálsa verslun. Það er sá fáni, sem þeir vilja draga að hún. Eins vil jeg geta, og það er það, að það er rangt að orði komist að kalla ríkisverslun einokun. — Einokunin hefir fyrir okkur sögulega þýðingu, niðrandi merkingu, sem alls ekki kemur heim við einkasölu nútíðarríkis í hag almennings. Þessu var alt öðruvísi varið, þá er verslun og atvinnurekstur var bundið og háð einkarjettindum einstakra stjetta og einstakra manna. Þá reis upp herópið frjáls samkepni og braut einokunarhöftin. En hún hefir eigi reynst sá verndargripur fyrir einstaklinginn, smælingjann, sem vonast var eftir. En ríkisverslun í frjálsu landi á að annast hagsmuni þegna sinna, á að vernda einstaklingana fyrir skaða, sem gæti orðið í frjálsri samkepni. Ekki að einoka eða

okra, heldur vernda. Þetta er meint með ríkisverslun. Hins vegar álít jeg ekki ríkisverslun yfirleitt heppilega, þó hún sje haganlegust í þessu tilfelli.

Hv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) fór hlýlegum orðum um frv., og kann jeg honum þakkir fyrir það. Hann kvartaði yfir því, að ekki fylgdi nein áætlun. Það er satt. Hún fylgir ekki, en af mjög skiljanlegum ástæðum. Fyrst og fremst sökum þess, hve verð er stopult nú á þessum tíma. Heldur ekki gott að áætla rekstrarkostnaðinn á meðan svo stendur. En það þarf enginn að efast um það, að verslunin hlýtur að bera sig í höndum ríkisins. Jeg get sagt þetta með fullri vissu, af því að jeg hefi reynslu meðal annars frá því fjelagi, sem jeg hefi stjórnað í mörg ár. Og jeg sje ekki, hvað ætti að vera því til fyrirstöðu, að ríkið gæti rekið kornvöruverslun eins og steinolíuverslun, sem því hefir verið heimilað. Þegar stjórnin tók upp landsverslun, samkvæmt áskorun Alþingis, voru engin lagaákvæði til að fara eftir, og hafa aldrei verið. Í þessu frv. eru þó frekar leiðbeiningar, sem hægt er að glöggva sig á, þegar nauðsyn krefur. Enn fremur eru aths. við frv. Þetta álít jeg heppilegra en ítarleg lagafyrirmæli.

Viðvíkjandi rekstrinum úti um land áleit hann ýmsa sjerstaka erfiðleika fyrir ríkið, frekar en aðra, og gerði hann sjer algerlega rangar hugmyndir um það. Auðvitað verður landsstjórnin að ná samkomulagi við kaupmenn og kaupfjelög um húsrúm og annað fleira, og tel jeg engan efa á, að yfirleitt muni það ganga greiðlega að komast að samningum við kaupfjelög og kaupmenn. Hjeraðsbúar munu álíta það sín eigin velferðarmál.

Hv. 2. landsk. þm. (S. E.) mintist á, að um ríkisverslun gæti farið vel, ef stjórnin yrði heppin með valið á mönnum, en ef illa tækist til með valið, gæti alt mistekist. Jeg kannast við þetta. Við höfum þess mörg dæmi, að menn mishepnast, sem standa fyrir verslun, jafnvel þeir, sem standa fyrir stærstum verslunum og hafa mest áhrif. En það á ekki að vera örðugt, jafnvel fyrir sjálfan ráðherrann, að líta eftir störfum forstöðumanns þessarar verslunar og auðvelt að víkja honum frá, ef þess gerðist þörf. Annars er þetta að engu leyti örðugri staða en þær, sem póstmeistari, símastjóri, vegamálastjóri o. fl. menn undir stjórnarráðinu, skipa. Jeg játa, að það veltur afarmikið á þeim mönnum, sem stjórnina hafa á hendi, en jeg geri ráð fyrir, að svo verði um hnútana búið, að síst verði örðugra að losa sig við þennan forstöðumann en annan fastan embættismann. Mætti að vísu margt um þetta segja.

Sigurður Eggerz: Jeg hefi ekki ástæðu til að tala langt mál, og get vísað til þess, sem jeg sagði áðan.

Að því er einkasölu á steinolíu snertir, sem hæstv. atvrh. (P. J.) mintist á, þá er þar öðru máli að gegna, þótt landið taki einkasölu á henni, þar sem steinolían er og hefir verið einokuð. Það er og heldur ekki sambærilegt að benda á verslun þá, sem landið hefir haft á styrjaldarárunum, þessu frv. til stuðnings, því eins og kunnugt er, voru það útflutningshöft í hinum ýmsu löndum, og þar af leiðandi ótti við skort á nauðsynjavörum í landinu, sem gerði það nauðsynlegt, að stjórnin annaðist um innkaup á neysluvörum til landsins. Það voru neyðarástæður, sem ekki má taka til greina, þegar rætt er um verslun landsins á venjulegum tímum.

Hæstv. atvrh. (P. J.) talaði eins og

hann byggist ekki við, að þetta mál ætti að koma til framkvæmda strax, en hví er þá komið með þetta frv. nú? Það er annars leitt, að hæstv. stjórn skuli ekki öll vera viðstödd, þegar rætt er um þetta mál, svo hægt væri að krefja hana sagna um afstöðu hennar í þessum málum yfirleitt, því þótt hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) standi hjer einn fyrir svörum, þá er það vitanlegt, að þetta er frv. allrar stjórnarinnar. Jeg skil það svo, að stjórnin sje með þessu frv. að marka stefnu sína í verslunarmálunum. Þess vegna þótti mjer rjett að lýsa skoðun minni á málinu.

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að ef valið á forstöðumanni þessa fyrirtækis mishepnaðist, gæti stjórnin ávalt tekið í taumana og vikið honum frá. Þetta kann að vera satt. En við getum líka fengið ónýta stjórn, sem ekki gætir skyldu sinnar.

Ef verslunin er frjáls, þá fær hver meðlimur þjóðfjelagsins að reyna krafta sína, og þeir, sem duglegastir eru í því að útvega sambönd og vörur, þeir hljóta ávalt að selja vöruna ódýrara en aðrir, og við þetta myndast samkepni, sem heldur vöruverði niðri.

Auk þess skoða jeg það sem afarhættulegt að leggja svona mikið vald í hendur einum manni. Þótt svo færi, að vel tækist valið á manninum einu sinni, þá gætum við haft vonda stjórn, sem veldi virkilega af verri endanum, er mannaskifti yrðu.

Flestir eru víst ásáttir um það, að einveldi sje best, ef trygging væri fyrir því, að ágætismaður sæti altaf við stýrið. Það myndi reynast best, að völdin væru í höndum virkilega góðs manns. En þótt svo væri, að einn slíkur maður væri uppi einhvern tíma, þá taka menn ekki í mál að taka upp einveldi, af ótta fyrir manninum, sem á eftir kynni að koma. Auk þess fer þjóðin á mis við nauðsynlega þroskun, ef hún er svift rjettindum sínum til þess að stunda atvinnuvegi sína.

Það var mikil áhersla lögð á það af hæstv. atvrh. (P. J.), að ekki mætti nefna frv. þetta einokunarfrv., heldur einkasölu. En jeg held, að rjett sje að nefna þetta einokun. Það er orð, sem komið er inn í málið og á við samskonar verslunaraðferð og hjer er gert ráð fyrir. Þetta orð hefir sína sögu, og þjóðin veit, við hvað átt er. Og ef þessi einokunardraugur verður vakinn upp fyrir alvöru, þá eru til þeir kraftar í landinu, sem vonandi duga til þess að kveða hann niður. En því fyr sem það er gert, því betra.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg stend við það, sem jeg sagði áðan um þetta mál. Jeg held, að við megum ekki við því að hafna því fje, sem kaupmannastjettin vill leggja fram til verslunarrekstrarins. Við megum ekki taka það lánstraust, sem landið getur aflað sjer, frá aðalatvinnuvegunum, og nota það til rekstrar í þessu skyni.

Það var minst á það áðan af hæstv. atvrh. (P. J.) og öðrum, að við ættum sjálfir að mala kornið, sem til landsins flyttist, og hvaða þýðingu það hefði, ef öll kornvara væri möluð í landinu sjálfu.

Jeg er þar á sama máli. En það er engan veginn nauðsynlegt, að landið taki einkasölu á þessum vörutegundum, til þess að koma því í framkvæmd. Sem stendur eru engin skilyrði fyrir hendi til þess, að við getum neytt kornvöru, malaðrar í landinu sjálfu. En þegar komn-

ar eru á fót nægilega margar mylnur til þess að mala alla þá kornvöru, sem til landsins flyst, þá getum við bannað að flytja malaða kornvöru til landsins. Vitanlega mun ekkert þing gera það, nema trygging sje fyrir því, að mjölið fáist jafnódýrt hjer og úr erlendum mylnum.

Það, sem mjer þótti mestu máli skifta, var það, að hæstv. atvrh. (P. J.) talaði um, að málið ætti ekki að koma til framkvæmda fyr en eftir 2 ár. Ef sú er meining stjórnarinnar, þá finst mjer einsætt að fresta málinu nú, svo menn hafi nægan tíma til þess að athuga það í sambandi við þær breytingar, sem verða á högum þjóðarinnar næstkomandi 2 ár.

Þá má og vænta þess, að frv. fái betri undirbúning og verði betur úr garði gert en nú.

Nú fylgir t. d. engin kostnaðaráætlun málinu. En það hefði nauðsynlega átt að felast í greinargerð frv., svo sjeð yrði, hve mikinn kostnað væri ráðgert að ríkið hefði af framkvæmdum frv.

Jeg skildi hæstv. atvrh. (P. J.) svo, sem hann teldi mig fara með kórvillu, þegar jeg hjelt því fram, að vörurnar ætti að flytja á hvern verslunarstað. Ef vörurnar verða ekki fluttar á hvern verslunarstað, þá verða þær auðsjáanlega langtum dýrari en þær eru með núverandi verslunarfyrirkomulagi, og dýrari en þær þyrftu að vera, auk þess sem strandferðaskip þau, sem ríkissjóður styrkir, færu á mis við miklar flutningstekjur, sem ríkissjóður yrði að bæta upp á annan hátt. Og þetta eru skyldur við landsmenn, sem ekki má vanrækja. En þeir, sem taka að sjer rjettindin, verða líka að inna af hendi skyldurnar.

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að þörfin skapaði tryggingu fyrir ábyggilegri sölu þessarar vöru. Þetta er alveg rjett. Þetta eru neysluvörur, sem enginn getur án verið. Og maginn er harðasti húsbóndinn, sem við eigum. En það sannar ekki, að rjett sje nú þegar að taka einkasölu á þeim, ef engar tálmanir verða á aðflutningi þeirra og verslunin kemst í svipað horf og áður var.

Halldór Steinsson: Hæstv. atvrh. (P. J.) vildi halda því fram, að viðskiftahömlurnar hefðu haft bætandi áhrif á hag landsins, og er hann þar á gagnstæðri skoðun við allan þorra landsmanna, að því er jeg þori að fullyrða.

Álítur hann það ekki viðskiftahnekki fyrir landið, ef landsmenn eru neyddir til að kaupa vörur 100—200% dýrari en þær eru fáanlegar fyrir í nágrannalöndunum? Og hverju er það að kenna, öðru en viðskiftahömlum stjórnarinnar og því, hve mikið liggur fyrir af gömlum vörum í landsversluninni, sem keyptar voru þegar vörurnar voru í hærra verði?

Eigi þetta frv. að geta náð tilgangi sínum, þ. e. þeim, að hafa ávalt miklar birgðir fyrirliggjandi af mjölvöru til verndar fóðurskorti búfjár, þá er einsætt, að kaupa verður inn mikið af vörunum í einu. En þar sem ekki mun gert ráð fyrir, að ríkissjóður eigi að reka verslun þessa með tapi, þá hlýtur hún að seljast með hærra verði en þyrfti nú, þegar vörur fara smálækkandi.

Þá hjelt hæstv. atvrh. (P. J.) því fram, að það hefði verið vel ráðið að birgja landið að kolum síðastl. haust. Um það eru skiftar skoðanir. Jeg álít, að birgðirnar hafi verið of miklar, en það getur vitanlega verið álitamál, og ekki þörf að ræða um slíkt nú. Finn jeg svo ekki ástæðu til að andmæla

fleiru af því, sem hæstv. atvrh. (P. J.) sagði.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Það er út af því, sem hv. 2. landsk. þm. (S. E.) sagði, að jeg tek nú til máls.

Hann var að tala um stefnu stjórnarinnar. Hann vildi vekja athygli á því, að frv. þetta ætti að marka alveg sjerstaka, nýja stefnu hennar í verslunarmálunum. Jeg vonast þó eftir, að hann hafi tekið eftir því, sem jeg sagði og tók skýrt fram í fyrri ræðu minni, að stjórnin væri ekki með þessu frv. að marka neina nýja stefnu í verslunarmálunum yfirleitt, og jeg skýrði nánar frá minni eigin afstöðu til þess máls. Og þegar jeg segi eitthvað svo ljóst og afdráttarlaust, þá ætlast jeg til þess, að það sje tekið í fullri alvöru og einlægni.

Jeg sagðist ekki vera á því, að ríkið ætti að taka að sjer verslun alment, a. m. k. ekki nema með undanfarandi breytingum á viðskiftalífi og stjórnarfyrirkomulagi, sem kosta langan tíma, jafnvel aldir. Þetta er dálítið annað en það, sem hv. 2. landsk. þm. (S. E.) vill láta eigna stjórninni.

Jeg skal ekki fara út í deilur um verslunarmálin. Háttv. þm. vita allir, hverrar skoðunar jeg er í þeim málum. Jeg er og hefi verið fylgjandi samvinnufjelagsstefnunni og að kaupfjelög eigi smátt og smátt að koma í stað kaupmanna. Þetta er engum dulið. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en mun skýra skoðanir mínar fyrir nefnd þeirri, sem fær málið til meðferðar. Tel jeg rjett, að það verði háttv. landbúnaðarnefnd, því málið er landbúnaðarmál og lýtur, eftir eðli sínu, undir þá nefnd. Það er fyrst og fremst komið fram til þess að sporna við felli á búpeningi landsmanna.

Björn Kristjánsson: Þetta mál er þannig vaxið, að ekki er hægt að skipa því þegjandi til nefndar. Jeg tek það fram, að það, sem jeg segi hjer, er ekki talað í neins flokks nafni. Jeg er utan flokka og mun verða það fyrst um sinn. Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. atvrh. komi ekki á óvart, þótt jeg tjái mig frv. þessu mótfallinn. Það er ekki einasta það, að kostnaðarhlið málsins er í mesta máta iskyggileg, heldur álít jeg grundvöll frv., einokunar- eða einkasölugrundvöllinn, öldungis óhafandi. — Þeir, sem best þekkja til viðskifta- og fjármála í heiminum, hallast að frjálsri samkepni. Það eru ekki eingöngu fjármálamennirnir svo nefndu, sem eru á þessari skoðun, heldur meiri hluti almennings.

Sama máli hygg jeg að sje að gegna um mikinn meiri hluta manna hjer á landi.

Á 4 fundum, sem við þm. G.-K. hjeldum þar í kjördæminu, þar af 2 mjög fjölmennum fundum, voru aðeins 3 atkv. með landsverslun, en hin öll á móti, sem samþyktu svo hljóðandi tillögu, sem jeg skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp:

„Fundurinn álítur, að frjáls samkepni í verslun sje landinu hollust til frambúðar, og er því mótfallinn, að landsverslun sje rekin framvegis."

Það er alt svo meining alls þorra manna í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að landsverslunina beri að leggja niður, og öll ástæða er til að ætla, að allur þorri landsmanna sje á sömu skoðun.

Hæstv. atvrh. (P. J.) tók það fram, að tilgangur frv. væri sá, að tryggja landinu góðar og ódýrar vörur. Það er ekki nóg, að tilgangurinn sje góður. Það verður fyrst að hugleiða, hvort sá góði tilgangur næst með frv.

Við höfum dæmi fyrir okkur, þar sem landsverslunin er.

Í upphafi hennar fengum við ávalt góðar vörur frá versluninni; t. d. voru frönsku kolin og kolin frá Fleetwood góð. En svo var kolaútvegunin tekin af því góða firma þar, sem hafði annast hana, og lögð í hendur óreyndum unglingsmanni hjer, og síðan hefir ekki verið ástæða til að dást að góðu verði nje góðri vöru. Mikill hluti af kolabirgðum þeim, sem landið á nú, er ónýtur. Skipstjóri einn sagði mjer, að kolin væru óbrúkleg handa skipum. Hann kvaðst hafa tekið hjer kol, en orðið að fara inn í höfn til þess að fá betri kol, til þess að forða skipinu frá að reka í land, ef álandsvindur kæmi.

Á hverri vöku kvaðst hann vera vanur að ausa út 6 strokkum eða blikkkörfum af ösku af vanalegum skipakolum, en af þessum kolum varð að fleygja útbyrðis 45 strokkum af úrgangi eftir vökuna.

Þetta sýnir, að þótt tilgangurinn sje góður og stjórnin v i l j i tryggja góðar vörur, þá fer svona, er stjórn landsins hefir verslunarreksturinn með höndum.

Árið 1917 var hjer feitmetisskortur svo mikill, að fólk varð um langan tíma að borða þurt. Stjórnin tók sig þá til og keypti fleiri tugi tonna af margarini frá Vesturheimi. En hvernig reyndist svo þessi vara?

Þegar til kom og farið var að selja margarínið, reyndist það svo, að ekki var hægt að leggja sjer það til munns. Smjörlíkið reyndist því óseljandi. Veit jeg ekki, hvað af því varð. Geri ráð fyrir, að því hafi verið fleygt í sjóinn.

Í fyrra sumar seldi stjórnin 200 hesta til Englands. Hún átti að útvega skipi því, er hestana sótti, flutning hingað upp. Hún ljet skipið flytja kol til landsins. Stjórnin borgaði skipi þessu í flutningsgjald 95 shillings fyrir tonn, sem eftir þáverandi gengi nam 119 kr. fyrir tonnið. En á sama tíma voru alment borgaðar 80 kr. á tonnið hingað til lands, þ ó t t s k i p i n f e n g j u e n g a n f l u t n i n g t i l ú t l a n d a a f t u r.

Jeg segi ekki, að stjórnin hafi verið að „draga landið upp“ með svona ráðstöfunum. En þegar hið opinbera á að hlutast til um svona mál, þá trassa menn að setja sig inn í málin, og til að stjórna eru þráfaldlega valdir menn, sem ekkert vit hafa á þessum málum. Vörurnar fást því ekki ódýrari með þessu fyrirkomulagi, eins og sjá má af þessu dæmi.

Þá er ein ástæðan sú, að birgja landið með matvöru, til þess að vera viðbúnir að mæta nýjum ófriði. En jeg held ekki, að ástæða sje til þess nú að afla matvöru til handa landinu, ef til nýrrar styrjaldar skyldi draga. Fyrst er og að hafa p e n i n g a, m y n t, til þess að kaupa fyrir matvöru, ef stríð skyldi skella á. Fyrir því þyrfti fremur að hugsa.

Enn er ein ástæðan fyrir þessu frv. sú, að landsmenn eigi sjálfir að mala allan rúg og hveiti, sem til landsins flyst. Jeg er þar á sömu skoðun, því þá veit maður ávalt, hverskonar vöru maður leggur sjer til munns. En þetta má gera á alt annan hátt en þann, að veita stjórninni einkasölu á þessum vörutegundum.

Nú kaupa menn mikið rúgmjöl; það er ljettara fóður en rúgur, og þá líka einni krónu ódýrara. En til að koma því á, að menn fari aftur að mala, þá má leggja toll á malað mjöl, en aftur

engan á ómalaðan rúg og hveiti. Þá munu menn brátt komast upp á að kaupa rúg og ómalað hveiti. Þetta er einföld leið, og þarf ekki mikið fyrir að hafa.

Aðalástæðan, sem hann færir fyrir frv., er sú, að sjá landsmönnum á þann hátt fyrir fóðri handa skepnunum. En þetta má gera á annan hátt. En hæstv. atvrh. (P. J.) sjer eigi önnur ráð til að tryggja búpeninginn. Hann taldi upp allar leiðirnar, sem reynt hafði verið að fara, en áleit enga þeirra nothæfa. Með öðrum orðum, menn eru ekki viðbúnir að nota útlent fóður. Margir álíta, að landbúnaðurinn beri sig ekki, sje notað útlent fóður; því verði að takmarka skepnueignina við það fóðurmagn, sem hægt sje að afla í landinu sjálfu.

Hæstv. atvrh. (P. J.) álítur eina ráðið, að ríkið kosti fóðurbirgðirnar og leggi kaupmönnum og kaupfjelögum þá skyldu á herðar að halda fóðrinu svo og svo lengi óseldu. En slíkt er alveg ómögulegt, því að það ríður í bág við öll viðurkend viðskiftalögmál. — Fjárhagshliðina þarf ekki að ræða; ríkið er nú óviðbúið að takast á hendur verslunarrekstur, sem útheimtir margar miljónir króna í rekstrarfje.

Öll framkoma hæstv. atvrh. (P. J.) virðist benda á, að honum sje þetta ekki kappsmál, og jeg efast um, að hann álíti, að þetta sje landinu til góðs, því jeg þekki manninn svo, að hann hlýtur einnig að sjá einhverjar skuggahliðar á máli þessu. En sennilega hefir verið barið svo hart á dyrnar hjá honum, að hann hefir eigi sjeð sjer annað fært en ljúka upp.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg má til með að svara örfáum orðum hv. 2. þm. G.-K. (B. K.). Hann mintist á vörugæði, og út frá því á kolin. Vitanlegt er, að enginn gat fengið kol frá Englandi eða Ameríku, nema ósigtuð. Þetta gilti auðvitað jafnt fyrir landsverslunina sem aðra. Var leitað víða, og mjer er kunnugt um, að ómögulegt var að fá þau öðruvísi. Jeg talaði við kaupmann frá Englandi um þetta. Hann sagði, að ómögulegt væri að tryggja sjer, að kolin væru góð, og menn yrðu að sætta sig við það, sem menn fengju.

Það, sem hv. þm. (B. K.) talaði um smjörlíkið, lýsi jeg ósatt. (**B. K.:** Ekki ósatt. Það var ekki í tíð þessa ráðh.). Alveg sama.

En það eru ekki kolin ein, sem ekki hafa verið eins góð sem skyldi. Þannig hefir t. d. rúgmjölið, sem komið hefir frá Danmörku, ekki altaf verið gott hjá landsversluninni, og ekki heldur hjá kaupmönnum. En þó fjekst ekki annað. Því að þá var ekki frjálst um þá vöru í Danmörku. En þegar frjálst val var, þá var það einnig gott hjá landsversluninni. Enginn getur neitað því, að hveiti hefir ávalt verið ágætt hjá henni. og sama má segja um sykurinn, að hann hafi vel þolað samanburð.

Samningurinn um kolin í sambandi við hestaútflutninginn var gerður 20. maí, en þá var ekki komið verðfall á flutningsgjöldum. Verðfallið kom ekki fyr en seinna sumarsins. Það er satt, að flutningsgjaldið á kolunum var hátt, samanborið við það, sem síðar varð. En þessi samningur stóð í sambandi við hestasöluna, og var sá samningur heppilegri en annað, sem um var að gera. Því ekki var hægt að selja þá hesta í Danmörku, sem sendir voru til Englands, og hefðu þeir því að öðrum kosti orðið að vera ófluttir úr landi.

Hv. þm. (B. K.) gat þess, að land-

búnaðurinn bæri sig ekki með því að fóðra með útlendu fóðri. Jeg er honum sammála um það, nema ef til vill getur það komið til greina kringum kaupstaði. Hins vegar álít jeg, að ekki geti heldur komið til greina að nota síld sem kraftfóður, því jeg skil ekki, að síldarútvegurinn beri sig, nema að síldin verði seld dýrara en svo, að fært sje að nota hana sem skepnufóður í venjulegu ári. — En það veit hv. þm. (B. K.), að ekki borgar sig að fella búpeninginn, og það, sem jeg á við, er, að betra sje að kaupa útlent fóður en að fella hann. En ekki er þá heldur ætlast til, að til þess sje gripið nema í nauðsyn.

Jeg hefi ekki tækifæri til að svara öllu, því að margt hefir verið að mjer rjett. Jeg býst við að fá seinna tækifæri til þess að tala um viðskiftalífið. Þetta frv. mun og ganga í nefnd, og vona jeg, að nefndin muni tala við mig og leyfa mjer að gefa frekari upplýsingar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 : 2 atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1657) með 9 : 2 atkv.

Á 18. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 105, 112, 115).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 11. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 29, n. 105, 112, 115).

Frsm. (Sigurður Jónsson): Í nál. eru tilgreindar ástæður landbúnaðarnefndar fyrir því að leggja það til við hv. deild, að frv. þetta verði afgr. hjer á þann hátt, er þar greinir. Að vísu mætti fara fleiri orðum um það, en þar er þó minst á aðalatriðin.

Hjer er komin fram brtt., á þskj. 112, frá háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.). Nefndin hefir athugað hana og kannast við, að það hafi verið vanhyggja hjá sjer að ætlast til, að gengið yrði fram hjá kaupmannastjett landsins. Fyrir því ber nefndin fram brtt. á þskj. 115, um að bæta „Verslunarráð Ísland" inn í. Munar þá ekki öðru á tillögu nefndarinnar og brtt. hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) en því, að nefndin vill taka öll samvinnufjelög með, en hann aðeins Samband íslenskra samvinnufjelaga. Nefndinni virtist þetta ekki skifta miklu máli, en vill þó benda á það, að utan Sambandsins eru mörg samvinnufjelög. En þetta er fremur formsmunur en efnis.

Jeg býst við, að umræður snúist meira um dagskrána en frv., sem var talsvert rætt við 1. umr. Og ef nefndin hefði lagt til, að málið næði fram að ganga að þessu sinni, þá hefði hún vitanlega haft nál. sitt miklu ítarlegra og sennilega komið þá fram með ýmsar breytingartillögur.

Björn Kristjánsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. þá, sem hv. frsm. (S. J.) gat um, af því að jeg kunni ekki við, að dagskráin bæri með sjer neinn blæ af stjettarígi. Jeg vildi gera báðum þeim verslunarstefnum, sem uppi eru í landinu, jafnt undir höfði.

Hjer er að vísu komin fram brtt. frá hv. nefnd um sama atriði, en þótt hún sje til nokkurra bóta, þá kennir þó enn stjettarígs. Ef til vill er það óviljandi. Munurinn sjest á því, að nefndin ætlast

til, að málið sje borið undir öll kaupfjelög í landinu og undir Verslunarráð Íslands eitt. En ef jafnrjetti ætti að fást, ætti jafnt að bera það undir alla kaupmenn eins og öll kaupfjelög, því hver kaupmannsverslun er sjerstæð stofnun, alveg eins og hvert kaupfjelag.

Sá galli er og á, að eigi er hægt að benda á neina grundvallaða verslunarþekkingu hjá kaupfjelögunum. Hún finst aðeins meðal kaupmanna og sennilega hjá Sambandi íslenskra samvinnufjelaga. Það á því að áfrýja þessu máli til þeirra, sem minni hafa þekkingu og reynslu, en ganga á snið við hina, sem þekkinguna hafa. Þetta er óviðkunnanlegt. Og ef það liggur svo bak við að telja eigi saman atkvæðin, sem fram koma, og byggja á þeim, þá virðist mjer það muni verða ærið ótraustur grundvöllur á að byggja, ef þessi aðferð er viðhöfð.

Annars skil jeg ekki, hví á að skjóta þessu máli til sýslunefnda og bæjarstjórna. Ekki snertir þetta mál þær sjerstaklega. Það snertir alla landsmenn jafnt. Þegar um svo ákveðna og afdrifaríka stefnubreytingu er að ræða, væri miklu nær að vísa málinu til allrar þjóðarinnar, ef á annað borð er verið að áfrýja því.

Nú vita menn, að mikill meiri hluti þjóðarinnar er á móti landsverslun, og þess vegna er sennilega þetta ráð tekið, að áfrýja málinu til fárra, og þá einkum þeirra, sem útlit er fyrir að hægast sje að vinna með stefnunni.

Og eitt vil jeg minnast á í þessu sambandi. Jeg hefi nú setið á þingi síðan landsverslunin varð til, og enn hefi jeg ekki sjeð einn einasta ársreikning landsverslunarinnar nje athugasemdir endurskoðenda hennar. Jeg skil ekki, að hv. þm. geti fallist á landsverslunarstefnuna, meðan þeim er ekkert kunnugt um reikninga verslunarinnar. Það er nauðsyn fyrir þingið að kynna sjer nákvæmlega, hvernig landsverslunin hefir gengið, áður en tekin er ákvörðun um að láta hana halda áfram í einni eða annari mynd.

Jeg er ekki ánægður með brtt. nefndarinnar og óska því, að mín till. verði samþykt. Og til þess að gera stjórnarráðinu sem ljettast fyrir væri eflaust best að samþ. varatill. mína. Það er hvort sem er sjeð, hvernig fer, og ónauðsynlegt erfiði eru líka peningar, sem spara ber í þessari tíð.

Einar Árnason: Jeg er háttv. landbúnaðarnefnd þakklátur fyrir meðferð hennar á málinu. Jeg sje af nál., að hún er sjer þess meðvitandi, að hjer er á ferðinni stórt mál og áhrifarikt.

Það hefði verið helst til mikil fljótfærni að samþ. frv. eins og það lá fyrir og láta það verða að lögum. Til þess er málið alt of umfangsmikið. En það hefði ekki síður verið óforsvaranlegt að fella það skilyrðislaust.

Jeg er sammála landbúnaðarnefnd um, að þjóðin á að fá að segja álit sitt um málið. En þá getur verið álitamál, hvort málinu beri fremur að skjóta undir atkvæði sýslunefnda og bæjarstjórna eða undir þjóðaratkvæði, eins og mjer skildist að hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) vildi helst. Annars kemur það nokkuð í sama stað niður. Málið myndi verða rætt heima í sveitunum og sýslunefndarmenn fá á þann hátt að vita vilja landsmanna.

Jeg ætla ekki að fara út í andmæli þau, sem frv. fjekk hjer við 1. umr., þó ástæða væri til. Jeg vil aðeins fara nokkrum orðum um brtt. þær, sem fyrir liggja á þskj. 112 og 115.

Báðar till. gera breytingar á þeirri

rökstuddu dagskrá, er nefndin flytur, og í brtt. á þskj. 112 er því bætt inn í, að leitað skuli umsagnar Verslunarráðs Íslands um málið.

Í fljótu bragði virðist ef til vill ekkert vera á móti þessu. En við nánari athugun má telja það gersamlega óþarft, vegna þess, að álit Verslunarráðsins er þegar komið fram.

Jeg vil helst hallast að varatill. á sama þskj., þar sem ætlast er til, að málið skuli einungis borið undir umsögn bæjarstjórna og sýslunefnda landsins. Áður en nál. um þetta frv. kom fram lá hjer frammi á lestrarsalnum álit Verslunarráðsins um einkasölufrv. stjórnarinnar, og þar á meðal þetta frv. Skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr áliti þessu þann kafla, sem snertir þetta mál. Mjer finst nauðsynlegt, að þessi ummæli Verslunarráðsins komist í þingtíðindin, svo þjóðinni gefist kostur á að meta þau eftir verðleikum, ef vera kynni, að það, sem þar er sagt, skýrði málið og hefði áhrif úti um landið. Kafli sá úr álitinu, er þetta mál snertir, er svo hljóðandi:

„Að því er snertir frv. um einkasölu á kornvöru, þá virðist óþarft að fara mörgum orðum um það. Ástæðurnar, sem færðar eru fyrir korneinkasölunni, eru eigi þær, að slík verslun færi betur í höndum ríkisins en kaupmanna, heldur hitt, að heppilegt sje á þann hátt að tryggja landbúnaðinum fóðurforða.

Það er ráðstöfun til að fyrirbyggja fellishættu. Verslunarráðið er nú þeirrar skoðunar, að málið sje svo lítt athugað og undirbúið, að af þeirri ástæðu einni komi ekki til mála að afgreiða frv. Um ráðstöfun, sem gerð er til að tryggja landbúnaðinn gegn fellishættu, er eins og um hvern annan styrk, sem veittur er sjerstökum atvinnuvegi það verða fyrst og fremst að liggja fyrir upplýsingar um, hverju styrkurinn nemi. Hjer liggja eigi fyrir neinar upplýsingar í þessu efni, en sú leið farin, til þess að koma í framkvæmd ráðstöfun, sem er í þágu einstaks atvinnuvegar, að láta alla landsmenn greiða kostnaðinn, og það á þann hátt, að hvergi kemur fram, hverju kostnaðurinn nemur. Slíkt vandamál sem tryggingu á fóðurforða fyrir landbúnaðinn verður að undirbúast rækilega áður en það er lagt fyrir Alþingi. Komi það í ljós, sem þó virðist næsta ólíklegt, að heppilegast sje að nota kornmat sem fóðurforða, þá eru aðrar leiðir hagkvæmari en sú, að koma á landseinkasölu í því skyni."

Þetta er þá álit Verslunarráðsins á þessu máli. Mjer finst það svo skýrt, að óþarfi sje að leita frekari umsagna þess um málið. Jeg ætla ekki að vekja deilur um rjettmæti þessa álits Verslunarráðsins á málinu.

Get þó ekki stilt mig um að láta í ljós undrun mína yfir þeirri staðhæfingu, að með þessu frv. sje farið fram á fjárstyrk til landbúnaðarins á kostnað alþjóðar. Jeg mótmæli þessu alvarlega sem tilefnislausri árás á landbúnaðinn.

Þá er það einnig annað atriði, sem jeg vildi minnast á. Verslunarráðið lætur í ljós, að það sje ólíklegt, að heppilegasta leiðin til þess að afstýra felli sje að nota kornmat til fóðurs. En við, sem búum í sveit, þurfum ekki ráðleggingar frá Verslunarráðinu við í þessu efni. Við vitum vel, að gjöf kornmatar er eina ráðið til þess að firra felli, þegar komið er í það sárasta, ekki næst til jarðar og hey eru þrotin. Kornmatur er eina fóðrið, sem búpeningurinn þolir, þegar svo stendur á. Jeg tek

þetta fram, til þess að sýna, á hve fráleitum grundvelli ástæður Verslunarráðsins gegn frv. eru bygðar.

Eins og jeg tók fram áðan, finst mjer þær brtt., sem komið hafa fram við dagskrána, óþarfar, og væri rjettast að fella þær.

Eitt af því, sem hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) fann frv. til foráttu, var það, að þjóðin væri andvíg allri einkasölu og landsverslun. En þar sem hv. þm. (B. K.) er andvígur málinu og telur sig þar tala í nafn meiri hl. þjóðarinnar, þá virðist mjer útlátalaust fyrir hann að samþ. dagskrána, svo að dómur þjóðarinnar geti komið ótvírætt í ljós.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg var ekki viðstaddur, þegar hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) byrjaði að tala, og get því ekki borið um, hvað hann hefir sagt um málið.

Háttv. nefnd veitti mjer vitneskju um tillögu sína, áður en henni var útbýtt, og ljet jeg í ljós við nefndina, að jeg gæti felt mig við þessa úrlausn málsins, þ. e. að skjóta því til umsagnar þjóðarinnar.

Jeg skal játa, að jeg flutti málið með þeirri von, að það hefði betri byr hjer en það virðist hafa. Auðvitað er ekki hægt að segja, hvernig því hefði reitt af við atkvgr. í báðum deildum.

Jeg tók það fram við 1. umr. málsins, að jeg ætlaðist ekki til, að þessu máli yrði hrundið til framkvæmda meðan svo er ástatt sem nú. Jeg ljet þá í ljós, að stjórnin ætti að hafa nægan undirbúning til þess að athuga, hvernig framkvæmdum skyldi hagað, þegar hentugleikar leyfðu. Það er því ekki hægt að segja, að það liggi beinlínis á að samþykkja lög um þetta einmitt nú.

Það, sem hvatti mig til að flytja málið nú, var, að það kæmi fram áður en landsverslunin væri lögð niður. Ef nú væri horfið að því að selja upp vörubirgðir og tæki landsverslunarinnar, þá væri þetta mál jafnframt til athugunar sem hliðstæður liður í bjargráðaviðleitni löggjafarvaldsins.

Jeg skal taka það fram, að jeg felli mig best við varatill. hv. 2. þm. G.-K. (B. K.). Jeg lít svo á, sem best viðeigandi sje að bera þetta mál undir sýslunefndir og bæjarstjórnir, og enga aðra; þetta er bjargráðamál og heyrir því undir þessi stjórnarvöld að því leyti. Stjórnin getur síðar, ef henni líst, leitað álits samvinnufjelaganna og Verslunarráðsins.

Jeg vil taka það fram, ef bera á málið undir öll samvinnufjelög landsins, að þá er sjálfsagt að bera það einnig undir kaupmannastjettina. Mundi hún þá snúa sjer til Verslunarráðsins og Sambands ísl. samvinnufjelaga.

Guðjón Guðlaugsson: Það er eiginlega óþarfi af mjer að standa upp því hæstv. atvrh. (P. J.) hefir tekið fram aðalatriði þess, sem jeg ætlaði að segja.

Jeg er samþykkur honum í því, að jeg felli mig best við varatill. hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) Samt er jeg ekki samþykkur rökum þeim, sem sami hv. þm. (B. K.) tók fram máli sínu til stuðnings — þeim er jeg ósammála. Það er aðeins niðurstaða hans, samþykt varatill. á þskj. 112, sem jeg tel rjettustu leiðina í þessu máli.

Þegar jeg sá nál. og dagskrána, þá datt mjer í hug, hvort eigi væri verið að leiða asnann inn í herbúðirnar, og jeg fann, að hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) skildi það þannig, og jeg bjóst við, að

fleiri myndu skilja það þannig. Og mjer fanst eðlilegt, að hv. þm. (B. K.) kæmi með brtt. sína. Nefndin hefir sýnt athugaleysi í því, en þar með er ekki sagt, að hún hafi gert sig seka í neinni hlutdrægni með því að gera ráð fyrir, að einungis væri leitað álits samvinnufjelaganna um málið. Og nú hefir nefndin afsakað það með því að fallast á brtt. hv. 2. þm. G.-K. (B. K.).

Háttv. þm. (B. K.) tók það fram, að rjettast væri að bera mál þetta undir alla þjóðina. En jeg álít einmitt hárrjett að bera málið undir sýslunefndir og bæjarstjórnir, og þar með sje það í rauninni borið undir þjóðina. Áður en málið kemur til sýslunefnda er búið að ræða það á heimilum og á hreppafundum, því að sýslunefndarmenn halda að jafnaði fund með hreppsbúum áður en þeir fara á sýslufund, og þeim er þar gert að skyldu að bera mál þau, er fyrir sýslunefndir koma, fram í samræmi við vilja hreppsbúa.

Líkt er ástatt í kaupstöðum með bæjarstjórnirnar.

Að því er snertir að bæta inn í dagskrána Sambandi ísl. samvinnufjelaga og Verslunarráði Íslands, þá finst mjer, að málið mundi ekki fá óhlutdrægan undirbúning með því móti. Það er alls ekki að búast við því, að verslunarstjettin geti verið óhlutdræg í áliti sínu um þetta mál.

Það eru alls ekki nema menn, sem eru mannlegum breiskleika og mannlegum tilfinningum háðir. Líklegast, að álit þeirra færi í þá átt, sem hagsmunir þeirra benda til.

Það, sem hv. þm. (B. K.) mintist á landsverslunina í þessu sambandi, var alls óþarft. Hann vitnaði þar í sitt kjördæmi og sagði, að nálega hver maður mundi þar á móti landsverslun, og vitnaði í undirtektir kjósenda á nýafstöðnum þingmálafundum þar.

Það getur skeð, að þetta hjerað sje svo gagnsýrt af þessum anda úr Reykjavík. En það er ekki sagt, að hann hafi alstaðar á landinu haft sömu áhrif. Það getur skeð, að almenningur sje á móti einkasölu. Um það er ekki vert að fullyrða neitt. En það er ekki annað en staðlaus staðhæfing að telja alla þjóðina móti landsverslun, þótt einstöku menn hafi þyrlað upp óhróðri um hana, sem á litlum eða engum rökum er bygður, en kann sumstaðar að hafa fengið einhverja áheyrn. Því einmitt þeir menn, sem óhlutdrægt og rólega hafa litið á þetta mál og ekki hafa þar neinna eiginhagsmuna að gæta, hafa flestir alt aðra skoðun á landsversluninni. Og því þykist jeg hafa jafnmikinn rjett til þess að álykta gagnstætt hv. þm. (B. K.) um skoðun þjóðarinnar yfir höfuð á landsversluninni.

Jeg treysti því, að viðskiftanefndin, sem á að athuga þetta mál, komi með óhlutdrægt álit, bygt á eigin rannsókn og íhugun og engu öðru.

Jeg skal svo ekki segja fleira um málið. Jeg vona, að varatill. hv. þm. (B. K.) verði samþ., og mjer þykir einmitt svo fallega gert af honum að gera þetta til samkomulags í málinu, og vona, að hann styðji varatill., fyrst og fremst með atkv. sínu.

Frsm. (Sigurður Jónsson): Af því það gæti kann ske stytt umræður lálítið, vil jeg geta þess nú, að nefndin hefir orðið sammála um að fallast á varatill. á þskj. 112.

Sigurður Eggerz: Það hefir oft verið siður hjer á þingi, þegar mönnum hefir verið illa við eitthvert mál og viljað koma því fyrir kattarnef, en jafn-

framt viljað hlífast við aðstandendur þess, að vísa því frá með rökstuddri dagskrá.

Strax er þetta mál var borið fram hjer í hv. deild, sá jeg feigðarmörk á því, sá strax, að það mundi ekki komast gegnum deildina.

Háttv. nefnd hefir látið fylgja frv. fögur orð, og hlýtur maður að draga þá ályktun af því, að henni þyki vænt um málið. En því má málið þá ekki koma til atkvæða hjer í deildinni? Jeg fullyrði það, að ef málið væri borið undir atkvæði deildarinnar eins og það liggur fyrir, þá mundi það hljóta mjög skjótan og ákveðinn dauðdaga.

Háttv. nefnd og hæstv. atvrh. (P. J.) eru sammála um að halda því fram, að hjer sje ekki um verslunarprincip, heldur um bjargráðamál, að ræða.

Jeg skýrði afstöðu mína til málsins við 1. umr. Jeg mótmælti því þá og jeg mótmæli því enn, að þetta mál sje skoðað sem bjargráðamál. Því ef þjóðin verður sammála um, að nauðsyn beri til að hafa fyrirliggjandi kornforða til þess að afstýra felli og til bjargráða, þá má vitanlega afla hans, þó frjáls verslun sje á kornvöru. Þetta er því aðeins gylling, sem stráð er yfir frv., til þess að útvega því fylgi. Hjer er um það að ræða, hvort frjáls verslun eigi að ráða í þessu landi, eða hvort einokunin gamla eigi að setjast í hásætið.

Þess vegna eru forlög þessa máls þegar auðsjeð, ef dagskráin verður samþykt og málið lagt undir álit verslunarstjettar landsins. Jeg geri ráð fyrir, að svarið verði eitt og hið sama hjá kaupmönnum og kaupfjelögum landsins, og það þurfi ekki þess vegna að hafa fyrir því að leita eftir svarinu. Það er nokkurn veginn það sama og ef leggja ætti þá spurningu fyrir frjálsan mann, hvort hann vildi, að hann yrði hengdur, að spyrja verslunarstjettina um það, hvort hún vilji, að innleidd sje einokun, eins og hjer er um að ræða.

Nei, hjer er einungis verið að bjarga hæstv. stjórn úr vanda, einungis verið að fara krókaleiðir til þess að fóðra skoðun þingsins á þessu máli. Við höfum aldrei haft stjórn, sem tekið hefir jafnfast í einokunarstrenginn og þessi stjórn. Bæði hæstv. forsrh. (J. M.) og hæstv. fjrh. (M. G.) eru að burðast með sitt einokunarfrv. hvor, og hjer er þriðja afsprengi stjórnarinnar, sem hæstv. atvrh. (P. J.) ber fyrir brjósti.

Hjer er ekki um bjargráðamál að ræða. Hjer er um það ræða, hvort frjáls verslun eigi að ráða í landinu. Og hvers vegna þá ekki að láta þingið kveða upp sína skoðun í málinu?

Varatill. á þskj. 112 fer í þá átt að skjóta málinu eingöngu undir álit bæjar- og sveitarstjórna landsins. Jeg skal geta þess, að jeg er ekkert hræddur við svar þeirra. Og jeg skal bæta því við, að þótt álit meiri hluta þeirra hallaðist að skoðun stjórnarinnar, þá myndi jeg aldrei greiða neinu slíku einokunarfrv. atkv. En jeg er hissa á því, að ef skjóta á málinu til þjóðarinnar, hvers vegna megi þá ekki spyrja alla þjóðina. Hvers vegna eiga aðeins bæjarstjórnar- og sýslunefndarmenn að greiða atkv. um þetta mál? Ef menn eru í vafa um álit almennings á málinu, þá á að spyrja alla þjóðina. En hvernig sem hv. þdm. líta á það mál, þá er jeg fyrir mitt leyti í engum vafa um álit þjóðarinnar á málinu.

Frsm. (Sigurður Jónsson): Það, sem virtist bera á milli nefndarinnar og háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.), var svo

lítilfjörlegt, að við gátum jafnað það á þann hátt, að nefndin fellst á varatill. hv. þm. (B. K.) á þskj. 112, og brtt. nefndarinnar og aðalbrtt. hv. þm. (B. K.) kom þar af leiðandi ekki framar til greina, svo um það þarf ekki frekar að ræða.

Jeg álít mjer ekki skylt, og hefi heldur enga löngun til, að ræða um efni frv., heldur aðeins um dagskrána.

Hv. 2. landsk. þm. (S. E.) vjek ekki óvingjarnlega að dagskránni, en tvær athugasemdir verð jeg þó að gera við ræðu hans. Mjer skildist hann halda því fram, að ákveðin hugsun lægi á bak við dagskrá nefndarinnar, sem sje sú, að nefndin ætlaði með henni að koma þessu frv. fyrir kattarnef, svo lítið bæri á. Mjer er illa við, að því sje dróttað að mjer, að hjá mjer liggi önnur hugsun á bak við en sú, sem fellst í orðum þeim, er jeg nota til að móta með hugsun mína. Og jeg get bætt því við, að mjer finst skylt, að deildin fari vel með þetta frv., því hugsunin, sem fellst í því, er góð, og því hefir hv. 2. landsk. þm. (S. E.) alls ekki neitað. (**S. E.**: Hefi jeg ekki neitað því? Jeg harðneita því.). Hv. þm. (S. E.) gerir þetta þá fyrst nú.

Annað atriði í ræðu hv. þm. (S. E.), sem jeg vil gera athugasemd við, er spurning sú, sem hann sló fram. Hvi ætti ekki að spyrja alla þjóðina? Hann á við það, að leita beri þjóðaratkvæðis um þetta mál, á sama hátt og var gert í bannmálinu og sambandsmálinu. En því er þar til að svara, að vilji þjóðarinnar kemur einnig í ljós með því að leita álits sýslunefndar, því sýslunefndarmennirnir fara með umboð kjósenda sinna. Og til að gegna sýslunefndarstörfum eru og vanalega kosnir bestu menn hreppsins, og með því að leggja málið fyrir sýslunefndirnar eru því líkindi til, að hægt sje að fá umsögn og álit bestu manna þjóðarinnar um þetta mál. — Auk þess eru nú hjer á þingi, í hv. Nd., tvö fordæmi þess, að vísa málinu til umsagnar sýslunefnda. Annað málið, sem sú hv. deild hefir vísað til sýslunefnda, er ekki ósvipað því máli, sem hjer liggur fyrir, nefnilega frv. um einkasölu á hrossum. Og í því máli er ekki aðeins leitað álits sýslunefnda, heldur er þeim beinlínis f a l i ð að gera út um málið. Hitt málið er berklaveikismálið. Það er stórt og þýðingarmikið mál, og ef til vill meira um það vert en öll verslunarmál, því það eru lifandi menn, sem gera þjóðinni gagn, en ekki þeir, sem deyja fyrir aldur fram.

Hv. Nd. fór þannig með bæði þessi mál eins og nefndin leggur til, að farið verði með korneinkasölufrumvarpið.

Hv. 2. landsk. þm. (S. E.) tók það fram, að þetta mál hefði verið rætt mikið við 1. umr., og hið sama tók jeg og fram. Ef mig minnir rjett, þá voru 5 á móti því, að málið gengi til annarar umr., hinir voru með því. Jeg vona, að þeim hafi ekki fækkað, sem vilja samþykkja það enn, heldur hafi þeim þvert á móti fjölgað.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Eftir því, sem málið liggur fyrir, þá eru það tillögur nefndarinnar, sem um er að ræða, þó frumvarpið liggi að vísu fyrir til atkvæðagreiðslu. Það er því ekki rjett að ræða málið á breiðum grundvelli.

Hv. 2. landsk. þm. (S. E.) vildi fara að ræða stefnumuninn á frjálsri verslun og einokun. Hann áleit þetta frv. miða að einokun. Jeg ætla ekki að fara að ræða um það nú, en jeg efast um,

að hv. þm. (S. E.) hafi gert sjer mikla grein fyrir, hvað sje frjáls verslun og hvað einokun.

Annað, sem jeg ætlaði að svara, voru þau ummæli hv. þm. (S. E.), að það sje ekki leyfilegt að skoða þetta sem bjargráðamál, heldur verði að skoða það sem tilraun til að koma á einokuninni gömlu. Þetta þykist hann hafa leyfi til að segja, en jeg hefi ekki leyfi til að kalla það bjargráðamál. — Jeg verð að líta svo á, að það verði að skoða tilgang hvers eins frv. þann, sem flm. lýsa yfir að hann sje. Og stjórnin hefir í greinargerð sinni um þetta frv. komist svo að orði um tilgang þess:

„Tilgangur þessa frv. er því í stuttu máli þessi:

a) að tryggja landsmönnum góðar og ódýrar vörur með góðu verði;

b) að varna brauðskorti í landinu, þótt stórar misfellur komi fyrir í árferði og aðflutningum;

c) og loks að varna stórtjóni á búpeningi, þegar óvenjuleg vorharðindi ganga og þar af leiðandi fóðurskortur."

Þetta er tilgangur frv., og eftir þessum tilgangi er rjett að vísa því til sýslunefnda, ef farið er að bera það undir þjóðina. Hjer er um það að ræða að sameina þessa þrjá liði undir eitt, og þeir heyra allir undir bjargráð. — Að jeg hafi flutt þetta frv. í öðrum tilgangi, það hefir hv. þm. (S. E.) leyfi til að segja, ef hann þekti dæmi upp á slíkt frá minni hendi. Og jeg ætla að biðja hann að nefna dæmi — eitt einasta dæmi — til þess, síðan jeg kom á þing 1894, að jeg hafi nokkurn tíma farið með undirferli eða siglt undir fölsku flaggi.

Svo sagði hv. þm. (S. E.), að hann hefði sjeð feigð á þessu frv. þegar í upphafi, því þetta væri hugsjón, sem aldrei gæti náð fram að ganga. Eins og hv. þm. (S. E.) sagði, er það hugsjón, sú hugsjón, að reka verslun á þann hátt, að hún um leið verði til bjargráða. Mjer þykir hart, að maður, sem mjer vitanlega hefir aldrei hreyft neinni hugsjón eða neina hugsjón haft, svo jeg viti, geri sig digurbarkalegan og sje með hrakspár um hugsjónir annara.

Sigurður Eggerz: Jeg þarf ekki að svara miklu hv. 3. landsk. þm. (S. J.). Þar sem hann sagði, að hann vildi fara sæmilega með frv., þá nálgast það það, sem jeg sagði, að frv. ætti, með þessari dagskrá, að fá sæmilegan dauðdaga.

Hann nefndi sem hliðstæðu, hvernig farið hefði verið með berklaveikisfrv. í Nd. En það er síður en svo, að jeg sje sammála dagskrá háttv. allsherjarnefndar Nd. í því máli. Þar bólar á því sama og hjá nefndinni í þessu máli, að vilja koma sjer hjá að taka afstöðu til málsins, en enn minni sjerþekkingar mun þó verða völ hjá sýslunefndum í berklaveikismálinu en í þessu máli.

Jeg held satt að segja, að þessi einokunar-„baktería" — svo jeg haldi mjer við bakteríurnar — hafi komið inn í ýmsa menn gegnum ráðstafanir, sem varð að gera vegna stríðsins. Þá varð að gera ýmsar ríkisráðstafanir vegna verslunarinnar, því þá gátu aðrir en stjórnirnar varla fengið vörur frá útlöndum.

Hv. atvrh. (P. J.) talaði hátt og með miklum móð, en fór lítið inn á efni málsins. En það er ekki hægt að ásaka mig fyrir það, þó jeg komi inn á efni frv., því það verður að taka afstöðu til rökstuddu dagskrárinnar eftir því, hvernig menn líta á efni þess.

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að jeg yrði að taka málið eins og það lægi fyr-

ir frá hans hendi, og jeg yrði að skilja tilgang þess eins og honum er lýst í greinargerðinni, sem fylgir frv. En jeg verð að dæma frv., ekki eftir greinargerðinni fyrir því, heldur eftir orðalagi þess, því greinargerðin verður ekki staðfest sem lög, heldur innihald frv. Og orðin þau sýna, að hjer er um stórfelda stefnubreyting í verslun landsins að ræða, en bjórgunarráðstafanir eru aðeins aukaatriði, enda má gera þær, hvor verslunaraðferðin sem er viðhöfð.

En þar sem þetta frv. hefir verið hugsjón hæstv. atvrh. (P. J.) í 20 ár, þá skil jeg ofurvel, að honum tekur sárt til, hve illa deildin tekur móti því. (P. J.: Það er ekki tekið illa á móti því). Hæstv. atvrh. (P. J.) veit, að þetta frv. hefir sáralítinn byr í þinginu, og dagskráin er komin fram af því, að forlög frv., bæði hjer í háttv. deild og í háttv. Nd., eru fyrirfram ákveðin, ef ekki tekst með þessari aðferð að bjarga því frá háðulegum dauðdaga. Jeg hefi aldrei borið hæstv. atvrh. (P. J.) á brýn, að hann sigldi undir fölsku flaggi í þessu máli, en fremur skrifa jeg framkomu hans í málinu á reikning einfeldni hans heldur en hitt, að hann sje vísvitandi að bera það fram í öðrum tilgangi en þeim, sem orðalag frv. ber með sjer.

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að jeg hefði aldrei haft neina hugsjón. Lengi má um það deila, hver er hugsjónamaður og hver eigi, og þá sjerstaklega um það, hvort einn er meiri hugsjónamaður en annar, en ekki mundi jeg fús á að afhenda mínar hugsjónir fyrir hugsjónir hæstv. atvrh. (P. J.), og víst er um það, að lítið hafa hugsjónir hans gagnað þessari þjóð í sjálfstæðismálum hennar. Og hræddur er jeg um, að þegar 20 ára draumurinn í verslunarmálum verður kunnur þjóðinni, þá muni lítil birta standa af honum.

Einar Árnason: Jeg hefi skilið það svo, að brtt. nefndarinnar og aðalbrtt. hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) hafi verið teknar aftur. Jeg mun því greiða atkv. með varatill. á þskj. 112.

ATKVGR.

Till. á þskj. 105 og 115 og aðaltill. á þskj. 112 teknar aftur.

Rökstudda dagskráin á þskj. 112 (varatill.) samþ. með 10 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. F., B. K., E. Á., G. G., G. Guðf., G. Ó., Jóh. Jóh., S. H. K., S. J., G. B.
nei: H. St., H. Sn., K. E., S. E.

B. Þingmannafrumvörp.

1. Skipun læknishjerað (Kjalarneshjerað).

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 4. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjerað o. fl. (A. 93).

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Kristjánsson): Þetta frv. hefir oft komið fram á Alþingi fyr. Því að það hefir tæplega ekkert þing liðið, nú í seinni tíð, að þessar óskir hafi ekki verið bornar fram.

Eins og tekið hefir verið fram áður, var þetta hjerað um eitt skeið sjerstakt læknishjerað, og sat læknirinn þá í Kjósinni. En nú situr hann í Hafnarfirði, og er því mjög erfitt fyrir Kjósarbúa að sækja hann þangað. Sökum þessa örðugleika hafa þeir oft orðið að vitja læknis til Reykjavíkur, sem þó bæði er örðugt og kostnaðarsamt. Auk þess álíta þeir, að margir hafi dáið fyrir tímann, einungis fyrir þá sök, hversu erfitt er að ná til læknis.

Það er því ekki að ófyrirsynju, að þessar óskir koma fram, og jeg skil ekki, að það dragist lengi, að þetta læknishjerað fáist, því þingið getur ekki leitt það hjá sjer. Það vill líka svo vel til, að 11 læknishjeruð landsins eru fólksfærri en þetta mundi verða.

Það þykir nú ef til vill standa illa á að vera að tala um þetta nú, þegar þessi fjárhagsvandræði eru, en mjer hefir ekki betur heyrst en að á hverju þingi hafi verið um þau talað; altaf hefir fje vantað, og þau gjöld, sem af þessu mundu leiða, yrðu eins og dropi í hafi hjá öðrum gjöldum ríkissjóðs. Og þjóðinni ætti þó að vera ljúfast að bera þau gjöld, sem miðuðu að því að varðveita líf og heilsu landsmanna.

Margir kvarta um það, að fólk tolli illa í sveitunum, því að það vilji heldur vera í kaupstöðunum. Jeg hygg, að það stafi af því, hve sveitirnar þykja óvistlegar á veturna, og stærsta atriðið til að gera þær óvistlegar er óefað vöntun á læknishjálp. Jeg tel því þingið verða að vinna að því, að menn telji lífi og limum eins vel borgið í sveitunum eins og í kaupstöðunum.

Á Alþingi 1919 var þetta frv. lagt fram og þá sett í nefnd. Nefndin vildi láta samþ. það, og það gerði deildin líka. Það fór svo til hv. Nd. En þar komu fram fleiri frv. um sama efni, og voru þau svo öll feld þar, nema eitt, Bolungarvíkurhjerað. Stjórnin ljet þá

og í ljós, að þetta hjerað verðskuldaði að verða fyrst til að fá sjerstakan lækni.

Óska jeg svo, að frv. þessu verði vísað til fjárhagsnefndar.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Þegar till. um breytingar á læknaskipun landsins eru bornar fram hjer á Alþingi, er það mest gert að ósk einstakra hjeraða, án þess að tekið sje tillit til þess, hvers almannaheill krefur. Væri æskilegast, að slíkum frv. fylgdi umsögn stjórnarvaldanna.

Hjer er von á mörgum þesskonar frv.; tel jeg því rjett, að þau sjeu athuguð saman og rannsökuð í nefnd.

Jeg vil ekki snúast beint á móti þessum frv., því víst mun vera þörf á fleiri læknum í landinu. Þó verður að gera sjer ljóst, að ýmislegt mælir á móti fjölgun lækna nú. Þyngsta mótbáran mun vera sú, að ríkissjóður getur ekki bætt við sig nýjum embættismönnum, nema bráðnauðsynleg sjeu, sökum fjárhagsins.

Önnur er sú, að sum hjeruðin yrðu ekki lífvænleg fyrir þá menn, sem þar ættu að stunda atvinnu. — Að því er snertir þetta hjerað get jeg búist við, að margir sjúklingar úr því leituðu til Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar eftir sem áður, því að aðdráttarafl Reykjavíkur í því efni er mikið, og því sterkara, sem hjeruðin eru nær henni. Hætt er því við, að hjeraðið þætti ljelegt frá sjónarmiði læknastjettarinnar.

Þriðja atriðið er læknafæðin, því hjer er ekki hægt að fá nógu marga lækna í þau læknishjeruð, sem til eru. Þannig eru t. d. þrjú hjeruð alveg læknislaus, sem sje Reykjarfjarðarhjerað, Reykhólahjerað og Axarfjarðarhjerað, og aðeins settir læknar í Borgarfjarðarhjeraði og Síðuhjeraði. Þetta hlýtur því að ráða miklu að því er snertir aðstöðu þingsins til þessa frv.

Það er og athugavert fyrir þjóðina, að nú er orðið altítt, að ungir og efnilegir læknar leita til útlanda, og komast þeir þar vitanlega betur af en hjer. Af því leiðir, að læknafæðin helst hjer við, þrátt fyrir venjulega viðkomu af læknum árlega. Á meðan því fer fram, horfir ekki vænlega um læknafjölgun hjer á landi.

Halldór Steinsson: Jeg bjóst ekki við, að þetta frv. kæmi fram nú á þessu þingi. Eins og kunnugt er, komu fram 5 frv. á þinginu 1919 um stofnun nýrra læknishjeraða. Eitt af þeim, um nýtt læknishjerað í Bolungarvík, komst fram, en hin döguðu uppi og voru öll álitin jafnrjetthá og ættu því að verða samferða út úr þinginu.

Eitt af þeim var um stofnun Hnappdælahjeraðs. Það var fyrst flutt á þinginu 1909, af fyrirrennara mínum, og hefir nær því verið flutt á hverju þingi síðan.

Áhuginn er enn þá hinn sami fyrir því, og þörfin er jöfn. En þrátt fyrir það ætlaði jeg ekki að flytja frv. nú. Fyrst og fremst sökum fjárhagsvandræðanna, og í öðru lagi vegna læknafæðarinnar. Og hið sama býst jeg við að hafi vakað fyrir þeim, sem fluttu hin frumvörpin. En úr því að þetta frv. kom fram, býst jeg við, að við hinir komum með þessi frv. okkar, til þess að þingið geti valið um þau og sýnt, hvert þeirra sje rjetthæst.

Jeg tek þetta fram, nefndinni til athugunar. — Í frv. þessu er ekki tekið fram, í hvaða launaflokki þessi læknir ætti að verða. (**B. K.:** Jeg ætlaði nefndinni það.).

Þessi mál voru síðast í fjárhagsnefnd,

hafa þau víst einhvern veginn vilst þangað, því þau eiga áreiðanlega að vera í allsherjarnefnd. Jeg geri það því að till. minni, að frv. þessu verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til fjárhagsnefndar feld með 11 : 3 atkv.

Till. um að vísa málinu til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) samþ. með 8 : 4 atkv.

Á 32. fundi í Ed., föstudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 93, n. 199).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Nefndin leggur til, að mál þetta verði afgr. með rökstuddri dagskrá á þskj. 199. Vil jeg vísa til ástæðna þeirra, er þar eru fram teknar, og fer ekki fleiri orðum um málið.

Flm. (Björn Kristjánsson): Hv. nefnd hefir nú látið álit sitt í ljós, og þýðir víst ekki að deila við dómarann um það; forlög málsins eru sennilega ákveðin. Vil jeg athuga ofurlítið ástæður hv. nefndar, og skal vera fáorður.

Fyrsta ástæðan, sem hv. nefnd færir gegn frv., er fjárhagsástandið. Jeg veit vel, að fjárhagur landsins er ískyggilegur nú, og gæta verður varúðar í því að binda ríkissjóði of þunga bagga á herðar. En hvað sem því líður, þá bjóst jeg ekki við, að nefndin færði þessa ástæðu móti frv., því fjárhæð sú, sem ríkissjóði er með þessu bundin á herðar, er eigi nema örlítill dropi í hafið, þar sem um jafnstóra upphæð er að ræða og fjárlögin verða að þessu sinni. En svo er það líka vitanlegt, að svo mun fara á þessu þingi, eins og jafnan áður, að þrátt fyrir allar sparnaðar-heitstrengingar hv. þm. fljóti með margar fjárbænir langtum þýðingarminni og ónauðsynlegri en þessi, og það svo tugum þúsunda skifti.

Þá er það læknaskorturinn, sem nefndin segir svo mikinn, að eigi muni fást læknir í hjerað þetta. En því er svo varið, að þegar menn þrá eitthvað, þá er eins og menn geti lengi lifað á þránni, lifað í voninni um, að úr óskum sínum verði bætt. Og því er það, að jeg legg mikið upp úr því, að frv. verði samþ., þótt eigi sjeu líkindi til, að læknir fáist í hjerað þetta nú þegar. Þangað til læknir fengist gætu hjeraðsbúar notast við styrk til þess að halda lækni hjeðan úr Reykjavík.

Ef frv. þetta fellur, mun jeg fara fram á, að styrkur sá, sem þessi hjeruð hafa nú til læknisvitjunar, hækki að mun, því hann er svo lítill, að ómögulegt er að fá lækni hjeðan úr Reykjavík til þess að sinna læknisvitjunum úr þessum hreppum.

Loks er þriðja ástæða nefndarinnar sú, að fleiri hjeruð bætist við, ef þetta frv. verður samþ. Það hafa þegar komið beiðnir um fjölgun í 3—4 hjeruðum, auk þessa. En jeg vil taka það fram, að þar sem þingið veitir altaf fje til ýmislegs, sem minni þörf er á, eins og jeg gat um áðan, þá munar engu, þótt bætt sje við 4—5 læknishjeruðum alls; þótt veittar sjeu 14—20 þús. kr. til þess að vernda líf og heilsu margra landsbúa, þá verður það ekki til að ríða slig á fjárlög þessa þings.

Jeg kann því illa, að þar sem frv.

þetta hefir verið samþ. hjer í deildinni áður, þá skuli eiga að skera það niður nú. Þess vegna vil jeg óska og vona, að hv. deild lofi málinu fram að ganga.

Einn hv. þm. spurði mig um það, hvort jeg vildi heldur afgr. frv. með rökstuddri dagskrá eða láta fella það. Jeg kýs heldur, ef einungis um það tvent er að ræða, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. En jeg held, að þótt þessu máli hafi verið vísað frá með rökst. dagskrá á þingunum 1917 og 1919, þá sje síður en svo ástæða til þess að láta það sæta sömu meðferð nú, því á þessum árum hafa margir merkir menn í Kjósinni dáið sökum þess, að eigi náðist til læknis, vegna læknsleysis á þessum stöðvum.

Jeg ber því það traust til hv. deildar, að hún samþ. frv. og sýni með því samkvæmni sína, svo að þessir hreppar fái að lifa í voninni um að fá lækninn í náinni framtíð.

Halldór Steinsson: Á Alþingi 1917 flutti jeg hjer í deildinni frv. um stofnun Hnappdælalæknishjeraðs. Hin hv. deild sá sjer ekki fært að samþ. frv., en afgr. það með rökst. dagskrá, eins og nefndin leggur til að gert verði við frv. það, sem nú liggur hjer fyrir. Jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp dagskrána frá 1917. Hún hljóðar svo:

„Í því trausti, að stjórnin á næstu árum taki skipun læknishjeraða til gagngerðrar endurskoðunar, sjerstaklega með tilliti til þeirra óska, sem komið hafa fram á síðari þingum í því máli, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Á þingi 1919 kom þetta mál aftur til umr. hjer í þessari hv. deild. Og eins og hv. flm. (B. K.) gat um, var þá samþ. hjer í deildinni að stofna tvö ný læknishjeruð, Hnappdælahjerað og Kjósarhjerað, og málið afgr. til hv. Nd. En þrátt fyrir þennan skýlausa vilja deildarinnar 1919 og hina skorinorðu dagskrá 1917, hefir stjórnin þó alls ekkert gert í þessu máli. Þegar þetta mál kemur nú enn á ný fyrir þingið, og það treystist ekki til að afgr. það, vegna fjárskorts, þá er það þó það minsta, sem þingið getur gert, að ákveða svo skýrt, að stjórnin skuli undirbúa málið, að hún geti ekki látið það undir höfuð leggjast. En nú er dagskrá nefndarinnar svo óákveðin, að stjórnin getur hennar vegna dregið undirbúning þessa máls á langinn. Í nefndarálitinu er tekið svo til orða, að stjórnin skuli taka skipun læknishjeraða til gagngerðrar endurskoðunar, „þegar hægist um fjárhag landsins". Þarna eru bakdyr fyrir stjórnina að smjúga út um. Því það er á hennar valdi að ákveða, hve nær hún telur fjárhag landsins svo góðan, að tiltök sjeu að taka skipun læknishjeraðanna til endurskoðunar. Þess vegna álít jeg rjettast að fella þessa setningu burtu úr dagskránni. Yrði hún þá fullkomlega í samræmi við vilja þingsins 1917.

Jeg leyfi mjer því að bera fram aðra rökstudda dagskrá, svo hljóðandi.

Í því trausti, að stjórnin taki skipun læknishjeraða til gagngerðrar endurskoðunar sem fyrst, og taki þá tillit til þeirra óska, sem fram hafa komið á síðari þingum í því máli, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg vil benda á, að þessi orð í dagskránni,

sem hv. þm. Snæf. (H. St.) vill fella burtu, standa í beinu sambandi við þá aðalástæðu, sem nefndin færir fram í nál. fyrir því, að hún getur ekki mælt með því, að frv. verði samþ. að sinni. Það er einkum sökum fjárhagserfiðleikanna, að nefndin leggur á móti frv., og get jeg ekki álitið rjett að ota stjórninni út í undirbúning fremur en framkvæmd málsins, á meðan þeir haldast. Jeg er því á móti dagskrá hv. þm. Snæf. (H. St.).

Halldór Steinsson: Mjer virðist kenna misskilnings hjá hv. 1. landsk. (S. F.), því þótt stjórnin undirbúi málið, þarf það ekki að hafa nein útgjöld í för með sjer, og ekki heldur þurfa lögin fyrir það að koma strax í framkvæmd. Brtt. min er aðeins til að herða á, að stjórnin láti endurskoðun á skipun læknishjeraðanna fara fram.

Sigurður Jónsson: Í dagskrá hv. þm. Snæf. (H. St.) felst ekkert annað en áskorun til stjórnarinnar um að láta endurskoðun á skipun læknishjeraða fara fram. Stjórnin getur ekki framkvæmt neitt, þótt hún láti rannsóknina fara fram. Öll framkvæmdin er á valdi þingsins. Jeg mun því greiða atkvæði með hinni rökstuddu dagskrá hv. þm. (H. St.).

Frsm. Sigurjón Friðjónsson): Jeg lít svo á, að undirbúningurinn taki einnig til framkvæmdanna.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Snæf. (H. St.) feld með 6 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Guðf., G. Ó., H. St., S. J., E. Á., G. B.

nei: H. Sn., Jóh. Jóh., S. E., S. H. K., S. F., G. G.

B. K. greiddi ekki atkv.

Einn þm. (K. E.) fjarstaddur.

Rökstudda dagskráin á þskj. 199 samþ. með 10 : 1 atkv.

2. Sýsluvegasjóðir.

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 25. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sýsluvegasjóði (A. 375).

Á 56. og 57. fundi í Nd., dagana 27. og 28. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að málið mætti samt taka til meðferðar.

Frsm. (Jón Þorláksson): Jeg þarf ekki að bæta miklu við greinargerð frv. Það hefir verið svo, síðan vegalögin frá 1907 voru sett og viðhaldsskyldan lögð á sýslufjelögin, að menn hafa fundið til þess, að sýslufjelögin vantaði tekjustofna til þess að standast kostnað við vegamál hjeraðanna.

Við þetta hefir bæst, að nú, síðan mönnum lærðist að nota akvegi, þá hefir vegaþörfin aukist, og hafa mörg sýslufjelög orðið til þess að leggja vegi

á sinn kostnað og haldið þeim við. Eru af þessum sökum útgjöld sumra sýslufjelaga til vega orðin svo mikil, að engin von er til, að þau fái lengur undir risið, nema nýir tekjustofnar komi til.

Máli þessu hefir nokkrum sinnum verið hreyft og beint til landsstjórnarinnar í þál.formi, og það síðast 1919, og út af því hefir vegamálastjóri haft málið til athugunar og samið frv. það, sem hjer liggur fyrir.

Grundvallarhugsunin er að leggja á fasteignaskatt, sem sje hreyfanlegur frá ári til árs, og líka geti verið mismunandi fyrir hina einstöku hreppa sýslunnar.

En verði útgjöldin til vega einhvers sýslufjelags svo há, að óhæfilega háan skatt þurfi til að standast þau öll, þá á landssjóður að hlaupa undir bagga með fjárframlögum, sem fari hækkandi eftir því, hve sýslan leggur háan fasteignaskatt á sig í þessu skyni.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Við einhverja umræðu hjer fyr í þinginu var minst á þingsályktanir frá fyrri þingum viðvíkjandi vegamálunum, og tók jeg þá lítið undir það, vegna þess, að jeg vissi, að frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, var í smíðum, en var ekki viss um, hvort því yrði svo snemma lokið, að það yrði tekið fyrir á þessu þingi.

Nú er tækifæri til að gera nokkra grein fyrir gerðum fyrverandi og núverandi stjórna út af þál. þeim, sem samþ. hafa verið um vegamál, og þá sjerstaklega þál. frá 1915.

Með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa hana upp. Hún hljóðar svo:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina:

1. Að endurskoða flokkun þá til viðhalds vegum, sem er í vegalögunum 22. nóv. 1907, og leggja fyrir næsta Alþingi — ef tími vinst til — nýtt frv. til vegalaga.

2. Að leita tekjustofna handa sýslunum til að standast kostnað við viðhald á vegum, og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um það efni.

3. Að taka til íhugunar, hvort eigi sje tímabært að breyta vegagerðaraðferð á vegum þeim, sem landssjóður kostar að nokkru eða öllu leyti, sjerstaklega hvort eigi beri að hafa vegina undirgrýtta („púkkaða"), og leggja fyrir næsta þing skýrslur landsverkfræðings og álit um kostnað við slíka gerð á vegum, samanborið við þá vegagerðaraðferð, sem nú tíðkast, og um haldgæði þeirra, ásamt till. landsstjórnarinnar um þetta efni."

Þetta er viðtækasta þál., sem samþ. hefir verið um þetta efni síðan vegalögin komu.

Viðvíkjandi 1. lið, um endurskoðun á flokkun vega í vegalögunum, þá býst jeg við, að landsstjórninni hafi ekki fundist ástæða til að hafast neitt að, vegna hinnar sívaxandi dýrtíðar og hækkandi vinnulauna og alls annars kostnaðar við vegagerðir, svo að vegagerðirnar hafa í rauninn minkað þessi árin, þrátt fyrir geysiaukinn kostnað. Jeg hygg að minsta kosti, að þetta hafi ráðið því, að stjórnin hefir ekkert aðhafst í þessu máli enn sem komið er.

Jeg álít líka, að 2. liður eigi að ganga fyrir, það, að finna hæfilega tekjustofna fyrir sýslurnar til þess að standast kostnað við viðhald veganna, því á því verður að byggja, þegar gert er út um skyldu sýslnanna til þess að sjá um vegi, auk þess sem sýslurnar hafa sína eigin vegi, sem koma þarf upp. Með þetta fyrir augum hefir vegamálastjóri samið þetta frv. í samráði við mig.

Viðvíkjandi 1. lið vil jeg enn fremur geta þess, að jeg sje ekki, fremur en fyrverandi stjórnir, ástæðu til að breyta vegalögunum nú, hvorki um viðhald vega nje annað.

Þá er 3. liður þál., um að rannsaka, hvort ekki sje rjett að taka upp nýja vegagerðaraðferð, og þá sjerstaklega að undirgrýta (púkka) veginn, og fá skýrslur vegamálstjóra um það.

Það verður nú vitanlega dýrt spaug að undirgrýta vegi svo fullnægjandi sje. Þó getur verið, að vegamálastjóri geti nú þegar gefið einhverjar upplýsingar um kostnað við undirgrýtingu, í samanburði við gömlu vegagerðaraðferðina. Það hefir verið gerður dálitill vegarspotti hjer nálægt Reykjavík á þennan hátt, og gefur hann nokkra reynslu, en þó svo litla, að ekki er hægt að byggja mjög mikið á henni. Upplýsingar í þessu efni fást einungis smátt og mátt með reynslunni á þeim vegarspottum, sem hægt verður að koma upp á þennan hátt, en eins og fjárhagssakirnar standa, verður það svo lítið í senn.

Á síðastliðnu sumri fjekk ríkið talsvert af nýjum vegagerðaráhöldum, sem ekki hafa verið notuð hjer áður, og á með því að gera tilraun til að breyta vegagerðinni. En um það er ekki enn fengin nein fullnægjandi reynsla.

Bæði vegamálastjóri og landsstjórnin hafa talsvert hugsað einmitt um það, sem 3. liður fer fram á, og veltur þar mjög á því, hvernig gengur með umbót og aukning á vegagerðartækjunum. Hefir, eins og áður er sagt, verið talsverðu til kostað í þá átt. Eins og liggur í augum uppi, fæst lítið fyrir peningana í malar- og grjótflutningi, þegar hestakostnaðurinn hefir þre- til fjórfaldast og mannahaldið einnig. Það kemst því ekkert áfram, nema vinnusparandi áhöld, sem borga sig vel, fáist og hepnist, og þá fyrst er hugsanlegt að undirgrýta vegina.

Pjetur Ottesen: Það eru aðeins örfá orð. Jeg hefi áður minst á það hjer í deildinni, hversu mikil nauðsyn er á því, að sýslusjóðum sje sjeð fyrir einhverjum föstum tekjustofnum, og er jeg því fyllilega samþykkur, sem háttv. frsm. (J. Þ.) sagði um þetta efni.

Það mun nú svo komið í sumum sýslufjelögum, að vegaviðhaldið er alveg að sliga þau, og gerir það þeim ókleift að snúa sjer að öðrum nauðsynlegum framkvæmdum, lagning nýrra vega og fl.

Þó að fasteignirnar sjeu óneitanlega að ýmsu leyti góður tekjustofn, þá hrýs mjer hugur við því að leggja eins háa skatta á þær og nú er ætlast til að gert verði.

Ef borið er saman frv. um fasteignaskatt til ríkissjóðs, eins og Ed. hefir breytt því, og þetta frv., getur þessi skattur af jarðeignum og lóðum komist upp í 10 af þúsundi eða 1%. Mjer hrýs hugur við því að ætla fasteignunum að bera svo háan skatt, og það því fremur, sem skatturinn er jafnhár á fasteignum, hvort á þeim hvíla meiri eða minni skuldir eða þær eru hrein eign.

Það er nú komin á sú regla, hvort sem hún er beinlínis lögfest eða ekki, að ríkissjóður leggur fram helming til lagningar nýrra sýsluvega, gegn helmingi annarsstaðar frá. En mjer skilst eftir 7. gr. þessa frv., að þá megi jafnvel skilja það svo, að ríkissjóði beri ekkert að greiða til vegagerða fyr en vegakostnaður hvers sýslufjelags er orðinn hærri en svo, að hann svari 3‰ af skattskyldum fasteignum innan sýslunnar. Jeg hygg, að svo fari fyrir fleirum en mjer, að

þeim þyki bregða til beggja vona með það, hvernig beri að skilja þetta, og vil jeg því skjóta því til hv. frsm. (J. Þ.), að hann gefi skýringu á því, hvað fyrir nefndinni hafi vakað um þetta atriði málsins.

Frsm. (Jón Þorláksson): Ein ástæðan til þess, að nefndin hefir látið frv. þetta koma fram, er sú, að frv. um fasteignaskatt til ríkisins var á ferðinni. Henni var það ljóst, að ef fasteignaskattur verður lögleiddur handa sýsluvegasjóðum, þá verður að hafa tillit til þessa, þegar ákveðinn er fasteignaskattur til ríkissjóðs, þannig, að samanlögð upphæð skattanna verði ekki of þungbær. Það var ekki tilætlun nefndarinnar að gera breytingar á skilyrði fjárlaganna við styrkinn úr ríkissjóði til akfærra sýsluvega, sem hv. þm. Borgf. (P. O.) álítur breytt með 7. gr. frv. Nú er reglan sú, að ríkissjóður leggur fram helming kostnaðar, en helmingur á að koma annarsstaðar frá. Í framkvæmdinni hefir þetta víða orðið þannig, að sýslusjóður hefir lagt til ¼, en síðasti fjórðungurinn hefir komið frá þeim hreppum, sem mest og best not hafa af veginum. Það er alls ekki meining nefndarinnar að gera breyting á þessu skipulagi. Hún var að hugsa um að setja beint ákvæði um þetta í frv., en hvarf frá því, af því hún áleit ekki þörf á að hafa það annarsstaðar en í fjárlögunum, auk þess sem það stendur í sjerstakri reglugerð.

Pjetur Ottesen: Mjer er fullnægt með svarinu, fyrst það er ekki ætlunin með 7. gr. að breyta þessu umrædda skilyrði. Jeg held þó, að það væri rjettara að athuga nánara ákvæði 7. gr., svo og ganga svo frá frv., að þetta verði alls ekki skilið á þann veg, er jeg nefndi í fyrri ræðu minni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv..

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 375).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. tkv.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 375, 498).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 9. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 375, 498, 512).

Þorleifur Guðmundsson: Jeg hefi komið fram með brtt. á þskj. 512. Jeg álít, að það sjeu margar fleiri jarðir, sem líkt er ástatt með og þær, sem um er getið í 5. gr., að þær geta lítil eða engin not haft af sýsluvegum. Brtt. mín fer fram á að heimila slíkum jörðum undanþágu frá sýsluvegagjaldi. Þetta finst mjer í fylsta máta sanngjarnt. Það er ósanngjarnt að láta jarðir, sem þannig er í sveit komið, að þær geta engin afnot af vegunum haft, greiða jafnháan

vegaskatt og hinar, sem að þjóðveginum liggja. Á jeg hjer aðallega við jarðir, sem liggja við sjó fram, eða þá langt frá öllum vegum. Jeg þekki margar slíkar jarðir, svo sem í Selvogi og Ölfusi og víðar. Þessar jarðir hafa aftur á móti talsverð sjávarafnot og greiða því drjúgt til ríkissjóðs, vegna útflutningsgjalds á sjávarafurðum. Jeg skal játa það, að jeg sje mjer ekki fært að vera á móti þessu frv., eins og nú standa sakir, en verð þó að geta þess, að mjer finst þetta þungur skattur á svona fasteignir og alls ekki rjettlátur, og margir aðrir jafnskyldir og skyldari til að greiða skattinn. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, vona, að háttv. deild sjái, að jeg hefi nokkuð til míns máls. Þótt jeg berjist hjer að nokkru leyti fyrir sjálfan mig, þá eru þó margir fleiri, sem líkt er ástatt fyrir.

Frsm. (Jón Þorláksson): Samgmn. ber fram brtt. á þskj. 498, sem fer í þá átt, að einni gr. verði bætt inn í frv. Þessi brtt. er, eins og jeg vona að háttv. deild skilji, komin fram í því skyni að taka af öll tvímæli um það, að ætlast er til, að framvegis verði veitt fje úr ríkissjóði til að leggja nýja akfæra sýsluvegi, svo sem verið hefir að undanförnu. Um brtt. háttv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) hefir nefndin ekki haldið fund, en jeg hefi borið mig saman við nefndarmennina. Nefndin, eða meiri hl. hennar, þorir ekki að mæla með því, að þannig lagað ákvæði verði sett inn í frv. Hún þykist ekki geta sjeð það fyrir, hversu víðtækar afleiðingar þetta kunni að hafa, eða hversu margvíslegar kröfur um undanþágur kunni fram að koma. Það er svo sem auðvitað, að þessi vegaskattur getur alls ekki verið fullkomlega rjettlátur, fremur en aðrar skattaálögur. En þar sem um fasteignaskatt er að ræða, má vænta þess, að órjettur sá, sem á kann að vera í byrjun, geti horfið, er fram líða stundir, því að bæði lagfærist verð fasteignanna með tímanum og svo er vitanlega hægt að gera þær breytingar á lögunum, sem nauðsynlegar kunna að þykja. Nefndinni er ljóst, að frv. þetta er ekki alfullkomið, enda ekki ætlast til, að það standi óbreytt um aldur og æfi. En hún gerir ekki betri till. en þær, að frv. nái fram að ganga og reynslan verði látin skera úr, hverjar breytingar eru nauðsynlegar.

Eiríkur Einarsson: Með frv. virðist stigið spor í þá átt að ljetta undir með þeim, er vegaviðhaldið hvílir þyngst á, þar sem landssjóði er ætlað að hlaupa undir bagga, þegar greiðslurnar fara að verða mjög háar. Af þessum ástæðum ljæ jeg frv. atkv. mitt upp úr hv. deild, þótt jeg sje að ýmsu leyti óánægður með það. Hefi jeg ekki ráðist í að koma með brtt. við það, en þykist vita, að lagfæringar verði gerðar í hv. Ed. á því, sem helst þarf umbóta. Skal jeg drepa á nokkur atriði þess, er jeg tel endilega þurfa að breyta við frv., áður en þingið gengur frá því, og í trausti þeirra lagfæringa í hv. Ed. greiði jeg atkv. mitt.

Jeg er mjög myrkfælinn við þá breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir, frá því er nú er, að leggja vegagjöldin á fasteignirnar, sem jeg held að sje nóg boðið með skattaálögum eftir þetta þing, þótt þetta gjald jafnaðist ekki á þær. Er það ætlun mín, að sanngjarnara og rjettlátara hefði verið að afla greiðslnanna áfram með svipaðri niðurjöfnun og verið hefir. Með þessari sífeldu fasteignaskattskyldu verður þeim

íþyngt, er helst þyrfti að hlífa oft og einatt, en öðrum slept, er síður skyldi.

Þá held jeg, að ákvæði 4. gr. frv., um heimild fyrir sýslunefndir til að ákveða hreppum misjafnt hundraðsgjald, sje varhugavert, gæti eins haft ósanngirni í för með sjer eins og hitt, sem því er ætlað. Væri eftir því, hvernig atkvæðamagni væri háttað í sýslunefndum, hægt að ofbjóða einstökum sveitum með þessari heimild.

Mjer finst, að ekki ætti að gera ráð fyrir, að hærri niðurjöfnun en 6 af þúsundi geti átt sjer stað.

Þá vil jeg geta þess um ákvæði 7. gr., sem er þó höfuðrjettarbótin, að landssjóðsgreiðslurnar byrja of seint; væri mesta nauðsyn að ljetta undir með sýslufjelögunum fyr en útgjöld sýsluvegasjóðs nemur 3 af þús. fasteignaverðs; ætti fremur að byrja á 2‰ og hækka hraðari skrefum. Þegar sýsluvegaútgjöldin fara að verða óhemjuhá, er ofætlun að láta sýslufjelögin greiða nema lítinn hluta þeirra.

Þá finst mjer nauðsynlegt, að reynt væri í sambandi við þetta að afla sýslufjelögunum tekjustofna, til að standast þessi þungu útgjöld, aðra en fást með sjerstakri álagningu í þessu skyni. Tel jeg þar liggi næst að benda á eigna- og tekjuskattinn, sem væri vel fallinn til að notast í þessar nauðsynjar; með því væri líka trygð að nokkru innheimta hans.

Vænti jeg þess, að frv. eigi eftir að komast í það horf, sem hjer hefir verið bent á, áður en hv. Ed. gengur frá því.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg ætla að leyfa mjer að árjetta það, áður en til atkv. verður gengið, að jeg vona, að hv. deildarmenn verði svo sanngjarnir, að þeir fallist á till. mína, þó að háttv. nefnd hafi ekki sjeð sjer það fært. Jeg bið menn að athuga það, að það er fullhart að láta eina jörð greiða mörg hundruð kr. til vega, sem eru til þess eins, að hækka verð annara jarða. — Margar jarðir yrðu að greiða þennan skatt í ríkulegum mæli, enda þótt þær nytu einskis góðs af vegunum, og er því ekkert rjettlæti í þessu að finna. Það væri sanngjarnt, að þær jarðir, sem liggja næst vegunum, bæru þyngsta hlutann, enda er viðhald veganna mest fyrir þær gert, og eykur það gildi þeirra. Það er og, að margir menn fara vegi þessa, sem engin lönd eiga þar í kring, en eru þó það birgir af lausafje, að vel mættu þeir gjalda nokkuð án þess að á sæi til muna. Í raun og veru er frv. ósanngjarnt í alla staði, en hinu neita jeg ekki, að nauðsyn sje að afla tekna, og þar sem nú gerist áliðið þingtíma og lítið tóm gefst til nánari athugunar, tel jeg mjer nauðugan einn kost að greiða frv. atkv. að þessu sinni. En þegar á næsta þingi mun jeg bera fram frv. í aðra átt, ef jeg á þá sæti á þingi, en ef svo er ekki, vona jeg, að sá, sem ris úr rústum mínum, verði mjer ekki lakari að þessu leyti. Það mun verða ógerningur að komast hjá að samþ. frv. nú, en aldur þess ætla jeg ekki lengri en til næsta þings.

Frsm. (Jón Þorláksson): Jeg vil nefna það til viðbótar því, sem jeg sagði áðan, að eftir núgildandi lögum er ekki gerður greinarmunur á því, hverjir gjaldendur hafi not sýsluveganna og hverjir ekki. Það er jafnað niður eftir efnum og ástæðum innan hreppanna, en á hreppana eftir tölu verkfærra manna, og kemur því gjaldið til vegaviðhalds ekki við nothæfi þeirra fyrir einstaka gjaldendur. Ástæður hv. 2. þm.

Árn. (Þorl. G.) geta því eins átt við skipulagið, sem nú er. Jeg vil ekki halda því fram, að frv. sje fullkomlega rjettlátt, en með því er þó stigið spor áfram frá því, sem nú er.

Annars hefði jeg kunnað betur við, að hv. þm. (Þorl. G.) hefði sagt okkur eitthvað frá fyrirætlunum sínum um breytingar á frv., eða annað frv. í þess stað. Það er auðvelt að finna að þessu frv., en svo er eftir að vita, hvort hægt er að benda á annað betra í þess stað. Hv. þm. (Þorl. G.) ætlar að láta það bíða næsta þings, og verður það þá vonandi merkilegt, eftir svo langan tíma. Auðvitað verður þessi skattur óvinsæll, en svo er um alla skatta, og er það út af fyrir sig því ekki rjettmæt ástæða gegn frv.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg vil svara háttv. þm. (J. Þ.) því, að nú líður að þinglokum, og er því ekki tími til að koma með gagngerðar breytingar. Það er fyrirsjáanlegt, að frv. er ranglátt, og verður því að breyta því hið fyrsta, en það er á næsta þingi. En þangað til verðum við að þola ranglætið, því að sýsluvegasjóðir þurfa á fje að halda, hvað sem tautar. Með þessu þykist jeg hafa skýrt afstöðu mína.

ATKVGR.

Brtt. 512. feld með 15 : 6 atkv.

— 498. (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 : 2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. mai, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 542).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar (sjá A. bls. 1652) með 9 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., föstudaginn 20. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 542, n. 640).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Eins og þeir munu sjá, sem lesa þetta nál., á þskj. 640, um frv. það, sem hjer liggur fyrir, hefir samgöngumálanefndin ekkert horn í síðu þessa frv., þó hún hafi ekki sjeð sjer fært að samþ. það, bæði vegna tímaleysis og þess, sem í rauninni þýðir nú það sama, að hún gat ómögulega gengið inn á að samþ. það óbreytt. Hjer er um frv. að ræða, sem hefir talsvert þung útgjöld í för með sjer, og það útgjöld lögð á þann tekjustofn, sem engin slík útgjöld hefir borið fyr, — fasteignir, og þar á meðal hús leiguliða og húsmanna í sveitum og sjávarþorpum, sem aldrei hefir verið skattlagt. Nú er lagður skattur á þessar eignir í fasteignaskattslögunum og enn fremur sem eignaskattur í lögunum um tekju- og eignaskatt. Og svo ofan á þetta er ætlast til, að lagður sje skattur á þessar sömu eignir til sýsluvega, frá alt að fjórfalt hærri, að því er húseignir snertir, en gert er í

lögunum um fasteignaskatt, og alt að helmingi hærri en lagt er í þeim lögum á land og lóðir. Getur nú þingið virkilega búist við, að fasteignaeigendur eða notendur taki þessum álögum með ró og jafnaðargeði, eða má ekki búast við, að sumum þessara gjaldenda verði talsvert erfitt um að inna þessi gjöld öll af hendi, og það á einum og sama gjalddaga, manntalsþingunum, og til viðbótar við aðra skatta, bæði þegar á lagða og svo líklega nýja, til sýslusjóða. Það má nú reyndar segja, að hjer sje ekki um nýtt gjald að ræða, þar sem þessu gjaldi hefir verið jafnað niður á gjaldendur eftir efnum og ástæðum. En það er sá besti grundvöllur í flestu tilliti. Hitt er annað mál, að sú niðurjöfnun getur mistekist, og að sá grundvöllur, sem undir er lagður niðurjöfnunina, er líka alt of einskorðaður — tala verkfærra manna. — En mjer virðist, að breytingin sje alt of mikil, þar sem öllum öðrum er slept við þetta gjald en þeim, sem hafa fasteignir til eignar eða aðeins til afnota. Er nú nokkur sá, hjer í hv. deild, sem ekki sjer, að þetta er varhugaverð breyting og alls ekki heppileg í öllum greinum? Er nokkur, sem getur litið öðruvísi á, þegar um það er að ræða að leggja á skatt til sjerstakrar stofnunar eða fyrirtækis, að þá sje hann einkum og sjer í lagi lagður á þá, sem stofnunina eða fyrirtækið nota, en hjer í þessu frv. er nauðalítið tillit tekið til þess. Aðeins við eyðijarðirnar.

Jeg ætla þá fyrst að snúa mjer til þeirra, sem slept er við álagningu þessa skatts, og þar næst athuga þá, sem mjer virðist ofþyngt með þessu frv., en skeð getur, að það verði eitthvað lítað af minni eigin skoðun, og mega því hv. þm. ekki tileinka nefndinni það alt. Samkvæmt frv. þurfa engir að borga til vegalagninga þeirra, er hjer um ræðir, sem ekki hafa fasteignir til eignar eða afnota, ekki húsmenn, ekki lausamenn, ekki vinnumenn, ekki útgerðarmenn, ekki handverksmenn; engir, þó stórefnaðir sjeu eða hafi miklar atvinnutekjur, bara að þeir verði ekki taldir eigendur húsa eða lóða í kauptúnum nje notendur jarða í sveitum. Stórefnaður maður, sem byggir öðrum eignarjörð sína, hefir skepnur á heyjum og húsnæði fyrir sig, reiknað upp í eftirgjald jarðarinnar, þarf ekkert að borga, af því hann er ekki talinn notandi jarðarinnar. Hann getur þó átt eins margar eða fleiri skepnur en sjálfur ábúandinn; þurft þar af leiðandi meira á vegi að halda, þar á meðal til kaupstaðarins, sem hann flytur til afurðir skepna sinna, sem þangað fara nær því óskiftar, en leiguliðinn þarf ekki að flytja nema lítinn hluta af sínum afurðum, bæði vegna efnaskorts og þess, að hann eyðir þeim að mestu á heimilinu. Lausamaðurinn, sem þarf að ferðast, til þess að reka atvinnu sína, og einnig ferðast sjer til skemtunar dögum oftar, sama tíma ársins, og eyðir þannig tíma og fje, og liggur stundum upp á öðrum, hann þarf ekkert til sýsluvega að greiða. Sjá nú ekki allir, að þetta er nokkuð athugavert? Þá sný jeg mjer að hinu atriðinu, því, hvað einstöku fasteignanotendum er ósanngjarnlega íþyngt með svona einskorðuðum lögum. Vil jeg þá fyrst minnast á húsin til sveita og í sjávarþorpum. Mjer virðist það ærið athugavert að leggja þennan skatt á þau, og það svona háan. Mjer getur ekki verið grunlaust um það, að það verði til þess að draga úr meiri háttar búsabótum, og tel jeg það illa farið, því húsabætur verða að teljast engu síður til fram-

fara en vegabætur yfirleitt. Húsabæturnar eru eitt helsta menningarsporið, er landsmenn hafa stigið, og eru mjög mikið til hagsældar fyrir þjóðina, auk þess sem þær gera líf og heilsu manna og dýra svo miklu öruggari en ljeleg húsakynni.

Þá vil jeg benda á það, að sama nauðsynin er ekki alstaðar fyrir vegabætur, og heldur ekki sömu skilyrði til þess að geta lagt vegi svo, að nokkru haldi komi í hlutfalli við kostnaðinn. Jeg vil t. d. benda á Strandasýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu, Barðastrandarsýslu og að miklu leyti Snæfellsnessýslu. Í þessum sýslum má heita, að vegalagningar sjeu ókleifar nema á nokkrum köflum, án óútreiknanlegs kostnaðar. Sumir kaflar eru svo ómögulegir til vegalagninga, að akvegir þar mundu kosta milj. kr. Þessir kaflar verða ekki bættir með hóflegum kostnaði á annan hátt en með gamla ruðningnum. Aftur má nefna aðrar sýslur, eins og Árnes-, Rangárvalla-, Mýrasýslu o. fl., þar sem vegirnir eru lífæðar hjeraðanna, og það fje, sem til þeirra er varið, er lífsnauðsyn. Það mun því mörgum þykja líklegt, að samþyktarlög ættu betur við þar, sem staðhættirnir eru svo ólíkir.

Ekki er hægt að segja, að gjöldin til sýsluvega sjeu svo mjög skorin við neglur eftir frv. þessu, þar sem þau hafa allra hæst verið 55 þúsund krónur, en verða eftir frv. 188 þús. krónur, og þó eru margar sýslur áætlaðar með 2‰, en það má þó gera ráð fyrir því, að þær muni stöku sinnum, svo sem einu sinni eða tvisvar á áratug, vilja ná sjer í styrk úr ríkissjóði, og leggi því hærra gjald á sig, svo það má óhætt gera ráð fyrir fullum 200 þús. árlega til sýsluvega. En svo má nú líta á það, hversu þungt þetta kemur niður á einstakar jarðir, sem eru í háu mati, vegna sjávarhlunninda. Það er gert ráð fyrir því í frv., að eyjajarðir geti orðið skattfríar, og er það ekkert ósennilegt, en þá væri það heldur ekki ósennilegt, að jarðir, sem eru metnar hátt, einungis vegna eyja eða hólma, sem undir þær liggja, fengju líka einhverja ívilnun, þó að bæjarhúsin standi uppi á fastalandi. Jeg ætla nú að leyfa mjer að benda á nokkur dæmi. Broddanes í Strandasýslu á að borga með 2‰ tæpar 70 kr., en ef gjaldið væri nú tvöfaldað eða þrefaldað, þá alt að 200 kr. á ári, og hefir þó sama sem alls engin not af sýsluvegi. Sama gjald á að hvíla á Ófeigsfirði, sem er bær norðast í Strandasýslu, innikreptur af vegaleysum, sem ómögulegt er að bæta, og alt munu teljast hreppsvegir, ef vegi skyldi kalla. Sama er um Eyjar í Strandasýslu, 5 hndr. kot. Heyskapurinn á landi eitt kýrgras; engir vegir, en alt farið á sjó. Vegagjald þar um 50—150 kr. Bær í Hrútafirði með sama gjald, en enga sýsluvegi fyr en langt norður í sýslu, en vitanlega liggur þar um þjóðvegur, svo að segja má, að sú jörð standi best að vígi til þess að leggja öðrum styrk. Í Norður-Ísafjarðarsýslu er alt farið og flutt á sjó, enda flestir vegir lítt færir og óbætanlegir.

Þar á Ögurábúandinn að greiða um 50—150 kr. á ári, en Vatnsfjarðar um 80—240 kr., Reykhólar og Skarð á Skarðsströnd um 65—200 kr. hvor. Hólmar í Reyðarfirði sama. Þá kem jeg að lokum að einni jörð í Árnessýslu, Þorlákshöfn. Að öllum líkindum verður bóndinn þar að borga um 1000 kr. á ári til sýsluvega. Kvað þó fremur lítils góðs njóta af sýsluvegunum, en Árnessýsla þurftarfrek í þeim efnum.

Þá ætla jeg að taka tvö dæmi af húsum. Við Reykjarfjörð í Strandasýslu

var nýbygt hús í malarvík, einkis nýtri eftir almennum mælikvarða. Húsið og lóðin er virt á 80 þús. kr.; þó tapast helmingur þess, sem það kostar nú í reyndinni, því það var litið meira en hálfgert, þegar það var virt. Af þessari eign ætti að borga eftir frv. 160—480 kr. í sýsluvegagjald, og eins fyrir það, þó að hún verði alls ekki notuð, eins og nú munu mestar líkur fyrir. Að lokum flyt jeg mig á nýbýlið Jaðar; þar hefir presturinn í Vallanesi bygt hús, sem eru virt á 34 þús. kr.; eftir mínum grun mikið vanvirt, en ekki óvirt. Býlið sjálft er metið á 2600 krónur. Nú er viðbúið, að þessi maður verði að borga kringum 200 kr. sýsluvegagjald, ofan á 59 kr. fasteignaskatt. Þegar þessi hús voru bygð, og eins enn, áttu þau að vera nálega að öllu leyti skattfrjáls, en nú á hann að fá á þau um 240 kr. árlegan skatt. — Er nú þetta ekki nokkuð athugavert? Verður þetta ekki skoðað sem hegning á þá, sem ráðast í meiri háttar húsabætur? Verði þannig litið á af mönnunum sjálfum, þá er hætt við, að það hafi ekki heillarik áhrif.

Þá verð jeg að minna á það, að nálega allar jarðir á landinu hafa not hreppsvegar, og sumstaðar er það mjög mikils virði að fá hann endurbættan, og þar hafa menn annan útgjaldapóstinn, alltilfinnanlegan. Annars dettur mjer í hug, að rjettast væri að leggja verulegan skatt á til þeirra vega, en þar sem þeir væru litlir, vegna þjóðvega eða sýsluvega, þá væri nokkuð af því fje, eða ef til vill mestalt, lagt í sýsluveginn, en litið eða ekkert þar, sem hreppsvegirnir eru, þeir einu vegirnir, er koma að daglegum notum. Þetta hefir líka verið gert, og er samkvæmt gildandi vegalögum. Annars finst mjer, að þetta skattamál til vega hefði átt að takast til athugunar í föstu sambandi við gjaldstofnana til sýslu- og bæjarsjóða. Það mun reynast illa að taka þessi mál í mörgum pörtum og sitt á hvorum tíma.

Að endingu ætla jeg að lýsa þeirri skoðun minni, að jeg álít mjög varhugavert að leggja mjög þunga skatta á þessar svo köllуðu fasteignir landsmanna, því að þær eru yfirleitt ekkert betri eignir en aðrir fjármunir.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 640 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frumvarp tekið aftur.

Þingmannafrumvarp.

Lækkun dýrtíðaruppbótar.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um lækkun dýrtíðaruppbótar (A. 147).

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 17. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 18. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr. (A. 147).

Flm. (Sigurður Stefánsson): Aðalástæða þessarar tillögu var auðvitað í öndverðu sú, að ljetta einhverju á útgjöldum ríkissjóðs, eins og nauðsyn krefur nú. En formið á því, hvernig það yrði gert, var mjer hins vegar ekkert kappsmál. Jeg bar þó málið undir ýmsa lögfræðinga, og eins og venja er til, voru svörin hvert á móti öðru úr þeirri átt um það, hvort rjettmætt væri að fara þessa leið. Hins vegar sæti það síst á mjer að skerða rjett embættismanna, ef svo yrði litið á, að þessi till gerði það. Jeg get því horfið frá því að halda þessu máli lengra í þessu formi, einkum þar sem jeg, ásamt fleiri deildarmönnum, hefi í hyggju að bera fram breytingu á 33. gr. launalaganna, sem fer í svipaða átt, án þess að með henni verði sagt með fullum rökum, að gengið sje á rjett embættismanna.

Jeg leyfi mjer þess vegna að taka frv. aftur.

Frv. því

tekið aftur.

Frumvörp, ekki útrædd.

A. Stjórnarfrumvörp.

1. Seðlaútgáfa Íslandsbanka, alt að 12 miljónum.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að gefa út alt að 12 miljónum króna í seðlum, án aukningar á málmforðatryggingu þeirri, er hann nú hefir (A. 12).

Á 7. og 8. fundi í Nd., dagana 23. og 24. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 26. febr., var frv. enn tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Þann 16. ágúst f. á. voru gefin út bráðabirgðalög, sem voru samhljóða þessu frv. Vil jeg nú gera nokkra grein fyrir framkomu þessa frv.

Fyrst er það, að stjórninni barst brjef frá bankaráði Íslandsbanka, sem skýrir frá því, að seðlafúlga bankans sje að verða ónóg fyrir viðskiftaþörfina, en hins vegar ekki þær kringumstæður fyrir hendi, að hægt sje að útvega nægan málmforða fyrir aukningu seðla.

Stjórnin íhugar nú og athugar ástandið. Við þá íhugun varð hún fljótt sannfærð um það, að ókleift mundi að útvega gull, allra síst í tækan tíma eða nægilega mikið. Bankinn gat ekki annast nauðsynlegar yfirfærslur, hvað þá heldur að hann hefði ráð á að kaupa gull eða auka innstæðu sína í erlendum bönkum.

Þetta var í miðjum júlí. Var nú auðsætt, að ef bæta ætti úr peningaskortinum, svo að nægði daglegum þörfum viðskiftanna, þá væri um tvent að velja. Annaðhvort yrði stjórnin sjálf að gefa út gjaldmiðil, eða leyfa bankanum útgáfu seðla, samkv. ósk bankaráðsins.

Stjórnin tók dræmt í að gera ályktun um málið. Þótti hvort um sig þessara ráða neyðarúrræði. Hún vissi, að það mundi taka of langan tíma að prenta sjerstaka ríkisseðla, og Landsbankaseðlar voru ekki til, svo neinu munaði, og með slíkum seðlum yrði því ekki fyrirbygð stöðvun á útborgunum í Íslandsbanka; enda var stjórnin ekki ánægð með þá aðferð að öðru leyti.

Stjórnin velti málinu fyrir sjer fram

í byrjun ágústmánaðar. Hún hjelt, að vegna viðskiftahafta og tregðu mundi seðlanotkunin verða minni. En sú varð ekki raunin á. Snemma í ágúst eru málmtrygðir seðlar þrotnir í Íslandsbanka.

Þá var, eftir áskorun bankaráðsins, heimild veitt til að auka seðlafúlgu þá, sem var í umferð, án þess að málmforðinn væri jafnframt aukinn. Málmforðinn, sem Íslandsbanki þá hafði, nægði þá einungis til tryggingar tæpum 9 miljónum, eftir ákvæðum gildandi laga.

Stjórnin gaf því út bráðabirgðalög, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að gefa út alt að 12 miljónum króna í seðlum, án aukningar á málmforðatryggingunni. Aukningin, eftir bráðabirgðalögunum, mátti því fara upp í rúml. 3 miljónir kr., og var sú aukning veitt smátt og smátt, eftir þörfum í hvert skifti, og með sjerstökum samningi.

Aðalatriði samningsins var það, að Íslandsbanki skyldi gjalda í landssjóð af þeirri seðlafúlgu, sem hann hefði í umferð í hvert skifti umfram hið málmtrygða, sömu vexti og forvextir væru samtímis í Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn. — Þetta var því eigi, og átti heldur ekki að vera, gróðavegur fyrir bankann, heldur einungis hjálp til að standa við óhjákvæmilegar skuldbindingar.

Heimild laganna var notuð þannig, að seðlafúlgan í umferð varð hæst á 12. miljón. En í árslok var búið að draga inn alla aukaseðlana og rúmlega það.

Ríkissjóður hefir fengið um 44 þús. kr. í gjald af aukaseðlunum. Auðvitað mun hafa verið reynt eftir megni að halda í seðlana, enda hafði bankinn enga hvöt til að sóa þeim ónauðsynlega.

Ef stjórnin hefði neitað um þessa heimild til seðlaútgáfu, hefði varla verið hægt að varna mjög alvarlegum afleiðingum.

Jeg ætla svo ekki að segja fleira að sinni. Nefndin getur fengið hjá mjer nánari upplýsingar og ýms plögg, ef hún telur nauðsynlegt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til peningamálanefndar (sjá A. bls. 1666) með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki (sbr. A. 384). Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

2. Verðlag.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um verðlag (A. 15).

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Ástæðan til þess, að stjórnin ber frv. þetta fram, er sú, að gert er ráð fyrir, að ábúðar- og lausafjárskatturinn falli niður, en hann er, eins og kunnugt er, miðaður við verðlagsskrá. Að sönnu verður það ekki sagt, að með brottfalli ábúðar- og lausafjárskatts hljóti verðlagsskráin að falla burtu. En af því að verksvið verð-

lagsskránna fellur að mestu í burtu við brottfall þessara skatta, virðist naumast ástæða til að halda verðlagsskránum, ekki síst þegar það er athugað, hvílíkir gallagripir þær eru orðnar og hvílík fyrirhöfn og kostnaður er þeim samfara. Vitaskuld má þetta frv. ekki ganga fram, nema fasteignaskattsfrv. gangi einnig fram, og þess vegna legg jeg til, að þessu frv. verði vísað til fjárhagsnefndar, svo að það geti fylgt fasteignaskattsfrumvarpinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

3. Lærði skólinn.

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 19. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um hinn lærða skóla í Reykjavík (A. 39).

Á 6. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 24. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Á þinginu 1919 var samþ. þál. um að skora á stjórnina:

I. Að endurskoða löggjöf landsins um barnafræðslu og unglinga, að endurskoða alt skipulag kennaraskólans, gagnfræðaskóla, búnaðarskóla og alþýðuskóla, svo og rannsaka, hvort heppilegt og gerlegt mundi vera að stofna alþýðuskóla í einum eða fleirum landsfjórðungum, á kostnað landssjóðs að öllu eða einhverju; að undirbúa lagasetning um þessi efni svo fljótt sem því yrði við komið.

II. Að tvískifta það haust, 1919, 3 efstu bekkjum hins almenna mentaskóla, og yrði önnur deildin málfræðisdeild og sögu, en hin náttúrufræðisdeild og stærðfræðisdeild; að rannsaka, hvort eigi mundi heppilegast, að kenslugreinar í 3 neðstu bekkjum mentaskólans verði hinar sömu sem þær voru áður en núverandi skipulag komst á skólann, svo og hvort eigi skuli setja sömu inntökuskilyrði í hann og sömu einkunnir í honum sem voru áður en sú skipun var gerð, sem nú er; að gera þær breytingar á reglugerð skólans, sem nauðsynlegar reyndust samkv. niðurstöðu rannsóknarinnar.

Heimilað var fje til rannsóknar þessarar og athugunar, ef þurfa þætti.

Kenslumálaráðuneytið kvaddi sjer til aðstoðar í þessu efni þá prófessorana dr. Guðmund Finnbogason og síra Sigurð Sívertsen, með það fyrir augum, að þessir menn, sem hafa fjallað talsvert um fræðslumál æðri og lægri skóla, gætu varið miklu af tíma sínum til starfsins. Auðvitað var til þess ætlast og tekið fram, að þeir ráðguðust við þá menn, sem ætla mætti fróðasta um þau mál, hvern á sínu sviði, t. a. m. við kennara mentaskólans um þann skóla, kennara kennaraskólans um þann skóla, fræðslumálastjóra og fleiri um barnafræðslu o. s. frv.

Jeg skal taka það fram, að jeg hefi

ekki ætlast til þess, að þeir sætu afarlengi yfir þessum málum. Jeg hefi ekki trú á því, að það sje alt undir því komið að sitja lengi yfir þvílíkum viðfangsefnum, og svo kostaði það ærna peninga. Jeg hefi því gert ráð fyrir, að starfinu öllu ætti að vera lokið fyrir þingið 1922.

Eftir því, sem fram kom á þinginu 1919, og reyndar á undanförnum síðustu þingum, þá mátti búast við því, að jeg ljeti vinna fyrst að endurskoðun löggjafarinnar um barnafræðslu og unglinga, yfir höfuð að því, sem um er rætt í fyrsta lið till. Á því virtist áhuginn almennari, ekki síst eftir að það var ráðið af að kosta af ríkisfje tiltölulega afarmiklu til barnafræðslu og unglinga.

En ástæðan til þess, að jeg bað hina tilkvöddu menn um að taka sem fyrst fyrir mentaskólann, var sú, að efra hluta þessa skóla var samkvæmt fyrirmælum í þál.till. skift þannig, sem þar segir, í tungumáladeild og sögu annars vegar, og náttúrufræðisdeild og stærðfræði hins vegar. En úr því að þessi breyting var á skólanum orðin, var í rauninni eðlilegt og sjálfsagt að breyta sem fyrst skipulagi skólans að öðru leyti, ef breyta átti í bráð.

Að vísu virðist þingsályktunin ekki ætlast til þess, að breyting á skipulagi þessa skóla væri borin undir þingið; aðeins er stjórninni í ályktuninni gefin bending um að breyta reglugerð skólans, þannig að skólinn komist í líkt lag sem hann var fyrir 1904. Þannig verður að skilja afstöðu Nd., eða að minsta kosti þáverandi mentamálanefndar þeirrar deildar. Framsögumaður mentamálanefndar Ed. sagðist aftur á móti ekki vilja ýta undir þessa breytingu, taka upp grísku og latínumál í líkum mæli og áður, þótt rjett sje, að það sje athugað.

Það er auðvitað ekki tilgangurinn, að hið háa Alþingi fari að samþykkja reglugerð fyrir skólann eða semja. Það verður auðvitað að vera stjórnarathöfn. Og hið háa Alþingi hefði ekkert getað að því fundið, þótt kenslumálastjórnin hefði gert þá breytingu á skólanum, sem bent er til í ályktuninni, fært skólann aftur í sitt gamla far og slitið þar með sambandinu við gagnfræðaskólann á Akureyri. En jeg er ekki alveg viss um, að hv. þm., sem samþyktu þetta í þál., hafi athugað það. Það eru einatt bornar fram þál.till. og samþ. býsna íhugunarlítið.

Auk þessa þurfti að leita til Alþingis um lagafyrirmæli, bæði vegna þeirrar breytingar, sem þegar er á orðin, og fyrirhugaðra breytinga, ef á eiga að komast að meira eða minna leyti. Það verður óhjákvæmilegt að bæta við einum til tveimur föstum kennurum við skólann, vegna tvískiftingarinnar á efra hluta hans. Þá er rjett, að það sje beint lögákveðið, að taka skuli skólagjald, ef svo á að vera. Að vísu er nú lagaheimild til þess, en sú heimild hefir ekki verið notuð enn, vegna þess, meðal annars, að námskostnaðurinn hefir verið ærinn undanfarið án þess. Jeg er þeirrar skoðunar, að skólagjald eigi að taka og nota það sjerstaklega fyrir utanbæjarnemendur, einkum þá, er ætla mætti að hefðu verri eða örðugri afstöðu vegna þess, að slitið var sambandinu við mentaskólann. Þá er heimildin til að ákveða ýmislegt með reglugerð, t. a. m. skyldu kennara. Nú er t. d. talið, að fastir kennarar sjeu eigi skyldir án sjerstakrar borgunar að kenna meira en 24 kl.st. á viku. Sumstaðar erlendis a. m. k. er heimtað

27—30 kl.st. á viku, og þar er þó sumarleyfi miklu styttra. Það má vel vera, að það hafi verið ástæða til að hafa þetta svo hjer áður. En nú, þegar launakjörin eru orðin sæmileg, er ástæða til að gera meiri kröfu til vinnu. Þetta á víðar við, t. d. við suma aðra skóla.

Jeg skal annars ekki fara frekar út í einstök atriði frv.

Nú, þótt það sje ekki hugsunin, að Alþingi fari að semja skólareglugerð, þá eru háttv. mentamálanefndir svo skipaðar, að líklegt er, að þær muni gefa góðar bendingar mentamálastjórn landsin um samning væntanlegrar reglugerðar, um aðalatriði.

Af því að það er tekið upp í lagafrv., að skólinn skuli vera óskiftur undirbúningsskóli, sjerstaklega undir háskólann, sem jeg tel rjett, þótt það geti verið reglugerðaratriði, þá er það beint verkefni nefndanna að segja álit sitt um þetta.

Þá er hitt, sem þegar var til umr. á þinginu 1919, hvort aftur ætti að taka upp grísku að einhverju leyti og latnesku í meira mæli. Eða hverjar ættu að vera aðalkenslugreinarnar. Tillögur utanþingsnefndarinnar ganga í þá átt, að þetta eigi að vera íslenska, latneska og stærðfræði. Jeg geri ráð fyrir, að þetta sje allalment álit skólamanna, eða breytingin frá 1904 hafi verið til hins verra.

Er það fært til, að stúdentar, sem komið hafa frá mentaskólanum, eða eru útskrifaðir eftir þeirri reglugerð, sem nú er í gildi, standi ekki á eins háu mentunarstigi eins og stúdentar eftir gamla laginu, sjeu ekki eins hæfir til að taka á móti háskólamentun eins og hinir. Jeg skal nú ekki fara langt inn á þetta mál. Jeg býst við, að það sje örðugt um að dæma fyrir leikmenn um öll þessi mál. Og þótt jeg hafi allmikið haft með stjórn fræðslumála landsins að gera, bæði fyr og síðar, þá er jeg þó ekki annað en leikmaður í þessum efnum.

Mjer sýnist að vísu dálítið varhugavert að leggja ofmikið upp úr þeirri rannsókn, sem farið hefir fram um samanburðinn á gamla og nýja laginu, sjerstaklega hjer, bæði af því, að rannsóknarefnið er fremur lítið, og svo má vera, að dómur skólamanna, sjerstaklega þeirra, sem voru undir öðrum reglum, sje ekki alveg hlutlaus. Orðtækið laudator temporis acti á ekki einungis við löngu liðinn tíma. Það er ekki örgrant um, að mönnum, sem komnir eru yfir miðjan aldur, finnist heldur betra á stundum það lag, sem var í þeirra ungdæmi. Má ske ekki síst, að það eigi sjer stað um endurminningarnar frá lærða skólanum, að öll skipun standi þar í betra og bjartara ljósi en mönnum finst nú vera. Ekki ósennilegt, að þetta geti haft einhver áhrif. En í svona sjerstöku efni, sem skipun mentaskólans og sambands hans við háskólann, eru ekki nein tiltök að fara eftir öðru en því, sem þeim kemur mest saman um, sem um fræðslumál fjalla, aðallega hjer kennarar mentaskólans og háskólans. Og jeg held, að skólamönnum, ekki einungis hjer, heldur og annarsstaðar á Norðurlöndum, komi yfirleitt saman um, að heppilegra sje að hverfa aftur, að nokkru að minsta kosti, í gamla farið.

Mjer þykir líklegt, að mjög bráðlega komi till. um kennaraskólann, og vona jeg, að hv. mentmn. taki þær til athugunar, þótt sennilega verði ekki tími til að bera þær fram í stjórnarfrumvarpi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj.

atkv. og til mentamálanefndar (sjá A. bls. 1659) með 21 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 306 (meiri hl.), n. 399 (minni hl.)).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Jeg þori engu að lofa um það, hvort umr. verði langar eða skammar um þetta mál, en býst hins vegar við, að jeg komist hjá því í framsögu minni að þreyta hv. þdm. og sjálfan mig með langri ræðu.

Frv. þetta hefir áður verið útskýrt af hæstv. forsætisráðherra (J. M.), er hann lagði það hjer fram fyrir hv. deild, svo jeg geri ráð fyrir því, að hv. þingdm. sjeu kunnugir orðnir aðalatriðum þess. Auk þess, að nál. hafa komið fram frá meiri og minni hl., hefir mál þetta verið rætt á opinberum fundum hjer í bæ og þm. boðið þangað. Af þessum ástæðum tel jeg því óþarfa að fara út í einstakar greinar frv. og get því að mestu leyti komist af með að minnast á brtt. meiri hl., því að hann leggur til, að stj.frv. að öðru leyti verði samþ. Brtt. meiri hl. eru heldur ekki stórvægilegar, og eiginlega er það aðeins eitt atriði í þessu máli, sem valdið hefir aðalmisklíðinni; það er, hvort því fyrirkomulagi skólans, sem nú er, skuli haldið, eða skólinn verði óskiftur 6 ára lærður skóli. Hjer liggur deiluatriðið, og er í raun rjettri ekki ástæða til að fjölyrða mjög um þetta, enda jafnvel hyggilegra, þar sem meiri hl. hefir fallist á stj.frv., að bíða þangað til andmæli hafa komið frá hv. minni hl.

Samt sem áður mætti fara nokkrum orðum um aðaldrættina, þó að hv. þdm. geti nokkuð ráðið í þá af nál. meiri hl.

Það má líkja þessari skólamentun manna við það, þegar verið er að reisa hús frá grunni, enda er líking sú ekki ný; hún hefir verið notuð og margprófuð á ýmsan hátt og kemur mætavel heim í þessu sambandi.

Hugsum okkur, að tveir menn sjeu að reisa hús. Annar reisir sjer stórhýsi mikið; hinn byggir smátt, aðeins eina hæð. Nú er óhugsanlegt, að báðir mennirnir fari eins að við undirbúning og byggingu þessara húsa. Þegar lagður er grundvöllur undir hús, verður að sníða hann eftir því, hve háreist húsið á að verða. Það er heimska að kosta upp á of sterkan grundvöll undir litla húsið og eyða í hann ærnum tíma og firnum af fje. Þó er enn meiri heimska að reisa hann veikan undir stórt og hályft hús. Hvorttveggja yrði til skaða báðum þessum húsum.

Eins má segja að fari fyrir tveim mönnum, sem ætla að afla sjer mismunandi mentunar.

Annar vill „praktiska“ mentun fyrir lífið. Hann vill verða vel mentaður á þann hátt, hvort heldur sem hann ætlar að verða bóndi, iðnaðarmaður eða skrifstofumaður. Hann vill geta fleytt sjer í tungumálum, þekkja söguna og vita eitthvað í náttúrufræði. Yfirleitt vill hann læra, til þess að verða hæfur maður í hvaða stöðu, sem bíður hans að náminu loknu.

Hinn hugsar sjer að verða vísindamaður eða embættismaður, eða það, sem almennast er að kalla það, lærður maður. Því þó að flestir fari hjer inn í embætti, þá verður þó nám þetta að miðast við vísindanám, og undir það

verður að leggja öðruvísi grundvöll en þann, sem hinn „praktiski“ maður byggir sína hagkvæmu mentun á.

Eftir að þessir menn hafa lokið barnaskólamentun sinni, er óhugsandi, að þeir geti átt samleið eða farið eftir sömu reglum.

Sá, sem lengra námið ætlar að stunda, verður að byggja sem allra traustastan grundvöll. Hjá hinum „praktiska“ er það í raun rjettri lokanám, takmark í sjálfu sjer, en hjá hinum er þessi þriggja ára skólamentun aðeins byrjun á undirbúningi þess náms, er hann ætlar að stunda næstu 12—14 ár. Hann verður að leggja sem traustastan grundvöll, og hann getur byrjað á honum breiðum með tilliti til námsgreinafjöldans, því hann veit, að fram undan er nægur tími til þess að reisa háa byggingu á slíkum grundvelli.

Þess vegna sýnist heilbrigð hugsun segja manni, að þessir tveir menn geti ekki orðið samferða þetta þriggja ára skeið, án þess að skaða annan eða báða.

Þetta eru þeir tveir flokkar manna, sem samleið eiga í gegnum gagnfræðadeild mentaskólans og neyðast til að lesa hið sama í þrjú ár.

Og það er það, sem frv. stjórnarinnar fer fram á, að þessu sje breytt og nemendur þessir skildir í sundur, svo að hver fái að byggja við sitt hæfi.

Jeg held, að það sama yrði uppi á teningnum frá hvaða sjónarmiði sem þetta yrði tekið. Þessir tveir flokkar ungra mentamanna hljóta að tefja hvor fyrir öðrum.

Vegna þess manns, sem lærða veginn ætlar að ganga, verður að hamra inn í gagnfræðinginn ýmsu algerlega gagnslausu fyrir hann, en sem nauðsynlegt er hinum, svo sem málfræðisstagl, sem gagnfræðingurinn fær alt of mikið af, en hinn þó ekki nóg. Er alveg óhæfilegt að neyða gagnfræðinga til þess að eyða dýrmætum tíma sínum í slíkt, því það er margsýnt og viðurkent, að hægt er að ná fullri hagnýtri málakunnáttu án þess. En hitt er jafnsatt, að þessi rambygði málfræðisgrundvöllur er nauðsynlegur þeim, sem vísindalega ætlar að stunda þetta nám.

En gagnfræðingurinn borgar fyrir sig aftur með þeim skaða, sem hann gerir hinum lærða, því hans vegna er farið á of miklu hundavaði yfir undirstöðuatriðin. Það er hjer, eins og ávalt, að þegar samrýma á það, sem ósamrýmanlegt er, þá verður það báðum til skaða, og má hjer ekki milli sjá, hvor ver verður úti.

Jeg held, að að sama brunni mundi bera með hvaða námsgrein sem við tækjum, að þessir tveir flokkar eigi ekki samleið um að læra hana.

En jeg skal t. d. nefna s ö g u n a, af því að ráðunautar stjórnarinnar hafa sjerstaklega bent á hana. Af því að hjer er um gagnfræðaskóla að ræða, verður sögukenslan í 3 neðstu bekkjunum að sníðast eftir því og fljótara yfir sögu að fara en ella. Þeir, sem lengra halda, þurfa svo að byrja á nýjan leik, þegar samvistum þeirra slítur. Það liggur í augum uppi, að betra hefði verið og notadrýgra að geta lagt fast „plan“, ábyggilegan grundvöll, fyrir þessi 6 ár lærða skólans.

Og sama er að segja um tungumálafræðsluna. Það er óhentugt fyrir þá, sem læra vilja eitthvert mál, t. d. þýsku, ensku eða frönsku, að hamrað sje inn í þá málfræðislegri þekkingu, eins og þá, sem ætla að verða vísindamenn. Þessir menn geta lært málið vel og flogið út um víða veröld, án þess að kunna nokkuð í málfræði, enda er ekki gerð

krafa til þess af þeim, sem vit hafa á, en slík kunnátta er vitanlega óafsakanleg hjá þeim, sem lærðir vilja vera.

Og sama máli gegnir um náttúrufræðina.

Það sýnist vera heppilegt í gagnfræðaskólunum, að nemendurnir fái smekk af helstu greinum náttúrufræðinnar. En að flæmast yfir stutt ágrip á þessum 3 árum, eða í neðstu bekkjunum, tefur fyrir þeim, sem lengra halda; þeir verða þá, eins og víðar, að byrja aftur að reisa grundvöllinn.

Og það er á þessum grundvelli, sem ráðunautar stjórnarinnar byggja skoðanir sínar, sem fram eru bornar í frv. því, sem hjer um ræðir.

Enn vil jeg minnast á eitt atriði, og það eru inntökuskilyrðin. Þau eiga ekki að vera þau sömu í lærðum skóla og gagnfræðaskóla. Í hugtakinu gagnfræðaskóli felst það beinlínis, að þangað á sem allra flestum að vera opin leið. Slíkt er aftur á móti ekki heppilegt fyrir lærðan skóla. Best, að þangað inn sleppi þeir menn einir, sem vel treysta sjer, og að ekki sje þar nein laxagildra, til að veiða í sem flesta nemendur.

Ein helsta ástæðan, sem færð hefir verið fyrir því að breyta mentaskólanum, er samb. við Akureyrarskólann. Þetta er mörgum mjög viðkvæmt mál, einkum Norðlendingum, og telja þeir það bæði metnaðarmál og fjárhagsmál, að sambandið milli skólanna haldist,

Að því er fjárhagslegu hliðina snertir, þá skal jeg fúslega játa, að fyrir Akureyringa sjálfa og menn úr nærsveitunum er þarna ódýrara nám. En fyrir aðra er það ekki dýrara að sækja hingað, eða að minsta kosti lítið dýrara, því þó menn hafi talsvert hylst til þess að ganga á Akureyrarskólann, þá er það af þeim ástæðum, sem ekki koma beint þessu máli við, sem sje vegna heimavistanna þar. Þær hafa gert skólavistina á Akureyri ódýrari, gagnlegri og skemtilegri en ella, og öll stjórn skólans orðið auðveldari fyrir bragðið. En nú hefir þessi hv. deild samþ. þál. til stjórnarinnar um að undirbúa heimavistir við skólann hjer, og þegar það er komið í kring, ætti alls ekki að vera að neinu leyti óaðgengilegra fyrir pilta að sækja skólann hingað en til Akureyrar. Mætti fremur segja, að það yrði fýsilegra, vegna þess að við þann skóla mun að líkindum verða fjölskipaðra og fullkomnara kennaralið. Heimavistir við þennan skóla er svo stórvægilegt atriði í mínum augum, að ekkert fyrirkomulagsatriði er meira virði. Vil jeg jafnvel telja það mikilsverðara en hitt, hvort skólinn er tvískiftur eða ekki. Auk þess má benda á það, að vel mætti koma Akureyrarskólanum þannig fyrir, að duglegir piltar þaðan geti tekið hjer próf upp í 4. bekk, með því að leggja á sig nokkurn aukalestur meðan þeir stunda námið á Akureyri. Held jeg það engu verra, þótt þaðan kæmu aðeins góðir menn og duglegir, þótt færri væru. Mætti meira að segja búa svo um, að þeir, sem það vildu, gætu átt kost á kenslu, er til þessa þarf, í skólanum eða í sambandi við hann, einkum í latínu.

Um hitt atriðið, að þetta sje metnaðarmál fyrir Akureyringa, er það að segja, að jeg veit ekki, hve sá metnaður er algengur. Ætti og eigi síður að vera metnaður fyrir þá að hafa þar stærsta og besta gagnfræðaskóla landsins, heldur en hafa þar einskonar undirdeild lærða skólans hjer.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta atriði meira að sinni, en bíð þess, að

andmæli komi fram frá hv. minni hl. nefndarinnar.

Þá vil jeg minnast nokkrum orðum á brtt. meiri hl., og reyndar nefndarinnar allrar, við frv.

Það er þá fyrst örlítil orðabreyting, að fyrir „bókmentadeild“ komi málfræðideild. Okkur þótti það betur fara, vegna þess að í þeirri deild mun meiri áhersla lögð á málfræði, í mótsetningu við stærðfræði, en „bókmentir“ er aftur á móti svo yfirgripsmikið orð, að það gæti náð yfir hverja námsgrein sem væri, jafnt í báðum deildum.

Næsta brtt. er við 4. gr., um það, að „bókmentafræðin“ falli niður. Ráðunautar stjórnarinnar hafa hugsað sjer sjerstaka kenslu í þeirri grein. Gera þeir ráð fyrir, að lesin verði og skýrð fyrir nemendum bestu rit heimsbókmentanna. Því ber síst að neita, að slík kensla gæti orðið gagnleg og vekjandi. En við teljum þó vafasamt, að hjer sje um fræðigrein að ræða, sem sje heppileg fyrir menn á þeim aldri, sem um ræðir. Að minsta kosti veit jeg það, að jeg mundi ekki á mentaskólaárum mínum hafa haft gagn af slíkri kenslu, og var jeg þó ekkert sjerlega ungur í skóla. Piltar um 17 ára aldur munu yfirleitt ekki vera orðnir sjálfstæðir í hugsun, og því mestar líkur til, að þeir mundu tileinka sjer skoðanir kennarans á þessum efnum ómeltar. En það er alls ekki heppilegt. Nú eru ýmsar stefnur uppi í bókmentum, og því ekki gott að veita einum manni, sem fylgdi ákveðinni stefnu, svo mikið vald yfir nemendum sínum. — Má þar til nefna Brandesarstefnuna, og býst jeg við, að mörgum mundi illa við að láta skýra öll ritin samkvæmt þeirri stefnu. Sama máli væri að gegna, ef kennarinn hefði einhverja trúarlega kreddustefnu og skýrði ritin samkvæmt henni. Þessi kensla mundi því koma háskólamönnum að meira gagni. Þeir mundu ekki gleypa við öllu, heldur gagnrýna skoðanir kennarans. Það er afarnauðsynlegt að gera sjer þess glögga grein, hvað hverjum skóla tilheyrir. Og jeg held, að þetta nám heyri til hinni æðri mentun.

Enn er brtt. við 4. gr., um að fella fjelagsfræðina niður. Það er í raun rjettri aðeins orðabreyting. Fjelagsfræðina má og á að kenna samhliða sögunni. Sjálfsagt, að það fylgist að, en fjelagsfræðin sje ekki tekin út úr sem sjerstök námsgrein.

Síðasta brtt. við 4. gr. er orðabreyting, að í staðinn fyrir „hannyrðir“ komi handiðnir. Okkur þótti það betur fara og vera meira í samræmi við mælt mál.

Þá er brtt. við 5. gr. Við höfum þar felt niður hin svo kölluðu skyndipróf. Þessi próf eru til þess ætluð, að kennarar geti komist eftir kunnáttu nemenda sinna á hvaða tíma sem er. Kennararnir geta þá komið að nemendunum óvörum með prófin. Það má vera, að þetta hafi nokkuð til síns máls. En mjer finst þetta satt að segja „ill meðferð á skepnum“, að láta nemendur jafnan eiga slík próf yfir höfði sjer. Auk þess er ekki að vita, nema þessi próf geti orðið alltímafrek, og með þessu móti hljóta nemendur að missa próflestur og það gagn, sem af honum leiðir, en próflesturinn er einmitt kann ske mesti kostur prófanna. Jeg held, að það sje því ekki rjett að setja þetta í lagabálk, sem ekki er hægt að breyta, nema með vilja og samþ. þingsins. Hitt væri fyrir sig, að setja einhver ákvæði um þetta í reglugerð skólans, ef það þætti nauðsynlegt.

Enn er brtt., um að einum prófdómara skuli vera fleira við stúdentspróf en stjórnarfrv. gerir ráð fyrir. Er það til þess gert, að það komi greinilega í ljós, að mest sje upp úr því prófi leggjandi. Þá skila nemendur af sjer, enda fylgir sú prófseinkunn þeim svo að segja alla æfi.

8. gr. þótti okkur rjett að fella niður, og er það afleiðing af breytingu okkar á 5. gr.

Brtt. við 9. gr. gengur út á það að fella niður efra aldurstakmarkið. Samkvæmt stjórnarfrv. er efra aldurstakmarkið til inntöku í 1. bekk 18 ár. Ástæður fyrir þessu eru þær tilfærðar, að annars muni menn í skólanum verða á mjög misjöfnu þroskaskeiði, og sje það óheppilegra fyrir skólann. Við höfum ekki getað fallist á, að þessi ástæða sje rjettmæt. Þvert á móti lítum við svo á, að skólanum sje fengur að slíkum mönnum. Ef þeir eru þroskaðri en hinir, þá bera þeir sjálfir skaðann af því að fylgjast með þeim, en þann skaða geta þeir bætt sjer upp með því að lesa meira en fyrirskipað er. En ef þeim væri skaði að þessu, þá væru engar líkur til, að þeir sæktu skólann, og þá óþarft að banna þeim það með lögum. En skólanum sjálfum er vafalaust fengur í rosknum piltum. Þeir eru oftast nær hjálparhellur hinna yngri. Þeir hugsa málin með skynsemd og stillingu og eru ekki með neinn ærslagang. Þannig var það þegar jeg var í skóla, að þessir menn voru fyrirmyndir annara skólapilta í hvívetna, bæði um námið og ekki síður um skólalífið og ýms skólamál.

Þá vil jeg minnast á brtt. okkar við 10. gr. Það er að líkindum sú brtt., sem mest mun orka tvímælis. En jeg vil taka það fram strax, að við leggjum á hana talsvert mikla áherslu. Þessi brtt. hljóðar um það, að latína skuli verða skyldunámsgrein til inntöku í 1. bekk. Ástæðurnar fyrir þessari breytingu eru nokkurn veginn skýrt teknar fram í nál.; þarf jeg því ekki miklu við það að bæta. En aðaltilgangurinn er sá með þessu, að marka skólanum sem skýrasta sjerstöðu. Með því er slegið föstu, að latínan skuli vera aðalnámsgreinin, sem skólinn leggi höfuðáhersluna á. Er þetta eina tækifærið, sem lögin gefa til þess að marka skólanum þessa sjerstöðu. Þetta ákvæði er ekki bygt á neinni tröllatrú á því, að latínan sje best allra námsgreina. En við sáum, að á einhverja námsgrein þurfti að leggja mesta áherslu, og fundum þá ekki aðra grein heppilegri en latínuna.

Um þetta geta vafalaust verið skiftar skoðanir. Sumir mundu leggja til, að þessi höfuðnámsgrein yrði t. d. stærðfræði, aðrir náttúrufræði og enn aðrir, að það yrði eitthvert af nýju málunum. Og með góðri kenslu má taka hvaða námsgrein sem er, en þó er aðstaðan ekki alltíð mismunandi. Ef t. d. náttúruvísindi yrðu gerð að aðalgrein, þá gæti ekki hjá því farið, að afarmikið yrði komið undir kennaranum sjálfum. Þar er ekki um neinar fastar og ákveðnar kensluaðferðir að ræða, og auk þess þarf allmikið af kensluáhöldum, ef vel á að vera, og sumar greinar náttúruvísinda er ekki hentugt að kenna eingöngu bóklega og að vetri til inni í húsi. En um latínuna er nokkuð öðru máli að gegna. Hún er gömul og hefir verið kend meira en nokkurt annað mál. Sú tunga er og mjög ítarlega rannsökuð og kenslugögn mjög fullkomin og góð. Jeg held því, að við mundum gera viturlega í því að troða hjer ekki nýjar brautir, því öll

byrjun er erfið. Það yrði heppilegra að láta aðrar þjóðir leggja út á þær brautir fyrst, og ef þeim reiddi vel af, mætti vel hlýða, að við fetuðum í fótspor þeirra. Jeg held því rjettara að halda sig að hinum gamla siðnum í þessu efni, en hlaupa ekki eftir spádómum einstakra manna, sem við enga reynslu hafa að styðjast.

Önnur, og höfuðástæðan, fyrir því að kenna latínuna undir skólann, er sú, að undirstaðan verður betur lögð á heimilum einstakra manna en í skólanum sjálfum.

Í skólanum eru margir nemendur saman, og því kemur þeim kenslan þar að minna haldi en á heimilum einstakra manna, þar sem sjaldnast eru saman nema tveir eða þrír nemendur. Enda hafa og slíkir heimaskólar reynst drýgstir til latínunáms.

Þá má og á það minna, sem jeg sagði áður um inntökupróf yfirleitt í lærðan skóla, að þau eigi ekki að vera óhæfilega ljett eða lokkandi. Með því að hafa latnesku þegar í upphafi fá menn strax að sjá, að hverju þeir ganga, og er það rjett og sjálfsagt um þá námsgrein, sem mikla áherslu á að leggja á í skólanum. Mætti fleira með þessu færa, en jeg skal þó ekki gera það að sinni.

Þá er brtt. okkar við 16. gr. aðeins til samræmis í sambandi við brtt. þær, sem við höfum gert við 4. gr.

Fyrsta brtt. við 17. gr. er aðeins leiðrjetting á prenvtillu. Þá hefir nefndin gert þá brtt. við 17. gr., að hún hefir felt burt það skilyrði, að umsækjandi skuli hafa lokið embættisprófi til þess að geta orðið kennari við skólann. Það má auðvitað færa þá ástæðu gegn þessari till., að órjettlátt sje að undanskilja þessa menn frá að ljúka prófi í námsgrein sinni, þar sem öllum öðrum embættismönnum þjóðarinnar er lögð þessi skylda á herðar. En þar sem ætla má, að hörgull verði á þessum mönnum, eins og áður hefir verið, þá sýnist ekki ástæða til að gera skilyrðin fyrir kennarastöðu svo þung, því vitanlegt er, að gera yrði undanþágu frá þessu ákvæði, ef eigi skyldu vera fyrir hendi menn með prófi í námsgrein sinni, þegar kennara kynni að vanta að skólanum, og er það öllu lakara að verða að ganga á bug við lög og reglugerð skólans. Reynslan sýnir og, að margir hinna ágætustu kennara skólans hafa eigi haft embættispróf, og þetta bendir því síður en svo í þá átt, að hjer sje hin minsta hætta á ferðum.

Þá er og brtt. við síðasta málslið sömu gr., um að kennurum sje skylt að láta af embætti er þeir eru 65 ára að aldri. Við höfum lagt til, að þetta ákvæði falli burt. Það er að vísu eigi heppilegt, að mjög gamlir menn sinni kennaraembættum, því þeim er hætt við að trjenast og þreytast og taka eigi til greina tilhlýðilegar kröfur til nauðsynlegra umbóta. En þó er þetta engan veginn algild regla, og margur kennarinn á eftir sín bestu kensluár eftir 65 ára aldur. Og að heimta af kennurum, að þeir láti af embætti við 65 ára aldur, þótt þeir finni sig færa til kenslunnar, finst okkur varla geta talist sanngjarnt, meðan ekkert aldurstakmark er sett öðrum embættismönnum þjóðarinnar, því vjer fáum ekki sjeð, að þeir hafi svo skýra sjerstöðu í þessu efni.

Þá hefir meiri hl. lagt til, að skólaráðið falli burt. Hann óttast, að þetta skólaráð verði einungis til tafar, og ef til vill gæti leitt margvísleg óþægindi af því að hafa svona millilið milli skólastjórnarinnar og stjórnarinnar. — Skólaráðinu er, samkvæmt frv. að

reglugerð skólans, ætlað talsvert verksvið og vald, og það svo, að skólaráðið mundi allvíða grípa inn á valdsvið skólastjóra og kennarafunda. Óttast nefndin, að þetta alt sje óheppilegt.

Jeg hefi ekki getað fylgt hv. samnefndarmönnum mínum í þessu. Jeg er þeirrar trúar, að slíkt skólaráð mundi ekki þurfa að verða neinn milliliður, heldur nálega í hverju máli verða algerð yfirstjórn skólans, því að stjórnarráðið mundi skoða huga sinn tvisvar áður en það kollvarpaði úrskurðum ráðsins. En það tel jeg víst, að slíkt skólaráð mundi að jafnaði hafa miklu meiri áhuga á skólanum en hægt er að vænta af einni deild stjórnarráðsins. Án þess að jeg vilji á nokkurn hátt kasta hnútum í þessu efni, þá vita þó allir, að ráðherra sá, sem með kenslumál fer á þessum og hinum tíma, er skipaður af Alþingi með alt annað fyrir augum en gagn þessa skóla.

Þá er nefndin og á móti skólagjaldinu. Auðvitað er það fányt ástæða, sem færð hefir verið á móti því, að skólavistin verði svo dýr, ef skólagjald verður lögleitt, því ætlast er til, að það verði einmitt til styrks fátækari námsmönnum. Að vísu eiga allir að gjalda það, en svo eiga þeir efnaminni að fá það endurgoldið, að viðbættu gjaldi hinna efnaðri. Þetta á því einmitt að miða að því að styðja efnalitla nemendur. En nefndinni finst varhugavert að láta nokkra nemendur greiða skólagjald, sem gengi til styrktar hinum. Leiðin á milli þess, sem borgar, og hins, sem þiggur, er of stutt, og því oflíkt því, að einn lærisveinninn lifi af öðrum, og þeir, sem þægju, fengju oft orð í eyra um, að þeir væru upp á hina komnir, sem skólagjaldið intu af hendi.

En auk þess er mjög varhugavert og jafnvel ranglátt að innleiða skólagjald í þessum eina skóla ríkisins. Annað mál er það, hvort tiltækilegt þætti að koma á skólagjaldi í ríkisskólum yfirleitt. Það er aðeins í slíku sambandi, að til mála gæti komið að innleiða skólagjald í þessum skóla. En þó að nefndin láti svo um mælt, þá er það alls ekki af því, að hún vilji leggja til, að gjald verði leitt í lög í þessum skólum. Hún lítur þvert á móti svo á, að það muni ekki vera tímabært.

Þá ætla jeg að það sje eigi fleira, sem sjerstaklega þurfi að taka fram viðvíkjandi brtt. meiri hl., en að sjálfsögðu mun frsm. minni hl. (Þost. J.) gera grein fyrir áliti hans og þeirri rökstuddu dagskrá, sem minni hl. hefir borið fram, og verður þá hægra til andsvara, er hann hefir lokið máli sínu.

Þó skal jeg gera grein fyrir því með nokkrum orðum, hvernig jeg lít á dagskrána.

Minni hl. leggur til, að frestað verði að samþ. frv. um mentaskólann, uns milliþinganefndin hefir lokið rannsókn sinni um alla skóla landsins. Jeg get ekki komið auga á það, á hverju slík rökfærsla byggist, af því að nefndin hefir þegar lokið rannsókn sinni á mentaskólanum og vill láta taka þann skóla út úr skólakerfinu. Þótt nú verði frestað að taka ályktun um mentaskólann, þá getur það eigi leitt til þess, að milliþinganefndin taki upp rannsókn á honum á ný, því hún hefir þegar gert ákveðnar tillögur um fyrirkomulag hans, heldur verða þær sömu tillögur lagðar fyrir næsta þing. Ef minni hl. hefði athugað þetta rjett, þá hefði vitanlega verið meiri samkvæmni í því að leggja til, að frv. verði felt.

Í þessum skólamálum hafa komið fram ærið sundurleitar skoðanir, og það bendir á það, að eigi muni auðvelt að samrýma hugi allra um þetta mál, heldur muni þær deilur, sem þegar eru hafnar, leiða til enn þá meiri glundroða. Það getur verið gott að ræða málin, en langar umræður lenda oft í því, að málin „forvrövlast“ miklu meir en þau upplýsast. Og mjer er nær að halda, að komnar sjeu þegar fram þær tillögur, sem líklegt er að bygt verði á í þessu máli, og því sje ekki að vænta staðgóðra upplýsinga um það hjeðan af.

Þá er minst á það í nál. minni hl., að nemendur skólans og nokkrir kennarar sjeu andvígir þessari fyrirhuguðu breytingu á skólanum. Undarlegt er að heyra það um kennara skólans, því þeir, sem nefndin hefir haft tal af, hafa talið sig breytingunni hlynta. Viðvíkjandi breytingunni, sem námsmenn skólans vilja gera á þessu frv, þá er það eigi nauðsynlegt að taka þær upp í lög um skólann, heldur miklu fremur upp í reglugerð skólans.

Annars lúta röksemdir minni hl. mest að því að hafa skólann tvískiftan, eins og nú. En þá finst mjer miklu sæmra að fella stj.frv. en að fresta málinu, ef þingið aðhyllist þá skoðun minni hl.

Viðvíkjandi þeim ástæðum minni hl., að stofna þyrfti gagnfræðaskóla hjer í Reykjavík, ef gagnfræðadeild mentaskólans yrði afnumin, nægir að benda á það, að gagnfræðadeild mentaskólans hefir sama sem ekkert verið notuð af öðrum en þeim, er gengið hafa gegnum lærdómsdeildina líka. Þörfin fyrir gagnfræðaskóla hjer sunnanlands er því nákvæmlega jafnmikil, hvort sem mentaskólinn verður óskiftur eða eigi. Eftir skýrslu ráðunauta stjórnarinnar hafa 93½% nemenda, er gengið hafa inn í skólann síðastl. ár, lokið stúdentsprófi. Af því sjest, hve örlítill hluti nemenda hefir gengið í skólann með það eitt fyrir augum, að taka gagnfræðapróf, því vitanlega má draga eitthvað frá þessari tölu — 6½% — því ætlun sumra þessara námsmanna hefir óefað verið að ná stúdentsprófi, þótt atvik hafi tálmað því, eins og jafnan verður. Þetta ber því alt að sama brunni, að mentaskólinn er ekkert notaður til gagnfræðanáms eins.

Þá segir háttv. minni hl., að ágreiningur hafi verið í nefndinni um þetta aðalatriði: Minni hl. vilji hafa skóla landsins í einu kerfi, en meiri hl. ekki. Í áliti minni hl. stendur þetta:

Milliþinganefndin og samnefndarmenn okkar vilja hafa þrjár greinar, aðskildar, alla leið neðan frá barnafræðslunni:

1. lærða skólann og háskólann,
2. kennaraskólann og
3. alþýðuskólana.“

Jeg mótmæli þessu algerlega fyrir sjálfs mín hönd og samnefndarmanna minna. Það var ekki minst á þetta í nefndinni. Það, sem meiri hl. fjelst á, var einungis að taka lærða skólann út úr sambandi við aðra skóla landsins, en hitt hefir eigi komið til orða, að taka kennaraskólann út úr sambandi við alþýðuskólana, því það lá alls ekki fyrir nefndinni.

Annars er minni hl. sundurþykkur um þetta atriði. Annar hv. nefndarmannanna (Þorst. J.) vill láta lærða skólann og kennaraskólann rísa upp af alþýðu- og gagnfræðaskólunum, en hinn nefndarmaðurinn (E. E.) hefir enn ekki tekið afstöðu til þessa atriðis. Með öðrum orðum, af því að þeir eru sundurþykkir um þetta, þá vilja þeir láta málið bíða.

Þess vegna er þýðingarlaust fyrir þá, sem nú hafa tekið afstöðu um þetta skipulag mentaskólans, að greiða dagskránni atkv. En þeir, sem vilja hólka fram af sjer að íhuga málið frekar, og humma yfir úrslitunum, þeir hafa hjer í þessari dagskrá farkostinn til þess að sigla frá erfiðinu í þessu efni. Skal jeg svo ekki orðlengja frekar um málið að þessu sinni.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Jónsson): Háttv. frsm. meiri hl. (M. J.)hefir nú farið nokkrum orðum um þau atriði, sem valdið hafa ágreiningi milli meiri og minni hl. mentamálanefndar í þessu máli.

Jeg vil fyrst minnast á það, sem hann sagði, að við minni hl. menn hefðum ekki — eða annar okkar — myndal okkur neina skoðun um það, hvernig skólakerfi landsins verði samrýmt. Jeg þykist hafa myndað mjer skoðun um þetta. Það er rjett tekið fram, að minni hl. er ekki sammála um þetta, og það, sem jeg segi um það, tala jeg frá eigin brjósti.

Vitanlega stend jeg ver að vígi en samnefndarmenn mínir, þar sem jeg hefi ekki gengið í skóla þann, er hjer um ræðir, en þeir eru allir útskrifaðir úr skóla þessum.

Það eru þrjú höfuðatriði, sem meiri og minni hl. mentamálanefndar greinir aðallega á um í þessu máli.

1. Hvort málið eigi að ganga fram á þessu þingi.
2. Hvort skólinn skuli vera skiftur eða óskiftur.
3. Hvort aukið skuli latínunám við skólann eða eigi.

Eins og sjá má af nál. minni hl., þá vill hann eigi, að þetta þing afgreiði málið. Enda skil jeg ekki, hvers vegna meiri hl. gerir það að ágreiningsefni. Það er þó öllum ljóst, að þetta er svo mikilsvarðandi mál, að það má ekki afgreiða það í flaustri. Jeg þykist að vísu vita, að hv. meiri hl. muni halda því fram, að málið sje mjög vel undirbúið, þar sem milliþinganefnd hefir fjallað um það, síðan stjórnin og svo þingnefnd. Jeg játa, að undirbúningur málsins sje þegar orðinn nokkur, en samt ekki nægilegur. Það eru fá mál, sem eru vandasamari meðferðar en skólamálin, og fá mál, sem meiri ágreiningur er um. Enda er það eðlilegt, að svo sje. Gamli málsháttur segir: „Varðar mest, að allra orða undirstaða sje rjettleg fundin.“ Skólamálin eru einn af aðalþáttum uppeldismálanna. Undir uppeldi kynslóðanna er að miklu komin framtíð þeirra. Þjóðfjelögin hafa skólana til að gera unglingana að mentuðum og góðum borgurum, til þess að gera þá færari um að inna af höndum hverskonar störf fyrir þjóðfjelagið. Undir skólunum er að nokkru komin framtíð og heill hvers þjóðfjelags. Af þessum ástæðum er það eðlilegt, að skólamálin sjeu ágreiningsmál. Öll mikilsverð mál hljóta að verða ágreiningsmál. Allar menningarþjóðir verja miklu fje til skólanna. Við viljum telja okkur í tölu þeirra; enda leggur íslenska þjóðin ekki litið fje til skólahalds. En jafnframt og þjóðin ver miklu fje til skólanna, þá eru gerðar miklar kröfur til þeirra um góðan árangur af skólavist nemenda. Þær kröfur eru sjálfsagðar, en oft fer svo, að menn ætlast til meira af skólunum en sanngjarnt er að krefjast. Jeg get ímyndað mjer, að eitthvað af þeirri óánægju, sem er með okkar mentaskóla, stafi af ósanngjörnum kröfum, en auðvitað eitthvað af göllum, sem bæta má. En þeir gallar eru vitanlega ekki allir

reglugerð skólans að kenna. Reglugerðir skóla eru nokkurskonar rammi. Það varðar nokkru, hvernig ramminn er, en meiru þó, hvernig hann er útfyltur.

Þjóð og þing eru víst sammála um, að rjett hafi verið að taka til rannsóknar öll skólamál landsins. Þingið 1919 afgreiddi þingályktunartillögu til stjórnarinnar, þar sem það skoraði á hana að láta slíka rannsókn fara fram. Þessi þál.till. var ekki orðuð eins og jeg vildi; áleit jeg heppilegra, að hún væri óðruvísi orðuð. Hún var samin af hv. þm. Dala. (B. J.) og lituð því af hans skoðunum. Stjórnin brást vel við þessari áskorun þingsins og skipaði nefnd til að framkvæma þessa rannsókn. Þó skipaði hún ekki nefndina fyr en 12. mars 1920.

Þeir menn, sem sæti eiga í nefndinni, eru báðir prófessorar við háskólann og því hlaðnir öðrum störfum, svo starf þeirra í þessari nefnd hlýtur að vera aukastarf. Þeir hafa nú starfað aðeins nálega eitt ár, en hafa þó skilað frá sjer álitum um mentaskólann og kennaraskólann. Jeg hefði kosið þau álit að ýmsu fullkomnari og ítarlegri. Jeg býst við, að þau mundu hafa orðið ítarlegri, ef stjórnin hefði ekki óskað þess, að þeir skiluðu einhverju af sjer fyrir þetta þing. Mjer er tjáð, að þeir ætli að skila áliti um alla skóla landsins fyrir næsta þing. En það álit þyrfti að koma út 1—2 mánuðum fyrir þing, svo þjóðin ætti kost á að kynna sjer það, því fleiri landsmenn láta sig skifta, hvernig alþýðuskólunum er skipað, en mentaskólanum.

Jeg vil geta þess, að það eru fleiri þjóðir en við, sem um þessar mundir eru að láta rannsaka skólamál sín. Alda í þá átt virðist nú fara yfir löndin. Allar þjóðir á Norðurlöndum hafa þessi árin skipað nefndir til að rannsaka skólalöggjöf sína. Sumar þær nefndir hafa starfað svo árum skiftir, en hafa ekki enn lokið störfum sínum. Þær hafa tekið sjer lengri tíma til starfsins en milliþinganefndinni hjer hefir verið ætlaður, og væri mikilsvert, að við hefðum hliðsjón af tillögum þeirra, er við tækjum að breyta skólaskipun vorri.

Jeg hygg, að allir — og einnig meiri hl. mentmn. — álíti tíðar breytingar á löggjöf skóla óheppilegar. Þegar breytingar eru gerðar á aðalatriðum skólalöggjafar, verða þær að hafa þann bakhjarl, sem ekki brestur undir eins. En sá bakhjarl er meiri hluti þjóðarinnar. Þjóðin sjálf verður að vera sannfærð um rjettmæti breytingarinnar, kennarar skólanna verða að sætta sig við þær, og nemendurnir að finna, að þær sjeu til bóta. En jeg efast um, að þær breytingar, sem samkvæmt frv. á að gera á mentaskólanum, hafi þennan bakhjarl. Jeg get nú ímyndað mjer, að sumir hinna lærðu manna áliti, að meiri hluti þjóðarinnar hafi ekki mikla þekkingu á, hvað rjettast sje að gera í þessu máli. Má vera, að þeir hafi nokkuð til síns máls. Það munu verða lærðu mennirnir, sem aðallega eiga orðastað um breytingar á þessum skóla. En þeir verða að sannfæra þjóðina, hvað rjett sje og hvað ekki rjett, og reyna að afla skoðunum sínum fylgis. Það er auðvitað ekki víst, að þær skoðanir, sem fá mest fylgið, sjeu rjettastar. En það er víst, að meiri hl. verður að ráða. Það er ekki til neins að reyna að hamra fram hjer á þinginu neinu mikilsvarðandi máli, er meiri hluti þjóðarinnar er á móti, því að þótt slík mál komist fram, þá má ganga að því vísu, að þau verða skammlíf. Og hvað þessum breytingum á mentaskól-

anum viðvíkur, sem hjer liggja fyrir, þá er líklegast, að jafnvel meiri hl. þjóðarinnar sje á móti þeim.

Beinir málsaðiljar hafa ekki fengið að segja neitt um málið; þeir málsaðiljar eru kennarar gagnfræðaskólans á Akureyri. Jeg veit að minsta kosti ekki til, að þeirra umsagna um þetta mál hafi verið leitað. Getur verið, að milliþinganefndin hafi gert það, en hún hefir þá að minsta kosti ekki birt svör þeirra. Aftur á móti sjest það á áliti hennar, að hún hefir leitað umsagnar kennara við mentaskólann og háskólann. En síðan álit nefndarinnar kom út hefir það komið í ljós, að sumir af prófessorum háskólans eru mjög andvígir sumum brtt. nefndarinnar, svo sem prófessor Ágúst Bjarnason, sem hefir skrifað talsvert um málið. Hann er eindreginn á móti auknu latínunámi og því, að gera skólann að óskiftum skóla. — Jeg lít svo á, að á áliti kennara mentaskólans hefði nefndin mest mátt byggja. Þeir hafa mesta reynsluna og þekkingu á skólanum. Má vera, að sumir þeirra sjeu á sama máli og nefndin. En þrír þeirra hafa skrifað mentmn. þingsins, og hafa þeir allir meira og minna út á tillögur milliþinganefndarinnar að setja og vilja allir láta málið bíða næsta þings. Þessir kennarar eru þeir Jóhannes Sigfússon, Bjarni Sæmundsson og Þorleifur H. Bjarnason. Allir eru þeir búnir að vera lengi við skólann, eins og kunnugt er, og einn eða tveir af þeim voru orðnir kennarar löngu áður en hin nýja reglugerð kom í gildi, og einmitt af þeim ástæðum ættu þeir að vera manna færastir að dæma um kosti og lesti nýju og gömlu reglugerðar skólans. Jeg vil leyfa mjer að drepa lauslega á nokkur atriði, sem þeir taka fram í ritgerðum þeim, er þeir hafa sent mentmn. og ekki hafa áður komið fram opinberlega.

Jóhannes Sigfússon segir meðal annars: „Að svo vöxnu máli sýnist það nokkuð fljótráðið að gera stórbreytingu á skipun skólans og gera hann að nýju um nokkur ár að tilraunastöð, og trufla þar með rólegar breytingar, bygðar á reynslu. Slíkt atferli væri varla verjandi, nema með því, að bersýnilegir og ólæknandi stórgallar hefðu komið fram á núverandi skipulagi skólans.“ En þeir gallar virðast honum ekki hafa komið fram.

Þorleifur H. Bjarnason telur hið nýja skólaskipulag, sem nefndin stingur upp á, svo gallað í ýmsum verulegum atriðum, að skólinn verði engu bættari, þótt það komist á.

Hann segir enn fr., með leyfi hæstv. forseta: „Milliþinganefndin virðist hafa gert sjer hægt um vik að rannsaka, hvort ekki sje unt að bæta svo skólafyrirkomulag það, sem nú er, að affarasælt geti orðið fyrir land og lýð. Annars mundi hún vart á öðrum fundi sínum með kennurum mentaskólans hafa borið upp tillögu um, að skifting í gagnfræðadeild og lærdómsdeild fjelli niður og skólinn yrði einn samfeldur skóli. Mjer stóð stuggur af þessu fljótræði nefndarinnar og batt atkv. mitt því skilyrði, að nefndin rannsakaði eins ítarlega og kostur væri á, hvort enginn vegur væri til að bæta svo hið núverandi fyrirkomulag, að það gæti haldist, því þó að jeg persónulega hafi meiri mætur á skólafyrirkomulagi því, sem var þegar jeg kom í skóla, þá dylst mjer ekki, af reynslu annara þjóða, að hin nýja skipun hefir þegar og getur enn tekið miklum umbótum. Því fer og fjarri, að hún sje enn fullreynd hjá oss, því þegar hún var komin af

barnsaldri og hún átti að fara að standa — að jeg komist svo að orði — á eigin fótum, skall heimsstyrjöldin yfir, sem hefir með afleiðingum sínum hnekt vexti og viðgangi flestra skóla hjer á landi. Það vita og allir, sem bera nokkurt skyn á skólamál, að það er enginn búhnykkur fyrir land og lýð að gerbreyta á fárra ára fresti fyrirkomulagi hinna æðri mentastofnana sinna."

Hann kvartar enn fremur undan því, að mentmn. hafi farið sínu fram, hvað sem einstakir kennarar hafi lagt til málanna, ef till. þeirra hafi ekki verið að skapi nefndarinnar.

Bjarni Sæmundsson tekur það fram, að áhrif síðustu breytingarinnar á reglugerð skólans sje ekki enn farin að sýna sig fyllilega. Sú breyting var skifting lærdómsdeildarinnar í stærðfræðisdeild og máladeild, sem var gerð 1919. Mjer virðist varhugavert að gera stórbreytingar á skólanum, sem ríða algerlega í bág við till. gamalla og reyndra kennara, er um mörg ár hafa starfað við skólann. En aðalástæðan fyrir frestun þessa máls er sú, að ekki er rjett að afgr. frá Alþingi lög um einn skóla, fyr en fyrir því liggur kerfi um alt skólafyrirkomulag í landinu, en slíkt kerfi liggur alls ekki fyrir þinginu nú. Það er hugsanlegt, að það geti haft áhrif á afstöðu einhverra hv. þm. til þessa máls, hvernig heildarkerfið verður. Til að fyrirbyggja allan misskilning skal jeg taka það fram, að jeg er persónulega reiðubúinn að taka ákveðna afstöðu til málsins og greiða atkv. um það nú þegar.

Eins og tekið er fram í nál. minni hl., þá eru allir nemendur lærdómsdeildar mentaskólans mótfallnir mörgum aðaltillögum milliþinganefndarinnar, og sömuleiðis flestir yngri stúdentar. Og þótt sumir hinir eldri og reyndari lærðu mennirnir geri lítið úr skoðunum og vilja þessara ungu manna, hvað breyting á fyrirkomulagi skólans snertir, þá liggur þó í augum uppi, að verið er að tjalda til einnar nætur, ef breytingar eru samþ., sem allir yngri mentamenn eru á móti, því að þeir munu brátt koma sínum vilja fram. Þeirra málstaður hlýtur að sigra. Mjer finst ekki til mikils mælst, þótt farið sje fram á, að þjóðin fái í eitt ár að athuga þetta mál og ræða það betur en orðið er. Það mun affarasælla að vanda til slíkra laga, svo þau geti staðið um nokkuð langan tíma.

Hv. meiri hl. segir í nál. sínu, að till. milliþinganefndarinnar um mentaskólann sjeu nú orðnar töluvert ræddar á fundum og í blöðum, og litlar líkur sjeu til þess, að málið vinni nokkuð við biðina. Ástæðan til þess, að meiri hl. segir þetta, mun vera sú, að hann býst ekki við, að hans málstaður muni græða við biðina; hann býst við hinu gagnstæða, og í því er jeg honum sammála. (**M. J.**: Hefi jeg nokkurn tíma sagt þetta?). Það stendur í nál. (**M. J.**: Stendur þar, að okkar málstaður muni tapa á biðinni?). Nei, þar stendur, að ekkert muni vinnast við biðina, — hitt var ályktun mín af þeim forsendum, sem fyrir lágu. (**B. J.**: Hún kemur bara á afturfótunum).

Aðalágreiningurinn milli mín og meiri hl. nefndarinnar um frv. er ákvæði 2. gr., að skólinn skuli vera samfeldur skóli. Þessu ákvæði er meiri hl. fullkomlega samþykkur, og segir hann svo í nál. sínu, að aðalbreytingin, sem hægt sje að gera á skólanum með lögum, sje sú, að gera hann að samfeldum lærðum skóla, er taki ekki við neinum nemendum, nema að undangengnu prófi.

Eina aðalástæðuna fyrir þessu telur meiri hl. þá, að skifting skólans hljóti að hafa það í för með sjer, að námið í neðri bekkjunum verði að miðast við það, að því verði lokið á fáum árum. Fyrir þá, sem áfram ætla að halda, sje þetta tímatöf og tvíverknaður, að þessi tvíverknaður nái til alls meginþorrans, því að reynslan hafi sýnt, að langflestir, sem inn í skólann ganga, haldi áfram náminu. — Það er tvíverknaðurinn, sem meiri hluti nefndarinnar telur skaðlegan. Um margar námsgr. er það ljóst, að þessi tvíverknaður er ekki eins mikill nje eins athugaverður og nefndin gefur í skyn. Frsm. (M. J.) tók það fram, t. d., að öðruvísi þyrfti að kenna mál til undirbúnings háskólanámi en þegar það væri lært í þeim tilgangi að nota það í hinu daglega lífi. Jeg er ekki einn af hinum svo nefndu lærðu mönnum, en mjer skilst, að málfræðislærdómur sje nauðsynlegur fyrir alla, hvort sem málið er „lært fyrir lífið“ eða til undirbúnings háskólanámi, og munurinn á kenslunni þurfi því ekki að vera svo ýkjamikill. Allur lærdómur er í raun og veru lærdómur fyrir lífið, og allur lærdómur á að vera til andlegrar þroskunar. Þótt einhverjar námsgreinar sjeu tvílesnar, fyrst í styttra ágripi, síðar í víðtækara ágripi, þá virðist slíkt ekki vera svo hættulegt fyrir námið. Í mörgum tilfellum er endurtekningin nauðsynleg og mjög eðlilegt, að námið sje gert víðtækara eftir því, sem þroski nemendanna vex.

Þá er sú vörn meiri hl. í þessu máli, að flestir þeir, sem taki gagnfræðapróf nú, haldi áfram alla leið til stúdentsprófs. Í ritgerð þeirri, sem Jóhannes kennari Sigfússon sendi mentmn. og jeg gat um áðan, segir hann, að aldrei hafi jafnmargir hætt að loknu gagnfræðaprófi eins og 3 hin síðustu árin. En einmitt þau ár hefir milliþinganefndin ekki tekið með, er hún reiknaði út, hve margir af hverju hundraði hættu við nám að gagnfræðaprófi loknu. En þyki mönnum of margir halda áfram, þá er til einfalt ráð við því, að menn, sem ekki eru sæmilega til náms fallnir, flykkist ekki inn í lærdómsdeildina. Ekki þarf annað en ákveða í reglugerð skólans, að gagnfræðaprófið eitt nægi ekki til þess, að menn fái inngöngu í lærdómsdeildina, heldur þurfi menn að hafa hlotið vissa stigatölu við prófið til að ná inngöngu.

Í nál. meiri hl. er mjög haldið á lofti, að gagnfræðamentun eigi að vera annars eðlis en undirbúningur undir vísindanám við háskóla. „Annars vegar eru menn, sem vilja afla sjer hagnýtrar mentunar fyrir lífið, en hins vegar menn, sem á þessum sömu árum eiga að leggja sem traustastan grundvöll undir langt vísindanám.“ Svo kemst meiri hl. að orði í nál sínu. Sama skoðunin kom fram hjá frsm. (M. J.), og talaði hann mikið um þetta. Hann tók dæmi af litlu húsi og stóru. Undir litla húsið þyrfti ekki nema lítinn kjallara. Engum detti í hug að búa til miklu stærri kjallara en ætlast væri til að húsið yrði. Sömuleiðis dytti engum í hug að búa til lítinn kjallara undir stórt hús. Samkvæmt hans skoðun þarf þegar frá byrjun að leggja annan lærdómsgrundvöll hjá þeim, sem ætla sjer að ganga mentabrautina, en hinum. Mjer þykir annars mikið, að hinir hv. meiri hluta menn skuli ekki bera fram till. um, að börnum, sem seinna meir er ætlað að ganga í lærða skólann og „stunda vísindanám“, skuli kent að stafa í sjerstökum skólum með sjerkennilegum aðferðum, og að þeim sje þegar frá byrjun

kendar allar námsgreinar, sem þau eiga að læra, í sjerstökum skólum, sem lagaðir sjeu fyrir nám þeirra síðar meir.

Það mun vera mikið vafamál, hvort nokkur verulegur munur yrði á kenslutilhögun neðri bekkja mentaskólans frá því sem nú er, þótt sú breyting verði gerð á honum, sem meiri hl. mentmn. mælir með. Latínunámið yrði auðvitað meira en nú er og fleiri smábreytingar á námsefni. En að námsaðferðinni verði stórbreytt frá því, sem nú er, er ekki líklegt. Jeg veit a, m. k. að sumir kennarar mentaskólans álíta, að svo verði ekki. Jóhannes Sigfússon segir í áður nefndu brjefi sínu, með leyfi hæstv. forseta: „En verði námsgreinunum í nýja skólanum skipað á svipaðan hátt og nefndin gerir, þá verður ekki betur sjeð en að kenslunni í neðri bekkjunum hljóti að verða svipað hagað í flestum greinum því, sem nú er, og að hún geti varla orðið vísindalegri í þeim bekkjum eftir en áður, eða tryggari grundvöllur undir vísindanám síðar meir.“ Annars virðist mjer, að það sje ekki hægt að skoða mentaskólann, þótt hann fengi hið virðulega nafn „lærði skólinn“, annað en nokkuð víðtækari gagnfræðaskóla og betur útbúinn en þá skóla, sem nú eru kallaðir því nafni. Jeg hefi litið svo á, að það, sem þar yrði kent, væri í raun og veru alt gagnfræðamentun, meira og minna hagnýt til undirbúnings undir lífið. Vitanlega þeim mun hagnýtari, sem hún er víðtækari. En þó að hv. meðnefndarmenn mínir sjeu búnir að lýsa því með mörgum orðum, hve mikill munur eigi að vera á neðri bekkjum mentaskólans og gagnfræðaskóla, þá segja þeir þó í áliti sínu, „að hægðarleikur sje að gera gagnfræðaskólann á Akureyri svo úr garði, að röskir námsmenn geti staðist próf til 4. bekkjar lærða skólans viðstöðulítið eða viðstöðulaust, að loknu gagnfræðaskólanámi á Akureyri.“ Hjer virðast þeir viðurkenna, að munurinn á kenslunni verði ekki eins mikill og þeir annars vilja halda fram að þurfi að verða, og þar með viðurkenna þeir einnig, að munurinn á gagnfræðaskólanámi og undirbúningi undir „vísindanám“ sje ekki svo ýkjamikill. En þeir bæta því þó við, að með þessu móti komi aðeins „úrvalsmenn“ frá skólanum á Akureyri. Þaðan mega ekki koma aðrir en „úrvalsmenn“ inn í lærða skólann, eftir því sem meiri hl. nefndarinnar segir, en jeg er hálfhræddur um, að ekki komi tómir „úrvalsmenn“ í 1. bekk skólans, og meira að segja margir af þeim, sem komast munu alla leið í gegnum hann til stúdentsprófs, verði ekki neinir sjerstakir „úrvalsmenn“. En „úrvalsmennirnir“ að norðan eiga líklega að bæta þá upp. Annars segja hv. meðnefndarmenn mínir í nál. sínu, að það sje heppilegt, að ekki girnist aðrir að ganga inn í lærða skólann en þeir, „sem nokkuð treysta sjer.“ Eftir því mega börn, sem mikið sjálfstraust hafa, fara inn í skólann, en hin, sem kjarkminni eru, eiga ekki að gera það. Jeg tel nú varasamt að treysta um of á sjálfstraust barna á þessum aldri, og jafnvel þó þau sjeu nokkuð eldri, enda er það oft svo, að þeir, sem treysta sjer mest, geta ekki ávalt mest. „Já, miklir menn erum við, Hrólfur minn,“ sagði Vilhjálmur forðum daga. Jeg álít það mjög hæpið að byggja mjög mikið á námshæfileikum barna innan fermingaraldurs. Það hefir sýnt sig, að menn, sem í æsku hefir lítið borið á, hafa orðið hinir nýtustu menn, er út í lífið hefir komið, og margir góðir námsmenn hafa orðið litlir afkasta-

menn, er til starfs og framkvæmda hefir komið. Það sannast oft, sem gömlu sögurnar segja um systurnar þrjár, Ásu, Signý og Helgu, að þótt Helga lægi í öskustó og foreldrar hennar hefðu lítið álit á henni, þá varð hún miklu meiri og betri en systur hennar, sem foreldrarnir höfðu dáð svo mjög fyrir gáfur. — Mjer kemur í hug það, sem skólastjóri fyrir skóla, sem Niels Finsen gekk í, þegar hann var drengur, sagði um Finsen. Hann sagði, að Niels væri góður piltur, en ósköp gáfnalítill.

Unglingar eru mjög misjafnlega bráðþroska, bæði hvað snertir námshæfileika og allan annan þroska. Það er þess vegna mjög hæpin leið, sem hv. meðnefndarmenn mínir vilja fara, að gera sem allra erfiðasta inngöngu í 1. bekk skólans. Hvorki foreldrar nje aðrir vita með vissu, hvað í börnunum býr innan við fermingaraldur. Það fer því oft eins og fyrir karli og kerlingu í Garðshorni, sem áttu dæturnar þrjár, sem jeg gat um áðan, Ásu, Signý og Helgu, en höfðu minst álit á Helgu. Það verður oft Helga, sem reynist best, sá unglingurinn, sem minstur gaumur var gefinn. (B. J.: Erfiðasti skólinn). Já, en sú af dætrunum, sem síst hefði fengið inngöngu í hinn fyrirhugaða „lærða skóla".

Mjer finst þess gæta nokkuð mikið hjá hv. meðnefndarmönnum mínum og milliþinganefndinni, að mest megi ætið vænta af þeim mönnum, sem mestir námsmenn eru í æsku, og að þeim einum sje treystandi til að búa sig undir háskólanám.

Samkvæmt frv. mega 13 ára börn ganga inn í skólann; þá eiga þau að hafa afráðið það, hvort þau vilji ganga lærða veginn eða ekki. Í flestum tilfellum eru það foreldrarnir, eða aðrir aðstandendur, sem taka þessá ákvörðun fyrir þau. Er nú nokkurt vit í þessu? Er hægt að búast við, að börnin finni þá, hvert hugur þeirra stefnir, eða hafi áttað sig á, til hvaða lífsstarfs þau muni best fallin? Svo mun það vera í fæstum tilfellum.

Og jeg hygg, að foreldrarnir standi lítið betur að vígi að vita, hvaða lífsstarf muni henta börnum þeirra best. Enda álít jeg það rangt, að aðstandendur barna ráði því, hvort þau skuli ganga hinn svo kallaða lærða veg eða eigi. Það á að stefna að því, að hver unglingur finni sjálfur, hvað í honum býr, og að hann sjálfur kjósi þann veg, sem hann vill helst ganga. Og jeg tel það mikinn kost að veita unglingunum, þann tíma, sem gagnfræðanámið stendur yfir, tækifæri til þess að átta sig á því, hvaða lífsstöðu þeir helst eigi að velja sjer. Á þeim tíma geta þeir fengið reynslu fyrir því, hvort þeir hafi löngun til að halda áfram frekara námi eða ekki, og hvort þeir sjeu færir um að stunda erfitt nám.

Hv. meiri hl. heldur því fram, að fleiri muni halda áfram til stúdentsprófs, ef skólinn sje skiftur skóli, heldur en ef hann sje óskiftur. Jeg held, að það yrði hið gagnstæða. Engum mundi þykja það vansæmd að fara úr skólanum með gagnfræðaprófi, en aftur á móti myndu flestir, sem á annað borð færu inn í skólann, ógjarnan vilja hætta á miðri leið, ef skólinn væri óskiftur. Annars er jeg ekkert myrkfælinn við það, þótt við eignuðumst nokkuð margt af stúdentum, því að jeg held, að það sje hverri þjóð til þrifa að eiga góðan hóp mentaðra manna, og jeg sje því enga þörf á að stritast við

að finna upp öfluga stíflu við því, að svo verði. Og þessi stífla, sem upp fundin yrði, með því að gera skólann að óskiftum skóla, yrði að eins til þess, að nokkuð færri myndu fara í skólann af þeim, sem sæktu gagnfræðaskólann á Akureyri. Það yrðu nokkuð færri Norðlendingar og Austfirðingar. Það yrðu nokkuð færri sveitapiltar, sem sæktu mentaskólann, en nú gera. En slíkt mun vart talið hyggilegt, og heldur ekki af háttv. meðnefndarmönnum mínum, sem vilja gera skólann óskiftan. Varla nokkur mun telja það heppilegt, að hlutföllin á milli sveitapilta og pilta úr Reykjavík, sem sækja mentaskólann, raskist þannig, með breytingu á reglugerð skólans, að tiltölulega færri sveitapiltar sæki hann eftir en áður. Þá kem jeg að því atriðinu, sem mest hefir verið haldið á lofti af þeim mönnum, sem vilja gera skólann af óskiftum 6 ára skóla, sem sje því, að þeir nemendur, sem hafa útskrifast eftir reglugerðinni frá 1904, sjeu ver búnir undir háskólanám en þeir, sem útskrifuðust eftir eldri reglugerðinni. Rannsóknin, sem milliþinganefndin hefir gert þessu viðvíkjandi, virðist ekki vera nægileg. — Nefndin hefir ekki rannsakað einkunnir þeirra íslenskra stúdenta, er stundað hafa nám við Kaupmannahafnarháskóla.

Þorleifur H. Bjarnason segir, að íslenskir stúdentar hafi ekki í annan tíma tekið betri embættispróf þaðan en einmitt þessi ár. Býst jeg við, að hann hafi rannsakað þetta, og það megi fullyrða, að hann fari með rjett mál.

Stúdentar þeir, sem stundað hafa nám við Kaupmannahafnarháskóla þessi ár, sýna með þessu, að skifting skólans hefir ekki gert þá óhæfari til náms en þótt þeir hefðu lært í óskiftum lærðum skóla.

Hv. meiri hl. fullyrðir, að það sjeu aðeins þeir, sem búa á Akureyri sjálfri og nærsveitunum, sem hægra eigi með að sækja skóla þar en til Reykjavíkur. Hann segir enn fremur, að það sje af öðrum ástæðum, að menn hænist meir að gagnfræðaskólanum á Akureyri af Norður- og Austurlandi en skólanum hjer í Reykjavík. Þá ástæðu telur hann vera heimavistirnar við Akureyrarskólann. Nú eru þegar margar heimavistir við gagnfræðaskólann á Akureyri, og geta þær rúmað mjög marga nemendur.

Hugsum okkur, að heimavistum verði komið upp við mentaskólann, sem jeg tel sjálfsagt að gert verði. Þá þarf þær ekki eins margar og ella, ef ekki er slitið sambandi hans við skólann á Akureyri. En þótt heimavistir verði við báða skólana, þá hljóta þær altaf að verða mikið dýrari hjer en á Akureyri. Fullyrðing nefndarinnar um þetta efni er staðleysa. Jeg vil taka dæmi, þessu til sönnunar. Mjólk kostar hjer í vetur 1 kr. lítrinn, en 50 aura á Akureyri. Kjöt og fiskur er einlægt mikið ódýrara á Akureyri en hjer í Reykjavík, og þar að auki er ætíð betra að fá íslenskar framleiðsluvörur þar en hjer, þó sjerstaklega mjólk.

Ef mentaskólinn verður gerður óskiftur, þá hlýtur það að hafa í för með sjer, að stofna verði sjerstakan gagnfræðaskóla hjer í Reykjavík. Jafnvel þó að hv. frsm. meiri hl. (M. J.) haldi því fram, að það hafi sýnt sig, að flestallir Reykvíkingar, sem lokið hafa gagnfræðaprófi, hafi haldið áfram til stúdentsprófs, þá er það nú samt ekki algild regla. Og vitanl. krefjast Reykvík-

ingar þess, að gagnfr.skóli, er stofnaður yrði hjer, verði kostaður af ríkissjóði, og jeg get ekki betur sjeð en að sú krafa sje svo sanngjörn, að Alþingi mundi ekki geta neitað að verða við henni, því að vitanlega munu fleiri sækja þann skóla en Reykvíkingar einir. Og jafnvel þó að Reykvíkingar skipuðu hann að miklu leyti, þá eru þeir svo mikill hluti þjóðarinnar, að erfitt mun verða að neita þeim um, að ríkið kostaði fyrir þá einn alþýðuskóla. Þessi hlið málsins hefir því ekkert verið rannsökuð, og ætti þetta eina atriði að nægja til þess, að hv. Alþingi sæi sjer ekki fært að afgr. málið nú þegar.

Jeg vona, að jeg hafi nú sýnt fram á með nokkrum rökum, að betur þurfi að athuga mál þetta en enn er gert, ef á að gera mentaskólann að óskiftum skóla. En jeg get fullvissað hv. deild um það, að verði sambandinu við gagnfræðaskólann á Akureyri slitið, þá munu Norðlendingar og Austfirðingar ekki linna fyr en gagnfræðaskólinn á Akureyri verður gerður að lærðum skóla. Þá kröfu munu þeir gera strax og sambandinu er slitið.

Þá vil jeg með nokkrum orðum minnast á þriðja atriðið, sem ber á milli mín og flestra hv. meðnefndarmanna minna, sem er um það, hvort auka eigi latínunám í skólanum eða eigi. Í umsögn háskólakennaranna um það, í hvaða námsgreinum mentaskólans þeim finnist helst þekkingu stúdenta ábótavant, þá telja þeir það vera íslenskuna. Milliþinganefndin virðist hallast að þeirri skoðun, að íslenskukunnáttan hafi verið betri áður hjá stúdentum en hún er nú. Formælendur latínunnar þakka latínunni það. En jeg vil benda á grein eftir mag. Sigurð Guðmundsson, sem hann skrifaði í 3. tbl. „Skólablaðsins“ þetta ár. Hann viðurkennir ekki nauðsyn latínunáms til þess að læra vel íslensku, og er hann þó líklega besti íslenskukennarinn, sem við eigum. Háttv. frsm. meiri hl. (M. J.) viðurkennir, að það mætti hafa fleiri námsgreinar en latínu sem aðalnámsgrein, og kemur mjer þá í hug mál, sem okkur stendur nær en latínan, og er það íslenskan, móðurmál okkar. Það er ekki latínan, sem hefir gert okkur fræga; það er ekki latínunni að þakka, að þjóðin hefir varðveitt hið forna móðurmál sitt og þjóðerni. Við megum þakka það þeim Ara og Snorra. Þakka þeim fyrir, að þeir skrifuðu bækur sínar á íslensku, en ekki latínu, sem þó var lærðra manna siður í öðrum löndum á þeim tímum, Ef þeir hefðu skrifað á latínu, þá hefðum við ekki talað íslensku í dag í þessum sölum; þá hefðum við ekki haft þau vopn, sem við höfum haft til þess að berjast með fyrir sjálfstæði voru. Þá hefði hjer nú ekki verið háð neitt Alþingi. Við megum því þakka fyrir, að forfeður vorir á 11. og 12. öld gerðust ekki þrælar latínunnar.

Jeg þarf ekki að tala mikið um einstakar greinar frv. og heldur ekki um brtt. nefndarinnar.

Jeg tel breytingar þær, sem nefndin hefir gert á stjórnarfrv., flestar til bóta, og mun greiða atkv. með þeim öllum nema 7. brtt., af þeirri ástæðu, sem jeg hefi þegar tekið fram. En þótt jeg sje ósamþykkur sumu í frv. stjórnarinnar, og þá sjerstaklega 2. gr., um að skólinn skuli vera óskiftur 6 ára skóli, þá hefi jeg ekki flutt neina brtt. við frv. við þessa umr., af þeirri ástæðu, sem menn geta skilið af nál. minni hl. og því, sem jeg hefi nú sagt. Jeg tel það óliklegt, að hv. deild felli dagskrána og samþ. frv. til 3. umr., en

fari svo, þá mun jeg koma með brtt. fyrir þá umr.

Sem sagt, þá lít jeg svo á, að þetta mál þurfi að athugast betur en enn hefir verið gert. Jeg vil biðja hv. þm. að athuga, að hjer á ekki að tjalda til einnar nætur.

Eins og hv. deildarmenn munu hafa tekið eftir, þá erum við nefndarmenn, sem höfum skrifað undir minni hl. álitið, ekki sammála að öllu leyti, og býst jeg við, að hinn hv. meðnefndarmaður minn muni gera grein fyrir sinni skoðun.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Mig langar til að spyrja hæstv. forseta, hvort engir aðrir hafi kvatt sjer hljóðs, t. d. hinn minni hl. maðurinn (E. E.), sem lofað var ræðu frá, svo jeg geti slegið báðar flugurnar í sama högginu. **(Forseti:** Það hafa engir kvatt sjer hljóðs). Jeg verð þá að láta mjer nægja þessa einu flugu til að vega að. **(M. K.:** Eru flugur hjer í deildinni?). Það veit jeg ekki, en hitt veit jeg, að hjer er verið að reyna að koma ljótri flugu í munn þm., þar sem er dagskrá háttv. minni hl. Og jeg vil heldur ekki neita því, að einhver flugufótur sje fyrir málstað háttv. minni hl., en það skal nú prófað.

Háttv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) hefir búið sig betur undir framsögu sína en jeg, því að jeg hafði ekki neina skrifaða ræðu með mjer.

Hann ljet undrun sína í ljós yfir því, að meiri hl. skyldi ekki hafa fallist á að fresta málinu, og mjer skildist á honum, að hvað sem á milli bæri, ættum við að fallast á að fresta því. Það má altaf segja, að mál sje ekki nógu undirbúið, en sú leið er ekki heppileg til framkvæmda, því þegar til lengdar lætur, mundi alt lenda í undirbúningi og engu lokið.

Við sjáum ekki ástæðu til annars en leggja til, að þessu máli verði lokið nú, og okkur finst sönnunarskyldan hvíla á þeim, sem vilja fresta málinu.

Hann færði rök að því, að þetta væri stórmál. Öll skólamálin eru yfirleitt stórmál. Og þessu máli hefir verið sýndur sá sómi, sem stórmálum á að sýna. Fyrst og fremst er því með þál. vísað til stjórnarinnar til undirbúnings og íhugunar. En þar sem hún ekki treystir sjer til að vinna að því sem skyldi, skipar hún sjerstaka menn til að verða ráðunauta sína um þetta mál. Þessi nefnd hefir nú starfað og látið fara fram rannsókn og síðan gefið ítarlegt álit. Auk þess hefir málið verið nauðrætt á fundum og ákaft deilt um það í blöðunum, og það einmitt þá hliðina, sem hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) vill að komi skýrt fram, og svo loks umr. hjer, eftir meðferð þingnefndar. Þessi undirbúningur finst mjer vera nægilegur til að sæma stórmáli, enda er þetta mál ekki svo stórt, að þingið geti ekki tekið ákvörðun um það þess vegna.

Annars rakst það á hjá háttv. frsm. minni hl. (Þorst. J.), er hann sagði, að lög um þetta efni væru aldrei nema rammi eða umgerð utan um skólann sjálfan. Það er undarlegt, ef sú rammasmíð er svo vandasöm, að frestast þurfi árum saman. Sök sjer, ef um sjálft listaverkið hefði verið að ræða, listaverkið, sem í rammanum á að vera. Það er engin ástæða til að fresta því, og verður því að álykta, að það sje einungis af þráa að vilja ekki afgreiða það á þessu þingi. Þetta mál hefir fengið slíkan undirbúning og er þess eðlis, að jeg er hræddur um, að lítið muni græðast á því að leita umsagnar þjóðarinnar.

Um það, hve bær þjóðin sje að dæma um slíkt mál sem þetta, þá má náttúrlega svara því á báða vegu. Því neitar enginn, að nauðsyn sje, að þjóðin sje ánægð með þennan skóla og standi bak við hann með velvilja og áhuga. En hitt er jafnvíst, að það verða ávalt fáeinir menn, sem verða að ráða þessu máli til lykta. Þeir verða að framkvæma undirbúninginn og leggja sinn málstað fram og verja hann, og þjóðarinnar hlutverk takmarkast eðlilega við það, að velja milli málstaða. Þjóðarumsögn er jafnan tvíeggjað sverð, þegar svo stendur á. Það skiftir henni í flokka og vekur hjá þeim partinum, sem ekki fær sitt mál fram, óánægju, sem annars mundi ekki brydda á. Jeg skal heldur ekki neita því, að til sjeu þeir menn, sem gætu sagt álit sitt á þessu máli, ef þeir hefðu tækifæri og tíma til að rannsaka það, en sjeu ekki búnir að því enn þá, en hve lengi á að bíða eftir því? Hygg jeg, að lengi mætti segja, að einhver væri eftir.

Hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) sagði, að mjög tíðar breytingar í skólamálum væru ekki hollar, og ef þessum breytingum væri komið á, þá mundu þær má ske reynast óhollar, svo að fljótt þyrfti að skifta um aftur. En jeg vil segja, að betri er holl breyting en óholt framhald, er búa þyrfti við um óratíma. En svo býst jeg við því, án þess jeg hafi heyrt það, að minni hl. mundi vilja líka fara fram á ýmiskonar breytingar, jafnvel þó þær yrðu ekki í þessa átt, sem hjer hefir verið stungið upp á, og hver er þá munurinn í þessu efni? — Jú, hann er sá, að þeir vilja sennilega breyta enn lengra í þá áttina, sem hjer er óreynd, fara enn lengra eftir þeirri braut, sem nú hefir reynst svo, ja, jeg vil segja hæpin, en við viljum aftur á móti fara nær því, sem hjer er þaulprófað, sníða af því agnúana, sem á voru, en halda annars því, sem fylgt hefir þjóð vorri um langan aldur.

Háttv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) beitti mörgum vopnum í málsvörn sinni. Og meðal annars tók hann þann kost, sem skáldið segir að oft sje tekinn í röksemdaþroti, að „lesa upp nafnspjöld frægra manna“. Hann las upp ummæli próf. Ágústs Bjarnasonar, sem vitanlega er mótfallinn þessu fyrirkomulagi, því að eftir hans tillögum ættu að vera 2 lærðir skólar, annar á Akureyri, en hinn í Reykjavík, og annar yrði þá náttúrufræðisdeild, en hinn málfræðisdeild. En þetta er fjarstæða; það eina, sem gæti rjettlætt þetta, er að þjóðin væri skift að gáfnafari eftir landsfjórðungum. Annars væri þetta ekki til annars en gera öllum landshlutum erfiðleika.

Þá er vitnað í það, að 3 kennarar mentaskólans sjeu mótfallnir því fyrirkomulagi, sem stungið er upp á í nál., en þá mætti draga upp nafnspjöld á móti og segja: Stjórnin og meiri hluti kennaranna er með nefndarmönnunum.

Háttv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) las upp kafla eftir Jóhannes Sigfússon kennara, þar sem hann talar um, að hann telji óheppilegt að gera skólann að tilraunastöð. En með þessum breytingum, sem farið er fram á, er alls ekki hægt að skoða hann sem tilraunastöð En maður gæti sagt, ef gera ætti mentaskólann að 4 ára „Gymnasium“, að þá kæmi eitthvað nýtt, sem mætti nefna tilraunastöð. En hins vegar gæti það ekki talist það, þó skólanum yrði breytt allnærri því horfi, sem áður var. Þá las hann upp kafla úr álitsskjali Þorl. H. Bjarnasonar, um að heimsstyrjöldin hafi hnekt vexti og viðgangi skólans. En jeg veit ekki, hvernig heimsstyrjöld-

in getur haft nokkur áhrif í þessu efni; þótt hún hafi miklu umrótað hjer hjá okkur, þá má þó ekki kenna henni það, sem hún á enga sök á.

Háttv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) talaði um skoðun hinna yngri manna á þessu efni og kvað þá alla andviga þessari breytingu, sem hjer er farið fram á. Jeg veit ekki, hvernig hv. þm. fer að vita svo vel um þetta, því að mjer er ekki annað kunnugt en að þar sjeu, eins og annarsstaðar, skoðanir talsvert klofnar í þessu máli. Fyrst eftir að breytingin var gerð, sú, sem nú á að vera orðin svo hugþekk öllum, var mjer kunnugt um, að hún var mjög litin hornauga af hinum yngri mentamönnum. Hún þótti eitthvað „simpil". En nú hafa menn þá, eftir þessu, sætt sig við og sannfærst um ágæti þess, sem þeir áður fældust, og ef svo er, skyldi þá ekki vera mögulegt að spá eitthvað svipuðu um mótspyrnuna nú gegn þessari breytingu?

Háttv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) sagði, að jeg vildi ekki fresta málinu af því, að jeg væri hræddur um, að okkar málstaður mundi tapa við það, og við vildum þess vegna knýja málið í gegn nú á þessu þingi. En ef jeg hjeldi það, þá mundi jeg ekki halda fram breytingum í þessa átt. — Ef jeg væri sannfærður um, að eftir eitt ár mundi meiri hl. verða á móti þessu, þá áliti jeg sjálfsagt að fresta því. Það er víst enginn svo einfaldur, að hann leggi fús og viljugur út í það, sem hann veit að hann muni á næsta ári fá það fyrir að standa skömminni íklæddur. En jeg er ekki hræddur um það. Það er nú eins og ávalt, að andstaðan blossar mest upp fyrst í stað. Svo dregur heldur úr, og orustuvíman rennur af. En þá koma hinir fram, sem sjá það heilbrigða í málstaðnum, og verja hann, og reynist þá oft minni veigur í öllum þeim firna mótbárum, sem fyrst komu fram. Fyrir mjer má því málið bíða, því að jeg veit, að breytingunni eykst fylgi þangað til, nema ef hreppapólitík á að ráða þessu skólamáli til lykta. En jeg sje bara enga ástæðu til þess að skjóta málinu fram af sjer snú.

Mjer heyrðist háttv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) vera að tala um, að þó að skólinn yrði gerður óskiftur lærður skóli, mundi svo sem ekkert þurfa að breyta kenslunni í þeim þrem neðstu bekkjum skólans, sem nú eru gagnfræðaskóli, og hann mun hafa þetta eftir einum kennaranum). Jeg þekki nú auðvitað ekki mikið til kenslunnar í þessum bekkjum, en það veit jeg og sje í hendi mjer, að sje þetta satt, þá er það aumi gagnfræðaskólinn, sem við búum nú við, og ekki von, að margir noti hann „sem slíkan". Eða þá, ef hann er nú góður sem gagnfræðaskóli, þá verður það auma undirstaðan undir vísindanám, sem lögð verður í 3 neðstu bekkjunum. Auðvitað hjálpar gagnfræðamentun til fyrir þann, sem áfram vill halda, en hann á þó að byrja á upphafinu og leggja grundvöllinn fastan. Hann hefir með gagnfræðamentuninni viðað að efni, og getur því verið fljótari að byggja, en grundvöllinn á að leggja rjettan. Annars virðast mjer ekki nein rök fylgja þessari staðhæfingu, að engu þurfi að breyta í 3 neðstu bekkjunum, og þarf því ekki að ræða það frekar.

Þá sagði hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.), að þeim hefði farið fjölgandi einmitt nú allra síðustu árin, sem hefðu hætt að gagnfræðaprófi loknu, og vildi telja það sönnun þess, að menn væru nú að læra að nota gagnfræðadeildina sem gagnfræðaskóla, og ráðunautar

stjórnarinnar hefðu því gert rangt, er þeir tóku ekki allra síðustu ár með í reikning sinn. Já, hjer sjest nú, hve alt er notað og grunt á málið litið. Áður var á það minst, að stríðið hefði tálmað því, að gott lag kæmist á skólann, sem vitaskuld var því óviðkomandi. — En hjer hefði verið nær að minnast á afleiðingar stríðsins. Því að hjer koma þær skýrt fram. Þetta, hve miklu fleiri hafa nú hætt að þrem árum loknum, er auðvitað bein afleiðing þess, að dýrtíðin hefir verið að þrengja fastar og fastar að, og námsfólk er hætt að standast hana og verður að hætta, en kemur ekkert hinu málinu við.

Háttv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) talaði um, að ekki væri hægt að hlaða veggi á húsi, ef undirstöðuna vantaði. Jeg skal ekki rengja það. En hv. þm. (Þorst. J.) vildi heimfæra þetta upp á það, að byrjað væri frá blautu barnsbeini á því að undirbúa börnin undir þann lærdóm, sem þau síðar ættu að nema. Þetta veit hv. þm. (Þorst. J.) að er ekki rjett. Lestur, skrift og önnur barnaskólakensla getur ekki talist lærdómur, heldur aðeins undirstaða, sem öllum er nauðsynleg. Lærdómurinn byrjar fyrst, þegar barnaskólunum sleppir. Þegar barn byrjar að læra að stafa, er ekki farið að hugsa um það, hvort það eigi að ganga lærða veginn eða ekki. En þegar menn eru komnir á þann aldur, að þeir geti farið að ganga í skóla, aðra en barnaskóla, munu flestir nokkuð í því ráðnir. Og svo hefir það reynst hjer í Reykjavík, að þeir, sem hafa gengið í mentaskólann, hafa fæstir hætt við gagnfræðapróf. Og þegar svo er, þegar skólinn er af flestum notaður sem sjálfstæður heildarskóli, á hann líka að vera það í raun og veru. Þeir, sem ætla alla leið í gegnum lærða skólann, þurfa aðra undirbúningsmentun en þeir, sem ganga aðeins í alþýðuskóla. Þeir, sem t. d. ætla að læra mál til þess eins að skilja þau, hafa ekki ráð á að læra mikið í málfræði og þesskonar, sem er þeim nauðsynleg, sem læra vilja mál vísindalega. Þessir menn eiga því enga samleið.

Þá hjelt hv. þm. (Þorst. J.), að hægt væri að gera gagnfræðaskólann á Akureyri svo úr garði, að þeir, sem þaðan kæmu, gætu gengið inn í 4. bekk lærða skólans. Þetta getur ekki orðið almenn regla. Þeir einir, sem færastir eru, ættu að geta gengið upp í 4. bekk, og þó eftir einhvern aukaundirbúning. Þetta fyrirkomulag yrði ekki til þess að útiloka námsmennina, því að hjer er bent á leið fyrir þá færustu til að fara kostnaðarlítið skóla úr skóla. Þessi breyting er til þess gerð, að lærðu mennirnir okkar verði úrvalið úr þjóðinni, en nú er þessi vegur nokkuð breiður og greiðfær.

Það er misskilningur, að í þessu liggi nokkur „antisocialistisk“ tilhneiging, eins og haldið hefir verið fram. Það er ekki verið að hlaða undir sjerstaka menn á kostnað hinna, eða verið að gera mentunina að sjereign nokkurra manna, heldur er hjer aðeins um skynsamleg vinnuvísindi og hyggilega verkaskiftingu að ræða. Mentun er ekki eingöngu falin í lærdómi. Menn geta öðlast hana í alþýðuskólum og öðrum skólum, en þó aðallega af sjálfum sjer. En þeir, sem eiga að verða vísindamenn, þurfa sjerstakan undirbúning, hjá því verður ekki komist, en er þó ekki þar með sagt, að hann sje neitt göfugri eða betri en sá, sem aðrir fá. Það er ekki verið að reyna að koma upp mentamannaaðli, heldur er þetta tilraun til þess að bæta undirbúning embættis- og vísinda-

mannaefna vorra, svo þeir geti orðið færari um starf sitt, alveg á sama hátt og handverksmenn, kaupmenn, sjómenn og hverjir sem eru, verða að fá undirbúning við sitt hæfi. Það verður að tryggja það, að þeir geti fengið svo fullkominn undirbúning, að þeir heykist ekki við háskólanámið. Mentaskólinn verður því að vera svo þungur, að í gegnum hann komist ekki nema sæmilega duglegir og gáfaðir menn, og hann verður að hafa veitt þeim andlegan þroska og næga undirbúningsmentun undir háskólanám.

Hjer er því ekki verið að útiloka aðra en skussana, og dæmisaga hv. þm. um Ásu, Signýju og Helgu var því óheppilega valin. Það styður minn málstað. Það er einmitt Helga, sem ber sigur úr býtum, en hún er líka best gefin frá upphafi, og hana viljum við rækja í.

Þá taldi hv. þm. (Þorst. J.), að margir væru ekki búnir að ráða við sig um gagnfræðapróf, hvort þeir hjeldu áfram eða ekki. Þetta held jeg að sje ekki rjett. Þegar menn fara í mentaskólann, hafa þeir flestir ákveðið að reyna að ganga hann á enda, og svo hefir reynslan orðið. Það hefir oft verið meiri vafi meðal stúdenta um, hvaða námsgrein þeir ættu að velja, þegar þeir koma á háskólann, heldur en hjá gagnfræðingum, hvort þeir ættu að halda áfram eða ekki. Og af þessari ástæðu er það, að jeg hefi oft verið hræddur við skiftinguna í stærðfræðis- og málfræðisdeild. Mönnum er eðlilega illa við að binda sig svo snemma. En þeir eru flestir ákveðnir í því að ganga lærðu brautina, úr því að þeir hafa lagt út á hana á annað borð. Sú ákvörðun er oft tekin á unga aldri, og var það alsiða hjer áður, að þegar börn gengu til prestsins og einhver þótti skara þar fram úr, reyndi prestur að stilla svo til, að viðkomandi barn væri sett til menta. Margir af okkar mætustu mönnum eiga þetta upphaf skólagöngu sinnar. En þetta hefir því miður breyst. Nú er gangurinn greiðfær úr efsta bekk barnaskólans yfir í mentaskólann, og er þetta óspart notað af Reykvíkingum, sem von er til. Börnin fljóta inn um þennan breiða ós og berast síðan upp eftir fyrirhafnarlítið, því að nú eru fáir fossar, sem þarf að stikla, eða straumar að standa á móti. Það fer því fjarri lagi, að þessi breyting sje til óhagræðis fyrir sveitirnar. Hún setur þær hærra, miðað við Reykjavík, en áður var. Þá er það einnig misskilningur, að þetta sje til óhagræðis fyrir Norður- og Austurland. Þeir geta eins sent börn sín til Reykjavíkur eins og til Akureyrar. Það er sagt, að dýrara sje að lifa hjer. Jeg á bágt með að trúa því. Öll erlend vara ætti þó að vera ódýrari hjer. Það, sem gerir muninn, er aðallega heimavistin á Akureyri. En ef heimavistir kæmust á hjer, væri þessi munur úr sögunni. En um þetta er ekki hægt að segja nákvæmlega fyr en það er rannsakað.

Hv. þm. (Þorst. J.) hjelt því fram, að þetta yrði til þess að fækka nemendum við Akureyrarskóla, en fjölga þeim hjer. Á Akureyri fækkar að vísu um marga þá, sem ætla að ganga lærða veginn, en ef menn halda, að hjer fjölgi, viðurkenna þeir, að hjer stundi enginn aðeins gagnfræðanám, því ef svo væri, þá ættu þeir að hverfa úr skólanum við breytinguna. Gægist ekki það sanna hjer óvart upp úr moldviðrinu, sem þyrlað er upp utan um þetta mál? En jeg held, að hjer muni samt fækka, þó að þessu sje ekki til að dreifa. Inngangan í skólann verður ekki eins auðveld, og skólinn skilur frekar sauðina frá

höfrunum. Hingað til hafa þeir fengið að fljóta með.

Þá er sú mótbára, að þetta yrði kostnaðarsamt. Jeg held, að það verði hverfandi. Þetta mundi að vísu verða þess valdandi, að setja yrði á stofn gagnfræðaskóla hjer eða auka skólann í Hafnarfirði, en þessi kostnaður hlýtur að koma hvort sem er, því undarlegt má heita, að Reykjavík eða Suðurland skuli ekki eiga verulegan alþýðuskóla.

Að endingu get jeg tekið hátíðlega undir þau fögru orð, sem háttv. þm. (Þorst. J.) viðhafði um móðurmál vort, og eins get jeg tekið undir þá ósk, að menn læri að skrifa íslensku, en ekki latínu í þess stað. Íslenskunni verður ekki um of lof sungið, og er sjálfsagt, að hún hafi heiðurssess í öllum skólum vorum. Það hefir engum dottið í hug að offra henni á altari annara námsgreina og í stjórnarfrv. eru henni ætlaðir eins margir tímar og nokkurri fræðigrein annari. En það er svo, að enginn er spámaður í sínu föðurlandi, og það er hætt við, að íslenskan sje ekki heppileg til þess að vera aðalþrautaefni nemenda. Þeir þykjast þar altaf nokkuð færir; vona að minsta kosti, að þeir geti bjargað sjer, og þess vegna er hún ekki heppileg sem aðalviðfangsefni til þess að þroska nemendur. Um latínuna er öðru máli að gegna. Hún er mönnum ókunn með öllu, erfið og strembin. Menn standa í fyrstu ráðalausir yfir þessum flóknu, samanbörðu setningum, sem virðast tyrfnar og torfærar fyrst, en liggja svo dásamlega beint við, þegar þær eru skildar. Latínan er þess vegna námsgrein, sem hægt er að nota til þess að reyna á þolrif nemendanna; hún er hreinsunareldurinn, sem skilur að það, sem aðskilja á. — Aðaltilgangur hennar er ekki að opna latneskar bókmentir fyrir mönnum, því að þær eru nú til í ágætisþýðingum, og gríska væri betur valin í þessu augnamiði Það á heldur ekki að fara að stofna latínuskóla. Það er mikill munur á þessu fyrirkomulagi og gömlu latínuskólunum. Þar var kend latína, aftur latína og enn latína. Í skólunum var alt talað og skrifað á latínu. Ef farið væri fram á slíkt, hefðu menn ástæðu til að hampa því, að verið væri að vekja upp gamlan draug, en því er ekki til að dreifa. Latínan á aðeins að vera þroskameðal, og hún verður ekki mikið kend. Ef latína og íslenska væru hlutfallslega jafnt kendar, þyrftu 3 latínutímar að koma á móti hverjum íslenskutíma. Menn kunna ekkert í latínu, er byrjað er að kenna hana í skólanum, en svo mikið í íslensku, að þetta er minsti munur, sem á þeim er hægt að gera.

Það hafa komið fram óskir um að fresta þessu máli, en jeg sje ekki til hvers. Málið hefir fengið ágætan undirbúning og er þaulhugsað. Jeg sje ekkert unnið við frestun; jeg held, að ekkert eða fátt nýtt eigi eftir að koma hjer fram, og jeg hefi áður sýnt fram á, að þetta mál þarf ekki að bíða eftir því, að mentamálin verði tekin fyrir í heild.

Forsætisráðherra (J. M.): Það hefir verið talað mikið um það, hvernig þetta mál væri undirbúið, og hefir verið rjett frá því skýrt af hálfu hv. frsm. meiri hl. (M. J.). Þó vil jeg geta þess, að upptök þess eru dálítið fyr en um hefir verið talað. Jeg hygg, að óskir um að láta lærða skólann komast aftur í það horf, sem hann var í áður en

hin núgildandi reglugerð komst á, hafi komið frá Stúdentafjelagi Reykjavíkur, og mjer er sagt, að menn þar hafi einróma verið á því máli, að þetta ætti að gera. Síðan kom málið fyrir Alþingi, og var afgr. þaðan með áskorun til stjórnarinnar í þá átt, að koma skólanum í gamla horfið. Að vísu kemur þetta ekki beint fram í þál.till., en það kom skýrt fram við umr. málsins, t. d. hjá hv. þm. Dala. (B. J.). Að vísu var talað um, að rannsaka ætti málið, en ótvírætt bent í þá átt, að rannsóknin mundi komast að þeirri niðurstöðu, að skólinn ætti að vera með sama fyrirkomulagi og áður. Eftir nákvæma rannsókn komust svo ráðunautar stjórnarinnar alveg að sömu niðurstöðu, og lögðu málið í því formi fyrir þingið.

Jeg verð nú að segja það, að jeg held ekki, að þetta mál sje svo vaxið, að rjett sje að leggja það undir þjóðaratkvæði. Það er þegar nógu langt gengið, að bera það undir Alþingi, því að það heyrir eiginlega fremur undir stjórnarráðstafanir en undir Alþingi. En að það er borið undir Alþingi kemur af því sambandi, sem er á milli mentaskólans í Reykjavík og gagnfræðaskólans á Akureyri. En í meðferð málsins 1919 kom það ekki í ljós, að ætlast væri til, að málið væri borið undir Alþingi.

Að öðru leyti hefi jeg heyrt í dag, að undirbúningur málsins væri eigi nógu langur, og að mentamálanefndarálitið nægði ekki. Jeg hefi oft sagt það áður, að jeg hefi ekki trú á því, að mikið mundi græðast á því, þótt setið væri lengi yfir þessu máli; skoðanir manna mundu vera jafnskiftar um það eftir sem áður.

Annars er jeg samdóma meiri hluta nefndarinnar, og ætla mjer ekki að fara að taka upp það, sem hv. frsm. (M. J.) hennar hefir sagt. Hitt er auðvitað, að eins og til málsins er stofnað, þá má stjórninni standa á sama, þótt því verði skotið á frest. Það er fram komið eftir kröfu þingsins, og það er því á þingsins valdi, hver meðferð verður höfð á því.

Jeg vildi þó skjóta því til háttv. minni hl., hvort ekki muni rjettara að leyfa atkvgr. um brtt. á undan rökstuddu dagskránni, því ef það kemur fram aftur, þá mundi það geta gagnað að vita, hvort þessar brtt. þættu aðgengilegar af hv. deild eða ekki. Það getur auðvitað verið, að málið upplýsist eitthvað, t. d. við skrif um það í blöðunum, en að nokkurt gagn sje í því að bera það undir þjóðina, því hefi jeg ekki trú á. Og að því er snertir andróður stúdenta gegn því, þá hefir það nú oft sýnt sig, hvernig þeir hafa breytt skoðunum sínum. Jeg er ekkert að lasta þá, það sje fjarri mjer; aðeins held jeg, að ýms mál sjeu oft ekki gerhugsuð hjá þeim.

Jeg skal þá minnast nokkrum orðum á brtt. Jeg get ekki annað sjeð en að þær sjeu sumar til bóta, og sumar að minsta kosti skaðlausar. Jeg skal samt leyfa mjer að segja það, að jeg get vel fallist á, að þetta próf sje fremur reglugerðarákvæði. Aftur á móti skal jeg taka það fram, sem hv. frsm. meiri hl. (M. J.) sagði og skýrði mjög vel, að ekki sje heppilegt, að menn af mismunandi aldri sjeu í sama bekk. Þetta held jeg að sje alveg rjett, en vel getur það auðvitað komið fyrir, að ástæða þyki til að veita undanþágu, þó að slíkt ætti að vera sem allra sjaldnast, en að öðru leyti er sjálfsagt að hafa aldurstakmark.

Jeg er alveg samdóma því, að eitt-

hvað sje lært í latínu til undirbúnings. Á þann hátt verður betra samræmi í náminu, og jeg hygg ekki, að það veitist svo erfitt að fá einhverja tilsögn upp til sveita. — Hins vegar er jeg ekki alveg samdóma hv. meiri hl. um það, að varhugavert sje að gera embættispróf að skilyrði fyrir kennarastöðu. Það má auðvitað hugsa sjer undanþágu, en hún ætti þó helst ekki að eiga sjer stað. Um það, hvort kennara sje skylt að láta af embætti 65 ára, það legg jeg enga áherslu á; jeg held, að í framkvæmdinni geri brtt. ekki mikinn glundroða. Jeg er alveg samdóma háttv. frsm. meiri hl. (M. J.), um sjerstöðu hans til skólaráðs. Jeg held, að slíkt sje hollara fyrir skólann en að eiga alt undir úrskurði ráðherranna.

Svo held jeg, að jeg finni ekki ástæðu til að tala neitt frekar um þessar brtt. Komi eitthvað fram í umr., sem vert er athugunar. Þá hygg jeg meiri hl. mæta vel trúandi til að standa fyrir svörum.

Eiríkur Einarsson: Jeg hefi skrifað undir nál. minni hl. mentmn. með fyrirvara, og vildi jeg gera grein fyrir aðstöðu minni þar.

Það er sameiginlegt með mjer og hv. 1. þm. N.-M., frsm. minni hl., (Þorst. J.), að við viljum hvorugur að mentaskólafrv. nái fram að ganga á þessi þingi. Við teljum báðir, að með afgreiðslu nú yrði það mál tekið út úr eðlilegu samhengi við skólamál landsins að öðru leyti, sem eru til rannsóknar í höndum milliþinganefndar. Þótt hv. frsm meiri hl. nefndarinnar (M. J.) hefði þau orð í ræðu sinni áðan, að þar sem sjeð væri, að mentaskólinn ætti að takast út úr skólakerfinu eftir áliti ráðunauta stjórnarinnar í mentamálum, væri ekki eftir neinu að bíða. Okkur minni hl. mönnum nefndarinnar stæði þá nær að leggja til, að málið yrði fremur felt en því frestað.

En jeg er annarar skoðunar. Þótt milliþinganefndin vilji taka mentaskólann út úr kerfinu, er enganveginn þar með sagt, að ekki geti margt komið í ljós í áliti hennar um skóla og mentamálin að öðru leyti, er geti orðið til leiðbeiningar í samanburðinum á mentaskólanum og hinum öðrum skólum. Jeg get líka tekið undir það með hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), að flestallar tillögur, sem liggja hjer fyrir frá mentamálanefnd um hinn lærða skóla, eru þannig sniðnar, að við getum verið þeim samþ., þótt við hins vegar viljum ekki, að málið fái afgreiðslu á þessu þingi. Hæstv. forsrh. (J. M.) gat þess, að málið hefði lítið að gera til þjóðaratkv.; það stæði nær, eða ætti að nægja, að þingið athugaði það. Jeg er í rauninni á sama máli um það, að þjóðaratkvæði á hjer ekki að þurfa, en hinsvegar mundi þinginu aukast skilningur og yfirlit, ef álit það, sem von er á um öll skólamálin, væri komið til samanburðar áður en útkljáð er um fyrirkomulag mentaskólans.

Um alt þetta geri jeg ráð fyrir, að jeg og háttv. frsm. minni hl. nefndarinnar (Þorst. J.) sjeum samdóma, en ef lengra á að rekja, býst jeg við, að komi fram ágreiningur.

Jeg er í miklum vafa um, hvort rjett sje að auka latínunámið eða ekki. Tel jeg vafalaust, að hún hafi mikið mentunargildi, og ræð jeg það ekki síst af frásögn og kynningu við ýmsa ágæta menn, er hafa talið hana til hinna bestu mentunargreina, og veit jeg af afbragðs íslenskumönnum, er hafa þakk-

að latínunni, ásamt móðurmálinu, hvernig þeir hafa kunnað að fara með það. Jeg veit það vel, að latínan verður ekki látin í askana, en um það gæti einnig verið álitamál, þótt til væri nefnt sumt af því, sem kallað er „gagnfræði". Ef latínan er vel til þess fallin að kenna rökrjetta hugsun, skipulega framsetningu og fegrun ritmáls, og sje hún auk þess nauðsynleg undirstaða til náms þeirra tungna, er af hennar rótum eru runnar, þá verð jeg að játa það, að hún á mikinn rjett á sjer í lærða skólanum, þótt um hitt megi deila, hvað megi kaupa hana dýru verði. Um það þori jeg ekkert að segja, og síst á meðan jeg veit ekki, hvað við verðum að leggja í sölurnar. Auk þess er altaf á það að líta, að meira er komið undir kennurunum en kenslugreinunum.

Jeg er því enn sem komið er óráðinn í því, hvort auka skuli latínunám í lærða skólanum, og hvort gerlegt sje að færa hann í hið fyrra horf og hafa hann óskiftan latínuskóla.

Úrslitaskoðun mín um þetta mál mun mikið fara eftir því, hvað samrýmanlegt er við aðra skóla og hver bönd þetta myndi leggja á landsmenn, til að einskorða lærða mentun við Reykjavík. Jeg tel t. d. enga fjarstæðu, þótt stungið sje upp á því sem tiltækilegu — jeg vil alls ekki segja æskilegu — að latína skuli einnig kend í sjerstakri deild Akureyrarskólans. Ef þetta þætti vel gerlegt, rannsókn skólamálanna leiddi það í ljós, og ef yfir höfuð aukin latínukensla í mentaskólanum gerði landsmönnum lítið erfiðara fyrir eftir en áður að láta unglinga, sem eiga að ganga „lærða veginn", stunda nám sitt þar, sem hentast þykir, annarsstaðar en í Reykjavík, þá vil jeg síst verða til þess að andæfa latínunni. En ef hins vegar það sæist í meðförunum, að óskiftur latínuskóli hefði þá nauðsyn í för með sjer, að ekki yrði í önnur hús að venda til námsins en til höfuðstaðarins, þá geri jeg ráð fyrir, að mjer þætti latínan, svo ágæt sem hún er, ekki leggjandi í sölurnar. Er á það tvent að líta, að eins og nú er komið með alt verðlag og dvalarkostnað í Reykjavík, má svo segja, að ógerlegt sje fyrir aðra en efnamenn að kosta börn sín til náms í Reykjavík. Vetrardvöl þar kostar nú á 3. þús. kr., og jafnframt hlýtur það að koma til álita, sem mikilvægt atriði, að margir munu telja börn sín í betra öryggi annarsstaðar en meðal ókunnugra í Reykjavík, slíkt sukkorð, sem nú fer af höfuðstaðnum, og veit jeg, að engan mun hneyksla, þótt þetta sje sagt.

Hjer kemur það einnig til greina, og veldur því, að mjer finst, ekki svo mjög aðkallandi að afgreiða nú frv. um mentaskólann, að annað, sem lýtur að mentamálum, og þjóðin á miklu meira undir, er ekki komið til athugunar fyrir þingið nje endurbóta. En það er barna- og unglingafræðslan. Hefir um hana sannast, með þeim breytingum, er hún hefir verið látin taka á síðustu árum eftir útlendu sniði, að við erum fúsari til að taka upp ýmsa nýbreytni erlenda, ómelta og hugsunarlaust, en gá fyrst og fremst að, hvað okkur hentar, miðað við hið sjerstaka ásigkomulag lands og þjóðar. Á þetta einnig við um mentamálin. — Undirstöðuatriði mentamálanna er barnafræðslan, og henni verður því fyrst að sinna. Hvort sem litið er til skóla- eða fræðsluhjeraða, þá er barnafræðslunni mjög ábótavant og í afturför, enda er það eðlilegt, þegar ekki verður betur sjeð, en sá eldur, er þjóðin varðveitti dýrastan

á arni sínum, sje nú nærri sloknaður. En þar á jeg við kenslu og mentun á sveitaheimilunum. Þennan eld þarf aftur að glæða, ef vel á að fara. Svo má tala um latínuskólann á eftir.

Að lokum vil jeg geta þess, að þótt ekki yrði breytt um fyrirkomulag mentaskólans, álít jeg, að hin almenna gagnfræðamentun Reykvíkinga og annara nálægra, eigi þar ekki fram að fara. Lærði skólinn á að njóta þeirrar friðhelgi, að slíku verði ekki blandað saman.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi nú hlýtt á mál hv. þm. og skal taka það fram þegar, að jeg mun greiða atkv. með stjórnarfrv. Jeg er nú orðinn gamall maður og man bæði fortíð og nútíð þessa máls. Minnist jeg þess, að þegar heimavistirnar voru lagðar niður við lærða skólann, þá þótti mjer það hið mesta óráð. Gleður það mig mikið, að nú skuli skriður á kominn að bæta úr þessu mikla meini. — En það var eins og eins ógæfan byði annari heim í skólamálum vorum. Skólinn var gerður að þeim viðrinisskóla, sem hann enn er, og hefir sú ankannalega samsteypa orðið þjóð vorri til hinnar mestu bölvunar. Ávextirnir af þessu fyrirkomulagi eru gutlmentun, sem hvorki er heilt nje hálft.

Forna rómverska málshættinum „non multa, sed multum“ hefir verið snúið við, og því er svo komið sem komið er.

Gleður það mig mjög mikið, að ráðunautar stjórnarinnar skuli hafa sjeð nauðsynina á því að breyta þessu aftur í gamla horfið, þó mjer hins vegar sýnist, að þeir muni tæplega nógu langt gengið hafa. Það hefir oft verið talað um það hjer á þingi, og þar á meðal af mjer, að málin væru eigi nógu rækilega undirbúin, og nauðsyn bæri til, að stjórnin legði síðustu hönd á verkið. því að annars gæti það talist flaustursverk, og það jafnvel þó að milliþinganefnd og þingnefndir hefðu um málið fjallað. En hjer er þessu ekki til að dreifa. Þetta mál hefir fengið rækilegan undirbúning.

Er því einkennilegt af háttv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) að segja, að mál þetta sje illa undirbúið. Er þetta því einkennilegra, þar sem fyrir nokkrum dögum kom hingað þingm.frv. frá hv. Ed. um vandasamt og þýðingarmikið mál, en þó þótti hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) og fleirum engin þörf á því að setja það í nefnd. Var máli þessu þó þannig varið, að full þörf var á að athuga það, og það því frekar, sem fáir vissu um undirbúning þess undir meðferð þingsins, eða hverjir höfðu unnið að því, og stjórnin enga meðgerð haft með það. Sýnist vera hjer um meir en litla ósamkvæmni að ræða. Annars fæ jeg ekki skilið afstöðu minni hl. til þessa máls, því að háttv. frsm. hans (Þorst. J.) sagðist vera samdóma brtt. meiri hl. um flest atriði málsins, en því undarlegra sýnist mjer, úr því hann hefir komist að þessari niðurstöðu, að hann skuli þá ekki geta fylgt meiri hl. að málum. Jeg þykist raunar vita, að þeir muni þau tilsvör veita, að málið sje rifið út úr samhengi þess, sem rannsaka átti, og því sje tíminn eigi enn kominn til þess að samþykkja það. En jeg fæ ekki sjeð, að milli fyrirkomulags lærða skólans og nokkurra annara lægri skóla sje nokkuð samband, sem hamli því, að þetta sje samþ. Hjer er sem sje um þann mikla mismun að ræða, að lærði skólinn er ekki beinn undirbúningur undir alþýðu- og barnaskólana, heldur undir háskólanámið.

Af þessum sökum er þetta algerlega sjerstakt mál og lærði skólinn sjerstakur skóli, og því var það fyllilega rjett af ráðunautum stjórnarinnar að byrja á honum. Var það hvorttveggja, að það var umfangsminna að fást við hann en alla hina skólana, en þurfti jafnframt bráðra umbóta við.

Hv. 1. þm. Árn. (E. E.) hefir ekki hvað síst viðurkent, að mentaskólinn væri ekki svo sem skyldi, og því óbeinlínis viðurkent, að breyta þurfi til batnaðar. Er það því undarlegra, að þeir skuli þá vilja fresta málinu; væri skiljanlegra, að þeir kysu heldur að fella frv. ef von væri að fá eitthvað, sem þeir gætu betur felt sig við, í staðinn. En við frestun getur ekkert unnist, því að bæði stjórnin og ráðunautar hennar hafa gengið frá málinu, og jeg býst satt að segja varla við því, að röksemdir hv. minni hl. fái nokkru um þokað. Þá hefir því verið haldið fram, að dráttur væri nauðsynlegur, svo að þjóðin fengi að rökræða málið. Jeg ber fulla virðingu fyrir alþýðu þessa lands, en því býst jeg eigi við, að frá henni komi mikilsverðar leiðbeiningar í þessu máli til næsta þings. Svona mál fara að mestu fyrir ofan garð og neðan hjá alþýðunni, þó skynsöm sje. Það eina, sem hafast mundi upp úr biðinni, væri það, að hætta yrði á því, að mikið starf og mikill kostnaður færi í lítið eða ekkert. Hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.) sagði, í sambandi við það nýmæli að gera latínu að inntökuprófsskilyrði, að hann teldi það illa ráðið og yfirleitt rangt að herða á inntökuskilyrðunum. Jeg er hjer alveg á gagnstæðu máli og álít, að inntökuprófið eigi að vera strangt.

Inntökuprófin í mentaskólann í seinni tíð hafa verið lin og gagnslaus. Menn hafa verið teknir inn í skólann, sem ekki áttu þangað að komast. En verði latína inntökuprófsskilyrði, þá stöðvar hún hið mikla aðstreymi að mentaskólanum, og það tel jeg mikinn kost. Þetta aðstreymi er orðið alt of mikið.

Að vísu sagði hv. frsm. minni hl. (Þorst. J.), að hann væri ekki myrkfælinn við það, að stúdentar yrðu margir. Jeg er ekki myrkfælinn við það, en jeg er hræddur við það, sjerstaklega ef möguleikarnir til sæmilegra lífskjara eru litlir eða engir fyrir þennan vaxandi stúdentafjölda. Og það er viðurkendur sannleikur, að enginn stjett sje óþarfari í nokkru landi en lærður öreigalýður, og mjer sýnast öll sólarmerki á því, að vísirinn sje að myndast hjer til þessarar stjettar. Það er ekki svo að skilja, að jeg álasi þessum mönnum, en jeg tel þá aumkunarverða. Þessir menn hafa lagt fram mikið fje, gert líkama sinn ófæran til vinnu, og fá svo ekkert að gera að náminu loknu. Má sannarlega þessum mönnum vera mikill siðferðislegur þróttur og siðgæði gefið, ef ekki á að verða hætta á því, að þeir lendi fremur á glapstigum og grípi til óyndisúrræða, heldur en hinir, sem fulla hafa líkamskraftana, og strax komast að lífvænlegri atvinnu. Mun því heppilega ráðið að þrengja fremur en rýmka inntökuskilyrðin. Það er í almæli, að mentaskólinn hefir að undanförnu tekið við alt of óþroskuðum mönnum, mönnum, sem þar af leiðandi hafa eigi getað náð þar þeim andlega þroska, sem nægilegur er til undirbúnings háskólanáms. Er mjer líka vitanlegt, að nú er á háskólanum fjöldi stúdenta, sem aldrei, eða mjög sjaldan, koma í tíma hjá kennurum sínum, en leggja því meiri stund á önnur

fræði hjá „professores extraordinarii“ í allskonar byltingastefnum, og að fá syndaflóð af þeim lærðu mönnum út yfir landið, því óar mjer við, og það hefir gert mig enn hræddari við allan þennan stúdentafjölda.

Jeg segi þetta ekki til þess að álasa hinum ungu mönnum nje kennurunum við skólana, því þeir eiga engan þátt í því að breiða út þessar banvænu kenningar fyrir þjóðfjelagið.

Það verður sjálfsagt mikið verk að bæta úr öllum þeim glundroða, sem er í öllum skólamálum vorum. Nú er ástandið orðið svo, að mæðurnar þykjast varla geta kent börnum sínum „faðirvorið“ í heimahúsum, auk heldur meira, en verða að láta þau ganga í skóla til að læra það. Það er illa komið, þegar svo er, því hjer á landi hefir heimilisfræðslan reynst þjóðinni notadrýgst. Jeg bið ekki afsökunar á því, þótt jeg þyki tala hjer sem afturhaldsmaður á þessu sviði, því mjer þykir hreint heiður í því að heita svo nú á tímum. Jeg álít, að þess sje brýn nauðsyn að stöðva margar þær óheillaöldur í kenslumálunum, sem eru nú að ganga yfir land vort, og koma fræðslumálunum í heillavænlegra horf. Jeg verð að álíta, að ávextirnir af öllu þessu mentunartildri sjeu sorglega litlir. Margir þessara skólagengnu manna, eldri og yngri, eru í raun og veru engu mentaðri en þeir menn, sem aldrei hafa komið í neinn skóla, og er þó ekki fallegt frá að segja nje skemtilegt til þess að vita, að svo sje. Það er ekki nægilegt að vera bara skólagenginn. Menn verða að hafa lært þar eitthvað, sem að gagni kemur í lífinu.

Það er annars leiðinlegt, að minni hl. nefndarinnar skuli ekki hafa getað orðið meiri hl. nefndarinnar samferða, því þótt málið yrði aldrei afgreitt á þessu þingi, þá hefði það orðið til að flýta fyrir því. En verði þessi dagskrá, sem nú er á döfinni samþ., þá hefir þingið þar með vísað málinu frá sjer um lengri eða skemmri tíma. — Að það sje meiningin að bíða eftir till. nefndarinnar í þessu máli, er bara viðbárur.

Jeg skal svo ekki þreyta hv. deild á því að ræða þetta frekar. Jeg get ekki talað um þetta efni af sömu þekkingu og þaulvanir skólamenn, en jeg hefi þó öðlast talsverða lífsreynslu af þeim afleiðingum, sem þetta fyrirkomulag hefir haft í för með sjer, og jeg verð að segja það, að sú lífsreynsla hefir ekki orðið til þess að gera mig hreykinn af ástandinu, eins og það er nú. Öll vor fræðslumál þurfa bóta við.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Jónsson): Þegar hv. frsm. meiri hl. (M. J.) byrjaði ræðu sína, þá bjóst jeg við, að hann myndi reiða sleggjuna hátt og dauðrota fluguna, sem hefir verið að sveima um deildina, — en það varð lítið úr höggginu; sleggjan lá að mestu óhreyfð, og flugan er ódrepin enn. (**M. J.:** Jeg vildi eftirláta háttv. minni hl. nefndarinnar að nota sleggjuna). Flugur nota ekki sleggju. Jeg man annars ekki eftir, að hv. frsm. (M. J.) kæmi fram með nein ný rök til að hrekja með málstað minni hl. Þó eru örfáir drættir í máli hans, sem jeg vildi minnast lítið eitt á.

Háttv. þm. (M. J.) talaði um, að sú reynsla, sem væri orðin á þeim stúdentum, sem útskrifast hefðu eftir nýju reglugerðinni, væri alt annað en glæsileg. Jeg er ekki svo vel inn í því efni, að jeg geti dæmt um það af eigin reynslu. En jeg verð að halda því fram, að ekki verði sjeð af þeim einkunnar-

töflum, sem fram hafa verið færðar, að þessir stúdentar standi þeim nokkuð að baki, sem hafa útskrifast eftir gömlu reglugerðinni. Jeg hefi ekki dvalið í þessum skóla, hvorki fyr nje síðar, og hefi því ekki átt kost á að kynnast þar, hve hæfir stúdentarnir væru, bæði áður og nú. Jeg vil geta um það, að jeg rak mig á fyrir ekki alllöngu síðan ritgerð eftir merkan skólamann, og hann kemst þar svo að orði á einum stað, að ekki muni takast að benda á, að eftir nýju reglugerðinni hafi útskrifast önnur eins andleg dauðyfli og átt hafi sjer stað eftir þeirri gömlu.

Annars geri jeg ráð fyrir því, að aldrei verði loku skotið fyrir, að úr skólanum útskrifist nokkuð misjafnir menn, hversu vel sem reglugerðin er annars úr garði gerð.

Þá tók háttv. frsm. meiri hl. (M. J.) það fram, að sumir kennarar mentaskólans væru samþykkir þeirri breytingu, sem hjer er um að ræða. Eftir því, sem fram hefir komið þar, þá verð jeg að telja það stórmikið vafamál, að svo sje. Aðeins 3 þeirra hafa látið uppi álit sitt um þetta og þeir eru allir ósamþykkir þeim aðalbreytingum, sem frv. gerir á skólanum. Nú geri jeg ráð fyrir, að ef hinir kennararnir hefðu verið sammála nefndinni, þá hefðu þeir látið í ljós skoðun sína, þar sem málið hlýtur að vera þeim áhugamál, en það hafa þeir ekki gert. Verður því tæplaga annað sjeð en að þessi staðhæfing hv. þm. (M. J.) um skoðanir kennaranna sje sögð út í bláinn.

Háttv. frsm. meiri hl. (M. J.) sagði, að orsökin til þess, að á síðustu árum hefðu svo margir hætt í gagnfræðadeildinni, væri sú fjárhagskreppa, sem styrjöldin hefði bakað mönnum. En jeg held, að orsökin sje fremur sú, að menn eru nú komnir upp á lagið með að nota gagnfræðaskólann. Það er alls ekki hægt að sýna fram á það með rökum, að aðstaða manna efnalega hafi verið nokkru verri á stríðsárunum en áður, og getur þetta því ekki verið orsökin, sem hv. þm. heldur fram.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl. (M. J.), að sjer hefði aldrei dottið í hug, að þeir tímar komi ekki, sem þessu verði öllu kollvarpað á, sem nú er gert. Ef hann nú heldur, eins og jeg, að hjer sje aðeins verið að tjalda til einnar nætur, ef þessi breyting á skólanum, sem nú er rædd, nær að ganga fram, en er hins vegar sammála mjer um, að tíðar breytingar sjeu óheppilegar, þá á jeg bágt með að skilja það, hvers vegna hann vill þá láta þessar breytingar verða að lögum.

Hann sagði, að andstaðan gegn þessu blossaði mest upp fyrst, en myndi svo brátt lægja, þegar frá drægi. — Það er svo venjulega með flestar nýjar stefnur. — En þá ætti hann líka að vera sammála mjer um það, að rjett sje að láta málið bíða, svo menn fái að átta sig á því. Og ef hann heldur að þessar breytingar vinni fylgi við biðina, þá sje jeg ekki betur, en að hann ætti að geta gengið inn á dagskrá okkar, minni hlutans.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl. (M. J.), að líkindi væru til þess, að óþarflega mikið af vísindanámi hefði verið troðið inn í gagnfræðadeildina á síðustu árum. Jeg skal ekki fara út í langa deilu við hv. þm. (M. J.) um þetta, en jeg vil þó taka það fram, að jeg trúi vart, að svo mikil brögð sjeu að því, að undan því þurfi að kvarta. Jeg geri ráð fyrir, að flest af því, sem þar er kent, hafi komið nemendunum að einhverju haldi. — Hv. þm. (M. J.) sagði, að æskilegt væri,

að það sæist einhver sýnilegur árangur af því, sem þeir hefðu lært. — Jeg verð að játa, að þegar jeg heyrði þetta, duttu mjer í hug orð gömlu mannanna, að bókvitið verði ekki látið í askana. Jeg geri annars ráð fyrir, að flestir, sem vit hafa á þessum málum, sjeu sammála mjer um það, að mörgu námi sje þannig farið, að ekki náist við það sýnilegur árangur, heldur ósýnilegur, sem er innifalinn í því að treysta og fullkomna gáfur og skapgerð mannsins.

Háttv. þm. (M. J.) tók það hjer sem dæmi, að það væri kend of mikil málfræði í gagnfræðaskólanum og menn þar þvældu óþarflega mikið í henni. — Jeg hefi jafnan litið svo á, að fátt þroskaði meir en einmitt málfræðisnám. Auðgar það bæði einkarvel námsgáfur manna og veitir auk þess mikla æfingu í því að hugsa rökrjett — en þess mun flestum þörf, hvað sem þeir annars taka sjer fyrir hendur í lífinu.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl. (M. J.), að nauðsynlegt væri, að úrvalsmenn einir gengju lærða veginn. Jeg skal játa, að þetta væri mjög æskilegt, bara ef hægt væri að koma því við. En hvar er mælikvarðinn, sem nota yrði þá á gáfur manna og mannkosti? Háttv. frsm. (M. J.) mun væntanlega benda á prófin. En jeg vil þá fullyrða það, að einkunnir við próf verði altaf fremur tvísýnn mælikvarði. Fyrst og fremst tekst kennurum oft nokkuð misjafnlega að halda þar á vogaskálum rjettlætisins, og auk þess er óvíst, að bestu námsmennirnir verði bestu mennirnir, þegar út í lífið kemur. Fer þetta mjög eftir lundarfari manna og hve fljótir menn eru að þroskast, og svo eftir því, hvort menn gefa sig óskifta við náminu eða ekki. Detta mjer í hug frægustu skáld Norðmanna, Björnson og Ibsen. Þeir þóttu ávalt heldur slakir námsmenn meðan þeir voru í skóla, en þó býst jeg við, að enginn haldi því nú fram, að þeir hafi til einskis verið þar. Hitt hefi jeg þar með aldrei sagt, að meiri líkur sjeu til, að litlir námsmenn skari fram úr seinna í lífinu, heldur en þeir, sem duglegir eru við námið.

Útskýringu hv. frsm. meiri hl. (M. J.) á þjóðsögunni „Ása, Signý og Helga" þarf jeg fáu að svara. En jeg skil þá sögu nokkuð öðruvísi en hv. þm. — Ása og Signý eru þeir duglegu námsmenn og eftirlæti foreldranna, settar til náms í æsku, vitanlega í lærðan skóla, ef efni leyfa. Af dálætinu skapast hjá þeim óhóflega mikið sjálfsálit, sem svo verður þeim að fótakefli, þegar út í lífið kemur, af því að upplagið er ekki að sama skapi gott. En Helga er seinþroska unglingurinn, sem lætur lítið yfir sjer og á fremur litlu atlæti að fagna af foreldrunum. Hún er ekki látin ganga í skóla í æsku, síst í lærðan skóla, og fær ekki viðurkenningu fyr en út í lífið kemur og hún hefir sjálf rutt sjer braut.

Þá sagði hv. þm. (M. J.), að það væri vanalega afráðið snemma, hvort unglingurinn gengi lærða veginn eða ekki. Jeg verð þá að halda því fram, að svo sje ekki, nema þegar foreldrarnir ráða þessu fyrir hönd barna sinna. En það tel jeg einmitt mjög viðsjárvert, að svo sje, því í þessu efni ættu unglingarnir að ráða mestu. Og jeg get ekki fallið frá því, að þeim mun eldri sem hann verður, þeim mun færari er hann um að finna, hvert hugur stefnir, og ákveða eftir því æfistarf sitt.

Þá hjelt hv. frsm. (M. J.) því fram, að meiri aðsókn myndi verða að menta-

skólanum, ef þessu fyrirkomulagi yrði haldið, sem nú er, en ef því yrði breytt, og hann bætti því við, að fjölgunin í skólanum hefði aldrei verið eins mikil og nú síðustu árin. Það er rjett, að þeim fjölgar, sem ganga í skólann. Reykvíkingum er altaf að fjölga í þessum skóla, sem eðlilegt er, því að fólkinu fjölgar hvergi á landinu eins ört og hjer. Auk þess hefir heimsstyrjöldin haft nokkur áhrif á þetta.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl. (M. J.), að Austfirðingar gætu eins vel sótt skóla hingað og til Akureyrar. Um þetta ætla jeg, að jeg geti talað af eins mikilli þekkingu og hv. þm. (M. J.). Þótt jeg hafi ekki neina skýrslu um verðlagsmun á þessum tveim stöðum, þá get jeg fullyrt það, að það munar mjög miklu, hvað landbúnaðarafurðir eru ódýrari þar en hjer, eins og lætur að líkindum, þar sem bærinn stendur í svo blómlegri sveit sem Eyjafjörðurinn er, og auk þess margfalt fólksfærri en Reykjavík. Að vísu geta landbúnaðarafurðir lækkað hjer með tímanum, þegar járnbraut verður lögð um Suðurlandsundirlendið, en þó hljóta aðflutningar altaf að verða dýrari hjer en á Akureyri.

Hv. þm. (M. J.) tók það fram í því sambandi, að ódýrara myndi vera að flytja gagnfræðaskólann upp í sveit en að láta hann vera á Akureyri. Jeg er nú alls ekki viss um, að svo sje, en hitt getur verið, að heppilegra hefði verið að flytja skólann aldrei þangað frá Möðruvöllum, — en það verður ekki látið ógert, sem þegar er gert.

Þá gat hv. frsm. meiri hl. (M. J.) þess, að Danir kvörtuðu undan því sama og eldri menn hjer, að stúdentar sjeu ekki eins vel að sjer nú og áður fyr. Mjer þykir líklegt, að þar sje þetta af svipuðum rótum runnið og hjer. Þetta er annars ekkert spánnýtt, að gömlu mennirnir kalli ekki alt ömmu sína að því er snertir hina yngri menn, og þykist í hvívetna hafa staðið þeim framar, þegar þeir voru ungir. Hjer er um alþektan veikleika að ræða, sem á alþýðumáli hefir verið kallaður „karlagrobb“. Geri jeg ráð fyrir, að þau ellimerki sjeu engu ótíðari hjá Dönum en hjá oss. Jeg skal taka það fram, að það fer fjarri því, að jeg hafi haft hv. frsm. meiri hl. (M. J.) í huga, er jeg mintist á þetta, en hitt verð jeg að játa, að jeg heyrði rjett áðan rödd hjer í deildinni, sem minti mig átakanlega á þennan sjúkdóm og einkenni hans.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl. (M. J.), að enginn væri spámaður í sínu föðurlandi, og átti þar við móðurmálið og kenslu þess í skólunum. En jeg verð að segja, að það sje illa, ef svo fer. Því ef Íslendingar hætta að hlýða á þann spámann og glata þar með tungu sinni, þá hætta þeir um leið að vera þjóð. En jeg veit, að Íslendingar muni einlægt hlusta á þennan spámann. En mig undrar að heyra þá vantrú á krafti spámanns þessa berast frá vörum háskólakennara í guðfræði.

Jeg man þá ekki fleira, sem jeg þarf að svara í ræðu háttv. frsm. meiri hl. (M. J.)

Þá vil jeg minnast á nokkur atriði í ræðu hæstv. forsrh. (J. M.). Hann sagðist aldrei hafa búist við, að þetta mál yrði borið undir þjóðaratkvæði. Jeg hefi heldur aldrei sagt neitt í þá átt. Hitt er annað mál, að jeg vil, að þjóðin fái að ræða málið, fái tíma og tækifæri til þess að gera sjer ofurlitla grein fyrir því, hvernig fara á og farið er með öll þessi mál í heild sinni. Nú er þegar tekið að ræða málið í blöðunum, og því verður vafalaust haldið

áfram. Þetta virðist mjer ekki vera sama og bera málið undir þjóðaratkvæði.

Hann sagði enn fremur, að málið mundi ekki græða á biðinni. Um það þýðir vitanlega ekki að deila. Jeg er sannfærður um, að það muni græða við biðina. Að minsta kosti eru þá meiri líkur til, að hið væntanlega skipulag fengi að standa lengur, ef það er vandlegar athugað fyrirfram. Því að það má hv. meiri hluti vita, að eigi þagna þær raddir, sem óánægðar eru með tillögur hans, þótt honum tækist að berja nú fram mál sitt til sigurs, af meira kappi en forsjá. Og kynni þá svo að fara, að brátt þyrfti aftur að breyta. En jeg tel tíðar breytingar á fyrirkomulagi skólamálanna eigi æskilegar, ef hægt er að komast hjá þeim.

Þá kvað hann málið borið fram í því formi, sem þingið hefði óskað. Það er nú satt, að vísu. Þál. frá 1919 var ekki heppilega orðuð. Hún var flutt af hv. þm. Dala. (B. J.) og lituð af skoðunum hans. Þó var nú ekki kveðið ríkar að orði en svo, að stjórnin skyldi athuga, „hvort eigi væri heppilegast“, að skólinn væri settur aftur í gamla farið. Og vitanlega lá aðaláherslan á rannsókninni.

Þá sagði hæstv. forsrh. (J. M.), að Stúdentafjelagið hefði samþykt tillögu í sömu átt og þetta frv. gengur. Það vill nú svo vel til, að jeg hefi átt kost á að sjá útdrátt úr fundargerð þess fundar, sem hann á við. Þar er sagt, að 10—20 manns hafi verið á fundi, margir hafi fundið núverandi skipulagi skólans til foráttu, og að engin ályktun hafi verið gerð. Mjer er sagt, að háttv. þm. Dala. (B. J.) hafi boðað til fundarins og varið gamla fyrirkomulagið. Nú er það alkunna, að hv. þm. Dala. (B. J.) er vel máli farinn, og hefði þá ekki verið neitt undur, þótt honum hefði tekist að snúa meiri hlutanum af þessum 10—20 manns.

Hæstv. forsrh. (J. M.) óskaði þess, að við 1. þm. Árn. (E. E.) tækjum aftur dagskrá okkar til 3. umr., svo að brtt. nefndarinnar gætu komið til atkvæða. Jeg hefði nú ekkert á móti því, að þær kæmu til atkv. Og jeg veit ekki, hvort hæstv. forseti (B. Sv.) getur borið brtt. upp fyrst og dagskrána svo á eftir, því dagskrána getum við ekki tekið aftur, því að ef hún verður feld og frv. samþ., þá þarf jeg að koma fram með brtt. við 3. umr. um það atriði, er mig skilur aðallega frá hv. meðnefndarmönnum mínum.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hjelt hjer eina af dómsdagsprjedikunum sínum. Hann byrjaði á því að lýsa gutlkenslu þeirri, sem verið hefði í skólanum nú á seinni árum. Mjer virðist nú, að kenslan hefði getað verið góð eða vond, hvernig sem reglugerðin var. Þessum skeytum er því eingöngu beint að kennurum skólans. Og þó tók hann það fram síðar í ræðunni, að þeir væru mætir menn og ágætir kennarar. Svona er þá samkvæmnin og rökfestan hjá þessum gamla mentamanni. Hann er þó úr „gamla skólanum“.

Þá undraðist hv. þm. (S. St.), að jeg skyldi ekki geta orðið samferða háttv. meiri hl. um það að afgreiða frv., þar sem jeg sje sammála flestum brtt., er hann ber fram. Jeg tók nú fram í fyrri ræðu minni, að jeg væri að mestu leyti samþykkur brtt. öllum, að einni undanskilinni. En sú eina brtt. er einmitt aðalatriðið í málinu. Það er sem sje spurningin um það, hvort auka beri latínunámið í skólanum eða ekki. Þetta er annað meginatriði frv., en af því leiðir

hitt meginatriðið, hvort skólann á að slíta út úr samhengi og sambandi við gagnfræðaskólana, hvort eigi að rífa skólann alveg út úr skólakerfi landsins og láta hann standa einstakan, eins og eftirgerðan forngrip, með latínuna, margúrelta og dauða, sem einkennismark. Þegar jeg hafði lýst því, að jeg væri mótfallinn breytingum þeim, sem frv. gerir um þessi tvö meginatriði, þá hjelt jeg nú satt að segja, að jafn-„mentaður" maður og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) þyrfti ekki að bera fram þá barnalegu spurnnigu, hví jeg hefði ekki verið alveg sammála hv. meiri hl., þótt jeg gæti fallist á nokkrar smávægilegar brtt., sem eru þó heldur til bóta, ef vitleysan á að sigra. Jeg hjelt, að hv. þdm. gætu greint þar á milli aðalatriðis og aukaatriðis. Og stærsta atriðið er, hvort á að slíta skólann út úr skólakerfi landsins. Um það greiða hv. þdm. atkv., þá er þeir greiða atkv. um dagskrána.

Þá sagði hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að kjósendur mundu ekki leggja mikinn skerf til málsins, þótt það biði. Getur verið, að nokkrir ljetu sig málið litlu skifta, en þó treysti jeg flestum kjósendum til þess að gera sjer ljós aðalatriði málsins, jafnvel eins vel og hv. þm. (S. St.), eftir ræðu hans að dæma. Og mjer þótti skrítið að heyra þessi ummæli úr þessari átt. Jeg held, að formaður allshn. (S. St.) hafi með þessu höggið óþarflega nærri allshn. og starfi hennar. Jeg man ekki betur en að hún hafi lagt til, að frv. um varnir gegn berklaveiki yrði skotið undir atkvæði allra sýslunefnda. Sýslunefndirnar áttu að endurskoða starf berklaveikisnefndarinnar. Ætli hv. þm. (S. St.) fái nú marga til að trúa því, að sýslunefndir sjeu meiri sjerfræðingar í berklamálum en alþýða í skólamálum.

Þá hjelt hann því fram, að alþýðumentun og „lærð" mentun væru alveg óskyld mál. Hann færði nú engin rök fyrir þessari fullyrðingu sinni, og jeg veit heldur ekki, hver rök ættu fyrir henni að finnast.

Loks hjelt hann einn mikinn rokna reiðilestur, sannkallaða eldprjedikun, yfir stúdentum, sem nú stunda nám við háskólann. Jeg vísa því til hv. frsm. meiri hl. (M. J.) að svara fyrir stúdentana. Hann er þeim kunnugri en jeg, og mig uggir, að hann hljóti að verða á nokkuð öðru máli en þessi sjálfboðni og orðhvati skjaldsveinn hans (S. St.). Jeg fæ ekki skilið, að stúdentar sjeu eins háskalega spiltir og stórhættulegir menn og klerkurinn í vandlætingu sinni virtist halda. Og þótt svo kunni að vera, að einhverjir sjeu til, sem lítils megi vænta af, þá get jeg ekki hugsað mjer, að fyrir það yrði girt, þótt frv. væri samþ., að einhverjir yrðu til vansa. Það hefir jafnan viðgengist, að gáfnatregir menn og lítilsigldir hafa komist inn í skólann og gegnum hann. Og svo verður jafnt fyrir því, þótt latínan sje tekin upp aftur. Það sýnir reynsla fyrri ára. Annars skildist mjer það nú vera eitthvað annað, sem klerkurinn óttaðist meir, en nokkurt syndaflóð. Það voru víst skoðanir sumra þessara yngri mentamanna, sem hann hræddist mest. En þá verður hann að vera hugvitssamari en hann hefir útlit til, ef hann þykist með reglugerð og lögum geta gert þá vjel, er fylli menn ákveðnum skoðunum, sem aldrei geta skilið við þá síðan. Það er meira en nokkur uppeldisfræðingur hefir látið sjer detta í hug.

Í niðurlagi ræðunnar kom fram hugur hans til allra alþýðuskóla. Allir þessir skólar, alt frá barnaskólunum til kennaraskólans, eru eitt stórkostlegt

ólán fyrir þjóðina. Þetta er skýr stefna. Skera niður alla alþýðuskóla. Þeir eru hvort sem er ekki nema til bölvunar. Þá er eftir „lærði" skólinn, og svo skildist mjer þó, að háskólinn ætti að lafa eftir líka. Þó er það víst mest af trygð við nafnið, því ekki var lýsingin af háskólanum og mentaskólanum svo girnileg hjá honum. En þá skil jeg ekki, hví hann vill ekki stiga skrefið heilt og afnema mentaskólann og háskólann líka. Þá fengjum við að lifa í skólalausu landi, og þá væri víst mentuninni borgið í landinu. Eða rjettara sagt, mentunin væri þá komin í það horf, sem hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) gæti vel við unað, og hann þyrfti þá ekki að hafa neinn geig af henni þá daga, sem hann á eftir ólifað í heimi þessum, og í gröf sinni gæti hann sofið rólegur fyrir umbrotum hennar.

Umr. frestað.

Á 66., 67. og 68. fundi í Nd., dagana 10., 11. og 12. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

4. Seðlaútgáfurjettur.

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 19. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um seðlaútgáfurjett o. fl. (A. 44).

Á 7. og 8. fundi í Nd., dagana 23. og 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 26. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Sú tilhögun hefir ekki reynst heppileg, að megnið af seðlaútgáfu Íslandsbanka allmörg síðastliðin ár hefir verið samkvæmt heimildum, er gilt hafa um stutt skeið í senn, og stundum með bráðabirgðalögum. Því hefir bankinn ekki ávalt getað verið eins viðbúinn því hlutverki sínu, að sjá fyrir nægum verðmiðli eftir þörfum viðskiftanna, sem skyldi, og ekki eins vel útbúinn með fastan og ríflegan málmforða eins og ef hann hefði haft seðlaútgáfurjettinn fastbundnari til langs tíma. Bankinn hefir ekki viljað hætta á að leggja í kostnað við prentun seðla, nje heldur fastan gullforða, þegar hann hefir ekki verið viss um að halda útgáfurjettinum áfram. Þetta kom ljóst fram í sumar, er skortur varð á seðlum, en bankinn gat afsakað sig að nokkru leyti með því, að hann hefði ekki haft útgáfurjett eftir viðskiftaþörfinni, nema árlangt í senn. Nú hefir hann útgáfurjett einungis til 1. maí næstkomandi.

Þessu átti að kippa í lag á Alþingi 1919, og var það eftir áskorun Alþingis 1917, á þann hátt, eins og kunnugt er, að Landsbankinn fengi útgáfu þeirra seðla, sem viðskiftaþörfin krefði, fram yfir 2½ miljón, sem Íslandsbanki hefir samkvæmt sínum upphaflegu lögum.

Till. stjórnarinnar í þessu efni gengu nú samt ekki fram á Alþingi 1919, eins og kunnugt er. Samningakjörin við Íslandsbanka þóttu ekki aðgengileg, og þó var engu síður hitt, að Landsbank-

anum þótti eigi fært að taka að sjer aðalforstöðu peningamálanna þegar í stað, eins og tekið var fram í nál. meiri hl. fjárhagsnefndar. Niðurstaðan varð því sú, að halda sama bráðabirgðafyrirkomulaginu og verið hafði að undanförnu, og gildir það einungis til 1. maí þ. á.

Þess vegna er óhjákvæmilegt, annaðhvort að framlengja þetta sama fyrirkomulag, ellegar koma á nýju og betra skipulagi. Þetta síðartalda telur stjórnin alveg nauðsynlegt, ef ekki óhjákvæmilegt, samkv. því sem tekið er fram í athugasemdunum.

Fyrirkomulagið samkvæmt frv. telur stjórnin hið heppilegasta. Við nánari athugun hefir stjórninni orðið ljóst, að hve nær sem að því kemur, að Íslandsbanki skilar af sjer seðlaútgáfurjettinum, og þótt það verði í lok sjerleyfistímans, mun hann þurfa nokkur ár til að draga inn seðla sína. Og hve nær sem Landsbankinn tekur við seðlaútgáfunni, er honum hagkvæmara að þurfa eigi í einum rykk að taka að sjer það hlutverk að fullnægja allri seðlaþörf landsmanna. — Landsstjórnin hefir auðvitað borið sig saman við stjórnir beggja bankanna um þetta frv., eða fyrirkomulagið, sem er ráðgert í því, og þótt hún frá hvorugri hliðinni hafi fengið óskorað samþykki í öllum atriðum, þá býst stjórnin ekki við því, að ósamþykki þessara stofnana verði málinu til fyrirstöðu.

Jeg álít ekki ástæðu til að fara lengra út í málið að sinni. Jeg tel víst, að því verði vísað til bankamálanefndar, þótt jeg annars hafi ætlast til, að það fari til fjárhagsnefndar. Ætla því ekki að gera það að till. minni.

Ýms smærri atriði þessu máli viðkomandi tel jeg ekki fallin til umr. hjer. En stjórnin mun verða til taks að gefa allar upplýsingar, sem nefndin þarfnast.

Jón Baldvinsson: Það er í sjálfu sjer ekki ný stefna, sem kemur fram í frv. því, sem hjer liggur fyrir. Alt frá því, er Íslandsbanki var stofnaður laust eftir síðustu aldamót, hafa honum verið veitt hlunnindi á hlunnindi ofan; þing eftir þing hafa honum verið veittar nýjar og nýjar ívilnanir, og að heita má hver einasta landsstjórn hefir hlaupið eftir hverju hans kalli. Jeg efast ekki um, að af þingi og stjórn hafi þetta verið gert í góðri trú og með hag landsins fyrir augum. Þeim hefir ekki verið það ljóst, að hjer væri nein hætta á ferðum. Og þeim fáu aðvörunarröddum, sem heyrst hafa, hefir enginn gaumur verið gefinn. Með stofnun Íslandsbanka, eins og honum er fyrir komið, er í rauninni stigið óheillaspor í peningamálum vorum. Fyrst og fremst að því leyti, að þar með var komið í veg fyrir, að banki þjóðarinnar sjálfrar, Landsbankinn, yrði aukinn að fjármagni. Menn hafa líklega ekki í fyrstu búist við því, að þeir ágallar mundu verða á fyrirkomulagi útlenda hlutabankans, sem mörgum þykir nú komið í ljós.

Það mun því margur hafa búist við því, að sú stefna ætti nú formælendur fá, að halda áfram að styrkja Íslandsbanka til þess að vera aðalpeningastofnun landsins, eftir alt það, sem á undan er gengið, og þótt það hafi sýnt sig, að hagur bankans og þjóðarinnar getur verið sitt hvað, og að bankinn notar rjettindi þau og fríðindi, sem hann fær hjá þjóðinni, til þess að raka saman fje handa útlendum hluthöfum, skeytandi ekkert eða sáralítið um hags-

muni landsins. Með slíkum starfstilgangi gætu útlendu yfirráðin hæglega sett Íslandsbanka á höfuðið — þættir viðskiftalífsins eru svo margir, að slíkt er hugsanlegt — þó að af því hlyti að leiða alment hrun hjer á landi. Og sú stefna frv., að láta Íslandsbanka vera aðalbanka landsins áfram, að minsta kosti um nokkurt skeið, er því fráleit. Að vísu gerir frv. ráð fyrir, að nú eigi að byrja á því að flytja lítils háttar af seðlaútgáfurjettinum yfir til Landsbankans, en Íslandsbanki á að hafa alla aukaseðlaútgáfuna, sem að dómi stjórnarinnar þarf, þ. e. a. s. eftir því, sem Íslandsbanki vill vera láta. En fyrir þetta á líka að verðlauna bankann, með því að leyfa honum að auka hlutafje sitt um 100%, og gefst honum þar ágætt tækifæri til þess að safna nýjum landher með hlutabrjefagjöfum.

Þess er getið í athugasemdum stjórnarinnar við frv., að ef það nái fram að ganga, nái Íslandsbanki ef til vill sama lánstrausti og hann hafði áður. Það lánstraust hefir ekki reynst svo haldgott, að mikil ástæða sje til að fagna yfir þessu. Og margur mun hafa búist við því, að landsstjórnin yrði ekki eins litilþæg í þessu efni og nú virðist fram komið.

Yfirfærsluskyldu Íslandsbanka fyrir Landsbankann og stjórnina er að mestu ljett af honum í frv. Stjórnin segir, að sú skylda hafi valdið hinum mestu erfiðleikum og óþægindum. Það er satt að því leyti, að vanræksla bankans á þessari skyldu sinni hefir nærri því komið landinu á höfuðið. Jeg sje ekki ástæðu til að verðlauna bankann fyrir það.

Það er kann ske ekki rjett að ræða þetta meira við 1. umr. En jeg vildi skjóta því til nefndarinnar, sem verður falið að fjalla um málið, hvort ekki væri ástæða til að breyta frá stefnu stjórnarinnar í þessu máli.

Þó að hinu háa Alþingi þóknaðist að samþ. þetta frv., eins og það er nú, og þó að konungur staðfesti það, þá er það ljóst af athugasemdunum við frv., að það er ekki nóg til þess að veita því lagagildi, því yfir Alþingi og konungi stendur aðalfundur eigenda útlanda bankans og segir, að honum þóknist nú þetta eða hitt.

Mjer finst það eitthvað svipað og ef höfð væru þau endaskifti á meðferð mála, að sökudólgarnir, í stað þess að vera refsað fyrir afbrotin, færu sjálfir að ákveða sjer verðlaun fyrir þau.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg ætla ekki að svara hv. 2. þm. Reykv. (J. B.), enda er ekki ástæða til þess að vekja miklar umr. um málið á þessu stigi, því það mun einnig yfirleitt verða rætt mest í nefnd. En hv. þm. (J. B.) talaði þó svo ókunnuglega um ýms atriði þess, að jeg verð að andmæla því að nokkru, þar sem mjer eru þau kunnari en honum, enda er jeg sannfærður um það, að dómur sögunnar um þetta mál og meðferðina á Íslandsbanka að undanförnu verður allur annar en hv. þm. (J. B.) virðist gera ráð fyrir.

Jeg skal svo víkja að höfuðstefnu frv., sem hv. þm. (J. B.) taldi þá, a ð f a r a v e l m e ð Í s l a n d s b a n k a, í stað þess, að átt hefði að fara öðruvísi með hann. Jeg vil þó undirstrika það, að hjer er stigið mikilsvert spor í peningamálum landsins, með því, að Íslandsbanki afsali sjer seðlaútgáfurjettinum, sem hann hefir einkarjett á, að undanteknum þeim 750 þús., sem Landsbankinn hefir. En í þessu máli

er á margt að líta, og þarf að fara lempilega í það fyrir báða aðilja, Íslandsbanka að skila af sjer og Landsbankann að taka við. Og þetta atriði, um afsal seðlaútgáfurjettarins, er aðalatriði málsins.

Hitt, sem hv. þm. (J. B.) talaði um, er í rauninni aukaatriði, eins og nú stendur að minsta kosti. Um hlutafjáraukninguna er það t. d. að segja, að það er í sjálfu sjer deila um keisarans skegg, því nú sem stendur eru litlar horfur á því, að hægt verði að fá selda 4½ miljón í hlutabrjefum Íslandsbanka. En hitt vil jeg segja, að ef það væri tækilegt nú, væri síst ástæða til að amast við því, — það mundi beinlínis hjálpa til að bjarga landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19. shlj. atkv. og til peningamálanefndar (sjá A. bls. 1666) með 16 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 44, n. 384 (meiri hl.)).

Forseti tók málið af dagskrá eftir tilmælum atvinnumálaráðherra.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

5. Aðflutningsbann á áfengi.

Á 15. fundi í Nd., laugardaginn 5. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi (A. 103).

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Frv. þetta hefi jeg borið fram með ráði höfuðsmanns bindindismanna hjer á landi, Pjeturs Halldórssonar bóksala, að einu leyti, en að hinu leytinu með ráði lögreglustjóra Reykjavíkur, Jóns Hermannssonar, sem af öllum lögreglustjórum landsins hefir mesta reynslu af bannlögunum.

Eins og drepið er á í athugasemdunum, eru þessar breytingar á áfengisbannlögunum fram komnar til þess að bæta úr þeim agnúum, sem hafa komið í ljós við framkvæmd þeirra.

Jeg veit það, að allir hv. þm., hverrar skoðunar sem þeir annars eru um þetta mál, vilja, að bæði lög og reglur út af aðflutningsbanninu á áfengi sjeu í sem bestu lagi og veiti þá tryggingu gegn brotum, sem auðið er, og að framkvæmd laganna og eftirlit sje sem öruggast og haganlegast sem unt er, meðan áfengisbannið er í gildi.

Þetta hlýtur ávalt að vera löggjafans hugsun og vilji. Annars ætla jeg mjer ekki að vekja neinar deilur um málið við þessa umr. Jeg hygg, að það gagni hvorki málinu nje háttv. þingmönnum.

Jeg byggi á því, að það fari í hv. allsherjarnefnd, að þessari umr. lokinni. Þar sitja þm. vitanlega mjög ólíkrar skoðunar um málið, og mun málið þar fá rækilega athugun. Ef einhverjir hv. þm. hugsuðu sjer að koma fram með brtt., þá munu þeir sjálfsagt, hverrar skoðunar sem þeir eru, koma sjer í samband við einhvern háttv. nefndarmanna að minsta kosti.

Jeg skal annars með fám orðum minnast á hinar helstu breytingar, sem frv. þetta fer fram á.

Aðalefnisbreytingin á 1. gr. er í því fólgin að heimila það, er gert hefir verið án beinnar lagaheimildar, að gefa út reglugerðir með viðurlögum, ef út af er brugðið, sbr. breytingar á 7. gr. Hina breytinguna er óþarft að ræða um. Það liggur í augum uppi, að það orðalag er rjettara.

Um breytinguna á 2. gr. skal þess getið, að eins og kunnugt er, hefir verið byrjað á því af manni hjer í bænum að búa til ilmvötn, hárvötn o. s. frv. úr áfengisvökva, og hefir þetta vakið allmikinn óhug meðal bannmanna, af því meðal annars, að ekki hefir þótt grunlaust um, að undir þessu yfirskini hafi áfengið verið blandað þannig, að ekki væri með öllu óhæft til drykkjar. Eftir bannlögunum, eins og þau nú eru orðuð, er ekki hægt að banna þvílíkan iðnað yfirleitt, en það hafa verið gerðar ráðstafanir um eftirlit, svo að jeg hygg, að segja megi, að tilbúinn verði sá vökvi aðeins, sem óhæfur verði til drykkjar. En jeg verð að vera samdóma þeim mönnum, að þvílíkur verksmiðjuiðnaður geti ekki samrýmst anda bannlaganna og eigi því beint að vera bannaður í lögunum. Að öðru leyti skal jeg um þessa grein láta mjer nægja að taka það fram, að 2. málsgr. frv. kemur ekki heim við frumvarp eða frumvörp, sem borin hafa verið hjer fram á þinginu, og vil jeg í því sambandi benda einkum á frv. um lyfjasölu. Ef það frv. nær fram að ganga, þá verður að breyta því ákvæði í þessu frv., en þetta er ekki annað en venjulegt er, eða sjerstaklega var, að framborið frv. byggir fyrst um sinn á gildandi lögum, en verður svo að breyta við meðferð á þingi, þegar jafnhliða eru afgreidd frv., sem að einhverju leyti eru hliðstæð. Jeg nefni hjer sjerstaklega lyfjasölufrv., af því að jeg álít, að einkasölunni á áfengi, eins og jeg tók fram í hv. Ed., við framsöguna í lyfjamálinu, eigi að skifta svo, að læknaáfengið hverfi undir einkasöluna á lyfjum, en hitt annað áfengi eigi að fylgja tóbakseinkasölunni.

Frv. um tóbaks- og áfengissöluna var samið og prentað áður en hitt var ráðið.

Um 5. gr. Hjer er lagt til, að burt sje numin heimildin til þess að veita íslenskum fólksflutningaskipum undanþágu undan ákvæðinu um, að íslensk skip megi ekki flytja áfengi, nema það, sem alment er leyft í lögunum. Um það er í rauninni ekki unt að deila, að undanþágan er óverjandi frá sjónarmiði bannlaganna, í beinni mótsögn við þau.

Marga hv. deildarmenn rekur eflaust minni til umtals, er hjer varð í þessari hv. deild um yfirrjettardóm, er sýknaði mann, er áfengi fanst í farangri hans, er hann kom hjer á land úr utanför. Þessi maður hjelt því fram, að hann hefði tekið ílátið, er áfengið fanst í, af öðrum, án þess að vita, hvað í kassanum var. Jeg gaf það í skyn við umr. þessar, eða út af umr. þessum, — jeg man ekki, hvernig orðin fjellu, og hefi ekki athugað það í Alþt., — að jeg mundi áfrýja dómi þessum til hæstarjettar. — En þegar til kom, virtist mjer rjettara að láta standa við svo búið. Í dómi þessum var annar maður sektaður, og hafði dómurinn verið sendur bæjarfógeta til fullnustugerðar, og mátti skilja það svo, úr því ekki var neitt annað sagt um leið og hann var sendur, að ekki ætti að áfrýja honum; það var þó reyndar ekki fyrir það girt. Hitt rjeð stærstu um, að mjer virtist annar vegur betri en að áfrýja dómn-

um, og það var að breyta lögunum, svo að ekki yrði um vilst. Meiri hl. hæstarjettar hafði dæmt málið í yfirrjettinum. Þess vegna hefðu þeir ekki getað dæmt það í hæstarjetti, heldur hinir tveir, sem þá voru eftir, og þrír lögfræðingar, sem ekki skipa dóminn að jafnaði.

Setjum svo, að dómurinn, þannig skipaður, hefði sektað umræddan mann. Þá var samt rjettaróvissan um þetta atriði, því að ekki hefði verið loku skotið fyrir það, að annað mál samskonar fengi sömu afdrif sem í yfirdóminum, með því að dómarar þeir, er málið dæmdu þar, skipa meiri hluta hæstarjettar; það var meira að segja mjög líklegt, því að ekki var kunnugt um, að ágreiningur hefði verið í yfirdómi.

Jeg held, að jeg þurfi svo ekki að taka öllu fleira fram um hin einstöku atriði frv. Jeg skal að eins benda á það, að upphaf 9. gr. kemur ekki í bága við fyrirhugaða einkasölu á áfengi; heimildina fá þá engir aðrir en t. a. m. landsverslun og landslyfsala. Loks má nefna 18. gr. Það er bæði eðlilegra og líklegra til framkvæmda, að ákveðin sje sú hegning við óhæfilegri notkun lækna á áfengisseðlum, að þeir missi fyrst leyfi til að gefa út áfengisseðla, og við endurtekningu læknisleyfi.

Frekara mun jeg ekki segja að sinni um málið.

Eins og jeg hefi áður sagt, vona jeg, að frekari umr. um málið muni mega bíða þangað til hv. allshn. hefir athugað það.

Magnús Pjetursson: Jeg er hæstv. forsrh. (J. M.) alveg sammála um að vekja ekki deilur um þetta mál að svo stöddu. En það er alveg sjerstök ástæða til þess, að jeg stóð upp, þó jeg vildi síður vekja umræður um málið nú.

Eins og hv. deildarmönnum mun eflaust kunnugt, þá eru frv. um breytingar á bannlögunum engin nýmæli hjer í þinginu. Það hafa komið fram frv. um breytingar á þeim ár eftir ár, eins og lesa má um í þingtíðindunum. Og því finst mjer furðusamt, að hæstv. stjórn skyldi koma með þetta frv. nú.

Árið 1917 var hinn sami forsrh. (J. M.). Þá kom fram frv. um breytingar á bannlögunum, en forsrh. (J. M.) færðist undan að flytja það, taldi, að það hefði skaðleg áhrif og mundi veikja trú manna á lögunum, ef verið væri að breyta þeim á hverju ári. En það virðist nú eins og hann hafi sjeð sig um hönd og gengið frá sinni fyrri skoðun. Tel jeg það illa farið, því að sú skoðun hafði við mikil rök að styðjast.

En úr því jeg stóð upp, þá vildi jeg gera stutta fyrirspurn til hæstv. forsrh. (J. M.), ef hann vildi svara henni, sem jeg þó veit, að hann þarf ekki að gera.

Það er þá fyrst, hvort öll stjórnin standi á bak við þetta frv., eða aðeins nokkur hluti hennar?

Þá er það annað, hvort ekki hafi komið til stjórnarinnar frv. um breytingu á bannlögunum, frá landlækni, og ef svo væri, hvað stjórnin hefði í hyggju með það frv., hvort væntanleg nefnd eigi að fá það til álits, eða hvort það á alls ekki að koma nokkursstaðar til álita?

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki viðurkent, að jeg hafi sjeð mig um hönd, þó jeg beri þetta frv. fram. Það er líka nokkur tími síðan 1917, og reynslutími bannlaganna var þá ekki orðinn langur. Það er og einkum á þessum 4 árum, sem síðan eru liðin, að

maður getur sagt, að bannlögin hafi sýnt sig, því að varla gat verið um neina reynslu að tala frá 1914 til þess tíma, og gallar á lögunum komu þá ekki eins fram eins og síðar. Það er heldur ekki að breyta þeim á hverju ári, þó að gerð sje breyting á þeim eftir 4 ára reynslu. Jeg held sem sagt, að það geti ekki talist óeðlilegt, þó ef til vill hv. þm. Str. (M. P.) skilji það ekki, því að hann hefir víst aldrei fengið rjettan skilning á þessu máli.

Hvort þetta frv. er fram komið aðeins af minni hálfu eða allrar stjórnarinnar, þarf jeg ekki að skýra frá. (**M. P.**: Jeg sagði það líka). En jeg get samt sagt það, að annar hinna ráðherranna er því samþykkur yfirleitt, en afstaða hins er svo kunn, að óþarft er að spyrja. En hann hefir ekki mótmælt því, að jeg kæmi frv. fyrir þingið.

Viðvíkjandi spurningunni um hitt frv., hvort það mundi ekki verða borið fram, þá geri jeg ráð fyrir, að það komi fram á sínum tíma, eins og ýms önnur mál, eftir því, sem tími og tækifæri vinst til að undirbúa þau.

Jeg er heldur ekki fyllilega búinn að gera mjer grein fyrir því, en held samt, að það geti eiginlega ekki talist breyting á bannlögunum.

Jeg hefi ekki ráðið við mig, hvort jeg geti að öllu fallist á eitt atriði í frv. landlæknis, en annars hygg jeg það væri mjög til bóta, ef sú breyting, sem þar er farið fram á, gæti komist í lög.

Jeg sje ekki ástæðu til að svara hv. þm. Str. (M. P.) öðruvísi en jeg hefi nú gert. Það er þýðingarlaust fyrir okkur að deila um þetta mál að þessu sinni; við höfum gerólíkar skoðanir, enda tökum við það frá sitt hvoru sjónarmiði. En jeg vil endurtaka það, að hv. þm. (M. P.) hefir enga ástæðu til að bregða mjer um snúning í þessu máli, eða að jeg hafi sjeð mig um hönd. Það eru liðin 4 ár síðan 1917, og þau eru aðalreynslutími bannlaganna, og ekki óeðlilegt, þó komnir sjeu í ljós agnúar, sem úr þarf að bæta.

Magnús Pjetursson: Jeg stend upp aftur til að þakka hæstv. forsrh. (J. M.) svörin og traustsyfirlýsinguna, sem hann gaf skilningi mínum á bannlögunum. En jeg held, að okkur sje hollara að bíða með slíka dóma og lofa reyslunni að skera úr því, hver hafi frá upphafi haft gleggri skilning á bannlögunum og hollari þjóðfjelaginu.

En úr því jeg stóð upp aftur, ætla jeg að drepa á eitt atriði í frv. Í 2. gr. er gert ráð fyrir að banna tilbúning hármeðala, ilmvatna og annars þess háttar. En hjer er á þingi frv. á ferðinni um einkasölu ríkisins á áfengi, og annað, um einkasölu á lyfjum. Nú vil jeg skjóta því til hæstv. forsrh. (J. M.), hvort til sje ætlast, að þessi atvinnuvegur sje bannaður, þó hann sje í höndum ríkisins eða undir eftirliti þess. Það má gera ráð fyrir, að sá ríkisrekstur verði ekki öðruvísi en í löglegum tilgangi, enda er mjer kunnugt um, að þegar annað þessara frv. var samið, var einmitt gert ráð fyrir góðum hagnaði af þessari grein verslunarinnar.

Það var óþarfi af hæstv. forsrh. (J. M.) að fara út í skoðun á bannlögunum yfirleitt. Jeg gaf ekkert tilefni til þess. Jeg stóð upp aðallega til að spyrjast fyrir um frv. landlæknis, og varð hálfundrandi, þegar hæstv. forsrh. (J. M.) gaf það í skyn, að von gæti orðið á því á þessu þingi frá hæstv. stjórn. Það er einkennileg vinnuaðferð að bera tvö frv. fram á sama þingi um breyting á sömu lögum, og þótt þetta frv. sje ekki bein

breyting á bannlögunum, snertir það þau og er þannig stílað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1655) með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

6. Fátækralagabreyting.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905 (A. 17).

Á 3. fundi í Ed., föstudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg hefi litlu við að bæta það, sem stendur í greinargerð fyrir frv. Þetta mál er svo augljóst, að mörg orð eru óþörf. Eftir því, sem dýrtíðin hefir aukist, hefir hið raunverulega gildi ákveðinnar krónutölu minkað. Hlutföll, bundin við ákveðnar fjárhæðir, hafa því breyst. Þetta er ástæða til að laga, og í því skyni er frv. borið fram.

Björn Kristjánsson: Jeg vil leyfa mjer að leiða athygli hv. þdm. að einu atriði. Á þingmálafundum í kjördæmi mínu skýrði jeg frá efni þessa frv., og varð jeg þá var við óánægju yfir því, hve hækkunin á að vera mikil. Menn töldu ekki mikla ástæðu til þess að fara að breyta þessu nú, þar sem von er um lækkandi verðlag og þar af leiðandi verðhækkun peninganna.

En það var annað atriði, sem líka olli óánægju. Það er misrjettið, sem felst í þessu ákvæði fátækralaganna, og úr því bætir ekki þetta frv., sem hjer liggur fyrir.

Sum sveitarfjelög hafa aðeins einn eða tvo sjúklinga fyrir að sjá á sjúkrahúsum og njóta styrks fyrir þá. Önnur hafa marga og njóta styrks fyrir tvo. Það var stungið upp á að fella burt styrk fyrir fyrsta sjúkling og jafnvel annan líka, en styrkja þá, sem fram yfir væru. Þetta er fyllilega sanngjörn krafa. En til þess þarf meiri lagabreytingu og upplýsingar um fjölda sjúklinga, svo að hægt verði að sjá, hver áhrif þetta hefði á fjárhaginn.

Jeg vildi aðeins skjóta þessu til nefndarinnar, sem fær málið til meðferðar. Jeg veit ekki hvaða nefnd það verður. **(Forseti:** Fjárhagsnefnd). Þá veitist ekki örðugt fyrir mig að ná í hana.

Halldór Steinsson: Jeg hefði getað sparað mjer orðið, eftir ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.). Hann hreyfði því, sem jeg vildi nefnt hafa, sem sje því, að of langt væri farið í hækkun á þessu tillagi, sem hjer um ræðir.

Eins og sjest í aths. við frv., hefir þessi styrkur úr ríkissjóði farið hækkandi með vaxandi dýrtíð, þannig, að hann hefir vaxið mest frá 1915 og er 1919 orðinn milli 70 og 80 þús. kr. En þó svo sje, er ekki ástæða til að hækka svo gífurlega þær byrðar, sem hrepps-

fjelög hafa af spítalasjúklingum, þar eð ætla má, að dýrtíðin sje nú búin að ná hámarki sínu, og legukostnaður sjúklinga, eins og annað, fari lækkandi. Mjer virðist stökkið vera of stórt og hygg, að fara mætti meðalveg, eins og sakir standa. Þetta vildi jeg aðeins benda hv nefnd á.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Frv. þetta er hvorki langt nje umfangsmikið, en þó er sjálfsagt, að það sje athugað í nefnd.

Fjármálastjórninni er alls ekki láandi, þótt hún vilji reyna að draga úr fjárútlátum ríkisins. En málið hefir fleiri hliðar. Það tekur líka til hreppanna og loks til sjúklinganna.

1913 var sá hluti af legukostnaði sjúklinga ca. 15600 kr., en 1918 þreföld sú upphæð. Þetta er engin furða, þegar athuguð er dýrtíðin og aukin útgjöld á öllum sviðum. Árið 1919 verður að telja undantekningu, þar sem svo miklu munar frá 1918.

Málið tekur einnig til sveitarfjelaganna. Útgjöld þeirra hafa aukist í sama hlutfalli. En sá er munur á, að sveitarstjórnirnar hafa engan gjaldstofn að grípa til nema handahófsálagningu, en ríkissjóður hefir fasta tekjustofna. Því er varhugavert að auka mjög útgjöld hreppanna. Annað mál væri það, ef þeim væri sjeð fyrir föstum tekjum, ef stjórnin hefði lagt til, að t. d. 10% af tekjuskattinum rynnu í sveitarsjóð. En meðan svo er ekki tel jeg málið nokkuð athugavert.

Loks tekur málið til sjúklinga. Jeg er sammála þeim, sem áður hafa mælt, í því, að jeg vona, að við sjeum búnir að ná hátindi dýrtíðarinnar og förum nú að þokast niður á við. Eftir 2—3 ár verða 600 kr. ef til vill þrefaldar að verðmæti við það, sem nú er. Þá er eðlilegt, að menn hugsi sig meira um áður en þeir senda sjúklingana á sjúkrahús. Og eitt er mjög athugavert í þessu sambandi. Meiri hluti þessara sjúklinga er á Vífilsstaðahæli. Og mjer virðist ekkert mega gera, sem dregið getur úr því, að sjúklingar sjeu sendir þangað, síst meðan sjúkrahús úti um land eru jafnfá og óhæf mönnum með berklaveiki og enn er. Þetta er einnig vert að athuga.

Annars virtist mjer sanngjarnast, að þessi framlög ríkissjóðs væru miðuð við tilkostnað sveitarfjelaganna, og væri ákveðið fyrirfram, t. d. um tvö ár í senn, hve mikinn hundraðshluta af kostnaðinum ríkissjóður skuli greiða.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg er sammála þeim, sem talað hafa, en einu vildi jeg bæta við til skýringar. Það er von á frv. frá berklaveikisnefndinni, sem snertir þetta nokkuð. Þar er farið fram á, að mestallur sjúkrahúskostnaður berklaveikra manna verði greiddur út ríkissjóði. Nú sem stendur greiðir ríkissjóður fyrir þessa menn samkv. 77. gr. fátækralaganna ca. 46 þús. kr., og sjest þá, að það er meiri hluti allrar þeirrar upphæðar, sem greidd er samkvæmt þessari grein. Mjer virðist því ekki liggja á að taka ákvörðun um þetta mál fyr en sjest, hver afdrif hitt frv. fær.

Annars er nokkur „princip“-munur á þessum tveim frv., sem sje hve mikinn eða lítinn þátt ríkið skuli eiga í því að styrkja menn í sjúkdómum. Þetta er því „socialt“ mál.

Það kemur ekki til mála að samþ. frv. eins og það er; þá gæti vel svo farið, að aftur yrði að breyta lögunum eftir 2 ár, þegar gjaldeyrir hækkar í verði. Jeg gæti hallast að því, sem hv. 2. þm. S.-M.

talaði um, eða þá að styrkurinn væri ákveðinn „pro rata“. Mætti þá setja ákveðna upphæð, er hreppurinn greiddi fyrir 1. sjúkling, en síðan færi styrkurinn hækkandi eftir fjölda sjúklinganna. Enn fremur gæti komið til mála að ákveða þessa upphæð 77. gr. eftir verðlagsskrá um laun starfsmanna ríkisins.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Samkvæmt till. hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) þarf meiri lagabreytingu, og því þarf víst málið að fara í nefnd. Get jeg verið þeim háttv. þm. sammála um, að heppilegt sje, að styrkurinn væri ákveðinn „pro rata“, eða með hlutfalli milli sveitarsjóðs og ríkissjóðs.

Þegar stjórnin samdi þetta frv., miðaði hún við sama fyrirkomulag og áður var, án þess að binda sig við fast „princip“. Breytingin miðaði því einungis að því að gera hluttöku sveitarfjelaganna rjettari hlutfallslega, vegna þess, að hlutföllin voru orðin svo skekt og úrelt, sökum verðbreytingar á peningum.

Hv. þm. Snæf. (H. St.) taldi varhugavert að íþyngja hreppunum. Jeg álít, að ríkið standi ekki betur að vígi en hrepparnir. Gjaldstofnar þess eru óvissir, og þeir stærstu eru aðfluttu vörurnar, sem yrðu nógu dýrar fyrir, þótt ekki væru síhækkuð gjöld af þeim. Sveitarstjórnir geta lagt á eftir efnum og ástæðum. Það á að geta komið hlutfallslega rjett niður, þótt svo sje ef til vill eigi ávalt.

Það er rjett athugað, að þetta frv. þarf að athugast í sambandi við frv. berklaveikisnefndarinnar, sem kom síðar fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

7. Einkasala á lyfjum.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um einkasölu á lyfjum (A. 24).

Á 4. fundi í Ed., laugardaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og tekið er fram í aths., er frv. þetta komið frá landlækni og samið af honum. Hann mun því, með því að hann á sæti hjer í deildinni, taka til máls, er honum þykir við þurfa, og skýra það frekar fyrir þeirri hv. nefnd, sem væntanlega fjallar um málið. Jeg gæti í raun inni látið mjer nægja að sinni að kasta allri áhyggju út af þessu frv. á herðar hæstv. forseta og vísa til aths. þeirra, sem hann hefir látið fylgja frv. sínu. Mjer þykir samt rjett að drepa aðeins á örfá atriði, sem reyndar eru flest fram tekin þar.

Í aths. er það tekið fram fyrst og fremst, að lyfjaverslunin er eitt mikilvægasta atriðið í heilbrigðismálum þjóðarinnar, og það er því auðsætt, hve afaráríðandi það er að tryggja sem allra best, að öll lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, sem flutt eru inn í landið

og seld þar, sjeu óskemdar vörur, ósviknar, nægar birgðir af þeim og þær seldar hæfilegu verði. Þá tekur landlæknir það fram, að síðan styrjöldin hófst hafi reynst erfitt að afla ýmissa þeirra nauðsynja, sem tilheyra, og kveðst hann smám saman hafa orðið þess var, að vörugæðin sjeu ekki jafnábyggileg og áður. Þess vegna hafi einstöku menn nú hreyft því, hvort ekki væri rjett, að ríkið tæki lyfjaverslunina í sínar hendur, og átt þá við, að ríkið eignaðist allar lyfjabúðir landsins og ræki þær á sinn kostnað.

Þetta er alls ekki ný hugmynd, hvorki hjer nje annarsstaðar. Bæði meðan jeg var landshöfðingjaritari og síðar, er jeg var skrifstofustjóri í stjórnarráðinu og hafði heilbrigðismál landsins með höndum, kom þetta atriði heilbrigðismálanna oft til tals á milli okkar landlæknis, og man jeg, að jeg var að ympra á því, hvort ekki mundi ráð, að landið hefði sjálft lyfjaverslunina. Verslun þessi væri einokuð hvort sem væri, en það var trú manna þá, má ske oftrú, að gróðinn af henni væri mikill.

Landlæknir var þá, eins og nú, mótfallinn því, að landið tæki lyfjabúðirnar til rekstrar og það mjög af þeim ástæðum, sem hann telur nú vera á móti því. Jeg ljet mjer þá nægja rök hans, og jeg býst við, að þau sjeu engu síður gild nú, um sinn að minsta kosti, nema fremur sje.

En landlæknir hefir nú komist að þeirri niðurstöðu, að honum beri að leggja það til, að ríkið taki að sjer innflutning og stórsölu á lyfjum, umbúðum og hjúkrunargögnum. Á þennan hátt telur landlæknir mega:

1) tryggja það, að vörur þessar sjeu jafnan ósviknar og óskemdar og í alla staði svo vandaðar sem vera ber;

2) tryggja það, að ávalt sje nægur forði af vörum þessum í landinu;

3) selja þessar vörur í stórsölu og smásölu með hæfilegum hagnaði fyrir ríkið og lyfsala, án þess að íþyngja almenningi.

Lyfsalafjelag Íslands hefir sent Alþingi mótmæli gegn frv. þessu. Það er ekki nema eðlilegt. Þeir telja með þessu ráðist á stjett sína, og má þá engan furða, þótt þeir geri alt, sem í þeirra valdi er, til þess að sporna við því, að málið fái framgang. Annað mál er það, hvort þetta er rjett álitið og hvort mótmæli þeirra eru á rökum bygð.

Um 1. atriði, trygginguna fyrir því, hvort vörurnar sjeu góðar, segja lyfsalarnir engu betri með ríkisverslun en án hennar. Lyfsalar kaupi nú vörur sínar í verksmiðjum, sem hver um sig sje undir ríkiseftirliti, hver í sínu landi, og lyfjaverslun ríkisins hlyti að kaupa vörur á hinum sömu stöðum. Tryggingin sje því nákvæmlega söm hjá einokunarversluninni, sem þeir kalla svo, til þess að ófrægja hana fyrirfram, gáandi ekki að því, að þeir heimta einokun sjálfir.

Það er víst rjett, að lyfsalar yfirleitt kaupa megnið af lyfjum hjá áreiðanlegum firmum. Líklega flestir mest hjá einu dönsku firma. En að trygging sje fyrir því, að lyfsalar hjer kaupi öll sín lyf hjá verksmiðjum, sem ríkiseftirlit sje með, og að ekki geti komið og komi svikin lyf til landsins, það verð jeg að efa, að bæði eftirlitinu og lyfsölum vorum ólöstuðum. Jeg skal nú gera ráð fyrir, að eftirlitið og lyfjaverslunin hjer standi á líku stigi og í Danmörku; þaðan eru lyfin mestmegnis komin síðast, og þaðan eru flestir lyfsalarnir komnir, — úr læri að minsta kosti. Með þessu hygg jeg, að jeg geri ekki lyfjaversluninni

hjer rangt til. Í Danmörku hefir það komið í ljós, að síðasta ár var þar verslað með allmikið af sviknum og fölsuðum lyfjum. Þau munu aðallega komin þangað frá Þýskalandi, og þaðan geta þau vel komið hingað, eða það er ekki fyrir það bygt, að þau komi hingað frá Þýskalandi, beint eða óbeint. Það er sjerstaklega talað um, að „salvarsan" sje svikið, og svo er sagt, að ýms alm. „præparata", svo sem „asperin", „antipyrin" og „veronal" og fleira, sem jeg kann ekki að nefna, sje svikið og ónýtt, og heilar verksmiðjur erlendis sjeu bygðar til þess að framleiða þessar sviknu vörur. Þær eru miklu ódýrari en ósviknar vörur og gefa lyfsölunum miklu meiri gróða en hinar, sem tilbúnar eru í góðum verksmiðjum. Nú er það bert, hve miklu meiri freisting það er fyrir lyfsala, sem sjálfur fær allan hag eða óhag af verslun sinni, að kaupa lyf sem ódýrast, þótt trygging sje ekki alveg eins mikil fyrir því, að þau sjeu góð, heldur en fyrir lyfsölustjóra, sem ekkert gagn getur haft af því að selja miður góðar vörur.

Um 2. atriðið, um það, að hægra sje yfirleitt fyrir lyfsala að fá vörur frá Reykjavík en frá útlöndum, og fljótar, ef á liggur, þarf engum orðum að eyða. Athugasemdir lyfsalanna um það atriði eru alveg út í loftið. Auðvitað þurfa lyfsölubúðirnar, einkum þær, sem lengst eiga heima frá Reykjavík, altaf að hafa birgðir, en það liggur í augum uppi, að venjulega er fljótar til að taka í Reykjavík, jafnvel frá hinum fjarlægustu stöðum, heldur en frá útlöndum.

Þá kemur sú mótbáran, sem jeg býst við að margir menn telji veigamesta, að lyfin verði með ríkisverslun dýrari fyrir almenning. Gera lyfsalar áætlun um kostnaðinn við hina fyrirhuguðu lyfjaverslun 107,500 kr. Útkoman er nú röng hjá þeim, sem stafar af samlagningarvillu. Allur kostnaðurinn, eftir þeirra reikningi, á að vera 117,500 kr. Jeg skal ekki fara út í þennan kostnaðarreikning þeirra að sinni. Það athugar væntanlega nefndin, sem um málið fjallar hjer, og býst jeg við, að landlæknir gefi henni allar skýrslur þar um, að því er unt er. Það er mjer samt óhætt að segja, að þessi kostnaðaráætlun er of há. Jeg geri ráð fyrir, að kostnaðurinn mundi verða 70—80 þús. kr., eða um 10% af veltunni. En dálítið af þessum kostnaði legst auðvitað á, þótt ekki sje ríkisverslun. — Þennan aukakostnað býst jeg við að hægt sje að vinna upp með betra innkaupsverði, er lyfjaverslunin er á einni hendi, og því hægt að gera miklu stærri kaup við eitt firma. Þá tel jeg sjálfsagt, að landslyfjaverslunin kaupi og flytji inn alt áfengi handa lyfjabúðum og á þeirri verslun sje hægt að græða svo mikið, að ríkislyfjaverslunin beri sig án þess að hækka þurfi lyfin við almenning. Að því leyti, sem þetta þætti ekki koma heim við frv. um einkasölu á tóbaki og áfengi, vænti jeg þess, að þetta verði lagfært við meðferðina í þinginu. Jeg legg enga áherslu á það, að ríkissjóður græði á lyfjaverslun.

Þá kemur sú ástæðan, að frv. brjóti í bág við stjórnarskrána og að þessa verslun sje ekki hægt að taka af lyfsölunum án skaðabóta. Jeg hefi ekki fundið það í rökum lyfsalanna, sem hafi getað sannfært mig um, að lyfsalar eigi neinn þann rjett að þessu leyti, sem bæta þurfi fyrir, þótt af verði tekinn, og

furðar mig, hve veigalítil rök lyfsalanna eru fyrir skaðabótakröfu, ef sá maður hefir skrifað álitið, sem sagt er.

Mundi nú þurfa afarmikið fje? Jeg efast um það; annars verður það verk þeirrar nefndar, sem þetta mál hefir með höndum, að athuga það. Jeg get ekki ímyndað mjer, að það sjeu svo miklir örðugleikar við þetta nú, en ef svo skyldi samt vera, þá má fresta því, en álít þess enga þörf. Annars tala jeg um mál þetta sem leikmaður. Loks vænti jeg, að nefndin, sem fjallar um mál þetta, hafi landlækni með í ráðum.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg legg það til, að kosin verði þriggja manna nefnd til að athuga þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Till. um að kjósa 3 manna nefnd í málið samþ. með 9 : 3 atkv.

NEFNDARKOSNING.

Hlutfallskosning var viðhöfð. Forseta bárust tveir listar, A. og B. Á A-lista voru: Halldór Steinsson, Guðmundur Guðfinnsson, Sigurður Hjörleifsson Kvaran, en á B-lista: Karl Einarsson, Halldór Steinsson, Guðmundur Guðfinsson. A-listinn hlaut 7 atkv., B-listinn 6 atkv., en einn seðill var auður.

Kjörnir voru því í nefndina (lyfjasölunefnd, sjá A. bls. 1662):

Halldór Steinsson af A-lista,
Karl Einarsson af B-lista,
Guðmundur Guðfinnsson af A-lista.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

8. Laun embættismanna.

Á 2. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (A. 33).

Á 4. fundi í Ed., laugardaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Í sambandi við frv. þetta skal jeg geta þess, að ef fjárhagur landsins hefði verið góður, þá væri full ástæða til að breyta launalögunum og dýrtíðaruppbót sumra embættismanna. En eins og sakir standa, hefir stjórnin ekki sjeð sjer fært að leggja til neinar breytingar, sem miða að því að auka útgjöld landssjóðs. — Vonandi fer nú dýrtíðin að minka, og þar sem breytingar á dýrtíðaruppbótinni koma jafnan til að elta verðlækkun nauðsynja, þá vinna embættismenn smám saman talsvert af því, sem þeir töpuðu, meðan dýrtíðin var í vexti.

Að öðru leyti hefi jeg ekki annað um frv. þetta að segja en það, sem sagt er í aths. við það. Er vonandi, að afgreiðsla þess taki ekki langan tíma. Með því að mjer virðist það helst eiga heima í allsherjarnefnd, þá geri jeg það að till. minni, að því verði vísað þangað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

9. Sóknargjöld.

Á 4. fundi í Ed., laugardaginn 19. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld (A. 42).

Á 5. fundi í Ed., mánudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Vera má, að fult eins rjett væri, að frv. þetta kæmi frá fjármálaráðherra, enda er það runnið undan hans rifjum. En það hefir orðið að samkomulagi, að jeg bæri það fram, af því að kirkjumálin heyra undir mig, á líkan hátt og atvinnumálaráðherra ber fram frv. um hækkun á pósttekjum. Það er því meiri ástæða til, að frv. sje svo fram borið, sem það hefir í sjer fólgna ekki einungis hækkun sóknargjalda, heldur og tilsvarandi hækkun kirkjugjalda, en hið síðara atriði kemur meir við kirkjumálastjórninni en fjármálastjórninni. Að því leyti má segja, að fjármálastjórnin og kirkjumálastjórnin eigi frv. í fjelagi.

Með hinum almennu launalögum frá 1919 hafa gjöld ríkissjóðs til starfsmanna ríkisins aukist gífurlega, og ekki er minst hækkunin á launum prestanna. En sóknargjöldin, sem í viðbót við tekjur af kirkjueignunum áttu að bera uppi prestslaunin að mestu leyti, voru látin standa í stað. Það er því auðsætt, að annaðhvort verður að hækka sóknargjöldin eða taka launaviðbótina annarsstaðar að, eða hvorttveggja.

Þegar það er athugað, að áætluð gjöld ríkissjóðs eru tæpar 9 miljónir, þótt sparlega sje til tekið, en tekjurnar tæpar 7 miljónir, þá er það auðsætt, að einhvern veginn verður að fá viðbót við tekjurnar. Þessa viðbót á nú að fá að miklu leyti með þeim tekjufrv., sem lögð hafa verið fyrir þetta þing. En þegar þess er gætt, að tiltölulega miklu meiri hluti teknanna fer nú til launa og annara lögmæltra gjalda en áður, þá er það eðlilegt, að fyrst verði fyrir að halda þeim tekjustofnum, sem sjerstaklega hafa verið til þess ætlaðir að standast að meira eða minna leyti kostnaðinn af ákveðnum launum, og auka þá heldur. Þessi leið er farin, að því er sóknargjöldin snertir, í þessu frv., sem biskup hefir samið að tilhlutun stjórnarráðsins. Hjer er lagt til, að sóknargjaldið sje tvöfaldað; að í stað 1,50 kr. á hvern sóknarmann, 15 ára eða eldri, komi 3 kr.

Nú hefir þetta gjald, sem kallað hefir verið nefskattur, af því að það var lagt jafnt á ríka og fátæka, verið óvinsælt, reyndar meir fyr en hin síðustu árin, því að gjaldið er nú lítt tilfinnanlegt, vegna lækkunar á kaupmagni peninga. Því er sú leið farin í frv., að láta aðeins helming hins fyrirhugaða gjalds vera persónugjald, en jafna hinu niður eftir efnum og ástæðum, eða með öðrum orðum jafna þannig niður viðbótinni. Þvílíkt niðurjöfnunargjald er í rauninni rjettlátasta gjaldið, ef matið á efnum og ástæðum tekst. Sýnir biskup fram á það í athugasemdunum, að ef hækkað er þannig sóknargjaldið, aukast gjöld ríkissjóðs ekki stórum við hækkunina á föstum launum presta. Auðvitað verður þar fyrir utan dýrtíðaruppbótin, sem ríkissjóður leggur af mörkum án sjerstakrar endurborgunarkröfu á söfnuðina. Þannig yrði bæði hækkað hið sjerstaka sóknargjald, og meira lagt á hinar almennu tekjur, vegna launahækkunar presta.

Tilsvarandi hækkun á kirkjugjöldun-

um er einnig farið fram á í frv. þessu og á sama hátt sem hækkun söknargjalda. Kirkjugjöldin er þannig lagt til að hækki úr 75 aur. upp í kr. 1,50, og hækkunin verði niðurjöfnunargjald. Reynslan hefir orðið sú, að kirkjugjöldin hafa víðast hvar ekki hrokkið til nauðsynlegustu gjalda kirknanna, svo að ekki einungis hefir orðið að grípa til hækkunar hins lögskipaða gjalds, heldur og orðið að grípa til sjóðseignar viðkomandi kirkju í hinum almenna kirkjusjóði, eins og biskup tekur fram í athugasemdum sínum. — Að öðru leyti segir biskup svo um þetta gjald, að það muni vera orðin allalmenn ósk innan safnaðanna, að kirkjugjaldið verði hækkað, svo ótvíræð reynsla sem fengin sje fyrir því, að tekjurnar hrökkvi ekki fyrir gjöldum kirknanna, enda hafi kirkjustjórninni borist úr ýmsum áttum óskir þar um, bæði frá synodus og hjeraðsfundum, og jafnvel frá safnaðarfundum.

Jeg býst við því, að þetta frv. geti, eftir efni og tilgangi, átt heima í allsherjarnefnd, en ef hæstv. forseta kynni að sýnast, að fjárhagsnefnd ætti heldur að athuga það, þá hefi jeg ekkert þar við að athuga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 : 1 atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

10. Vatnalög.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til vatnalaga (A. 19).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Þetta mál er nú lagt fram, samkvæmt tilætlun síðasta þings. Undirbúningur þess hefir verið sá, að lögfræðingur, sem málum þessum var einna kunnugastur, var fenginn til þess að semja upp úr frv. milliþinganefndarinnar frv. það, sem hjer liggur fyrir. Eins og tekið er fram í athugasemdunum, hefir þar fremur verið hallast að minni hlutanum að efni til, en að meiri hlutanum að formi til. Að öðru leyti get jeg vísað til athugasemdanna, sem frv. fylgja, bæði um málið í heild sinni og einstök atriði. Þá vil jeg og benda væntanlegri hv. nefnd á það, að í aths. er mjög skírskotað til nál. fossanefndarinnar, og verður það því vitaskuld að vera til hliðsjónar við athugun þessa frv.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að halda langa ræðu að þessu sinni. Jeg vil aðeins bera fram afsökun fyrir sjálfan mig í þessu máli, — afsökun á því, hvað jeg hefi sjálfur unnið lítið að þessu frv. Þegar litið er til annara starfa, sem atvinnumálaráðherra hefir í stjórnarráðinu, sjest brátt, að honum muni ekki tæmast mikill tími til löggjafarstarfa, og enn síður næði, allra síst til þess að setja sig inn í svo umfangsmikinn bálk, sem hjer er um að ræða. Til þess þarf meira hugsana- og starfsnæði en mjer er skamtað. Jeg get þessa hjer, til skýringar á því, hvers vegna prófessor Einari Arnórssyni var falið að semja þenn-

an lagabálk, og til þess að eigna mjer ekki starf, sem jeg hefi ekki unnið.

Jeg vil benda á eina viðbót eða atriði, sem vantaði í bæði frv. fossanefndanna, sem sje alm. ákvæði um veiðirjett í vötnum, þar á meðal um eignarrjett á veiði í stöðuvötnum. Eldri ákvæði í lögum eru tekin hjer upp, en ákvæði um eign á veiði í stöðuvötnum hefir vantað áður og lögfræðinga greint á um það, t. d. hvort ákvæðin um straumvötn gildi einnig um stöðuvötn. Þetta nýja ákvæði er nú sett í samræmi við samhljóða álit fossanefndarinnar, um eignarrjett á vatnsbotni; enn fremur gamlar venjur við eitt helsta veiðivatn landsins, Mývatn. Athugasemd í jarðabók Árna Magnússonar frá 1712, þar sem almenningur er talinn í Mývatni, ber vott um þetta.

Sömuleiðis vil jeg benda hv. nefnd á þá spurningu, hve almenningsrjetturinn eigi að ná langt, hvort heldur til alls landsins, eða t. d. aðeins sveitarfjelaga þeirra, sem lönd eiga að vatninu. Jeg kannast við, að það vantar ákvæði í frv. um þetta atriði.

Að lokum leyfi jeg mjer að stinga upp á sjerstakri nefnd í þetta mál, að umr. lokinni, og ætti 5 manna nefnd að nægja.

Bjarni Jónsson: Jeg skal fyrst gera tvær stuttar athugasemdir við ræðu hæstv. atvrh. (P. J.). Það gladdi mig, að hann er okkur í nefndinni sammála um netalögin, enda getur það atriði varla verið vafabundið. Þó skal jeg geta þess, að um vötn, eins og Mývatn, þyrfti að sjálfsögðu sjerstök ákvæði, að svo miklu leyti sem þar er komið upp sjerstakt klak, en rjett til hagnaðar af því geta ekki aðrir átt en þeir, sem tekið hafa þátt í kostnaðinum við það.

Annars stóð jeg aðallega upp til þess að vita það, að hæstv. stjórn skuli hafa lagt þetta mál fram nú eins og raun er á, sem sje á röngum grundvelli að því er snertir yfirráðarjett vatnanna. Þó stjórnin láti svo í veðri vaka, að henni hafi virst fleiri hv. þm. hallast að hinni röngu skoðun minni hl., þá er hvorttveggja, að fyrir slíku áliti eru engar sönnur í atkvgr. þingsins, og svo hitt, að stjórninni er skylt, sem slíkri, að halda fram rjetti ríkisins, á hvaða skoðun sem þeir kunna að vera persónulega, sem í henni sitja í svip, eða aðrir þingmenn.

Sömuleiðis vil jeg taka það fram, út af orðum hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) um höf. frv., að hann er í þessu máli enn þá, eins og hann hefir áður verið, ákveðinn fylgismaður meiri hl. skoðunarinnar. Hitt virðist mjer ekki ámælisvert, þótt fátækur maður vinni sjer það til tekjuauka að vinna þetta starf fyrir stjórnina, og mega menn í því sambandi ekki gleyma því, að þær skoðanir, sem hann þarna hefir fært til forms, eru ekki hans skoðanir, heldur stjórnarinnar.

Annars þarf jeg að þessu sinni ekki að fjölyrða um málið. Mönnum ætti að vera orðið það ljóst, hver áhrif það hefir á ókomnum árum, ef yfirráð vatnsaflsins komast í erlendar braskarahendur. Það er dauði íslensku þjóðarinnar. Þess vegna var það skylda stjórnarinnar, eins og allra annara góðra Íslendinga, að taka aðra stefnu en hún gerði, taka stefnu meiri hl. fossanefndarinnar, sem er eina trygga stefnan fyrir ríkið og fyrir íslenskt þjóðerni.

Sveinn Ólafsson: Í athugasemdunum

við vatnalagafrv. þetta er þess getið, að það sje bygt á stefnu minni hl. fossanefndarinnar, en hitt kemur þar líka fram, og þó óljóst, að form þess er að miklu tekið frá meiri hl. Mætti því ætla, að jeg yndi vel við stefnu þess, og það myndi jeg gert hafa, ef þessi yfirlýsing stjórnarinnar í ástæðunum hefði rjett verið, en svo er ekki. Stefnan í þessu frv. er ekki ólituð stefna minni hl., heldur fer hún sumstaðar beint í bága við hana. Í frv. er form meiri hl. svo fastlega þrætt, að furðu gegnir. Flókin, tyrfin og smámunaleg sundurliðun greina í töluliði og stafliði með sífeldum tilvitnunum aftur og fram og hóflausri mælgi, gerir frv. að því lagabákni, sem harla vandasamt verður til eftirbreytni og allsendis óþarflega margþætt fyrir vora þjóð að sinni. Norðmenn, sem eru ein mesta vatnsiðjuþjóð í Norðurálfu, hafa til síðustu daga, eða um 30 ár, búið við vatnalög í 77 tiltölulega stuttum greinum, er hjer er nú lagt upp með 158 gr., flestar í mörgum liðum, og sumar svo langar og tyrfnar, að tíundi hluti hefði nægt, og þó eru ákvæðin víða óljós. Hjer er því í algleyming komin sú stefna, sem talsvert hefir bólað á í íslenskri löggjöf síðari árin, að flækja svo fyrirmæli laganna, að eigi verði þverfótað í þjóðfjelaginu, nema með löglögfræðilega ráðunauta við hlið.

Reyndar þarf engan að furða á þessu nú, þegar það er upplýst, að stjórnin hefir sett þann mann til að bræða saman frv., sem fyrirfram var ákveðinn fylgismaður við meiri hl. og hafði tekið að sjer að verja hans stefnu. Engin furða þess vegna, þótt frv. yrði litað af stefnu hans og skoðun, jafnvel ósjálfrátt. Jeg tek ekki þetta fram honum til ámælis, því að hitt hefði mátt álíta hreint undur, hefði maðurinn getað söðlað svo um á stefnu sinni, að hennar gætti ekki.

Hitt tel jeg mjög ámælisvert af stjórninni, sem hafði ákveðið að flytja stefnu minni hl., að velja einmitt þennan mann til verksins. Það var því óþarfara, sem völ var hjer á mörgum vel færum lögfræðingum öðrum og sennilega hleypidómalausum um málið.

Eina af athugasemdum stjórnarinnar verð jeg að minnast á. Hún segir í aths. II. kafla frv., að það muni skifta litlu fyrir þjóðfjelagsheildina, hvort stefna minni hl. eða meiri hl. verði ofan á.

Mjer varð starsýnt á þessa kenningu, og vel lýsir hún því, að hjer talar maður, sem bera vill í bætifláka fyrir kenningu meiri hl., þegar hún er að bíða ósigur. Það má líta svo á, að stjórnin með þessari kenningu, um jafngildi stefnanna, telji litlu máli skifta, hvort brotin eru lög á einstaklingunum eða ekki, því allir vita, sem við sannleikann vilja kannast, að eldri löggjöf landsins um eignarumráð ast, að stefna minni hl. er samkvæm yfir vatni, en stefna meiri hl. gagnstæð.

Þetta játar stjórnin líka berlega með því að segjast byggja á stefnu minni hl., og tel jeg hana síður en ámælisverða fyrir þá viðleitni. Það er ekkert tiltökumál, þótt hv. þm. Dala. (B. J.) átelji hana fyrir þetta og telji stefnuna dauðadóm íslensku þjóðarinnar. Hann mun varla verða sannspár um þetta, enda hefir þjóðin við þessa stefnu búið það sem af er ævi hennar. Hitt vil jeg um fordæmingu hans á stefnunni segja, að stjórnin hefir hjer farið þá einu færu leið, þá leið, sem fyrverandi stjórn einnig vildi fara og sjerhver

stjórn verður að fara í ágreiningnum um eignarumráðin yfir vatni. Jeg ætla, að engin stjórn á þessum árum treystist að taka upp stefnu meiri hl. fossanefndar, nema ef svo færi, að hv. þm. Dala. (B. J.) lenti í stjórn og gerðist flytjandi hennar, og yrði það honum þá að fótakefli.

Þessu máli er nú svo komið, fyrir óheppilega meðferð stjórnarinnar á því og samblöndun ólíkra stefna í frv., að það er miklu torveldara viðfangs en vera þurfti, og vil jeg því leggja til, að skipuð verði í það 7 manna nefnd hjer í deild. Það sæmir ekki að velkja þetta mál og tefja þing eftir þing, og nú er 3. þingið tekið við því til fyrirgreiðslu.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg ætlaði ekki út í langar umræður að þessu sinni, og dettur ekki í hug við þessa umr. málsins að fara að kýta út af frv.

Jeg þykist vita, að mál þetta hafi bæði sókn og vörn, og álít því rjett að lofa hv. þm. að leiða hesta sína saman, án þess að jeg taki mikinn þátt í deilum þeim.

Þó vil jeg nú þegar svara þeim hv. þm. nokkrum orðum, sem vitt hafa afskifti stjórnarinnar af frv. þessu.

Mjer þótti það næsta kynlegt hjá hv. þm. Dala. (B. J.), er hann sagði í ræðu sinni, að það hefði verið óforsvaranlegt af stjórninni að hallast að þeirri stefnu í ágreiningi fossanefndar, sem væri ríkinu í óhag. Jeg sje ekki, að annað sje forsvaranlegt af stjórninni en að haga sjer samkvæmt sannfæringu sinni, alveg eins og þingmenn.

Aftur á móti skal það þegar tekið fram, út af ummælum sama hv. þm. (B. J.), svo enginn misskilningur verði, að Einar Arnórsson ber enga ábyrgð á stefnu frv. þessa. Hann var aðeins aðstoðarmaður stjórnarinnar við samning frv. og er því ábyrgðarlaus með öllu um stefnuna. En hitt get jeg tæplega álitið rjett, eins og hv. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hjelt fram, að stjórnin hefði ekki átt að kveðja þennan mann sjer til aðstoðar. Einar Arnórsson var þó sá lögfræðingurinn, að undanteknum Guðm. Eggerz, sem kunnugastur var máli þessu og öllum gangi þess frá því fyrst að það kom fyrir þingið. Svo jeg get ekki fallist á, að stjórnin eigi nokkurt ámæli skilið fyrir það að taka einmitt þann mann sjer til aðstoðar.

Þá fanst hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) ýmislegt athugavert við frv., bæði orðavalið á ýmsum stöðum, svo og það, að sumstaðar gengi það fullnærri stefnu meiri hl. í milliþinganefnd fossamálsins. Um þessi atriði get jeg verið fáorður. Þingið 1919 mun hafa hallast í sömu átt líka. En báðar þessar stefnur hafa sína málsvara í þinginu, og mun jeg láta þeim eftir að deila um það, hvort betra sje eða rjettara.

Aðeins skal jeg taka það fram, að sú stefnan, sem meiri hl. milliþinganefndarinnar hjelt fram um eignarrjettinn, virðist koma í bága við rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Því var reynt að fylgja minni hlutanum í því efni.

Annars skal jeg játa, að jeg hefi ekki haft færi á að afla mjer þeirra upplýsinga í máli þessu og rækilegrar íhugunar, sem jeg hefði viljað, og læt því eftir öðrum fróðari mönnum mjer að deila um stefnur þessar.

Bjarni Jónsson: Mjer þótti vænt um yfirlýsingu hæstv. atvrh. (P. J.), að Einar Arnórsson bæri enga ábyrgð á stefnu frv. þessa. Verður því ekki hægt síðar í umr. þessa máls að gefa Einari Arnórssyni það að sök, að hann hafi í

nokkru hvikað frá stefnu þeirri, er við meiri hl. menn hjeldum fram í nefndinni. Með ræðu minni, þeirri áðan, vildi jeg einmitt fá þetta fram.

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að jeg ætlaðist til of mikils af stjórninni, ef hún færi að krefja um meiri rjett ríkinu til handa en frv. fer fram á. En það, sem jeg átti við, er það, að mjer skildist, að stjórnin hefði verið svo sannfærð um rjettmæti þeirrar skoðunar, er minni hl. fossanefndar hjelt fram, að því hefði hún þá stefnu upp tekið í frv. þessu,

Jeg vil halda því fram, að stjórnin sje ekki svo hæf til úrskurðar í máli þessu, og hefði hún því átt að fylgja þeirri loflegu stefnu, sem á latnesku máli nefnist „peccare in cautiorum partem", en það er á voru máli „að syndga heldur á þá hliðina, sem hættuminna er."

Jeg hygg þessi orð mín muni óhrakin standa. Það var gersamlega rangt af stjórninni að leggja ekki fyrir þingið frv. á hinum grundvellinum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv.

Till. um að kjósa 7 manna nefnd í málið samþ. með 14 : 2 atkv.

NEFNDARKOSNING.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta 3 listar, A., B. og C., með samtals 7 nöfnum, eða jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi menn í nefndina, og voru þeir því rjett kjörnir í fossanefnd án atkvgr., en þeir voru þessir:

Bjarni Jónsson	af A-lista
Eirikur Einarsson	— B- —
Sveinn Ólafsson	— B- —
Þorleifur Jónsson	— B- —
Gísli Sveinsson	af C-lista
Jón Þorláksson	— C- —
Jakob Möller	— C- —

(Sbr. A. bls. 1664).

Á 66. og 67. fundi í Nd., dagana 10. og 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 400 (meiri hl.), n. 531 (minni hl.)).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., fimtudaginn 12. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): .....*).

Samkvæmt vatnalagafrv., 39. gr., 2. lið, verða menn að greiða „fullar bætur" fyrir áveituvatn á jarðir sínar, ef vatnið þarf að sækja út fyrir landareign áveitujarðar, „ef orkunytjum vatns eða möguleika til orkunytja þess er spilt með vatnstöku til áveitu" (aths. stjórnarinnar við 39. gr. 2. lið). En eftir núgildandi lögum hafa menn rjett til slíks vatns ókeypis. Hvorki frv. nje aths. gera neina grein fyrir, hvað teljast megi „fullar bætur" fyrir spjöll á „möguleikum til orkunytja", heldur er það lagt leiðbeiningalaust á vald matsmanna, og er þá ekki líklegt, að metið verði lægra en sem svarar því, er eigandi hefir kostað til fallvatns þess í heild, sem spilt er með áveitunni, og hve miklum hluta af „möguleikunum til orkunytja" spjöllin nemi.

Til skýringar því, hvaða þýðingu slík ákvæði geti haft fyrir áveitufyrirtæki hjer á landi, skal jeg lýsa afstöðunni

---

* Vantar alllangan kafla framan af ræðunni, frá hendi innanþings-krifarans. J. Þ.

eins og hún er við tvær af stærstu áveitunum hjer, Flóaáveituna fyrirhuguðu og Miklavatnsmýraráveituna, sem þegar er komin í framkvæmd.

Flóaáveitan á að fá vatn sitt úr Hvítá, en vatnið rennur ekki út í ána aftur af áveitusvæðinu, eða þá ekki fyr en niður undir sjávarmáli. Fallhæð Hvítár og Ölfusár frá áveituupptökunum til sjávar nemur um 30 metrum, og áveituvatnið getur numið ¼ eða meira af minsta rensli Hvítár, og líklega alt að $\frac{1}{10}$ af meðalrensli hennar. Eftir stjórnarfrv. yrði Flóaáveitan skaðabótaskyld til allra vatnsrjettindaeigenda við Hvítá og Ölfusá fyrir neðan áveituupptökin, vegna minkunar á „möguleikum til orkunytja", og mundi minkun sú, sem bæta þyrfti, líklega nema alt að 5000 hestöflum. En auk þess mundi sú áveita þurfa að bæta önnur spjöll á „möguleikum til orkunytja," miklu stórfeldari. Svo hagar landslagi við Hvítá, að hentugt er að nýta nálægt 20 metra fallhæð í ánni, sem liggur að mestu leyti fyrir ofan áveituupptökin og að litlu leyti fyrir neðan þau, með því að taka ána úr farvegi sínum, veita henni inn í Hestvatn og úr því aftur gegnum jarðgöng út í farveg árinnar nokkru fyrir neðan upptök Flóaáveitunnar. Með engu öðru móti en þessu er unt að virkja umrædda fallhæð Hvítár svo að svari kostnaði. En slík virkjun færir vatnið úr farveginum, svo að Flóaáveitan nær alls ekki til þess. Áveitan þyrfti því, til þess að tryggja sjer vatnið, að borga fyrir spjöll á þessum möguleikum til orkunytja. En hve miklu mundu spjöllin nema? Einhver kynni að ætla, að nægja mundi að borga rýrnun á vatnsmegni orkuversins, sem svaraði því, að áveituvatnsmegninu væri leyft að renna eftir eðlilegum farvegi árinnar. En það væri ónóg fyrir áveituna. Aðalskurður hennar og mannvirki hans miðast við það vatnsborð í ánni, sem nú er og verið hefir við áveituupptökin. Ef eðlilegt vatnsmegn árinnar á þessum stað væri skert svo, að ekki yrði eftir nema sem svaraði áveituvatninu sjálfu, þá lækkaði vatnsborð árinnar við áveituupptökin svo mjög, að ekkert rynni inn í áveituskurðinn, eins og hann hefir verið fyrirhugaður. Til þess að áveitan fái vatn sitt þarf eðlilegt vatnsborð að haldast á ánni, en þá verður virkjun á umræddum 20 metrum fallhæðarinnar ómöguleg, og þyrfti þá áveitan að borga fullar bætur fyrir þau h. u. b. 50,000 hestöfl, sem svara til þeirrar fallhæðar og vatnsmegnsins í Hvítá. Að öðrum kosti yrði að breyta fyrirhuguðum mannvirkjum áveitunnar, svo að áveitan gæti hagnýtt sjer lækkað vatnsborð í Hvítá, eða að gera sjerstök mannvirki við ána, til þess að færa vatnið inn í áveituskurðinn, þrátt fyrir minkað rensli árinnar. Mannvirki þessi yrði áveitan að kosta, ef fara skyldi eftir rjettarreglum stjórnarfrv., og þá auk þess greiða bætur fyrir rýrnun á vatnsmegni orkuversins.

Eftir rjettarreglum stjórnarfrv. ætti Flóaáveitan því um tvent að velja, sem sje:

annaðhvort að borga matsverð fyrir minkun á möguleikum til orkunytja neðan við áveituupptökin, sem svarar 5000 hestöflum, og fyrir ónýtingu á möguleikum til orkunytja fyrir ofan upptökin, sem nemur um 50,000 hestöflum,

eða að borga hina fyrnefndu rýrnun fyrir neðan upptökin, 5000 hestöfl, og rýrnun fyrir ofan upptökin, sem nemur ámóta miklu, og kosta mann-

virki til þess að hagnýta áveituvatnið úr farvegi Hvítár, þótt ekki sje meira vatnsmegn orðið þar eftir en áveituvatnið sjálft.

Ómögulegt er að segja um að órannsökuðu máli, hvor kosturinn yrði ódýrari fyrir áveituna, en báðir mundu baka henni mjög tilfinnanleg fjárútlát.

Eftir núgildandi lögum og eftir frv. meiri hl. fossanefndarinnar er það ótvírætt, að Flóaáveitan á rjett til vatns úr Hvítá ókeypis, og að eftir að áveitan er komin í framkvæmd má enginn bótalaust breyta vatnsborði Hvítár, svo að áveitan af þeirri sök missi neins af því vatni, sem mannvirkjum hennar er ætlað að taka við. Hún er því ekki bótaskyld fyrir rýrnun á „möguleikum til orkunytja“ fyrir neðan upptök, og sá, sem vildi virkja umrædd 50,000 hestöfl, eftir að áveituverkið væri komið í kring, yrði á sinn kostnað að gera þau mannvirki, er þarf til þess, að áveitan geti haldið áfram að ná vatni sínu úr farveginum, og hann yrði endurgjaldslaust að sleppa svo miklu vatni í núverandi farveg árinnar, sem áveitan þarf og mannvirki hennar eru ætluð fyrir.

Mjer virðist því vera augljóst, að stjórnarfrv. gerir hjer stórkostlega breytingu á núverandi rjettargrundvelli. Hvort sú breyting í reyndinni muni ná til þessa sjerstaka fyrirtækis, skal látið ósagt, en hæpið þykir mjer, að ákvæði Flóaáveitulaganna einna saman mundi nægja til þess að gera þessa einstöku áveitu undanþegna almennri rjettarreglu vatnalaga, ef þau yrðu í gildi gengin áður en áveituverkið er hafið.

Miklavatnsmýraráveitan fær vatn úr Þjórsá á flatlendi fyrir neðan alla fossa. Vatnshæð árinnar er ekki meiri en það, að vatn næst einungis þá í áveituskurðinn, þegar mestir vextir eru í ánni. Fyrsti áveituskurðurinn mishepnaðist algerlega, vegna þess, að reynslan sýndi, að áin ók ekki svo mikið, að vatnið rynni í skurðinn. Svo var gerður annar skurður, og lánaðist betur, en þó má engu muna um vatnshæðina í ánni, svo að áveitan komi að notum. Nú hafa verið gerðar áætlanir um virkjun Þjórsár, og er auðvitað gert ráð fyrir renslisjöfnun svo mikilli, sem landslagið frekast leyfir. En renslisjöfnun, ef hún er nokkuð víðtæk, hefir einmitt fyrst og fremst það í för með sjer, að vorvextirnir minka. Ef Miklavatnsmýraráveitan hefði verið framkvæmd við þann rjettargrundvöll, sem stjórnarfrv. markar, þá hefir áveituverkið orðið að borga bætur fyrir þau spjöll á „möguleikum til orkunytja“, sem samsvara renslisjöfnuninni í Þjórsá. Samkvæmt þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið, má vinna nærfelt 1 milj. héstafla úr Þjórsá; ef renslisjöfnun er burt feld, lækkar hestaflatalan svo nemur hundruðum þúsunda, og mundu verða metnar bætur fyrir slíkt, sem áveitan væri alls ekki fær um að borga. Hún væri óframkvæmanleg á rjettargrundvelli stjórnarfrv. Engum blandast hugur um það, að samkvæmt núgildandi rjettargrundvelli þarf áveitan ekkert að borga fyrir spjöll á möguleikum til orkunytja. Ef virkjendur árinnar vilja framkvæma renslisjöfnun, og þar með taka vatnið frá áveitunni, þá verða þeir, samkvæmt núgildandi lögum, að bæta áveitunni allan halla af því, t. d. með því að kosta mannvirki til þess að veita vatni í áveituskurðinn, þrátt fyrir lækkað vatnsborð.

Þessi dæmi læt jeg nægja. Um flestar áveitur, sem hafa verið gerðar eða gerðar verða, er að einhverju leyti líkt ástatt og þessar tvær. Þessi dæmi nægja til að sýna fram á, að rjettargrundvöllur stjórnarfrv. er allur annar en rjettargrundvöllur núgildandi löggjafar.

(Ræðumaður hafði ekki lokið máli sínu er hjer var komið, en þá var fundi frestað og málið tekið út af dagskrá, og kom ekki á dagskrá aftur á þinginu).

Frv. varð

ekki útrætt.

---

11. Vatnsorkusjerleyfi.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um vatnsorkusjerleyfi (A. 22).

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 19. febr. var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Þetta frv. er af sama toga spunnið og það síðasta, sem við vorum að afgr. Þarf jeg því litlu við að bæta greinargerð þá, er frv. fylgir.

Árið 1919 var hjer á þingi kosin nefnd í máli þessu, og lagði hún fyrir hv. Nd. álit sitt í frv.formi. Frv. það, er nú liggur fyrir, er að formi til bygt á frv. þingnefndarinnar. en að efni til tekið tillit til frv. annars minni hl. milliþinganefndarinnar, og er í athugasemdunum gerð grein fyrir öllum breytingum frá frv. þingnefndarinnar.

Stjórnin gengur út frá því, að sjerleyfi til virkjana stærri vatnsfalla verði í rauninni nokkurskonar samningur milli stjórnarinnar og sjerleyfisbeiðanda, og að í sjerleyfi verði oft að haga sjer sem um semst, innan þeirra takmarka, sem lög heimila.

Enn fremur gengur stjórnin út frá því, að það sje mjög æskilegt fyrir land og þjóð, ef fjelög eða einstakir menn vildu og treystu sjer til að verja fje og kröftum til þess að virkja eitthvað af okkar stærri fallvötnum.

Þess vegna hafði stjórnin fyrir augum að gera sjerleyfislögin að vísu sem tryggilegust fyrir hagsmuni þjóðarinnar, en þó um leið sem minst fráfælandi fyrir þá, sem hefjast handa til þess að brjóta ísinn í fossavirkjun hjer á landi. Og allra síst vildi stjórnin, að smáagnúar í lögunum yrðu til fyrirstöðu sjerleyfis- eða virkjunarsamningum.

Að svo mæltu legg jeg til, að frv. þessu verði vísað til fossanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum greiddum atkv.

Till. um að vísa frv. til fossanefndar (sjá A. bls. 1664) samþ. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

B. Þingmannafrumvörp.

1. Skoðun á síld.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 26. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um skoðun á síld (A. 58).

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Stefánsson): Okkur þm. Eyf. hefir verið sent frv. þetta til flutnings af Siglfirðingum, en það eru þeir menn, sem mestan kunnugleika og mesta þekkingu hafa á skoðun eða mati á síld, enda hafa þeir þar að auki haft sjerfræðing sjer til aðstoðar við samning frv., sendimann, er sænska stjórnin hefir sent hingað til þess að taka á móti þeim 50 þúsund tunnum af síld, er sænska bjargráðanefndin keypti af Siglfirðingum.

Af þessum ástæðum má búast við því, að frv. þetta sje svo vel úr garði gert, að menn geti treyst því, að í því sje bent á hyggileg og heppileg ráð til að tryggja þennan atvinnuveg. Jeg veit, að flestum muni vera það áhugamál, að þessi atvinnugrein megi verða sem tryggust og arðvænlegust, en engum þó meira en Siglfirðingum sjálfum.

En þetta tek jeg fram til þess að benda mönnum á, að þeir, sem um frv. hafa fjallað, eru allra manna fróðastir og áhugasamastir um þessi mál og hafa því í engu kastað til höndum við samning frv.

Aðalbreytingarnar, sem frv. þetta fer fram á, eru:

1. Að engir meti síld aðrir en þeir, sem eru lögskipaðir matsmenn af stjórninni,

2. Að nýveidd síld skuli ekki metin, nema ágreiningur rísi milli seljanda og kaupanda um það, hvort síldin sje skemd.

Er það ákvæði sett í frv. vegna þess, að semjendur frv. telja frummat á síld ekki ná tilgangi sínum. Reynslan hefir sýnt, að undirmatsemnnirnir standa oft og tíðum vikum saman aðgerðalausir, af því að enginn ágreiningur verður, en rísi ágreiningur, þá er leitað álits og úrskurðar yfirmatsmanna.

3. Að 10 aura matsgjald leggist á hverja metna síldartunnu, og rennur það gjald í ríkissjóð.

Er svo ráð fyrir gert í frv., að landinu verði skift í 4 matsumdæmi, og yfirmatsmennirnir verða nú 4, í stað 2 áður, í Norðlendingafjórðungi. Eru það að vísu aukin útgjöld fyrir ríkissjóð að

launa þessa menn, en fyrir þeirri gjaldaaukningu ætti matsgjaldið fyllilega að hrökkva.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið við þessa umr. Vil aðeins geta þess, að ekki þarf að nema önnur lög úr gildi en lög frá 1919, um skoðun á síld, þó frv. þetta verði samþ.

Að endingu vil jeg svo æskja þess, að málinu verði vísað til sjávarútvegsnefndar að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 1658) með 17 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var nefndaráliti (A. 173) útbýtt, en frv. var aldrei á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

2. Skipun prestakalla (Stafafellssókn).

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla (A. 76).

Á 14. fundi í Nd., föstudaginn 4. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorleifur Jónsson): Það er samkvæmt ósk safnaðarins í Stafafellssókn í Austur-Skaftafellssýslu, að jeg leyfi mjer að bera þetta frv. fram.

Í prestakallalögunum frá 1907 er svo ákveðið, að Stafafellssókn leggist til Bjarnaness og Einholtssókn til Kálfafellsstaðar. Var þá með því fækkað um einn prest í Austur-Skaftafellssýslu. Það er svo til ætlast, að í allri Austur-Skaftafellssýslu verði aðeins 3 prestar. Áður fyrri, eða alt fram undir 1880, voru 5 prestar í sýslunni. En um þær mundir mun Einholtssókn hafa verið lögð til Bjarnaness. Þessi sameining, sem prestakallalögin gera ráð fyrir, hefir þó aðeins verið á pappírnum þangað til síðastl. sumar, að Stafafellssókn var sameinuð Bjarnanesi við fráfall síra Jóns á Stafafelli. Núverandi Bjarnanespresti, sjera Ólafi Stephensen, mun hafa borið skylda til, samkvæmt þessum lögum, að þjóna Stafafellsprestakalli, en losnar þó eigi við Einholtssókn, með því að eigi er hægt að skylda prestinn á Kálfafellsstað, sem orðinn er aldraður maður, til að bæta þeirri sókn við sig. Bjarnanesprestur verður því, eins og nú standa sakir, að þjóna 3 sóknum — 3 prestaköllum, eins og þau voru í gamla daga — og vita allir kunnugir, að það er ofætlun. Og engir kunnugir munu heldur neita því, að sameiningar þær, er prestakállálögin mæla fyrir um í Austur-Skaftafellssýslu, eru afaróhagstæðar.

Landslagi er þann veg háttað, að slæmar torfærur, stórvötn, fjallvegir og eyðisandar skilja svo að segja eina sveit frá annari. En þó taka út yfir torfærurnar milli Bjarnaness og Stafafells, Almannaskarð og Jökulsá í Lóni. Er því rjett lýst í brjefi sóknarnefndar Stafafellssóknar, sem prentað er með frv. þessu.

Undir eins og þessi sameining komst í framkvæmd, reis upp megn óánægja hjá Stafafellssöfnuði út af sameining-

unni, og skrifuðu þeir í haust prófasti brjef það, sem prentað er með frv.

Prófastur kallaði svo saman hjeraðsfund, og var hann haldinn 12. október. Samþykt hjeraðsfundar um málið hefi jeg hjer við höndina, og, með leyfi hæstv. forseta, ætla jeg að lesa hana upp. Hún hljóðar svo:

„Lagt fram brjef frá sóknarnefndinni í Stafafellssókn, dags. 24. sept. þ. á., þar sem þess er óskað, að hjeraðsfundur gefi sín meðmæli með því, að Stafafellssókn verði eftirleiðis, eins og hingað til, sjerstakt prestakall.

Er þar rækilega bent á þá miklu annmarka, sem sameiningin við Bjarnanes hefir í för með sjer.

Fundarmenn ræddu þetta mál allmikið, og eftir þær umræður var samþ. svo hljóðandi till.:

Fundurinn fellst á ástæður þær, er færðar eru fyrir því í brjefi sóknarnefndarinnar í Stafafellssókn, að sameining Stafafellssóknar við Bjarnanes sje með öllu ógerleg, og mælir fundurinn hið kröftugasta með því, að Stafafellssókn sje gerð að sjerstöku prestakalli.
Samþykt með öllum atkv.“

Menn sjá af þessu, að hjeraðsfundurinn lagði eindregið á móti sameiningunni, taldi hana ógerlega og óframkvæmanlega, og vildi því láta Stafafellssókn hafa sinn prest, eins og áður hafði tíðkast.

Prófastur sendi svo samþykt hjeraðsfundar til biskups og mælti hið kröftugasta með henni. Hefi jeg einnig hjer við höndina brjef prófasts til biskups, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr því dálitinn kafla, er hljóðar svo:

„..... Svo má skoða þessa sameiningu frá safnaðarins hlið: fyrst er það, hve sjaldan hann fær messu, og svo hve erfitt honum er gert að vitja prests. Frá Hvalnesi, austasta bæ í Lóni, er dagleið að Bjarnanesi, er engar torfærur hamla. Tekur það því tvo daga að sækja og flytja prestinn. Ekki furða, þó að söfnuðurinn kvarti undan slíku, eins og alt er dýrt nú. Sömu umkvörtunina heyri jeg hjá Einholtssókn, er þeir eiga að fara að sækja prest að Kálfafellsstað við næstu prestaskifti þar; vilja heldur vitja prests yfir Hornafjarðarfljót, þó ilt sje, en sækja prest langan veg yfir Hellishólsvatn, Heiðnabergsvötn, Kolgrímu og Staðará.

Samsteypa þessi gerir bæði prestaköllin ómöguleg; sannast hjer það, sem hr. Hallgrímur sál. sagði 1907, að samsteypan „gengi lengra en góðu hófi gegndi, hvort sem litið er til presta eða safnaða.“ Staðhættir hjer í sýslu, eyðisandar og stórvötn, gera það að verkum, að undir öllum kringumstæðum er of lítið að hafa 3 presta í sýslunni, ef á annað borð nokkur prestsþjónusta á að vera.“

Jeg get vel búist við, eins og prófastur tekur líka fram í brjefi sínu, að óánægja muni verða ekki öllu minni hjá íbúum Einholtssóknar, þegar þau ákvæði komast í framkvæmd, að Einholtssókn verður lögð til Kálfafellsstaðar, þar sem mörg og stór vötn eru þar á milli.

Nei, einasta sameiningin, sem gerleg er, er þessi, sem staðið hefir nú um fleiri áratugi, Bjarnanes- og Einholtssókn, því þar er þó ekki nema eitt stórvatn á milli, Hornafjarðarfljót, og vegalengdin ekki tiltakanleg.

Jeg skal nú játa, að það er í raun og veru neyðarúrræði að verða að

koma með till. um að auka embættabyrðina á landinu, einmitt nú á þessum vandræðatímum, því að það er öllum ljóst, að hún er orðin óhæfilega mikil. En þó að þessi áböggull verði settur ofan í milli, mun það ekki verða til að sliga þjóðina. Og jeg hafði búist við því, að frumv. stjórnarinnar um hækkun sóknargjaldanna gengi fram; þá lendir þó allmikið af byrðinni á söfnuðina sjálfa, og er það mikið sanngjarnt í raun og veru. Hitt væri ósanngjarnt, að hækka tillög safnaðanna til prestanna að miklum mun. og svifta þá um leið prestsþjónustu að meira eða minna leyti, a. m. k. torvelda þeim alla prestsþjónustu, sem þarna eiga hlut að máli, í Austur-Skaftafellssýslu.

Jeg sje ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál. Vona aðeins, að að hv. deild lofi því að fara áfram til 2. umr. og þá til allsherjarnefndar, og vona jeg þá, að nefndin fari mjúkum höndum um það og leyfi því fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 15 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. mars, var útbýtt nefndaráliti frá meiri hl. (sjá A. 197), en frv. var aldrei á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

3. Laun háskólakennara.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara (A. 80).

Á 15. fundi í Nd., laugardaginn 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 1 atkv. og til allsherjarnefndar án atkvgr.

Á 40., 45., 46. og 48. fundi í Nd., dagana 11., 16., 18. og 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 80, n. 200).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

4. Sveitarstjórnarlagabreyting.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 50, 28. nóv. 1919, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905 (A. 113).

Á 20. fundi í Nd., föstudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Sigurðsson: Ef jeg hefði haldið, að svona langar umræður mundu veru miðlunartillaga við breytingar þær, sem gerðar voru 1919. Ástæðurnar fyrir því, að þetta frv. er fram komið, eru skýrðar í greinargerðinni fyrir frv., og sje jeg því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þær á þessu stigi málsins, en vonast eftir, að málinu verði vísað til nefndar; mundi jeg geta gefið henni nokkru nánari skýringu, ef hún óskaði. Jeg læt svo úttalað um þetta mál að sinni, en óska, að því verði vísað til allsherjarnefndar að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 19 shlj. atkv.

Á 51., 58., 62., 64. og 65 fundi í Nd., dagana 25. og 29. apríl, 4., 7. og 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 113, n. 340).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 113, n. 340).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Eins og nál. á þskj. 340 ber með sjer, hefir nefndin ekki getað mælt með frv. Breytingin á sveitarstjórnarlögunum, sem hjer er um að ræða, var gerð 1919, — eða kann ske er það ekki rjett að kalla það breytingu, þar sem þessi sama heimild fólst í lögunum óbreyttum áður, samkvæmt skilningi margra góðra lögfræðinga. En til að fyrirbyggja allan misskilning var svo sett inn ákvæði um slægjuafnotin, enda er þess mesta þörf, að öll ákvæði, er snerta sveitarmálefni, sjeu skýr og greinileg.

Aðalástæða þess, að þörf var á breytingu, var sú, að það hefir mjög færst í vöxt á síðari árum, að kaupstaðarbúar fái lánaðar slægjur hjá bændum, og selja svo heyið í kaupstöðum, og það er nú sumstaðar svo komið, að heilar jarðir eru nær einvörðungu notaðar á þennan hátt, og öll áhöfn, sem á jörðunum var, er niður fallin. Þá er það líka orðið altítt, að þessir menn taki slægjulönd á leigu hjá bændum, oft kann ske til margra ára, og hafa öll umráð og not þess lands, rjett eins og um venjulega ábúð væri að ræða. Þetta hefir reynst mörgum arðvænlegur atvinnuvegur, og er því mjög eftirsóttur, og er fult útlit fyrir, að meginhluti jarða í sumum hreppum, að minsta kosti í námunda við Reykjavík, verði nytjaðar á þennan hátt. Þar sem svo er nú, að hjer er um sjálfstæða, arðberandi atvinnugrein að ræða, hefir það að vonum valdið óánægju, bæði hreppsnefnda og íbúanna alment, að ekki mætti skattleggja þennan atvinnuveg, eins og aðra, þannig að hann sje útsvarsskyldur þar, sem atvinnan er rekin, og þetta er því fremur óeðlilegra, þar sem sveitarstjórnarlögin gera ótvírætt ráð fyrir því, að allur sjálfstæður atvinnurekstur sje útsvarsskyldur þar, sem hann er rekinn.

Hins vegar er það ekki rjett, sem haldið hefir verið fram, að hjer væri um nýjar álögur að ræða, og er ástæða til að undirstrika það. Hjer er aðeins um það að ræða, að nokkur hluti útsvarsins sje greiddur á öðrum stað, þannig að utansveitarmaður, sem stundar heyskap í einhverjum hreppi, greiði útsvar af þeim atvinnurekstri

þar, en að sjálfsögðu ber að taka það til greina, þegar útsvar er á hann lagt í hans eigin hreppi. Það er beinlínis skylt eftir sveitarstjórnarlögunum.

Sje þetta misnotað á einhvern hátt, sem vel getur komið fyrir, þar sem niðurjöfnunin eftir efnum og ástæðum er og verður altaf meira og minna handahófsverk, þá er auðvitað opin leið til þess í þessu tilfelli, sem öðrum, að leita rjettar síns á þann hátt að skjóta máli sínu til sýslunefnda.

Frv. þetta ber það með sjer, að skýring á þessu ákvæði, um útsvarsskyldu af slægjuafnotum, hefir valdið einhverri óánægju í Skagafirðinum, en að því er virðist á greinargerð fyrir frv. mun það nokkuð stafa af misskilningi á útsvarsgreiðslum. En vel má það rjett vera, að nauðsyn slíks ákvæðis sje ekki eins brýn þar og hjer í námunda við Reykjavík og stærri kaupstaðina, en rjettmæti þess er í sjálfu sjer hið sama fyrir því. Eins og þetta frv. er orðað, útilokar það með öllu, að hægt sje að leggja útsvar á slægjuafnot í nokkru einasta tilfelli, nema þegar um raunverulega ábúð er að ræða. Það er að vísu reynt að láta í veðri vaka, að svo sje, en sje þetta krufið til mergjar, er það sýnt, að þess er enginn kostur. Þeir, sem að þessu frv. standa, eru svo skýrir menn, að þeim hlýtur að vera þetta fullljóst, og því full ástæða til að gruna þá um græsku í málinu.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið, en vísa til nál., og leyfi mjer aðeins að endurtaka það, að jeg vona, að háttv. deild felli þetta frv.

Jón Sigurðsson: Mjer þykir leitt, hvernig hv. allshn. hefir snúist við þessu frv. Mjer virðist breytingin, sem frv. gerir ráð fyrir, sjálfsögð og eðlileg.

Þegar þingið 1919 breytti 36. gr. sveitarstjórnarlaganna á þann veg, sem hún er nú, þá mun það hafa haft fyrir augum ákveðnar staðreyndir, þær, að í nánd við kaupstaðina væri ein eða jafnvel fleiri jarðir, sem kaupstaðarbúar hefðu náð eignarhaldi á, hefðu þar enga ábúð, en nytjuðu, og það aðallega til slægna, án þess að sveitarfjelagið gæti lagt nokkuð á eigendurna eða afnotin. Á móti þessum aðförum mun breytingin hafa verið fyrst og fremst stíluð; það sjest best á umræðunum í Ed., því þar segir hv. frsm. að hann vonist eftir, að lögin verði ekki skilin á þann veg, að lagt verði á menn útsvar, þótt þeir fái slægjur lánaðar handa skepnum sínum. Jeg get hugsað, að ýmsum hv. þm. hafi verið talsvert rík í huga hætta sú, er einstökum sveitarfjel. kynni að stafa af kaupstöðunum, sem áður er getið um, svo að þá hafi í svipinn ekki brugðið fyrir öðrum dæmum. En hjer er líka á aðra hlið að líta í þessu máli, og það er einmitt hún, sem jeg vil reyna að draga lítils háttar fram til athugunar. Um leið og ákveðið var, að lagt skyldi á slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgdi, gátu hreppsnefndir lagt á alla utansveitarmenn, sem fengu lánaðar slægjur í hreppnum. Þar, sem jeg þekki til, eru þetta í venjulegu árferði oftast fátækir kaupst.búar, sem slægjast eftir heyskap handa kú og nokkrum kindum, til þess að geta veitt börnum sínum mjólk og yfirleitt hollara og betra fæði, enda mun það sannanlegt, að einmitt þessi mjólkurdropi hefir aðallega haldið lífinu í þeim suma veturna, og er óviðeigandi, að slík viðleitni sje höfð að skattstofni.

Enn fremur eru það bændur á harðbalakotum, sem stundum verða að leita á náðir annara hreppa um heyöflun.

Fyrir slægjuafnotin mun greitt alt að

5 kr. undir útheyshestinn, eftir staðháttum og heygæðum. Í flestum tilfellum er það eigandinn, sem jafnframt er ábúandinn, sem slægjurnar lánar og hefir beinar tekjur af engjaláninu. Það mun rjett vera, sem hv. frsm. (P. O.) sagði, að það getur verið talsverður gróðavegur að taka engjastykki á leigu og selja svo heyaflann, en í flestum tilfellum mun þó aðalgróðinn verða hjá þeim, sem slægjurnar lánar. Þess munu nokkur dæmi, að einstöku bændur láni engjar fyrir 1—3 þús. kr. á ári, og á nokkrum stöðum, þar sem engjalönd eru viðáttumikil af náttúrunnar hendi, hafa lönd sem áður voru ónotuð eða sem bithagi, verið lánuð út til slægna, og reynst gott engi, án þess að hlutaðeigandi bóndi hafi þurft að takmarka bú sitt eða kosta nokkru til. Fyrir þá menn er þetta.

Á þessar tekjur á að leggja, en ekki elta ólar við alla, sem fá slægjublett lánaðan. Ef gengið er út frá því, að lagt sje á tekjur, þá getum við hugsað okkur, að bóndi hafi bú. Þá lætur hann skepnur sínar breyta heyinu í verðmæti, og á þær tekjur er lagt. En við getum líka hugsað okkur, að hann láni út engi, og þá fær hann þetta sama verðmæti, aðeins á annan hátt. Það er sem slægjutollur. Og jeg skal geta þess, að síðastliðið ár var mikið lánað af engjum, og mörgum hyggnum búmönnum þótti það borga sig betur, innan vissra takmarka. Ef svo væri, þá hljóta allir að sjá, að hjer er ekki um nein uppgrip að ræða. Og þegar það er tekið með í reikninginn, að sá maður, sem verður að fá sjer lánaðar slægjur, á miklu verri aðstöðu á allan hátt en sá, sem á jörðinni býr, bæði að því er snertir heyflutning og alla aðra þá örðugleika, sem leiða af því að þurfa að „liggja við", eins og kallað er; þá verður manni að spyrja: Á hvað á að leggja hjá leigjanda? Samkvæmt sveitarstjórnarlögunum á að leggja á arðsama atvinnugrein. En eins og sjest, þá er hjer alls ekki um arðsama atvinnugrein að ræða fyrir þá, sem fá lánaðar slægjur, heldur fyrir hina, sem selja þær á leigu, og er það þó síður en svo, að slík ákvæði væru mjer í hag, þar sem jeg leigi sjálfur burt mikið af slægjum, en á okkur á fyrst og fremst að leggja. Til þess nú að gera sveitarfjelögunum engan órjett og til þess, að fullkomin sanngirni komi fram, þá hefi jeg stungið upp á þeirri miðlunartill., að ef jörð er lögð í eyði og eigandi eða leigusali slægna er utanhrepps, þá er hreppsnefndinni gefið leyfi til þess að leggja á slægjuafnotin, því þá getur hreppsnefndin ekki náð til þeirra tekna, sem leigusali fær til álagningar. Sje leigusali slægna aftur á móti búsettur í hreppnum, eða aukaútsvarsskyldur, er útsvarið lagt á tekjur hans af slægjuláninu. Jeg vil þess vegna fullyrða, að sveitarfjelögin missi einskis við, þótt þessi breyting verði, af eðlilegum og rjettmætum tekjum.

Hv. nefnd hefir haft ýmislegt að athuga við frv. mitt, og hlýtur svo að vera, þar sem hún svo eindregið vill hefta framgang þess. Fyrst getur hún þess, að þegar slægjulönd væru leigð út, þá seldu leigjendur oft mikið hey og hefðu hagnað af því. Það má vel vera, að svo sje einhversstaðar, en jeg þekki engin dæmi til þess. En við lagasmíði er mjög varhugavert að elta ólar við einstök tilfelli. Það getur vitanlega oft hent, að einhverjir selji land á leigu til slægna fyrir óhæfilega lágt verð, og því verði á litlar tekjur að leggja, en

við því verður ekki spornað, fremur en því, að sumir menn verða alla sína æfi ráðleysingjar. Hreppsnefndirnar verða að leggja á slíka menn eftir gjaldþoli.

Þá segir nefndin, að hjer sje ekki verið að leggja aukin gjöld á menn, því þeir greiði þeim mun minna útsvar í sínum eigin hreppi, sem á þá er lagt annarsstaðar. Þetta þykir mjer nokkuð fljótfærnislega sagt. Jeg vil þá fyrst benda hv. deild og hv. nefnd á það, að um leið og lagt er útsvar á menn, þá minkar gjaldþol þeirra að sama skapi, en þarfir hreppsins eru jafnmiklar fyrir það, hvort menn fá slægjur innan sveitar eða utan. Það þarf jafnt að fullnægja þörfum hreppsins, þótt svo væri, að helmingur hreppsmanna fengi slægjur utansveitar og greiddi þar helminginn af sínum útsvörum. Afleiðingin verður sú, að útsvörin hljóta að hækka, bæði á þeim, sem slægjurnar fengu, og hinum, sem heyjuðu heima. Það eru kaupstaðabúarnir, sem einkum verða að leita út fyrir hreppinn og verða því harðast úti, eins og áður er sagt. Þetta væri hægt að sanna með einföldu reikningsdæmi.

Þá getur nefndin þess, að altaf sje hægt að kæra. Það er mikið rjett, en jafnvíst er það, að mjög margir vilja heldur líða órjett en að standa í slíku stappi.

Þá kem jeg að því atriði, sem nefndin virðist telja grundvallarástæðuna fyrir andstöðu sinni gegn þessu frv., og nál. byggist á, að þarna sje raskað meginreglu sveitarstjórnarlaganna, sem sje sú, að leggja útsvar á sjálfstæðan atvinnurekstur. Jeg mótmæli því algerlega, að 36. gr. fylgi slíkri reglu. Þar stendur: „Ekki er heimilt að leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppi í sama sýslufjelagi eða við sama fjörð eða flóa, sem útræðið er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra.“ Ef þetta er ekki sjálfstæður atvinnurekstur, sem hjer er um að ræða, þá veit jeg ekki, hvað er sjálfstæður atvinnurekstur. Og þótt aðeins væri um uppsátur að ræða og aðgerð á afla, þá yrði það að teljast sjálfstæður atvinnurekstur. Jeg fer því aðeins fram á það, að slægjuafnot verði sett hliðstæð við þetta ákvæði. Þess vegna er hjer ekki um neitt brot að ræða á einhverri meginreglu, því hafi hún átt að vera, þá brýtur greinin hana sjálf með áðurnefndu ákvæði, og jeg vænti þess, að hv. deild líti með meiri sanngirni á þetta mál en hv. allshn.

Jeg skal þá ekki fjölyrða meira um þetta að sinni. Ef til vill gefst mjer tækifæri til að fara nokkrum fleiri orðum um það síðar.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg verð að segja fáein orð um þetta mál, því að hv. allshn. hefir gert mjer þann heiður að nefna mig í nál. sínu á þskj. 340. Það er nú rjett, sem þar er eftir mjer haft, og vil jeg bæta því við, að í allshn. 1919 var jeg þess fremur letjandi, að lög þau yrðu sett, sem nú er tilætlunin að breyta, og var ástæðan til þess sú, að jeg áleit, að breytingin væri alls ekki nauðsynleg. Hitt ugði mig ekki, sem nú er fram komið, að lög þessi yrðu misbrúkuð, og þess vegna hlýt jeg nú að fylgja að málum háttv. samþm. mínum (J. S.), um að fá þessu kipt í lag, með því að skilja úr þau tilfelli, sem ekki eiga hjer við. Fyrir mjer stendur þetta mál þannig, að notandi slægna eigi ekki að greiða útsvar þar sem slægjuland er, ef hann er þar ekki búsettur, nema hreppur sá, sem slægjuland er í, hafi ekki á annan hátt tekj-

ur af landinu. Hins vegar sýnist engin sanngirni í því, að t. d. sá, sem fær 5—10 hesta heyskap í næsta hreppi, gegn fylsta gjaldi til manns, sem þar er búsettur, eigi að borga útsvar fyrir þessar slægjur, því að leigusali er útsvarsskyldur. Það er og heldur ekki rjett að útsvarsskylda fleiri utanhreppsmenn en minst er nauðsyn á, því að það er kunnara en frá þurfi að segja, að hreppsnefndir eru ekki eins sanngjarnar í álagning sinni á utanhreppsmenn og skyldi.

Jeg er því hissa á því, að hv. allshn. skyldi ekki geta gengið að þessu frv., en vona, að deildin sjái sjer fært að samþ. það.

Björn Hallsson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara og vildi með nokkrum orðum skýra frá því, hvers vegna jeg gerði svo. Það var ekki vegna þess, að jeg væri alveg og með öllu ósammála meðnefndarmönnum mínum, því að þá hefði jeg skrifað sjerstakt nál. Jeg var sammála þeim um það, að sjálfsagt væri að leggja útsvar á mikil jarðarafnot utan hrepps til heyskapar, sem svo er seldur, án þess að hreppurinn hafi hans not. En það þykir mjer ósanngjarnt, að lagt sje á, þótt fátæklingar í kaupstöðum þurfi að fá fáeinna hesta slægju leigða til afnota, til þess að fá mjólk handa börnum. Mjer þætti líka ósanngjarnt, ef jeg lánaði nágranna mínum utan hrepps smáengjablett, af því að hann gæti ekki fengið hann í sínum eigin hreppi, vegna grasbrests þar, að þá sje hægt að leggja útsvar á hann í mínum hrepp. Það þykir mjer ranglæti. Þessi maður verður þó að borga mjer fyrir engjalánið, og fæ jeg því tekjurnar. Að vísu segir nefndin í nál., að opin leið sje til þess að kæra, ef of hátt er lagt á, en jeg er á sama máli og hv. 2. þm. Skagf. (J. S.) um það, að margir hika við að kæra vegna fárra króna. Það kostar oft talsverða fyrirhöfn. Flestum mun kunnugt um það, að hreppsnefndir eru mjög tregar til að breyta útsvörum, nema augljós ástæða sje til, og sýslunefndir eru enn tregari til að breyta úrskurðum hreppsnefnda. Þær vilja ekki innleiða útsvarskærur á sig meira en nauðsynlegt er. Vita líka, sem rjett er, að hreppsnefndir eru kunnugri ástæðum aðilja en þær. Þess vegna finst mjer ósanngjarnt að leggja á þau heyskaparafnot, sem frv. þetta ætlast til að sjeu undanþegin útsvari. En jeg er sammála nefndinni um það, að útsvari þurfi að ná af þeim utanhreppsmönnum, sem leigja heilar eða hálfar jarðir og flytja heyið og selja í burtu. Með því tapast auðvitað gjaldþol af þeirri framleiðslu, sem mætti hafa á jörðinni. Þannig mun það til, að menn í Reykjavík leigi heilar jarðir í sveitunum í kring og „spekúleri“ með heyið. Hlutaðeigandi hreppur þarf auðvitað að ná útsvari af þeim mönnum.

Það kom til orða í nefndinni að reyna að fara einhverja miðlunarleið, en hún fanst engin, svo að tiltækileg þætti. Það var t. d. talað um binda slægjuafnot við ákveðna hestatölu, en auðvitað er ávalt hægt að fara í kringum slíkt, og því þótti það ekki tiltækilegt.

Jeg hefi því sem stendur tilhneigingu til að hallast heldur að frv., og mun að minsta kosti greiða atkv. með því til 3. umr. og sjá svo, hvort jeg get ekki komið með brtt. til miðlunar og samkomulags.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg hafði búist við skýringu frá hv. flm. (J. S.) á þessu innskoti, þar sem hann ætlar

sjer að tryggja það, að þegar svo stendur á, að jarðir hafa runnið undir yfirráð kauptúna, þá sje hægt fyrir hreppinn að ná tekjum af þessum jörðum. Eftir sveitarstjórnarlögunum er nú hægt að gera þetta. Þeir menn eru allir útsvarsskyldir að nafninu til, því að allar jarðir eru að einhverju leyti í byggingu einhvers manns; hitt er undantekning. En það er iðulega ekki nema að nafninu til, sem þeir, er ábúðarrjettinn hafa, eru útsvarsskyldir, þegar þeir lána allar landsnytjarnar. Þá eru það þeir, sem þær nytjar hafa, sem fleyta rjómann ofan af, meðan verið er að eyðileggja jarðirnar og flytja alt út úr hreppnum. En eftir frv. er ómögulegt að leggja útsvar á slægjuafnot þeirra manna. Því verður ekki í móti mælt.

Það eru að vísu, eins og jeg áður drap á, nokkuð aðrir staðhættir hjer en í Skagafirði hvað þetta snertir, en ræða hv. flm. (J. S.) virtist öll vera miðuð við staðhætti eins og þeir eru þar. En það ber á fleira að líta, en slík mál sem þessi krefjast víðsýnis og þess, að litið sje á það, sem þjóðarheildinni sje hagkvæmast og vörn í.

Jeg skal nú til frekari skýringar koma fram með ástæður fyrir því, hver nauðsyn hreppum, einkum þeim, sem eru í nánd við stóra kaupstaði, er slíkra ákvæða, og benda á það, sem rangt var í orðum hæstv. fjrh. (M. G.) um gjaldþol hreppanna.

Sjerhverja jörð má telja gjaldstofn í hreppsfjelaginu, og hvað þessi gjaldstofn getur borið fer eftir jarðargæðunum, en þau fara aftur á móti ekki minst eftir því, hvernig jörðin er setin. Nú er reynslan sú um flestar eða allar þær jarðir, sem þannig eru setnar, að megnið af heyskapnum, ef ekki allur heyskapurinn, er fluttur burt af jörðunum, og þær jarðir fara í niðurníðslu og órækt, og loks ef til vill alveg í eyði. Til þessa eru mörg dæmi. En á þennan hátt rýrna jarðirnar eða hverfa alveg sem gjaldstofn fyrir hreppsfjelagið.

Það hefir reynst svo, að minsta kosti í námunda við kauptún, og þó einkum kaupstaði, þar sem tiltölulega auðvelt er að koma heyinu á markaðinn, að það er ekkert sambærilegt, hvað það eru fljótteknari peningar fyrst í stað að selja heyið, en reka venjulegan búskap á slíkum jörðum. Þetta freistar manna, og því er nú komið sem komið er, um meðferð og notkun jarða hjer á næstunni og víðar.

Því verður hverju hreppsfjelagi að gefast færi á því að skattleggja slíkan atvinnurekstur í samsvörun við þann arð, er hann gefur, og jafnframt taka tillit til þess, sem gjaldstofninn — jörðin — rýrnar við þessa meðferð, en þetta er því aðeins hægt, að það sje atvinnurekandinn, sem greiðir útsvarið, því venjulega er ekki tekið meira eftirgjald eða leiga fyrir þær jarðir eða landsnytjar, sem þannig er með farið, en þegar um verulega ábúð er að ræða.

Þar sem því er nú þannig háttað, að heil hreppsfjelög eru háð þessum búsifjum — þessari hættu — þá vænti jeg þess, að hv. deildarmenn líti svo á, að það sje ekki einasta rjett, heldur blátt áfram nauðsynlegt og sjálfsagt, að slík ákvæði sjeu í lögunum, sem hjer um ræðir, og nú eru í þeim. Það má benda á það, hvílíkt ósamræmi það er, að maður, sem hefir, þó að ekki sje nema að nafninu til, ábúðarrjett á jarðarskika, sem ef til vill er ekki nema hálft eða heilt jarðarhundrað að dýrleika, er útsvarsskyldur, en svo er annar maður, sem hefir á leigu, ef til vill mikið

lengri tíma, engjastykki, sem gefur af sjer 3—400 hesta af heyi, að hann skuli ekki þurfa að borga grænan eyri í útsvar í því hreppsfjelagi.

Hv. flm. frv. (J. S.) talaði út frá staðháttum norður þar og sagði, að jeg mætti ekki miða við sjerstakar ástæður eða aðstöðu hjer syðra. Jeg held, að þetta sje alment við alla stærri kaupstaði, og sýnist mjer þá, að rjettara muni að miða löggjöfina við hin stærri atriðin, en ekki hin minni, sem hv. flm. (J. S.) nefndi.

Hv. flm. sagði einnig, að það væri hart að skattleggja heyskap manna, þó að þeir heyjuðu nokkra hesta handa skepnum sínum. Er það rjett, að alt horfir öðruvísi við, þegar um slíkt smáræði er að ræða, enda munu fæstar hreppsnefndir hirða um, þegar svo á stendur, að leggja útsvar á svo smávægileg afnot, þó að það sje fullkomlega rjett í sjálfu sjer. Þetta atriði skiftir því litlu máli, en mitt atriði hefir stórvægilega þýðingu.

Þá sló hv. flm. (J. S.) á þann strenginn, að þetta væri hart fyrir fátæka kaupstaðarbúa, er afla þyrftu hollrar fæðu fyrir börn sín, sem eigi mundu geta notið hennar með öðru móti. En til þessa er því að svara, að þau hjeruð, sem slík gæði leggja til kaupstaðanna, ættu að mega njóta einhvers góðs af því. Um mennina á harðbalakotunum, sem þyrftu að fá slægjur og hv. flm. (J. S.) aumkaði sig mjög yfir, er það að segja, að oft eru jarðir þær góðar til útbeitar og þar landkostir góðir, og getur þá oft staðið svo á, að þar geti verið um skifti að ræða, á t. d. slægjum og vor- og haustgöngu og upprekstri á sumrum. En annars eru þetta alt smávægileg aukaatriði.

Það er nú orðið algengt nú á síðari tímum, að ýmsir lausamenn leika lausum hala með stórar hjarðir af kvikfjenaði og láta bændur sæta afarkostum um vinnu sína. Sýnist mjer, að ekki sje sjerlega vandfarið með menn þessa og gjarnan mega þeir eitthvað láta af mörkum. Er það og sanngjarnt, að gjaldið skiftist niður á milli þeirra hreppsfjelaga, sem þeir reka atvinnu sína í.

Hv. flm. (J. S.) sagðist þekkja dæmi þess, að menn hefðu orðið að borga 5 kr. undir hestburðinn. Má vel vera, að þetta sje rjett, en engin dæmi þekki jeg þess, að menn hafi orðið að sæta slíkum afarkostum. Bendir þetta til þess, að Skagfirðingar muni ekki vera mjög hörundssárir að nota sjer neyð annara manna, og er þetta ef til vill nokkur ráðning á því, hvílíkri óánægju þetta hefir valdið norður þar.

Þá gat hv. flm. (J. S.) þess, að þrátt fyrir það, þó þessi skifting ætti sjer stað á atvinnurekstrinum, þá minkaði ekki skattgjaldsþörfin í því hreppsfjelagi, sem maðurinn ætti heimili í, en hann yrði ófærari til að borga. Jeg held, að þetta geti nú einmitt horft öfugt við, því að fæst af þessum mönnum fá heyskap handa skepnum sínum, heldur eru þetta aðall. menn, sem þykir betur borga sig að fást við þetta og selja heyið heldur en fara í kaupavinnu. Er því sennilegt, að þessir menn verði færari gjaldendur eftir en áður í sínum hreppi, að því leyti sem þetta er arðvænlegra en kaupavinnan. En auk þess er það óransakað mál, hvort þeir menn, sem heyja handa skepnum sínum, t. d. reka kúabú og sækja fóðrið í aðra hreppa, njóta ekki svo góðs af þessum atvinnurekstri eða að hann sje þeim svo arðvænlegur,

að þeir hafi miklu breiðara bak til gjaldabyrði en ella myndi. Það eru allar líkur til, að svo sje.

Enn gat háttv. flm. (J. S.) þess, og vildi vefengja þau orð mín, að það væri sýnilega andi sveitarstjórnarlaganna að leggja á allan sjálfstæðan atvinnurekstur. Nefndi hann máli sínu til stuðnings dæmi úr sveitarstjórnarlögunum, sem sanna átti undantekninguna.

Er það rjett, að þessi undantekning er í lögunum, en var aðeins sett þar vegna staðhátta hjer, og getur hv. þm. Barð. (H. K.) borið vitni um það með mjer, að þetta var meiningin með undanþágunni. Er reglan því ekki brotin, þótt ákvæði þetta sje í lögunum, því það er alt annars eðlis í sjálfu sjer, að útsvarsskylda nái ekki til þeirra manna, sem róa við sama flóa eða fjörð og leggja aflann á land aðeins um stundarsakir, en flytja hann í burtu von bráðar og verka heima hjá sjer. Þessi afli er veiddur í hinum stóra almenning, sjónum, en í hinu tilfellinu er verið að flytja í burtu verðmæti úr hreppunum, sem þar er aflað, og þar með teknir í burtu bjargræðis- og framleiðslumöguleikar hreppsbúa, sem því nemur. Verður heldur ekki á móti því mælt, að þetta sje andi sveitarstjórnarlaganna, og gæti jeg lesið margt upp úr þeim, sem sannaði þetta ótvírætt.

Hæstv. fjrh. (M. G.) fann ástæðu til þess að árjetta orð hv. flm. (J. S.), enda mun hann eiga sinn þátt í frv. Er það dálitið einkennilegt, því aðstaða hæstv. ráðherra (M. G.) hlýtur að vera nokkuð örðug, því að hann var eindreginn stuðningsmaður þessarar skýringar minnar á þinginu 1919. En þar sem hann var þetta, þá skýtur það óneitanlega dálitið skökku við að vilja nú skjóta ákvæði inn í lögin, sem útilokar tilganginn með breytingunni 1919, og meira til. Veit jeg, að ef hæstv. fjrh. (M. G.) ætti að dæma eftir lögum þessum, þá mundi honum ómögulegt að ná tekjum af slægjuafnotum í einu einasta tilfelli.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að það væri hart, að menn, sem heyjuðu fáa hesta handa skepnum sínum, yrðu að borga mikið útsvar af því. Um það er nú eigi að ræða, að menn borgi mikið útsvar, því útsvarið fer auðvitað eftir því, um hvað mikið er að ræða, og sýnist mjer, að óverjandi sje að skjóta jafnskaðlegu ákvæði og þessu inn í lögin, til þess að komast hjá öðru eins smáræði. Þykir mjer kenna hjer nokkurs ístöðuleysis hjá hæstv. fjrh. (M. G.), að hann skuli verða sem reyr af vindi skekinn, þegar hann finnur goluþytinn frá þeim Skagfirðingum. Ber jeg kvíðboga fyrir því, að ef Skagfirðingar ybbast nokkuð við skattalögunum, sem þetta þing hefir á prjónunum, þá muni hæstv. fjrh. (M. G.) rjúka upp til handa og fóta og krefjast breytinga á skattalöggjöfinni, eftir því sem vindurinn blæs hjá þeim þar norður frá.

Jeg gleymdi að geta þess í framsöguræðu minni, að hv. 2. þm. N.-M. (B. H.) skrifaði undir nál. með fyrirvara. Vildi hann gera lítið úr þeirri tryggingu, að skjóta mætti málinu til sýslunefnda. Mundu þær tregar til afskifta og breytinga.

Eftir minni þekkingu á sýslunefndum eru þær ætíð reiðubúnar til að skerast í leikinn, ef þær halda, að einhver hreppsbúi hafi orðið fyrir ranglæti, og rjetta hluta hans. Eru þessi ummæli hv. þm. (B. H.) ámæli á sýslunefndirnar, og er það leiðinlegt, ef þær eiga það skilið austur þar; hjer veit jeg að þær eiga það ekki.

Flm. (Jón Sigurðsson): Ef jeg hefði haldið, að svona langar umr. mundu spinnast út af jafnlitlu frv., mundi jeg næstum hafa hikað við að koma fram með það.

Jeg ætla mjer eigi að minnast nema á örfá atriði í ræðu háttv. þm. Borgf. (P. O.).

Hann talaði mjög um það, að jarðir, sem notaðar væru til slægna á þennan hátt, færu í niðurníðslu — jafnvel í auðn. Má vel vera, að þetta geti átt sjer stað. En hvert er læknismeðalið við þessu? Það er ekkert komið fram enn, nema útsvarsálagningin; hún á að bæta úr þessu, en jeg fæ ekki sjeð, að hún bæti neitt úr skák. Þetta er því sagt alveg út í bláinn hjá hv. þm. Borgf. (P. O.).

Hann óskaði skýringar á innskotinu og hvernig það mundi verða framkvæmt. Jeg gat þess lauslega, að þegar einhver jörð væri ekki í ábúð, sem komið getur fyrir, þá mætti leggja útsvar á notanda slægnanna. Búi aftur á móti maðurinn, sem lánar slægjurnar, á jörðinni, eða er búsettur í hreppnum, þá nýtur hann teknanna af slægjulánum, og því fullkomlega sanngjarnt, að hann gjaldi af þeim. Þá vildi hv. þm. (P. O.) gera sjer mat úr því, að Skagfirðingar notuðu sjer neyð annara og tækju 5 kr. undir hestinn. Jeg skal nú ekki dæma um mannkosti Borgfirðinga, en ólyginn sagði mjer, að dæmi mundu til finnast, að þeir tækju annanhvern hest, og mun það síst minna vera. **(P. O.:** Þetta er ekki rjett).

Háttv. frsm. (P. O.) vildi draga það í efa, að útsvörin dragi úr gjaldþoli manna, og vill jafnvel fullyrða það gagnstæða. Til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni vil jeg benda honum á sumarið 1918. Þá vildi það til í sumum sveitum, sem hafa tómar vallendisengjar, að ekki var eitt högg sláandi á útengi. Fór þá svo, að nálega heil sveitarfjelög urðu að leita út fyrir hreppsfjelagð sitt til þess að fá slægjur, mest sinuflóa, sem tæpast höfðu verið slegnir í manna minnum. En sem betur fór, voru þessi lög þá ekki í gildi, því þá hefðu heil sveitarfjelög orðið að borga fyrst og fremst útsvar í öðrum hreppum, auk útsvaranna í sínum eigin hreppi, í ábæti á alt það tjón, er þessir menn urðu fyrir af því að þurfa að kaupa slægjur langt að, flutning á heyi og margt fleira. Það er vonandi að slíkt sumar komi ekki fyrir meðan núgildandi álagningarákvæði eru í gildi. Það væri að bæta gráu ofan á svart.

Jeg ætla ekki að ræða þetta frekar. Býst við, að við hv. þm. Borgf. (P. O.) sannfærum hvorugir annan, þó að við hjeldum áfram.

Björn Hallsson: Það er aðeins stutt athugasemd út af því, að hv. frsm. (P. O.) vildi taka það sem ámæli eða aðdróttun í garð sýslunefnda, að jeg sagði, að þær væru oft tregar til að taka til greina útsvarskærur. Jeg mótmæli því eindregið, að þetta sje nokkur aðdróttun í garð sýslunefnda. Jeg þóttist skýra þetta svo frá minni hlið, að hv. frsm. (P. O.) þurfti ekki að hlaupa upp á nef sjer fyrir sýslunefndirnar út af því. Er mjer fullkunnugt um, að þær nota flesta agnúa, sem þær geta, til þess að vísa frá útsvarskærum. Jeg hugsa, að það sje víðar en þar sem jeg þekki best til. Jeg benti á það, að hreppsnefndir þektu venjulega kærendur betur heldur en sýslunefndin, og ættu því hægra með að taka það til greina og athugunar, enda hafa sýslunefndir við nógu öðru að snúast á sýslufundum.

Hv. þm. (P. O.) sagði, að sjer þætti leitt, að sýslunefndir þar eystra væru svona gerðar, eins og hann komst að orði. Mjer er óhætt að fullyrða, eftir þeirri reynslu, sem jeg hefi af þeim, að þær sjeu ekki til fyrirmyndar um það, sem miður fer. Og jeg get ekki viður kent, að sýslunefndin í N.-M.-sýslu sje ámælisverð, þó að hún hafi ekki tekið allar útsvarskærur til greina, sem henni hafa borist.

Annars ætla jeg ekki að fjölyrða meira, því mjer finst vera búið að ræða nóg um ekki margbrotnara mál en þetta. Jeg vildi aðeins bera það af mjer, að jeg hafi verið með aðdróttanir í garð sýslunefnda. Og jeg held líka, að mjer sjeu jafnvel kunn sýslunefndastörf og hv. þm. (P. O).

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg stend upp aðeins til að sýna það, að harðmæli hv. þm. (P. O.) skaut mjer engum skelk í bringu. Jeg vil benda á, að það er ekkert einsdæmi að breyta lögum frá 1919. Háttv. frsm. (P. O.) hefir sjálfur verið með í því. **(P. O.:** Launalögunum). Já, þeim og ýmsum öðrum lögum.

Jeg hefi tekið það fram áður, og hv. frsm. (P. O.) viðurkent það, að jeg var því mótfallinn 1919 að skjóta inn því ákvæði, sem nú er tilætlunin að draga úr. Hv. frsm. (P. O.) hefir því enga ástæðu til að tala um ístöðuleysi af minni hálfu. En annars er það misskilningur, að það sje ístöðuleysi að láta sannfærast af reynslunni, en það er þvermóðska að láta aldrei sannfærast. Hvort jeg er stimamýkri við Skagfirðinga en hann við Borgfirðinga skal jeg ekki um dæma, en góðar bendingar vil jeg taka til greina, hvaðan sem þær koma, þótt mjer sje einna kærast að taka þær til greina, ef þær koma frá Skagfirðingum.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg ætla aðeins að minnast á örfá atriði í ræðu háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.).

Hann spurði, hvort jeg hjeldi, að gjaldskylda á slægjuafnot væri læknismeðal við því, að jarðir leggist í eyði. Það er ekki til umræðu hjer, hvernig eigi að fyrirbyggja það, en jeg vona, að við getum orðið sammála um nauðsyn þess, þegar um það verður rætt. En ekki get jeg álitið,að það sje meira læknismeðal við þessari hættu að undanþiggja þá, sem þannig nota jarðirnar, allri útsvarsskyldu í þeim hreppum, er jarðirnar eru í.

Þá vildi hv. þm. (J. S.) enn reyna að andmæla því, að frv. útilokaði ekki með öllu, að hægt væri að ná útsvörum af slægjuafnotum, en það er gersamlega tilgangslaust fyrir hann, því það er eins og fálm druknandi manns. Sje jörðin í ábúð, þó ekki sje nema aðeins að nafni til, og það eru þær flestar, þá er sveitarfjelagið, eftir frv., útilokað frá að geta lagt útsvar á þann, sem hefir afnot slægnanna. Jeg get tekið það dæmi, að maður úr Reykjavík fer t. d. upp á Kjalarnes og fær þar slægjur á leigu og selur heyið til Reykjavíkur með góðum hagnaði. Eftir frv. er þá ekki hægt að skattskylda hann um einn eyri til Kjalarneshrepps, þó að hann fái allan hagnaðinn af afnotum lands, sem undir þann hrepp liggur.

Sem betur fer, eru slík dæmi, sem hv. flm. (J. S.) nefndi frá árinu 1918, mjög sjaldgæf, en í löggjöf verður æfinlega að byggja á því, sem venjulegt er, byggja á aðalatriðum, en síður því, sem er aukaatriði.

Um sýslunefndir þarf jeg ekki að orðlengja við hv. 2. þm. N.-M. (B. H.). Jeg hafði þessi orð vegna þess, að hann gaf mjer fult tilefni til þess.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg get ekki látið hjá líða að segja nokkur orð, þó að mjer þyki umræður þessar orðnar fullangar.

Jeg álít, að háttv. flm. (J. S.) hafi í raun og veru mikið til síns máls. En jeg verð að taka undir mótmæli háttv. frsm. (P. O.) gegn einu ákvæði frv. Jeg get ekki betur sjeð en ef frv. verður samþ. óbreytt, þá sje stór hætta á, að hreppar nálægt kaupstöðum og kauptúnum leggist í eyði. Háttv. flm. (J. S.) ber fyrir sig, að það megi leggja á útsvarsskylda hreppsmenn, sem leigja út slægjurnar.

Jeg mótmæli því, að það sje mögulegt, því að venjulega eru slægjurnar leigðar svo lágt, að það svarar nálægt því, sem afnotarjetturinn gefur af sjer.

Jeg veit, að áður var talsvert oft, bæði í minni sveit og víðar, þar sem jeg þekki til, leigðar út slægjur, bæði innan- og utansveitarmönnum, en nú er alveg hætt að leigja innansveitarmönnum vegna þess, að Reykvíkingar og ýmsir aðrir kaupstaðarbúar bjóða miklu hærra í afnotin. En þá er ófært að leggja ekki á þessa menn útsvör. Nú er svo komið, að 8—10 jarðir eru lagstar í eyði í þeirri sveit, sem jeg er í. En hvar á þá að fá það fje, sem bændur á þessum jörðum hafa greitt í sveitarsjóð? Jeg nefni þetta aðeins sem glögt dæmi upp á afleiðingar frv.

Jeg ætla ekki að lengja meira umr. en vil taka það fram, að ef gengið er inn á þessa braut, þá má ganga að því vísu, að hreppar nálægt Reykjavík og öðrum fjölmennum kaupstöðum og kauptúnum muni leggjast í eyði.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Gunn. S., H. K., Jak. M., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. P., P. J., P. Þ., B. H., B. Sv.

nei: M. K., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., B. J., E. Þ.

Einn þm. (Þorst. J.) fjarstaddur.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 3 atkv.

Á 69. fundi í Nd., föstudaginn 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 113, 585).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 113, 585).

Björn Hallsson: Jeg gat þess við 2. umr. þessa máls, að jeg mundi greiða þessu frv. atkvæði til 3. umr., með það fyrir augum að koma fram með miðlunartillögu til þeirrar umr. Þessi till. er nú fram komin, á þskj. 585, og er hún bæði samin í samráði við flm. frv. og frsm. allsherjarnefndar, svo að jeg vona þess vegna, að um hana náist samkomulag án langra umræðna.

Aðalágreiningurinn milli háttv. flm. frv. (J. S.) og allshn. var sá, að nefndin taldi, að ef frv. yrði samþykt, þá töpuðust hreppunum útsvör á þeim utan-

hreppsmönnum, sem slægjur hefðu í hreppnum, en seldu heyaflann út úr sveitinni.

Hv. flm. frv. (J. S.) mun í rauninni ekki hafa ætlast til, að þessi útsvarsskylda tapaðist. En hitt vakti fyrir honum, að ekki yrði á þeim mönnum útsvarsskylda í öðrum hreppi, sem eingöngu leituðu þangað til heyfanga vegna mjólkurframleiðslu handa börnum í kaupstað, eða grasbrests í þeirra eigin sveit, og notuðu heyið eingöngu til fóðurs handa skepnum sínum, en hefðu alls ekki í hyggju að selja heyið í gróðaskyni.

Á milli þessara tveggja skoðana átti nú brtt. mín að miðla málum.

Í fyrri málsgrein till. er til þess ætlast að ná í alla þá menn, sem þetta gera sjer að atvinnu, en í síðari málsliðnum eru þeir undanskildir, sem nota heyið til framfærslu búpeningi sínum eingöngu.

Jeg hygg, að með þessu hafi mjer tekist nokkurn veginn að bræða skoðanirnar saman í eitt, og þó ef til vill sje ekki hjer um fullkomið rjettlæti að ræða, þá er þessi brtt. þó mikið í áttina.

Jón Þorláksson: Mjer þykir það undarlegt rjettlæti, að atvinnufyrirtæki utan hrepps, en í sömu sýslu, skuli ekki vera útsvarsskyld, en útsvarsskyld, ef þau eru ekki í sömu sýslu. Nefni jeg það sem dæmi, að maður úr Borgarnesi, sem engi fær fyrir vestan Hvítá, er ekki útsvarsskyldur, en ef hann fær engi á hinum bakka árinnar, þá er hann útsvarsskyldur, vegna þess, að Hvítá skilur lögsagnarumdæmin. Mætti geta þess til, eftir öðru, sem fram hefir komið hjer á þinginu, að þetta væri til þess gert, að láta Reykvíkinga vera þar útsvarsskylda, sem aðrir landsmenn eru það ekki, því það er alkunna, að Reykvíkingar þurfa ávalt að leita út fyrir lögsagnarumdæmið, til þess að fá slægjur. En jeg er þó svo velviljaður, að jeg held, að ekki sje þetta gert til þess að sýna kaupstaðarbúum viljandi ranglæti, heldur muni þetta vera aðeins missmíð á tillögunni.

Jeg get felt mig við frv. eins og það er, en þessi brtt. nær engri átt, og ef hún verður samþ., þá greiði jeg atkv. á móti frv. þannig breyttu.

Björn Hallsson: Jeg get fullvissað hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) um það, að það er ekki vegna illkvitni við Reykvíkinga að þessi brtt. er fram komin, heldur til þess að samræma sundurleitar skoðanir, eins og jeg gat um áðan. Hins vegar getur auðvitað vel farið svo, að einhverjir Reykvíkingar verði útsvarsskyldir með þessari lagabreytingu, og er ekkert um það að segja, jeg tel það rjettmætt.

Jeg vil ekkert um það fullyrða, hvort þessi till. sje algerlega rjettlát. Mjer líkaði ekki allskostar að binda þetta við lögsagnarumdæmin, en einhver takmörk varð þó að setja, og fann jeg þá ekki önnur heppilegri. Hitt er mönnum eflaust fullkunnugt, og um það hefi jeg sannar sagnir, að Reykvíkingar sumir gera sjer það að atvinnu að leigja slægjur í nágrannahreppum og selja heyið. Fullkomlega er rjettmætt, að á þá sje hægt að leggja útsvar fyrir þessa atvinnu.

Jón Þorláksson: Jeg vil ekki vekja deilur, en jeg vil skjóta því til hv. flm. brtt. (B. H.), hvort hann vilji mæla með því, að hæstv. forseti taki til greina skriflega brtt. frá mjer á þá leið, að úr till. hans falli orðin: „þeirra .... er heima eiga í sama lögsagnarumdæmi.“

Sýnist mjer þá, að öllum sje gert jafnhátt undir höfði.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg verð að fallast á brtt. á þskj. 585, þó jeg álíti rjett að leggja á öll slægjuafnot, því hún gengur þó nær sanni, en frv.

Jeg er hræddur um, ef á að fara að undanskilja alla þá, sem nota heyaflann handa skepnum sínum, að þá verði ekki svo gott að finna þá úr. Eg veit, að margir Reykvíkingar fá slægjur austur í sveitum og hafa síðan heyið handa kúm sínum hjer í Rvík og selja mjólkina úr þeim í gróða skyni. Slíkar „spekulationir" held jeg að ekki sje gott að girða fyrir. Jeg mun því fremur hallast að brtt. á þskj. 585, því ef brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) verður samþ., þá tel jeg beinlínis hættu á því, að sumir hreppar leggist algerlega í auðn.

Magnús Jónsson: Mjer er þessi brtt. hv. 2. þm. N.-M. (B. H.) algerlega óskiljanleg. Vildi jeg því gjarnan fá skýringu hans á því, hvað liggur til grundvallar fyrir því að miða hjer við lögsagnarumdæmi, því jeg sje engan skyldleika þar á milli.

Jeg játa, að mjer finst brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) til talsverðra bóta, en þó mun jeg ekki lána henni mitt atkvæði, því jeg tel frv. langbest eins og það kom frá háttv. 2. þm. Skagf. (J. S.). Þá fá þær sveitir útsvör af tekjum slægnanna, sem slægjurnar leigja, enda er það rjett En hafi leigutaki á hinn bóginn einhvern sjerstakan gróða af heyskapnum, þá getur hans sveit lagt á það eins og aðra gróðavænlega atvinnu sinna gjaldþegna. Þar, og hvergi annarsstaðar, hafa menn besta þekkingu til að dæma um þann gróða.

Jeg mun því greiða atkv. á móti báðum brtt., ef þær koma til atkvæða, en með frv. óbreyttu.

Björn Hallsson: Háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) spurði, hvort jeg vildi fella setninguna úr till. minni, og vildi að jeg mælti með skriflegri brtt. frá honum í þá átt við hæstv. forseta. En jeg held mjer alveg við mína till. óbreytta, og læt hæstv. forseta um það, hvort hann tekur brtt. þessa hv. þm. (J. Þ.) til greina eða ekki. Jeg læt því skeika að sköpuðu, hvað verður um till. þessa, hún er mjer auðvitað ekki kappsmál, en tel hana samt til bóta.

Jón Þorláksson: Úr því jeg ekki get náð samkomulagi við háttv. 2. þm. N.-M. (B. H.), þá mun jeg ekki láta brtt. koma fram frá mjer.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg ætlaði ekki að innleiða umr. um þetta mál nú, en úr því slíkt hefir nú verið gert, þá vil jeg þó ekki alveg sitja hjá.

Hv. flm. brtt. (B. H.) gat þess, að í brtt. sinni væri væru sameinaðar skoðanir okkar hv. 2. þm. Skagf. (J. S.). Þetta er ekki að öllu leyti rjett, en þó felli jeg mig mun skár við þessa brtt. en frv. óbreytt. En helst vildi jeg að lögin frá 1919 hefðu staðið óhögguð.

Jeg vil geta þess, að dæmið, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) tók, var ekki alveg rjett, samkvæmt brtt. Maðurinn sleppur ekki við útsvar, þótt í sama lögsagnarumdæmi sje, nema hann heyi eingöngu handa búpeningi sínum. Ef hann selur heyið, þá er hann útsvarsskyldur.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) gerði fyrirspurn um það, hvað meint væri með lögsagnarumdæmi í þessu sam-

bandi, og að hann sæi þar engan skyldleika á milli. Lögsagnarumdæmi er sameiginlegur sjóður allra hlutaðeigandi hreppa, og því nokkur sanngirni að miða við það; er það og einnig í samræmi við sum önnur ákvæði sveitarstjórnarlaganna. Það, að miða hjer við lögsagnarumdæmi, getur því vel til sanns vegar færst.

Þótt jeg telji að sjálfsögðu rjettast og sanngjarnast, að breyting sú um þetta efni, sem gerð var á lögunum 1919, sje látin standa óhögguð, þá er því þó ekki að neita, að frv. verður mun aðgengilegra, ef brtt. sú, sem fyrir liggur frá hv. 2. þm. N.-M. (B. H.), verður samþ., því eins og frv. liggur fyrir, nemur það ekki einungis í burtu það, sem vanst með skýringunni eða breytingunni — hvort sem maður á heldur að kalla það — á lögunum 1919, heldur girðir með öllu fyrir að hægt sje að leggja þann skilning í eldri ákvæði laganna, að hægt sje að gera slægjuafnot utanhreppsmanna útsvarsskyld í því hreppsfjelagi, sem atvinnan er rekin í, ef ekki er um raunverulega ábúð að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 585 feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. A. J., J. S., M. G., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., B. H., H. K.

nei: Jak. M., J. B., J. Þ., M. J., M. P., P. J., P. Þ., Þorst. J., Þór. J., B. J., Gunn. S., B. Sv.

M. K. greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (E. Þ., E. E., Ó. P.) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 14 : 6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var frv. útbýtt, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 634)

Á 73. fundi í Ed., fimtudaginn 19. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Mál þetta er mjög einfalt, það er aðeins lítil breyting á því, á hverja utansveitarmenn má leggja útsvar. Ef á að fara að vísa máli þessu til nefndar, þá verður það vart afgreitt á þessu þingi. Jeg mæli því með, að mál þetta gangi fram nefndarlaust.

Sigurður Eggerz: Jeg tek undir till. hæstv. forseta, að málið gangi til nefndar. Við vitum, að menn eru ætíð viðkvæmir fyrir svona málum, og væri leitt, ef það þyrfti að koma fyrir aftur, eins og átti sjer stað í dag, að menn greiddu ekki atkv. vegna þess, að þeir hefðu ekki haft tíma til að kynna sjer málið.

Guðmundur Ólafsson: Það var út af því, sem háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) sagði, um, að leitt væri, ef menn gætu ekki greitt atkv., af því þeir hefðu ekki kynt sjer málið. Jeg held nú, að háttv. þdm. hafi gert það að gamni sínu áðan að greiða ekki atkv., því að sú breyting, sem gerð var á lögunum í Nd., var einungis sú, að brtt., sem samþ. var hjer í Ed., var feld úr frv. í háttv. Nd., svo

vitaskuld hafa háttv. fundarmenn kynt sjer málið. Lögunum frá 10. nóv. 1905 verður ekki að öðru leyti breytt hjer en að það kemur skýrara fram, hverjum beri að greiða útsvar utan hrepps, og er því bót að breytingunni.

Það er vitaskuld alveg eins góður tími til að athuga mál þetta, þó það fari ei til nefndar, og jeg legg til að það nái fram að ganga á þessu þingi.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er samþykkur hv. 1. þm. Húnv. (G. Ó.) um, að mál þetta nái fram að ganga; þetta frv. er aðens lítil breyting á lögum frá 10. nóv. 1905, og er einungis til að skýra skoðun nefndarinnar, sem var deilt um, þegar lögin voru sett. Jeg var þá frsm. málsins, og tók það þá fram, að ekki væri rjett að leggja útsvar á menn, sem fengju slægjur á leigu, ef tekjurnar væru hjá bóndanum, enda er slíkt ósanngjarnt.

Það fara t. d. margir hjeðan upp í Borgarfjörð og fá þar slægjur lánaðar, og jeg veit til þess, að einn borgaði 2000 kr. fyrirfram, áður en hann bar ljá í gras. Bóndinn fjekk þarna 2000 kr. tekjur, án þess hann þyrfti nokkuð fyrir að hafa, því hann hafði nóg slægjuland fyrir sig, og getur hann því vel þolað útsvar, en það væri ósanngirni að leggja útsvar á leigjanda slægjunnar, því hey hans mun hafa orðið nógu dýrt fyrir því. Sú breyting, sem hjer um ræðir, er í þessu innifalin. Öðru máli er að gegna, þegar eigandi jarðarinnar er utansveitar. Það er mjög ilt að orða þetta vel, en meiningin með frv. er að koma þessu skýrt fram.

Sigurður Eggerz: Jeg vil aðeins lýsa yfir hinu sama og hv. 4. landsk. þm. (G. G.). Þetta, sem hann tók fram, sýnir, að það er alvarlegur ágreiningur um mál þetta, og þess vegna álít jeg sjálfsagt að það verði athugað af allshn.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg tek undir með þeim háttv. þm., sem líta svo á, sem það sje sama og fella þetta frv., að vísa því til nefndar. Hins vegar er jeg á sömu skoðun og háttv. 4. landsk. (G. G.) um, að ákvæði þau, er hann mintist á, hafi verið misskilin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1650) með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Guðf., H. Sn., S. E., S. H. K., S. J., S. F., B. K., G. B.
nei: G. G., G. Ó., H. St., Jóh. Jóh., K. E., E. Á.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

5. Fiskimat.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 21, 9. júlí 1909 [Fiskimat]. (A. 114).

Á 20. fundi í Nd., föstudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Proppé): Herra foseti! Löggjöfin um vörumat og vöruvöndun er tiltölulega ung hjá okkur, og er því

eðlilegt, að ýmsir agnúar komi í ljós á fyrirkomulaginu við framkvæmd laganna. Svo hefir það orðið tilfellið með fiskimatið, og höfum við 3 þm. því leyft okkur að flytja þetta frv. Það mætti svo að orði kveða, að þetta væri viðauki við lögin frá 1909, því að þessi breyting, sem frv. fer fram á, er í raun rjettri grundvöllurinn, sem fiskimatið ætti að byggjast á. Það er hjer farið fram á, að allur fiskur, sem út úr landinu fer, verði metinn. En óverkaður fiskur hefir hingað til ekki verið metinn. Þó væri þess ekki síður þörf. Vöndun sú, sem fiskimatið hefir komið á fullverkaðan fisk, sýnir, hve mikið gagn er að matinu, en óverkaður fiskur þarf líka mikillar aðgæslu, því að honum er hættara við skemdum. Það verðfall, sem orðið hefir á fiskmarkaðinum, á má ske rót sína að rekja til þess, hve vöndunin á óverkaða fiskinum hefir verið slæm, og væri engin vanþörf á að athuga það. Svo er það, að verslunin með saltaðan, óverkaðan fisk er orðin eins mikil, ef ekki meiri, en með fullverkaðan. En 1909, þegar lögin voru sett, þektist ekki sala á óverkuðum fiski, en eingöngu gengið út frá verkuðum fiski, sem sendast átti til Miðjarðarhafslandanna, en lítið eða ekkert til Bretlands eða annara landa. Eins og jeg tók fram áðan, þá er með þessari breytingu farið fram á, að óverkaður fiskur verði einnig háður lögskipuðu mati.

Það hefir líka á þessum tíma risið upp ný grein af útgerðinni, þar sem er mótorbátaútgerðin, og mun hún hafa fætt það af sjer, að óverkaður fiskur er seldur og keyptur meira en áður. Og þar má segja, að sje misjafn sauður í mörgu fje, enda hefir bólað á talsverðri óvöndun á þeirra fiski, en ekki gott að lagfæra það, þegar engin sjerstök lög eða reglur voru til að fara eftir um vöndun eða mat á þessum fiski sem verslunarvöru.

Fiskimenn eru líka af þeirri ástæðu óragir á að spara salt og annað, og yfir höfuð óvanda svo fiskinn, að til vandræða horfir. Það hefir líka í sambandi við þessa grein útgerðarinnar tekist upp annað verslunarlag. Menn kaupa fiskinn nú í svo að segja hvaða ásigkomulagi, sem hann er, nýsaltaðan, ósaltaðan, eða fullsaltaðan, og er það bæði kaupanda og seljanda óhagkvæmt, þar sem verðmætið verður ekki metið eftir neinum vissum reglum. Í þessu tilfelli er verðið á óverkaða fiskinum reiknað eftir verðinu á fullverkuðum fiski, og er augljóst, hve hæpið það er. En úr þessum misbresti þarf að bæta, og einmitt í þá átt ganga þessi lagafyrirmæli, sem hjer er farið fram á, að sett verði í lögin um fiskimat.

Síðustu árin af stríðstímanum var sjerstaklega farið að brydda á þessari óvöndun. Var það sameiginlegt með kaupmönnum, útgerðarmönnum og fiskimönnum, öllum jafnt. 1917 gerði stjórn landsins samning um sölu á afurðum landsins, og verðið var fremur lágt. Menn vissu, að fiskur, sem fara átti til Bretlands, var ekki metinn eftir sömu reglum og fiskur sá, er fara átti til Miðjarðarhafsins. Að minsta kosti höfðu Bretar ekki gert það að skilyrði, að hann væri metinn eftir Spánarreglunum. Kaupmenn fóru þá að spara saltið og ýmislegt annað og notuðu sjer þetta, og fór því fiskurinn smátt og smátt versnandi. Þessu er ekki enn búið að kippa í lag, og býst jeg við, að það liði enn nokkur tími áður en full bót er ráðin á því.

Því verður tæpast mótmælt, að um ófyrirsjáanlegan tíma verður fiskurinn

einhver dýrasta framleiðsluvara okkar, og er því brýn nauðsyn á því að geta staðið framarlega í samkepninni á markaðinum, og framleiða ekki nema 1. flokks vöru. Okkur er það því meiri nauðsyn vegna þess, að þær þjóðir, er keppa við oss á markaðinum, geta framleitt ódýrara, og þurfum við því að geta krafist hærra verðs, en til þess þarf varan sem sagt að vera 1. flokks. Það er því miður sannreynd, og liggja að henni ýmsar óviðráðanlegar orsakir, að fiskiframleiðsla okkar er einhver sú dýrasta, sem á markaðinn kemur, og því frekar er ástæða til að vanda hana, enda eini vegurinn til farsællar samkepni.

Jeg skal svo ekki á þessu stigi málsins fjölyrða um þetta, en mun við 2. umr. gera nánari grein fyrir því. Jeg skal aðeins geta þess, að frv. er undirbúið og fram komið í samráði við yfirfiskimatsmennina í Reykjavík og á Ísafirði. Þeir álíta brýna nauðsyn til þessara breytinga, og að agnúunum verði ekki kipt í lag, nema þessi grundvöllur verði lagður undir fiskimatið. Vildi jeg svo leggja til, að málinu verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 1658) með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

6. Vextir.

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 12. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um vexti (A. 123).

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg skal ekki vera langorður; býst við, að slíkt sje óþarft um svo einfalt mál, sem hjer um ræðir. Frv. þetta er aðeins breyting á úreltum lögum, nr. 10, 7. febr. 1890, er alls ekki eiga hjer lengur við.

1. gr. frv. ræðir um, að þar, sem ekki er tiltekin vaxtaupphæð af láni, skuli vextirnir vera 6%.

Það er að vísu sjaldgæft, að slíkt komi fyrir, en þó þykir rjett að slá við því varnagla.

2. gr. frv. er aðalatriðið. Samkvæmt henni er heimilað að taka alt að 8% ársvexti af peningaláni með veði í fasteignum.

Eins og nú standa sakir er óheimilt fyrir aðra en bankana — Landsbankann og Íslandsbanka — að taka hærri vexti en 6% af slíkum lánum, og meira að segja mjög óviss heimild fyrir þá, þó þeir muni ekki fara eftir þessu ákvæði, eða að minsta kosti þá fará í kringum það, gegn veði í fasteign. Þetta fyrirkomulag er afarbagalegt bæði fyrir einstaka menn og sparisjóðina. Hafa sparisjóðirnir tekið tvent til bragðs í þessu efni. Annað það, að veita helst ekki fasteignaveðlán, heldur víxillán. Hitt það, að fara í kringum lögin, og taka hærri vexti af þessum lánum en þeir höfðu heimild til. Er hvorugt gott og sýnir, að breyting á þessum úreltu lögum er nauðsynleg.

Eins og ástandið er nú, er það fjölda manna afarbagalegt að geta ekki fengið lán út á fasteignir sínar, og þekki jeg þess mörg dæmi.

Hitt geri jeg ekki að neinu kappsmáli, hvort vextina af þessum lánum skuli miða við 8% eða við forvexti í bönkunum. En jeg bar þetta atriði undir ýmsa fjármálamenn hjer, og töldu þeir heppilegra að miða vextina við fasta, ákveðna tölu heldur en við „disconto“ bankanna, sem sífelt breytist.

Jeg fer svo ekki fleiri orðum um frv. þetta. Vona, að það nái fram að ganga, og geri það að till. minni, að því verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) með 14 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 123, n. 388).

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Það er ástæðulaust að hafa langa framsögu í þessu máli, enda litlu við það að bæta, sem stendur í nál.

Nefndin var í talsverðum vafa um það, hvort æskilegt væri, að Alþingi nú lögleyfði að hækka vexti á útlánsfje. Jeg býst við. að hv. flm. (Gunn. S.) líti öðruvísi á þetta, og mun hann þá að sjálfsögðu gera grein fyrir sinni skoðun, og þá kann ske ástæða til að svara honum.

Það virðist svo, sem þessi ákvæði sjeu ekki sjerstaklega þýðingarmikil, þegar svo er litið á, að hin almennu viðskiftalög ættu að nægja.

Sjerstaklega finst nefndinni það athugavert, að vextir af fasteignalánum fari hækkandi. Enda er jafnan álitið, að slík lán sjeu þannig úr garði gerð, og þau svo tryggileg, að sjaldan sje hætta nein á því, að þau tapist.

Nefndin komst því að þeirri niðurstöðu, að því aðeins gæti hún fylgt frv. þessu, að brtt. næðu samþ. Að vísu get jeg lýst því yfir fyrir sjálfan mig, að jeg legg ekki svo mikla áherslu á það, hvort fyrri brtt. sje samþ. eða ekki, en ef seinni brtt. nær ekki fram að ganga, þá greiði jeg hiklaust atkv. á móti frv.

Það er þýðingarlaust að fjölyrða frekar um þetta; geymi það heldur þangað til hv. flm. (Gunn. S.) hefir skýrt sínar ástæður, ef hann skyldi þá eitthvað hafa fram að færa máli sínu til stuðnings, sem ástæða er til að svara.

Gunnar Sigurðsson: Mjer skilst svo, að háttv. fjhn. hafi ekki orðið á eitt sátt um frv. þetta, þó að allir nefndarmenn hins vegar hafi skrifað undir nál. fyrirvaralaust. Og mjer skilst einnig, að háttv. frsm. (M. K.) hafi ekki skilið tilgang frv. með breyting á vaxtahækkun gegn veði í fasteign.

Sú stefna var, eins og kunnugt er, uppi fyr á tímum, að það þótti okur að taka vexti af peningum, og var bannað með lögum. En þetta breyttist þó fljótt og leiga af lifandi peningi kom í vaxta stað. Þannig byrjuðu menn fyrst að fara í kringum þetta lagabann, og svo fór að okra mátti eins með leigu, enda komu vextirnir bráðlega aftur, og frjáls peningaverslun gekk í

gildi. Jeg hafði í greinargerð minni fyrir frv., og eins í framsöguræðu við 1. umr., enga áherslu lagt á það, hvort vextirnir yrðu 8%, heldur aðeins í samræmi við það, sem aðalbankar landsins taka. Jeg tel jafnvel rjettara að miða vextina við innlánsvexti í aðalbanka landsins.

Ef hv. frsm. (M. K.) þekti ástandið hjer á landi, og þó sjerstaklega hjer í bæ, að ekki er hægt að fá lán út á 1. veðrjett í húsi, og því getur oft farið svo, að menn verði tilneyddir að selja húsin fyrir lítið verð eða verði jafnvel gjaldþrota, enda þótt þeir eigi mikið meira en fyrir skuldum, þá mundi hann skilja tilgang þessa frv.

Jeg vil leggja áherslu á það, að vextir hljóta að fara eftir því, hver eftirspurn peninganna er. Eins og nú er, fara bankarnir í kringum lögin. Þeir lána í víxilformi gegn 1. veðrjetti í húsunum og sýnist þetta ærið athugavert, svo framarlega sem eigi er tilgangurinn að hafa lög einungis til að brjóta þau, og sumum mundi nú þykja það athugavert líka.

Þegar ákveðin var 6% vaxtahæðin í lögunum frá 1890, voru vextir manna í millum 5%. Hefði jeg því í frv. mínu átt að hafa vextina 9%, en eins og jeg hefi tekið fram, þótti mjer engu skifta um vaxtahæðina, heldur aðeins, að þeir væru ekki lögákveðnir miklu lægri en alment tíðkast og hægt er að fá lán gegn. En samkvæmt brtt. hv. fjvn. er þetta „princip“ alveg brotið og sýnist mjer einkennilegt, að hún skyldi jafnvel ekki hafa vextina enn lægri fyrst hún á annað borð heldur, að það stoði að lögbjóða vexti, og að allir muni eftir því fara.

Jakob Möller: Það eru aðeins örfá orð til hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) út af þeim ummælum hans, að eigi mundi hafa verið algerlega ágreiningslaust um mál þetta í nefndinni, enda þótt allir nefndarmenn hefðu skrifað undir nál. fyrirvaralaust.

Jeg hygg, að hann hafi átt við mig með þessum orðum, og er það líka rjett, að jeg mun hafa látið í ljós, að jeg mundi vilja ganga inn á breytingar frá núverandi fyrirkomulagi, en raunar með nokkuð öðru móti en frv. ráðgerir. — Þessar breytingar, sem jeg mundi hallast að, eru, að vextir væru ákveðnir eða miðaðir við sparisjóðsvexti bankanna eða innlánsvexti eins og þeir eru alment. En nefndinni þótti eigi ástæða til þess að taka þessa breytingu upp, og kom eigi til neins ágreinings um þetta í nefndinni, en komi svona löguð till. fram, hefir nefndin auðvitað óbundnar hendur.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Jeg verð að segja það, að röksemdir háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) gátu ekki sannfært mig. — Skildist mjer, sem það mundi vera mergur málsins hjá honum, að nauðsyn bæri til að breyta þessu, svo að okurkörlum yrði ljettara en þeim áður var að nota sjer neyð annara. En þetta sýndist nefndinni ekki svo ýkjaeftirsóknarvert. Hún telur það þvert á móti mikið ólán, að vextir skuli fara sífelt hækkandi, sjerstaklega fasteignalánsvextir.

Þó að vextir í lausaviðskiftum sjeu nú háir, þá er engan veginn sennilegt, að svo verði framvegis, því vonandi er, að þetta ástand, sem nú er, verði eigi varanlegt; en hitt sýnist einkennilegt og ærið athugavert, að löggjöfin styðji að því, að vandræðaástand þetta haldist.

En þótt nefndin hafi eigi fylgt frv.

út í æsar, þá hefir hún þó að nokkru leyti aðhylst það. En það sýndist henni athugavert að stuðla að því með löggjöfinni, að menn gengju að hvaða vaxtakjörum sem væru, aðeins ef lán væru fáanleg út á 2. og 3. veðrjett. Væri það til engrar bjargar, heldur sannkallaður gálgafrestur. (**Gunn. S.**: Vextirnir miðast við bankavexti aðeins, svo að kjörin gætu ekki kallast slæm).

Já, satt að vísu, en hv. þm. (Gunn. S.) verður að standa við það, sem hann hefir áður sagt, að farið væri alment í kringum lögin, og þá mundi það verða gert alt að einu, þó að vextirnir yrðu hækkaðir um 1%, og fæ jeg því eigi betur sjeð en þessi viðleitni hv. þm. (Gunn. S.) miði einmitt að því að auka á þessa spillingu, sem hann segir, að nú eigi sjer stað. Ástæður háttv. flm. (Gunn. S.) eru því, hvað þessu við víkur, ljettvægar fundnar, og held jeg fast fram, að síðari brtt. nái fram að ganga; hina fyrri geri jeg að engu kappsmáli. Vænti jeg þess, að hv. deild fari að till. nefndarinnar í þessu efni.

Gunnar Sigurðsson: Mjer þykir það leiðinlegt, að geta ekki sannfært hv. frsm. (M. K.), því jeg er þess fullviss, að hann hefir á röngu að standa. Sjer það hver heilvita maður, að menn freistast frekar til að leita til okurkarla og taka lán gegn óhæfilega háum vöxtum, þegar ekki er hægt að fá lán í bönkum eða sparisjóðum einmitt vegna lagaákvæðanna um þetta. Sannaði því hv. frsm. (M. K.) það í ræðu sinni, sem hann vildi ósanna, og fer svo oft fyrir þeim, sem illan hafa málstaðinn, að minsta kosti ef þeir eigi eru því færari að vitsmunum.

Hann sagði, að nefndin hefði orðið við tilmælum mínum. En þetta er ekki rjett, því að lögin frá 1890 standa í stað, enda þótt vaxtamunurinn sje orðinn 3% frá því, sem þá var, því að þá voru algengir vextir 5%, en nú eru þeir 8%. Hins vegar, eins og jeg hefi sagt áður, var mjer ekkert kappsmál, að rentufóturinn væri fastákveðinn, en einn af hv. þm. benti mjer á, að það hefði þann kost að ákveða hann, að menn ættu þá frekar á eitthvað víst að róa. Býst jeg annars við, að hvorugur okkar muni sannfærast af ræðum hins, og sýnist best að láta málið ganga til 3. umr, og rjett að semja vopnahlje þangað til, því þar má koma fram með brtt. En stærsta atriði máls þessa er það, að það er hættulegt, að sú venja verði ríkjandi að lána mest út á nöfn. Efnahagur manna er fljótur að breytast, og sami maður getur verið ríkur í dag og fátækur á morgun. En fasteignirnar eru tryggar; þær standa óhaggaðar, og þær á að nota sem grundvöll fyrir öllu lánstrausti.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) vill semja um vopnahlje, og skal jeg ekki hafa á móti því, þótt raunar hafi til litillar orustu komið enn.

Er það sennileg tilgáta hjá honum, að við munum eigi verða á eitt mál sáttir, því jeg kendi þeirrar undiröldu í þessu máli, sem jeg hefi oft orðið var áður, að kjarni málsins hjá þessum hv. þm. (Gunn. S.) er, að eina ráðið sje að taka ætíð lán á lán ofan, og er frv. þetta í góðu samræmi við þá kenningu.

Hygg jeg, að þó þessi hv. þm. (Gunn. S.) safni í sarpinn röksemdum sínum þangað til við 3. umr. málsins, muni það honum að litlu haldi koma; að minsta kosti bregður þá út af venjunni,

ef þessi hv. þm. (Gunn. S.) verður mjög sannfærandi.

Gunnar Sigurðsson: Aðeins örstutt athugasemd, sökum þess, að persónulega var að mjer ráðist. — Háttv. frsm. (M. K.) sagði, að jeg klifaði á því sí og æ að taka lán. Þetta er rjett að því leyti, að jeg taldi það eina ráðið til þess að losna úr fjárkreppunni, og taldi, að það hefði átt að gerast fyrir löngu. Í þingbyrjun töldu margir, þar á meðal hv. þm. Ak. (M. K.) í broddi fylkingar, að slíkt væri firra hin mesta. Við vorum kallaðir lánspostular, óalandi og óferjandi. Nú mun vera svo komið, að þessir sömu hafa kúvent í þessu máli. Og er það ánægjulegt, að jeg meðal annara hefi sannfært þessa „lánleysingja“, meðal annars hv. þm. Ak. (M. K.), þótt vel megi vera, að hann sje ekki kominn hjer til að sannfærast.

ATKVGR.

Brtt. 388, 1. samþ. með 14 : 2 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 388, 2. samþ. með 16 : 1 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3 umr. með 16 : 2 atkv.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 419).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var aldrei á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

7. Ellistyrkur presta og eftirlaun.

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 6. gr. laga nr. 48, 16. nóv. 1907, um ellistyrk presta og eftirlaun (A. 136).

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Magnús Jónsson): Jeg býst ekki við, að það yrði mjög vinsælt að halda langa tölu núna, því að jeg býst við, að menn bíði með eftirvæntingu eftir öðru, sem seinna er á dagskránni, og skal jeg því ekki þreyta hv. deild lengi, en reyna að vera stuttorður.

Í greinargerðinni eru helstu ástæðurnar fyrir því, að þetta frv. er fram komið, og vona jeg, að þær sjeu nægilegar til þess að greiða því götu, og hv. þdm. tækju því með sanngirni og legðust ekki á móti frv. Og í stað inngangsræðu vildi jeg aðeins fylgja því úr hlaði með nokkrum orðum, og fela það hinni hv. deild.

Eins og sjá má af frv. er tilgangurinn sá, að sá fámenni hópur presta, sem varð útundan á þinginu 1919, fái nú hlutdeild í sanngirni þeirri, sem Alþingi sýndi embættismönnum landsins. Þá voru prestalaunin ákveðin sem annara embættismanna, og áttu þau að fara eftir sömu reglum. Ef þá var ástæða til, vegna ástandsins, að bæta launakjör presta, þá var líka ekki síður ástæða til að bæta launakjör uppgjafapresta, sem eiga að búa við lág launakjör. Það er ekki aðeins, að þeirra eftirlaun sjeu lægri, heldur fá þeir ekki að taka laun sín eftir sömu reglum og aðrir.

Það er ekki farið fram á, að þeir fái

jafnhá eftirlaun og aðrir embættismenn, heldur, að eftirlaun þeirra sjeu reiknuð eftir sömu reglum, svo að þeir þurfi ekki að gjalda annars en þess, að þeir hafa lægri laun. Það, sem farið er fram á í frv., er aðeins það, að þessir fáu prestar, sem búið hafa við lág laun, fái hlutfallslega eins mikið af sínum lágu launum í eftirlaun, eins og aðrir embættismenn fá af sínum háu launum. Mjer finst ekki vera farið geyst í þessum kröfum.

Eins og greinargerðin sýnir, þá fá embættismenn samkvæmt lögum nr. 4, 4. mars 1909 í eftirlaun ⅕ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann ljet af embætti, og 20 kr. auk þess fyrir hvert embættisár, alt að 35 árum. En með lögum frá 16. nóv. 1907 eru eftirlaun presta ákveðin 15 kr. fyrir hvert embættisár og annað ekki. Nemur það fjarska litlum parti af embættislaununum, sem þeir fá greiddan hvert ár.

Þó eru aðrir lakar settir, þeir, sem taka laun sín eftir launalögunum frá 1880. Þeir fá aðeins 10 kr. fyrir hvert embættisár.

Stjórnin sá sjer ekki fært að flytja frv., þó biskup mælti með með því, og það væri vel undirbúið. Jeg get skilið nokkurn veginn, hvernig í því liggur, þegar jeg lít á fjárlagafrv. Stjórnin klippir þar af öllu, sem nokkur skæri fá á unnið.

Það er nú vitanlegt, að þegar fjárlagafrv. er svo úr garði gert, þá verða brtt. því fleiri, er til þingsins kasta kemur, svo það er bita munur en ekki fjár, hvað stjórnin flytur, hvort heldur er á fjárlögum eða í sjerstökum frv. og hvað einstakir þm. verða að flytja. Jeg býst við, að ýmislegt slíkt rísi upp hjer á þinginu, og vonast því til, að það hneyksli engan, þó að þetta rísi upp hjer meðal annars, sem hefir orðið útundan. Og þó hæstv. forsrh. (J. M.) sæi sjer ekki fært að taka upp þetta frv., þá vænti jeg þess, að hann verði því ekki andvígur.

Jeg býst við, ef að verða umr. um frv. á einhverju öðru stigi málsins, að þá verði má ske minst á fjárhagsörðugleikana nú. Jeg skal fúslega játa, að þeir eru miklir, og það er ekki ljóst, hvar á að taka miljónir, ef því væri að skifta. En vegna þess, að manni verður á að nefna miljónir í þessu sambandi, þá sjer maður einnig hversu fráleitt það er að halda, að hægt sje að bjargast úr kreppunni með því að sníða nokkra aura þar og nokkra aura hjer af þeim, er hafa slitið sjer út í þjónustu landsins. Það má auðvitað segja, að margt smátt geri eitt stórt. En það er ekki annað en orðagjálfur. Þegar upphæðirnar eru svona smáar, þá gerir hið smáa aldrei annað en smátt, og mætti því snúa því við og segja: Hið marga smáa gerir eitt smátt. Í þessu sambandi má benda á það, að nú er farið að reikna í stórum upphæðum á landinu, en stóru upphæðirnar standa og falla með stóru málunum, viðhaldi atvinnuveganna, heilbrigðismálum og viðskiftalífi, en ekki með neinum smávægilegum málum. Ef fella á frv. vegna fjárhagsörðugleikanna, þá er það tilraun til að breiða þjóðarheillablæju yfir það, að þingið vill neita þessum fámenna hóp um sanngirniskröfur þeirra.

Jeg lofaði að vekja ekki langar umr., og vona að hv. deild sýni frv. ekki þann fjandskap að lofa því ekki að fara til 2. umr. og láta athuga það í nefnd. Það er ekki sá háskagripur, að þingið eigi ekki ávalt fult vald yfir því, jafnvel þótt

því sje hleypt af stokkunum. Vildi jeg svo óska, að því verði vísað til fjárhagsnefndar.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg skal fúslega viðurkenna, að jeg setti mig á móti því, að stjórnin flytti þetta frv. sem stjórnarfrv. En það var ekki aðallega af þeirri ástæðu, að það hefir útgjöld í för með sjer, heldur af því, að það ráðgerir hækkun eftirlaunanna og er því spor í öfuga átt við þá stefnu, sem nú er upp tekin, um afnám eftirlaunanna. Svo er annað atriði. Þegar athuguð eru nöfn þeirra manna, sem góðs eiga að njóta af frv., þá eru þar margir, sem hafa fastar stöður, og jeg sje ekki, í hlutfalli við núverandi og fyrverandi stöður þeirra, að það sje nein sanngirniskrafa að hækka eftirlaunin.

Það er kunnugt, að sá sjúkdómur ásækir presta, sem lengi hafa þjónað í köldum kirkjum, að þeir verða veikir í hálsinum, en geta þó sint öðrum störfum. En þegar svo er, virðist ekki þörf á hækkuðum eftirlaunum. Jeg veit, að nefndin mun gera sjer ljóst, hvaða menn hjer eiga hlut að máli og muni sýna þeim alla sanngirni.

Mjer skildist, að háttv. flm. (M. J.) áliti, að þetta frv. hefði átt að koma inn í fjárlagafrv., en jeg skil ekki, hvaðan honum kemur það, því það hefir aldrei komið til mála. Að öðru leyti skal jeg ekki segja meira um þetta mál, sem að sjálfsögðu fer til nefndar og þá fremur til allshn., vegna þess, að fjhn. hefir svo mikið að gera.

Flm. (Magnús Jónsson): Hæstv. fjrh. (M. G.) hefir misheyrst um fjárlagafrv. Jeg sagði, að stjórnin hefði ekki sjeð sjer fært að flytja frv. af sömu ástæðu og hún reynir að sníða af allan kostnað, hvar sem því verður við komið, eins og best sjest af fjárlagafrv.

Viðvíkjandi því, að uppgjafaprestar hafi ýmsar stöður, þá getur slíkt ekkert haft að segja og í þeim tilfellum getur ríkið ekki tekið tillit til, að sumir uppgjafaprestar hafa starfað í öðrum stöðum, síðan þeir ljetu af prestsskap, en það eru ekki allir. Og hvernig ættu þeir að fara að því að lifa á eftirlaununum, ef þeir gerðu ekkert annað? En þeir eru áhugasamir og fá sjer því vinnu til að lifa af. Að örfáum undantekningum væri þeim þörf að fá ríflegri styrk en þessar bætur mundu láta þeim í tje.

Það er heldur ekki, að þetta sje spor í öfuga átt við það að afnema eftirlaun, því að það er bara farið fram á, að þeir, sem nú þegar eru komnir á eftirlaun eða eiga nú þegar rjett á eftirlaunum, fái þessi eftirlaun eftir sömu reglum og aðrir embættismenn, ekki jafnhá, en í jöfnu hlutfalli, sem tekjurnar voru af embættum þeirra. Afnám eftirlauna getur eins náð fram að ganga fyrir því, og er því óviðkomandi.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg skal aðeins upplýsa það, að jeg gæti tilnefnt presta, sem eru í embættum hjá ríkinu, en jeg vil ekki nefna nöfn, en fullyrði, að svo sje, og mun það koma í ljós við rannsókn nefndarinnar. Það hlýtur að vera spor í öfuga átt við afnám eftirlauna að hækka þau, og er það því rjett mælt, sem jeg sagði áður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) með 14 : 11 atkv.

Á 60. og 62. fundi í Nd., dagana 2. og 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 136, n. 417).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., laugardaginn 7. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Jakob Möller): Þess er getið í nál., að nefndin hafi einróma fallist á frv. En undir því standa aðeins 6 af nefndarmönnum. Stafar þetta af því, að eitt nafnið fjell af vangá burt við prentunina. Annars tel jeg ekki þörf að mæla með frv., því jeg veit, að hv. deild sjer, að full sanngirni er í því, að frv. gangi fram. Hjer er aðeins um fáa menn að ræða og ekki farið fram á annað en að þeir njóti jafnrjettis við aðra embættismenn um eftirlaun. Útgjöldin eru hverfandi lítil.

Fjármálaráðherra (M. G.): Mjer er ekki vel ljóst, á hverju hv. frsm. (Jak. M.) byggir það, að hjer sje um litla upphæð að ræða.

Mjer skilst, að þetta frv. nái til allra presta, sem nú eru í embættum og eftirlaunarjett hafa, en hinu er haldið fram, að það nái aðeins til þeirra, sem nú eru á eftirlaunum

Annars virðist það dálitið undarlegt, að þingið 1921 hækkar eftirlaunin, en á þinginu 1919 var samþ. að afnema þau. Trúi jeg því ekki, að þingið geri sig sekt um þvílíkan hringlandahátt.

Skal jeg, í sambandi við þetta, láta þess getið, að nú eru 25 prestar á eftirlaunum. 6 af þeim hafa fast starf, sæmilega launað. Hafa starfskraftar þeirra eigi verið að þrotum komnir, þó að þeir hafi ekki kosið að vera prestar lengur; 4 þeirra hafa fengið allmikla bót á launum sínum í 18. gr. fjárlaganna og 3 af þeim eru stórefnamenn. Í fjárlögunum nú hefir einnig verið veitt helmingi hærri upphæð en áður var til eftirlauna presta og prestsekkna.

Jeg sje því ekki, að í hlutfalli við önnur eftirlaun sje hjer um nokkra sanngirniskröfu að ræða, heldur óviðkunnanlegan hringlandahátt í því að lögleiða hjer eftirlaun fyrir sjerstaka stjett.

Biskup kom með þetta frv. til mín í vetur og bað mig að flytja það, en jeg sagði honum, að jeg vildi það eigi. Sýndi jeg honum fram á, hvers vegna jeg vildi það eigi, og virtist mjer hann fallast á það og skilja vel ástæður mínar. Jeg er hissa á hv. fjárhagsnefnd að mæla með þessu frv., og skora á hv. deild að fella það.

Magnús Jónson: Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. fjárhagsnefnd fyrir, hvað hún hefir greitt vel fyrir frv. þessu, sem jeg var flm. að.

Jeg get ekki með nokkru móti komið skilning á, að frv. þetta fari í bága við stefnu þá, sem nú er uppi, um afnám eftirlauna, því hjer er eigi verið að veita neinni stjett eftirlaun, sem ekki hafði þau áður. Er hjer aðeins verið að bæta úr ósamræmi, sem þingið 1919 gerði sig sekt í, því á þessu þingi var það samþ. með launalögunum, að prestar skyldu að öllu vera undir sömu kjörum, sem aðrir embættismenn, hvað laun og eftirlaun snerti. Er þetta því í fullu samræmi við þingið 1919, því að hjer er eigi um nein hlunnindi til handa prestum að ræða, heldur aðeins að þeir fái jafnháa hndr.tölu af sínum lágu launum sem aðrir embættismenn. Get jeg vegna þess ekki fallist á skoðun hæstv. fjrh. (M. G.). Viðvíkjandi þeirri

grýlu hæstv. fjrh., að allir prestar, sem nú eru í embættum, komist á eftirlaun, er því til að svara, að tæplega má gera ráð fyrir, að meira en ¼ hluti þeirra komist nokkru sinni á eftirlaun. Komast sennilega færri prestar á eftirlaun nú en áður, sökum bættra launa. Er ekki svo að skilja, að jeg gefi í skyn með þessu, að prestar hafi farið fyr á eftirlaun en þeir þurftu, heilsunnar vegna. En líkindi eru til þess, að þeir endist betur, ef þeir geta notið betra lífs og betri aðhlynningar, sökum bættra launakjara

Því var haldið fram hjer við 1. umr., að þessa væri ekki þörf, vegna þess, að margir uppgjafaprestar væru í lífvænlegum stöðum. En þetta er á engan hátt frambærileg ástæða, og hefir ekki heyrst, ef um aðra embættismenn hefir verið að ræða.

Er hjer ekki um nein forrjettindi handa prestum að ræða, og vel má vera, að þeir sjeu færir um að stunda hjer einhver „kontor"-störf, þó alls ófærir sjeu að standa í vosmiklum ferðalögum. Sjá það og allir sanngjarnir menn, að á einhverju verða þeir að lifa, því að eftirlaun þeirra hrökkva skamt.

Hin ástæðan, að margir þeirra sjeu stórefnaðir menn, er heldur tæpast svara verð, því samkvæmt henni ætti að mega svifta alla menn launum sínum, ef þeir væru sæmilega efnaðir.

Sýnist mjer, að mótbárurnar hnigi allar að því, að hjer sje verið að stofna til sjerstöðu fyrir prestana, en þetta er algerlega rangt, eins og jeg hefi áður sýnt fram á. Þá sagði hæstv. fjrh. (M. G.), að það hefði orðið að samkomulagi, eða biskup hefði getað felt sig það, að styrkurinn til synodus yrði hækkaður, og þar við látið sitja. Hjer við er það að athuga, að biskup fór fram á 12000 kr., en þingið samþ. aðeins 8000 kr. En auk þess er líka aðgætandi, að þessi styrkur til synodus er í raun og veru óviðkomandi þessu, sem hjer ræðir um, því að meginhluti hans, eða $^{9}/_{10}$, fara til prestsekkna.

Ef frv. þetta verður samþ., mundi þessi litli styrkur falla að öllu leyti til prestsekknanna.

Held jeg, að hv. deild hafi felt hækkunina, sem hv. fjvn. lagði til, einmitt með það fyrir augum að samþ. þetta frv., og má því segja, að hún hafi gefið fyrirheit um, að samþ. frv.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg get ekki horfið frá því, að hjer sje um ósamræmi að ræða frá stefnu þingsins 1919 í þessu máli. Er það líka öllum auðsætt, að það hlýtur að vera ósamkvæmni, að taka eina stjett út úr og hækka eftirlaun við hana, einmitt þegar búið er að afnema þau.

Um þá ástæðu hv. 4. þm. Reykv. (M. J.), að prestar komist síður á eftirlaun nú, vegna bættra launakjara, er það að segja, að hún styður einmitt mitt mál, að ekki sje þörf á því, að auka við eftirlaunin. Annars hefir það sýnt sig, að þessi hv. þm. (M. J.) vill reyna á alla lund að auka gjöldin, en draga úr tekjunum. Er skamt á að minnast, máli mínu til sönnunar, að fyrir 5 mínútum síðan, eða svo, greiddi hann atkv. móti útflutningsgjaldsfrv.

Það er enn fremur villandi hjá þessum hv. þm. (M. J.), að kostnaðurinn við þetta frv. hans fari fljótt minkandi. Eru til þess engar líkur, miklu fremur hið gagnstæða.

Frsm. (Jakob Möller): Það er ekki rjett hjá hæstv. fjrh. (M. G.), að hjer sje um ósamræmi við stefnu þingsins

1919 að ræða. Hjer er ekki verið að taka neina sjerstaka stjett út úr, heldur aðeins verið að bæta úr gömlu misrjetti, sem þessi stjett varð fyrir 1919. Hefir hv. samþm. minn (M. J.) gert glögga grein þessa, og er það í fullu samræmi við skoðun nefndarinnar. Er líka þess að gæta, að þó að sumir þessara presta sjeu í föstum stöðum, þá eru þeir þó allir aldraðir menn, eftir þeim upplýsingum, sem biskup hefir gefið. Það, að sumir þessara manna hafa fengið nokkra uppbót á eftirlaunum sínum, sýnir einungis, að laun þeirra hafa þótt óviðunandi, og er því þessi ástæða fremur til stuðnings málinu en móti.

Hv. samþm. minn (M. J.) tók það einnig rjettilega fram, að uppbót fjárlaganna varð ekki svo há, sem til var stofnað, vegna þess, að hv. deild vissi af þessu frv., og er mjer kunnugt um, að sumir hv. þdm. greiddu atkv. á móti hækkun fjárlagastyrksins af þeirri ástæðu. Hjer er aðeins um það að ræða að bæta úr því misrjetti, að sumir prestar fá í eftirlaun aðeins nokkur hundruð, en aðrir miklu meira, samkv. launalögunum frá 1919 og lífeyrissjóðslögunum, og hjer koma aðeins þeir prestar til greina, sem ekki hafa gengið undir nýju launalögin.

Fjármálaráðherra (M. G.): Mig furðar stórlega þessi skilningur á frv., og langar mig til þess að spyrja hv. flm. frv. (M. J.) að því, hvort það sje ekki rjett skilið hjá mjer, að frv. nái til allra presta, er voru komnir í embætti fyrir 1. jan 1920. Þeir eigi ekki líka að teljast með, sem gengu undir launalögin 1919.

Flm. (Magnús Jónsson): Auðvitað, ef þeir voru komnir í embætti áður. Þetta atriði er skýrt tekið fram í frv. Þar stendur, að allir prestar, sem á eftirlaunum eru, eða eftirlaunarjett hafa, skuli taka framvegis eftirlaun sín samkv. frv.

Fjármálaráðherra (M. G.): Mjer kemur það undarlega fyrir, ef á að neita því, að prestar, sem gengu undir launalögin 1919, hafi eftirlaunarjett samkv. þessu frv. Er það bersýnilegt, að frv. nær til allra presta, sem voru í embættum 1. jan. 1920.

Skilningur minn á þessu frv. er alveg rjettur, og verð jeg að láta í ljós undrun mína yfir þeim yfirdrepsskap, sem hjer er viðhafður, bæði hjá frsm. (Jak. M.) og í greinargerð frv. Þetta hefir vilt fjárhagsnefnd, en nú hefi jeg lyft frá slæðunni, og er ekki hræddur um nú, að frv. verði samþ., einmitt vegna þeirrar undirferli, sem notuð hefir verið í málinu.

Frsm. (Jakob Möller): Jek skil ekki, að þeir hafi eftirlaunarjett. Eða er það þá meiningin, að þeir bæði safni í lífeyrissjóð og hafi eftirlaun?

Fjármálaráðherra (M. G.): Þeir fá bæði eftirlaun og safna lífeyri. Þetta hefir nefndin ekki athugað.

Jeg óska því, að hv. nefnd vilji athuga þetta betur, og taki málið út af dagskrá. Jeg finn, að hv. frsm. (Jak. M.) er hjer í góðri trú, og því er þetta best.

Forseti (B. Sv.): Er það þá ósk hv. nefndar, að málið sje tekið af dagskrá?

Frsm. (Jakob Möller): Ætli það ekki.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var aldrei á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

8. Vegalagabreyting.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907, um vegi (A. 154).

Á 25. og 26. fundi í Nd., dagana 17. og 18. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr. (154, 162, 171).

Flm. (Einar Þorgilsson): Eins og tekið er fram í ástæðum frv., er það flutt fram af mjer eftir ósk og áskorun sýslunefndar og sýslubúa í Gullbringusýslu. Frv. hefir misorðast lítillega í 1. gr., en jeg hefi ekki getað fengið það lagfært, vegna þess, að það var komið í skjalasafn þingsins áður en þess varð vart. Jeg hefi því komið með brtt. um þessa lagfæringu, á þskj. 162, sem jeg vona, að verði samþ. ásamt frv. — Ástæður frv. eru tilgreindar í ástæðunum, sem fylgja því, en þó vil jeg fylgja því með fáeinum orðum úr hlaði.

Eins og kunnugt er af ástæðum frv., eru vegalengdir í þessari sýslu svo miklar, að vafasamt er, hvort slíks eru nokkur dæmi annarsstaðar hjer á landi. Sýsluvegir eru sem sje 85—87 km. Vegurinn milli Keflavíkur og Hafnarfjarðar er mjög fjölfarinn frá alda öðli, sem skiljanlegt er, þar sem hann liggur til Suðurnesja, þar sem hafa verið ein aflasælustu fiskiver landsins. Menn hafa flykst þangað í hópum, jafnt úr fjærsveitum sem nærsveitum. Þegar þess er gætt, og hins, sem er alkunnugt, að jarðlagið er brunahraun og apall, þá gegnir furðu, hve lengi hefir dregist að gera á honum umbætur. En það er vegna hins mikla kostnaðar, sem kemur ljóslega fram í ástæðum frv., en þær tölur eru teknar eftir gefnum skýrslum.

Þegar nú er tekið tillit til þess, að hjer er um eitt sýslufjelag að ræða, sem hefir lagt svona mikið fje fram, og á eftir að leggja fram enn meira, þá verður ljóst, að það muni verða ofbyrði. Þess vegna hefir sýslunefnd og sýslubúar yfirleitt eftir nákvæma athugun komist að þeirri niðurstöðu, að sanngjarnt sje, að vegarspotti þessi verði gerður að þjóðvegi og kostaður af ríkisfje, og þó svo yrði gert, hefði sýslan samt eftir nál. 45 km. til viðhalds. Ef til vill gerir einhver þá athugas., að með þessu yrði ljett óþarflega miklu af hreppunum. En svo er ekki. Margir hreppar þurfa að leggja langa vegarspotta til þess að hafa not af aðalveginum. Og þegar þess er gætt, að sýslan sjálf verður að greiða vexti og afborganir af vegalánunum og þarf í framtíðinni að leggja stórfje í vegi, sem enn eru ólagðir, þá er ekki of mælt, að henni verði það ofbyrði. Svo þegar tekið er tillit til þess, að vegurinn tengir saman 5 kauptún á Suðurnesjum og Hafnarfjörð og Reykjavík, ásamt vegakerfi Suðurlandsundirlend-

isins, þá virðist sanngjarnt að gera hann að þjóðvegi. Það er heldur ekki nýmæli að auka tölu þjóðvega. Á Alþingi 1919 var rætt um það mál í samvinnunefnd samgöngumála vegna málaleitana, sem komið höfðu, annars vegar frá hv. þm. N.-Þ. og hv. þm. N.-M. og hins vegar hv. þm. G.-K., og varð það til þess, að nefndin bar fram þál., sem í 1. gr. skorar á stjórnina „að láta gera rannsókn á því, hvort eigi sje rjettmætt að fjölga þjóðvegum og flutningabrautum, og hvar sú fjölgun ætti helst að verða.“ Í ástæðunum er talað sjerstaklega um veginn milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur. Að endingu vænti jeg þess, að frv. verði hleypt til 2. umr. og hv. samgmn.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Það má búast við æðimiklum afleiðingum, ef frv. þetta verður samþ. Fyrst og fremst mundu fleiri sýslufjelög fara fram á, að sýsluvegir þeirra yrðu gerðir þjóðvegir og kostaðir af landsfje. Úr þessari sýslu liggur enginn sýsluvegur yfir í aðrar sýslur. En þá fyrst getur vegurinn talist með þjóðvegum, ef hann liggur inn í fleiri sýslur. Búast má við, að þau sýslufjelög, sem kosta vegi yfir í aðrar sýslur, eigi auðvelt með að fá kröfum sínum í þessa átt framgengt, ef þessari tekst það. Í öðru lagi væri með þessu viðhaldsskyldu sýsluvega velt yfir á landssjóðinn. Enn fremur mætti búast við, að viðhald flutningabrauta kæmist yfir á landssjóðinn, því þær standa þó skör hærra en sýsluvegir, og eru bygðar á landssjóðs kostnað.

Jeg ætla aðeins lauslega að minnast á höfuðatriðin í ræðu hv. flm. (E. Þ.). Hann talaði um, hve þungt sýslunni veittist að standa straum af vegunum og greiða vexti og afborganir af vegalánunum.

Jeg kannast við, að það muni allerfitt, en það má þó gæta þess, að vegurinn var lagður á þeim tímum, sem allur vegakostnaður var svo mikið minni en nú, að það þolir engan samanburð við þann kostnað, sem nú er, og þau hjeruð, sem beðið hafa eftir vegum eða vegaframlögum úr landssjóði þangað til nú í dýrtíðinni, eru því margfalt ver farin.

Jeg sting upp á, að frv. þetta fari í fjárveitinganefnd, því það er engin nefnd í þinginu, sem fjallar eins mikið um vegamálin eins og hún, eða er þeim jafnhandgengin.

Þorsteinn Jónsson: Fje til vegagerða hefir verið mjög misskift milli hinna ýmsu hjeraða landsins. Um sum hjeruð liggja þjóðvegir eftir þeim endilöngum, sem kostaðir hafa verið af landssjóði. Önnur hjeruð eru þjóðvegalaus og hafa fengið lítið fje til vega sinna úr landssjóði. Enginn hluti landsins mun ver settur, hvað þetta snertir, en norðausturhlutinn, eða Norður-Múlasýsla og Norður-Þingeyjarsýsla. Norður-Múlasýsla má heita þjóðvegalaus. Það liggur að vísu þjóðvegur frá Seyðisfirði og þvert yfir Hjeraðið og upp Jökuldal, og norður Möðrudalsöræfi. En Jökuldalur er strjálbygðasta sveit sýslunnar og er afskektur. Fjölbygðustu hlutar sýslunnar liggja langt frá þjóðveginum. Norður-Þingeyjarsýsla er þjóðvegalaus. Að vísu liggur þjóðvegurinn frá Möðrudal um Grímsstaði á Fjöllum. En Grímsstaðir eru langt frá fjölbygðum mannabygðum. Til þjóðvegarins alla leið frá Jökuldal og til Mývatns mun ríkissjóður aldrei kosta neinu. Bæði er það, að hann liggur um

langar óbygðir, og svo er hann fremur góður vegur frá náttúrunnar hálfu.

Hv. samgöngumálanefnd 1919 tók vegamálið til rækilegrar íhugunar og komst að þeirri niðurstöðu, að það væri sjerstaklega í tveim landshlutum, sem þörf væri á nákvæmri rannsókn á því, hvort ekki bæri að gera sýsluvegina að þjóðvegum. Annar vegurinn, sem hún hafði sjerstaklega fyrir augum, var sá, sem hv. flm. (E. Þ.) talaði um, frá Hafnarfirði til Keflavíkur. Hinn var aukapóstleiðin frá Fossvöllum út Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði til Vopnafjarðar; þaðan um Sandvíkurheiði, norður Langanesstrandir, yfir Brekknaheiði og þaðan þvert yfir Norður-Þingeyjarsýslu til Húsavíkur. Eins og hv. þm. munu kannast við, var samþ. á Alþingi 1919 till. til þál. frá samgöngumálanefnd, þar sem hæstv. stjórn var falið að láta fram fara rannsókn á því hvort rjett væri, að fjölga þjóðvegum og flutningabrautum, og hvar sú fjölgun ætti helst að verða. Nú vil jeg spyrja hæstv. stjórn, hvað hún hafi gert í þessu máli, því henni hlýtur að vera kunnugt um, að Alþingi 1919 ætlaðist til, að rannsóknin færi fram sem allra fyrst.

Það hefir verið deilt nokkuð um það, í hvaða nefnd þetta mál ætti að fara. Hæstv. atvrh. (P. J.) vill láta það fara til fjvn. Jeg veit ekki betur en að það sje brot á þeim venjum, sem ráðið hafa hjer á þingi áður, því vegamál hafa ávalt farið til samgmn.

Eiríkur Einarsson: Jeg stóð ekki upp til þess að mótmæla ástæðum hv. flm. fyrir nauðsyn á breytingum á vegalögunum, sem farið er fram á í frv. Jeg vil aðeins taka það fram, að svo framarlega, sem farið verður að hrófla við núverandi skipulagi á vegamálunum, þá hljótum við fulltrúar sýslnanna austanfjalls að sigla þar í kjölfarið, og leita einnig nauðsynlegra endurbóta á vegamálafyrirkomulaginu þar, sem er alveg óviðunandi og ókljúfandi fyrir sýslufjelögin eins og nú er komið. En hins vegar vildi jeg ekki vera fyrstur til, eða sá mjer ekki fært að vera fyrstur til, að bera fram brtt. á vegalögunum, sem hefði þó ekki verið óeðlilegt. Hafði jeg fremur hugsað mjer að ýta sem best undir, að vegamálakerfið væri sem bráðlegast tekið til gagngerðrar endurskoðunar, útvegaðir nauðsynlegir gjaldstofnar handa sýslufjelögum til að kljúfa kostnaðinn o. s. frv., og kæmi þá auðvitað fram til leiðrjettingar sú ósanngirni og það ósamræmi, sem á sjer stað í vegamálum margra hjeraða. — Jeg skal því að þessu sinni leiða hjá mjer að geta um vandkvæði hlutaðeigandi sýslna austanfjalls til viðhalds flutningabrauta með tilliti til bifreiðaferða o. s. frv., en vil sjá hvað setur um framkomna brtt., og tel sjálfsagt, að frv. verði vísað til samgmn., en ekki fjvn.

Flm. (Einar Þorgilsson): Hæstv. atvrh. (P. J.) andaði þvert í garð þessa frv. Bygði hann á því, að þessi umræddi vegur lægi aðeins um eina sýslu, og ekkert yfir í aðrar — ef jeg hefi heyrt rjett mál hans. Í ástæðum frv. er þess þó getið, að hann liggur til Hafnarfjarðar (**P. J.:** Er Hafnarfjörður ekki í sýslunni?), og rennur þar út í þjóðvegarspottann, sem tengir Hafnarfjörð og Reykjavík. Hann segir, að ekki sje brýnni þörf í einni sýslu en annari. Jeg held, að hjer sje áreiðanlega mest þörf. Hver sýsla á landinu hefir einhvern þjóðvegarspotta. Í Gullbringu- og

Kjósarsýslu er aðeins 3 km. spotti þjóðvegur. Þori líka að fullyrða, að hvergi sjeu lengri sýsluvegir. Sem sagt eins langir og hjeðan austur að Þjórsá. Sýslan verður því að leggja stórfje til viðhalds á vegum og vegagerðar.

Hæstv. atvrh. (P. J.) segir, að þessi sýsluvegur hafi verið gerður á ódýrum tímum. En fjárhæðin er ógoldin, og hana verður að greiða, hvort sem hún er frá ódýrum tíma eða ekki.

Þýðing vegarins er mjög mikil, því hann er mjög fjölfarinn. Eins og tekið er fram í ástæðunum, þá liggur hann að 5 kauptúnum, aflasælum fiskiverum og tveim kaupstöðum Reykjavík og Hafnarfirði, og tengir saman aðalvegakerfi Suðurlandsundirlendisins. Það liggur því í hlutarins eðli, að hann þarf meiri framlög en vegur, sem liggur milli tveggja strjálbygðra hjeraða, og þetta sýnir best ályktunin frá þinginu 1919.

Annars skal jeg ekki þrátta um það, hvort vísa eigi þessu til fjárveitinganefndar eða samgöngumálanefndar. En þá bregður þingið vana sínum, ef þessu verður ekki vísað til samgöngumálanefndar, eins og t. d. þál., sem minst hefir verið á, frá 1919, en hún kom frá samvinnunefnd samgöngumála.

Hv. 1. þm. Árn. (E. E.) sagði, að ef þetta yrði samþ., væri hann reiðubúinn til þess að koma með samskonar kröfu fyrir kjördæmi sitt. Jeg vil ekki þrátta um það, hvort krafa hans hefði við rök að styðjast, en hún getur ekki rýrt gildi þeirrar sanngjörnu kröfu, sem jeg ber hjer fram fyrir Gullbringusýslubúa.

Að lokum vil jeg svo leggja áherslu á það, að málið fái að ganga til 2. umr., og verði síðan vísað til samgmn.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Út af ræðu hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) vil jeg taka það fram, að stjórnin hefir enn ekki getað tekið vegamálið, samkvæmt umtalaðri þál., til nægilegrar rannsóknar. Fyrst og fremst hefir hún — eins og sjá má af því, sem nú liggur fyrir þinginu — allmikið að gera við rannsókn og undirbúning annara mála, og þar að auki óvenjulegar annir í öðrum efnum. Enn fremur virtist stjórninni tæpast tími til þess að taka fleiri vegi á landssjóðs arma, á meðan ekki er komið lengra áleiðis með þá vegi, sem í vegalögunum eru og hafa verið frá öndverðu.

Um þetta atriði, sem hjer er um að ræða sjerstaklega, er þó það að athuga, að þar sem hjer er um lagðan veg að ræða, er það aðallega viðhaldið, sem á landssjóð mundi koma. En hvað svo sem því líður, þá virðist mjer sjálfsagt, að eigi að hreifa við einu slíku máli, verði óhjákvæmilegt að athuga kerfið alt í heild sinni jöfnum höndum.

Um hitt skal jeg lítið þræta, og ekki gera það að kappsmáli, hvort þetta yrði rannsakað í samgöngumálanefnd, þótt jeg viti það reyndar af eigin reynslu, að slík mál hafi ávalt komið til athugunar í fjárveitinganefnd, og meira að segja verið eitt af mestu vandamálum hennar. Hygg jeg, að hún hafi best yfirlit um vegakerfi landsins í heild sinni, og ástæður og þarfir landsmanna í því efni.

Magnús Pjetursson: Hæstv. atvrh. (P. J.) hefir tekið fram ýmislegt af því, sem jeg vildi sagt hafa, og er jeg honum að mörgu leyti sammála. En af því að jeg er einn þeirra, sem hlut áttu að þál. þeirri, sem hjer hefir verið dregin inn í umr., vegna þess að

ætlast var til að rannsaka einnig veg um Strandasýslu, vil jeg geta þess, að mjer fyrir mitt leyti finst það ofurskiljanlegt, þó stjórnin hafi ekki gert þar meira að, en orðið er. Og jeg skil ekki, hvaða þýðingu það getur haft, að vera að flytja þetta frv. nú á þessu þingi, úr því ekki er hægt að ætlast til þess, að ákvæðin komist til framkvæmda.

Einnig er jeg alveg sammála hæstv. atvrh. (P. J.) um það, að slíkum málum sem þessu, beri í raun rjettri að vísa til fjárveitinganefndar, jafnvel þó samgöngumálanefnd hafi stundum tekið það upp hjá sjálfri sjer að hlutast til um þessi mál, þótt hún fjalli annars aðallega um samgöngur á sjó. En ef hún vill nú endilega taka þessi að sjer líka, þá finst mjer eðlilegast, að hún taki þá allan þann lið fjárlaganna, sem um vegagerðir ræðir, á sama hátt og hún hefir tekið lið 13. gr. C.

Að öðru leyti geri jeg þetta ekki að kappsmáli, en vil að eins undirstrika það, hver vandamál þessi vegamál eru, og að þar þarf einmitt vel að gæta samræmisins og heildarinnar og samræmis í framhaldi framkvæmdanna, og vafalaust hefir fjvn. best skilyrði til þess að vinna að þessu. Þá gæti jeg fremur látið mjer það lynda, þó það færi í samgmn., af því, að þar á nú sæti sá maður, sem sennilega er betur inni í vegamálum og kunnugri vegakerfi landsins en nokkur annar þm., og hefir lagt grundvöllinn undir það kerfi og þau lög, sem nú eru notuð um það, er að vegamálum lýtur.

Fjármálaráðherra (M. G.): Aðeins örfá orð. Jeg álít rjettast, að vísa þessu máli til samgmn., meðal annars af þeirri ástæðu, sem hv. þm. Str. (M. P.) nefndi, og enn fremur af því, að hjer hlýtur að verða um að ræða endurskoðun á vegakerfinu í heild sinni. Annars undrar það mig ekki, þó raddir, eins og þær, sem hjer hafa komið fram, heyrist, því vegirnir eru nú orðnir þungir á sýslusjóðunum. Hitt er annað mál, hvort unt er að bæta úr því. Annars sje jeg ekki ástæðu til þess að hafa langar umr. á þessu stigi málsins.

Þorsteinn Jónsson: Jeg skal heldur ekki lengja umr., en vil aðeins taka það fram, út af orðum hæstv. atvrh. (P. J.), að mjer virðist, sem stjórnin hefði átt að leggja vegamálarannsóknina fyrir vegamálastjóra, og fá till. hans um það efni, hvort sem hægt hefði verið að hrinda nokkru verklegu í framkvæmd nú þegar, eða ekki. Fyrst þarf löggjöfin að vera til um vegina, áður en lengra fer.

Svo vil jeg mótmæla því, að samgmn. hafi aðeins fjallað um samgöngur á sjó. Meðan jeg hefi átt sæti í nefndinni hefir hún fjallað um öll samgöngumál, þó að hins vegar hafi verið leitað umsagnar fjárveitinganefndar, þegar um fjárframlög hefir verið að ræða, eins og venja annara nefnda er. Þetta mundi sjálfsagt einnig verða gert hjer, ef málið leiðir til fjárútláta á þessu þingi, og þá gefst háttv. þm. Str. (M. P.) einnig tækifæri til þess, að fjalla um málið.

Viðvíkjandi orðum hv. 1. þm. Árn. (E. E.) um þær kröfur, sem hann mundi koma með, ef þetta yrði samþ., virðist mjer það ætti engin áhrif að hafa á þetta sanngjarna mál, enda er það óviðkunnanlegt, að mega ekki benda á sanngjarnar rjettlætiskröfur vissra landshluta, svo að ekki komi í hópum hótanir frá þm. annara kjördæma. (E.

E.: Þetta er ekki hótun). Jú, að svo miklu leyti, sem það gæti orðið til þess að hnekkja framgangi málsins, þó aðstæðurnar sjeu annars ekki sambærilegar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar (sjá A. bls. 1657) með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldri tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

9. Laun embættismanna, viðauki við 19. gr.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við 19. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna. (A. 156).

Á 25. og 26. fundi í Nd., dagana 17, og 18. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Þetta mál, sem hjer um ræðir, er ekkert stórmál, og þarf jeg því eigi að eyða um það mörgum orðum.

Í lögum nr. 54, 1907, um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands, er tekið fram í 3. gr., að ráðherra skipi skógarverði eftir þörfum.

Skógarverðir þessir hafa verið skipaðir fyrir Vaglaskóg og Hallormsstaðaskóg, og svo sá þriðji fyrir Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslur.

Skógarverðir þessir fengu hver um sig 1000 kr. í laun, þangað til launalögin 1919 gengu í gildi, en þá fengu 2 hinna fyrnefndu skógarvarða 1200 kr., en sá þriðji, skógarvörðurinn fyrir Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslur, fjell úr, og sat því með sömu laun, 1000 kr., áfram. Auk þess hafa hinir fyrnefndu notið ýmsra hlunninda, sem þessi skógarvörður hefir ekki notið.

Það virðist nú sjálfsagt, að allir skógarverðirnir hafi sömu laun, og því er þetta frv. borið fram til að samræma þetta. Hv. fjvn. hefir nú sett þennan skógarvörð á bekk með hinum, með því að ætla honum viðbótarlaun fyrir árið 1920. Verði frv. þetta samþ., mun jeg koma fram með brtt. við fjáraukalögin, ef þau koma hingað aftur, til þess að samræma þetta fyrir árið 1921.

Ætla jeg svo ekki að fjölyrða meira um frv. þetta, en vonast til, að það nái fram að ganga, þar eð öll sanngirni mælir með, að maður þessi fái sömu laun sem starfsbræður hans, þar sem erindisbrjef þeirra er samskonar og ábyrgð allra jafnrík.

Frv. er svo lítið og auðskilið, að jeg sje eigi ástæðu til, að því verði vísað til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Brtt. við frv. er á þskj. 353, en frv. var aldrei framar á dagskrá tekið og varð því

ekki útrætt.

10. Launalög.

Á 27. fundi í Nd., laugardaginn 19. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919 [Launalög] (A. 164).

Á 30. og 36. fundi í Nd., dagana 30. mars og 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 7. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 14 shlj. atkv., að frv. mætti samt taka til meðferðar.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Það er stuttlega gerð grein fyrir frv. á þskj. 164, og hefi jeg litlu þar við að bæta. Eins og tekið er þar fram, þá geta skjótar verðbreytingar á vörum haft þau áhrif á verðlagsskrána eða vísitöluna, að hún langan tíma ársins sje ekki í því hlutfalli við vöruverðið, sem launalögin ætlast til.

Jeg skal taka það fram fyrir hönd nefndarinnar, að það, sem kom okkur aðallega til að bera þetta frv. fram, voru fjárhagsástæður ríkissjóðs.

Eins og sjá má af gildandi fjárlögum, gengur fullur helmingur allra útgjalda ríkisins í laun og dýrtíðarbætur embættis- og starfsmanna ríkisins. Það getur engum blandast hugur um, að þetta er stórkostleg upphæð, hærri en í nokkru öðru ríki. Eftir skýrslu stjórnarráðsins um dýrtíðaruppbætur á fjárlögunum, þá nema þær um 1,600,000 kr., sem, að ótöldum dýrtíðaruppbótum af eftirlaunum og styrktarfje og dýrtíðaruppbót farskólakennara, er goldið í því skyni.

Jeg hugsa, að mörgum muni ofbjóða upphæðin, en við þessu er ekkert hægt að segja, því að þetta eru gildandi lög. Þegar litið er á ástæður þjóðarinnar og atvinnurekendanna árið 1921, þá getur maður ekki búist við öðru en að það endi með stórkostlegum tekjuhalla. — Alstaðar, hvar sem augað eygir, blasa við vandræði og vonleysi um, að tekjur þessa árs komist í nokkurn námunda við útgjöldin. Jeg hygg, að þing eða stjórn hafi aldrei horft fram á aðra eins tekjuþurð eins og hlýtur að verða á þessu ári. Það má því með sanni segja, að nú sjeu góð ráð dýr til að draga úr þeim tekjuhalla, sem fyrirsjáanlegur er, og jeg játa það, að þetta ráð kunni að þykja nokkuð dýrt, eftir skilningi sumra á dýrtíðarákvæðum launalaganna.

Eftir skilningi þeirra má ekkert við þeim ákvæðum hreyfa, fyr en eftir 1925. Jeg er ekki lögfræðingur, en jeg held, að þinginu mundi þó heimilt að gera þær breytingar á launalögunum, að betra samræmi yrði milli dýrtíðaruppbótarinnar og verðlagsins á vörunum, sem hún er miðuð við.

Margir embættismenn líta svo á, að öll sanngirni mæli með því, að dýrtíðaruppbótin standi í sem rjettustu hlutfalli við verðlagið. Nú, þegar verðfallið er orðið 25—30%, þá yrði það ekki lítill sparnaður fyrir ríkissjóð, ef þessi uppbót yrði þeim mun minni þetta ár. — Þessi lækkun gæti fengist með því að setja verðlagsskrána 1. júní næstkomandi eins og frv. fer fram á; það mundi nema töluvert á þriðja hundrað þúsund krónum. Það er auðvitað, að verðlækkunin verður meiri, og sú tíð kemur, að dýrtíðarbæturnar hverfa alveg.

Þótt einstaka manni þyki þessi breyt-

ing vafasöm að lögum, þá er það í minum augum samt engin „lögleysa“, eins og ætla mætti eftir hótunarbrjefi því, er embættismenn hjer í Reykjavík hafa sent þinginu, þar sem þeir áskilja sjer óskertan rjett til að leita dómstólanna ef frv. verður samþ. Þeir menn eru svo gerðir, að þeir líta ekki á ástandið, og fara ekki eftir því, sem er rjett og sanngjarnt. Jeg, sem embættismaður, tel það ekki sanngjarnt af þeim að gera úlfaþyt út af þessu, þó þeir telji sig hafa einhvern lagarjett þessa, eða telja það lögleysu, þó þingið grípi til, jeg vil segja, næstum því óyndisúrræða í þessu efni. Það eru alvarlegir tímar fyrir dyrum; flestum blöskrar að horfa á alt atvinnuhrunið, bæði til lands og sjávar; jeg vil ekki segja, að atvinnuvegirnir liggi fyrir dauðans dyrum, en í dauðans vandræðum eru þeir vissulega, og eiga við stærri örðugleika að stríða en jafnvel nokkru sinni áður um langan aldur.

Allir atvinnurekendur landsins verða að draga saman seglin, og margir þeirra að lifa við knappan kost.

Sú skoðun er vissulega eðlileg, þegar svona stendur á, að það sje a. m. k. engin óhæfa að fara þess á flot, að starfsmenn ríkisins, sem þjóðin elur á sveita sínum, taki nokkurn þátt í fjárhagsböli einstaklinganna. Þegar litið er á fjárhagsástandið 1921, þá verður að telja það litið, sem hjer er farið fram á, að dýrtíðaruppbæturnar verði reiknaðar eftir tveim verðlagsskrám, og jeg játa það hreinskilnislega, að jeg verð að telja það sanngjarnt, að meira samræmi verði á verðlagi og dýrtíðaruppbótunum, en nú er.

Jeg get aftur tekið það fram, að mjer þætti gaman og skemtilegt, að leggja minn litla skerf fram, og þó að ekki muni mikið um það frá hverjum einstökum, þá sannast það, að margt smátt gerir eitt stórt, þó sumir vilji nú vefengja þann sannleika, þegar ræða er um fjárveitingar úr ríkissjóði hjer á þingi. Þó get jeg hugsað, að þetta muni ekki eins hafa áhrif til óánægju úti um land, eins og kemur fram í skjali þessu, er borist hefir frá nefnd starfsmanna ríkisins hjer í Reykjavík. Mjer er ekki kunnugt um, að öðrum embættismönnum úti um land, og það þeim, sem fjölmennastir eru, mundi finnast gengið svo á rjett sinn, að þeir væru knúðir til að leita dómstólanna. Reyndar þarf ekki nema einn gikkinn í hverri veiðistöð, og helst má búast við, að sá gikkur reki fyrst upp höfuðið hjer í Reykjavík.

Það er aðallega af sparnaðarástæðum, sem við flm. frv. flytjum þetta frv. Og okkur finst það ekki ósanngjarnt, að dýrtíðaruppbæturnar komist í sem fylst samræmi við verðlagið.

Það er nú heldur ekki fyrir að synja, að það geti komið fyrir, að þessi breyting á tveim verðlagsskrám, í staðinn fyrir eina, verði til að hækka dýrtíðaruppbótina, og ef vöruverðið hækkar, þá hafa starfsmenn ríkissjóðsins hag af því, að dýrtíðaruppbótin er reiknuð tvisvar á ári.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en býst við, að frv. verði vísað til fjhn., og vildi þá gera það að till. minni.

Það er þó eitt atriði í 33. gr., sem vert væri að athuga. Það er, að ein vörutegundin, sem reiknað er eftir, nýslátrað dilkakjöt, er ekki til á markaðinum á þeim tíma, sem fyrri verðlagsskráin er samin, samkvæmt frv. Það er miðað við verð á dilkakjöti, en jeg

áleit að taka mætti þá markaðsverð á íshússkjöti, og get jeg hugsað, að þessi liður verði því til að hækka verðlagsskrána, og þannig til hagsbóta fyrir starfsmennina.

Forsætisráðherra (J. M.): Það má vel vera, að það sje ekki nema eðlilegt, að farið sje fram á slíka breytingu sem hjer er gert. Það er hverju orði sannara, að framlög til starfsmanna ríkisins eru tiltölulega mjög há, en jeg hygg óefað, að þær breytingar, sem frv. fer fram á, geti ekki samrýmst settum lögum. Það verður að líta á launalögin eins og samning, sem gerður er við embættismenn ríkisins, og er þá ekki hægt að breyta þeim einhliða, ekki síst ef að er gáð, að flestir starfsmenn ríkisins hafa beint eða óbeint gengið undir hin nýju launalög. Eftir þeim lögum eru launin föst laun með ákveðinni uppbót. Jeg er ekki viss um, að það yrði örðugra að breyta föstu launanum heldur en uppbótinni. Ef svona breyting væri leyfileg einhliða, þá mætti breyta fleiru, t. d. taka aðrar vörur, sem gjaldmælirinn væri reiknaður eftir. Allra síst virðist mjer geta komið til mála að breyta til á þessu ári, því að nú er búið að ákveða launagreiðsluna eftir verðlagi í okt. 1920.

Þegar ákvæðið um endurskoðun launalaganna 1925 var tekið í launalögin 1919, þá var það þar með bundið, að engin breyting gæti orðið á uppbótinni til þess tíma fyrir þá menn, er í embætti væru komnir áður en breyting væri á gerð.

Mjer virðist rjett, að málinu sje vísað til nefndar, og kæmi þá það aðallega að minni hyggju til hennar að rannsaka, hvort breyta mætti á þann hátt, er frv. ætlast til. Hygg jeg nefndina munu komast að þeirri niðurstöðu, að það sje ekki fært.

Magnús Jónsson: Hæstv. forsrh. (J. M.) hefir að mestu sagt það, sem jeg vildi segja. Jeg hefði þess vegna ekki haft ástæðu til að kveðja mjer hljóðs, ef ekki væri fyrir þá sök, að jeg tel óþarfa að láta málið fara lengra en í gegnum þessa umr. Hæstv. forsrh. (J. M.) hefir gert grein fyrir lagaatriði þessa máls, og er enginn vafi á því, hvernig í því liggur, og held jeg, að óþarfi sje að nefnd athugi svo augljóst mál.

Á þessu þingi hefir áður komið frv. í svipaða átt, og fjekk það þau úrslit, sem jeg verð að telja heppilegust; það var tekið aftur. Það væri æskilegt, að eins færi um þetta frv., þó að æskilegast væri, að það hefði aldrei komið fram. Jeg tel það varla vansalaust Alþingi að samþ. eða jafnvel ræða frv. sem þetta, og jeg held, að best sje að stöðva það sem fyrst.

Það þarf ekki að væna mig um það, að jeg standi hjer upp af því, að jeg sje embættismaður. Jeg tala hjer sem þm., og þessi breyting mun engin áhrif hafa á laun mín.

Eins og kunnugt er voru launalögin frá 1919 endir á langri deilu. Það var langt síðan, að raddir heyrðust um það, að launin væru óhæfilega lág í samanburði við verðlag, og var það viðurkent af milliþinganefndinni í launamálinu 1914—15. En á stríðsárunum keyrði fyrst um þvert bak. Ósanngirni launanna varð þá svo gífurleg og augljós, að ekki var lengur hægt að skjóta skolleyrum við rjettmætum kröfum embættismanna. Síðan hefir staðið óslit-

in barátta milli þeirra og löggjafarvaldsins eða Alþingis. Og loks sannaðist hið fornkveðna, að svo má brýna deigt járn að bíti um síðir; embættismennirnir, sem enginn getur ásakað um framhleypni, ákafa eða óróasýki, fóru að hugsa til hreyfings. Jeg vil ekki fara að rifja mikið upp það, sem liðið er, en jeg þori að fullyrða, að launalögin eru að nokkru leyti orðin til fyrir þennan þrýsting. Það liggur við að maður haldi, að launalögin 1919 hafi verið samþykt í einhverju fáti, ef dæma má eftir því, hve margir sýnast nú þegar vera farnir að sjá ofsjónum yfir umbótum þeirra. En þeirra vegna, sem ef til vill eiga erfitt með að halda fullri heilsu, ef þeir halda, að starfsmönnum ríkisins sje sýnd full sanngirni, skal jeg geta þess, að það var fjarri því að svo væri gert með þessum lögum. Það eru ekki færri en 5 takmarkanir á fullri sanngirni.

Fyrst var 25% bætt við, áður en verðstuðullinn kom. Næst er það, að dýrtíðaruppbót er aðeins af ⅔, og hún getur ekki orðið meiri upphæð en 3000 kr.; launin mega ekki verða hærri en 9500 kr. alls, og halli undanfarandi ára hefir ekki verið bættur upp. Svo þó að launalögin frá 1919 hafi verið mikil bót, hefir þó ekki verið farið neitt gífurlega í rjettlætið, og enn eru launin tiltölulega lægri en þau voru, þegar peningar voru í skaplegu verði.

Mjer finst því úrræðið, sem taka á til þess að bæta fjárhag landsins, hálffátæklegt, og jeg held, að ekki sje farið að rjetta endanum til að spara. Þó að jeg óttist ekki, að embættismenn fari að hefna sín — þeir eru yfirleitt ekki þess konar menn — þá getur verið varhugarvert að veitast á þennan hátt að þeim mönnum, sem landinu eru svo ómissandi, og er það ekki vel statt, ef þeir bregðast á einhvern hátt. Jeg hefði talið það heppilegra að reyna fyrst samningaleið, að spyrja embættismennina blátt áfram, hvort þeir vildu ekki slaka til, vegna þess, hvernig fjárhag landsins væri háttað. Jeg efast ekki um, að sú leið hefði orðið happadrýgri en þetta úrræðaleysi, þetta örþrifaráð, sem nú hefir verið tekið, og sem auðvitað hefir nú þegar gereyðilagt hina leiðina. Og jeg held að best sje að stemma stigu fyrir því sem allra fyrst. Hæstv. forsrh. (J. M.) hefir lýst því, hvaða lögfræðislegar afleiðingar þetta gæti haft, og kæmi þar fram kaldhæðni í garð hv. flm. (S. St.), ef frv. yrði til þess að ekkert sparaðist annað en sanngirni nokkurra háttv. deildarmanna.

Jeg held ekki, að frv. þurfi að fara í nefnd til þess, að það atriði, sem hæstv. forsrh. (J. M.) benti á, yrði rannsakað. Jeg sje ekki betur en að 33. gr. launalaganna taki af öll tvímæli. Takmarkið 1925 sýnir einmitt, að um samning er að ræða, og breytingin, sem fram er borin, verður ekki skoðuð á annan hátt en tilraun til að rjúfa þann samning. En jafnvel þó að tímatakmarkið (1925) væri alls ekki í lögunum, þá hljóta launalögin að vera bindandi samningur gagnvart þeim embættismönnum, sem þegar hafa fengið veitingu fyrir embætti eftir þeim. Auk þess má benda á það, að fyrir gæti komið, að vörur hækkuðu í verði aftur, að minsta kosti á einhverju tímabili, og yrði þá tap að breytingunni. Þá væri ver farið en heima setið, nema að embættismenn neituðu að taka á móti hækkuninni, en við því er varla að búast eftir að hinn málsparturinn, þ. e. ríkið, hefði sýnt sinn viljа, að fara út í það ýtrasta. Svo mætti líka alveg eins vænta þess, að Al-

þingi breytti enn þessu ákvæði, ef vöruverð færi að hækka. Þá mundi ekki fordæmið frá 1921 vera gagnslaust.

Háttv. flm. (S. St.) talaði um sanngirni, og var gott að heyra það, þó að óneitanlega væri undarlegt að heyra það í þessu sambandi. En þetta er einmitt það, sem embættismenn voru árum saman búnir að biðja um, sanngirni og ekkert annað. Embættismenn hefðu ekkert á móti því, að sanngirnin yrði dálítið meira en umtal. Þeir hafa ekki farið fram á annað öll þessi ár. En þá hefir verið haft heldur lægra um það orð hjer. Löggjafarvaldið hefir altaf verið á eftir tímanum, hefir stilt sanngirninni í hóf, en svo er kallað, þegar klipið er um of við neglur sjer. En nú alt í einu, þegar vindurinn blæs í þá átt, er tekið að tala um sanngirni. Seinna koma sumir dagar og koma þó. Í þessu frv. er vitanlega ekki farið fram á neina sanngirni, en öllu má nafn gefa. En hitt er satt, að ríkissjóði er þörf á að spara, og hefði þá verið heppilegast að reyna samningaleiðina.

Háttv. flm. (S. St.) talaði um hótunarbrjef, sem embættismenn hjer í Reykjavík hefðu sent þinginu. Þetta er ekki rjett frá sagt, því fulltrúaráð embættismanna hefir aðeins sent hógvært og kurteist brjef og sýnt fram á ósanngirni þessa frv. Þeir eru fulltrúar fyrir embættismenn alls landsins, og hafa fult umboð til þess að tala í nafni þeirra. (S. St.: Ekki í mínu nafni). Það getur þá verið, að hv. þm. (S. St.) sje ekki í þessu sambandi, en hann er þá undantekning.

Það var eins sagt 1919, að embættismenn hefðu hótanir í frammi. En þeir rituðu aðeins Alþingi um þarfir sínar, sýndu fram á, að þeir gætu ekki lifað af launum sínum án þess að safna skuldum, og lýstu því yfir, að þeir sæu sjer ekki fært að hafa á hendi embætti sín, ef launin yrðu ekki hækkuð. Þetta var fullkomlega satt frá sagt, og var sjálfsagt af embættismönnunum að tilkynna fulltrúum þjóðarinnar, hvernig ástatt var. Að kalla slíkt hótanir nær vitanlega engri átt, og jeg sje ekki, að það sje neitt ósvífið, þó starfsmenn ríkisins tali við fulltrúa þjóðarinnar. Þeir eru líka fulltrúar þjóðarinnar, og það ekki fulltrúar, sem hún kastar inn þennan daginn og út þann næsta, og án þess að kasta nokkurri rýrð á mikilvægi fulltrúa þjóðarinnar á þingi, þá vil jeg segja, að hinum fulltrúunum sje í raun rjettri engu ábyrgðarminna starf falið. Þeir ættu að minsta kosti að geta fengið að tala við hina, án þess að það sje kallað ósvífni eða hótun. Leyfist kettinum að líta á kónginn.

Ef frv. þetta heldur lengra, verður það til þess að opna launalögin, ef svo má segja, verður til þess að hefja um þau deilur og taka þau til meðferðar á fleiri sviðum, en jeg hefi heyrt, að einhverjir sjeu hræddir við það. Jeg tel það sjálfsagt, ef farið verður að ræða þessi lög yfirleitt, að embættismenn komi fram með ýmsar kröfur og er sennilegt, að sumar verði svo, að ilt verði að hafna þeim, með góðri samvisku. Jeg held þess vegna, að heppilegt verði fyrir alla málsparta að láta frv. ekki fara lengra, og er engin ástæða til að athuga það í nefnd, því að það ætti að vera öllum auðskilið. Sparnaðurinn verður enginn, eins og sýnt hefir verið fram á, en frumvarpið verður til þess að koma af stað deilu milli ríkisvaldsins og embættismanna, og útiloka líklega samkomulag við þá síðar. Jeg vænti þess vegna, að menn greiði atkv. gegn frv. til 2. umr.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 8. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 164).

Fjármálaráðherra (M. G.): Mjer dettur í hug að leggja fáein orð í belg um þetta mál. Það lítur út fyrir, að þetta frv. þyki af ýmsum óalandi og óferjandi, en jeg get ekki tekið undir um það að öllu leyti. Að sönnu skal jeg játa það, að jeg hefi ekki alveg gert það upp við samvisku mína, hvort jeg get fylgt því eða ekki. Það veltur á nokkrum atriðum, sem jeg hefi ekki haft tíma til að rannsaka. Mjer blandast þó ekki hugur um það, að það væri rangt að lofa málinu ekki til 2. umr., og til að rökstyðja það skal jeg benda á, að þegar hin gildandi launalög voru samþykt, mun hafa verið tekin dýrtíðaruppbót af ýmsum mönnum vegna þess, að þá fjellu lög nr. 33, 22. nóv. 1918 úr gildi. Vil jeg þar til nefna t. d. kennara við lýðskólana. Nú er að athuga það, hvort 1. gr. nefndra laga gefur ekki eins sterk loforð um dýrtíðaruppbót og 33. gr. launalaganna, því að ef hún gerir það, er ekkert undarlegt við það, þótt háttv. flm. þessa frv. gangi út frá því, að Alþingi geti eins breytt 33. gr. launalaganna, eins og felt úr gildi dýrtíðaruppbót þá, sem faldist í lögum nr. 33, 1918. Jeg verð að segja það, að mjer finst ekki ýkjamikill munur á anda 1. gr. laga nr. 33, 1918 og 33. gr. launalaganna, hvorttveggja ákvæðin lofa ótvírætt uppbót; og fyrst hv. Alþingi hefir sjeð sjer fært að afnema lög nr. 33. 1918 og svifta þar með suma dýrtíðaruppbót, virðist mjer athugamál, svo ekki sje mikið sagt, hvort ekki sje hægt að breyta 33. gr. launalaganna í þá átt, sem getur orðið embættismönnum til góðs, þótt hitt sje líklegra, að það verði til lækkunar. Þetta sýnist mjer rjett að athuga alt í nefnd, sjerstaklega hvort fært muni að breyta til á þessu ári. Mjer finst að frv. eigi að fara í allshn. og geri það að till. minni, að því verði þangað vísað.

Pjetur Ottesen: Það er aðeins örstutt fyrirspurn til hæstv. forsrh. (J. M.). Það er talað um það hjer, að málssókn muni rísa, ef frv. þetta verður samþ. Nú vildi jeg spyrja, hvaða dómstólar ættu að dæma um þetta mál, því að það er vitanlegt, að allir dómendur landsins eru hjer annar málsaðili, og jeg geri ráð fyrir því, að þeim þætti óviðkunnanlegt að gerast dómendur í sínu eigin máli.

Þótt sú lækkun, sem frv. þetta fer fram á, með því að reikna út tvisvar á ári, snerti ekki laun dómaranna nú, meðan dýrtíðaruppbótin er svona há, þá er dýrtíðaruppbótin þó partur af launum þeirra, og það getur síðar haft áhrif á laun þeirra, hvort hún er reiknuð einu sinni eða tvisvar á ári.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get þegar svarað fyrirspurn hv. þm. Borgf. (P. O.), að minsta kosti að nokkru leyti. Jeg býst ekki við, að dómari, sem á nokkuð undir þessum lögum mundi mega dæma. Það má vel vera, að í undirdóm yrði að skipa sjerstaka menn. En hæstarjettardómarar fá enga uppbót (**P. O.:** Jú, 500 kr.). Nú, það má vel vera, en jeg held að hægt verði þá að finna menn, sem geta dæmt í þeirra stað.

Jeg nefndi í gær, að málið ætti að fara í fjhn.; mjer finst það mjög eðlilegt, en annars skiftir það engu máli, hvaða nefnd fær það til meðferðar.

Hennar athuganir munu eingöngu snúast um þetta lagaatriði. Jeg hygg, að jeg hafi tekið það fram við umr. um launalögin á þinginu 1919, eins og nú, að með þessu væri ákveðin óhreyfanleg dýrtíðaruppbót til loka ársins 1925, og jeg er samdóma hv. flm. (S. St.) um það, að þetta er þannig vaxið mál, að ekki er ástæða til að ýfast við nefnd, en jeg tel víst, að eftir þá rannsókn fari málið ekki lengra.

Jakob Möller: Jeg vildi aðeins sem meðlimur fjhn. mælast undan því, að þessu máli verði vísað til hennar, það á heima í allshn. sem önnur launamál, og aðalflm. (S. St.) er einmitt í þeirri nefnd.

Annars finst mjer óþarfi að vísa málinu til nefndar, því að eftir ræðu hæstv. forsrh. (J. M.) skilst mjer, að ekki verði um það deilt, að þetta hjer, sje með öllu ólöglegt tiltæki.

Viðvíkjandi þessum skólum, sem hæstv. fjrh. (M. G.) gat um að dýrtíðaruppbót hafi verið tekin af, þá er mjer ekki kunnugt um það, en vildi gera þá fyrirspurn, hvort kennarar við þá skóla, sem hann nefndi, standa eins gagnvart launalögunum og aðrir starfsmenn ríkisins. Flensborgarskóli hefir t. d. altaf verið nokkuð sjerstök stofnun, og gilda um hann önnur lagaákvæði en skóla landsins yfirleitt.

Mjer finst, að þar sem hv. flm. (S. St.) segir, að embættismenn, vegna þessara erfiðu tíma, eigi að vera sanngjarnir, en ekki kröfuharðir í garð ríkissjóðs, jafnvel þótt kröfur þeirra lagalega sjeð hefðu við full rök að styðjast, þá mætti eins stinga upp á því, að embættismenn gæfu einhvern hluta af launum sínum, eða að þeir efnaðri gæfu öll laun sín. En það er hver sjálfum sjer næstur, og það er varla hægt að gera kröfu til þess, að þeir gefi eftir rjettindi sín, síst þegar launin ásamt dýrtíðaruppbótinni eru svo, að menn tæpast komast af með þau. Að mista kosti virtist mjer hæstv. fjrh. (M. G.) ekkert hafa á móti því að taka á móti launahækkun, og eru ráðherrar þó hærra launaðir en aðrir embættismenn.

Jeg geri ráð fyrir að greiða atkv. á móti þessu frv.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er út af fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), hvort sama sje afstaða kennara við skóla þá, er jeg nefndi, til launalaganna, og embættismanna ríkisins. Nei, vitaskuld er það ekki, en þeir eru heldur ekki þeir einustu, sem mist hafa dýrtíðaruppbót auk þess, sem sú afstaða skiftir minstu máli.

Að jeg fúslega hafi viljað taka við launahækkun getur hv. þm. (Jak. M.) ekkert sagt um. Hann veit alls ekkert um það, þar sem jeg alls enga skoðun hefi látið í ljós í því máli. Enda kemur það ekkert þessu máli við.

Þórarinn Jónsson: Hjer er um lögfræðilegt atriði að ræða, og því allerfitt fyrir ólögfróða menn að gera sjer grein fyrir því. Aðalástæða hæstv. forsrh. (J. M.) móti þessu frv. var sú, að hjer væri um samning að ræða, sem ekki mætti hrófla við, en ástæður háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) snerust um alt annað.

Hæstv. fjrh. benti á hliðstætt dæmi og við það rifjaðist upp fyrir mjer annað dæmi, sem jeg vildi spyrja hæstv. forsrh. hvort ekki væri einnig hliðstætt.

Þegar aðflutningsbannið komst á, töldu áfengissalar ýmsir brotin lög á sjer, þar sem þeir höfðu 5 ára söluleyfi

gegn vissu árgjaldi, og fóru í mál, en töpuðu því fyrir hæstarjetti í Danmörku.

Nú vildi jeg spyrja lögfræðingana, hvort þetta er ekki einnig hliðstætt dæmi. Í báðum tilfellum lögbundinn samningur, þar til 5 ára, en hjer til ársloka 1925. Hjer er þó þess að gæta, að alls ekki er breytt verðstuðli, heldur aðeins um það að ræða að semja verðlagsskrána tvisvar á ári, og verðstuðullinn, sem grundvöllur, skiftir hjer mestu máli.

Háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.) tók ýmislegt fram, og snerist mál hans mest um það, að mál þetta ætti ekki að fara lengra, og að alls ekki mætti „opna lögin". Jeg veit ekki, hvað hv. þm. (M. J.) hefir átt við með því, að lögunum megi ekki breyta, og ef ekki má opna þau, hvernig fer hv. þm. (M. J.) þá að skilja þau? Nú er farið fram á það, að launahámarkið — 9500 kr. — verði numið burt. Má þá breyta lögunum til þess, af því að starfsmannasamband ríkisins fer fram á það, en þessu ekki vegna þess, að þingmenn fara fram á þessa breytingu?

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg man ekki, hvernig hæstarjettardómurinn var orðaður í máli því, sem hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) talaði um, en jeg þykist geta fullyrt, að enginn samanburður er hjer mögulegur.

Ef maður lítur svo á, að um sje hjer að ræða kaupgjaldssamning milli ríkisins og starfsmanna þess, þá er ríkinu ekki heimilt að lækka kaupið án samþykkis hins aðiljans, en auðvitað er leyfilegt að hækka kaupið. — Ef hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) ræður mann fyrir 100 kr., þá er honum ekki leyfilegt að borga sama manni 80 kr., en hann má vel borga honum 120 kr. — Hefði ekki verið sett takmarkið 1925, þá hefði ef til vill mátt breyta lögunum, og þó mundu sumir vilja telja það vafamál.

Annars er engin ástæða til að ræða þetta mál frekar við þessa umr.

Bjarni Jónsson: Jeg hafði ekki hugsað mjer að skrafa mikið um þetta mál nú við þessa umr., en eftir að hafa hlýtt á umr. hjer í deildinni get jeg ekki stilt mig um að benda nefndinni á ýmislegt, sem gæti komið henni að haldi.

Það er þá fyrst, að hæstv. forsrh. (J. M.), sem er talinn góður lögfræðingur, hefir bent á, að þessum lögum mætti alls ekki breyta, en hæstv. fjrh. (M. G.), sem líka er talinn góður lögfræðingur, virðist vera á þveröfugri skoðun. Nefndin sjer, að hjer hefir hún flókið viðfangsefni til að greiða úr, og lögfræðingar í allshn. geta nú, eftir þessa umr., farið að hugsa sig um, hvernig eigi að gera upp á milli þessara tveggja lögfræðinga, (**B. H.:** Þá snúum við okkur til lögfræðingsins úr Dölunum). Já, það gæti nú verið gott; hann er vitanlega hjer staddur, sýslumaður Dalamanna, en hann er veikur. Það, sem háttv. þm. (B. H.) ætti að harma, er nú það, að stjórnin er orðin sjálfri sjer sundurþykk, og að svo virðist, sem hæstv. fjrh. (M. G.) ætli að drepa hæstv. forsrh. (J. M.) af sjer.

Annað, sem jeg vildi benda nefndinni á, og virðist vera rík hvöt fyrir hana til þess að vinna að því, að slíkt stórmál, sem þetta, nái fram að ganga; það er fjárhagsvoðinn, sem nú vofir yfir oss. Úr honum þarf vissulega að bæta, og það á nú líka að gera hjer. Að hugsa sjer, að þessir stórmiklu fjármálaspekingar þessa þings

skuli nú samt ekki finna neitt betra ráð til þess að bæta úr vandræðunum en að ganga í vasa embættismannanna. Þarna er fundinn sá rjetti gróðavegur, því að það má nærri geta, hvort ekki muni verða nokkrar miljónir, sem græðast, þegar litið er til þeirra, sem ríkið sjálft hefir tekið að sjer að launa. Nefndin ætti sannarlega að athuga þetta djúphugsaða fjárhagsbragð, sem á að bjarga landinu.

Það er einn embættismaður hjer á landinu, sem hækkað hefir í tigninni og orðið bæjarfógeti í stað lögreglustjóra, og hefði því átt að fá sömu laun og bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum. Hann hefir skaðast um 2400 kr., en nú vill hæstv. stjórn og þing ganga inn á að veita honum 2000 kr., og virðist hjer, sem þing og stjórn beinlínis láti múta sjer. Þetta hjer er nú svipað, og bendir í þá átt, að bæði sje nú þröngt fyrir dyrum um fjárhaginn, og góðir fjármálamenn sitji að starfi.

Jeg fyrir mitt leyti hygg, að allir dómarar sjeu hæfir að dæma í þessu máli. Það hefir verið úrskurðað hjer á þingi af hæstv. forseta, að embættismenn hjer greiði atkv. um slík mál sem þetta, þar eð þau snerta heila stjett, og frá því sjónarmiði mun verða litið á dómhæfi þessara manna. Ef ætti að fylgja sama mælikvarða, mætti enginn þm. og enginn embættismaður, ekki einu sinni hreppstjóri, greiða atkv. móti frv. Er það auðsætt, að með þessu máli þarf eigi að óttast það, að frv. falli. Er þetta nóg sönnun þess, að hjer á Alþingi sitja menn, sem vita, hvað þarf að gera, og hvernig á að koma því fram.

Vona jeg, að sú hv. nefnd, sem fær málið til meðferðar, gefi gaum þessum till. mínum og taki þær til greina.

Þórarinn Jónsson: Það eru aðeins örfá orð. Það er auðvitað rjett hjá hæstv. forsrh. (J. M.), að föstu launin eru ákveðin með kaupsamningi millum embættismanna og ríkisins, en dýrtíðaruppbótin þarf alt að einu ekki að falla undir þenna kaupsamning, heldur sýnist mjer hún fult eins vel mega skoðast sem uppbót, sem ríkið veitir starfsmönnum sínum, og sem það eitt hefir fullan ráðstöfunarrjett yfir. Hæstv. forsrh. sagði líka, að þingið hefði fulla heimild til að breyta lögunum eftir 1925, en jeg fæ eigi sjeð, að það hafi frekar heimild til þess að lækka launin eftir þann tíma, en það hefir nú.

Annars virðast allir mótstöðumenn frv. ganga út frá því, að þetta hljóti endilega að hafa lækkun uppbótarinnar í för með sjer, og sje gert í þeim tilgangi. Þetta er að því leyti rjett, að það mundi hafa þessar verkanir, eins og nú stendur á, en fari svo, sem vel sýnist geta orðið, að vöruverð stígi aftur, mundi þetta hafa gagnstæðar verkanir. Hjer getur því alveg eins verið um hækkun að ræða.

Að síðustu vil jeg geta þess, að skoðanirnar um heimild til breytingarinnar eru nú talsvert mismunandi, því að hv. þm. Dala. (B. J.) hjelt því nú fram, að þingið hefði ætíð heimild til að auka eða skerða laun starfsmanna sinna.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er alveg víst, að í samningnum felast bæði föstu launin og dýrtíðaruppbótin, og að þeim samningi getur eigi annar aðili haggað hinum til tjóns. En 1925 er samningstíminn útrunninn, að því er uppbótina snertir, og þá hefir Alþingi frjálsar hendur. Samningurinn liggur svona fyrir, og það er eigi um annað

að ræða en fara eftir skýlausum orðum hans.

Það var rjettilega tekið fram hjer í hv. deild í gær, að ef breytingin kæmist á, þá yrði afleiðingin sú, að eftir henni yrði farið, ef dýrtíðin ykist, en ekki, ef hún minkaði.

Jakob Möller: Mjer sýnist sem hæstv. fjrh. (M. G.) komi frekar fram í þessu máli sem „prokurator" heldur en sem ráðherra. Finst mjer, að eigi sje laust við það, að ástæður hans sjeu fremur fótaveikar og upplýsingarnar sömuleiðis. Hann fer alveg kringum það atriði, að gagnvart embættismönnum ríkisins er dýrtíðaruppbótin hluti af samningnum, en gagnvart lýðskólakennurum, sem ekki eru fastir starfsmenn ríkisins, er hún það ekki. Þegar launakjörum embættismanna var breytt, þá gengu gömlu embættismennirnir undir þau með þeim fyrirvara, að dýrtíðaruppbótin fjelli til þeirra. Dýrtíðaruppbótin til þeirra er því samningsbundin til 1925.

Um hina flokkana er alt öðru máli að gegna, nema ef hæstv. ráðh. getur bent á aðra flokka. Um uppbótina til ráðh. ætla jeg ekki að deila.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er algerlega ósatt hjá hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), að jeg fari með „Prokurator-Kneb" í þessu máli.

Hann ætti að geta skilið það, að ef loforð fyrir embættismenn um dýrtíðaruppbót liggur í 33. gr. launalaganna, liggur samskonar loforð fyrir gagnvart t. d. lýðskólakennurum í lögum nr. 33, 1918. Löggjöfin hefir sjeð sjer fært að afnema uppbótina hjá kennurum þessum, og því skyldi þá ekki vera hægt að breyta henni hjá embættismönnunum? Loforð hafa sama gildi, hverjum sem þau eru gefin, og hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) er ekki of gott að halda því fram, að þetta sje „Prokurator-Kneb", Jeg skil það vel, að hv. þm. (Jak. M.) þyki það gamaldags að gera öllum jafnhátt undir höfði, en jeg tel mjer ekki skylt, að beygja mig fyrir firrum hans.

Hjer er það, sem liggur fyrir að rannsaka, hvort loforð launalaganna er ákveðnara en loforð laganna frá 1918, og jeg leyfi mjer að efast um að svo sje.

Magnús Jónsson: Jeg ætla ekki að fara að skattyrðast í þessu máli, en vildi aðeins leiðrjetta það, sem háttv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) hafði rangt eftir mjer, líklega fyrir misheyrn.

Hann sagði, að jeg hefði sagt, að það mætti ekki breyta launalögunum nje einu sinni opna þau. Mjer hefir auðvitað aldrei komið það til hugar að halda því fram, að það mætti ekki breyta lögunum, heldur aðeins, að þær breytingar, sem gerðar yrðu, gætu ekki náð nema til þeirra starfsmanna, sem fengju veitingu fyrir stöðu sinni, eftir að breytingin yrði gerð. Um hitt, að ekki mætti opna lögin, þá átti jeg við það, að svo virðist, sem sumum hv. þm. sje meinilla við það, að nokkurn hlut sje verið að hreyfa við þeim eða athuga þau. Viðvíkjandi þeim starfsmönnum, sem hefðu átt að verða fyrir skaða vegna breytingar á löggjöfinni um dýrtíðaruppbót frá 1918, þá mætti spyrja, hvort þeir hafi leitað rjettar síns. Hafi þeir ekki gert það, þá hefir aldrei verið úr því skorið, hvort breytingin var lögleg, og sannar þá ekkert, hvort nú sje hægt að gera enn freklegri breytingu í þá átt. Auðvitað er hægt að koma fram hverri lögleysu og samningsrofi, ef enginn kærir eða ber sig upp. Auk þess

munu þeir menn, sem hæstv. fjrh. (M. G.) nefndi, hafa fengið kjör sín bætt á annan hátt, og því látið sjer nægja með það. Nú er ekki þess að vænta, að þegjandi verði við slíku tekið, enda varla von.

Um það, hvort nokkur dómstóll mundi fær að dæma um þetta mál, þá sýnist mjer, að hinir almennu dómstólar hljóti að geta dæmt um þetta, því að jeg held, að það sjeu ekki gerðar svo strangar kröfur, að dómstólum sje fyrirmunað að dæma um mál, þótt það kunni að snerta þá, sem í dómi sitja, í einhverju litlu atriði, og óbeinlínis. En þó svo væri, þá skil jeg ekki, að það yrði nein skotaskuld úr því að fá óvilhalla lögfræðinga til að dæma málið.

Að endingu skal jeg geta þess út af orðum hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.), að sje það ekki tilgangur frv. að lækka laun embættismanna, og spara með því fje, þá hefir hv. flm. (S. St.) mistekist orðavalið; en svo hygg jeg, að hafi eigi verið.

Björn Hallsson: Jeg ætla mjer ekki þá dul að fara að deila um hin lögfræðislegu atriði þessa máls, því að jeg er enginn lögfræðingur; eigi heldur skal jeg skifta mjer af því, hvort málið fer í allshn. eða fjhn., enda þótt mjer sýnist, þar sem hjer er um fjármál að ræða, að það eigi heima í fjhn., en hitt mun nú samt vera venja að láta sams konar mál ganga til allshn. En það, sem kom mjer til þess að standa upp, voru nokkur ummæli háttv. þm. Dala. (B. J.), út af meinlausum aths., sem jeg gerði við ræðu hans. Hann vildi snúa orðum mínum þannig, að jeg ætti með þeim við sýslumann Dalamanna, enda þótt hann vissi fullvel, að jeg átti þar við þingmanninn. Lá sá skilningur líka beint við, þar sem þessi hv. þm. (B. J.) hafði gefið sig fram sem lögræðislegur ráðunautur nefndarinnar, og því ástæða til að ætla, að hún mætti vænta góðrar aðstoðar frá honum. Enda telur hann sig jafnan óskeikulan í dómum og ráðleggingum. Það er því hætt að koma nokkrum á óvart, þó að þessi hv. þm. (B. J.) þykist kunna skyn á öllum hlutum. Slettum þm. (B. J.) til mín um stjórnarfylgi ætla jeg ekki að svara.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Það hefir nú verið mikið talað um málið frá sjónarmiði embættismannanna, en jeg tók það fram í gær, að það bæri líka að líta á þetta mál frá hinu sjónarmiðinu, nauðsyn ríkisins. Inn í lögfræðislegu deilurnar ætla jeg ekki að blanda mjer, en jeg vil minna á orðtakið gamla, að stundum brýtur nauðsyn lög; þegar um það er að ræða að bjarga skipi úr sjávarháska, er eigi altaf hægt að fara eftir föstum reglum, og líkt stendur á hjer. Þegar fjárhagnum er eins varið og nú er, þá verða menn að sætta sig við það, þótt eitthvað sje vikið frá því venjulega, og alt sje gert til þess að komast hjá því, að kassinn verði tómur. Enda mundi lítið verða um dýrtíðaruppbæturnar, ef svo yrði, og meira að segja föstu launin líka.

Hjer er ekki um það að ræða að taka stóra fjárhæð af embættismönnum, en það safnast, þegar saman kemur. Jeg er nú svo bjartsýnn, að jeg er viss um að allur þorri embættismanna u t a n Reykjavíkur mundi taka þessu vel. Það má vel vera, að þetta geti tæplega talist fyllilega rjettmætt í garð embættismannanna, en fjárhagurinn er nú þannig, að nauður

rekur til þessa. Það stendur vá fyrir dyrum; tekjuhallinn verður sennilega um 3 miljónir, og þingið hefir enn ekkert gert til þess að bæta úr honum. Get jeg hugsað mjer, að svo kunni að fara, að tekjurnar hrökkvi aðeins til að greiða embættis- og alþingismönnum laun sín. En þrátt fyrir þetta halda sumir hv. þm., að altaf megi hrúga á fjárlög og fjáraukalög nýjum útgjöldum; halda þeir sennilega, að einskonar „manna“ muni rigna af himni niður í ríkissjóðinn, og því þurfi enga fyrirhyggju að hafa með fjárhag ríkisins.

Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) gat þess, að brjefið frá framkvæmdanefndinni ætti ekki að skoða sem hótun, heldur vísbendingu um álit þeirra á málinu. En það hafa eigi komið fram upplýsingar um það, hvort þessi framkvæmdanefnd embættismanna í Reykjavík hefði umboð frá öllum embættismönnum landsins til þess að skrifa hótunarbrjef, eða hvort hún framkvæmdi það upp á eindæmi sitt, án þess að spyrja umbjóðendur að. Veit jeg eigi til, að hún hafi leyfi til svo ótakmarkaðs umboðs. Jeg skal játa, að það væri leiðinlegt, ef einhver af embættismönnunum sækti ríkið að lögum, ef frv. þetta verður að lögum, en hins vegar er jeg viss um, að hvernig sem dómstólarnir kynnu að líta á málið, þá yrði dómur alþjóðar ekki áfellisdómur á þessa viðleitni Alþingis, því að fólkið finnur, hvar skórinn kreppir að, og dylst eigi það ægilega útlit, sem fram undan er, þar sem sýnilegt er, að tekjurnar verða stórum undir áætlun þetta ár, og árið hlýtur því að enda með stórkostlegum tekjuhalla.

Eina bjargráðið er því að finna einhver úrræði til sparnaðar.

Að mínu áliti er ríkið að sligast undir útgjöldunum til embættismannanna. Jeg get raunar ímyndað mjer, að jeg standi nær einn uppi með þessa skoðun, því að aðgerðir þingsins virðast benda á annað álit, þar sem ekki er vílað fyrir sjer að auka sífelt við nýjum útgjöldum, og þeim jafnvel miður nauðsynlegum, enda þótt stórkostlega verði að draga úr hinum nauðsynlegustu útgjöldum til eflingar atvinnuveganna.

En það eina, sem goðgá er að hagga við, eru þessi 3 milj. kr. útgjöld til starfsmanna ríkissjóðs, en mjer sýnist nú, að það geti ekki verið nein óhæfa, þó farið sje fram á, að launin sjeu jafnan í sem bestu samræmi við verðið á þeim lífsnauðsynjum, sem dýrtíðaruppbótin er reiknuð eftir, og jeg held, að það hljóti að teljast sanngjarnt, jafnvel þó breyting sú, sem hjer er farið fram á í þá átt, farj ef til vill í einhvern bága við hinn strangasta lagarjett. Og hvað sem dómi embættismanna í Reykjavík líður í þessu máli, þá er jeg viss um, að dómur gjaldenda landsins verður viðleitni þessarj í vil, því þegar svo er komið, að þrátt fyrir það, þó þingið hækki skattana ár frá ári, verða tekjurnar samt miklu minni, þá sýnist líklega flestum, að útlitið sje ekki sem glæsilegast.

Undir þessum kringumstæðum mætti það því teljast mikil einurð að fara í mál við ríkið út af nokkrum krónum. Þegar einstaklingarnir draga seglin saman á öllum sviðum atvinnuveganna og verða þar af leiðandi að takmarka allar þarfir sínar, til að forðast algert fjárhrun og beinan bjargarskort, þá er eigi nema eðlilegt, þó að þeir ætlist til þess, að Alþingi reyni eitthvað að draga úr þyngstu byrðinni, sem á ríkissjóði liggur.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) ætla jeg engu að svara, því að það þaut líkt í þeim skjá, sem jafnan hefir áður þotið.

Hvað því viðvíkur að reyna samningaleiðina, sem hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) talaði um, þá skal jeg geta þess, að jeg mundi aldrei hafa borið fram þetta frv., ef eg hefði haldið, að hægt mundi að ná til allra á þann hátt, og búist við því, að þeir gæfu ríkissjóði eftir meiri og minni hl. dýrtíðaruppbótar sinnar. En við þessu hvorttveggja bjóst jeg eigi og síst geri jeg það nú, eftir undirtektirnar hjer á Alþingi. Annars skyldi jeg fúslega segja til þess nú þegar, hvað jeg vildi gefa eftir, einkum ef „collega" minn hjer á þinginu vildi gera hið sama; sýnist mjer vel til fallið, að við andlegu stjettar mennirnir gengjum hjer á undan.

Að endingu vil jeg endurtaka það, að málinu sje vísað til fjhn., enda þótt jeg geri þetta að engu kappsmáli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 : 3 atkv.

Till. um að vísa málinu til fjárhagsnefndar var feld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Þorst. J., B. J., B. H., E. Þ., J. B., J. S., J. Þ.

nei: Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. A. J., M. G., M. K., M. P., Ó. P.

M. J. greiddi ekki atkv. sökum þess, að hann var á móti því að vísa málinu til 2. umr. og tók forseti þá ástæðu gilda.

Till. um að vísa málinu til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) samþ. með 14 : 4 atkv.

Á 58. og 60. fundi í Nd., dagana 29. apríl og 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 164, n. 392).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um þetta mál nú. Það var rætt svo rækilega við 1. umr., að nægja ætti að vísa til þess. Auk þess er nál. nefndarinnar fyrir löngu fram komið, og geri jeg ráð fyrir, að háttv. þdm. hafi kynt sjer það. Þar eru færðar fram ástæður um rjettmæti þessa máls, og leggur nefndin öll með því, að frv. þetta fái fram að ganga. Þykist jeg, að svo stöddu, ekki þurfa að segja fleira.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal reyna að valda ekki löngum umr. Jeg talaði talsvert í máli þessu við 1. umr. og sje enga ástæðu til að endurtaka það nú. En jeg vildi geta þess, að jeg er sömu skoðunar og jeg var um daginn, að jeg álít, að ákvæði þessa frv., þó að lögum verði, geti aldrei náð til þeirra embættismanna, sem nú þegar eru í embættum, nema um hækkun sje að ræða á launum þeirra; þá geri jeg ráð fyrir, að þau nái til hennar. En aðallega ná þessi ákvæði til þeirra manna, sem síðar koma í embætti.

Það var aðeins þetta, sem jeg vildi segja.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi aðeins leyfa

mjer að skjóta þeirri fyrirspurn til hæstv. forsta (B. Sv.), hvort embættismenn þeir og hreppstjórar, sem sæti eiga hjer í deildinni, megi greiða atkv. um þetta mál. Frv. þetta hlýtur þó að snerta þeirra eigin hag. (**P. O.**: Þm. Dala. (B. J.) greiddi atkv. eins og aðrir um launalögin, þegar þau voru samþykt). Já, en þm. Dalamanna gerði það eftir úrskurði forseta. Hann hefir aldrei þurft að sækja ráð til þm. Borgf. (P. O.).

Forseti (B. Sv.): Ákvæði 44. gr. þingskapanna um þetta efni hafa hingað til verið skilin svo, að þau næðu ekki til þingmanna, þótt stjett þeirra ætti hlut að máli. Vil jeg eigi skýra lögin strangar en gert hefir verið, enda býst jeg við, að hv. þm. Dala (B. J.) hafi fremur borið spurningu sína fram til gamans heldur en af hinu, að hann vænti annars úrskurðar en í svari mínu felst.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., E. E., H. K., J. A. J., J. S.

nei: M. P., B. J., Gunn. S., J. B., J. Þ., M. J., B. Sv.

Þrír þm. (M. K., P. J., Jak. M.) fjarstaddir.

M. G. greiddi ekki atkv.

2. gr. samþ. með 18 : 4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 7 atkv.

Á 64. fundi í Nd., laugardaginn 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 164).

Magnús Pjetursson: Jeg vil aðeins gera grein þess, hvers vegna jeg greiddi og mun greiða atkv. móti þessu frv.

Hefði ákvæði þetta verið sett inn í launalögin upphaflega, hefði jeg ekkert haft við það að athuga. En nú er jeg mótfallinn því sökum þess, að jeg lít svo á, og veit að margir lögfræðingar, þar á meðal hæstv. forsrh. (J. M.), líta einnig svo á, að hjer sje um samningsbrot að ræða. Munu því hlutaðeigendur geta fengið rjett sinn, ef þeir leita til dómstólanna, og sýnist mjer að það stappi því næst því að mega teljast ósæmilegt, að þingið samþykki lög, sem auðsæilega brjóta samninga, sem þingið hefir áður gert við menn þessa.

Jón Þorláksson: Jeg er alveg samþykkur ræðu háttv. þm. Str. (M. P.), en jeg vil bæta því við, að jeg er líka á móti því vegna þess, að jeg tel mjög litlar líkur til þess, að þetta komi að notum.

Jeg geri mjer engar vonir um, að verðlag fari jafnt lækkandi á þessu 5 ára tímabili, sem um er að ræða, heldur þykir mjer miklu sennilegra, að það hækki og lækki á víxl.

Þó að, eins og nú stendur, þetta sje hagnaður fyrir ríkissjóð þetta árið, þá er engan veginn víst, að svo verði áfram. Jeg hlýt því að greiða atkv. á móti þessu frv., enda þótt jeg vilji af alefli styðja allan rjettmætan sparnað á útgjöldum ríkissjóðs.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Það þýðir ekki að hefja langar umr. um málið nú, enda ætla jeg mjer það eigi.

Það má vel vera, að verðlag sje reikult enn sem komið er, en frv. á einmitt að miða að því, að embættismenn og ríkissjóður bíði sem minstan halla af

þessu reikula verðlagi. Ef verðlag hækkar mikið, rjett eftir að verðlagsskráin er samin, eða jafnvel áður en hún kemur í gildi, þá er ekki sanngjarnt að embættismenn fái miklu lægri dýrtíðaruppbót samkvæmt verðlagsskránni. Eins er það ósanngjarnt, að ríkissjóður gjaldi alt árið miklu hærri dýrtíðaruppbót en sem samsvarar hinu raunverulega verði, sökum skyndilegs verðfalls, rjett eftir að verðlagsskráin kemur í gildi. Fyrir þetta er að mestu leyti bygt með tveimur verðlagsskrám á árinu. Annars tel jeg litlar líkur á því, að vörur hækki, en yrði það, þá er að taka því.

Jeg veit, að hæstv. forsrh. (J. M.) telur þetta samningsrof, en ýmsir aðrir lögfræðingar líta ekki svo á. Og fyrst ágreiningur er um þetta, sje jeg ekkert á móti því, að úr þessu verði skorið af dómstólunum, svo framarlega sem embættismenn telja það viðeigandi að fara til þeirra með þetta mál.

Verðlag á þeim vörum, sem verðstuðullinn er miðaður við, hefir nú lækkað um 30%, og með þeirri lækkun sparaðist ríkissjóði síðara misseri þ. á. um 350 þúsund krónur, ef verðlagsskráin væri sett í júnímánuði næstkomandi; sjá allir, hvílíkur sparnaður þetta yrði fyrir ríkissjóð, og skil jeg ekki, að nokkur þm. ætti að sjá eftir því, eins og nú lætur í ári með tekjur ríkisins. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um málið.

Magnús Jónsson: Mjer skildist, að ástæður hv. frsm. og flm. frv. þessa (S. St.), þegar hann bar það fyrst fram, væri sparnaður fyrir ríkissjóð og ekkert annað. En nú sýnist, eftir nál. hv. allshn., að þetta sje aðallega gert fyrir starfsmenn ríkisins. En væri farið fram á þessa breytingu aðallega vegna sanngirni við embættismennina, þá hefði nefndin átt að leggja til, að embættismönnum yrði bætt upp laun sín frá 1. júlí 1920. En þetta hefir hún ekki gert og það vegna þess, að ástæðan er einungis sparnaðurinn fyrir ríkissjóð, enda þótt nefndin vilji nú láta það líta svo út, sem það sje, með fram að minsta kosti, gert vegna starfsmannanna.

Sýnist mjer, að það hefði verið miklu drengilegra af nefndinni að kannast við þennan tilgang sinn, sem er virðingarverður, heldur en reyna að villa mönnum sýn með því að bera aðra ástæðu fyrir.

En gallinn við frv. er það, að sparnaðurinn getur enginn verið, því að rjettargrundvöllinn vantar. Er, að því er jeg veit best, enginn lögfræðingur í vafa um, að hjer er um samningsbrot að ræða.

Efast jeg ekki um, að hv. deild muni athuga þetta, og samþykki ekki lög frá Alþingi, sem eru markleysa.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., E. E., H. K., J. A. J., J. S.

nei: M. P., B. J., Gunn. S., Jak. M., J. B., J. Þ., M. J., M. K., B. Sv.

M. G. greiddi ekki atkv.

Frv. afgreitt til Ed.

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 522).

Á sama fundi í Ed. var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Forseti (G. B.): Jeg sting upp á, að frv. verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1654) með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

11. Afnám aðflutningsbanns á óþörfum varningi.

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var útbýtt

Frumvarpi til laga um afnám laga nr. 1, 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi (A. 187).

Á 36. og 37. fundi í Nd., dagana 6. og 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 8. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 18 shlj. atkv. að frv. mætti samt taka til meðferðar.

Flm. (Jakob Möller): Það er óþarfi að bæta miklu við greinargerðina fyrir þessu máli. Lögin frá 8 mars 1920 hafa verið skilin misjafnt. Það var byrjað að framkvæma þau, eins og þau tækju jafnt til alls, bæði þarfs varnings og óþarfs. Þessi sami skilningur hefir einnig komið fram í ræðum ýmsra hv. þm., þar sem aðrir hafa aftur á móti haldið því fram, að heimildin næði aðeins til þess, sem almenn málvenja kallar óþarfa, og sá skilningur felst einnig í nál. viðskiftamálanefndar.

En þar sem þetta er nú á reiki, og það svo, að að baga getur orðið, er nauðsynlegt að ákveða skýrt, hve víðtæka heimild stjórnin á að hafa í þessu efni, og í þeim tilgangi flyt jeg þetta frv.

Þó jeg hafi eftir atvikum getað fallist á það í fyrra að leyfa bann eða takmörkun á innflutningi óþarfs varnings, hefi jeg ekki viljað koma með neitt slíkt ákveðið frv. nú, þó það gæti kann ske komið til mála, því slíkt yrði þýðingarlítið og til lítillar hjálpar í gjaldeyrisvandræðunum. Og upptalning stjórnarinnar á einstökum vörum, sem banna beri innflutning á, hefir staðfest mig í þessu. Því flestar þær vörur, sem þar eru taldar, mega sín svo lítils, að nokkurn veginn má á sama standa, hvoru megin hryggjar þær liggja, auk þess sem ekki ætti að vera líklegt, að menn vildu liggja með mikið af slíkri vöru, þar sem yfirvofandi er, að hún muni stórlækka.

Í fám orðum sagt, með samþykt þessa frv. fengjust hreinar línur í málinu, sem enginn ætti að þurfa að amast við. Og þó þetta sje í rauninni einfalt mál, þætti sumum kann ske rjettara að vísa því til nefndar, og sting jeg þá upp á viðskiftamálanefnd.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg sje ekki betur en að þetta mál komi í bága

við það, sem þingið hefir áður gert í þessu efni. Það var nokkurskonar samkomulag að fella viðskiftahömlurnar úr gildi að miklu leyti, en láta þó lögin frá 8. mars standa, og á þeim grundvelli gaf stjórnin svo út reglugerð sína um bann gegn innflutningi á tilteknum óþarfavörum. Það væri því í rauninni að gabba stjórnina og landsmenn, ef slegið yrði nú striki yfir þetta líka, nú, þegar það er auðvitað á valdi þingsins, hvað það álítur sjer sæmilegt í þessu efni að gera. Um hitt þarf ekki að deila, hve víðtæka heimild stjórnin telur sig hafa eftir lögunum 8. mars, með þeirri takmörkun, sem tekin er fram í viðskiftamálanefndarálitinu. Því hefir hún lýst með reglugerðinni og hafði straks lýst hjer í deildinni.

Magnús Kristjánsson: Jeg álít, að ekki taki því að hafa langar umr. um þetta, því frv. mun tæpast borið fram í fullri alvöru, og kemur því varla til mála að vísa því einu sinni til 2. umr. Um þetta mál var komið samkomulag milli þings og stjórnar. Síðan það varð hefir ekkert breyst til batnaðar um þau efni, sem voru þess valdandi, að lögin frá 8. mars voru látin standa, og því engin ástæða til þess nú að opna allar gáttir fyrir óþörfum innflutningi, þvert á móti. Jeg vænti þess, að hv. deild láti ekki gera gabb að sjer í þessu efni.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg álít, að ekki komi til mála að samþykkja þetta frv., nema því aðeins, að um leið verði sett nákvæmari ákvæði um málið með sjerstakri reglugerð. En ástæðan til þess, að jeg stend upp, eru einmitt ummæli hæstv. atvrh. (P. J.) um þá reglugerð, sem þegar hefir verið gefin út, um bann gegn innflutningi á óþörfum varningi. Hæstv. ráðherra sagði, að stjórnin hefði þegar tekið afstöðu til þess, hve víðtæka hún áliti heimild sína, sem sje, með áðurnefndri reglugerð. En þá reglugerð álít jeg hins vegar ekki fullnægjandi til þess að rjettlæta samþykt þessa frv., samkvæmt því, sem jeg sagði í upphafi, því jeg álít, að stjórnin hafi í rauninni alls ekki gengið eins langt og henni bar, og nauðsynlegt hefði verið, ef þessar ráðstafanir ættu að koma að nokkru verulegu haldi í því öngþveiti, sem verslunar- og viðskiftalíf þjóðarinnar er því miður komið í. Því það mætti með fullri sanngirni benda á miklu fleiri tegundir, sem eins mikil eða meiri þörf væri að stemma stigu fyrir, eins og nú er ástatt. Vil jeg þar t. d. leyfa mjer að nefna vindlingana, er ekki geta talist annað en óþarfi, og það skaðlegur óþarfi, en miklu fje er þó eytt í. Og þetta lagast auðvitað ekki með einkasölu og ætti því að banna innflutninginn sjálfan, ef menn eru á annað borð þeirrar skoðunar, að hjer sje um óþarfa að ræða. Því það liggur í augum uppi, að þó slík einkasala á óþörfum varningi eigi að vera til þess gerð að vera tekjustofn fyrir ríkissjóð, og þar með minka að sínu leyti aðra skattabyrði manna, eru menn í rauninni langt frá því að vera færari um að greiða aðra skatta sína, þegar þeir hafa áður eytt meira eða minna af fje sínu til slíks óþarfa. Jeg bendi á þetta aðeins til þess að sanna það, sem jeg sagði í upphafi, að ekki sje unt að samþykkja þetta frv., nema því fylgi ákveðin reglugerð, sem hæstv. stjórn hefir þó lýst yfir, að ekki muni koma. Og rökrjett afleiðing þess er sú, að jeg greiði atkv. á móti frv., ef ekki verður samtímis ákveðið með reglugerð innflutningsbann á skaðlegum og óþörfum vörutegundum.

Flm. (Jakob Möller): Hv. þm. Ak. (M. K.) situr enn á sínum sama trjehesti og ber fótastokkinn, og er ekkert við því að segja, ef hann hefir ánægju af því, en hitt verður hann að fyrirgefa, þó enginn taki það alvarlega, og þess vegna þarf jeg ekki að svara honum. Hins vegar vildi jeg gera stutta athugasemd við orð hæstv. atvrh. (P. J.), þar sem hann sagði, að þegar væri úr því skorið, hverja heimild stjórnin hefði, eða teldi sig hafa. En þetta er rangt og nægir þar að benda á gang málsins undanfarið, því að dagskrá mín viðvíkjandi viðaukalögunum var feld, og ummæli hæstv. ráðherra þá, um það, að vel geti komið fyrir að grípa þyrfti til víðtækari ráðstafana. En ef heimildin er ákveðin nú, og í raun og veru aðeins bundin við óþarfa, ætlar hann þá að gera þær víðtækari ráðstafanir í heimildarleysi, eða hvað,

Hins vegar erum við hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) að mestu sammála, að mjer skildist, um nauðsyn þess að ákveða línurnar skýrar en nú er. Og það er aðalatriðið fyrir mjer, og því vænti jeg þess, að hv. deild leyfi málinu áfram.

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi litlu að svara, því það var aðeins háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), sem andmælti mjer. En þó jeg hafi aldrei haft beinlínis tröllatrú á þeim hv. þm. (Jak. M.), hvorki í einu nje neinu, hjelt jeg tæpast, að hann væri svo andlega volaður að geta ekki fundið upp neitt annað en gamla fyndni um aðra, eftir sjálfan mig. Jeg get því mint hann á önnur orð sem jeg hefi áður haft um hann og hann er enn að sanna með framkomu sinni, þau sem sje, að hann haldi áfram að berja höfðinu við steininn, þangað til það brotni. Hitt er náttúrlega annað mál, hve mikill skaði yrði að því.

Annars finst mjer ástandið nú ekki vera þannig, að það megi við, mjer liggur við að segja, slíkum glannaskap, sem þetta frv. lýsir, síst frá þm. eins og hv. flm. (Jak. M.), sem altaf er að núa öðrum mönnum ráðleysinu um nasir, en hefir þó, sem meðlimur peningamálanefndarinnar t. d., ekkert ráð getað fundið sjálfur til þess að bæta úr fjárhagserfiðleikunum.

Á sínum tíma gefst þó sennilega tækifæri til þess að ræða það mál betur, og get jeg hlíft hv. þm. þangað til. En um afdrif þessa máls þykist jeg vera viss, því fullyrða má, að það nær ekki fram að ganga.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg gaf í skyn, að fara þyrfti lengra en reglugerðin nær, því síst er fyrir að synja, að kringumstæðurnar geti ekki orðið þær, að takmarka yrði fleiri vörur, og þurfa menn því ekki að kippa sjer upp við það, þó fleiri vörur verði nefndur óþarfi, þegar svo er komið. Það var þetta, sem jeg vildi taka fram, svo þm. sæju, hvað fyrir mjer vakir. Það geta líka orðið stjórnarskifti, og ekkert sennilegra, svo jeg vildi ekki taka fram fyrir hendurnar á þeirri stjórn, sem kann að koma. Hún getur þá ráðið, hvað hún gerir. Eins og útlitið er, verður ekki farið lengra. Það þing, sem í fyrra samþykti þessi lög, ræður nú, hvað það gerir við þau.

Jón Þorláksson: Jeg sje ekki að framkoma þessa frv. sje í neinn bága við það, sem deildin hefir áður gert. Hins vegar er tilgangur þess óljós eftir greinargerðinni að dæma, enda hefi jeg sann-

færst betur um það eftir að hafa hlustað á ræðu háttv. flm. (Jak. M.). Þar kom ekkert fram, sem skýrði tilgang frv. að neinum mun, og er mjer hann jafnóljós eftir sem áður.

Eins og kunnugt er, þá hefir verið gengið svo frá þessu máli, að búið er að taka af stjórninni heimildina til að takmarka eða banna innflutning á nauðsynjavörum, og var það gert með því að fella bráðabirgðalögin frá 15. apríl úr gildi. Nú er því aðeins eftir heimildin til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, en samkv. eðli málsins hlýtur altaf að vera nokkurt álitamál um einstöku vörutegundir, hvort óþarfar sjeu eða ekki.

Tildrög þessa frv. munu vera þau, að feld var hjer í deildinni rökstudd dagskrá frá hv. samþingismanni mínum, þar sem svo var að orði kveðið, að fella úr gildi takmörkun á innflutningi á nauðsynjavörum, og var þó vitanlega samkvæmt henni sama óvissan um flokkunina. Jeg skal að vísu játa, að fram geta komið afkáralegar skoðanir hjá einstöku mönnum í þessu efni, eins og t. d. hjá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem taldi niðursoðna mjólk óþarfa, sem takmarka mætti innflutning á. En eftir því á Alþingi ekki að fara, þó að einstakir menn sjeu svo takmarkaðir eða ókunnugir þessu máli, að þeir fleygja fram í þingsalnum þvílíkum fjarstæðum.

Fyrir mjer er þetta svo, að það eina, sem eftir sje að útkljá, sje það, hvort Alþingi vilji láta stjórnina halda að einhverju leyti heimildinni til að takmarka eða banna innflutninginn. En að veita henni heimildina á annan hátt um leið og eldri heimildin væri úr gildi feld, eins og greinargerðin fer fram á, hefir enga þýðingu.

Því hefir þegar verið slegið föstu, að til þess að banna innflutning á nauðsynjavörum hefir stjórnin nú enga heimild. Jeg ljet þá skoðun áður í ljós, þegar bráðabirgðalögin frá 15. apríl voru til umr., að óþarfavöruinnflutningurinn væri svo lítill, að engu munaði, þó ráðist væri á hann, þ. e. a. s. ef tollvörunum væri slept, og kemur sú skoðun heim við það, sem meiri hl. viðskiftamálanefndar heldur fram.

Viðskiftamálanefnd lýsti því aðeins yfir, að hún bæri ekki fram frv. um afnám laganna frá 8. mars; en úr því slíkt frv. er nú fram komið, þá get jeg fylgt því, af því að innflutningur þessi nemur svo litlu og hefir enga þýðingu fyrir gjaldeyrisspursmálið.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal ekki lengja umr. að miklum mun, enda þykist jeg sjá forlög frv. þessa fyrirfram. En mjer finst, að jeg geti ekki látið vera að lýsa hug mínum til þess. Mjer finst framkoma þessa frv. lýsa fullkominni ljettúð. Jeg viðhef það nafn og hygg marga mjer sammála. Jeg nefni það ljettúð að bera fram slíkt frv. og þetta, eins og ástandið er nú, þegar efnahagsvandræði blasa við á öllum vegum; vandræði, sem framar öðru stafa af óhóflegum innflutningi og gróðabralli í sambandi við hann. Viðskiftahömlur, sem beitt er með festu og skynsemd, eru eina bjargráðið, sem dugað getur, en eftir frv. á að taka þessi varnargögn úr höndum stjórnarinnar.

Jeg þykist vel geta skilið það, að hv. þm. Reykv. flytji slíkt mál inn á þing og þetta er. Þeir eru talsmenn þeirra kjósenda, sem lifa á viðskiftum og verslun slíkra vara, sem gert er ráð fyrir að takmarka innflutning á eða banna. Engan furðar á því, þótt þeir sjeu nær-

gætnir og hugulsamir við kjósendur, og verð jeg að fyrirgefa það, en jeg treysti því, að aðrir hv. þdm. hugsi meira um heildarhaginn, og felli þegar frv. þetta.

Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) vitnaði til orða, sem fallið höfðu hjer í deildinni, er bráðabirgðalögin frá 15. apríl f. á. voru til umr., og nefndi það fáránlega kenningu að takmarka mætti innflutning á niðursoðinni mjólk. Orðum þessum mun hann hafa beint til mín, en hann sleit þau út úr rjettu samhengi og rangfærði þau, og þess vegna tókst honum að gera número úr þessu. Það vill nú svo vel til, að jeg man enn þá, hvað jeg sagði, og skal því leyfa mjer að leiðrjetta þennan misskilning. Jeg viðhafði þau orð, að líkl. mætti takmarka nokkuð innflutning á mjólk, væri hámarksverð sett á þá mjólk, sem framleidd er í landinu sjálfu.

Jeg held því enn fram, að þetta sje gerlegt. Í landinu eru svo margir mjólkurgripir, að mjer skilst, að við ættum alls ekki að þurfa að flytja inn einn einasta lítra af mjólk, ef sú innlenda framleiðsla nýttist. Mjer telst svo til, að um hverja eina kú í landinu sjeu 3 menn eða 4, og 5—6 ær sjeu fyrir hvern landsbúa; geitfje þó ekki talið með. Með þennan fjölda mjólkurgripa fyrir augum er vissulega engin fjarstæða að tala um að takmarka megi innflutning á mjólk. En hitt er annað mál, að jafnframt takmörkuninni þyrfti að bæta meira eða minna úr því sleifarlagi, sem veldur því, að innlenda mjólkin nýtist ekki.

Annars vil jeg ekki að þessu sinni tefja umr. frekar, en með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa upp rökstudda dagskrá, er hljóðar svo:

Í því trausti, að stjórnin beiti lögunum frá 8. mars 1920 í hvert sinn eftir atvikum, eins og hentar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Fleira þykist jeg ekki þurfa að segja og leyfi mjer að afhenda hæstv. forseta þessa rökstuddu dagskrá.

Pjetur Ottesen: Það eru aðeins örfá orð, sem jeg vildi segja, út af till. þeirri, sem fram hefir komið um að vísa frv. þessu til viðskiftamálanefndar.

Jeg get ekki betur sjeð, en að það hafi enga þýðingu. Nefndin hefir þegar tekið afstöðu til máls þessa, og því til sönnunar vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr nál. á þskj. 158: „Það hefir orðið að samkomulagi í nefndinni að fallast á það, að heimildarlögin frá 8. mars 1920 hjeldust í gildi fyrst um sinn, en með því skilorði, að „óþarfur varningur“ í þeim lögum merki einungis óþarfar vörutegundir, en alls ekki nauðsynlegar vörur, þótt landsstjórninni þyki óþarft að flytja þær til landsins eftir þeim kringumstæðum, sem kunna að vera fyrir hendi í einhverju einstöku tilfelli. Eftir því sem nefndin vill, að þau lög sjeu skilin, hefir þá stjórnin samkvæmt þeim heimild til að banna eða takmarka með reglugerð innflutning á óþörfum vörutegundum, sem yrðu taldar upp í reglugerðinni.“

Nú skil jeg ekki, að nokkrum blandist hugur um það, að þær vörutegundir, sem stjórnin hefir talið upp, sjeu, miðað við ástandið eins og það er, óþarfavörur. Jeg held því, að nefndin hafi ekki einasta tekið ákvörðun um það að koma ekki fram með frv. eins og þetta, heldur samþ. að eira því, að þessi heimild yrði látin standa, og lagt

það á vald stjórnarinnar, hvort hún notar heimildina eða ekki, innan þeirra takmarka, sem í nál. getur. Þess vegna hlýtur það að mega skoðast sem móðgun við viðskiftamálanefnd, ef hv. deild ætlar að fara að þröngva þessu frv. upp á nefndina, þar sem hún er búin að gera sínar till. um þetta mál. Að vísu voru nokkuð skiftar skoðanir um það í nefndinni, hvern árangur þessi takmörkun á innflutningi bæri, en það voru allir sammála um það að leggja framkvæmd laganna á vald stjórnarinnar innan þeirra takmarka, sem jeg nefndi.

Magnús Jónsson: Jeg sagði nú svo margt um þetta mál, þegar bráðabirgðalögin voru til umr. á dögunum, að afstaða mín ætti að vera öllum ljós, og ætti jeg því að geta verið fáorður. Aðallega kvaddi jeg mjer hljóðs til að mótmæla því, að undarlegt megi það kalla, að frv. þetta er fram komið. Hæstv. atvrh. (P. J.) og hv. þm. Ak. (M. K.) sögðu, að frv. þetta kæmi í bága við það, sem hv. deild hefði gert áður, þegar bráðabirgðalögin voru á ferðinni. Jeg veit ekki, hvernig jeg á að skilja þetta; mjer er að minsta kosti ekki kunnugt um, að þetta mál, sem nú liggur fyrir, hafi verið hjer til umr. áður.

Þegar jeg greiddi atkv. á móti bráðabirgðalögunum, ljet jeg ekki neitt í ljós um það, að jeg ætlaði að greiða atkv. með heimildarlögunum, sem þau höfðu verið bygð á, svo jeg tel mig hafa alveg óbundnar hendur í þessu máli.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að það lýsti ljettúð að koma með þetta frv. nú; en jeg vil snúa því við og segja, að það lýsi einmitt ljettúð þeirra manna, sem vilja nú láta stjórnina hafa þessa heimild, og óbundnar hendur að beita henni eftir vild, eftir að Alþingi hefir felt bráðabirgðalögin og mótmælt með því aðferð þeirri, er stjórnin beitti í máli þessu.

Og um dagskrána, sem hv. sami þm. (Sv. Ó.) bar fram, vona jeg, að allir hv. deildarmenn sjeu sammála um að fella, enda er hún það vansmíði, að jeg get varla búist við, að nokkur maður geti greitt henni atkv. sitt, nema þá ef vera skyldi flm. sjálfur, og getur hann þá ekki gert það nema af föðurlegri ræktarsemi gagnvart sínu eigin afkvæmi.

Það er miklu hreinna og drengilegra að fella frv. Annaðhvort treystir maður stjórninni, að hún misbrúki ekki heimildir þær, sem henni eru gefnar, eða lætur vera að gefa henni þær. Að setja takmörk um það, hvernig hún eigi að framfylgja heimildinni, lýsir megnasta vantrausti á stjórninni, og hefði jeg síst búist við því úr þessari átt, sem það kemur úr, en kann ske, að þar sje nú að rofa í lofti. (**Sv. Ó.:** Ætlar hv. þm, (M. J.) þá að greiða atkv. með dagskránni?). Jeg hefi áður lýst skoðun minni í vantraustsmálinu, og þykist ekki þurfa að endurtaka það nú, og síst mundi jeg velja þessa óskapnaðarleið til þess að láta hana í ljós. Jeg þori vel að gera það beint og skýrt, og hefi gert það. En treysti menn ekki stjórninni til að framfylgja heimildinni, þá er ekki annað að gera en taka frá henni heimildina.

Jeg þykist ekki þurfa að tala frekar um gagnsleysi þessara viðskiftahafta; jeg hefi gert það áður. Jeg hefi líka bent á, að þeir tímar sjeu nú, að ekki er hægt að bera þá saman við reynslu undanfarandi ára. Nú er kaupþol manna og gjaldþol þann veg, að fæstir munu kaupa óþarfann. Þeir blátt áfram geta

það ekki; þeir hafa ekki gjaldið, sem greiða skal með. Og til hvers er þá að flytja inn þær vörur, sem ekki verða keyptar? Það er kaupþol einstaklinganna og gjaldþol, sem er þungamiðja þessa máls og það mun í reyndinni verða þær einu og rjettlátustu innflutningshömlur, sem þjóðin sættir sig við.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Út af orðum hv. 4. þm. Reykv. (M. J.), vil jeg benda honum á, að samkomulagið, sem jeg benti til, hefir verið lesið upp í nál. viðskiftamálanefndar, og þetta samkomulag var grundvallaratriði undir meðferð málsins (**M. J.:** Þingið samþ. ekki þessi orð nál.). En það er skoðað svo, að ef ekki er mótmælt nál., þá hafi það gildi sem lagaskýring. Nú var stjórnin öll á fundi nefndarinnar er samkomulagið gerðist, og man jeg mörg dæmi þess frá nefndum hjer á þingi, sem jeg hefi setið í, að nefnd og stjórn komu sjer saman um ýms mál, og nefndarmenn töldu sig síðan bundna við það samkomulag. Jeg verð því að telja það beinlínis gabb, ef þessir sömu menn greiða nú atkv. með því að fella heimildina úr gildi, ekki síst eftir að stjórnin er búin að hafast það að í þessu máli, sem öllum er kunnugt.

Hákon Kristófersson: Jeg vil taka í sama streng og sumir aðrir hv. þm., sem hjer hafa talað, að mjer finst það alls ekkert undarlegt, þó að þetta frv. hafi komið hjer fram. Og ef það lýsir ljettúð að koma hjer fram með þetta frv., þá finst mjer það ekki minni ljettúð að vilja ekki leyfa því að fara til nefndar, heldur vísa því frá þegar með dagskrá.

Hvernig sem kann að fara um afdrif þessa frv., þá vil jeg þó hiklaust, að deildin verði við ósk háttv. flm. (Jak. M.) og vísi málinu til nefndar, því þá geta vel komið fram frá nefndinni ýmsar góðar og hollar bendingar um, hvaða vörur eigi að teljast ónauðsynlegar, og hverjar ekki.

Mjer finst það nú satt að segja orka tvímælis, hvort allar vörurnar í reglugerð stjórnarinnar geti talist ónauðsynlegar, ekki síst þegar ýmsar vörur eru þá látnar þar óhreyfðar, sem ekki leikur vafi á, að sjeu hreinasti óþarfi, svo sem varan, sem háttv. þm. Árn. (Þorl. G.) drap á.

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði að vísu, að það væri bann á tóbaki. En jeg get nú ekki litið svo á, jafnvel þó einkasölufrv. gangi fram, því það hljóðar einmitt um að selja þessa vöru í landinu, en ekki um hitt að banna hana. Að vísu mega þá ekki einstakir menn panta tóbakið frá útlöndum, en mjer finst sama, hvaðan óþarfinn kemur, og ekkert betra, að hann komi endilega frá stjórninni.

Jeg get ekki skilið orð hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) öðruvísi en að hann áliti mjög vafasamt, hvort stjórnin hefði nokkra heimild til þess að banna innflutning á óþörfum varningi. En jeg vona, að þetta sje ekki rangt skilið.

Jeg lít nú svo á, að þó lögin frá 8. mars verði niður feld, þá geti þó stjórnin, ef í öngþveiti lendir í fjármálunum, gefið út bráðabirgðalög til þess að banna innflutning á sjerstökum vörutegundum Hún hefir gert það áður. Og jeg sje ekki annað en sú leið sje ávalt opin.

Jeg verð einnig að hallast að því, að hjer sje um svo smávægilegan sparnað að ræða, að reglugerðarákvæði hæstv. stj. bæti að litlu leyti úr peningavandræð-

um okkar, svo að við þar fyrir munum ekki betur staddir fjárhagslega en þó engin reglugerðarákvæði væru til.

Því hefir verið fleygt hjer, að hv. þm. Reykv. væru á móti innflutningshöftum á óþarfa, af því að Reykjavík þurfi svo mikið á óþarfanum að halda. En mig undrar það ósamræmi, að enginn skuli minnast einu orði á að takmarka innlenda eyðslu, svo sem bíó, kaffihús o. fl., en halda því þó jafnframt fram, að ef maður kaupir sjer eina dós af mjólk, þá sje komið út á stórhættulegar brautir, svo eg noti ummæli hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.).

Um það, að hjer sjeu til nógar ær og kýr í landinu til þess að framleiða mjólk handa öllu landsfólki, þá er það að segja, að ær og kýr hjer hafa ekki í öllum árum — í það minsta ekki að vorinu — reynst mjög mjólkurháar. Og segi jeg þetta þó engan veginn til þess að óvirða okkur bændur heldur af því, að jeg tel best að skýra frá hlutunum eins og þeir eru raunverulega.

Jeg vil svo að lokum láta það í ljós, að jeg mun greiða atkv. á móti þessari rökstuddu dagskrá, enda þótt jeg neiti því ekki, að hún sje komin frá mætum og mikilsvirtum þm., sem vitanlega gerir ekkert öðruvísi en honum virðist best henta fyrir föðurlandið, en mjer finst hún ekki bygð á nægilegum rökum til þess að jeg geti ljeð henni atkv. mitt. Og ummæli hv. þm. (Sv. Ó.) hafa heldur ekki getað sannfært mig.

Jón Auðunn Jónsson: Það eru aðallega tvær ástæður, sem meðhaldsmenn þessa frv. hafa tekið fram.

1. Að það sje lítið flutt inn af óþarfa og því lítið, sem sparast við bannið. Jeg er hjer á annari skoðun. Jeg er sannfærður um, að hingað mundu verða fluttar óþarfavörur fyrir miljón kr., ef innflutningshöftunum væri í burtu kipt, og byggi jeg þann útreikning á athugunum viðskiftamálanefndar. En auk þess er það vitanlegt, að ekki minna en 100 þús. kr. virði flyst inn í landið til einstakra manna í póstbögglum.

2. Að á meðan gjaldeyrisskortur sje í landinu, þá sje lítið keypt.

En mjer er kunnugt um það, að það er hægra að fá lánsfje erlendis til kaupa á óþarfa heldur en á nauðsynjavöru. Þess vegna mun einmitt sú verða raunin á, að þegar umsetning verslunarinnar minkar sökum gjaldeyrisskorts, þá munu kaupmenn einmitt miklu fremur taka óþarfann, af því þeir geta fengið hann að láni, en láta nauðsynjavörur sitja á hakanum.

En einhvern tíma kemur þó að skuldadögunum, og þá þarf að borga óþarfann.

Jeg fæ ekki sjeð, að stjórninni verði gefinn heppilegri heimild til takmörkunar innflutnings en hún þegar hefir samkvæmt lögunum frá 8. mars 1920, og er því algerlega mótfallinn því að nema þau lög úr gildi. Og ef þessi höft hafa þótt nauðsynleg í fyrra, þá ættu þau ekki síður að vera það nú.

Það er mikið búið að ræða um málið, og skal jeg því ekki segja fleira, en vil þó leyfa mjer að bera fram rökstudda dagskrá í málinu, er jeg vil lesa upp, með leyfi hæstv. forseta.

Þar sem deildin lítur svo á, að rjett sje, að stjórnin haldi heimild þeirri, sem henni er gefin með lögum nr. 1, 8. mars 1920, til takmörkunar innflutningi á óþörfum varningi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Jón Baldvinsson: Út af því, sem hv.

þm. Borgf. (P. O.) las upp úr nál. viðskiftamálanefndar, þá fínst mjer rjett að standa upp og lofa hv. deild að heyra önnur ummæli í nál., sem jeg vil leyfa mjer að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Meiri hl. nefndarmanna er þeirrar skoðunar, að minkun sú á innfluttu vörumagni, sem leitt gæti af notkun heimildarinnar, muni nema svo litilli fjárhæð, að ráðstöfunin yrði þýðingarlaus fyrir verslunarjöfnuð landsins, og kæmi því ekki að haldi til gjaldeyrissparnaðar."

Þetta sýnir skoðun meiri hl. nefndarinnar, en til þess að kljúfa ekki nefndina, þá varð það að samkomulagi að leggja það á vald stjórnarinnar, hvort hún notaði heimildina eða ekki. En meiri hl. ætlaðist til, að stjórnin notaði ekki heimildina, þótt önnur hafi nú raun á orðið.

Það er og því meiri ástæða til þess, að þingið gangi frá þessu máli nú, sem ráðuneytið sjálft virðist ekki vera algerlega á einu máli um það. — Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að það væri örðugt að átta sig á þessari tviskiftingu nefndarinnar, og óskaði því helst, að deildin skæri hjer úr. En hæstv. atvrh. (P. J.) heldur því fram, að þegar sje búið að semja um þetta mál.

Jeg fæ ekki sjeð, að nál. gefi stjórninni tilefni til þess að nota heimildina, og það er auðsætt, að þeir nefndarmenn, sem töldu heimildina frá 8. mars 1920 þýðingarlausa, muni greiða atkv. með frv. nú.

Það stóð einnig nokkuð sjerstaklega á, þegar þetta nál. var samið. Þá var vantraustið á ferðinni, og menn bjuggust við, að önnur stjórn mundi hafa málið til meðferðar framvegis, og munu því hafa verið mildari í orðalagi en ella.

Umr. frestað.

Á 39., 42. og 43. fundi í Nd., dagana 9., 13. og 14. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 15. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Sveinn Ólafsson: Jeg er búinn að gleyma nær því öllu, sem sagt var gegn dagskrá minni við fyrri hluta þessarar umr. og býst því við að ummæli min nú fari nokkuð fyrir ofan garð og neðan. En vegna þess, að önnur dagskrá er komin fram, sem jeg felli mig betur við, tek jeg mína aftur og óska, að hún komi ekki til atkv.

En þó að jeg taki dagskrána aftur, þá er það ekki vegna þeirra andmæla, sem hún sætti hjer í deildinni; þau voru að minu áliti út í hött töluð og gátu því ekki haft áhrif á afdrif dagskrárinnar.

Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) fann dagskránni það til foráttu, að hún lýsti vantrausti á stjórninni. Mjer kom það á óvart, að hann skyldi finna að þessu, því jeg hjelt hann engan stjórnarvin. Það brá líka svo við, þegar einhver benti honum á, að hann yrði að vera með dagskránni, að hann fór í gegnum sjálfan sig og sagði, að í dagskránni feldist traust til stjórnarinnar.

Þessi hv. þm. (M. J.) lagði áherslu á það að nema úr gildi lögin frá 8. mars og alt það, sem aftraði innflutningi hingað. Hann komst að niðurstöðu, sem jeg á erfitt með að skilja. Hann hjelt því fram, að eðlilegi hemillinn á innflutningi ætti að vera kaupgetuleysi almennings. Hann vill þess

vegna, að öllu viðskiftabralli sje haldið áfram taumlaust og látlaust; vill lofa því að leika lausum hala, þar til það hefir þurausið allar tekjulindir almennings. Stefna hans er að láta alt fara eins og verkast vill, og gera enga tilraun til þess að bæta úr þeirri gjaldeyrisþörf, sem nú þjakar íslenskum almenningi. Jeg á bágt með að skilja, að þetta sje mælt í fullri alvöru, og ef innflutningshöft geta bætt að nokkru úr gjaldeyrisskortinum — og það er skoðun margra manna — þá skil jeg ekki mótspyrnuna gegn þeim, og leyfi mjer að gera ráð fyrir, að eitthvað búi þar að baki.

Eins og jeg tók fram í upphafi, hefi jeg að mestu gleymt andmælum háttv. þm. frá fyrri hluta umr., en þó man jeg það, að hv. þm. Barð. (H. K.) stóð upp og andmælti mjer að nokkru. Jeg held, að mótmæli hans hafi ekki verið ýkjakröftug, eða brýn ástæða fyrir mig að svara þeim. Hv. þm. (H. K.) mintist eitthvað á það, að jeg vildi hefta innflutning á niðursoðinni mjólk, og taldi það mikla goðgá, og hann bar það fyrir sig, að mjólkurgripir hjer væru lítt mjólkandi, og veitti því ekki af erlendri mjólk. Mjer kom þetta hálfkynlega fyrir, því að jeg hafði heyrt, að Barðaströnd væri búsælda sveit, og átti bágt með að trúa því, að þar væru tómar horskjátur og blindspena beljur. En jeg hlýt að trúa, úr því að hv. þm. (H. K.) hefir gefið þessar upplýsingar.

Jeg veit, að talsvert er eftir af togstreitu um þetta mál, og vil því ekki fjölyrða frekar, til þess að þeir geti komist að, sem þurfa að láta ljós sitt skína á frjálsu verslunina svo nefndu. En jeg vil endurtaka það, til þess að ekki komist að misskilningur, að jeg tek dagskrá mína aftur og vona, að þeir, sem höfðu hugsað sjer að greiða henni atkv., snúi fylgi sínu að dagskrá hv. þm. Ísaf. (J. A. J.).

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi ekki getað verið viðstaddur umr. um þetta mál. Varla hefir það þó verið til skaða, því málið er afareinfalt og lítið hægt að upplýsa það fram yfir það, sem gert var, þegar viðskiftahöftin voru til umr. hjer í deildinni. Jeg skildi nú nál. svo, að samkomulag hefði orðið í nefndinni og við stjórnina um að afnema ekki þessa heimild, en hinu lýsti hv. frsm. yfir, að stjórnin notaði hana á eigin ábyrgð. Jeg vissi vel, að sumir, sem höfðu tekið þátt í þessu, sem jeg nefndi samkomulag, voru mótfallnir því, að stjórnin notaði heimildina. Hins vegar máttu þeir vita það, að þar sem stjórnin lagði svo ríka áherslu á það, að hún hjeldi heimildinni áfram, þá mundi hún nota hana, og þeim hlaut þá um leið að vera það ljóst, að ef heimildin yrði tekin af henni, þá gæti hún alls ekki unað því. Það væri óheppilegt, ekki einungis fyrir ráðuneytið heldur og þingið, þegar nýbúið er að auglýsa bann á aðflutningi ákveðinna vörutegunda, og það er orðið kunnugt í öllum vorum viðskiftalöndum, ef alt væri jafnskjótt tekið aftur.

Jeg skal svo ekki tefja umr. með því að fara fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu, og skal þó ekki á móti því mæla, að það verði athugað í nefnd.

Bjarni Jónsson: Hjer gerast tvenn stórtíðindi í deildinni, sem valda því „at mjök erumk tregt tungu at hræra eður loftvægi ljóðpundara“. Í fyrsta lagi er það, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir tekið aftur eitthvert hið fegursta

og dásamlegasta afkvæmi, sem fæðst hefir hjer í þessari hv. deild, og var af honum sjálfum getið, og í öðru lagi er það, að stjórnin hefir lýst því yfir, að hún muni fara frá, ef frv. þetta nái fram að ganga. (**J. M.**: Gleðin hefir engan drepið!). Jú, snögg og skyndileg gleði hefir einmitt margan drepið.

Jeg er þess vegna ekki fær um að halda langa ræðu nú. Því einu vildi jeg beina athygli manna að, að meðan ríkið hygst að taka að sjer einkasölu á tóbaki og græða á því, þá er það einmitt tóbaksinnflutningurinn, sem nemur miklu hærri upphæð en allur sá varningur, sem stjórnin nú hefir bannað að flytja inn. Jeg held, að þetta bann spari um ½ milj. kr., en tóbakið nemur áreiðanlega 1 miljón kr. það eitt mundi því gera meira en að vega á móti öllu hinu, sem á skrá er sett. Það, að stjórn og þing ætti að gera sig hlægilega með því að banna innflutning á smáhlutum, er nema um ½ milj. kr., en hins vegar græða á tóbaki, sem eitt mundi spara miklu meira, er nóg fyrir mig til þess, að jeg vil ekki taka þátt í þessum skollaleik, og fylgi því frv. til grafar.

Hákon Kristófersson: Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) var að tala um það, að hann myndi ekki þau orð mín, er fallið höfðu í sinn garð við 1. umr. þessa máls. Þetta eru nú kynleg ummæli, þar sem hann þó fann ástæðu til að snúa út úr orðum mínum, og það mjög illgirnislega, eða var hann að hártoga sitt eigið minnisleysi? Jeg sagði ekki, að mjólkurgripirnir væru allajafnan geldir, en að í harðæri gætu þeir brugðist sem annað. En segjum svo, að slíkar horskjátur, eins og háttv. þm. (Sv. Ó.) komst að orði, væru til á Barðaströnd, þá væri það ekki nema lítill hluti af gripum landsins, og jafnvel þótt einhverjar horskjátur úr kjördæmi háttv. þm. S.-M. (Sv. Ó.) bættust í hópinn, þá mundi það engu muna. Yfirleitt bjóst jeg alls ekki við svona óþinglegum orðatiltækjum, sem hv. þm. (Sv. Ó.) þótti sæma að viðhafa í ræðu sinni. Við nánari athugun er þetta ekki nema sem vant er, að þessi hv. þm. (Sv. Ó.) fer með útúrsnúninga og illyrði í ræðum sínum í garð mín og annara þm.

Hann sagði, að þeir, sem fylgdu frv., fylgdu því af óhreinum hvötum. Svona nokkru má alt af slá fram, en venjulega eru það ekki þeir, sem hreinastir eru, sem beina svona ásóknum til annara. (**B. J.**: Hreinn Sveinn!).

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi þegar áður lýst skoðun minni í þessu máli og skal ekki fara að endurtaka það, sem jeg sagði þá.

Mjer finst óviðfeldið, að þar sem umræðum var frestað fyrir nokkrum dögum, þá skuli þær nú vera teknar upp aftur, þegar sá maður er fjarverandi, er bar fram rökstudda dagskrá um að vísa því frá. Jeg vildi því beina því til forseta, hvort ekki væri hægt að fresta atkvgr. um það, þar til sá þm. væri kominn, er bar dagskrána fram.

Jeg vildi svo minnast lítið eitt á rangherми hv. þm. Dala. (B. J.), þar sem hann fleygði því fram, að verð þeirrar vöru, sem til mála gæti komið að banna innflutning á, myndi ekki nema meiru en hálfri miljón kr. Þetta er sagt alveg út í loftið, mjer er nær að fullyrða, að það sje 1½ milj. kr. og jafnvel meira. (**B. J.**: Hv. þm. hefir þá ekki kynt sjer málið!). Jú, það er einmitt það, sem jeg hefi gert og það vandlega. (**B. J.**: Hv. þm. hefir þá ekki vit á því!). Það

er lítið vit í að taka þetta eina ár, þegar lítið er flutt til landsins, og miða við það, en hv. þm. Dala. (B. J.) virðist ekki hafa svo mikið vit, að hann skilji það, að til þess að fá nokkurnveginn rjetta hugmynd um þetta, verður að taka fyrir nokkur ár og miða við þau.

Jeg gat þess í upphafi, að jeg ætlaði ekki að fjölyrða um þetta, og ætla því aðeins að taka það fram einu sinni enn, að mjer virðist þessi fjármálastefna þessara manna, er að frv. standa, furðuleg, að jeg ekki segi glópskukend. Jeg skildi ekki betur en að fult samkomulag hefði orðið í nefndunum um það, að ef bráðabirgðalögin yrðu úr gildi feld, þá skyldi heimildarlögunum haldið. Og jeg teldi það ódrengilegt, ef nokkur þeirra manna, sem í nefndinni sátu, ljeði því atkvæði sitt, því að undir því mun búa eitthvað annað en að flm. telji það nauðsynlegt fyrir velferð þjóðarinnar í framtíðinni.

Forseti (B. Sv.): Jeg skal geta þess, að þetta mál er sett á dagskrá áður en háttv. þm. tilkynti veikindi sín. Hann gat þess þá um leið, að hann æskti þess, að umr. um Ríkisveðbankann yrði frestað, en mintist alls ekki á þetta mál. Jeg sje því ekki ástæðu til að taka málið út af dagskrá, en get dregið að láta rökstuddu dagskrána koma til atkvæða þangað til við 2. umr.

Flm. (Jakob Möller): Jeg verð að segja, að mjer kom nokkuð á óvart þessi fjörbrotakippur, sem stjórnin tók nú alt í einu við umr. þessa máls, þar sem alls ekki er enn að því komið að ákveða, hvort heimildarlögin skuli úr gildi numin, heldur er málið aðeins til 1. umr. Það hlýtur eitthvað mótdrægt að hafa komið fyrir hæstv. stjórn, úr því að hún er svona „nervös“ út af ekki meira máli en þessu. Jeg man ekki betur en að hæstv. stjórn hafi hvað eftir annað lýst því yfir, þegar var verið að ræða um afnám innflutningshafta á nauðsynjavörum, að af því mundi leiða, að ilt eða ómögulegt yrði að framkvæma nokkrar hömlur á óþarfainnflutningi, og ekkert gagn að banninu nema allar vörur væru teknar með. En nú kemur hæstv. stjórn sjálfri sjer alveg í baksegl og segir að framtíð landsins og gæfa standi og falli með því, að þessi hjegómi fái að halda sjer. Ja, — það sæmir óneitanlega vel hæstv. stjórn að gera þennan hjegóma að „kabinets“-spursmáli, og meira að segja, það er henni vel sæmandi einmitt að vinna hinn glæsilegasta sigur á því bragði sínu!

Jeg skil annars vel, að hv. þm. Ak. (M. K.) sje ant um að halda í þennan anga, sem eftir er af innflutningshöftunum. Það er sagt, að landsverslunin hafi altaf haft gott af innflutningshöftunum, og nú á hún að fara að hafa einkasölu á tóbaki og ef til vill líka sælgæti, og þá er skiljanlegt, að hún vilji tryggja sjer það að þurfa ekki að keppa við kaupmenn um þær vörur.

Jeg skal svo víkja að því, sem áður hefir verið sagt um þetta mál, og þá fyrst að hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Það var alveg rjett, sem sá hv. þm. sagði, að frv. þetta er fram komið af því að dagskrá mín við 2. umr. um bráðabirgðalögin var feld. Eftir það var ekki hægt að gera sjer grein fyrir, hvaða vörur mætti flytja til landsins og hverjar ekki. Það er svo langt frá því, að það hafi komið skýrt fram við þá umr. T. d. sagði hæstv. atvrh. (P. J.), að marg-

ar vörur, sem nú væru taldar þarfavörur, gætu síðar talist hreinn óþarfi. Stjórninni eru því alls ekki sett nein takmörk í þessu efni, en slíka óvissu tel jeg óheppilega, og það, sem jeg fer fram á með því að flytja frv. þetta, er í raun og veru ekki annað en það, að hv. þing láti skýrt og ótvírætt í ljós álit sitt á því, hvort nokkur innflutningshöft skuli hafa eða ekki, eða á hvaða vörutegundum og hverjum ekki. Ef þingið vill hamla innflutningi á óþörfum vörum, þá tel jeg rjett að telja upp þær vörur, sem heimila skal innflutning á, eða þá þær, sem ekki má flytja inn. Frv. er fram borið til þess að fá skorið úr þessu.

Jeg geri ráð fyrir, að frv. verði vísað til nefndar. Gæti jeg vel hugsað mjer, að nefndin legði það svo til, að frv. yrði samþykt og þannig feld úr gildi sú ákveðna heimild, sem felst í lögunum frá 8. mars, en jafnframt væri t. d. fram borin þál.till. um að heimila stjórninni að hefta eða banna innflutning á ákveðnum vörutegundum, t. d. þeim, sem stjórnin hefir nú auglýst. Mjer finst þessvegna engin ástæða fyrir hæstv. stjórn að láta svona óðslega nú þegar út af þessu frv. En vitanlega get jeg ekki varnað henni að gera það að „kabinets"-spursmáli nú við 1. umr. þótt mjer finnist það dálítið barnalegt.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) fór þeim orðum um frv., að það væri ekki af hreinum hvötum sprottið. Þeim ummælum vísa jeg aftur heim til föðurhúsanna, og jeg geri ráð fyrir, að hvatir þessa hv. þm. (Sv. Ó.) sjeu ekki hreinni en annara í þessari deild. Og yfirleitt tel jeg ósæmilegar þær getsakir, sem vilja klingja við til okkar þm. Reykvíkinga, t. d. að við tökum of mikið tillit til kjósenda okkar. Við þm. Reykv. erum allir sammála um þetta, og líklega gerir þó hv. þm. (Sv. Ó.) ekki ráð fyrir, að þeir kjósendur hjer í bænum, sem einkum versla með „glingur og glys", hafi öll ráð yfir samþingismanni mínum, háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.), hvað sem okkur hinum líður. Ástæðan til þess, að við allir erum mótfallnir þessum hjegóma, er sú, eins og jeg svo oft hefi tekið fram, að þetta er með öllu tilgangslaust fálm og óþörf fyrirhöfn; í fyrsta lagi vegna þess, að hjer er um svo lítla upphæð að ræða, samanborið við verslunarveltuna, og í öðru lagi vegna þess, að innflutningur á þeim vörum, sem hjer er um að ræða, hlýtur að heftast alveg af sjálfu sjer eins og nú er ástatt. Eftirspurnin minkar eftir því, sem kaupgetan minkar, og menn verða hræddir við að flytja inn eftir því, sem verðlag vörunnar lækkar erlendis og eftirspurnin minkar innanlands. Jeg get bent á það í þessu sambandi, að í marsmánuði í fyrra nam innflutningur til Danmerkur 242 milj. króna, en í síðastliðnum marsmánuði voru fluttar þangað aðeins fyrir 100 milj. króna. Þetta sama lögmál myndi einnig gera sig gildandi hjer. Og þegar um það er að ræða, hvað sparast mundi við innflutningshöftin, þá mega þm. ekki einblína á það, sem flutt er inn á þeim árum, þegar innflutningurinn er sem allra mestur, og hve mikið mundi mega draga úr þeim innflutningi. Hjer ber eingöngu á það að líta, hvaða líkur eru til, að mikið af óþarfavarningi yrði flutt til landsins eins og nú á stendur, þegar innflutningshvötin eru lömuð bæði af getuleysi kaupmanna að afla sjer varanna og af getuleysi almenings að kaupa þær af þeim aftur. Það má telja það alveg víst, að án allra innflutningshafta mundi innflutningur-

inn verða alveg hverfandi, vegna þess að menn vilja alls ekki kaupa. (**M. K.**: Það er ekki þessum háttv. þm. að þakka). Það er víst ekki heldur hv. þm. Ak. (M. K.) að þakka; nú, en vilji hann þakka sjer ástandið, sem nú er í landinu, þá læt jeg honum það eftir og skal ekki keppa við hann um þann heiður.

Um dagskrá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) er óþarfi að tala. Jeg skidi hana ekki sem vantraust eins og hv. samþingismaður minn, 4. þm. Reykv. (M. J.). Mjer finst hún frekar lýsa trausti, en það kom mjer nokkuð á óvart, eins og sagt hefir verið í blöðunum nú síðustu dagana, um afstöðu þessa háttv. þm. til hæstv. stjórnar.

En eftir það, sem fram hefir komið í málinu hjer í dag, þá gefst mönnum nú færi á að greiða atkvæði um traust eða vantraust á núverandi stjórn í sambandi við þetta mál, því hæstv. forsrh. (J. M.) hefir tekið það fram um afstöðu stjórnarinnar til frv., að hún mundi ekki „una því“, ef frv. yrði samþ.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið. Það ætti að vera orðið öllum þingheimi sæmilega ljóst.

Hjer er ekki um það að ræða, hvort taka skuli endanlega ákvörðun um það, hvort algerlega skuli afnema takmörkun innflutnings á óþörfum varningi, heldur hitt, hvort þingið sjálft eigi að ráða því algerlega, hvort það vill takmarka innflutninginn, og hvaða vörur þá skuli banna.

Jeg geri ráð fyrir, að frv. verði vísað til nefndar til þess að athuga það nánar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi lesið frv. þannig, að það færi fram á að afnema heimild þá, sem stjórninni var veitt með lögum 8. mars f. á. Jeg get enn ekki sannfærst um, að þessi skilningur minn á frv. sje ekki rjettur, og því ekki unað því, að það verði samþykt til fullnustu.

Jeg hefi sagt það hjer áður og segi það enn, að jeg er ekki svo mjög á móti því, að frv. sje athugað í nefnd, en þó held jeg að það væri best, vegna þingtímans, að það ekki færi lengra en til þessarar 1. umr.

Annars skal jeg ekki lengja umr. meira.

Magnús Kristjánsson: Hæstv. forseti gaf þá yfirlýsingu, að hann tæki ekki til greina áskorun um að fresta atkvæðagreiðslu um frv. En jeg vil aðeins geta þess, að jeg hefði ekki óskað eftir frestun á atkvæðagreiðslu um dagskrána, ef flm. hennar (J. A. J.) hefði verið viðstaddur.

Þá vil jeg geta þess, að mjer finst hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) vera algerlega sjálfum sjer samkvæmur í því að bera hjer í þessu máli einnig fram helber og rakalaus ósannindi.

Jakob Möller: Aðeins örfá orð. Hæstv. forsrh. (J. M.) þótti það einkennilegt, ef ekki væri um algert afnám innflutningshaftanna að ræða með þessu frv. Jeg skal nú alls ekki taka honum það illa upp, þótt hann hvorki hafi lesið greinargerð frv., þar sem þetta skýrt er tekið fram, nje heldur hlustað á ræður þær, sem jeg hefi haldið hjer um málið.

En hins vegar þarf hæstv. forsrh. ekki að ganga þess dulinn, að frá minni hálfu er hjer að ræða um algert afnám viðskiftahaftanna.

Ólafur Proppé: Við 2. umr. um heimildarlögin frá 8. mars lýsti jeg afstöðu minni til innflutningshaftanna, og

er því ástæðulaust að endurtaka hana nú. En jeg leyfi mjer að mótmæla algerlega þeirri staðhæfingu hv. þm. Ak. (M. K.) og hv. þm. Borgf. (P. O.), að við nefndarmenn sjeum bundnir atkv. um þetta frv.

Jeg gat þess einmitt þá, að af 10 nefndarmönnunum hefðu 7 verið sammála um það, að stjórnin ætti ekki að nota heimildarlögin frá 8. mars.

Viðvíkjandi orðum hæstv. forsrh. (J. M.) hefir hv. flm. frv. (Jak. M.) tekið af mjer ómakið. Með þessu frv. er það alls ekki meiningin að afnema algerlega öll innflutningshöft. Það er undir vilja þingsins komið, að hve miklu leyti það verður gert, enda þótt frv. verði samþ. Mun það og meiningin, að sú nefnd, sem væntanlega fær frv. til meðferðar, geti komið með till. um það, hvaða vörutegundir skuli banna.

Mun jeg því hiklaust greiða atkv. með því, að frv. gangi til nefndar.

Pjetur Ottesen: Jeg get enn ekki orða bundist um það, og undrast yfir því, að menn úr viðskiftamálanefnd skuli nú lýsa því yfir, að þeir muni greiða atkv. með afnámi heimildar fyrir stjórnina til þess að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi. Eins og jeg hefi áður tekið fram, og nál. ber með sjer, varð það að samkomulagi í viðskiftamálan., að heimild þessi skyldi látin standa, og að það væri lagt á vald stjórnarinnar sjálfrar, hvort, eða að hve miklu leyti hún notaði heimildina, til þess að banna innflutning óþarfavarnings í landið. Grundvöllurinn var þá lagður sá, að heimildin næði aðeins til þess varnings, er væri óþarfi í eðli sínu.

Ef þessir menn úr viðskiftamálanefnd ætla nú að ganga frá því að láta stjórnina halda þessari heimild, þá hlýtur ástæðan til þess að vera sú, að þeim þyki stjórnin hafa gengið lengra en rjett var í reglugerð sinni um bann óþarfs varnings; með öðrum orðum, stjórnin hafi bannað þar þann varning, sem ekki var í eðli sínu óþarfi. En sú ástæða nær að mjer finst harla skamt, því það, sem þar er bannað að flytja inn, eða lagðar innflutningshömlur á, má tvímælalaust telja óþarfar vörur, sem við getum vel án verið.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi vel tekið eftir því, að þess er getið í greinargerð frv., að það ætti þá heldur að veita stjórninni aðra heimild. En það var ekki aðaltilgangurinn. Aðaltilgangur frv. var sá að fella heimildina frá 8. mars f. á. úr gildi, en ef það tækist ekki, þá var það einskonar varaskeifa, að þingið teldi þá upp þær vörutegundir, er banna skyldi.

Þetta er nokkuð svipað því, sem átti sjer stað, er fjáraukalögin voru hjer til umr. Þá kom fram till. um að fella einn liðinn þar niður, nefnilega eftirlaun Sigurðar Jónssonar, en ef það næði ekki fram að ganga, þá að lækka fjárhæðina.

Það er alveg rjett hjá hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.), að hann lýsti því hjer áður við umr., að hann vonaði, að stjórnin notaði ekki heimildina frá 8. mars. En eftir yfirlýsingu stjórnarinnar á nefndarfundi, þá held jeg, að hann hafi þó ekki getað búist við öðru, en að stjórnin notaði heimildina.

Bjarni Jónsson: Þetta er þingskapaatriði, og mjer finst það ekki heyra þessari umr. til að skeggræða um það, hvort einstakir nefndarmenn megi ráða atkv. sínu í þingsal eða ekki.

Forseti (B. Sv.): Mjer hefir í þessu borist brjef frá hv. þm. Ísaf. (J. A. J.), þar sem hann æskir þess, að þetta mál verði tekið út af dagskrá, með því að hann geti ekki sótt þennan fund. Við þeirri beiðni get jeg ekki orðið, en eins og jeg gat um áður, þá sýnist mjer rjettara, úr því hv. þm. (J. A. J.) er ekki viðstaddur, að láta dagskrá hans ekki koma til atkv. við þessa umr. **(Forsrh.:** Alveg rjett).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. Þ., Þorl. G., Þorl. J., B. J., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., J. Þ., M. J., M. P., Ó. P., B. Sv.

nei: P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. Þ., J. S., M. G., M. K.

Frv. vísað til viðskiftamálanefndar með 19 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. H., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. S., M. G., M. J., M. P., Ó. P., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. Sv.

nei: J. B., J. Þ., M. K., P. O., Sv. Ó., Þór. J.

P. J. greiddi ekki atkv.
Einn þm. (J. A. J.) fjarstaddur.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

12. Sala á Hvanneyri og Leyningi.

Á 35. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á prestssetrinu Hvanneyri og kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði (A. 229).

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 9. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. var of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 : 1 atkv., að frv. mætti samt taka til meðferðar.

Flm. (Stefán Stefánsson): Þetta er í annað sinn, sem þetta mál kemur til umr. hjer á Alþingi, því á Alþingi 1919 fluttum við þm. Eyf. þetta frv. ásamt allítarlegri greinargerð frá bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar og „útdrætti“ úr fundargerð hjeraðsfundar Eyjafjarðarprófastsdæmis. Mælir fundurinn þar með því, að bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar verði veitt leyfi til þess að kaupa prestssetrið Hvanneyri og kirkjujörðina Leyning, með þeirri takmörkun, að presturinn hefði nægileg jarðarafnot.

Enn fremur lágu þá fyrir þinginu eindregin meðmæli biskups með sölunni. En þrátt fyrir þetta fór það nú svo, að málinu var vísað til stjórnarinnar samkvæmt till. allshn. Nú hefi jeg, eins og jeg tók fram í upphafi, aftur leyft mjer að flytja þetta frv. eftir beiðni Siglfirðinga og í samráði við hæstv. forsrh. (J. M.). Um ástæðurnar fyrir frv. hefi jeg vísað til greinargerðar, er fylgdi því 1919, en sökum þess, að þær eru alllangt mál, og því talsverð fyrirhöfn — og að því er mjer virðist óþörf — að láta endurprenta þær, þá hefi jeg slept því.

Ástæðurnar, sem liggja til þess, að Siglfirðingar biðja um þessi kaup, eru þær, sem nú greinir: 1. ástæðan er sú, að bæjarstjórnin og bæjarfjelagið þurfa að hafa full umráð fyrir byggingu húsa. Nú er þessu þannig fyrirkomið, að presturinn á Hvanneyri getur mælt út þar, sem hann vill leigja, og aðeins þeim, sem hann kýs að leigja, og þá auðvitað þau svæði, sem hann telur sjer hagkvæmast að leigja, án tillits til þess, hvort þetta kann að vera heppilegt í tilliti til húsaskipunar. Ýmiskonar atvinnurekstri gæti hann neitað um nauðsynlegt land, enda þótt hann væri til mikilla framfara fyrir bæjarfjel. Í stuttu máli sagt, gæti gert ýmsum fyrirtækjum mjög erfitt fyrir, og gæti það leitt til mikils tjóns fyrir bæjarfjelagið. Þessi umráðarjettur prestsins getur því, og mundi þráfaldlega leiða til hins mesta vanda og óþæginda fyrir marghátt aðar framkvæmdir bæjarfjelagsins.

Önnur ástæðan fyrir frv. þessu er sú, að Siglfirðingar verða að auka jarðræktina í kringum kaupstaðinn, svo að mjólkurframleiðslan aukist, sem er beinlínis skilyrði fyrir vexti bæjarins. Þetta verða þeir að gera, næstum því hvað sem það kann að kosta, því eins og sakir standa er mjólkurskorturinn mjög tilfinnanlegur, og mundi auðvitað verða það enn meir, þegar bæjarbúum fjölgar.

Þriðja ástæðan er, að kaupstaðnum er hin mesta nauðsyn á því að fá ákveðið beitiland fyrir búpening kaupstaðarbúa. Nú hafa þeir undir högg að sækja með beit í landi þessara kirkjujarða, og auðvitað getur presturinn hve nær sem er, bannað öll afnot lands þessa, og þó búast megi við, að sá prestur, sem nú er, geri það eigi, þá má vel fara svo, að það verði gert síðarmeir.

Fjórða ástæðan er sú, að hagnýting og umráð jarðanna eða landsins á meira að vera almenningi til hagsmuna og gagns heldur en einstökum mönnum, og það því heldur, sem þeir þarfnast eigi landsins eins. Er það líka sennilegt, að enda þótt prestur eigi hjer hlut að máli, þá muni hann samt hugsa mest um það að hafa sjálfur sem best not af jörðinni. Er það ekki nema eðlilegt og mannlegt.

Fimta ástæðan er sú, að salan fyrirbyggir framv. hugsanlegar deilur, er rísa kynnu framvegis milli prestsins og bæjarbúa út af óhjákvæmil. ágangi búpenings bæjarbúa á þessar jarðir. Þarf eigi að draga það í efa, að út af ágángi þessum gætu risið margs konar deilur og misklíðarefni, eigi síður en milli nágranna í sveitum, nema ef fremur væri. Þarf eigi að vekja athygli á því, hversu þannig löguð mál eru oft hvimleið og erfið viðureignar.

Loks vil eg nefna eina ástæðu enn, og hún er sú, að jafnskjótt og um hægist í atvinnurekstri og viðskiftamálum, þá ætlar kaupstaðurinn að leggja stórfje til hafnarbóta, en þá verður hann nauðsynlega að eignast landið, sem að liggur. Áætlaður kostnaður til þessa fyrirtækis er um ½ miljón kr., og út í slík mannvirki getur bærinn tæpast lagt, eigi hann ekki landið.

Allar þessar ástæður eru þannig vaxnar og svo mikilvægar, að engan þarf að undra, þótt Siglufjarðarkaupstaður leggi hið mesta kapp á að fá óháð not af því landi, sem að bænum liggur, og sem hann getur eigi án verið. Má í þessu sambandi benda á það, að allir kaupstaðir á landinu eiga lóðir sínar, að undanskildum ⅓ af lóðum Seyðisfjarðarkaupstaðar, sem bærinn á eigi, og svo Vestmannaeyjar, sem öldungis ný-

lega hafa hlotið kaupstaðarrjettindi. Sýnir þetta glögt, hvert lífsskilyrði bæirnir hafa álitið sjer þetta, og jafnframt sýnir þetta, að ekki hefir þótt gerlegt að standa á móti þessu. Mælir því öll sanngirni með að taka jafnt kröfur og bænir Siglufjarðarkaupstaðar til greina sem annara kaupstaða.

Að síðustu vil jeg geta þess, að í frv. er undanskilið sölunni alt það á jörðinni Hvanneyri, sem prestinum er nauðsynlegt að hafa til ábúðar og afnota, og sömuleiðis frítt mótak í jörðinni Leyningi. Það er því engan veginn þrengt svo að hans kosti, að hann þurfi undan að kvarta, því að engjar á Hvanneyri eru fremur ljelegar og litlar, og Leyningur er lítilfjörlegt afdalakot, en hentugt til sumarbeitar.

Skal jeg svo eigi fara fleiri orðum um frv. að sinni, enda mun mál að lofa hinum mörgu að komast að, sem beðið hafa um orðið í máli þessu.

Bjarni Jónsson: Mjer þótti sjerlega vænt um að heyra hina ítarlegu ræðu hv. 1. þm. Eyf. (St. St.). Sýndi hann sig þar sjálfan rækilega, og hve hjartfólginn sparnaðurinn bæði honum og hans jafningjum er, sem koma fram eins og meinhorn við hverja einustu atkvgr. um fjárveitingu til sjálfsagðra skóla eða til einstakra efnilegra manna og fá með engu móti unnað þeim þess, en sje um jarðarskika að ræða, sem landssjóður á og gæti haft tekjur af, þá er sjálfsagt að flýta sjer að því að fleygja honum í hendur einstakra manna, til þess að losa landssjóðinn við umstangið að taka á móti skildingunum. Og þegar svona stendur á, þá eru nógar ástæðurnar, sem mæla með því, þörfin á landinu alveg óhjákvæmileg, beinlínis lífsskilyrði að fá landið til eignar o. s. frv. Annars furðar mig á því, að hv. þm. (St. St.) skyldi ekki líka koma með frv. um sölu á Vestmannaeyjum. Það væri þó sjálfsagt hægt að finna einhvern, sem kæmi það vel að eignast þær. En jeg hygg, að það þýði ekki fyrir þennan háttv. þm. (St. St.), þótt málfimur sje, að reyna að telja hv. þm. trú um, að Siglfirðingum sje fyrirmunaður afnotarjettur á landinu nema því aðeins, að þeir fái það til eignar, því að það er lafhægt með öðru móti til erfðafestu.

Annars var það eigi tilgangur minn, að halda langa ræðu, en vildi aðeins þakka hv. þm. (St. St.), að hann ljet eyrun koma út á rjettum stað, svo að enginn skyldi villast á honum síðar.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg áfellist ekki hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) fyrir að bera fram þetta frv. En jeg er sammála hv. þm. Dala. (B. J.) um, að það sje óráð að selja þessar jarðir. Yfirleitt er jeg mótfallinn sölu þjóðjarða, nema til hrepps- eða sveitarfjelaga, til mótaks, grasræktar eða annara hluta, sem þessi fjelög geta ekki fengið á annan hátt. Jeg álít engan verri kost fyrir Siglufjörð að leigja eða taka á erfðafestu af ríkinu það jarðnæði, sem hann þarfnast, heldur en eiga það sjálfur.

Hv. flm. (St. St.) segir, að presturinn á Hvanneyri geti neitað að mæla út lóðir handa atvinnurekendum á Siglufirði. Jeg veit ekki annað en að það sje lögbundið að láta af hendi land til starfrækslu á verslunarlóðum. (St. St.: Til verslunar). Já, og þess, sem stendur í sambandi við verslun, sjávarútvegs og annars þvílíks.

Jeg sje, að fyrsta ástæðan, sem í greinargerð frv. er talin fyrir nauðsyn sölunnar, er sú, að þá fyrst geti bæj-

arfjelagið (bæjarstjórnin) ráðið fyrirkomulagi á byggingu húsa og gatnagerð á verslunarlóðinni. Það þarf alls ekki sölu til þess. Jeg býst við, að til sjeu byggingarlög fyrir Siglufjörð, en ef það er ekki, þá er sjálfsagt að semja þau straks, svo bæjarfjelagið geti haft hönd í bagga með nýtingu plássins og skipulagi kaupstaðarins.

Jeg sje engu meiri ástæðu til að selja Hvanneyri heldur en t. d. Vestmannaeyjar, og held jeg þó, að enginn vildi mæla með sölu á þeim til bæjarfjelagsins eða einhvers annars. Eins og hv. þm. Dala. (B. J.) tók fram, er Hvanneyri verðmæt eign, en verður þó enn verðmætari í framtíðinni. Af þeirri ástæðu álít jeg rjettast að fresta sölunni, ef bæjarfjelaginu er ekki bagi að, sem jeg býst ekki við, þar sem það getur fengið full not af landinu á annan hátt.

Jón Þorláksson: Jeg vil ekkert staðhæfa um það, hvort þetta frv. er tímabært eða ekki. En jeg get ekki stilt mig um að segja nokkur orð út af ummælum þeirra hv. þm. Dala. (B. J.) og hv. þm. Ísaf. (J. A. J.). Mjer virtist sem sje koma fram í ræðum þeirra skoðun, sem brýtur algerlega í bága við mína skoðun á málinu í heild sinni.

Reynslan undanfarið hefir sýnt, að fólki fækkar fremur en fjölgar í sveitunum, en það flyst til stærri og minni sjóþorpa. Það varðar landið miklu, að í þessum sjóþorpum skapist skilyrði fyrir því, að tilsvarandi menning geti risið þar upp og þrifist þar og sú, er frá fornu hefir haldist við í sveitum landsins. Helsta skilyrði þessa er það, að íbúum þorpanna gefist kostur á landi til ræktunar í smáum stíl, jafnhliða þeirri atvinnu, sem þeir fá í þessum þorpum.

Á Norðurlandi er það lífsskilyrði sjóþorpanna að geta stutt sig við landbúnað. Skilyrði sjávarútvegsins eru þar ekki svo hagstæð, að fólkinu sje með því trygð framtíðarafkoma. Þess vegna er nauðsynlegt, að bæjarfjelögin fái nægilega víðtækan umráðarjett yfir landinu í kringum sig til þess að geta miðlað einstaklingum landi til ræktunar og búskapar í smáum stíl. Þetta hafa margir sjeð, og í kaupstöðum og stærri sjóþorpum er það komið vel á veg, svo flest þeirra hafa náð eignarhaldi á miklu landi í kringum sig, sem áður var einstakra manna eign. En nú á það að vera óhæfa, eftir skoðun hv. fyrnefndra þm., að Siglufjarðarkaupstaður fái kauparjett á landi, sem hann nauðsynlega þarf í þessu skyni, og er landssjóðs eign. En jeg álít sjálfsagt að gefa kaupstaðnum kost á þessu landi, og jeg gæti mjög vel hugsað mjer að selja Vestmannaeyjar, en vel að merkja, bæjarfjelagi Vestmannaeyja og engum öðrum.

Jeg játa það, að það er hægt að ná þessum tilgangi á annan hátt heldur en með hreinum eigendaskiftum, en til þess vantar alveg löggjöf. En jeg sje ekki, að með núverandi löggjöf geti íbúarnir ráðist í þau atvinnufyrirtæki, sem þeir hafa ráðgert, og jeg álít nauðsynleg, nema þeir fái full eignarráð á nægu landi til þess.

Jeg lít talsvert öðrum augum á þetta mál heldur en hv. þm. Dala. (B. J.) og hv. þm. Ísaf. (J. A. J.). Fyrir mjer er það ekkert stóratriði, hvort landssjóður eða hlutaðeigandi kaupstaður nýtur verðhækkunar á landinu í og utan kaupstaðarins. Mjer finst í rauninni eðlilegra, að kaupstaðurinn, sem með atvinnurekstri sínum hefir orðið verð-

hækkunarinnar valdandi, njóti góðs af henni. En þó að hjer sje talað um að selja landseign, þá er ekki tilætlunin að selja hana nema með sannvirði. Og má þá auðvitað taka tillit til væntanlegrar verðhækkunar í framtíðinni að því leyti, sem ástæða þykir til.

Jeg vil geta þess viðvíkjandi þessu frv., sem hjer liggur fyrir, að mjer þætti leiðinlegt, ef brýna nauðsyn bæri til að taka prestssetrið úr ábúð þess prests, sem nú situr þar, að honum nauðugum. Jeg hygg, að prestssetrið sje undir góðri stjórn hjá honum, og hann mun hafa átt manna bestan þátt í að koma kaupstaðnum eins upp og raun er á orðin. Mjer þætti þess vegna varhugavert að taka heimajörðina meðan hún er í hans ábúð, nema upplýst verði, að hann sje því samþykkur.

Jakob Möller: Þegar frv. um sölu kirkjujarðarinnar Upsa var til 3. umr., þá gat jeg um, að jeg væri á móti því vegna þessa frv., sem hjer liggur fyrir. Það er sem sje ekki gott að gera upp á milli fleiri beiðna um samskonar efni. Þó jeg fyndi raunar ekkert sjerstaklega athugavert við Upsa söluna, þá eru nokkuð sjerstakar kringumstæður fyrir hendi á Siglufirði, sem gera sölu á Hvanneyri varhugaverðari.

Á Siglufirði er atvinnurekstur að miklu leyti í höndum útlendinga. Ef því kaupstaðarlóðin fer úr höndum ríkisins, þá er eigi trygging fyrir því, að hún komist ekki í þeirra hendur. Það munu flestir vera á einu máli um það, að nauðsynlegt sje að tryggja kaupstöðum og verslunarstöðum land til ræktunar. En jeg skil ekki, að ekki megi tryggja það á einhvern annan hátt heldur en gert er ráð fyrir í frv. þessu, t. d. með leigu, eins og algengast er hjer. Og þó ekki sjeu til nein lög um það nú, þá er sjálfsagt að semja þau, ef Siglfirðingar fara fram á það.

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og háttv. flm. (St. St.) tók fram, þá leitaði hann álits míns á frv. áður en hann lagði það fyrir deildina, og sagðist jeg fyrir mitt leyti ekki hafa neitt á móti því, að það næði fram að ganga. Jeg get líka getið þess, að kirkjustjórnin hefir fyrir sitt leyti ekkert á móti því. Jeg man ekki hvernig skjölin hljóða, sem hjer að lúta, en jeg þori að fullyrða, að biskup landsins er frv. hlíðhollur og sjálfur presturinn á Siglufirði er fylgjandi frv.

Jeg á bágt með að skilja, hvað ákveðin mótstaða hefir risið hjer gegn þessu máli, nema ef vera skyldi sú ástæða, sem háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) bar fram. Það komu engin mótmæli frá þessum háttv. þm., þegar Blönduósi var selt landið, sem hann stendur á. Og háttv. þm. Dala. (B. J.) var með því fyrir skemstu, að Ísafjörður fengi keypt land, og þannig mætti telja mörg dæmi. Sjerstaklega undarlegt er það með hv. þm. Dala. (B. J.), sem seldi Akureyri Kjarna og altaf hefir verið því hlyntur, að bæjarfjelög ættu það land, sem staðirnir eru bygðir á. (**B. J.:** Seldi þm. Dala. Kjarna einnsaman?). Háttv. þm. Dala. (B. J.) seldi Kjarna á sínum tíma. Það var að vísu öðruvísi ástatt, miklu minni ástæðu, Kjarni liggur nokkuð frá Akureyri, en Siglufjarðarkaupstaður er bygður í Hvanneyrarlandi.

Það gerir mig ekki minst meðmæltan sölunni, að óhjákvæmilegt er að gera á Siglufirði dýran varnargarð fyrir sjávargangi, sem mundi kosta landið

miklu meira, ef það ætti að framkvæma það, heldur en það mundi kosta bæjarfjelagið. Það mundi sjálfsagt kosta landið 100 þús. kr. nú, og ekki fyrirsjáanlegt, hve mikið það gæti orðið. Til þess að losna við það er búhnykkur að selja.

Ef háttv. þm. vilja ekki gera það fyrir Siglfirðinga, sem þeir gera umyrðalaust fyrir aðra, þá ráða þeir því náttúrlega. En jeg fyrir mitt leyti gæti tekið undir það með hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að ef bæjarfjelag Vestmannaeyinga færi fram á að fá eyjarnar keyptar, þá sæi jeg ekkert á móti því að verða við óskum þeirra.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg hefi ávalt verið andvígur sölu opinberra jarðeigna frá því jeg kom á þing. Jeg hefi ekki viljað láta þjóðjarðirnar komast í hendur einstakra manna, sem ekki ræktuðu þær sjálfir, en seldu þær má ske öðrum og sleptu þeim í jarðabraskshringiðuna.

Þegar þjóðjarðasölumálið var mest á ferðinni hjer á árunum, var milliþinganefnd skipuð í það og átti jeg sæti í henni. Þá virtist það vera almennur vilji manna hjer á landi, að þjóðjarðir yrðu seldar og kæmust sem mest á einstakra manna hendur. Hjeldu menn að með því yrði sjálfsábúð í landinu. Jeg var trúlítill á að sjálfsábúð yrði almenn með þessu móti, en af því að þjóðjarðasölustefnan var í sýnilegum meiri hl. meðal þjóðarinnar, gekk jeg að þeim miðlunarvegi að heimila sölu til ábúenda á þeim jörðum, sem eigi væru nauðsynlegar til opinberra eða almenningsþarfa og enn fremur heimila sölu til sveitar- og bæjarfjelaga til almenningsþarfa innan hvers fjelags; hvorttveggja þetta með fastbundnu skipulagi. Síðara atriðið gekk nú samt ekki fram, þegar þjóðjarðasölulögin voru samþykt.

Jeg hefi sömu skoðun og áður í þessu máli, og að því leyti get jeg vel samþ. þetta frv., sem hjer liggur fyrir. En mjer þykir það galli, að ekki skuli vera sett það skilyrði, að bæjarfjelagið skuli skila kaupinu aftur til hins opinbera, ef það vill farga, til þess að tryggja það, að eignin komist aldrei í einstakra manna hendur. Jeg vil skjóta því til hv. flm. að setja skýrt ákvæði í frv. í þá átt, hvort sem ræða er um stærri eða smærri heildir eignarinnar. Jeg býst við, að það sje venja bæjarfjelagsins að leigja út jarðahlutana til ákveðins tíma, en ef látnir eru af hendi lóðir til æfinlegra nota, hvort sem er á erfðafestu eða annan hátt, þá álít jeg það ófært.

Sveinn Ólafsson: Jeg sje ekki, að á þessu máli sje mikið vandhæfi, eða að afgreiðsla þess ætti að tefja lengi háttv. deild. Nýmæli er það ekkert, að bæjarfjelög sækist eftir landi til ræktunar og annara nota, og virðist mjer sem Siglfirðingum sje eigi síður nauðsyn á slíku landi en öðrum kaupstaðarbúum. Að vísu er jeg ekki hlyntur þjóðjarðasölu yfirleitt, en þegar svo stendur á sem hjer, að bæjarfjelag æskir kaupanna, þá er nokkuð öðru máli að gegna en þegar jörðunum er slept á frjálsan braskara markað, enda mun hagur af þessari ríkiseign tvísýnn, vegna þeirrar landbrotahættu, sem er á Siglufjarðareyri og sjáanlegt er, að ríkissjóður verður að kosta varnir við, ef jörðin heldur áfram að vera í hans eign.

Þetta er nú alment um málið að segja frá mínu sjónarmiði. En þótt jeg telji eðlilegt og rjett að unna bænum kaups á landi þessu, hygg jeg að frv. eins og það er, þurfi frekari athugunar. Það er

gert ráð fyrir, að bærinn fái keypt Hvanneyrarland með Leyningi, en að undan verði skilið heimatún jarðarinnar, sem er með ákveðinni stærð og ummerkjum og haglendi fyrir gripi prestsins.

Jeg sje ekki, hvernig það má verða, að á opinberri eign verði þannig framvegis á jörðinni ótakmarkað land, þetta haglendi, ef hún verður seld, því að bersýnilega má teigja það svo langt, ef presturinn á margt gangandi fje, að enginn hagi verði þar handa öðrum gripum.

Mjer virðist því, að eitt af tvennu verði að gera, að afmarka landssvæði til hagbeitar handa gripum prestsins eða áskilja honum beit fyrir ákveðinn gripafjölda í óskiftu landi. Jeg get ómögulega kannast við, að hægt sje að selja eða meta land án landamerkja, eða rjettindi án takmarka.

Annars get jeg fallist á það, sem hæstv. forsrh. (J. M.) og hæstv. atvrh. (P. J.) sögðu, að sveitar- og bæjarfjelögin ættu að fá það land til umráða, sem þeim væri talið nauðsynlegt til landræktar og annars liggur þannig við, að full not verða að. Og þar sem talað hefir verið um að setja það að skilyrði, að bæjarfjelagið mætti ekki selja aftur einstökum mönnum, þá gæti verið rjett að tilskilja það hjer, vegna staðhátta, þótt ólíklegt sje, að bæjarfjelög fargi slíkum eignum. Jeg hygg þess muni ekki dæmi, að bæjarfjelag hjer á landi hafi fargað landi sínu þannig, nema þá til leigu, eins og eðlilegt og sjálfsagt er.

Bjarni Jónsson: Út af umræðum um það að selja beri slíkar opinberar eignir, þegar sveitar- eða bæjarfjelög eiga í hlut, þó annars sjeu menn andvigir sölunni til einstakra manna, vil jeg geta þess, að enginn nauður ætti til þess að reka, því varla getur bæjarfjelag verið í betri höndum en ríkissjóðs. Það getur hjá honum fengið allan sama afnotarjett landsins og það annars hefir fyrir sanngjarnt gjald. Annars getur slík sala orðið talsvert varhugarverð, þar sem í hlut á bær eins og Siglufjörður, sem mikið lifir á útlendum atvinnurekstri, sem búast má við, að reyni því meira að ná þar yfirtökum, sem íslenski útvegurinn verður fyrir meiri skakkaföllum. Þar sem nú örlög slíkra þorpa eru ávalt mjög óstöðug, er því betra, að landið eigi grundvöllinn, til þess að geta haft þar hönd í bagga með, eins og það er yfirleitt skynsamlegasta og sanngjarnasta leiðin, að ríkið hafi sem mest af tekjum sínum af sínu eigin landi, í stað þess að vera að kría það út úr fátækum mönnum í allskonar ósanngjörnum álögum.

Jeg veit heldur ekki til þess, að þeir bæir, sem svona eru settir núna, hafi þar yfir nokkru að kvarta um kjör sín hjá ríkinu, t. d. Vestmannaeyjar. En kann ske það verði nú næsta stigið að stinga upp á því að selja Vestmannaeyjar einhverjum erlendum slorkóngi.

Annars fór hæstv. forsrh. (J. M.) nokkuð að bera saman fyrri skoðanir mínar og núverandi í þessum málum og mintist þar á það, að jeg hefði ólmur viljað selja Kjarnann hjerna á árunum. En hann mintist ekki á það, að þá var hann sjálfur alveg ófáanlegur til þess að selja þennan sama Kjarna. Það er þá með öðrum orðum ósköp svipað á komið með okkur, og jeg fyrir mitt leyti skammast mín ekkert fyrir það, þó jeg kunni að sjá betur nú en þá, en hitt er öllu verra með hæstv. ráðherra (J. M.), sem virðist sjá ver í þessu máli nú en þá.

Forsætisráðherra (J. M.): Út af ummælum hv. þm. Dala. (B. J.) þarf jeg ekki annað en minna á það, að jeg hefi ávalt verið því fylgjandi, að sýslu- og bæjarfjelög fengju það af þessum opinberu eignum, sem með sanngirni yrði álitið, að þau þyrftu nauðsynlega til eigin afnota, þó jeg hafi annars verið andstæður þjóðjarðasölu. Það sem hann sagði um sölu Kjarna í þessu sambandi, var eins villandi, því þetta tvent er alls ekki saman berandi. Það var búhnykkur fyrir Akureyri að kaupa Kjarna, en ekki nauðsyn.

Jakob Möller: Út af því, sem sagt hefir verið hjer um hafnarbætur á Siglufirði, í sambandi við þetta mál, verð jeg að benda á það, að einmitt þetta atriði getur verið talsvert varhugavert. Það er kunnugt, að til mála hefir komið að ráðast í allkostnaðarsamar umbætur á höfninni í Siglufirði, og að til þess átti að fá aðstoð útlendinga. Það er harla ólíklegt, að útlendir gróðamenn færu að sækjast eftir því að leggja hjer stórfje í hafnarbætur, ef þeir ættu ekki von á einhverju í aðra hönd. Og gera má ráð fyrir því, að þeir hafi að minsta kosti viljað fá einhverjar tryggingar fyrir fje sínu, svo sem veð í kaupstaðarlóðinni. En til þess þyrfti auðvitað fyrst að ná eignarumráðunum úr höndum ríkisins, eins og hjer er farið fram á. Gæti þá svo farið, að kaupstaðurinn allur kæmist á útlendar hendur — en landssjóður fengi þó að minsta kosti stimpilgjald af sölunni!

Þar sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) talaði um það, að þess væru engin dæmi. að bæjarfjelög seldu aftur út frá sjer slík lönd til einstakra manna, þá er það rangt. Það er langalgengast í kaupstöðum, t. d. hjer í Reykjavík, að minsta kosti til skams tíma. (Sv. Ó.: Það er á erfðafestu). Nei. jeg á við húslóðir í bænum; þær hafa verið seldar og eru langflestar einstakra manna eignir. Það er ræktunarlandið í krinum bæinn, sem látið er á erfðafestu. Og alveg nýlega var um það barist í bæjarstjórninni, hvort selja skyldi lóðirnar á uppfyllingunni við höfnina einstökum mönnum. og munaði minstu, að það yrði gert.

Svo er það hjer, eða hefir verið. Og í kaupstöðum úti um landið mun það vera eins. En jeg álít sem sagt, hvað Siglufjörð snertir, að þar standi sjerstaklega á, vegna hinnar erlendu síldarútgerðar, sem þaðan er rekin. Jeg gæti vel trúað því, að norskir og sænskir útgerðarmenn — eða fjelög — hugsi gott til glóðarinnar með að ná tangarhaldi á kauptúninu, því að næðu þeir fullu eignarhaldi á því, þá ættu þeir hægt um vik að bola þar frá öllum innlendum keppinautum. — Og nú er kunnugt orðið, að sænska stjórnin hefir kveðið upp úr með það, að hún ætli að styðja þegna sína, sem síldarútveg vilja stunda hjer við land, og verður eflaust á allar lundir reynt frá Svía hendi að gera þær ráðstafanir, er tryggja hag þeirra útgerðarmanna hjer við land. Og dylst engum, að sú samkepni getur orðið hjerlendum mönnum fullerfið, jafnvel þó að þeim verði ekki alveg bolað út úr bestu veiðistöðvum landsins.

Flm. (Stefán Stefánsson): Jeg skal ekki vera mjög langorður, enda er nú komið fram yfir þann tíma, sem vanalegt hefir verið að slíta fundi hjer í deildinni.

Það hafa nú ýmsir talað í þessu máli og kastað hnútum til mín. Meðal þeirra

var hv. þm. Dala. (B. J.), er var með köpuryrði í minn garð, sem jeg ætla þó að leiða hjá mjer að mestu leyti að svara, enda læt jeg mjer þau í ljettu rúmi liggja. En þar sem hann kastaði því fram, að jeg, sem sparnaðarmaður, ætlaði að gefa Siglfirðingum Hvanneyrarland, þá verð jeg nú að segja, að nokkuð langt sje seilst til lokunnar. Jeg hefi sem sje ekkert talað um verð á jörðinni, og það af þeirri einföldu ástæðu, að um það hlýtur að fara eftir fyrirmælum kirkjujarðasölulaganna. — Eru því slík gífuryrði eins og mælt úti á þekju og ekki svara verð.

Aftur á móti hafa komið fram einstaklega góðlátlegar og skynsamlegar athugasemdir frá hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Aðeins vil jeg benda honum á, að núverandi prestur á Hvanneyri hefir ekkert að athuga við söluna. Þá var það háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.). Hann benti á það, að lóðirnar mundu fara í hendur erlendra manna. En þá finst mjer, að þingið ætti þegar í upphafi að slá varnagla við slíku, og setja ákvæði í lögin, er banni bæjarfjelaginu að selja einstökum mönnum lóðir í stærri eða smærri stíl, og að það ákvæði nái jafnt til innlendra manna sem útlendinga. Enda kom lík athugasemd fram í ræðu hæstv. atvrh. (P. J.), og finst mjer því rjett fyrir þingið að taka fult tillit til þessa. Mun jeg því, eða nefnd sú, sem jeg vona að frv. gangi til, ráða til breytinga í þessa átt.

Þá var það hv. 1. þm. S.-M. (Sv .Ó.), sem hafði það helst að athuga við frv., að presturinn ætti að hafa haglendið eftir sem áður. Það getur nú verið, að eftir orðalaginu megi skilja þetta svo, en þá er ekkert auðveldara en að breyta „haglendi“ í „hagbeit“, því meiningin er, að presturinn eigi aðeins að fá beitarafnot fyrir skepnur sínar í því landi, sem bæjarfjelagið falast eftir.

Að presturinn mundi skaðast við söluna, þá getur alls ekki verið um slíkt að ræða. Þingið hefir alls ekki leyfi til að láta hann bíða nokkurn halla.

Að útlendingar standi á bak við þessa ósk Siglfirðinga; já, þá veit jeg ekki, hvort jeg á heldur að skoða það sem gætna athugasemd til öryggis eða beinlínis aðdróttun, og hana af verra taginu. Mjer er að minsta kosti algerlega ókunnugt um það, og hefi aldrei heyrt slíku fleygt fyr en nú. En þá er, eins og jeg tók áður fram, að slá varnaglann straks; setja í lögin ákvæði, er banni bæjarfjelaginu að selja einstökum mönnum lóðarspildur.

Annars vil jeg þakka þeim hv. þm., sem tekið hafa vel í þetta mál, og þá sjerstaklega hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Hann skildi, eins og hans var von og vísa, nauðsyn þá, sem mælir með því, að bæjarfjelögin sjálf geti orðið landeigendur og setið og starfað á sjálfs sín eign.

Lengur þykist jeg ekki þurfa að tefja umr., en jeg vil óska þess, ef háttv. deild lofar málinu að ganga til 2. umr., að hún vísi því til landbúnaðarnefndar.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi áður hjer í deildinni tekið skýrt fram, hvað fyrir mjer vakir í slíkum málum sem þessum. Hjer hafa verið 2 frv. á ferðinni, er stefndu í þessa átt, og eru þau nú orðin að lögum. Við umr. þeirra ljet jeg þess getið, að ákvæði ætti að setjast í lögin, að bæjarfjelögin eða hrepparnir mættu ekki selja slíkar eignir eða hluta þeirra einstökum mönnum, eða ef það yrði ekki að tryggja þá ríkissjóði að minsta kosti forkaupsrjett slíkra jarða, svo bygt yrði fyrir það, að jarðir, sem rík-

issjóður hefði selt, kæmust í braskarahendur.

Hjer finst mjer vera um slíka stóreign að ræða, að ríkissjóður megi alls ekki selja hana, þótt til mála gæti komið, að hann seldi ýmsar aðrar jarðir. Það segir sig sjálft, að eftir að jörð eins og Hvanneyri í Siglufirði er komin úr höndum ríkissjóðs, er hún um leið orðin lausari fyrir, einkum þegar þess er gætt, að hægt er á einföldum hreppsnefndarfundi að ákveða, hvort selja skuli einstaka hluta jarðarinnar, eða hana alla. Það er hægra að koma slíkum samþyktum á, þar sem haldnir eru fundir vikulega, heldur en á Alþingi, sem ekki kemur þó saman nema einu sinni á ári.

Til viðbótar því, sem háttv. 1. þm Reykv. (Jak. M.) sagði, út af ummælum hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), þá skal jeg geta þess, að hjer í Reykjavík er sú stefna ofarlega á baugi að selja einstaklingunum hluta úr bæjarlandinu. Fyrir hverjum einasta bæjarstjórnarfundi liggja beiðnir í þá átt, þótt auðvitað sje, að mikið tíðkist að leigja lóðirnar. Og um erfðafestulöndin er það að segja, að í raun og veru er mikill hluti þeirra orðinn kvaðalaus eign einstaklinganna. Ef þetta land hefði verið eign ríkissjóðs, þá hefði ekki verið eins hægt um vik að búta það í sundur.

Því verð jeg að líta svo á, að eina tryggilega leiðin í þessu máli sje sú, að landið sleppi aldrei eignarhaldi á jörðum sínum eða landspildum, og hvað þessa jörð snertir, þá get jeg ekki trúað því, að nokkur ágreiningur sje í milli hv. þdm. um það, að hjer standi sjerstaklega á, og að Hvanneyri eða Siglufjörður megi aldrei lenda í braskarahöndum, hvorki innlendra manna nje útlendinga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 6 atkv.

Till. um að vísa málinu til landbúnaðarnefndar feld með 10 : 10 atkv.

Till. um að vísa málinu til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1657) samþ. með 16 : 4 atkv.

Á 51. og 56. fundi í Nd., dagana 25. og 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 229, n. 350 (minni hl.), n. 363 (meiri hl.)).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Stefánsson): Eins og hv. þm. sjá af þingskjölunum, þá hefir allshn. ekki getað orðið algerlega sammála um þetta frv.

Minni hl. nefndarinnar hefir getað fallist á, að Siglfirðingar fengju keypta kirkjujörðina Leyning, og Hvanneyrarland að undantekinni Siglufjarðareyri. En meiri hl. allshn. hefir mælt með því, að Siglfirðingar fengju þetta alt til kaups, enda er það ósk Siglfirðinga sjálfra.

Meiri hl. nefndarinnar telur það í ýmsum tilfellum erfiðleikum bundið fyrir þetta bæjarfjelag að hafa ekki óskoruð yfirráð yfir bæjarlóðunum.

Margir menn biðja um að fá þar útmældar lóðir, sem auðvitað er, og það án þess að ætla að reka þar verslun eða atvinnu. En samkvæmt lögum frá 1917 er til þess ætlast, að atvinnurekendur fái lóðirnar eingöngu. Slíkir menn hafa því ekki rjett til að krefjast lóðanna, og er það bæði óeðlilegt og bagalegt. Þetta hefir að vísu ekki komið að

sök enn þá, en við því má búast, að umsjónarmaðurinn sjái einhverjá erfiðleika á því að mæla slíkum mönnum út lóðir. Og er þá illa farið, því þessir menn geta verið þarfir bæjarfjelaginu, ekki síður en hinir, kaupmenn og atvinnurekendur.

Það sem einkum vakir fyrir háttv. minni hl. nefndarinnar, er það, að það sje skaði fyrir ríkissjóðinn að selja eignina. Nú hefir presturinn 6 þús. kr. tekjur af þessum jörðum, og svarar það til þess, að söluverð jarðanna ætti að vera um 100 þús. kr., til þess að ekki yrði skaði fyrir prestinn, eða ríkissjóð, þegar presturinn fjelli frá. En hjer verður og að taka það með í reikninginn, að garðurinn til þess að varna sjógangi inn yfir Siglufjarðareyrina, er nú ónýtur orðinn, og telja verkfróðir menn, að endurbygging hans muni kosta 52 þúsund kr. En Siglfirðingar sjálfir telja þetta verk 100 þús. kr. virði, og munu fúslega vilja borga landeignina 100 þús. kr. meira, ef ríkissjóður vill kosta að öllu góðan og tryggan varnargarð. Jeg skal ekkert fara út í það hjer, hvaða verð sje hæfilegt fyrir eign þessa, en vil aðeins geta um, hvaða hagur eða óhagur hinu opinbera muni vera af sölunni. Og ef Siglfirðingar fá keypt fyrir t. d. 100 þús. kr., þá hefir ríkissjóður sömu tekjur af eigninni og áður, eða um 6 þús. kr., en losnar við að byggja varnargarðinn, sem að minsta kosti mundi kosta 52 þús. kr., og sparaði þá ríkissjóður sjer með sölunni vexti af því fje, eða um 3 þús. kr. árlega.

Jeg tek þetta 100 þús. kr. verð aðeins sem dæmi, aðeins til þess að sýna, að ríkissjóður sje skaðlaus af sölunni, þótt ekki væri verðið hærra. Nefndin gerir ekki neinar till. um verð, enda sjálfsagt, að dómkvaddir menn meti eignina.

Nú kunna ef til vill einhverjir að segja, að lóðirnar muni bráðlega hækka í verði, og meiri hluti allshn. beri hjer hagnað Siglfirðinga meir fyrir brjósti, en hag landsins. En þessu er alls ekki þannig varið. Nefndin álítur, að það sje að öllu leyti sanngjarnt, að bæjarfjelag Siglufjarðar fái keypt bæjarstæðið, ekki síst, þar sem aðrir kaupstaðir landsins eiga sínar lóðir. Það er heldur ekki líklegt, að lóðirnar siglfirsku muni hækka í verði. Þær eru flestar leigðar fyrir ákveðið gjald, til 50 ára eða lengur, og því ekki von um tekjuauka af þeim fyrst um sinn. Mjer er og kunnugt um, að menn þar hafa sagt upp lóðum, er þeir hafa fengið, svo fjárhagslegu horfurnar í þessu efni eru langt frá því að vera glæsilegar.

Meiri hl. nefndarinnar hefir leyft sjer að koma fram með smábreytingar og viðauka við frv., og er það í samræmi við þær umr., er urðu um málið við 1. umr. Það er þá fyrst smávægileg breyting, að í staðinn fyrir „haglendi', komi „hagbeit". Er þetta sett til þess að fyrirbyggja þann skilning, sem kom fram hjer við 1. umr., að hjer gæti verið um sjerstakt landssvæði að ræða. Slíkt var aldrei meiningin með frv., heldur hitt, að presturinn fengi að nota landið til beitar.

Þá hefir meiri hl. leyft sjer að bæta við frv. öryggisráðstöfunum í þá átt, að ekki yrðu seldar einstökum mönnum lóðir á Siglufirði. Það var drepið á það hjer við umr., að ef Siglufjarðareyri væri seld, þá mundu ef til vill einstakir menn, og þá helst útlendingar, ná yfirráðum yfir bestu lóðunum. Það var að vísu alls ekki meiningin með frv. að stofna til þess, en nefndin leyfði

'sjer að koma með þennan viðauka til þess að slá varnagla við, að slíkt kæmi fyrir.

Sumir hv. þm. kunna nú að líta svo á, að þessi ákvæði sjeu of ströng, og hefðu ef til vill fremur kosið að selja mætti innlendum mönnum lóðirnar með erfðafestu. En nefndin sá sjer ekki fært að leggja það til. En ef einhverjum sýndist að koma fram með brtt. í þá átt við 3. umr., þá mun nefndin að líkindum fallast á þær.

Jeg held, að það sje óþarfi að fara frekar út í málið. Hv. þm. er það svo ljóst, að jeg held, að langar umr. um það hafi ekki mikla þýðingu, heldur verði aðeins til þess að tefja þingið.

Frsm. minni hl. (Pjetur Ottesen): Jeg get tekið undir það með hv. frsm. meiri hl. (St. St.), að það muni ekki bera mikinn árangur að hefja kappræður um þetta mál.

Jeg býst við, að hv. þdm. sjeu búnir að gera sjer grein fyrir því, hvort þeir vilji selja þetta land að öllu leyti, eða nokkru leyti, eða hvort þeir vilji alls ekki selja það. Jeg þarf því ekki að vera langorður, enda kemur það skýrt fram í nál., hvað fyrir okkur minni hl. nefndarinnar vakir.

Það varð fult samkomulag um það í nefndinni, að nauðsyn væri á því fyrir Siglufjarðarkaupstað að fá keyptan þann hluta Hvanneyrarlands, ásamt kirkjujörðinni Leyningi, sem farið er fram á í frv., og nota á til hagabeitar og ræktunar.

Það er nauðsynlegt fyrir öll kauptún og kaupstaði að styðjast dálítið við landbúnað, og hafa ráð á landi, sem gerir þeim kleift að tryggja sjer nauðsynlega mjólkurframleiðslu, og yfirleitt að hafa dálítinn gripastofn til gagns og þæginda fyrir íbúana. Getum við og á það fallist, að heppilegra sje, að kauptúnin og kaupstaðirnir eigi það land. Þá er miklu meiri trygging fyrir því, að landinu sje sómi sýndur, og það ræktað. Er það afar mikilsvert atriði.

Við framkvæmd þjóðjarðasölulaganna hefir það komið greinilega í ljós, að ræktun landsins hefir stóraukist við það, að menn hafa fengið keypt ábýli sín. Jarðir, sem voru í mestu niðurníðslu meðan landssjóður átti þær, hafa við það að komast í sjálfsábúð tekið stórkostlegum stakkaskiftum, og það er ekki gott að giska á, hvað hið raunverulega verðmæti landsins hefir aukist við það, að þessi stefna var tekin upp. En það er áreiðanlega mjög mikið. Einmitt með þetta fyrir augum er minni hl. því eindregið fylgjandi, að Siglufjarðarkaupstaður fái keypt það land til hagbeitar og ræktunar, sem farið er fram á í frv.

En samkomulagið í nefndinni náði heldur ekki lengra. Við getum ekki verið með því, að kaupstaðarlóðin sje seld, og það af þeim ástæðum, að við erum svo bjartsýnir á framtíð Siglufjarðar, að við teljum að verðmæti kaupstaðarlóðarinnar geti aukist mjög mikið frá því, sem nú er, og að ríkið muni þá bíða fjárhagslegt tjón við söluna. Það er margt, sem bendir til þess, að Siglufjörður eigi mikla framtíð fyrir höndum. Hann liggur mjög vel við fiskiveiðum, og ef síldveiðar hjer við land eiga framtíð fyrir sjer og hægt reynist að koma þeim málum í sæmilegt horf, þá verður Siglufjörður sennilega altaf stærsta síldveiðistöðin á Norðurlandi.

Það verður heldur ekki sjeð, að það standi Siglfirðingum nokkuð fyrir þrifum, eða þurfi á nokkurn hátt að draga

úr framkvæmdum þeirra, þótt ríkissjóður eigi kaupstaðarlóðina.

Hv. frsm. meiri hl. (St. St.) sagði að vísu, að presturinn gæti farið svo með umboð sitt á lóðunum, að bagalegt væri kaupstaðnum. En hann gat þess þó um leið, að þetta hefði ekki komið að sök. En þetta er hinn mesti misskilningur. Samkvæmt lögum um bæjarstjórn á Siglufirði, frá 1918, er svo ákveðið í 34. gr., að bæjarstjórnin geti ráðið öllu um húsaskipun og gatnagerð og um alt fyrirkomulag kaupstaðarins, og samið um það sjerstaka reglugerð. Ef ekki er enn þá búið að semja þá reglugerð, þá má þó gera það hve nær sem verkast vill. Auk þess liggur nú fyrir þinginu frv. um skipulag kauptúna, sem sennilega verður að lögum í einhverri mynd, og gera þau það enn auðveldara að skipa þessum málum vel og haganlega.

Ef meiri trygging þykir í því fyrir kaupstaðinn, að stjórnarráðið hafi umráð yfir kaupstaðarlóðinni beinlínis, eða feli það einhverjum öðrum en sóknarpresti, þá má við næstu prestaskifti vafalaust kippa því í lag, og er þá ekki ástæða til að ætla, að í höndum stjórnarinnar verði útmælingum lóða hagað til óhags Siglfirðingum, því hagsmunir beggja aðilja falla þá saman.

Þá er þess getið í nál. meiri hl. og endurtekið af hv. frsm. (St. St.), að Siglufjarðarkaupstaður ætli sjer að ráðast í að gera hafnarbætur og sömuleiðis að endurbyggja sjóvarnargarð, sem muni kosta of fjár. Þar kemur það til greina, að komin er föst venja á það, að ríkissjóður leggi fram tiltölulegan hluta af kostnaði slíkra mannvirkja. Og þó það sje látið í veðri vaka af hv. frsm. (St. St.), að Siglfirðingar muni ekki gera kröfu til þessa, ef þeir fái Siglufjarðareyri keypta, þá efast jeg stórlega um, að þeir muni lengi halda út þá sjálfsafneitun. Jeg er sannfærður um, að þeir færu hvort sem er fram á eins ríflegan styrk til þessa verks og nokkur von væri um að fá, eins og líka eðlilegt er, þar sem þetta er orðin föst venja.

Þá er sagt í nál., að allir kaupstaðir landsins hafi fengið keypt það land, sem þeir standa á. Það er satt, að svo mun þetta vera um flesta kaupstaðina, en ekki alla þó. T. d. má nefna Vestmannaeyjar; kaupstaðurinn þar á ekki lóðina, sem hann stendur á, heldur ríkissjóður, og hefi jeg ekki heyrt neinn fara fram á, að hann fengi hana keypta. (St. St.: Það er ekki kaupstaður). Jú, víst er það kaupstaður. Jeg er hissa á, að hv. frsm. (St. St.) skuli ekki vita það, þar sem lög um það voru samþ. á þinginu 1918.

En þó svona langt hafi verið gengið áður, þá getur verið álitamál, hvort rjett sje að renna skeiðið til enda. Og það því fremur, sem gera má ráð fyrir, að tala kauptúna, sem kaupstaðarrjettindi fá, aukist smátt og smátt.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara mikið meira út í þetta. Hv. frsm. meiri hl. (St. St.) talaði um það, að það væri glæsilegt fyrir landið að losa sig við Siglufjörð. Var naumast hægt að skilja orð hans og ummæli á annan veg en þann, að það væri hið mesta óráð fyrir Siglfirðinga að kaupa kaupstaðarlóðina eins og nú stendur. Hins vegar hefi jeg heyrt áður hjer á þinginu svo glæsilegar lýsingar á þeirri framtíð, sem Siglufjörður eigi fyrir sjer, einmitt af vörum háttv. frsm. (St. St.) sjálfs, að jeg tel engan vafa á því, að verðmæti lóðanna muni frekar vaxa en rjena. Svo

má geta þess, að hagur landsins af að eiga kaupstaðarlóðina getur ekki komið í bága við hag Siglufjarðar. Það má treysta því, að samvinna þessara tveggja aðilja verði svo góð, að það geti álls ekki staðið kaupstaðnum nokkuð fyrir þrifum, þó landið eigi lóðirnar.

Frsm. meiri hl. (Stefán Stefánsson): Hv. frsm. minni hl. (P. O.) hefir mikla trú á því, að Siglufjörður muni eiga glæsilega framtíð. Ekki vil jeg neita því, að jeg vildi ekkert fremur en að honum yxi fiskur um hrygg, og óska honum yfirleitt alls velfarnaðar. En jeg benti á það, sem hann hefir ekki tekið til greina, að lóðirnar eru flestar bundnar við leigusamninga, suma um óákveðna framtíð og aðra um fasta leigu í 50 ár eða meira. Þetta er hin fjárhagslega hlið málsins, sú, að hvað glæsilega framtíð sem Siglufjörður kann að eiga fyrir sjer, þá fær ríkið engan gróða af því að eiga kaupstaðarlóðina vegna þess, hvernig hún er að mestu samningum bundin.

Hvernig Siglufjörður verður eftir 50 ár, getur víst hvorugur okkar sagt mikið um. Og þess vegna er líka erfitt að sýna, að ríkið geri sjer tjón með því að selja eftir mati dómkvaddra, óvilhallra manna.

Hv. frsm. minni hl. (P. O.) lagði mikið upp úr því, að ekkert ynnist fyrir kaupstaðinn, þótt hann fengi lóðina keypta. Hann mun þó játa, að ábúendum er kærara að eiga jarðir þær, sem þeir þurfa að leggja í kostnað við. En þá er það ekki síður skiljanlegt, að Siglfirðingar vilji eiga land það, sem þeir byggja á og þurfa að leggja í kostnað við, t. d. hafnargerðina, sem áætluð var 200 þús. kr. fyrir stríðið. Heldur hv. frsm. (P. O.), að hann væri ekki fúsari að leggja í slíkan kostnað, ef hann ætti jörðina sjálfur, heldur en ef hann hefði hana á leigu, jafnvel þó erfðafesta væri? Það hefir verið svo, og mun vera svo áfram, að mönnum sje ljúfara að leggja á sig fyrir eignina heldur en leiguhlutinn.

Jeg hygg, að það sje rjett, að sá sem á lóð, sje ekki skyldur til að leigja hverjum sem er lóðina til hvaða afnota sem vera skal, heldur aðeins þeim, sem ætla að reka verslun eða sjávarútveg.

Jeg vissi ekki, hvernig hv. frsm. minni hl. (P. O.) meinti það, þegar hann sagði, að ef ríkissjóður seldi kaupstaðarlóðina, þá þyrfti hann að leggja fram tiltölulegt fje til varnargarðsins. **(P. O.:** Jeg sagði, að þeir myndu alt að einu sækja um styrk). Já, en þingið getur neitað um þann styrk. En meðan ríkissjóður á Siglufjarðareyri getur þingið ekki neitað að leggja fram fje til varnargarðsins, því eyrin liggur undir skemdum af völdum sjávarins, svo að ef ríkið vildi ekki láta eign sína eyðast, þá yrði það að taka þátt í varnarkostnaðinum.

Þá mintist hv. frsm. minni hl. (P. O.) á það, að fleiri kauptún myndu sigla í kjölfar Siglufjarðar ef salan gengi fram. Það má vel vera. En jeg verð að segja það, að ef rjett er farið í sakirnar, þá sje jeg ekkert á móti því, að þeim verði veitt það sama og hjer er farið fram á að veita Siglufirði.

Það var alls ekki tilgangur minn að gylla það neitt fyrir þingheimi, hvaða gróði væri fyrir ríkið af sölunni. Hitt vildi jeg aðeins sýna, hvernig málinu viki við fjárhagslega, eins og nú stæði. Jeg tel ekki mikið lagt í sölurnar til þess að gera þetta land byggilegt í framtíðinni, þó ríkið selji Siglufirði það, því

ríkið fær ekki einn eyri í tekjur af því, meðan prestsins nýtur við. (**B. J.**: Ef selt er, missir presturinn tekjurnar). Nei, þeim er ekki hægt að svifta hann.

Jeg ætla annars ekki að fjölyrða meira um þetta mál, en læt hv. deild ráða úrslitum þess.

Frsm. minni hl. (Pjetur Ottesen): Það verða aðeins örfá orð. Hv. frsm. meiri hl. (St. St.) sagði, að lóðirnar væru flestar leigðar um óákveðinn tíma eða 50 ár, og gætu tekjur ríkissjóðs af lóðum því ekki aukist á þeim tíma, sem leigusamningarnir taka yfir. En þó þetta sje nú svona með lóðarsamningana, og þeir engan veginn haganlegir fyrir ríkissjóð, þá verður að gæta þess, að við getum ekki rígbundið okkur við nokkra tugi ára, þegar við skygnust inn í það, sem framtíðin ber í skauti sínu, og verðum við að hafa opin augun fyrir því, þegar um er að ræða fjárhagslegar afleiðingar af sölunni á kaupstaðarlóðunum á Siglufirði.

Eins geri jeg ráð fyrir því, eins og jeg hefi tekið fram áður, að svo gott samkomulag verði milli ríkisstjórnarinnar og Siglufjarðarbúa, að það, að ríkið eigi lóðirnar, standi ekki hið minsta í vegi fyrir framförum og þroska hins unga kaupstaðar. Siglfirðingar geta alveg eins fengið styrk til þess að gera hafnarbætur, þó ríkið sje eigandi kaupstaðarlóðarinnar. Sama er að segja um varnargarðinn. Jeg er viss um, að það yrði fyllilega litið á rjettmæti og þörf fjárframlags úr ríkissjóði til slíkra fyrirtækja, hvaðan sem beiðni kemur fram um slíkt, eftir því sem kringumstæður leyfa. Jeg veit, að hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) efast manna síst um það, að styrks muni verða leitað til þess, enda eru mörg dæmi þess, að slík fyrirtæki hafa verið styrkt af ríkinu.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl. (St. St.), að tekjurnar af lóðunum gengju allar til prestsins. En það kemur í sama stað niður. Ríkið notar þær til þess að greiða prestinum það, sem það annars þyrfti að greiða honum með öðru.

Jón Baldvinsson: Jeg vil aðeins benda á það, að brtt. meiri hl. allshn. ná alls ekki þeim tilgangi, sem ætlast var til. Bæjarstjórninni er að vísu gert óheimilt að afhenda hið keypta land öðrum til eignar, en henni er heimilt að leigja það um ákveðinn tíma, og ekki sett nein takmörk fyrir lengd þess tíma. Hún gæti t. d. leigt það um 75—100 ára skeið, en það kæmi raunar í alveg sama stað niður og ef hún seldi það til eignar. Jeg sje því enga bót í þessum brtt., og sje ekki nema um tvent að velja: Annaðhvort að samþ. till. hv. minni hl. eða fella frv. í heild sinni. (**B. J.**: Það er best að fella það alveg).

ATKVGR.

Brtt. 350. samþ. með 13 : 2 atkv.

— 363, 1. samþ. án atkvgr.

Frvgr. (sem verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þór. J., B. H., E. Þ., Jak. M., J. A. J., J. Þ., M. G., M. K., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J.

nei: B. J., E. E., Gunn. S., H. K., J. B., M. J., M. P., Þorst. J.

Þrír þm. (B. Sv., J. S. og Ó. P.) fjarstaddir.

Brtt. 363, 2, a.—b. tekin aftur af

nefndinni, en 1. þm. Reykv. (Jak. M.) tók brtt. samstundis upp aftur.

Brtt. 363, 2. a. (ný gr., sem verður 2. gr.) samþ. með 13 : 5 atkv.
— 363, 2. b. (ný gr., sem verður 3. gr.) samþ. með 14 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 3 atkv.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 421).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 : 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 421).

Á 60. fundi í Ed., mánudaginn 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1655) með 9 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 421, n. 535).

Of skamt liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Þetta frv. var flutt í hv. Nd. af hv. 1. þm. Eyf. (St. St.). Tók frv. þeim breytingum í þeirri hv. deild, að kaupstaðarlóðin skyldi undanskilin sölunni. Þó hafði meiri hl. allshn. lagt til, að frv. yrði samþ. óbreytt, enda hafði það fengið meðmæli bæði ríkisstjórnar og kirkjustjórnar. Allshn. þessarar deildar hefir komist að sömu niðurstöðu og meiri hluti allshn. Nd., að engin ástæða sje til að undanskilja kaupstaðarlóðina, heldur sje sanngjarnt og í samræmi við það, er áður hefir viðgengist, að hún sje með í sölunni. Þess vegna hefir nefndin gert brtt. í þá átt á þskj. 535, og leggur til, að deildin samþ. frv. með þeirri breytingu.

ATKVGR.
Brtt. 535. samþ. með 7 : 2 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 : 1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., fimtudaginn 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 560).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 68. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 560).

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

13. Atkvgr. fjarstaddra við alþingiskosningar.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 15. apríl, var útbýtt

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar] (A. 317).

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 25. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 18 shlj. atkv. að frv. mætti samt taka til meðferðar.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg tala fyrir tveim frv. í einu, þessu og hinu næsta. Ástæðan til, að frv. þessi eru fram borin, stendur skráð neðan á þskj. og er sú, að eins og lögum er nú háttað, geta kjósendur ekki notið kosningarrjettar síns.

Vil jeg að frv. verði vísað til háttv. allshn., því hana þekki jeg að góðu einu af undanfarinni reynslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

14. Kosningar til Alþingis.

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 16. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 28, 3. nóv. 1915 (A. 322).

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 25. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 16 shlj. atkv. að frv. mætti samt taka til melferðar.

Flm. (Bjarni Jónsson): Hefi þegar talað fyrir frv. þessu og óska að það fari einnig til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17. shlj. atkv. og allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.

---

15. Seðlaútgáfa Íslandsbanka.

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 25. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka og um ráðstafanir á gullforða bankans (A. 385).

Á 52. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið og of skamt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Flm. (Jakob Möller): Það eru nú liðnir 2 máunðir síðan peningamálanefndin var skipuð og er þetta fyrsta hljóðið, sem heyrist frá nefndinni. Finst mjer rjett að gera með örfáum orðum grein fyrir starfi nefndarinnar. Í nefndina voru skipaðir 5 menn úr hvorri deild og gengu þessir menn saman að störfum og unnu í samvinnunefnd.

Það er nú kunnugt, að flestir þm. eru svo hlaðnir störfum í föstu nefndunum, að mjög lítill tími er afgangs til þess að starfa í lausu nefndunum. Var alalstarfstími nefndar þessarar milli kl. 4—5, og er öllum auðsætt, að sá tími er ekki hentugur, því að þá eru menn þreyttir eftir fundarsetuna og hafa þörf á því að hressa sig upp.

Starfinu var líka svo varið, að ýmsar uppástungur þurfti að fá viðsvegar að og tók það mikinn tíma; einnig kom verkefni handa nefndinni annarsstaðar að en frá þinginu, og var það togaramálið. Er það enn til athugunar hjá undirnefnd, og mun bráðum koma til þingsins kasta. Tók mál þetta mjög upp tíma nefndarinnar.

Aðalverkefni nefndarinnar var að rannsaka orsakir fjárkreppunnar og hvernig mætti greiða úr henni. Um þetta liggja engar beinar till. frá nefndinni enn. En ef nál. meiri hl. samvinnunefndar geta menn þó sjeð, að nefndin hefir komist að ákveðinni niðurstöðu, því að enda þótt nokkur ágreiningur sje um skipulagið á seðlaútgáfunni, þá eru allir sammála um, að nauðsyn reki til að taka lán og að ekki sje hægt að greiða úr fjárkreppunni með öðru móti. Má sannfærast um þetta með því að bera öll framkomin skjöl nefndarinnar saman. Að vísu eru reyndar 2 af nefndarmönnunum að minsta kosti ekki opinberlega riðnir við skjöl þessi, en þeir munu þó vera sammála um þetta.

Stjórnin hafði engar till. fram að bera í þingbyrjun, til þess að greiða úr fjárkreppunni, nema þær, sem földust í frv. því, sem nú er tekið út af dagskrá, um seðlaútgáfurjett o. fl., og líklega er óhætt að segja um, að sje sofnað til sinna feðra. Stjórnin ljet fylgja frv. þau ummæli, að ef sú skipun, sem þar er farið fram á, yrði upptekin, þá mundi það nægja til að bæta úr fjárkreppunni. En nefndin sannfærðist fljótt um það, eins og tekið er fram í nál., að þessar vonir stjórnarinnar voru tálvonir.

En nefndin varð auðvitað að rannsaka það, á hverju þessar vonir stjórnarinnar væru bygðar, áður en hún gæti gert nokkrar tillögur um, hvernig mætti sem fljótast og best greiða úr fjárkreppunni, og mjer er óhætt að fullyrða, að slíkar tillögur hefðu komið fyr fram frá nefndinni, ef ekki hefði verið um þessar tálvonir stjórnarinnar að ræða. Jeg vil ekki segja, að þær hafi ekki haft við eitthvað að styðjast, þegar þær voru látnar í ljós upphaflega, en þegar kom fram á starfstíma nefndarinnar, kom það skýrt og greinilega í ljós, að þetta var ekki annað en tálvonir.

Þetta yfirlit yfir störf nefndarinnar verð jeg að láta nægja að sinni, enda ætlaði jeg mjer ekki að stofna til langra umræðna um peningamálin yfirleitt, og vildi sem mest forðast deilur um þau mál að svo stöddu. Það liggur ekki heldur beint fyrir að svo stöddu, hvað eigi að gera til að greiða úr fjárkreppunni, heldur er það, sem nú er hjer til umr., mjer liggur við að segja smávægilegt aukaatriði, það, hvernig skipa eigi seðla-

útgáfunni, en það er þó þannig vaxið, að því verður að hraða.

Það verður einhvern veginn að skipa seðlaútgáfunni eftir 1. maí, því að þá er útrunninn leyfistími Íslandsbanka til að gefa út seðla umfram 2½ miljón króna.

Til þess að fullnægja viðskiftaþörfinni þarf sjálfsagt einar 9—10 milj., að minsta kosti um háþjargræðistíman, ef ekki fer því ver. Svo mikið af seðlum verður að því að gefa út, og heimildina til þess verður að gefa formlega fyrir þann tíma.

Um þetta mál eru nú fram komin 3 frv. hjer á þinginu. Eru 2 þeirra hjer á dagskrá, en það þriðja er borið fram í háttv. Ed. og nokkrir nefndarmenn úr peningamálanefndinni riðnir við það.

Það mun að vísu óvenjulegt, að frv. um sama mál sjeu borin fram samtímis í báðum deildum. Hefði verið miklu hentugra, að öll frv. hefðu komið fyrir þessa hv. deild samtímis, og satt að segja skil jeg ekki hvers vegna svona hefir verið farið að, þar sem málið upphaflega var lagt fyrir þessa deildina, og hv. flm. Ed.frv., að minsta kosti sumum þeirra, hlaut að vera það kunnugt, að málið hlyti að koma hjer til umr. þessa dagana. — Það er líkast því, að þeir hafi hugsað sjer einhvern kappleik milli deildanna í þessu máli, því að frv. þeirra átti að taka á dagskrá þegar í gær, eitthvað klukkustund eftir að því var útbýtt, og vafalaust áður en allir háttv. þingdeildarmenn höfðu haft tækifæri til að lesa það yfir. Jeg veit ekki, hvort þessi kappleikur er að nokkru leyti háður í þágu hæstv. stjórnar, en það getur hún vafalaust upplýst. En tilorðning þessa frv. bendir á, að hjer er leikur með í tafli, og að minsta kosti er heimildin vafasöm, ef það er borið fram á bak við höfundinn og algerlega í óleyfi hans.

En þó að þetta frv. liggi þannig ekki fyrir til umræðu í þessari hv. deild, þá held jeg þó, að ekki verði hjá því komist að ræða það hjer jafnframt hinum frv., því að það er ljóst, að hjer er um tvær leiðir að ræða, og verður ekki komist hjá því að bera þær saman, ef úr því á að skera, hvora velja skuli.

Og það vill nú svo vel til, að það eru svo greinileg ættarmót með þessu frv., er framkomið er í Ed., og hæstv. stjórnar, að um þau bæði er hægt að tala svo að segja í sama andartaki.

Það er sameiginlegt með báðum þessum frv., að til þess að þau geti í raun og veru fengið lagagildi, þarf meira en samþykt Alþingis og staðfestingu konungs — til þess þarf líka samþykt aðalfundar Íslandsbanka. Það liggur í augum uppi, að það samþykki ætti heldur að fá áður en lögin eru sett, til að tryggja það, að þau yrðu ekki gagnslaus. — Það skal þó játað, að eins og stj.frv. lá fyrir, hefði vel átt að geta komið til mála að samþykkja það, þó að í þessari óvissu væri, í þeim tilgangi að tryggja Landsbankanum útgáfurjettinn að 3 milj. kr. í seðlum þegar í stað og með það fyrir augum að ná allri seðlaútgáfunni síðar úr höndum Íslandsbanka smátt og smátt. Það frv. er jafnframt að nokkru leyti frv. til samnings við bankann, sem koma ætti til framkvæmda þegar í stað, og bankinn orðið að ganga að eða frá straks.

En eins og tekið er fram í áliti meiri hl. samvinnunefndarinnar, þá var undir eins sá hængur við 1. gr. frv., að nefndin gat ekki sjeð neinar líkur til þess, að það ákvæði hennar, að Landsbankinn skuli taka við þriggja miljóna seðlaút-

gáfu, gæti komið til framkvæmda. En að því ákvæði sleptu virtist samningsgildi frv. vera fallið úr sögunni, eða að minsta kosti óvíst, og eftir verður aðeins heimild til handa Íslandsbanka að gefa út seðla eftir þörfum — fyrst um sinn til 31. mars 1923, en síðan kæmi til kasta Íslandsbanka að segja af eða á um afhending seðlaútgáfunnr.

Sama er að segja um frv. á þskj. 379, sem fram er borið í hv. Ed. Það er í raun og veru ekkert annað en stj.-frv. afhausað. Höfuðið — þessar 3 milj. Landsbankans — sniðið af, en ákvæði þess auðvitað aðeins bindandi fyrir löggjafarvaldið, en ekki fyrir Íslandsb. að öðru leyti en því, sem „honum gott þykir." Hann getur hafnað því, sem honum er ógeðfelt, en þó notað þann rjett, sem honum er gefinn til ótakmarkaðrar seðlaútgáfu til ársloka 1924.

Mjer skilst nú, að óþarft sje að ræða stj.frv. frekar. Hæstv. stjórn mun ætla að taka að sjer þetta nýja frv. — Það er þá líka óþarft að ræða frekar en gert er í nál. um þann ágreining, sem var milli bankanna um stj.frv. En, eins og þar er sagt, þá var sá ágreiningur þannig vaxinn, að þegar af þeirri ástæðu gat meiri hl. nefndarinnar ekki mælt með frv.

Og jeg hefi meira að segja ástæðu til að ætla, að einhver ágreiningur hafi verið milli hæstv. ráðherra um frv. eða mismunandi skilningur á einstökum ákvæðum þess — og það í aðalatriðum.

Um afstöðu Íslandsbanka verður ekkert fullyrt. Jafnvel þó að einn bankastjóri bankans hefði nú getað fallist á frv. í öllum atriðum og það sá bankastjórinn, sem farið hefir með umboð meginþorra hluthafanna á aðalfundum bankans, þá gat nú hugsast, að einhver annar fengi umboðið nú. Hluthafarnir hafa alveg óbundnar hendur um það, og þess vegna er það ekki mikið til að byggja á, þó að fult samkomulag hefði nú náðst um frv. við þennan bankastjóra. Auk þess var frv. ekki eins skýrt og þurft hefði að vera.

En nú, þegar athuga á hitt frv., sem borið er fram í Ed., þá verður að líta á það, hver aðaltilgangur hvers frv. um sig er.

Fyrir hæstv. stjórn vakti það tvent, að greiða úr fjárkreppunni með því að skipa endanlega seðlaútgáfu Íslandsbanka, og að ná seðlaútgáfunni sem fyrst úr höndum þessarar erlendu stofnunar, sem nú að vísu er undir yfirstjórn hæstv. stjórnar sjálfrar. — Það sje fjarri mjer að lasta þennan tilgang.

En nú hefir öll peningamálanefndin og allir þessir 8 hv. þingm. í Ed., og líklega öll hæstv. stjórn, komist að þeirri niðurstöðu, að með þessu verði ekki greitt úr fjárkreppunni, og til þess að það verði gert verði ríkissjóður að leggja bankanum til fje, og hv. flm. Ed. frumvarpsins vilja fyrst og fremst koma bankanum undir innlend yfirráð. En þá er líka tilgangur stjórnarfrv. kominn „út í veður og vind".

Ef ríkissjóður verður að hlaupa undir bagga með bankanum til þess að losa hann úr kreppunni, þá þarf ekki til þess neina endanlega skipun seðlaútgáfunnar, og ef það verður gert á þann hátt, að ríkissjóður verði aðaleigandi bankans, með því að auka hlutafje hans, þá þarf ekki að gera neina sjerstaka samninga um afhending seðlaútgáfurjettarins í hendur ríkisins, þar sem Alþingi hefir þá eftirleiðis vald yfir bankanum.

Hvað er þá unnið með þessari endanlegu skipun seðlaútgáfurjettarins samkvæmt frv. á þskj. 379? — Ekkert. — Hún er þá alveg tilgangslaus. Nema sem

framlenging á aukaseðlaútgáfurjetti Íslandsbanka.

Í 1. gr. frv. er ákveðið, að Íslandsbanki skuli fara með alla seðlaútgáfu í ríkinu til 31. des. 1924. Það er gert með öllu skilyrðislaust að öðru leyti en því, að bankanum er gert að skyldu að málmtryggja seðlana samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, og greiða vexti í ríkissjóð, eins og sagt er í 4. gr. frv.

Engin önnur skilyrði eru sett fyrir veiting seðlaútgáfurjettarins. Sá rjettur er ekki bundinn því skilyrði, að bankinn dragi inn alla seðla sína á tímabilinu frá 1. jan. 1925 til enda leyfistímans, eins og í 2. gr. segir, eða því, að bankinn selji ríkissjóði gullforða sinn samkv. 3. gr., eða auki hlutafje sitt samkv. 5. gr. Jú, að eins eitt skilyrði er sett, það er „kritiska revisionin". Það er beinlínis tekið fram í 6. gr., að bankinn skuli háður þeirri revision meðan hann hefir „auka"-seðlaútgáfuna á hendi. Jeg hygg, að bankinn mundi verða bundinn við að leyfa hana, en um árangurinn af henni, eða um skyldu bankans til að hlíta henni, er ekkert ákveðið og fer eftir bendingum „revisoranna".

Það lítur út fyrir það, að hv. flm. hafi ekki gert sjer það nægilega ljóst, að með slíkri lagasetningu er ekki hægt að skylda bankann til að gera hvað sem er. Með lögum er hægt að auka rjettindi bankans, eins og gert er í 1. gr., en það er ekki hægt að svifta hann neinum rjettindum og heldur ekki að leggja á hann neinar kvaðir, nema með samþykki hans. — Það er auðvitað, að bankinn fær ekki þann rjett, sem í 1. gr. segir, nema hann uppfylli þau skilyrði, sem fyrir þeim eru sett, en það eru að eins seðlatryggingarskilyrðin, sem eru miklu vægari en nú eru þau, vaxta-skilyrðin og endurskoðunin. Hlutafjáraukningin er ekki sett sem skilyrði. — Jeg er nú hræddur um, að þetta sje ekki öllum hv. flm. ljóst, þó að hinum ágæta lögfræðingi, sem er einn meðal þeirra, sje það auðvitað full-ljóst. Með öðrum orðum: með þessu frv. er seðlaútgáfurjettur Íslandsbanka framlengdur til ársloka 1924, og það þó alls ekki trygt, að hann færi þá að afhenda rjettinn í hendur ríkisins, þó að svo færi, að ekkert yrði úr hlutakaupum ríkissjóðs. Þá er og rjett að benda á það, að þetta frv. fer að því leyti lengra en stjórnarfrv., sem aðeins vildi framlengja rjettinn til 31. mars 1923, en þetta til ársloka 1924.

Jeg skal ekkert um það segja, hvort meiri hluti peningamálanefndarinnar hefði getað fallist á þetta, ef það hefði unnist við það, að bankinn hefði getað komist úr kreppunni hjálparlaust. En nú er ekki um það að ræða. Þess vegna hefir þessi hluti nefndarinnar ekki getað fallist á það, að nein þörf sje á því, að skipa seðlaútgáfunni endanlega eða til svo langs tíma að svo stöddu. Og því er ekki að leyna, að það er mjög fjarri skapi sumra nefndarmanna að sleppa þannig tökunum á seðlaútgáfunni á næstu árum, eins og til er stofnað með þessari endanlegu lausn málsins, meðan ekki er full vissa fengin fyrir því, að bankanum verði komið undir innlend yfirráð.

Það er óhætt að fullyrða, að það sje eindreginn vilji nefndarmanna, að bankanum verði komið undir innlend yfirráð. Þess vegna fara allar tillögur í þá átt, að ríkissjóður hlaupi undir bagga með bankanum með því að auka hlutafjeð, þannig að heimila ríkissjóði að kaupa hlutabrjef í bankanum. Og jeg skal taka það fram, að þessi tillaga er

einmitt komin frá þeim hluta nefndarinnar, sem að frv. á þskj. 385 stendur, þó að hv. flutningsmenn frv. á þskj. 379 hafi tekið hana að sjer og sett ákvæði þar um í frv.

En það stoðar lítið að setja í lög, að það **skuli** gert, eins og gert er í því frv., meðan það er ósamþykt af bankanum. Og það virðist líka vera óráðlegt að setja það sem skilyrði fyrir seðlaútgáfuframlengingunni, t. d. með því að orða 1. gr. eitthvað á þessa leið: Ef samningar takast um hlutakaup ríkissjóðs o. s. frv., því að þá gæti farið svo, ef bankinn ekki gengi að því, að seðlaútgáfan stöðvaðist, eða þá að stjórnin yrði að gefa út bráðabirgðalög og heimila bankanum áframhaldandi seðlaútgáfu, þó að hann aftæki með öllu samningana.

En það, sem hv. þm. verða að athuga, er það, hvort þeir vilja þá ganga að frv. á þskj. 379, líka með það fyrir augum, að ekkert verði úr hlutakaupunum. — Jeg býst að vísu við því, að ekki þurfi að óttast, að til þess komi, að hlutafjáraukn. verði neitað. En það er engin vissa fyrir því, að það verði ekki gert. Þess vegna hefir meiri hluti nefndarinnar ekki getað fallist á að leggja það til, að framlengingin yrði veitt um lengri tíma en eitt ár að svo stöddu, en meðfram þó með það fyrir augum, að óþarft yrði að skipa afhending seðlaútgáfurjettarins eins og frv. gerir ráð fyrir, ef úr hlutakaupunum yrði, og að þá bæri að athuga miklu vandlegar en enn hefir verið gert, hvernig haga skuli seðlaútgáfu í ríkinu framvegis. En þar gæti þá þrent komið til mála: a ð láta Íslandsbanka fara með seðlaútgáfuna áfram, a ð afhenda Landsbankanum seðlaútgáfurjettinn, eða a ð stofna alveg sjerstakan seðlabanka.

Ef borin eru saman frv. á þskj. 379 og 385, sem við hv. þm. Mýra. flytjum fyrir hönd nokkurs hluta peningamálanefndar, þá sjá menn það, að munurinn á framlengingar s k i l y r ð u n u m er ekki mikill. Það má sem sje heita, að nefndin öll sje sammála um þau. Aðalmunurinn er þessi, að eftir frv. á þskj. 379 er rjetturinn framlengdur til ársloka 1924, en eftir hinu að eins til árs. Þá hefir skipun stjórnarfrv. um afhendinguna verið tekin upp í frv. á þskj. 379, en við, sem að hinu frv. stöndum, teljum það óþarft að svo stöddu og ótímabært. — Þá er svo skipað fyrir í frv. á þskj. 379, að hlutafje bankans **skuli** aukið sem þar segir, og er það þó ekki sett sem skilyrði fyrir seðlaútgáfurjettinum að neinu leyti. Við, sem að hinu stöndum, álítum slíkt ákvæði, þannig orðað, á misskilningi bygt, vegna þess, að það er ekki á valdi löggjafarinnar að ákveða neitt um þetta. En við höfum ákveðið að bera fram frv. um heimild fyrir stjórnina til að taka lán í þessu skyni og til að gera ráðstafanir til að koma því í framkvæmd.

Það er því í fáum orðum tillaga meiri hluta nefndarinnar, að horfið verði frá grundvelli stjórnarfrv. að sinni, af því fyrst og fremst að gera beri gangskör að því að ná yfirráðunum yfir Íslandsbanka í hendur ríkisins, og því sje ótímabært að taka ákvarðanir um skipun seðlaútg. í framtíðinni. Hins vegar beri að framlengja seðlaútgáfurjett bankans til eins árs, en innan þess tíma verður væntanlega sjeð fyrir endann á samningunum um hlutakaupin. Ef þeir samningar takast ekki, verður aftur að taka til yfirvegunar skipun seðlaútgáfunnar framvegis, og þá að undirbúa það mál betur en hæstv. stjórn hefir tekist að þessu sinni, svo að þingið, þegar þar að kemur, geti vitað, hvað að samning-

um geti orðið. T. d. væri hugsanlegt, að hluthafafundur fæli einhverjum manni eða mönnum umboð til að semja um það við þingið. — En þó að þessu máli sje frestað nú, þá verður ekki sjeð, að neinu sje spilt.*

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg skal ekki vera sjerlega langorður. Í nál. minni hluta samvinnunefndar peningamálanna eru dálitlar aðfinningar í garð stjórnarinnar fyrir undirbúning hennar undir mál þetta. Í sjálfu sjer furða jeg mig ekki á þessu. Það mundi seint verða gert í þessu máli, sem ekkert yrði að fundið, eða öllum líkaði. Þar að auki hefir margt komið í ljós síðan, sem haft hefir þær afleiðingar, að æskilegt hefði verið, að viðbúnaður hefði verið meiri. Þó eru aðfinningar þessar ósanngjarnar og ekki rjettar, þar á meðal það, að samkomulag hafi eigi fengist við stjórnir bankanna. Því undirbúningur þessa máls, og þar með samningaumleitanir við og milli bankanna, byrjuðu í haust í Kaupmannnahöfn í utanför fjármálaráðherrans. Var þar þá einnig honum til aðstoðar íslenski sendiherrann og Krabbe skrifstofustjóri. Þar var Kaaber bankastjóri Landsbankans þá staddur ytra, og sömuleiðis einn af bankastjórum Íslandsbanka, Tofte. Þarna var því gott tækifæri til að ræða málin yfirleitt, og hefir áður verið skýrt frá því öllu hjer í þinginu, enda hygg jeg, að málin hafi verið nokkru ljósari eftir þetta en áður. Og í samræmi við þetta varð það niðurstaðan hjá stjórninni að snúast einkum að því að koma skipulagi seðlaútgáfunnar í viðunandi frambúðarhorf. Annars hefir það orðið máli þessu í heild sinni nokkur þröskuldur, að ekki hefir tekist að fá dönsku bankaráðsfulltrúana heim hingað, þó reynt hafi verið. Þeim var ekki úr að aka. Hins vegar liggur fyrir nýfengin yfirlýsing um það, að framkvæmdastjórar Íslandsbanka hjer hafi fult umboð. En svo hefir það dregið úr þessu þar á ofan, að einn bankastjórinn hefir verið hættulega veikur og annar mikið lasinn. Annar þeirra hefir því haft frí frá bankanum síðan 1. ágúst, en hinn verið nokkuð frá verkum og einkum rjett fyrir þingið í vetur. Þetta gerði stjórninni mikla örðugleika. Eigi að síður var það svo, að stjórnin gat náð samkomulagi við hann um helstu atriðin og í raun og veru var ekki ágreiningur nema um lítilfjörlegt atriði viðvíkjandi gjaldi því, sem á Íslandsbanka skyldi hvíla til ríkisins, eftir að fyrirkomulag það, er stjórnarfrv. inniheldur, væri komið á. — Þá kemur aftur samkomulagið við Landsbankann. Stjórnin lagði fyrir Landsbankastjórnina, til umsagnar og álita, uppástungu, sem til orða hafði komið í Kaupm.h., um að ríkið gæfi út alls 3 milj. seðla handa Landsbankanum, og þetta var fyrir miðjan desember í vetur. Stóð nú lengi á því, að stjórn Lanksbankans treysti sjer til að segja álit sitt um þetta, og það var komið fram yfir miðjan janúar, þegar stjórnin gat átt tal við Landsbankastjórnina um þetta. Þá fyrst komst rekspölur á málið. Þá urðu samræðufundir með landsstjórn og bankastjórn, og uppkast af frv. samið, og eins og sjest á brjefi frá bankastjórninni, frá 26. jan., hafði bankastjórnin athugað uppkastið og gert athugasemdir við það. Er þar eiginlega einungis eitt atriði, sem maður getur sagt að orðið hafi að ágreiningsatriði milli landsstjórnar og bankastjórnarinnar. Og jeg ætla að leyfa mjer, með samþykki forseta, að lesa upp kafla

* Vantar niðurlag, sem ekki verður úr bætt. Jak. M.

úr brjefi þessu. Það er rjett áður búið að tala um fyrirkomulagið á yfirfærslunni. Þar stendur svo:

„Skyldi, mót von, þurfa að gefa út meiri seðla á afhendingartímabilinu, er hefst þegar fyrnefnd lög ganga í gildi, en úti eru samkvæmt ofangreindum fyrirmælum, þá skal landið gefa þá út.“

Með öðrum orðum, að það sem seðlaþörf væri fram yfir lágmark, sem þarf af seðlum í vor, skyldi gefast út af landinu eða ríkisstjórninni. Þetta atriði gat stjórnin ekki aðhylst, en að öðru leyti lagaði hún frv. sitt í þá átt, sem athugasemdir Landsbankastjórnarinnar fóru.

Stjórninni var það ljóst, að áskildi hún sjer seðlaútgáfuna á þann hátt sem bankastjórn Landsbankans ákveður þarna þessi 2 fyrstu ár, þá hefði stjórn Íslandsbanka talið bankann óstarfhæfan. Síst af öllu þegar bankinn var í „krisis“, gat hann með nokkru móti mist það þanþol, sem nauðsynlegt var til þess að halda viðskiftum bankans uppi og halda sínum viðskiftavinum. Þess vegna gat stjórnin ekki fylgt með öllu Landsbankanum.

Jeg hef þá skýrt frá undirbúningi málsins, og jeg vona, að allir geti sjeð, að úr því að stjórnin varð að leggja eitthvað fyrir þingið í þessu efni, þá var ekki hægt að leggja það fyrir, sem stjórnir beggja bankanna væru fyllilega samþykkar, síst þegar þess er gætt, að samkomulagið milli þessara tveggja stofnana er ekki ávalt upp á það besta. Og mörg atriði í þessu máli eru svo löguð, að stjórninni er ekki leyfilegt að tala um þau opinberlega. En það er satt, að stjórnin lagði ekki annað í þessu Íslandsbankamáli fyrir þingið en þetta frv. Stjórninni var, eins og frsm. (Jak. M.) rjettilega gaf í skyn, full vorkunn í þessu. En þegar hann segir, að stjórnin hafi látið svo um mælt, að úrlausn seðlaútgáfunnar mundi nægja til þess að koma bankanum úr kreppunni, þá er það ekki rjett með farið. Það nægir þar að benda á það, sem stendur í athugas. stjórnarinnar við frv., sem jeg vil með leyfi forseta lesa upp:

„Eins og nú stendur er Íslandsbanki bundinn svo miklum og margvíslegum viðskiftum við allan þorra landsmanna, að það verður að telja hina brýnustu nauðsyn, að hann geti starfað áfram og haft það lánstraust, sem unt er, og eftir því sem næst verður komist í þessu efni verður ekki fyrirkomulag frv. því til fyrirstöðu, að hann hafi sama lánstraust og áður en hann komst í kreppu þá, sem hann hefir verið í um hríð.“

Þetta er nú alt, sem Landsbankastjórnin ljet um mælt, og jeg hefi ekki í framsögu minni tekið sterkara til orða. Stjórninni var ljóst, að þetta væri undirstaðan til þess, að hann gæti gert eitthvað af eigin rammleik, t. d. að fá lánstraust hjá viðskiftabanka sínum, en þá var það yfirlýst skilyrði, 1) að varanlegt skipulag yrði að koma á seðlaútgáfurjettinn, og 2) að nema yrði úr gildi þá takmarkalausu skyldu að yfirfæra fyrir Landsbankann, hvort sem bankinn gæti það eða ekki. Því var þetta skilyrðið fyrir því, að bankinn kæmist að einhverju leyti á flot.

Þá hefði kann ske mátt segja, að stjórnin hefði átt að undirbúa það, að meira hefði mátt gera en þetta. En eins og frsm. (Jak. M.) gaf í skyn, þá var ástandið skárra, þegar stj.frv. var í smíðum, og svo horfurnar á því, hvað bankinn gæti gert af eigin rammleik, betri. Og stjórnin vonaði, að Íslandsbanka tækist, með þeim breytingum, sem stjórnarfrv. innihjeldi, að rjetta hann allmjög við. En ástandið versnaði

á ýmsan hátt, og þær vonir urðu einatt minni, og stjórnin komst að þeirri niðurstöðu, eins og aðrir, að þetta eitt mundi ekki vera nægilegt. En úr því að komið var fram á þing, þá þótti rjett að láta það íhuga málið og hafa frumkvæði í því. Stjórnin hafði hvorki heimild til þess að ábyrgjast lán fyrir bankann eða skjóta inn í hann fje, hvort sem var.

Jeg skal þá geta þess, að í jan. fór Kaaber bankastjóri utan til þess að þukla fyrir sjer um peningamál, og hann kom ekki aftur fyr en eftir að stjórnin hafði búið málið til fulls undir þingið. En það var eðlilegt, að hann mundi verða sá ráðunautur, er stjórnin helst hefði, um fjárlán í útlöndum. Og þó að stjórnin hafi ekki gert neinar till. lengra en um seðlaútgáfurjettinn, þá er það fráleitt, að hún sje því fráhverf, að reynt sje að rjetta bankanum hjálparhönd með öðru móti. Þess vegna er það gleðilegt, sem hv. frsm. (Jak. M.) lýsti yfir, að þótt ágreiningur hefði orðið í nefndinni um ýmislegt, þá hefðu menn allir verið einhuga um það að bjarga Íslandsbanka úr fjárkreppunni. Og jeg er viss um það, að nefndin hefði vel getað átt samvinnu við stjórnina í þessu máli, ef hún hefði óskað og viljað. En um það skal jeg ekki fjölyrða nú.

Hv. frsm. (Jak. M.) talaði talsvert um þetta frv., sem liggur fyrir í Ed., og sagði, að í rauninni væri það uppsuða úr frv. stjórnarinnar, en að sumu leyti hefði það annan tilgang. Já, að því leyti, að frv. leggur áherslu á það, að við náum yfirráðum yfir hlutafje bankans, jafnframt því að ráðstafa seðlaútgáfurjettinum á svipaðan hátt eins og gert er í frv. stjórnarinnar. Ætlunarverkið verður því tvöfalt, auk þess að bjarga bankanum úr kreppunni. Stjórnin rannsakaði í haust ráð til þess að ná yfirráðum yfir bankanum á þann hátt að fá kaup á meiri hluta hlutabrjefanna. En þá var ekki hægt að ná þeim með neinum viðunandi kjörum. Hitt kom ekki til orða í stjórninni að fá lánsfje og skjóta því inn í bankann. Og það má vel segja, að með því að ráðstafa seðlaútgáfurjettinum eins og gert er í stj.frv. er þó ekki náð yfirráðum yfir bankanum, heldur einungis seðlaútgáfurjettinum. Það hafa komið fram mismunandi skoðanir hjá hv. þm. á þessu máli, og virðist mjer gerð tilraun til þess að sameina þær í frv. hv. Ed. Og það væri undarlegt, ef smávægileg fyrirkomulagsatriði ættu að verða því til fyrirstöðu, að þeim tilgangi, sem allir hafa, 1) að hjálpa bankanum, og 2) að ná seðlaútgáfurjettinum, yrði náð í fullu samkomulagi við bankann. Og þess vegna er það, að stjórnin getur ekki felt sig við þetta bráðabirgðafrv., sem hjer liggur fyrir. Þessum tvenna tilgangi, sem jeg hefi nú minst á, verður náð með því einu móti, að bankinn geti nú haldið áfram störfum sínum. En með bráðabirgðafrv. er engin trygging fengin fyrir því, jafnvel miklu meiri líkur til þess, að hann þyrfti að loka innan skamms.

Eiríkur Einarsson: Þótt frumvarp það, sem hjer er sjerstaklega til umræðu, ræði einkum um bráðabirgðaskipulag á seðlaútgáfurjettinum og hvernig því skuli komið fyrir, þá er það eigi ætlun mín að taka ákvæði þess frv. til sjerstakrar athugunar að þessu sinni, og það því síður, er jeg mun flytja breytingartillögu við frumvarpið og jafnframt því láta í ljós, hvað mjer þykir athugavert við það, er til annarar umræðu kemur. — En þar sem nú eru einnig borin fram á þingi 2 önnur frumv., er

bæði hafa það að markmiði að koma frambúðarskipun á seðlamálið, annað þeirra stjórnarfrumvarpið, er peningamálanefndin hefir haft til athugunar, og meiri hluti hennar sagt álit sitt um, hitt frv. borið fram í efri deild af háttv. 8. þingm. þar, þá var það einkum aðstaða mín og skoðun um þessar 2 stefnur, bráðabirgða- og frambúðarskipun seðlamálsins, er jeg vildi gera grein fyrir.

Þegar litið er til hins mikla vanda, sem nú er komið í með alla fjárhagsafstöðu þjóðarinnar, ekki síst hvað snertir gjaldeyrisvandræði gagnvart öðrum ríkjum og álitshnekki, er viðskiftalíf vort hefir beðið erlendis nú hin síðustu misseri, liggur það í augum uppi, að á bak við þau ákvæði, er liggja beinlínis í orðum seðlaútgáfufrv. stjórnarinnar, hljóti landsstjórnin einnig að hafa hugsað sjer einhvers konar lausn — að meira eða minna leyti — á fjárkreppumálum landsmanna, og það því fremur sem lítt verður sjeð, að hafist sje handa að öðru leyti til að leita nauðsynlegra úrræða í þeim efnum. Og þetta verður að teljast aðalatriðið. Þótt það væri í sjálfu sjer gott og hagkvæmt að fá það fyr en síðar hreinlega ákveðið, hvernig Íslandsbanki lætur seðlaútgáfurjettinn af höndum, verður það þó í meðferð málsins og við úrslit þess, þegar það er tekið með í reikninginn hvernig ástatt er, nærri aukaatriði hjá hinu, hvaða gjaldmiðilsmöguleika, hvaða „kredit" þjóðinni til handa úrlausn seðlamálsins á grundvelli frumvarps sem þess, er stjórnin hefir lagt fyrir þingið, mundi hafa í för með sjer.

Vildi jeg athuga þetta frá ýmsum hliðum, og þótt hæstv. stjórn komi því að líkindum svo fyrir, að þetta frv. hennar verði ekki meir á vegi þingsins, er þó óhjákvæmilegt að minnast nokkuð á það, því að íhlutun og aðgerðir stjórnarinnar um peningamálin eru að miklu leyti tvinnuð saman við það.

Þar sem stjórarfrumvarpið í flestum greinum verður að skoðast sem heimildarákvæði handa Íslandsbanka, hvaða seðlaútgáfu hann skuli njóta og hvernig sá rjettur takmarkist, hlýtur öllum að vera það ljóst, að undirbúningur þess máls og tillögur til ákvörðunar verða að byggjast á samningi, þar sem gengið sje úr skugga um, svo vel sem unt er, hverra fjárhagsumbóta og hvers öryggis í peningamálum landsmenn geti vænt frá bankans hálfu gegn slíkum rjettindum, ef lögin ganga fram í þessum sniðum, og þá jafnframt hvort bankinn sje nokkurn veginn samþykkur frv. eins og það er borið fram. En hvað þetta snertir er málinu mjög ábótavant.

Í undirbúningnum verður eigi sjeð, að stjórninni hafi tekist að fá samþykki og þá síst samræmissamþykki rjettra samningsaðilja um það, er máli skiftir. Því er alls ekki að heilsa um sjálf ákvæði frv., og því síður um það, sem er mergur málsins, hin fjárhagslegu úrræði, sem samþykt frv. ætti að hafa í för með sjer. Undirbúningur frv. mun ekki hafinn fyr en eftir síðasta aðalfund Íslandsbanka, og það er kunnugt, að síðan hefir bankaráðið eigi heldur haft fund með sjer. Er því eigi fyrir hendi neitt samstætt álit þeirra, er fyrst og fremst eru rjettir samningsaðiljar af bankans hálfu um frumvarpið, enda hefir stjórnin látið þess getið í aths. við frv., að málið komi til endanlegs samþykkis eftir á, þegar aðalfundur bankans verður, en Alþingi búið að hafa það til meðferðar. En það hefði verið nauðsynlegt, að þeir sem ráða bankanum, hefðu einnig og sem ótvíræðast látið í ljós álit sitt og tillögur um málið, áður en til þingsins kasta kom.

Í athugasemdum stjórnarinnar við frv. segir, að það fyrirkomulag, er frv. ráðgerir, hafi náð samþykki beggja bankanna í flestum aðalatriðum. Eftir því sem fram er komið við athugun og rannsókn málsins í nefndinni, verður þetta eigi sagt. Af þeim tveim framkvæmdastjórum Íslandsbanka, er nefndin hefir átt kost á að leita álits hjá um málið, hefir annar þeirra, og það sá sem er Íslendingur, beinlínis ráðið frá að samþykkja frv., og var því þannig algerlega ósamþykkur. Hinn bankastjórinn var hins vegar eigi ósamþykkur frumvarpinu nema í nokkrum atriðum (aðallega um greiðslu bankans til landssjóðs); en jafnframt kom það berlega fram í samtali nefndarinnar við bankastjórann, að einnig hann lagði þá merkingu í mikilvæg ákvæði frv., er hvorki samrýmast skoðun Landsbankans nje margra annara, er láta málið til sín taka, sem sje það, hver skuli gefa út þá seðla, er viðskiftaþörfin krefur á innlausnarárabilinu umfram hina fastákveðnu upphæð seðla, er Íslandsbanki afhendir með jöfnum hlutum árlega. Þar sem frv. sjálft sker alls ekki ótvírætt úr um þetta, er þar fyrirsjáanlegt deilumál um mjög verulegt atriði. — En þótt gert sje ráð fyrir, að frumvarpið væri lagað svo, að Íslandsbanki og þeir sem honum ráða, yrðu því samþykkir, það sniðið eftir þeirra höfði, hefir bankastjórnin gefið nefndinni þau svör, að ómögulegt sje, samt sem áður, um það að segja, hvort eða hvers lánstrausts bankinn geti væst erlendis.

Lánardrottinn og aðalviðskiftabanki Íslandsbanka erlendis, Privatbankinn í Kaupmannahöfn, hefir eigi heldur gefið neitt það í skyn, að þar sje trausts að vænta, að því er nefndin best veit, og er það í samræmi við svör bankastjóranna.

Þegar nú þessu til viðbótar er litið á það, að stjórn Landsbankans, þeirrar stofnunar, er smámsaman er ætlað samkv. stjórnarfrv. að takast á hendur seðlaútgáfu í landinu með þeim rjetti og ábyrgðarhluta er því fylgir, telur slíka lagasetningu, sem hjer er um að ræða því að eins ráðlega, eða þessa leið til lausnar seðlamálinu farandi, að Íslandsbanki fái, meðal annars, framvegis hjá aðalviðskiftasambandi sínu erlendis, hæfilega „kredit", eins mikla og undanfarið. En hver er til frásagnar um það á þessu stigi málsins? Það er líka auðsætt, hve miklu það varðar fyrir Landsbankann, eins og landsmenn sjálfa, að Íslandsbanki geti int af höndum skyldur sínar í viðskiftum við þjóðbanka vorn viðvíkjandi seðlaútgáfunni og öðru, er þá kemur til greina.

Jeg vildi einnig minnast á það, hvað ákvæði stjórnarfrv. um heimild handa Íslandsbanka til hlutafjáraukningar er laust í sjer og lítils nýtt. Bankinn hefir látið það í ljós, að hann hafi engin tök á slíku. Og fyrst alt ráð þessarar stofnunar er svona á reiki og mjer liggur við að segja tortryggilegt, þá finst mjer mjög varhugavert að ákvarða sig í fljótræði til þess, sem stungið hefir verið upp á, að ríkissjóður eða landsmenn sjálfir veittu bankanum þennan hlutafjárauka. Þótt útvegur tækist til þeirra hluta, er óvíst, hvort því væri vel varið eða forsvaranlega með því að kasta því inn í stofnun, sem ekki er í meira áliti eða stendur fastari fótum en Íslandsbanki gerir nú. Hefi jeg minst á þetta hjer til þess að sýna, hve mikillar athugunar þarf við, áður en þingið bindur þjóðina með frambúðarákvörðunum í þessu máli.

Ef nú þeir, sem eru bjartsýnir á lánstraust og útvegu Íslandsbanka erlendis,

vildu gera sjer vonir um, að hagur hans batnaði, næði frv. stjórnarinnar fram að ganga, þá er á það að líta, að bankinn er hlaðinn eigi svo litlum skuldum, alt að tug miljóna, og sumu vitanlega aðkallandi. Yrði hann fyrst að færa þetta í lag, ef hagur hans batnaði. Þyrfti bankinn því mikla „kredit" til þess, að hjálpar væri þaðan að vænta úr fjárkreppuörðugleikum landsmanna að öðru leyti, sem mest gætir í gjaldeyrisskorti þeirra til útlanda.

Jeg játa það fúslega, að frumvarp stjórnarinnar hefir sitthvað til síns ágætis, og þá fyrst og fremst það, að þar er stigið spor í rjetta átt, að auka gengi Landsbankans með því að koma seðlaútgáfurjettinum í hans hendur. Tel jeg því það frv. miklu skárra en frumvarp um seðlaútgáfuna, er borið hefir verið fram í háttv. efri deild. Í því frumvarpi er satt að segja fátt um fína drætti. Algert handahófsverk, lítilsiglt og með afsláttarkeim. En þótt stjórnarfrv. sje ekki nærri svo fráleitt, tel jeg alls ekki gerlegt að samþykja það á þessu þingi; er það af þeim ástæðum, er jeg hefi drepið á hjer að framan, undirbúningsleysi og lausatökum af hálfu stjórnarinnar; en handahófsúrlausn á því, er gilda skal til frambúðar, um seðlaútgáfurjettinn og önnur peningamál landsmanna, er óverjandi. Þar verður maður að eiga sem minst eftirkaup. Og eins og jeg hefi áður tekið fram, er lausn seðlaútgáfumálsins alls ekki lausn á peningavandræðunum; um seðlaútgáfu til innlendra nota væri tiltölulega auðvelt að leita úrræða, ef einungis væri um það að ræða, en þegar önnur hlið þess máls er ofin saman við lánstraust og viðskiftalíf þjóðarinnar gagnvart öðrum ríkjum, þá vandast það. Því stærra og ábyrgðarmeira sem málið er, því vandlátari verður sá, sem þar á hluta að, að vera um allan undirbúning.

Því er mjög á lofti haldið og það alveg rjettilega, að þjóðin eigi svo mikilla hagsmuna að gæta þar sem Íslandsbanki er, að varlega og vægilega verði að taka í málið. Einmitt af því, hve viðskiftalíf þjóðarinnar er háð bankanum, ríður svo mjög á að fara gætilega að öllu, er um þessa frambúðarskipun er að ræða. Og þótt þjóðin eigi mjög mikið undir því, að vel skipist um mál bankans, á hann þó enn þá meira undir þjóðinni, er hann rekur verslun sína við, og það einkum nú, er hagur hans stendur erfiðlega. Það er því mjög sanngjörn krafa, að rannsakað sje, hve mikils trausts sje að vænta þar sem bankinn er, áður en við byggjum framtíðarvonir okkar sjerstaklega á úrræðum og framkvæmdum hans. Þeir sem vilja nú, að lánstraust þjóðarinnar verði notað til þess að „hjálpa" bankanum, og jafnvel að órannsökuðu máli, minna mig á þessa húsabyggingarmenn, sem reisa alls konar yfirbyggingar, og þær stundum rismiklar, ofan á gamla hjalla, sem þeir vita ekki nema sjeu grautfúnir. Þess konar byggingar þykja venjulega bæði ljótar og tortryggilegar. Þingið þarf að ganga úr skugga um, að sú stofnun sem hjer ræðir um, sje hvorki fúin nje feyskin, áður en það er lagt til málanna, að landið kosti þar yfirbyggingu.

Það er því samróma álit okkar meiri hluta nefndarmanna, að hjer eigi að fara varlega og skipa seðlaútgáfunni einungis til bráðabirgða, meðan betri undirbúnings verði leitað, þótt við hins vegar sjeum ekki á sama máli um fyrirkomulag þessa bráðabirgðaskipulags, eins og skýrt er frá í áliti okkar. En eins og jeg

gat um í byrjun þessa máls, geri jeg síðar nánari grein fyrir afstöðu minni þar.

Allir eru á eitt sáttir um það, að nauðsynin sje mikil að bæta úr fjárkreppunni; en frumvörpin, sem liggja fyrir þinginu og miða við frambúðarskipun á seðlamálinu, bæta þar úr engu, ekki einu sinni bráðustu nauðsyn. Með slíkum frumvörpum er því alveg rent blint í sjóinn, og þeir sem kasta þannig færinu, eiga eins á hættu að slíta það, eins og að fá happadrátt á öngulinn. Það er og eigi annað sýnna en að stjórnin sje komin að rjettri niðurstöðu um þetta, og muni láta frumvarp sitt hverfa úr sögunni, og sannast þá á því málshátturinn: „Það er ekki ætilegur kálfur, sem aldrei hefir getað staðið.“ Verður ekki sagt um frumvarp stjórnarinnar, sje það svæft nú þegar, að það hafi nokkurn tíma komist svo langt að geta staðið.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil fyrst svara fáeinum atriðum í ræðu hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), þeim, sem hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) hefir ekki svarað.

Um varnarræðu hans fyrir nefndina skal jeg ekki vera fjölorður. Aðeins benda á það, að sá sem afsakar sig, hann ásakar sig og hefir ekki góða samvisku.

Hv. þm. tók það rjettilega fram, að þetta frv. væri eina hljóðið, sem hefði komið frá nefndinni allan þann tíma, sem þing hefir setið, og er vert að taka eftir því, því að með því er mikið sagt. Annars var bæði hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) og hv. 1. þm. Árn. (E. E.) miklu spakari en jeg bjóst við, og sjá nú jafnvel ýmsa kosti á stjórnarfrv. Mun það stafa af því, að nú sjá þeir annað fóstur í hv. Ed., sem þeim er enn ver við. Og svo ramt kveður að um þetta Ed.frv., að það hefir verið þrautrætt hjer í þessari hv. deild grein fyrir grein, enda þótt alt annað mál sje hjer á dagskrá, og það meira að segja við 1. umr., og mun slíkt alveg eins dæmi í þingsögunni. Skal jeg ekki fara út í það mál nú, því að það liggur hjer alls ekki fyrir. En það gleður mig, að hv. þm. skuli nú sjá kosti á stj.frv., sem þeir áður voru algerlega blindir fyrir.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) viðurkendi, að þær vonir sem stjórnin hefði gert sjer um árangurinn af stj.frv., hefðu ekki verið tálvonir, þegar stjórnin samdi frv., þótt ástandið sje breytt í þessu efni nú. Hann er þá kominn á mína skoðun, sem hann ekki gat aðhylst áður.

Mig furðar ekki á því, að hv. þm. (Jak. M.) sjer ættarmót með 8-manna frv. í Ed. og stj.frv. Það er engin stór uppgötvun, því það eru margar greinar orðrjett teknar upp úr stj.frv. En það er alveg rjett hjá hv. þm., að stj.frv. er stórum mun betra heldur en þetta nýja frv.

Báðir hv. þm. (Jak. M. og E. E.) töluðu mikið um það, hvort aðalfundur Íslandsbanka myndi ganga að ákvæðum stj.frv., ef það væri samþykt hjer, og álösuðu stjórninni mikið fyrir að hafa ekki fengið samþykki fundarins fyrirfram. En hv. þm. áttu að vita, að það var ómögulegt að hafa frv. til svo snemma, en stjórnin útvegaði þær fullkomnustu líkur sem hægt var að fá, sem sje yfirlýsingu þess manns, sem fer með umboð meiri hluta hluthafanna. Hann lýsti því yfir, að hann væri frv. meðmæltur í flestum aðatriðum, og þó það sje ekki fullkomin lagasönnun fyrir samþykki aðalfundar, því slíka sönnun

er ekki hægt að færa fyrir óorðnum hlutum, þá eru það svo sterkar líkur, að þær stappa næst sönnun. Það var farið eins að í þessu máli 1919 og var þá ekki átalið af neinum, vegna þess að allir vissu, að öðruvísi var ekki unt að fara að.

Þá spurðu báðir þessir hv. þm., hvaða þýðingu það hefði að koma endanlegu skipulagi á seðlaútgáfuna. Þetta hefir þá þýðingu, að með því er hægt að forðast endalaust þjark og rifrildi og þó fyrst og fremst: Það er nauðsynlegt til að bankinn geti notið lánstrausts erlendis. Fyrir því hefi jeg orð bankastjórans sjálfs. Það er hjálp til handa bankanum til þess að hann geti hjálpað sjer sjálfur. Úr því jeg fór að tala um þetta 8-manna frv. úr Ed., þá vil jeg leiðrjetta eina af mörgum rangfærslum hv. þm. (Jak. M.). Hann sagði, að í frv. væri ekkert ákvæði, sem trygði það, að Íslandsbanki hjeldi ekki öllum rjettindum eftir frv., án þess að ganga að kvöðum þess. En í síðustu gr. frv. er sagt með skýrum orðum, að heimild bankans falli burtu, ef hluthafafundur samþykki ekki að gangast undir frv. Jeg þori að hafa það eftir þeim af bankastjórum Íslandsbanka, sem mestu hafa ráðið síðustu ár, að ef ekki fáist endanleg lausn á þetta mál nú, þá geti bankinn ekki búist við að fá það lán erlendis, sem hann ekki má án vera.

Það er nú komið á daginn, að hv. peningamálanefnd er klofin, að minsta kosti í þrent. Sumir vilja óbreytt ástandið sem er, að því er virðist, eins og hv. 1. þm. Árn. (E. E.), svo eru átta þm. í Ed., sem flytja frv. saman og í þriðja lagi eru hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) og einhverjir með honum.

Mjer þykir það hálfundarlegt um hv. 1. þm. Árn. (E. E.), að hann vill ómögulega láta yfirfærsluskyldu Íslandsbanka fyrir Landsbankann falla niður, þó honum megi vera það kunnugt, að stjórn Landsbankans hefir gengið inn á það.

Hv. sami þm. sagði, að það vantaði „samræmissamþykki“ í stj.frv. Jeg skildi það svo, að hann ætti við samþykki bankastjóranna. (E. E.: Ekki þannig). Þá er það óskiljanlegt, hvað hann meinar. (E. E.: Jeg sagði, að það vantaði samþykki rjettra hlutaðeigenda). Það skýrist lítið við það, ef bankastjórarnir eru ekki þeir rjettu hlutaðeigendur.

Einn af bankastjórum Íslandsbanka vill hafa alt eins áfram og nú er. En hann er sá aleinasti sem það vill. Jeg veit, að sá bankastjórinn, sem núna er nýkominn heim, er meðmæltur stj.frv. Annars er rjett að fara ekki langt út í háns skoðun, því að hann hefir engin áhrif á úrslit málsins á hluthafafundi.

Hv. þm. (E. E.) sagði, að það væri óvíst, hvort bankinn fengi lán erlendis, þó stj.frv. væri samþykt. Jeg hefi þó tekið það fram áður, að bankastjóri Privatbankans sagði við mig í haust í áheyrn fleiri manna, að hann vildi veita Ísl.banka eins mikið lánstraust og fært væri eftir venjulegum bankareglum. Vitanlega fær enginn banki í víðri veröld ótakmarkað lán, og þá getum vjer ekki heldur búist við því.

Hv. þm. (E. E.) sagði, að margt væri gott í stj.frv. Þó vill hann ekki láta það ná fram að ganga, og hefir ekkert annað í staðinn.

Jeg hefi áður tekið það fram, að ef aðalfundur samþ. ekki frv., þá fellur það burt, en gildir alls ekki áfram, eins og hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) gaf í skyn.

Þá sagði hv. þm. (Jak. M.), að bankinn ætti meira undir okkur heldur en við undir honum. Jeg hjelt, að bankarnir

væru til fyrir þjóðina, en ekki hún fyrir þá. Jeg hefi altaf heyrt, að bankar væru svo mikilsverðar stofnanir, að það riði á miklu fyrir þjóðina, að þeir standi sem best. Hann vill endilega framlengja það vandræðaástand, sem nú er, um heilt ár. En það er vegna okkar sjálfra, en ekki Íslandsbanka, að verið er að koma skipulagi á. Þessu hefir oft verið blandað saman, til mikils baga.

Hv. þm. vildi láta rannsaka alt ástand bankans áður en nokkuð væri gert. En ef má dæma eftir því, hvað störf peningamálanefndarinnar hafa gengið seint og borið lítinn árangur, þá er hætt við, að farið væri að dragast í tímann áður en rannsókninni væri lokið.

Hv. þm. (Ja.k M.) sagði, að stjórnin hefði átt að fella niður bankalögin frá 1920, samkv. heimild í 3. gr. þeirra. Jeg vil benda á það, að þegar lögin voru sett, — en jeg átti sæti í nefnd þeirri, sem hafði þau til meðferðar, — þá kom nefndinni saman um það, að ekki gerði til, þó þau væru feld niður, því sömu ákvæði eru í bankalögum frá 1919, sem stjórnin ekki getur felt úr gildi.

Hv. þm. Árn. (E. E.) skammaði ýmist eða lofaði stj.frv. Hann sagði, að það væri kálfur, sem ekki gæti staðið á löppunum. (**E. E.**: Jeg vildi unna því sannmælis.). Já, það er nú svo, líkingin um kálfinn sýnir best heilindin í því, en þar sem þessi hv. þm. er, höfum vjer fyrir oss kálf, sem getur staðið.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg verð að taka hjer stuttlega til máls, þar sem hvorki jeg nje annar peningamálanefndarmaður höfum getað orðið flm. að frv. því, sem nefndin annars hefir borið fram, og það aðallega vegna meðferðar nefndarinnar á þessum málum.

Eins og hv. frsm. (Jak. M.) tók fram í gær eru allir nefndarmenn í rauninni sammála um það, að ekki verði hjá því komist að styrkja Íslandsbanka að einhverju leyti með hjálp ríkisins. En það sem okkur greinir á um, eru leiðirnar. Sumir vilja láta framlengja núverandi ástand um eitt ár, en aðrir vilja láta binda enda á mál þessi í heild sinni nú þegar. Jeg fyrir mitt leyti hefi altaf verið fremur hræddur við það að skjóta máli þessu á frest. Því þar sem allir virðast sammála um það, að ríkið verði á einhvern hátt að hlaupa undir baggann, virðist mjer eðlilegast, að um leið verði gert út um yfirráðarjett ríkisins yfir bankanum. En hins vegar er jeg hræddur um það, að frestur á málinu gæti orðið til þess, að enginn endir verði bundinn á það atriði, nú frekar en áður; jafnskjótt og bankinn hafi fengið hjálpina, láti hann sjer það nægja, og frekari samingar dragist úr hömlu. En þar sem bankinn sjálfur hefir nú viðurkent það, að hann geti ekki starfað án hjálpar ríkisins, sýnist mjer sjálfsagt að setja þá hjálp í samband við yfirráð ríkisins yfir bankanum. Þess vegna finst mjer frv. á þskj. 385 alveg ófullnægjandi, og geti jafnvel orðið til hins verra. Því þó stjórnin setti „kritiska revision", er ekki á slíku byggjandi eingöngu — bankinn getur að miklu leyti farið sínu fram eftir sem áður. Og þegar búið er að binda ríkissjóð við bankann fjárhagslega, er ekki eins áreiðanlegt, að bankinn yrði jafngóður í samningum, eins og ef hvorttveggja færi fram í senn, samningarnir um yfirráðin og hjálpin. En yfir-

leitt getur engin skynmsamleg ástæða verið til þess fyrir erlenda hluthafa að amast við því, að ríkið fái yfirráð bankans. Það væri þá helst, ef einhver einstakur maður eða menn vildu ekki sleppa þeim yfirráðum yfir fjármálum landsins, sem þeir kynnu að geta haft með yfirráðum Íslandsbanka. En því meiri ástæða væri þá til að semja um hvorttveggja í senn, til þess að fá ákveðið úr því skorið, hvort þessi maður eða menn, ef nokkrir eru, vilja sleppa þessum yfirráðum eða ekki, svo hægt verði að haga sjer samkvæmt því. En aðrir hluthafar alment hljóta sem sagt að verða ánægðir með yfirráð ríkisins. Þau hlytu að styrkja bankann og lánstraust hans og tryggja það, að ekki verði óskynsamlega með hann farið.

Mjer finst því í rauninni, að flest hin atriðin, sem talað hefir verið um í sambandi við þetta mál, geti, eins og nú stendur, að mestu horfið fyrir þessu eina, að ríkið taki yfirráð bankans. (**Jak. M.**: Ef það er þá trygt). Já, það er einmitt það, sem jeg vil fá skorið úr. Og ef hluthafarnir vildu ekki ganga að samningum á þessum grundvelli nú, ættu menn að sjá hvar fiskur liggur undir steini, og haga sjer eftir því. En verði horfið að hinu ráðinu, að framlengja seðlarjett Íslandsbanka um eitt ár og gera ekkert frekara nú, nema veita bankanum lán eða ábyrgð ríkissjóðs, þá er góðu tækifæri til samninga slept, og óvíst að slíkt tækifæri bjóðist síðar.

Annað er það, að þingið verður að láta eitthvað í ljós um það, hvernig það hugsi sjer framtíðarskipulag bankans. Og við það þarf stjórnin að geta stuðst í samningum sínum, ef hún á að hafa einhverja vissu fyrir því að fá staðfesta á næsta þingi þá samninga er hún nú væntanlega á þessu sumri gerir við bankann.

Það mun því öllum ljóst, að þetta er hið mesta vandamál og verður sannarlega ekki minna vandamál, þó því sje skotið á frest. En aðalatriðið fyrir mjer er það, að jeg teldi það tæpast forsvaranlegt, að ríkið hlypi undir bagga með margra miljóna láni, án þess að um leið yrði endi bundinn á framtíðarafstöðu ríkisins til bankans, að því er seðlaútgáfurjett bankans snertir.

Gunnar Sigurðsson: Þá er hið margþráða mál loks komið á dagskrá, málið sem meiri þörf hefði verið á að kveðja þing saman um en nokkurn tíma áður, að minsta kosti eins og fram er komið, að landsstjórnin og enda bankarnir hafa hvorki hreyft legg nje lið til að ráða fram úr því vandræðamáli, sem hjer er um að ræða.

Landsmenn hafa tapað tugum miljóna síðustu árin. Bæði bönkum og einstaklingum hafa brugðist vonir. Sjálfsagt er þetta að einhverju leyti sjálfskaparvíti, en það skiftir í raun og veru minstu máli, hverjum þetta ástand er að kenna, enda er það að ýmsu leyti af óviðráðanlegum orsökum. Hitt er meira um vert, og það ættu allir að geta verið sammála um, að gera alt sem unt er til þess að kippa þessu í lið inn og ráða fram úr málinu á sem bestan hátt. Jeg vona, að hægt verði að komast hjá persónulegum illdeilum eða meiðyrðum, þó hiti kunni að hlaupa í málið. Jeg mun að minsta kosti stilla í hóf orðum mínum, og ekki tala um menn heldur mál.

Það hefir verið oft bent á það, að komast mætti út úr ógöngunum með lántöku, og aðeins með lántöku. Og hvað svo sem um þá leið má segja, veit

jeg ekki til þess að nokkur maður hafi bent á aðra leið. Mjer væri að minsta kosti þökk á því, ef einhver af háttv. þingm. vildu gera grein fyrir því, hvernig einstaklingur ætti að greiða nauðsynlegar skuldir sínar, ef hann ætti ekki fje fyrir hendi sjálfur, án lántöku. Og það sama gildir fyrir þjóðarheildina. Það er því brýn þörf á, að allir taki nú höndum saman til þess að bjarga bönkunum og landinu frá gjaldþroti.

Þegar jeg tala hjer um bankana, á jeg einkum við Íslandsbanka, enda hefir síst verið of mikið gert úr vandræðum hans. Og í þessu sambandi er ástæða til þess að minnast á eitt atriði, og það er samvinna bankanna. Það má um það segja, að Íslands óhamingju verður alt að vopni á þeim tímum, sem yfir hafa staðið, og aldrei hefir verið eins nauðsynlegt, að góð samvinna væri milli bankanna. Allir, að minsta kosti Reykvíkingar, vita hvernig samvinnan hefir verið innanlands.

Um samvinnuna utanlands nægir að benda á, að einn af bankastjórum Landsbankans rægir Íslandsbanka í viðtali við dönsk blöð, og mundi slíkt eins og á stóð naumast hafa getað komið fyrir annarsstaðar en hjer á landi, og verið liðið. Sami bankastjóri segir nú nýlega í samtali við blað eitt hjer í bænum, að Íslandsbanki sje eins konar útibú frá Privatbankanum. Það vill nú svo til, að þetta má að sumu leyti til sanns vegar færast. En mjer er spurn, mætti þá ekki með svipuðum rjetti kalla Landsbankann útibú frá Landmandsbankanum.

Eitt af aðalorsökunum fyrir því, að Íslandsbanki er kominn í það ástand sem hann er í, er það, að grundvöllurinn undir honum sem bankastofnun er ótraustur; hann er reistur á skökkum grundvelli, og þann grundvöll hafa fyrri þing lagt. Er t. d. von að vel fari um banka, sem hefir aðeins 4½ miljónar króna höfuðstól, en víxla meira og minna veikt trygða fyrir alt að 30 miljónum. Nei, hjer duga engin vetlingatök, hjer þarf að skifta um grundvöll. Jeg get tekið undir það með hv. þm. Ísaf. að þetta þarf að gera undir eins. Allir munu viðurkenna nauðsynina á því að hjálpa Íslandsbanka við, því þótt hann sje að forminu til privat-banki, þá er hann þó í raun og veru þjóðbanki, þar sem flestir aðalatvinnuvegirnir byggjast á honum. Það þarf að gera þær ráðstafanir við bankann, að hann losni við þær óvinsældir, þann kala, sem á honum er nú innanlands. Það þarf að reisa við traust hans út á við. Til þessa þarf gerbreyting á öllu fyrirkomulagi bankans. Það duga ekki plástrar við liðhlaupi. Það þarf að afla honum fjár til greiðslu erlendra skulda. Það þarf að auka hlutafje hans og sömuleiðis veltufje.

Mjer virðist, að sjálfsagt sje, eins og sakir standa, að ríkið kaupi hluti í bankanum, eftir að örugg rannsókn hefir fram farið á hag bankans. Því þótt að vísu muni ekki heppilegt að hafa hjer á landi tvo þjóðbanka í framtíðinni, þá sje jeg ekki annað en, eins og sakir standa, að það sje bráðnauðsynlegt að hlaupa undir bagga með bankanum, annars veltur alt um koll. Þetta virðist mjer einnig, að meiri hluti háttvirtrar peningamálanefndar hafi sjeð.

Jeg býst við því, ekki stærra en margir háttvirtir þingmenn hjer í deildinni líta á hlutina, að þeim muni ofbjóða það fje, sem til þessara ráðstafana þarf, en þetta er eina leiðin út úr ógöngunum. Yfirbyggingin á okkar fámenna þjóðfjelagi er orðin svo mikil; og það er ekki þessu þingi heldur undanfarandi þingum að kenna, að við komumst ekki

hjá því að reyna að halda öllu í horfinu með því að halda framleiðslu okkar og atvinnuvegum eins uppi og hægt er. Að öðrum kosti verðum við að losa okkur við okkar stóra útgjaldabákn með byltingu.

Tökum t. d., ef þau einu nýtiskutæki, sem við eigum, togararnir, yrðu að hætta sakir veltufjárskorts, mundi þá ekki verða þröngt fyrir dyrum hjá mörgum kotbændunum um að greiða útgjöld til landsins?

Um leið og Íslandsbanka er útvegað fje til að starfa með og lagður nýr grundvöllur að starfsemi hans þarf að skifta um lið á skútunni, þarf að skifta um bankastjórn að nokkru eða öllu leyti. Það má heita svo, að síðastliðið misseri hafi verið bankastjóralaust við Íslandsbanka. Einn bankastjórinn hefir verið fjarverandi vegna veikinda, hinir tveir ýmist veikir eða fjarverandi, svo að telja má, að aðalerindi viðskiftamanna í bankann hafi verið það að spyrja um líðan bankastjóranna, og þó víst margir átt þangað þarfara erindi.

Í sambandi við þau þrjú frv., sem nú liggja fyrir þinginu um það mál, sem nú er til umræðu, skal jeg taka það fram, að jeg tel óhugsandi, að hægt sje að lækna núverandi ástand með lagasetning einni saman. Það verður ekki læknað nema með nýju blóði. Það verður ekki læknað með nýjum pappírspeningum. Það þarf nýja, gjaldgenga peninga, sem gilda út fyrir landsteinana. Það þarf umfram alt nýja menn, sem kunna að sigla út úr þeim ógöngum, sem búið er að stýra oss inn í.

Hvað frv. hæstv. stjórnar snertir, sem einn hæstv. ráðherranna lýsti nýlega yfir, að ekki bæri að skilja svo, að hún hefði tekið aftur, má um það segja, að það er reist á alómögulegum grundvelli, sem sje þeim, að bankinn hafi heimild til að auka hlutafje sitt. En hvaða maður í heiminum mundi kaupa slík brjef, eins og sakir standa, og þótt svo væri, að hann gæti selt, vantaði hann þó fje engu að síður. Þann kost hefir frv. fram yfir frv. efri deildar, að það er „tekniskt" betri frágangur á því. En ber stjórnin ábyrgð á því frv., hvernig er það? Annars ætla jeg ekki að tala ítarlega um frv. þau, er liggja fyrir núna; má vera, að fleiri komi fram, en jeg mun fylgja því frv., sem best samrýmist minni skoðun á málinu. Jeg vil hjálpa Íslandsbanka vegna ríkisins en ekki hluthafanna, en ekki fyr en eftir ítarlega rannsókn á hag bankans. — Seðlaútgáfan vil jeg að tekin sje af bankanum smátt og smátt, en jeg vil alls ekki binda hana að svo stöddu við neinn sjerstakan banka, því eins og Landsbankinn er rekinn nú, tel jeg, að álitamál geti verið, hvort rjett sje að láta hann hafa seðlaútgáfuna; að minsta kosti liggur ekkert á því að binda hana straks.

Það væri æskilegt, enda veit jeg, að svo verður í framtíðinni, að íslenskir bankar hefðu sameiginl. íslenskar banka-afgreiðslur (clearing houses) erlendis, helst bæði í Danmörku og Englandi, svo bankar okkar þyrftu ekki að vera eins háðir dönskum bönkum og þeir eru nú. En til þess að geta komið þessu í kring nú, þyrfti föst lán til langs tíma. Ef þessi stjórn, sem nú situr að völdum, á að taka lán, sem jeg dreg í efa, að hún vilji gera, þar sem hún hefir lýst yfir því, að hún vilji helst ekkert lán taka, mun hún, að því er líkur benda á og enda komið í ljós, aðeins taka það í Danmörku, sbr. ummæli hæstv. fjrh. (M. G.) í dönskum blöðum, að sjer hefði ekki komið til hugar að leita annarsstaðar

fyrir sjer um lántökur; þetta verð jeg að telja mjög misráðið. Við ættum helst að fá lánið annarsstaðar, ef það væri mögulegt, og það tel jeg að víst sje. Það er ekki holt að hafa öll peningaviðskifti við þá þjóð, sem við eigum í samningum við um þau rjettindi vor, sem ekki verða metin til peninga.

Úr því jeg mintist á hæstv. stjórn í þessu sambandi, er ástæða til að minnast hins algerða aðgerðaleysis hennar í þessu máli. Þessi dauða hönd aðgerðaleysisins, sem hvílt hefir eins og mara yfir öllu, verður ekki metin til fjár. Að vísu er hægt að reikna út, hve mikið tjón við höfum beðið af því að taka ekki lán í sumar, að því er snertir gengisgróða, en veltustöðvunin og lánstraustsspjöllin verða ekki metin til peninga.

Hæstv. stjórn varð þá það sama til ráða og strútnum, þegar hann stingur höfðinu niður í sandinn. Þegar svo við „lánspostularnir", sem hún í byrjun þings kallaði svo í háðungarskyni, en sem hún nú líklega neyðist til að taka til fyrirmyndar og fara eftir, bentum á syndir hennar í þessu efni, þá neyddi hún þingið til að stinga höfðinu einnig niður í sandinn, með því að telja því trú um, að ekkert væri um að vera, engin veruleg þörf á láni.

Hafi þessi frammistaða hjá hæstv. stjórn verið af skilningsleysi og fávisku, þá má það þing vera aumlega skipað, sem unir því, að hún sitji áfram eftir þetta. En sje þetta hins vegar viljaverk stjórnarinnar, verður það naumast skilið öðruvísi en svo, að hún sje með ásettu ráði að tefla okkur fram í gin erlendra, og þá einkum danskra skuldheimtumanna og þar með tortíma okkar sjálfstæði gagnvart Dönum. Og má jeg þá spyrja, til hvers vjer eigum eiginlega stofnun þá, sem landsdómur heitir.

Jón Baldvinsson: Háttv. flm. (Jak M.) kvað svo fast að orði í gær, að hann óskaði þess, að þeir þm., sem hefðu eitthvað við frv. að athuga, ljetu nefndina heyra til sín þegar við þessa umr.

Hjer er eiginlega aðeins að ræða um aðra hlið málsins, en það er seðlafyrirkomulagið. Háttv. þm. geta því ekki tekið fulla afstöðu til málsins, fyr en síðari hluti þess hefir verið athugaður af nefndinni, en sá hlutinn er mikilsverðastur, því þar eiga að vera till. til lausnar á fjárkreppunni. Þó eru nú í þessu frv. feld niður stórvægileg atriði, eins og t. d. yfirfærsluskylda Íslandsbanka. Það hefir verið sagt, að hún hafi ekki komið Landsbankanum að neinu haldi. Mjer virðist nú annað hafa komið fram hjá þeim fjármálamönnum, sem skrifað hafa um þetta mál, en að hún sje þýðingarlaus.

Það virðist svo, sem sá banki, er hefir á hendi seðlaútgáfu landsins og stærstu lánin til atvinnuveganna, hljóti að vera sá banki, sem mest fær af erlendu fje, og það er því mjög varasamt að fella niður yfirfærsluskylduna. Það er að vísu rjett, að þessi skylda hefir ekki komið að haldi á þessu ári, en landið á þá sök á hendur bankanum, og eigi nú að fara inn á þá braut, að landið taki að sjer bankann, þá heyrir það til þeim síðari hluta, og þá má ef til vill ráða svo fram úr þessu, að ekki saki, þó yfirfærsluskyldan sje feld niður. Því að ef bankinn verður ríkiseign, þá er engin ástæða til þess að hafa yfirfærsluskylduna. Hvort ríkið skuli eignast bankann nú þegar í stað eða smátt og smátt, um það skal jeg ekki tala hjer, en jeg tel sjálfsagt, að ríkið eignist hann að lokum.

Það er annars stórmikill galli, að þetta mál skuli hafa komið svona seint fram,

en ekki dugar að saka um orðinn hlut. Þetta gæti orðið til þess, að ekki verður hægt að ganga frá málinu að fullu nú á þessu þingi, en þyrfti að fela það landsstjórninni til frekari undirbúnings fyrir næsta þing. En þá þyrfti það helst að vera í höndum þeirrar stjórnar, sem treystandi væri, en ekki hjá þeirri stjórn, sem hefir sýnt, að hún kann ekki að fara með það svo, að vænta megi viðunandi úrslita fyrir þjóðina.

Þorsteinn Jónsson: Jeg gat ekki orðið flm. ásamt háttv. samnefndarmönnum mínum, er flutt hafa þetta frv., sem hjer liggur fyrir. Jeg var þeim að vísu sammála um flest aðalatriði þess, en vildi gera við það brtt., sem þeir gátu ekki gengið að. Við hv. 1. þm. Árn. (E. E.) höfum ætlað okkur að koma fram með brtt. við frv.

Nefndin hefir verið ásökuð fyrir það, hversu lengi hefir dregist hjá henni að koma fram með nefndarálit. Þeir nefndarmenn, sem talað hafa, hafa nú borið hendur fyrir höfuð nefndarinnar að því er þetta snertir. En þó finst mjer, að þeir hafi enn ekki tekið nógu skýrt fram, hver sje höfuðorsök til dráttar á útkomu nál. En hún er nú sú, að nefndin hjelt að hún gæti bygt tillögur sínar og nál. á frv. stjórnarinnar. Störf nefndarinnar gengu því í fyrstu lengi í þá átt að rannsaka, að hve miklu leyti hún gæti hallast að frv. stjórnarinnar. En það kom að lokum ljóst fram, að frv. stjórnarinnar var þannig úr garði gert, að nefndin gat með engu móti mælt með því. Þetta varð til þess, að dráttur varð á því, að nefndin gæti lokið störfum. Það er nú miklum og mörgum erfiðleikum bundið að koma fram með nýtt frv. um þessi efni, og hæpið að þingnefnd geti gert fullnaðarákvarðanir um slíkt vandamál. Hæstv. fjmh. (M. G.) taldi bætt úr vandkvæðum Íslandsbanka með lausn seðlaútgáfurjettarins. Þetta er ekki álit nefndarinnar. Og við hv. 1. þm. Árn. (E. E.) lítum svo á, að framlengja eigi lögin um eitt ár, sem í dag voru framlengd um 1 mánuð. Við byggjum þessa skoðun okkar á því, að á þessu ári megi komast að samningi við Íslandsbanka um framtíðarafstöðu hans, og því sje ekki vert að slaka á kvöðum þeim, er á honum hvíla, áður en búið er að semja við hann.

Þá voru það nokkur orð í ræðu hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), sem mjer fundust æði athugaverð. Hann sagði að Íslandsbanki væri útibú frá Privatbanken í Kaupmannahöfn. Jeg fæ alls ekki sjeð að þetta sje rjett, enda þótt Íslandsbanki sje allmikið háður þeim banka sökum skulda. En vegna skulda er hann ekki fremur útibú frá Privatbanken en eignir manns, sem skuldar Íslandsbanka, er útibú frá honum. Jeg býst varla við því að hv. þm. (Gunn. S.) kæri sig um, að slík kenning um útibú nái almennri viðurkenningu.

Sami háttv. þm. sagði, að Landsbankann mætti einnig telja útibú frá „Landmandsbanken". Þetta er vitanlega enn þá meiri fjarstæða, enda þótt Landsbankinn hafi haft aðalviðskifti sín við „Landmandsbanken". Mjer er um það kunnugt, að þessir tveir bankar hafa gert með sjer árlega samninga, en oftast hefir svo reynst við hver áramót, að Landsbankinn hefir átt inni hjá „Landmandsbanken".

Það er heldur ekki rjett, að Landsbankinn hafi ekki viðskifti við aðra banka, og það í allstórum stíl. Landsbankinn hefir einnig gert viðskiftasamninga við aðra banka, t. d. við einn ensk-

an banka. Og mjer þykir það nokkuð hart, ef íslenskur banki má ekki gera samning við erlendan banka, án þess að verða þess vegna kallaður útibú frá honum. (**Gunn. S.**: Þetta er eintómur misskilningur). Sá misskilningur er þá hjá hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.).

Flm. (Jakob Möller:) Jeg ætla fyrst að víkja nokkrum orðum að þeim hv. þm., sem síðast hafa talað. Undanskil jeg þar þó hv. samnefndarmann minn þann er síðast talaði (Þorst. J.), því þó hjá honum hafi komið fram smáatriði nokkur, sem jeg ekki get fallist á, þá sje jeg þó ekki ástæðu til að svara því sjerstaklega, enda sama fram komið hjá öðrum hv. þm.

Jeg byrja þá á hv. 2. þm. Reykv. (J. B.). Hann gat þess, að hjer lægi ekki fyrir nema önnur hlið málsins.

Þetta er að vísu rjett. En þó hefir það komið fram bæði í framsöguræðu minni og í nál., hverja lausn nefndin hugsar sjer á peningakreppunni. En till. nefndarinnar í þá átt eru ekki enn fram komnar vegna þess, að meira þurfti að flýta þessu frv. Bjargráðatill. nefndarinnar geta hvort sem er ekki komið straks til framkvæmda, og varla fyr en eftir þinglok, og því ekki svo mjög saknæmt þótt frestist framkoma þeirra um 1 eða 2 daga. Við höfum nú þegar beðið þess í 12 mánuði, að hæstv. stjórn gerði eitthvað til bjargar fjárhag landsins. Og jeg býst við því, að hvað sem annars líður afgreiðslu málsins hjer á þingi, þá muni enn verða sami seinagangurinn hjá stjórninni, er til framkvæmda kæmi, á meðan hún fer með völdin.

Í seðlamálinu er um tvenskonar grundvöll að ræða, og við vildum þá fyrst sjá, hvernig tekið yrði frv okkar um að skipa þeim málum til bráðabirgða. Og jeg bjóst við því, að deildin gæti tekið afstöðu til þessa frv. með hliðsjón af þeim tillögum til bjargráða, er fram koma í nefndarálitinu.

Hitt er annað mál, hvort hv. þm. geta sætt sig við þær bjargráðatill. er frá nefndinni koma síðar, enda hafa þeir um það óbundnar hendur, hversu sem fer um afstöðu þeirra til þessa frv. En væntanlega verður ekki um það deilt, að seðlaútgáfunni verði að skipa á einn eða annan hátt, að minsta kosti til bráðabirgða.

Háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.) taldi það galla á frv., að feld væri niður yfirfærsluskylda Íslandsbanka, og háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) tók þar í sama streng og sagði, að ekki bæri að ljetta kvöðum af bankanum, meðan hann þurfi hjálpar við af ríkinu. En jeg vil segja, að einmitt úr því að ríkið þarf að hjálpa bankanum á þann hátt að útvega honum fje, þá er ástæðulítið að vera að þyngja honum með slíkum kvöðum meðan svo stendur, kvöðum, sem hann alls ekki getur uppfylt og aðeins geta orðið til að vekja ófrið um bankann. Og þar sem við ekki höfum neitt gagn af þessu ákvæði, þá er sjálfsagt að sleppa því. Hitt er annað mál, hvort gefa á bankanum svo að segja alveg lausan taumin og láta eftir honum alt, sem hann kann að heimta. Jeg vil t. d. alls ekki fyrirfram binda seðlaútgáfurjettinn til 1924. Og það er með öllu ástæðulaust, ef ríkissjóður á að hlaupa undir bagga með bankanum hvort eð er. Annars mun jeg koma betur að þessu atriði í sambandi við ræður hæstv. ráðherra.

Mjer var satt að segja ekki vel ljóst, hvað fyrir hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) vakti í ræðu hans. Hann virtist vera hræddur

við alt. En þó fanst mjer það ekki vel í samræmi við þessa hræðslu hans að vilja þá skipa endanlega seðlaútgáfumálunum áður en samið væri við bankana, ekki síst þegar hann jafnframt heldur því fram, að einn mikils megandi maður, útlendur, en nákominn Íslandsbanka, muni hafa tilhneigingu til þess að hremma undir sig of mikil yfirráð yfir peningamálum vorum og skella skolleyrum við kröfum okkar. En ef svo er, finst mjer síst ástæða til þess að gefa þeim góða herra eftir alt, sem hann kann að heimta, einkanlega ef ekkert fæst í aðra hönd.

Viðvíkjandi ræðum hæstv. ráðherra, þá skal jeg taka það fram, að þegar jeg hóf máls hjer í hv. deild í gær, þá ætlaðist jeg alls ekki til, að hjer yrðu í sambandi við þetta mál harðar deilur um afskifti eða öllu heldur afskiftaleysi núverandi stjórnar af fjárkreppunni. Enda stilti jeg þá orðum mínum mjög í hóf í garð stjórnarinnar. Hæstv. atvrh. (P. J.) virðist og hafa skilið þetta, því hann svaraði mjög hógvært og stillilega.

Alt öðru máli var að gegna um hæstv. fjrh. (M. G.), og má hann því sjálfum sjer um kenna, ef orð mín hrjóta nú nokkuð á annan veg en í gær.

Við ræðu hæstv. atvrh. (P. J.) hefi jeg ekki margt að athuga. Hann gerði grein fyrir seðlaútgáfusamningum stjórnarinnar við bankana báða. Og hefir hann þar vafalaust skýrt rjett frá. — Þar á meðal gat hann þess, að nokkur ágreiningur hefði verið milli bankanna um fyrirkomulagið og að komið hefði fram krafa frá Landsbankanum um að hann fengi útgáfurjett á hinum svo nefndu toppseðlum. Er mjer ekki grunlaust um, að ýms annar ágreiningur hafi komið fram í þeim samningaumleitunum. En það er eftirtektarvert, hvernig hæstv. stjórn hefir farið að því að sneiða hjá þessum ágreiningsatriðum í frv., sem hún lagði fyrir þingið.

Í fyrstu gr. frv. er nokkurn veginn skýrt ákvæði um útgáfu toppseðlanna og virðist Íslandsbanki tvímælalaust eiga að fara með hana samkvæmt þeirri grein, en svo er önnur grein sett þar á eftir, sem ekkert erindi virðist eiga í frv. annað en að gera þetta óljóst, og segir þar, að stjórnarráðið skeri úr, ef bankana greini á. Sú grein hefir og valdið því, að bankastjóri Íslandsbanka ljet þess getið, að hann vissi ekki glögt, hve útgáfurjetturinn væri rífur samkv. frv., og eins og jeg vjek að í framsöguræðu minni, þá er mjer ekki grunlaust um, að stjórnin hafi beinlínis viljað, að þetta væri á huldu. Hæstv. ráðherra (P. J.) sagði það og vera tilganginn með frv., eða hann kvaðst skilja það svo, að Landsbankinn fengi toppseðlaútgáfuna. En þá er mjer líka óhætt að fullyrða, að Íslandsbanki telur frv. algerlega óaðgengilegt. Á hinn bóginn var því lýst yfir við nefndina, að Íslandsbanki ætti að hafa toppseðlaútgáfuna á hendi.

Hæstv. atvrh. (P. J.) gaf í skyn, að nefndin hefði sagt meira en rjett var um, hvað stjórnin hefði sagt um, að frv. hennar leysti úr fjárkreppunni. En stjórnin sagði beinlínis, að ef frv. stjórnarinnar yrði samþ., þá væri gert ráð fyrir því, að það eitt mundi nægja til þess að greiða úr fjárkreppunni. Jeg skal ekki fullyrða, að hæstv. stjórn hafi sagt þessi orð hjer í þingsalnum, en hafi þau ekki þar fallið, þá hefir hún sagt þau á nefndarfundi, og það oftar en einu sinni, enda veit jeg, að þau eru bókuð í fundabók nefndarinnar. En þessi og slík ummæli stjórnar-

innar voru beint í því skyni gerð að svæfa nefndina og fá hana til að fallast á stjórnarfrv. Og jeg vil ganga svo langt að fullyrða það, að stjórnin hafi beinlínis reynt að halda þýðingarmiklum skjölum fyrir nefndinni, til þess að koma í veg fyrir, að hún fengi rjettan skilning á málinu, og hefir það orðið til þess að tefja nefndarstörfin að miklum mun. Stjórnin hefir skjöl í höndum, sem jeg fullyrði að sýni það óvefengjanlega, að Íslandsbanki geti ekki komist af án hjálpar ríkisins, og þá um leið að seðlaskipunin hefir enga þýðingu í því efni.

Nefndin hafði ástæðu til þess að ætla, að stjórninni hefðu borist einhver skrif eða skilríki frá Danmörku, þess efnis, að Íslandsbanki mundi lítils lánstrausts mega vænta þar, og í útlöndum yfirleitt, á eigin spýtur, hvernig svo sem úr seðlamálinu yrði greitt. Nefndin gerði tvívegis tilraunir til að fá að sjá þessi skjöl. Í fyrra skiftið var því algerlega neitað, að stjórninni hefðu borist slík skjöl. Í síðara skiftið var það einmitt mjer falið að grenslast eftir því hjá stjórninni, hvort hún hefði fengið nokkur skrifleg gögn máli þessu viðvíkjandi frá sendiherranum í Kaupmannahöfn eða öðrum. Jeg spurði fyrst hæstv. fjrh. (M. G.) um þetta, og kvaðst hann ekki vita til þess. Jeg spurði þá hæstv. forsrh. (J. M.) um það sama, en hann kvaðst þá ekki muna það, en lofaði að gæta að því og láta þá nefndina vita, ef svo væri. — Jú, honum tókst þá að grafa upp þessi skjöl, og jeg get fullvissað hv. deild um það, að það er alveg óhugsandi, að hæstv. ráðherrann hafi ekki „munað eftir“ efni þeirra.

Jeg skal geta þess, að það var ekki ætlun mín að blanda þessu hjer inn í umr., en stjórnin hefir sjálf gefið tilefni til þess. Hins vegar geta menn af þessu ráðið, hve erfiða aðstöðu nefndin átti.

Þá er það alrangt hjá hæstv. fjrh. (M. G.), að nefndin hafi látið nokkurt orð falla í þá átt, að hún hefði frá upphafi talið stj.frv. algerlega óaðgengilegt. Það vakti einmitt fyrst fyrir nefndinni að byggja á stj.frv., eða á líkum grundvelli. En síðar bárust nefndinni sem sagt þær upplýsingar, að hún var til neydd að hverfa frá því, og að öðru leyti reyndist undirbúningur málsins frá stjórnarinnar hálfu í öllum atriðum svo nauðaljelegur, og yfirleitt svo lítið á því að byggja, sem hún upplýsti um samningana við bankana, að nefndin sá ekki fært að byggja að neinu leyti á þeim grundvelli.

Ágreiningurinn er nú um það, hvort eigi að framlengja seðlaútgáfurjettinn um 1 ár eða til 1924. Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að þetta væri smávægilegt formsatriði. (**P. J.**: Það hefi jeg ekki sagt). Jeg hefi þó skrifað það niður hjá mjer. (**Gunn. S.**: Jeg líka). (**P. J.**: Ef jeg hefi sagt það, þá hefi jeg ekki sagt það í þessu sambandi). Úr því hæstv. atvrh. (P. J.) gengur frá þessum orðum, þá er ekki meira um það að segja. En þetta er þó það atriði, sem skilur. Og að minsta kosti var það ekki smávægilegt, sem á eftir fór í ræðu hans. Hann hjelt því fram, að þetta væri nauðsynleg ráðstöfun vegna lánstrausts bankans. En þó viðurkennir hann, að þetta bjargi ekki. Og ef bankinn þarf aðstoðar ríkissjóðs eftir sem áður, hvaða lánstraust er það þá, sem þessi skipun seðlaútgáfunnar á að hjálpa upp á. Það hlýtur þá að vera lánstraust ríkissjóðsins. En ríkissjóðurinn eða ríkisstjórnin hefir seðlaútgáfuna algerlega í hendi sjer að öðru leyti en því, sem hún þeg-

ar er í höndum Íslandsbanka, og ætti því frekari skipun hennar í sambandi við bankann að vera óþörf til að treysta lánstraust ríkissjóðs.

Jeg gæti trúað því, að hæstv. stjórn hafi ekki athugað, að kringumstæður eru nú mjög breyttar frá því er hún samdi frv. Hún er nokkrum mánuðum á eftir tímanum og byggir á því ástandi, sem var fyrir 6 mánuðum síðan, þegar hæstv. fjrh. (M. G.) var erlendis. En nú liggur þetta alt öðruvísi fyrir, og verður því ekki um það talað á sama grundvelli.

Jeg skora nú á hæstv. stjórn að leiða rök að því, að bankanum sje þetta endanlega skipulag seðlaútgáfunnar nauðsynlegt, þar sem hún þó hefir viðurkent, að bankinn komist ekki af án hjálpar ríkissjóðs hvort sem er.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að að afsaka sig væri sama og ásaka sig. Jeg mintist þá fyrstu fjármálaræðu hæstv. ráðherra (M. G.) hjer í þinginu, því sú ræða verður harðasta ásökunin í garð ráðherrans eftir kenningu hans sjálfs. Það er annars spaugilegt að heyra hann segja, að jeg sje nú kominn að sömu niðurstöðu og hann hafi verið kominn að í þingbyrjun. Því sannleikurinn er sá, að hann er nú að færast eitthvað í áttina til þess, sem jeg var kominn fyrir 8 mánuðum síðan, að eina ráðið til að leysa fjárkreppuna væri að taka lán. Jeg man ekki betur en hann hafi leitað með logandi ljósi í öllum lánaflokkum, sem hann gat hugsað sjer, en þóttist hvergi geta fundið hæfilegan flokk fyrir ríkissjóð að taka lán. Hann talaði um eyðslulán og „spekúlations"-lán, en hvorugt fanst honum sæma ríkissjóði. Og um viðskiftalán sagði hann, að ekki gæti komið til mála, að ríkið tæki slík lán til að lána svo aftur „Pjetri og Páli" til að „braska" með peningana. Það væri þá bankanna hlutverk að gera það, ef þess þyrfti. En nú er peningamálanefndin öll, allir flm. frv., sem fram er komið í Ed., og sennilega öll hæstv. stjórn og alt Alþingi komið að þeirri niðurstöðu, að það verði að taka gjaldeyrislán. Nú getur hæstv. fjrh. (M. G.) rifjað upp fyrir sjer, hvað við, hann og jeg, hvor um sig sögðum um slíkar lántökur í þingbyrjun, hvað hann sagði þá um „lánspostulana" og svo að lokum sannfært sig um það, hvor okkar það er, sem n ú f y r s t er farinn að sjá sannleikann í málinu.

Að öðru leyti er litlu að svara hæstv. fjrh. (M. G.). Ræða hans var mest útúrsnúningar og hártoganir og tilraunir til að villa mönnum sýn. T. d. get jeg nefnt það, þegar hann þóttist vera að sanna, að stjórnin hefði ekki getað felt úr gildi lög nr. 16, 1920, sem í 2. gr. sinni leggja yfirfærslukvöð á Íslandsbanka fyrir Landsbankann, en það væri af því, að þetta sama ákvæði væri í lögum áður. Þetta er bókstaflega ó s a t t, því ákvæðið er, eins og það er í þessum lögum, ekki til í neinum öðrum lögum, og ef það væri í raun og veru svo, að þetta ákvæði hafi staðið Ísl.banka svo mjög fyrir þrifum, eins og látið var, þá var það bein og sjálfsögð skylda stjórnarinnar að fella það úr gildi milli þinga á sína ábyrgð.

Hæstv. fjrh. (M. G.) segir, að jeg hafi skýrt rangt frá um átta manna frv. í Ed., að því er snerti hlutfjáraukann. Hann segir, að það skilyrði sje sett í 10. gr. frv., að það haldi ekki gildi sínu nema bankinn geri þessar ráðstafanir. Jeg er þakklátur hæstv. fjrh. (M. G.) fyrir að hafa mint mig á þessa gr. frv. Hún er sem sje, að mjer skilst, gersamlega þýðingarlaus í þessu tilliti og ekk-

ert annað en átakanlega klaufaleg blekkingartilraun, í því skyni gerð að fleka hv. þm. til að greiða frv. atkv.

Greinin hljóðar svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi, en falla úr gildi 30. sept. 1921, nema því aðeins, að hluthafafundir Íslandsbanka verði þá búnir að gera þær ráðstafanir, sem lög þessi áskilja."

Við skulum nú athuga þýðingu þessa fyrir frv. Í 3. gr. er Íslandsbanka gert að skyldu að selja ríkissjóði af gullforða sínum. Dettur nokkrum í hug, að hann geti það fyrir 30. sept. 1921? Það kemur auðvitað ekki til mála, vegna þess að gullforðinn fer ekki að losna að neinu leyti, samkv. frv. sjálfu, fyr en á árinu 1925.

Í 2. gr. er, að bankinn eigi á tímabilinu frá 1. janúar 1925 til enda leyfistímans, 1933, að hafa dregið inn alla seðla sína. Ekki verður hann búinn að framkvæma það fyrir 30. sept. 1921!!

5. gr. er svo orðuð: „Íslandsbanki skal auka hlutafje sitt um alt að 100% á þann hátt, að ríkissjóður leggur hlutafjáraukann fram þegar er hann sjer sjer fært." Með öðrum orðum: Kröfunni er fullnægt, hvað lítið sem hlutafjeð er aukið. Það þarf ekki að vera svo mikið. að ríkissjóður fái nokkur umráð. Svo er þetta ekkert „absolut" skilyrði. Alt vald er lagt á herðar stjórnarinnar. Ef hún vill ekki leggja þessa kvöð á bankann, þá verður það ekki gert. Og ef svo færi, þá verður bankinn ekki fyrir neinni sök.

Og jeg vil segja, að fyrir mitt leyti treysti jeg ekki hæstv. núverandi stjórn til að þvinga bankann til þessa, allra síst ef „mikli maðurinn", sem hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) var að tala um, vildi ekki svo vera láta.

Ef meiningin væri sú að binda seðlaútgáfuna „absolut" skilyrði um hlutafjárauka, þá lægi auðvitað beinast við að gera það með því að orða 1. gr. þannig: „Íslandsbanki fer með seðlaútgáfu í ríkinu, ef samningar takast um hlutafjárkaup þau, sem ræðir um í 5. gr." o. s. frv., eða eitthvað á þá leið. En þetta er ekki gert. Í stað þess er 10. gr. hnýtt aftan við frv. til þess að veiða veikar sálir. Stjórnin ætlar að smeygja sjer undan hlutafjáraukningunni með þessu loðna ákvæði. Það kemur líka vel heim við það svar, sem mjer er sagt, að einn ráðherranna hafi gefið við þeirri spurningu, hvort ekki væri rjett að reyna að ná yfirráðum í Íslandsbanka með því að auka hlutafje hans. „Það væri sama og að ætla sjer að leggja veg yfir Vatnajökul," sagði hæstv. ráðherrann.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi lítið verið hjer við umr. og hefi heldur ekki ástæðu til að ræða málið verulega, því það tekur mest til hinna ráðherranna. Jeg vil aðeins segja nokkur orð út af þeim ummælum háttvirts flm. (Jak. M.), að stjórnin hafi haldið skýrslum fyrir nefndinni.

Það er alveg rjett, að hæstv. fjrh. (M. G.) hefir sagt, að hann hafi skilið svo ummæli eins af bankastjórum Privatbankans á fundi í Kaupmannahöfn í haust, að ef tækist að skipa málum Íslandsbanka til frambúðar, þá mundi Privatbankinn veita honum lán framvegis, eins og verið hefði. Á fundi, sem stjórnin hafði með hv. peningamálanefnd, sagði hæstv. fjrh. (M. G.) þetta sama og kvaðst ekki vita um neina breytingu á því, þegar um það var spurt. Jeg sagði það sama.

Hv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) spurði mig, að því er jeg held fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar, hvort engar skýrslur

hefðu komið til stjórnarráðsins, sem sýndu breytingu á þessu. Jeg sagðist ekki hafa orðið þess var, en sagðist skyldi athuga það. Síðan kom hv. flm. (Jak. M.) og spurði mig, fyrir hönd 4 manna í nefndinni, um það sama. Jeg gaf þegar þessum 4 mönnum — undirnefnd nokkurskonar innan peningamálanefndarinnar — kost á að sjá þær skýrslur, sem um gat verið að ræða.

Nú skildist mjer á hv. flm. (Jak. M.), að hann hafi þóst sjá eitthvað í þessum skjölum, sem bendi til þess, að eitthvað sje breytt af hendi Privatbankans. Helst mun hann hafa ráðið það af skjali nokkru, „memorandum" frá tveim erlendum bankaráðsmönnum Íslandsbanka.

Jeg hafði ekki skilið þetta „memorandum" svo, að í því feldist nokkuð um afstöðu Privatbankans til Íslandsbanka. Og sama skilning lagði Tofte bankastjóri í það. Samt skal jeg viðurkenna, að ef til vill hefði mátt lesa eitthvað út úr þessu skjali í þá átt, sem háttv. flm. (Jak. M.) virðist hafa gert. Til frekari fullvissu bað jeg Tofte bankastjóra að síma til þess bankaráðsmannsins, sem er aðalbankastjóri Privatbankans, Clausens, og spyrja, hvort nokkuð mætti ráða af þessu „memorandum" um framtíðarviðskifti bankanna. Svaraði Clausen þessu skeyti svo, að þetta „memorandum" snerti á engan hátt eða segði alls ekkert um afstöðu Privatbankans til Íslandsbanka.

Það er því hreinn misskilningur, að nokkrum skýrslum hafi verið haldið af stjórnarráðsins hálfu fyrir hv. nefnd, eða nokkrar skýrslur gefnar, er ekki voru fyllilega rjettar, og að því leyti sem ummæli Tofte bankastjóra um skilning á ummælum Clausens bankastjóra um lánveiting, koma ekki heim við orð ráðherrans, þá er mjer kunnugt um, að hann hefir í höndum sönnunargögn fyrir því, að maður, sem var við samtalið og háttv. flm. (Jak. M.) varla mun rengja, skyldi Clausen á sama hátt.

Skýrslur þær, sem háttv. flm. (Jak. M.) segir stjórnina hafa haldið fyrir nefndinni, eru til sýnis öllum hv. þm., er þess óska, í stjórnarráðinu.

Jón Þorláksson: Jeg ætla ekki að fara langt út í frv., sem ekki er hjer til umr., en mönnum hefir þó orðið skrafdrjúgt um.

Það frv., sem hjer liggur fyrir, fer fram á að framlengja seðlaútgáfurjett Íslandsbanka um eitt ár. En í frv. sjálfu er ekkert um það, hvað skuli taka við á eftir. Í ræðum manna hefi jeg heldur ekki orðið var við neina bendingu um það efni. En það hefði ráðið miklu um mína afstöðu, ef jeg hefði vitað, hvað ætti að taka við, ef frv. yrði samþ.

Að því er til þessarar seðlaútgáfu kemur er í rauninni um 3 atriði að ræða. Fyrst er seðlaútgáfa Íslandsbanka, sem hann nú fer með. Í frv. því, sem hjer er til umr., er henni skipað um tiltölulega mjög stuttan tíma, aðeins til 1. maí 1922. Í átta manna frv. í hv. Ed. er henni skipað um heldur lengri tíma, til 31. des. 1924. Er þessi mismunur fremur smávægilegur í mínum augum.

Annað atriðið, sem er allmiklu stærra, er það, hvernig eigi að skipa seðlaútgáfu Íslandsbanka það sem eftir er leyfistíma hans. Fyrir þetta tímabil þarf bráðabirgðaskipun á seðlaútgáfu landsins og endanlega skipun á útgáfunni gagnvart Íslandsbanka á það, sem um fram er 2½ milj. kr.

Þriðja atriðið er svo fullnaðar- eða frambúðarskipulag á seðlaútgáfu lands-

ins, eftir að útgáfurjettur Íslandsbanka er á enda.

Annað atriðið, eða skipun seðlaútgáfu Íslandsbanka það sem eftir er af leyfistíma hans, hefir sjerstaka þýðingu fyrir bankann og er nauðsynlegt til þess að bankinn geti notið nægilegs lánstrausts, það sem eftir er leyfistíma hans, og vík jeg að því síðar.

Af þeim 3 frv., sem komið hafa fram um þetta mál, er aðeins eitt, sem nokkuð snertir þriðja atriðið; það er stjórnarfrv. Í því er gerð endanleg skipun á seðlaútgáfunni og gert ráð fyrir, að hún gangi smám saman yfir til Landsbankans og verði 1933 komin algerlega í hans hendur. Það getur verið, að það sje varhugavert að ganga svo langt á þessu þingi, þó jeg hafi talið það æskilegast, að svona máli sje ráðið til fullra lykta. En mjer skilst á hv. nefnd, að Landsbankinn treysti sjer ekki til að taka við seðlaútgáfunni eins og stjórnarfrv. gerir ráð fyrir. Ef svo er, þá get jeg verið sammála hv. nefnd um það, að við eigum að láta endanlega skipun fyrir framtíðina bíða. En í því liggur ekki, að eigi megi koma endanlegri skipun á seðlaútgáfurjett Íslandsbanka, það sem eftir er af leyfistíma hans.

Háttv. flm. (Jak. M.) viðurkendi, að skipun þessa atriðis hefði þýðingu fyrir lánstraust bankans, með því að hann kannaðist við það, að slík skipun hefði má ske nægt ein út af fyrir sig á þeim tíma, er stjórnarfrv. var samið, til þess að tryggja bankanum svo mikið lánstraust, að hann gæti bjargast úr vandræðunum á eigin spýtur.

Það er líka ljóst, að þetta atriði hefir mikla þýðingu fyrir lánstraust bankans. Ástandið er þetta. Íslandsbanka er leyft að gefa út seðla fyrir upphæð, sem nemur 2½ milj. kr. Þetta er vitanlega langt fyrir neðan viðskiftaþörfina. Hann hefir svo tekist á hendur að gefa út meira af seðlum eða svo, að viðskiftaþörfinni ætti að vera fullnægt, en þessi ákvæði eru aðeins til bráðabirgða, og getur löggjafinn kipt að sjer hendinni hve nær sem verkast vill. Allir vita, að ef þessum ákvæðum er kipt burtu, eða þeim er breytt, án tillits til bankans, getur það haft óþyrmilegar afleiðingar á hag hans, og svo gæti farið, að þær yrðu honum lítt bærilegar. Það er ekki nema eðlilegt, að þessi óvissa rýri traust bankans, og sjerstaklega er það eðlilegt, þegar þess er gætt, að í landinu eru sterkir straumar gegn þessari stofnun, svo ekki sje kveðið frekar að orði. Þessi ástæða er mjer nóg til þess að greiða ekki atkv. með frv., sem aðeins fer fram á að framlengja rjettinn um eitt ár. Þegar jeg greiði atkv. gegn frv., er það ekki af því, að jeg vilji taka þennan rjett af bankanum, heldur af því, að jeg vil gera um hann endanlega skipun, það sem eftir er sjerleyfistímans.

Út af því, sem komið hefir fram í umr. í dag, vil jeg vikja lítilsháttar að ummælum hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Hann tók það upp úr blaðagrein í dag og gerði að sínum orðum, að Íslandsbanki væri aðeins útibú frá Privatbankanum, og á sama hátt mætti segja, að Landsbankinn væri útibú Landmandsbankans. Jeg er þakklátur hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) fyrir að hafa vísað ummælum þessum á bug, því að jeg verð að telja þau ósæmileg. Landsbankinn er hjer ekki til umr. og er því óþarfi að blanda honum í þetta mál. En að viðhafa þau ummæli um aðalseðlabanka landsins, að hann sje aðeins útibú banka í framandi landi, verð

jeg að telja ósæmandi fulltrúa þjóðarinnar. Það bætir ekkert um, þó að þessi orð sjeu höfð eftir bankastjóra við Landsbankann; þau eru eins illa til valin fyrir það, og get jeg ekki trúað öðru en að þau sjeu rangt eftir honum höfð.

Gunnar Sigurðsson: Jeg stend upp til þess að svara hv. 1. þm. N.-M. (Þorst J.) og hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) örfáum orðum. Þeir hafa báðir misskilið ummælin, sem jeg tók upp úr blaði frá í dag, en gerði ekki nema að nokkru leyti að mínum orðum. Íslandsbanki hefir 10 milj. kr. lánstraust hjá Privatbankanum á ári, en verður að gera upp um áramót. Jeg fæ ekki betur sjeð en að útibússnið sje á þessu. Og menn hafa sjeð, hversu heppilegt þetta fyrirkomulag er. Þegar Íslandsbanka brást erlendur gjaldmiðill, gat hann ekki yfirfært vegna þess, að samband hans við erlenda banka var takmarkað við Privatbankann, en hann brást þegar á reyndi. Líkt er ástatt um Landsbankann. Hann hefir aðeins lánstraust frá ári til árs. Þetta er hættulegt, ef í harðbakka slær, og það hefði getað farið eins fyrir Landsbankanum, eins og fór fyrir Íslandsbanka. Á þessu má sjá, hversu óheppilegt það er að hafa ekki fast, ákveðið lánstraust til lengri tíma erlendis.

Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði eitthvað á þá leið, að það væri ósæmilegt af þjóðarfulltrúa að tala um það, að útibússnið væri á Íslandsbanka. Að vísu var þetta útþyntur misskilningur frá hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), en það er altaf gaman að sjá, hvað það kemur nálægt hjartanu í háttv. þm., ef sannleikurinn er sagður um nefndan banka.

Annars get jeg tekið undir með hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að það var illa viðeigandi, að 1. bankastjóri Landsbankans skyldi haga ummælum sínum við danska blaðamenn svo, að það varð til að veikja lánstraust Íslandsbanka. Því að þó að Íslandsbanki hafi verið einkabanki og erlendra manna eign að mestu, þá er nú svo komið, að hann er orðinn þjóðbanki, og lánstraust landsins fer mikið eftir lánstrausti hans. En nú á að vinna að því að gera bankann innlendan, og þá er ekki þörf að gera endanlega ákvörðun um seðlaútgáfurjettinn. Þegar útlendir skuldheimtumenn vita, að landið stendur á bak við, þá þurfa þeir ekki að óttast, þó að seðlafyrirkomulagið sje ekki endanlega ákveðið. Það sem aðallega hlýtur að hræða þá, er óvissan, er hættan á því, að þingið kippi að sjer hendinni, en sú hætta hverfur, ef landið eða Íslendingar eiga bankann að mestu.

Að endingu vil jeg undirstrika það, að þeir hv. þm., sem talað hafa gegn mjer, misskildu orð mín um útibúið. Jeg vildi aðeins benda á, að náið samband væri á milli þessara banka, og að það væri óheppilegt. Privatbankinn hefir alls ekki komið sæmilega fram í viðskiftum sínum við Íslandsbanka, og þarf því ekki að hlífa honum í orðum. Það vil jeg líka undirstrika, að lánstrausti okkar er ekki nægilega vel fyrir komið. Það er of lauslopalegt, of útibúslegt, ef svo má segja, og auk þess er óheppilegt að hafa það í Danmörku. Við eigum þar undir högg að sækja um sjálfstæði okkar, og ekki er viðeigandi að vera þeim fjárhagslega háðir, enda eru aðrar leiðir færar. Það er hægt að komast í viðskiftasamband við aðrar þjóðir, sem er hollara á allan veg.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg gleymdi að geta þess í gær, þegar jeg

skýrði frá þeim skýrslum, sem stjórnin hefir safnað í þessu máli, að geta um, hve mikið verðmæti lægi í ósöldum og ógreiddum fiski í byrjun desembermánaðar. Það leiðbeinir mönnum í því, hvernig stjórnin þá leit á hag landsins út á við, einmitt þegar hún var að undirbúa bankamálið. Af 8 þúsund tonnum af allskonar fiski frá 1919, sem til útflutnings var á árinu 1920, var komið í verð í byrjun desember um ⅝, en um ⅜ lágu í umboðssölu, og þá helst á Spáni, eða voru á leið til útlanda. Það hefir ekki verið hægt að fá upplýsingar um, hve mikið var greitt af fiski þeim, er í umboðssölu lá. Af framleiðslu 1920, hjer um bil 25 þús. tonnum, voru 13 þús. tonn komin í verð, en hitt var á leiðinni eða lá hjer á landi. Þennan fisk átti þá landið á þessum tíma og ógreitt mun hafa verið verð fyrir um 20 þús. tonn, og þegar þetta stóð svo, voru horfurnar með fisksölu ekki svo óálitlegar. Þess ber og að gæta, að á sama tíma var mikið óselt af gærum og ull, og af þessu dró stjórnin þá ályktun, að ef alt gengi eins og útlit benti til, þá væri að mestu eða öllu hægt að losna úr fjárhagsvandræðunum, að minsta kosti í bráð, fyrir þá fúlgu, sem fengist við sölu þessara afurða. En horfurnar á fisksölunni versnuðu stöðugt, eftir að kom fram á þetta ár. Þessa get jeg til uppfyllingar skýrslu þeirri, er jeg gaf í gær.

Þá er að minnast á bankastjóra Íslandsbanka. Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) áleit, að nauðsynlegt yrði að skifta um, því að þeir hefðu svo oft verið frá störfum fyrir sakir veikinda, eða að öðru leyti frá verkum, að mein hefði hlotist af.

Bankastjórarnir hafa ekki verið veikir svo teljandi sje, eða jeg viti, fram að miðju ári 1920, og ekki verið fjarverandi meira en nauðsynlegt var bankans vegna. Það ætti því illa við að menga þá nokkuð um vanhirðu eða hyskni í stjórn bankans. Og ef átt er við Sighvat bankastjóra Bjarnason, af því hann fjekk frí sjer til heilsubótar, á það sjerstaklega illa við. Jeg hygg það allra manna mál, að hann hafi lagt sjerstaka alúð í starf sitt og verið við það hvíldarlaust frá því hann tók við, lengur en heilsan leyfði. Það var ekki fyr en í ágúst í fyrra, að hann fjekk sex mánaða frí sjer til heilsubótar. Þetta tel jeg mjer skylt að taka fram. Eins er um Tofte bankastjóra. Hann hefir sýnt sjerstaka alúð og elju í starfi sínu, enda þótt hann sje heilsuveill, og hefir furðulítið verið frá störfum. Jeg vil því vísa á bug öllum fordómum um bankastjóra Íslandslandsbanka í þessa átt.

Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að í nál. stendur, að nefndin hafi ekki átt kost á að ná tali af einum bankastjóranna, og er það vafalaust Sighvatur, en það hefir þá verið af hlífð nefndarinnar við hann, en ekki af því, að það væri ókleyft. Sighvatur Bjarnason hefir getið þess við mig, að hann hefði verið fús til þess að hafa tal af nefndinni síðan hann kom heim, 16. þ. m., og er hann það enn. Jeg teldi því hyggilegt, að nefndin notaði sjer þetta boð og hefði tal af honum áður en lengra er farið.

Þá vil jeg minnast á ræðu hv. 1. þm. Árn. (E. E.) í gær örfáum orðum. Hann krafðist þess, að stjórnin hefði lagt fram ítarleg og tæmandi ráð til þess að losa Íslandsbanka úr kreppunni, en jeg hefi fært rök að því, að ekki var rjett af stjórninni að fara lengra

en hún fór með frv. um ráðstöfun seðlaútgáfurjettarins. Það hefir líka komið í ljós nú, að ekkert hefði við það unnist, þó að stjórnin hefði lagt fram frekari till. Þingið hefir ekki verið svo fljótt að afgreiða það, sem fyrir lá, og afdrifin hafa ekki verið svo glæsileg, að freistandi hefði verið að bæta nýjum till. við. Annars þykir mjer hv. þm. (E. E.) gera óþyrmilegri kröfu til stjórnarinnar en til sjálfs sín. Allan þann tíma, sem liðinn er frá því málið var lagt fyrir og þar til það kom til 2. umr., hefir háttv. þm. (E. E.) haft til íhugunar, en hann hefir enn ekki komist að neinni niðurstöðu, sem aðrir gætu fallist á. Hann er líklega sammála meiri hl. nefndarinnar um það, að stjórnarfrv. eigi ekki að ganga fram, en hitt veit hann ekki, hvað á að koma í þess stað. Hann t a l a r um að frelsa bankann frá falli, en hvernig það á að gerast hefir hann enga hugmynd um; að minsta kosti eru till. hans í öfuga átt.

Þá gat hv. þm. (E. E.) um það, að Íslandsbanki þyrfti að hafa fengið fullvissu um það lánstraust erlendis, sem nauðsynlegt er, áður en stjórnarfrv. næði fram að ganga. Að öðrum kosti telur háttv. þm. (E. E.) ekki fært að ganga að því. Þetta er ósanngjörn krafa eins og á stendur. Bankinn hefir reynt að tryggja sjer lánstraust, en ekki tekist. Það er heldur ekki von til þess. Alt er í óvissu um aðgerðir þingsins og á meðan er ekki von, að erlendir bankar vilji lofa neinu ákveðnu. Menn vita það, að Íslandsbanki er háður íslensku löggjafarvaldi, og hefir það hag hans í hendi sjer. Hluthafarnir vita þetta, en þeim er ekki á sama hátt umhugað um bankann eins og margir halda. Þeir vita, að hann muni altaf bjarga hlutafje sínu, og þá skaðast þeir ekki. Ef Íslandsbanki verður að stöðva viðskifti sín, kemur það fyrst og fremst niður á skuldunautunum, íslensku þjóðinni. Þegar um það er talað að bjarga Íslandsbanka, þá er það ekki gert vegna hluthafanna eins mikið og vegna alls viðskiftalífs í landinu. Þá krafðist hv. þm. Árn. (E. E.) þess, að stjórnin hefði látið rannsaka allan hag bankans, helst fyrir þing. Það verður nú að fara varlega í það að tefla lánstrausti hans og aðstoð erlendis í hættu, en svo yrði gert, ef farið hefði verið að ráðum hv. þm. og opinber rannsókn skipuð á bankanum. Til þess ráðs má ekki grípa, nema brýnasta nauðsyn krefji, en þó verður að fara varlega í það. Þessi rannsókn var líka ekki alveg nauðsynleg, því að hægt hefir verið að fá upplýsingar um það, sem mestu máli skiftir, á annan hátt. Stjórnin hefir fengið þær og nefndi hefði getað fengið þær hjá stjórninni og bankanum sjálfum. Jeg hefi boðið þetta fyr, en nefndin hefir ekki leitað eftir miklum upplýsingum hjá stjórninni.

Háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) talaði um, að undir stj.frv. hefði vantað þann grundvöll, að Íslandsbanki gengi að því, eða yfirleitt, hvort bankinn teldi þetta nægilegt til að viðhalda og endurreisa lánstraust sitt.

Það var auðvitað, að hjer gat ekki verið á þeim grundvelli að byggja, að maður hefði skýlausa vissu um viðskifti bankans eftir að fyrirkomulag frv. væri komið í kring. En líkurnar hafa verið upplýstar, bæði í aths. við stj.frv. og á annan hátt.

Háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) hefir nú látið það í ljós, að hann vilji bjarga Íslandsbanka, svo að hann þurfi ekki að stöðva störf sín, heldur komist úr krepp-

unni. En vill þó ekki í seðlamálinu ganga inn á annað en framlenging um eitt ár á núverandi bráðabirgða-fyrirkomulagi og heldur ekki að samþykkja tvö mikilsvarðandi atriði í frv., um yfirfærslurnar. Hvaða grundvöllur er þá undir hans skoðun og tillögum í málinu?

Jeg hygg, að yfirlýsing bankastjóra Íslandsbanka skeri best úr þessu. Þeir geta ekki gert sjer neinar vonir um, að bankinn geti haldið áfram störfum með þessu bráðabirgða-fyrirkomulagi um 1 ár, og alls ekki að yfirfærsluskyldan haldist óbreytt.

Jeg get skilið þetta, og jeg hefi það einnig frá þeim bankastjóranum, sem nefndin hefir ekki getað talað við; hann telur þetta hiklaust ógerlegt.

Þá kem jeg að ræðu hv. frsm. (Jak. M.), en jeg skal játa, að jeg náði ekki öllu, sem hann sagði, enda var margt af því stílað sjerstaklega til fjrh. (M. G.), svo þess vegna mun jeg ekki svara nema sumum atriðum hans, enda hefi jeg að nokkru leyti skýrt þetta mál, eins og það horfir við frá stjórninni, og hjer liggur ekki fyrir til umr. annað en þetta bráðabirgðafrv. um framlengingu, en ekki sjálft stj.frv.

Háttv. frsm. (Jak. M.) telur stj.frv. heldur óljóst orðað viðvíkjandi toppnum á seðlaútgáfunni. Má vera, að frv. sje ekki nægilega ljóst, en þá mátti lagfæra það í þinginu, ef mönnum sýndist svo. En það er ljóst, að tvö árin til 31. mars 1923 átti Íslandsbanki að hafa toppinn á seðlaútgáfunni. Hitt er ef til vill ekki eins fyllilega ljóst, hvernig um hann færi eftir að farið væri að draga inn meira af seðlaútgáfunni. En jeg skil það svo, að þá ætti toppurinn að vera hjá stjórninni eða Landsbankanum.

Sakargift þeirri, er hv. frsm. (Jak. M.) kastar á okkur ráðherrana alla, viðvíkjandi upplýsingum frá Kaupmannahöfn, þarf jeg ekki að svara, því hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hefir gert það. Hann getur ekkert hafa haft eftir mjer, og jeg neita því algerlega, að jeg hafi farið með ósannindi og blekkingar í þessu máli. Jeg vissi ekkert um þessi skjöl, fyrst eftir að þau komu, svo hafi eitthvað verið eftir mjer haft, þá hefi jeg sagt það á undan, og það svo valdið misskilningi.

Svo var það um frv. og hafði hann þá eftir mjer, að mismunur á stj.frv. og þessu frv., væru aðeins smávægileg fyrirkomulagsatriði. Jeg hefi aldrei hugsað það, hvað þá sagt það. En jeg tók það fram, þegar jeg var að tala um frv. stjórnarinnar, að það legði grundvöllinn, sem byggja yrði á, ef Íslandsbanki gæti erlendis fengið það lánstraust, sem hann þyrfti til athafna sinna. Þess vegna átti þetta að ganga á undan, og annað, er tíminn kynni að leiða í ljós, varð að vera auk þessa.

Þetta er hrein afstaða í málinu, og má ekki blanda saman við það, hvernig árferðið hefir síðan fallið, og hvað nú er komið í ljós að þurfa kunni hjer að auk.

Það sem fjrh. (M. G.) sagði í þessu sambandi, var í fullu samræmi við það, að verið væri að hjálpa bankanum til sjálfshjálpar, því það er aðalatriðið fyrir bankann að hafa fastan grundvöll undir fótum með sínum seðlaútgáfurjetti, svo hann bjargist sem mest af sjálfsdáðum.

Hv. flm. (Jak. M.) sagði, að stjórnin hefði orðið á eftir tímanum með að átta sig á því, hvernig sakir stóðu. Um þetta má deila eins og svo margt annað. Það er rjett, að tímarnir breyttust, en hvað veit hann um það, að stjórnin hafi orðið á eftir tímanum?

Þetta eru fullyrðingar, sem hann á líklega bágt með að standa við, enda altaf hægra að sjá á eftir, hvað betur hefði mátt fara. Þá var ekki komið eins í ljós og nú fyrir neinum, um nauðsyn til þess að hjálpa bankanum með lánum eða ábyrgð. Og þegar svo var komið, að á slíku tók alvarlega að bóla, þá var komið undir þing eða jafnvel þing komð saman, og þá auðvitað sjálfsagt að láta þingið fjalla um málið.

Háttv. frsm. (Jak. M.) segir bankann ekki fremur sjálfbjarga fyrir till. stjórnarinnar og ráðstafanir hennar. Þessu hefir háttv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) mótmælt. (**Jak. M.**: Hvað veit hann um það?). Hann hefir mótmælt því með þeim rökum, sem jeg býst við að hv. frsm. (Jak. M.) geti ekki hrakið.

Það er nú komið að fundarlokum, enda flest það fram tekið, sem jeg vildi sagt hafa. Hafi jeg gleymt einhverju, verður sjálfsagt nægur tími til að koma með það á morgun, því að þessari 1. umr. verður að líkindum frestað, svo jeg get sest niður nú.

Jón Baldvinsson: Jeg var búinn að slá varnagla um fylgi mitt við þetta frv. áður, svo að jeg hefði ekki þurft að taka til máls aftur, en ummæli hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) knúðu mig til þess. Mjer finst, að í orðum hans liggi lítilsvirðing í garð þess bankastjóra Landsbankans, sem í dag hefir birt í blaði álit sitt á þessu máli. Því þó að það sje kann ske ekki alveg að forminu til rjett skilið, að Íslandsbanki sje útibú frá Privatbankanum, þá verður það þó samt svo í reyndinni. Privatbankinn sjer honum fyrir lánum og „representerar" þá útlendu eigendur Íslandsbanka, og ræður að miklu leyti starfsemi hans. Þess vegna finst mjer, að þessi ummæli bankastjórans segi í rauninni ekki annað en það, sem hvert mannsbarn veit, sem annars er nokkuð inni í bankamálunum, og því ástæðulaust að víta þau hjer á Alþingi, auk þess sem einmitt þessi bankastjóri er sá maðurinn, ásamt öðrum í stjórn Landsbankans, er hefir verið fjármálaljós landsins á þessum síðustu og verstu tímum og bjargað landinu því nær frá gjaldþroti.

Og því minni ástæða var hjá hv. þm. (J. Þ.) að afsaka þennan mann með því, að hann væri af erlendu bergi brotinn og því eins og gestur hjer og ókunnugur öllu, og þess vegna bæri ekki að taka orð hans alvarlega. Þegar þess er nú gætt, að þessi maður hefir verið hjer starfandi mestan hluta æfi sinnar og nú um hríð verið skipaður bankastjóri við banka þjóðarinnar, þá virðast þessi orð hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) í alla staði móðgandi og ósæmileg, og af því hins sama gætti í ræðu hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), en þó hóglegar, þá er full ástæða til að mótmæla því á sama vettvangi, sem það er fram borið á.

Þetta mál, frv., sem nú liggur fyrir, ætti að vera hægt að ræða án þess að blanda inn í það bankastjórum Íslandsbanka og Landsbankans.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Nd., fimtudaginn 28. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Þorsteinn Jónsson: Það er nú svo langt um liðið síðan að þetta mál var

hjer til umr., að jeg man nú ekki alt það, sem ástæða hefði verið til að svara.

Mjer virtist kenna nokkurs misskilnings í ræðu hæstv. atvrh. á því, sem jeg hafði sagt í þessu máli. Hæstv. atvrh. sagði eitthvað í þá átt, að þau einu bjargráð, sem jeg sæi fyrir bankann, væru að framlengja heimildarlögin um seðlaútgáfurjettinn. Hjer blandar hæstv. ráðherra málum fremur freklega, þar sem jeg einmitt tók það fram, að seðlafrv. gæti ekki bjargað bankanum. Þó að fullnaðarúrslit væru fengin um seðlaútgáfu bankans, þá er engu nær að það raknaði úr fjárkreppu hans. En það eru aðalbjargráðin, sem hæstv. atvrh. (P. J.) hefir komið auga á, ef dæma má eftir því, sem orð hans falla.

Það er vitanlegt, að bankinn skuldar svo mikið og lánstraust hans svo takmarkað, að þó að hann fengi seðlaútgáfumálið leyst samkvæmt fylstu ósk sinni, þá er honum það ekki fullnægjandi.

Eina ráðið til að ráða fram úr fjárkreppu bankans er, að hann geti fengið lán, og það svo stórt lán, að engin líkindi eru til, að hann geti fengið það án aðstoðar ríkisins.

Og það munu allir vera á þeirri skoðun, að ríkið þurfi að aðstoða bankann um fjárútvegun. Það er oft talað um það, að ríkið hjálpi Íslandsbanka, en sú hjálp er vitanlega gerð landinu til bjargar, því að atvinnuvegirnir þola ekki þann hnekki, sem verður, ef bankinn getur ekki haldið áfram rekstri sínum.

Peningamálanefndin hefir ekki komið enn með ákveðnar till., en þær munu koma þessa dagana.

En á hvern hátt aðstoð ríkisins við bankann verður getur verið álitamál. Það verður, að mjer virðist, að halda fleiri en einni leið opinni. Það verður að semja við bankann um aðstoð ríkisins í sambandi við úrslit seðlamálsins.

Þá kem jeg að því atriði, sem hefir orðið þess valdandi, að við, jeg og hv. 1. þm. Árn. (E. E.), gátum ekki orðið samferða hv. flm. (Jak. M.) með frv. það, sem hjer er til umr. Og þetta atriði er yfirfærsluskylda bankans fyrir Landsbankann. Jeg lít þó svo á, að þetta komi Landsbankanum að engum notum eins og sakir standa, en það er kvöð á Íslandsbanka, sem hann hefir áður gengist undir, og sem sjálfsagt verður að ljetta af honum, þegar samningar nást við hann um seðlaútgáfuna, en fyr ekki.

Eiríkur Einarsson: Jeg ætlaði að svara nokkrum orðum því, sem til mín hefir verið kastað undir umr. málsins.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að jeg lofaði stj.frv., en vildi þó ekki hafa það. Þetta er rjett að því leyti, að jeg vildi tína það til, er jeg teldi frv. til gildis, og átti jeg þar einkum við stefnu þess að koma seðlaútgáfurjettinum í þjóðlegt og skipulegt horf. Hinu hefi jeg gert grein fyrir, hverjir þeir höfuðannmarkar eru, sem gera frv. alveg óaðgengilegt. Sami hæstv. ráðherra hreyfði ásökunum í garð okkar nefndarmanna fyrir seinan gang í nefndarstörfum.

En ef jeg vildi fara að svara slíku, yrði það ekki aðeins afsökun nefndarinnar, heldur ásökun á hendur stjórninni, því að mál það, er hjer liggur fyrir, er hennar mál, og ber hún ábyrgð á uppruna þess og endalokum. Nefndin hefir ekki fyr en seint og síðarmeir getað skilað málinu af höndum sjer með áliti, og stafar það eingöngu af ónógum undirbúningi stjórnarinnar, en

jeg vil ekki tefja umr. nú, með því að fara lengra út í það mál.

Þá vildi hæstv. atvrh. (P. J.) bera brigður á það, að peningamálanefndin hafi flýtt störfum sínum eða hagað þeim eins og vera bar. Þessu er hinu sama að svara og tekið er fram áður um samskonar athugasemdir frá hæstv. fjrh. (M. G.).

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði eitthvað á þá leið, að jeg hefði sagt, að stjórnin hefði átt að leggja fyrir þingið alt það, er gæti komið Íslandsbanka úr kreppunni. Þetta er annaðhvort misheyrn eða misskilningur hæstv. ráðherra (P. J.). Það sem jeg sagði, var vitanlega í þá átt, að stjórnin hefði átt að gera það, sem í hennar valdi stóð, til þess að bjarga þjóðinni úr fjárkreppunni. En svo langt er ekki komið, að þjóðin sje hið sama og Ísl.banki, þótt sumir kunni að vilja blanda því saman.

Hæstv. atvrh. (P. J.) ljet það í ljós, að jeg vildi gera meiri kröfur til stjórnarinnar en sjálfs mín, og studdi það með því, að lítið lægi eftir nefndina, og jeg væri þar að einhverju leyti einn um mínar skoðanir. Vil jeg því spyrja hæstv. ráðherra (P. J.), hvort hann telur það endilega þurfa að fara saman, að flytja gott mál og vera á sama máli og fjöldinn. Það getur ekki verið meining hans, og auk þess er það ekki rjett, að jeg sje þar einn á bát. Eins og jeg hefi bent á geri jeg vitanlega miklar kröfur til stjórnarinnar í þessum málum. Það er hún, stjórnin, sem á að veita þeim forstöðu frá upphafi til enda, þótt þingnefnd segi álit sitt um það, sem þar er lagt til og undirbúið af stjórninni.

Lög og reglugerðir bankans sýna þetta best, enda liggur það í hlutarins eðli. Þá þótti hæstv. atvrh. (P. J.) það enn fremur of stór krafa, að Íslandsbanki fengi fyrirfram vissu um lánstraust sitt. Jeg hefi áður sýnt fram á, hve nauðsynlegt það er, ef nú ætti að semja við hann, að fá sem allra áreiðanlegasta vitneskju um þetta. Um rannsóknina þarf ekki að tala; hún er sjálfsögð, ef ríkið ætti að hætta þangað fje sínu. Upplýsingar stjórnarinnar í þessum efnum hafa reynst ljettvægar.

Það hefir kveðið við úr ýmsum áttum, að umræddur banki myndi „loka", ef hann fengi ekki óskir sínar uppfyltar. Þetta er mjög óviðeigandi orðatiltæki af munni þeirra manna, sem tala máli bankans, og benda mjög í þá átt, ef á rökum eru bygð, að hagur stofnunarinnar sje erfiður. Er ekki þetta, að hóta lokun, eins og sumir vinir bankans hafa á orði, alveg samsvarandi því, er maður, sem kominn er í kröggur, hótar „að gefa sig upp", ef hann fái ekki frest eða hagstæða kosti hjá skuldheimtumönnum sínum.

Ef það er ætlunin að bendla fjárhag bankans meir við fjárhag landsins en þegar er orðið með viðskiftum hans við landsmenn, þá bendir alt á hið sama, að slíkt þarf vel að rannsakast. Lánstraust landsins og væntanlegur lánsútvegur er dýrmæti, sem ekki má ráðstafa af neinu handahófi.

Jeg hefi alveg nýlega lesið grein í merkilegu fjármálablaði norksu, „Farmand" í Kristjaníu. Blaðið er frá fyrstu dögum þ. m. Þar segir meðal annars um viðskiftaöryggið nú á tímum, að jafnvel rótgróin fyrirtæki eða stofnanir (grundsolide instituter), er eigi bæði hlutafje og sjóði, geti hæglega oltið á þessum tímum af því, hvað eignir þeirra og tryggingar að öðru leyti sjeu í mikilli óvissu. Það sem sýnist geta staðið, sje fallvalt á mörgum sviðum um þess-

ar mundir. Slíkar bendingar um öryggi viðskifta og stofnana frá nágrannaríkinu ættu að vekja okkur til umhugsunar.

Einn af þeim hv. þdm., er heldur fram, að nú eigi að skipa seðlamálinu til frambúðar, sagði sem svo, að ef við drögum það eitt ár enn, myndi lenda í sama aðgerðarleysinu. Slíkt er vantraust á stjórninni, hver sem hún verður, því hún á að undirbúa málið.

Að lokum vil jeg geta þess, að þar sem aukaseðlaútgáfu hefir fyrirfarandi ár verið skipað til bráðabirgða hvað eftir annað, væri mjög undarlegt, ef endilega ætti að fara að flýta þessari frambúðarúrlausn nú, er óvissan er allra mest um traustleika samningsaðiljans og alt í óvissu um það, hvort við hefðum fremur gagn eða ógagn af slíkum aðgerðum, eins og sakir standa nú.

Flm. (Jakob Möller): Jeg vona, að hæstv. forseti leyfi mjer stutta athugasemd, ef jeg þarf á að halda síðar, þó að jeg raunar ætli eigi að gera svo fyrir mjer nú, að jeg ætlist til, að jeg muni þurfa þess.

Hv. 1. þm. Árn. (E. E.) drap á hættuna, sem fylgdi því, að leggja fje inn í bankann að órannsökuðu máli um hag hans. Er það rjett, að þetta er þess vert, að vel sje athugað. En ef bankinn væri eins illa staddur eins og hv. þm. (E. E.) sýndist vera hræddur um, þá er óhjákvæmil. að ríkið tapi á bankanum, hvort sem það leggur fje í hann eða ekki.

Þá vildi jeg gera grein fyrir því, hvernig meiri hl. peningamálanefndar hefir hugsað sjer, að þátttöku ríkisins í Íslandsbanka skyldi varið. Er það á þá leið, að ríkið leggi til hlutafje, en verð hlutanna sje ekki ákveðið fyr en reynsla sje fengin fyrir því, hvað bankinn kann að tapa, vegna þeirra skuldbindinga og skulda, sem hann hefir með höndum. Ef þetta er gert, yrði hagur ríkisins eins vel trygður og best mætti verða. Hitt tel jeg handahóf, að ákveða verð hlutanna, eins og ráðgert er í Ed.frv. En eftir okkar hugmynd er girt fyrir það, að tapið lendi á ríkissjóði fyr en gömlu hlutirnir eða hlufhafarnir hafa borið það tap, sem á þeim á að lenda. En ef svo skyldi fara, að þrátt fyrir þetta yrði ríkissjóður fyrir tapi, þá er enn auðsýnna, hvílíkt feiknatap mundi skella á þjóðinni, ef ekki er hlaupið undir bagga með bankanum nú, og fæ jeg eigi sjeð, í hverju það væri betra, að þjóðin tapaði heldur en ríkissjóður. Annars hygg jeg það, að bankinn sje ekki illa staddur, og muni aldrei koma til að tapa miklu á skuldbindingum sínum.

Hæstv. forsrh. (J. M.) staðfesti í öllu verulegu það, sem jeg hafði sagt, og hefi jeg því í raun og veru fátt að athuga við ummæli hans. En þar sem hann gat um skeytið frá bankastjóra Clausen til Tofte bankastjóra, út af skjali því, sem jeg var að tala um, þá sýnist mjer, að sú fyrirspurn hafi ekki verið um það, hvað í þessu skjali stóð. Vill svo vel til, að mjer er líka kunnugt um þetta skeyti, og var það þannig stílað, að það var fyrirspurn út af orðróm, „Rygtet fortæller“ o. s. frv. Er öllum auðsætt, að Clausen bankastjóri muni ekki hafa skilið þetta þannig, að spurt væri um, hvað hann hefði sjálfur skrifað eða meint í þessu umrædda skjali, eða m. ö. o., að orðið „Rygte“ væri viðhaft um það, sem hann sjálfur segir. En jeg þykist vita, að hæstv. forsrh. (J. M.) hafi nú sýnt hv. þm. þetta

skjal, svo að þetta þarf eigi að verða deiluatriði.

Ummælum hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) þarf jeg ekki mikið að svara. Sýndu þau það aðeins, sem áður var vitanlegt, að maður þessi er ágætur námsmaður og kunni utanbókar þulur um það, að endanlegt skipulag seðlaútgáfunnar „styrkti" lánstraust bankans. Önnur voru ekki rökin, enda þótt hæstv. atvrh. (P. J.) yrði svo hrifinn af þeim sem raun varð á. Var hæstv. atvrh. (P. J.) ekki eins hrifinn af rökum hans í samvinnufjelagsmálinu, og verð jeg þó að segja, að þar var óliku saman að jafna.

En það er nú orðið sameiginlegt álit nær allra, að til þess að lánstrausti bankans sje borgið, þurfi annaðhvort, að ríkið leggi fram tillag eða ábyrgist bankanum lán.

Sýnist fyrri leiðin heppilegust, því með því sýnir ríkið bankanum traust, jafnframt því, að það eykur starfsfje hans. Auk þess er enn sá kostur við leið þessa, að ríkið leggi bankanum hlutafje, að ríkið og bankinn eru þá orðin eitt og hið sama, og má þá auðvitað skipa seðlaútgáfunni eftir vild síðarmeir.

Þarf eigi heldur annars að vænta en ríkið fari vel með bankann, þegar það er orðið meðeigandi hans.

Ef tekið er nú hjer til samanburðar frv. Ed. með skýringu hæstv. fjrh. (M. G.), þá er lánstraust bankans miklu betur trygt eftir frv. okkar, því eftir Ed.frv. getur svo farið, að ákvæðið um seðlaútgáfuna gildi eigi nema til hálfs árs, en eftir okkar frv. gildir það þó eitt ár.

Annars er alt þetta hjal um að seðlaútgáfuna þurfi að tryggja endanlega, eintóm slagorð, og eru notuð af lánardrotnum Íslandsbanka, sem nokkurskonar skálkaskjól, þegar þeir þóttust vera búnir að lána honum of mikið, til þess að komast hjá því að leggja honum meira fje.

Þá sagði sami hv. þm. (J. Þ.), að löggjafarvaldið gæti svift bankann, hve nær sem væri, seðlaútgáfurjettinum.

En þetta er misskilningur. Bankinn hefir einkaleyfi til seðlaútgáfunnar, sem ekki er hægt að taka af honum, nema hann brjóti eitthvað af sjer, og þurfi landið meira af seðlum en 2½ miljón, þá hefir bankinn einn rjett til að gefa þá út, og þó að ríkið geti að vísu lagt einhverjar kvaðir á þá seðlaútgáfu, þá er bankanum engan veginn nauðsyn að ganga að þeim skilyrðum, en getur neitað og þá er óvíst hvor aðilja, ríkið eða bankinn, yrði að láta undan.

Sami hv. þm. (J. Þ.) sagði einnig, að hann hefði ekki heyrt í öllum þessum ræðum okkar, hvað við ætti að taka. En hann hefir þá ekki sjeð heldur, því að hefði hann lesið nál. samvinnunefndar peningamálanna, þá gat hann sjeð, hvað taka átti við. Er þar gert ráð fyrir hlutakaupum, og að teknir sjeu upp samningar um seðlaútgáfuna.

Jeg hefi áður gert grein fyrir því, hvers vegna nefndin gat eigi bygt á grundvelli stj.frv. Og er það nú orðið enn ljósara en áður, hvað skilur, því að auk ágreiningsins, sem var millum bankanna um ýms mikils verð atriði frv., er líka komin í ljós ágreiningur milli ráðherranna sjálfra. Hæstv. atvrh. (P. J.) sagðist álíta, að Landsbankinn hefði toppseðlana, og sama hefir hæstv. fjrh. (M. G.) látið uppi við mig persónulega, sem jeg veit að hann kannast við, en í bókum nefndarinnar er bókað eftir hæstv. forsrh. (J. M.), að Íslandsbanki ætti að hafa þá.

En nú er það víst, að Íslandsbanki

ætti ekki að hafa toppseðlana, þá er bankastjórnin með öllu ófáanleg til að ganga að stj.frv. Og má nú hver sem vill, að fengnum þessum upplýsingum, lá nefndinni það, þó að hún gæti ekki aðhylst stj.frv.

Nú hefir stj.frv. verið afhausað í hv. Ed., en auðsjeð er á því, að Íslandsbanki á að hafa toppseðlana, og er því búið að sópa burt grundvelli stj.frv., þeim, að Landsbankinn hefði toppseðlana.

Meiri hluti nefndarinnar vildi ekki fresta samningum um seðlaútgáfuna lengur en um 1 ár, ef ekkert yrði úr hlutakaupunum en eftir frv. Ed. er því frestað til ársloka 1924, og Landsbankinn hefir ekki rjett til þess að gefa út einn einasta seðil til þess tíma, umfram þá ¾ milj., sem hann nú gefur út. Hefi jeg þá svarað hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.).

Hæstv. atvrh. (P. J.) þarf jeg ekki að svara, því að hann varpaði allri áhyggju sinni upp á hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), og tók öll hans rök gild. Talaði hann eitthvað um misreikning og hefir hann líklega líka lært reikning hjá þessum sama hv. þm. (J. Þ.).

Hefi jeg þá ekki fleirum að svara, því aðrir hafa ekki tekið til máls.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vildi fyrst, út af ummælum hv. 1. þm. Árn. (E. E.) um að það væri stjórninni að kenna, hve lengi þetta mál var hjá nefndinni, án þess að svara þessari ásökun, sem er ekki ný, segja, að jeg veit ekki, hvernig hv. nefnd fer að verja það, að hún skuli ekki koma fram með bjargráð sín, sem hún kallar svo, jafnhliða eða í þessu frv. Sýnist mjer, að þegar menn hafa verið að álasa stjórninni fyrir, að hún skyldi eigi taka lán í fyrra, að nú megi snúa því upp á nefndina og ásaka hana fyrir, að hún skuli ekki hafa fyrir löngu komið með till. um lántöku, úr því það var talið svona áríðandi.

Eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. Árn. (E. E.) fanst mjer miður viðeigandi að kæmi frá honum, þar sem hann er bankastjóri. Það er óheppilegt, að fram skuli koma efasemdir um banka frá bankstjóra við annan banka, nema augljóst sje, að bankinn sje ótryggur. Hv. þm. (E. E.) er að tala um hneykslanlega hótun frá Íslandsbanka, ef bankinn fái ekki ákveðna skipun. Jeg veit ekki til, að komið hafi frá bankanum nein hótun um lokun. Jeg veit að minsta kosti, að sá bankastjóri Íslandsbanka, sem sjerstaklega hefir verið samið við, hefir forðast að hafa í frammi nokkra hótun um lokun. Jeg veit ekki til þess, að hann hafi sagt annað en það, að bankinn, vegna hinna örðugu tíma, ætti erfitt með að starfa áfram, nema gerð yrði endanleg skipun á seðlaútgáfurjettinum. Annað hefir hann ekki sagt. Það er því mjög illa tilfallið fyrir bankastjóra að vera að dylgja með iskyggilegt útlit hjá öðrum banka. Það er því varhugaverðara sem hagur þjóðarinnar er bundinn við þennan banka.

Það vill nú svo vel til, að síðasta ár var athugaður hagur Íslandsbanka af bankaráðinu, hvort ekki væru trygg veð fyrir lánum. Jeg býst ekki við, að hv. þm. (E. E.) efist um, að skýrsla þessa bankaráðsmanns, sem sjerstaklega athugaði þetta fyrir bankaráðsins hönd, hv. þm. Dala. (B. J.), sje rjett, og að engin ástæða sje til að rengja hana, og eftir henni er Íslandsbanki fullkomlega tryggur, enda væri útlitið fyrir þetta

land þá afarískyggilegt, því að bak við bankann stendur mestur hluti íslenskrar verslunarstjettar og framleiðenda.

Jeg býst við, að hv. þm. (E. E.) hafi sagt þetta óvart, og að hann hafi ekki meint neinar dylgjur, og mun hann þá leiðrjetta þetta, ef hann tekur til máls aftur.

Jeg veit ekki, hvaða stofnun hv. þm. (E. E.) var að tala um, að hann hefði lesið um í útlendum blöðum, til að bera saman við Íslandsbanka. Sjálfsagt hlýtur það að hafa verið banki, því að banki, er hefir meir en hálft landið bak við sig, er ekki sambærilegur við einhverja iðnstofnun. Hv. þm. (E. E.) sagði einnig, að það, sem stæði á bak við, gæfi bankanum gildi. Við vonum, að það, sem stendur að baki Íslandsbanka, gefi honum gildi; við vonum það allir, og efumst ekki um, að hann kemst úr ógöngunum, ef skynsamlega er í málið tekið hjer á þingi.

Út af því, sem hv. flm. (Jak. M.) sagði um skeytið frá bankastjóra Clausen, skal jeg taka fram, að háttv. þm. (Jak. M.) hefir má ske sjeð skeytið, sem Tofte bankastjóri sendi til Privatbankans. Jeg játa það, að jeg hefi ekki sjeð það, en jeg bað hann að spyrja Clausen að því, hvort hann í umgetnu „memorandum" ætlaði að segja nokkuð um afstöðu Privatbankans til Íslandsbanka.

Svarið upp á þá fyrirspurn var eins og jeg hefi nefnt, og hv. þm. er velkomið að fá að sjá öll skjöl, er lúta að þessu máli. Annars er enginn ágreiningur okkar í milli um þetta, svo að jeg hefi ekki meira um það að segja.

Já, þá var það það, sem hv. flm. (Jak. M.) nefndi bjargráð, það er að segja að leggja hlutafje í bankann með því að kaupa hlutabrjef í honum, og að verð þeirra yrði þá akveðið, þegar sjeð væri, hvort bankinn biði tjón eða ekki. Jeg skal ekki fara langt út í þetta að þessu sinni. En jeg játa, að jeg get ekki skilið, hvernig þetta má verða öðruvísi en með forgangshlutum, sem fylgja ættu settum reglum um forgangshlutabrjef. Því að líklega líður býsnalangur tími, þangað til sjeð verður út um það, hvort bankinn býður tjón á þeim skuldum og kröfum, er hann á útistandandi nú. Það munu líða nokkuð mörg ár þangað til þetta sýnir sig. Jafnvel er því svo varið um kröfur, sem komnar eru til innheimtu, t. d. í þrotabúum. Það geta liðið mörg ár, þangað til sjeð verður, hvaða tjón bankinn bíður á þeim. Jeg get ekki skilið, hvernig borga ætti inn hlutina, nema með mati. Það yrði annars hægra að dæma um till. hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), ef þær kæmu fyrir hina hv. deild í ákveðinni mynd. En hitt mætti auðvitað gera, eins og líka venjulegt er, að ganga inn í bankann með forgangshlutum. En þeir gefa oftast ekki rjett til atkv., en skoðast að nokkru leyti sem lán.

Hv. þm. (Jak. M.) sagði, að í þessu „memorandum" væri ekkert minst á, hvernig skipa skyldi seðlaútgáfunni til frambúðar. Nei, ekki beint, en þar er bygt á því, að þegið sje boðið um það, að bankinn afhendi seðlaútgáfurjettinn smátt og smátt. Það sjest þar, að þeir bankaráðsmenn, sem undirrituðu „memorandum" þetta, telja það að láta af hendi seðlaútgáfurjettinn af bankans hálfu, og mundi þá helst vera tekið á móti honum á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í stj.frv.

Áður en jeg sest niður, þá þykir mjer rjett að drepa á það, sem jeg þó var búinn að segja, þegar málið var síðast hjer til umr. Það var um það, að Ís-

landsbanki og Landsbankinn væru skoðaðir sem útibú frá dönskum bönkum. Þetta er á engan hátt rjett. Annað mál er það, að einn bankastjórinn við Privatbankann hefir um allmörg ár farið, eða rjettara, látið fara með umboð meiri hl. hluthafa á aðalfundi bankans, en það heimilar ekki að nefna bankann útibú frá Privatbankanum samt. Og þó Privatbankinn sje aðallánardrottinn Íslandsbanka, þá nær það engri átt, þegar talað er í fullri alvöru. Jeg þarf þá ekki að nefna það, að þetta getur alls ekki komið til mála um Landsbankann.

Menn ættu yfir höfuð að varast það, þegar verið er að ræða um svona alvarlegt mál, að koma með óhugsuð orð, sem ekki ættu að heyrast í þingsal, þótt þeir kasti sliku fram í ógáti sín á milli utan þingsins.

Jeg verð að segja það um hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), að hann fer með ógætnishjal hjer í þinginu. Jeg get ekki látið hjá líða að minnast á þau ummæli háttv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), að vjer eigum að forðast að taka lán hjá Dönum, af því að vjer höfum átt í deilum við þá, og var eitthvað að líkja því, að taka lán hjá þeim, við móttöku gjafakornsins hjer um árið. Jeg tel það rangt að vera með þess konar ummæli hjer í deildinni, og hefi jeg áður orðið að víta hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) fyrir ummæli, sem hefir mátt skilja svo, að Danir óskuðu að hafa yfirráð yfir Íslandi, t. a. m. með lánum eða á annan hátt. Þetta er mjög fjarri sanni, og það er yfir höfuð illa gert að vera að ala á úlfúð til Dana. Allar gamlar deilur milli Íslands og Danmerkur var sæst á að fullu 1918, og gerðum vjer samband af fullu frelsi frá báðum hliðum í þeirri von, að þá tækist upp nánari og betri samvinna og samúð með fullum heilindum. Alla samninga hafa Danir haldið drengilega og reynst oss vel. Jeg geri ráð fyrir, að ekki sje mikið um lánavonir sem stendur fyrir oss annarsstaðar en í Danmörku og má ske í Englandi. Ef vjer stöndum í skilum með lán vor, þurfum vjer ekkert að óttast, og ekki óttast jeg, að Danir verði oss harðari lánardrotnar en aðrar þjóðir, ef á bjátar. Annars þarf ekki að tala um neina beiningamensku, þótt lán sjeu tekin gegn vöxtum; það er að nokkru líkt kaupi og sölu, þótt ekki sje því að leyna, að þurfum vjer að leita láns nú erlendis, þá þurfum vjer á góðvild að halda hjá lánardrotni, eins og tímarnir eru.

Hv. þm. (Gunn. S.) var að segja eitthvað um það, að ef einhver hallaði á Dani hjer í þingsalnum, þá spryttu þegar sumir upp til að mótmæla. Jeg viðurkenni, að því er svo farið um mig. Jeg hefi ávalt haldið því fram, að oss bæri að sýna Dönum fulla kurteisi og viðurkenningu, og jeg var ekkert hræddur við að halda þessu fram hjer í þingsalnum, meðan deilurnar stóðu milli vor. Jeg sagði þá, að þótt vjer værum í deilum við þá, þá ættum vjer altaf að gæta þess að sýna þeim að minsta kosti þá kurteisi, er vjer værum skyldir að sýna öðrum þjóðum, er við hefðum viðskifti við. Fyrir þetta var jeg að vísu einu sinni kallaður danskasti þingmaðurinn á þingi.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Háttv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) sagði, að jeg hefði haft skakt eftir sjer orð í ræðu hans í dag. Það getur verið, að jeg hafi misskilið hann; jeg skal ekki um það þrátta. En honum hefir þá orðið svipað á um það, er hann hafði eftir mjer. Hann sagði, að jeg hefði látið í

ljós, að e i n u bjargráðin fyrir Íslandsbanka væri framtíðarráðstöfun seðlaútgáfunnar. En jeg sagði, að það væri fyrsta sporið og undirstöðuatriði, en ljet í ljós, að jeg byggist nú við að þurfa mundi önnur og meiri bjargráð. Þetta er jeg viss, að jeg sagði.

Hv. 1. þm. Árn. (E. E.) svaraði ræðu minni að nokkru leyti og sje jeg ekki ástæðu til að fara frekar út í það. En jeg hjó eftir einu í ræðu hans; hann ljet það í ljós, að hann áliti óráðlegt að hraða því að taka ákvörðun um bjargráð Íslandsbanka. Mjer þótti þetta alleinkennilegt hjá honum, því að hann hefir ekki farið svo smáum orðum um fjárkreppuna, og hve nauðsynlegt væri að bjargast úr henni, og kent Íslandsbanka um ástandið. Mjer finst það nærri undarlegt, eins mikið og um peningakreppuna hefir verið talað, ef mönnum finst ekki ástæða til að hraða því, að gerðar sjeu ráðstafanir til að komast úr henni. Jeg hjelt, að það hefði verið tilgangurinn með peningamálan. að reyna að finna þau ráð, er f l j ó t a s t gætu bætt úr þessu ástandi. Jeg er ekki að finna að því, þótt nefndin hafi ekki fundið nægileg ráð, en hitt, að ekki þurfi að hraða því að finna þau, álít jeg fjarri sanni.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) talaði ekki mikið í minn garð nú, og læt jeg mjer nægja að skírskota til ræðu hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), því að hún er í samræmi við þá skoðun, er jeg hefi áður látið í ljós, og finst mjer óþarfi að vera að taka það upp aftur.

Hv. þm. (Jak. M.) sagði, að þetta tal um varanlega skipun seðlaútgáfunnar væri einungis skálkaskjól. En hver, sem vill athuga málið með sanngirni, getur gert sjer það ljóst, hverju það varðar bankann fyrir traust hans út á við, hvort hann hefir fastbundinn rjett til enda sjerleyfistímabilsins eða bráðabirgðaákvæði um seðlaútgáfuna, sem hægt er að kippa burt, þegar jafnvel verst gegnir, svo hann yrði að kalla inn seðla sína of hratt og á óeðlilegum tíma eftir geðþótta þingsins. Nei, það er ekkert ómerkilegt tal, þegar lögð er áhersla á þetta atriði. Það er eins hægt að segja, að þetta sífelda tal um bráðabirgðaráðstöfun seðlaútgáfunnar væri ómerkilegt tal. Þessi bráðabirgðaráðstöfun komst á að mig minnir fyrir 7 árum, 1914 eða 1915, og hún var ekki hugsuð sem bráðabirgðaráðstöfun, sem yrði endurtekin á h v e r j u ári, heldur var gert ráð fyrir, að varanlegir samningar kæmust á bráðlega um þetta atriði. Þá stóð bankinn svo að vígi, að hann gat neitað að gefa út meira en þessa 2½ milj., og það var ekki svo varhugavert fyrir hann, en hann vildi ekki beita því þá, þó viðbúið sje, að hann hefði gert það, ef búist hefði verið við sífeldum bráðabirgðaráðstöfunum í þessu efni svona lengi. Það hefði heldur ekki verið svo þægilegt fyrir landsmenn, ef bankinn hefði dregið inn seðla sína sem örast. Nú að minsta kosti mun öllum ljóst, að slíkt mundi ekki heppilegt. Hitt var það, að hve nær sem þetta varanlega skipulag kæmist á, mætti búast við einhverri tilslökun á einkarjetti bankans. Þetta kom fram á þinginu 1919, og stjórnin þykist hafa engu síður nú sjeð svo um í frv. því, er hún lagði fyrir þingið, því að það hefir í sjer fólgna stórmikla eftirgjöf á hindrunarrjetti bankans.

Sama hefir vakað fyrir flm. að Ed.-frumvarpinu.

Gunnar Sigurðsson: Hæstv. forsrh.

(J. M.) misskildi og rangfærði þau ummæli, sem jeg tók úr samtali L. Kaabers bankastjóra við Morgunblaðið. Hæstv. forsrh. (J. M.) slítur ummælin þar að auki út úr sambandi, enda var hann ekki inni í deildinni, er jeg hjelt umræddu ræðu, og mun því hafa farið eftir sögusögn annara.

Jeg sagði sem rjett var, að L. Kaaber hefði sagt, að Íslandsbanki væri útibú frá Privatbankanum, en sagði, að svo framarlega sem álíta mætti, að svo væri, þá mætti með svipuðum rjetti kalla Landsbankann útibú frá Landmandsbankanum. Annars átaldi jeg bankastjórann fyrir opinberar árásir hans á Íslandsbanka, sjerstaklega í erlendum blöðum.

Annars breytir þetta að engu skoðun minni á því, að nauðsyn sje á því að breyta fyrirkomulagi beggja bankanna að því er snertir viðskifti þeirra við útlönd. Þeir þurfa sem fyrst að fá sjerstaka, íslenska peningaafgreiðslu annaðhvort í Danmörku eða Englandi, því eins og er stappar satt að segja nærri því, að telja megi bankana með útibússniði, frá áðurgreindum bönkum, sjerstaklega þó Íslandsbanka, og skal jeg ekki fara nánar út í það hjer, sökum þess, að jeg hefi tekið það fram hjer fyr í umr. um bankamálin.

Hæstv. forsrh. (J. M.) gat um það, að jeg talaði ógætilega um skuldaskifti okkar við Danmörku. Ójá, engan mundi undra slíkt um hæstv. forsrh. (J. M.). Jeg er á annari skoðun um þetta mál og vil, að talað sje af fullri einlægni um þau. Það er mín skoðun, að æskilegt væri, að við gætum sem fyrst losnað við öll skuldaskifti við Danmörku, vegna þess, að við höfum önnur mikils varðandi viðskifti við Dani. Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að jeg gladdist yfir þeirri óvenjulegu hreinskilni hjá hæstv. forsrh. (J. M.), að hann sagði, að sjer þætti engin vansæmd í því að vera talinn danskasti þm. á þingi, eins og, að því er hann sagði sjálfur, hann hefði oft verið talinn, og mun það síst ýkt vera. Er vel, að hæstv. forsrh. gefur sjálfum sjer þennan vitnisburð, svo að þetta geti hver maður sjeð í Alþt., því varla kemur til, að hann fari að strika þessi ummæli út úr ræðu sinni. Annars virðist það vera einkenni þessa þings, að menn þora ekki að segja meiningu sína, heldur tala alt of gætilega, þeir, sem annars hafa nokkrar skoðanir, en slíkt væri síst hægt að saka hæstv. stjórn um.

Hæstv. forsrh. (J. M.) virðist leggja alt annan skilning í þinghelgishugtakið, en vera ber. Jeg hygg, að flestir muni skilja tilgang þess á þann veg, að það sje til að þingmenn geti ótvírætt látið skoðun sína í ljós og það fremur en utanþings.

Þá var hæstv. forsrh. (J. M.) að tala um, að hann hefði orðið að víta mig fyrir að tala ógætilega. Ef jeg á annað borð á að taka þau ummæli svo alvarlega að svara þeim, þá er því til að svara, að það er hæstv. forseta að víta það, ef svo væri, en ekki hans. En það skal tekið fram í eitt skifti fyrir öll, að ætli hæstv. forsrh. (J. M.) að fara að setja mjer ákveðnar reglur að fara eftir í þingræðum mínum eftirleiðis, þá tek jeg slíkt sem fullkomna markleysu og virði það ekki svars.

Eiríkur Einarsson: Það gleður mig, að ummæli mín um Íslandsbanka hafa orðið til þess að vekja dálítinn óróa hjer í deildinni, því að sumir virðast þurfa vakningarinnar við. Jeg sagði frá þeim orðróm, sem mjer hafði borist

til eyrna, að Íslandsbanki væri svo valtur, að um „lokun“ og slika hluti væri að ræða, ef ekki gengi alt að óskum. Jeg geri ráð fyrir, að þessi orðrómur sje ekki alveg sannur, en hann sýnir álit manna á hag bankans og sýnir, hve brýna þörf ber til þess að hlaupa eitthvað undir bagga með þessari stofnun. Nú hafa hv. þm. lýst því yfir hver af öðrum, að þeir væru stofnuninni hlyntir, og væri vel, ef þeir sýndu það í verki, með varkárri aðhlynningu en ekki fljótfærni.

Jeg get ekki tekið ásökunum hæstv. forsrh. (J. M.) um, að jeg hafi farið með dylgjur um bankann. Jeg gat aðeins um orðróminn, og í þessari tíð er alt á völtum fótum, og eiga fyrirtæki því erfitt uppdráttar, þó ekki hafi þau eins ljelega fortíð sem Íslandsbanki. Það er áreiðanlegt, að hagur bankans er alt annað en glæsilegur, og getur hver og einn vottað það, og margir af eigin reynslu. Menn, sem ferðast erlendis, verða að láta Íslandsbankaseðla liggja óhreyfða í vasa sínum. Þeir eru einskis virði þar ytra. Kann ske megi ekki segja frá þessu hjer heima?

Jeg hefi ekki talað ógætilega um Íslandsbanka, en jeg hefi heldur ekki viljað draga fjöður yfir neitt af því, sem máli skiftir. Alt pukur um stórmálin tel jeg þm. ósæmandi, er þau eru til umr. og skifta máli. Mjer er núið því um nasir, að jeg sje bankastjóri og því hlutdrægur í þessu máli, en jeg vil benda á það, að fyrst og fremst er jeg hjer sem þm., og bankastjórastaða mín ætti aðeins að gera mig varkárari. Og jeg þykist heldur ekki standa hjer til þess að bjarga Íslandsbanka, heldur til þess að leita bjargráða fyrir þjóðina.

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. 1. þm. Árn. (E. E.) talaði um, að ástand Íslandsbanka væri iskyggilegt. Slík ummæli má ekki viðhafa, nema bein ástæða sje til. Slík ummæli eru mjög ógætileg, og ættu helst ekki að heyrast hjer í deildinni. Það vita allir, að erfiðleikar hafa verið með yfirfærslur, en ekkert hefir komið fram, sem bendi til þess, að bankinn geti ekki goldið hverjum sitt.

Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) talaði um daginn mikið um það, að við fengjum lán frá Dönum, og taldi hann það óheppilegt. Hann hjelt því fram, að bankinn ætti þar nokkra sök að máli. Jeg tel ekki nema eðlilegt, að við fáum aðallega lán hjá Dönum, því að þar eru aðalviðskifti vor, og hefir slíkt ekki á sjer neinn bónleitablæ, eins og hv. þm. (Gunn. S.) vildi telja. Hann mintist á gjafakorn. Þessu verð jeg að mótmæla. Lán þau, sem við höfum fengið í Danmörku eru eins og hver önnur viðskifti, kaup og sala, og ekkert við því að segja. Þau eru bundin ákveðnum samningum og kemur því ekki til mála, að þau hafi áhrif á stjórnmálaviðskifti Íslands og Danmerkur. Meira þarf jeg ekki að taka fram að sinni.

Jón Þorláksson: Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hefir tekið rangt eftir einu atriði úr ræðu minni. Jeg hjelt því ekki fram, að hægt væri að taka seðlaútgáfurjettinn alveg af Íslandsbanka, en þingið getur neitað að framlengja útgáfu aukaseðlanna, sem eru umfram 2½ milj. kr., og þetta rýrir lánstraust bankans, Alþingi getur altaf dregið að sjer höndina, og sá möguleiki hlýtur að spilla fyrir bankanum. Menn geta ekki borið fult traust til hans, þegar löggjafarvaldið getur sett honum stólinn fyrir dyrnar hve nær sem vera

vill á erfiðum tímum. Ef vel á að vera, verður að koma fram endanleg skipun á þessu máli, til þess að bankinn og viðskiftavinir hans viti, hverju þeir geti gengið að. Jeg get því ekki talið frv. hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) aðgengilegt eða fullnægjandi. Ef svo væri til ætlast, að landið eignaðist meiri hluta hlutafjárins, og bankinn síðan hjeldi öllum seðlaútgáfurjettinum, gæti jeg skilið þetta frv., því að þá stafaði bankanum ekki hætta af því, þó að endanleg skipun væri ekki gerð á seðlaútgáfunni. En þá er að athuga, hvort tiltækilegt sje, að það fari saman í einni stofnun að vera aðalseðlabanki landsins og auk þess verslunar- og viðskiftabanki, svo sem Íslandsbanki er. Jeg held, að reynslan hafi sýnt, að ekki fari vel á, að þetta falli undir eina stofnun, enda er seðlaútgáfa í öðrum löndum yfirleitt seld í hendur sjerstökum seðlabönkum, sem fást ekki við almenn, áhættumikil viðskifti. Jeg teldi því æskilegast, að Íslandsbanki skilaði af sjer seðlaútgáfunni smátt og smátt, eftir því sem fært þykir, og það er þetta, sem fram á er farið.

Flm. (Jakob Möller): Mjer líkar vel, að hv. 3. þm. Reykv. gerir meiri kröfur til okkar, flm. þessa frv., en hinna 8, sem hafa borið fram frv. í Ed. Hann ætlast til, að við komum með till. um endanlegt fyrirkomulag seðlaútgáfunnar. En jeg get því miður ekki fullnægt þeim háu kröfum. Það er satt, að frv. okkar nær aðeins til 1 árs, og er því bráðabirgða-ráðstöfun, en hitt frv. er til 12 ára. En sá er gallinn á, að það fjallar aðeins um það, hvernig takmarka eigi seðlaútgáfurjett Íslandsbanka smátt og smátt, en ekki um hitt, hver eigi að taka við. Það er „in blanco". Ef koma á endanlegri skipun á þessi mál, verður hún að vera fullkomnari en frv. þeirra 8. Og jeg verð að neita því, að nefndinni hafi borið skylda til að koma fram með till. um endanlegt fyrirkomulag. Nefndin hefir gert það sem henni bar. Til þess að gera till. um endanlega skipun seðlaútgáfunnar, telur nefndin þurfa að leita álits sjerfræðinga í öðrum löndum. Nefndin vill enga till. gera um það, hvort seðlaútgáfan skuli framvegis falin Íslandsbanka, Landsbankanum, eða nýjum sjerstökum seðlabanka.

Það er ekki hægt að svifta Íslandsbanka seðlaútgáfunni nema með samningi við hann. Þetta vona jeg, að mönnum skiljist, og þess vegna er þýðingarlaust fyrir Alþingi að setja lög um þetta efni fyrir þann tíma, sem eftir er af leyfistíma Íslandsbanka, nema vitanlegt sje, að bankinn gangi að þeim. — Ef bankinn brýtur af sjer, er vitanlega hægt að svifta hann rjettinum. Íslandsbanki hefir að vísu ekki lagaheimild til að gefa út meira en 2½ milj. af seðlum, en í raun og veru verður hann að gefa út seðla eftir því, sem viðskiftaþörfin krefur. Við getum ekki verið gjaldmiðilslausir, og Íslandsbanki hefir einkarjett til þess að gefa út seðla. Það er því ekki hægt að setja bankanum hvaða skilyrði sem vera skal, og það er ekki framkvæmanlegt að taka af honum seðlaútgáfurjettinn. Ef svo væri litið á, að bankinn hefði þegar brotið af sjer rjettinn, væri þó að vísu nokkuð öðru máli að gegna. En jeg verð að líta svo á, að svo sje ekki, og þó svo væri, tel jeg vafasamt, að það borgi sig að fylgja því eftir. Hins vegar má benda á það, að Íslandsbanki telur vandræði sín nú mikið seðlaútgáfunni að kenna, og má gera ráð fyrir því, að samning-

um megi ná við hann ekkert síður á næsta ári en nú. Það er alkunnugt, að bankastjórnin vildi gjarnan losna við seðlaútgáfuna 1919.

Um skeytið, sem hæstv. forsrh. (J. M.) talaði um, þarf jeg ekkert frekar að segja. Jeg hefi ekki sjeð skeytið, sem Tofte bankastjóri sendi, en hann sagði mjer sem nefndarmanni frá því, og sýndi mjer svarskeytið. Var mjer fyllilega ljóst af orðalagi skeytis Tofte, að það varð ekki skilið sem fyrirspurn um „memorandum" Clausens bankastjóra, hvernig svo sem hæstv. forsrh. (J. M.) hefir ætlast til, að símað væri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 9 atkv.

Á 66., 67. og 69. fundi í Nd., dagana 10., 11. og 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 385).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var aldrei á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

16. Seðlaútgáfurjettur.

Á 64. fundi í Nd., laugardaginn 7. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um seðlaútgáfurjett o. fl. (A. 520).

Á 66. fundi í Nd., þriðjudaginn 10 maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að frv. mætti samt taka til meðferðar.

Flm. (Magnús Kristjánsson): Vil lýsa því yfir, að ef frv. Ed. gengur fram umr.laust, þá getum við flm. þessa frv fallist á, að sama meðferð sje höfð við það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., föstudaginn 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 520).

Flm. (Magnús Kristjánsson): Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, um seðlaútgáfurjett o. fl., má óhætt telja með þýðingarmestu málum, sem fyrir þinginu hafa legið bæði fyr og nú.

Þjóðin bíður þess með mikilli eftirvæntingu að fá vitneskju um, að því sje til lykta ráðið á heillavænlegan hátt, ekki einungis í nútíð, heldur einnig fyrir framtíðina. Þess vegna er það heilög skylda þingmanna að aðhyllast það, sem mestar líkur eru til, að til verulegra þjóðþrifa geti orðið í framtíðinni, og jeg fullyrði, að til þess hafi þetta frv. mest skilyrði af því, sem enn er fram komið í þessu máli.

Við erum hjer saman komnir til að ráða til lykta mörgum stórvandamálum, og þó einkum þessu. Menn eru stöðugt að leita að orsökum fjárkreppunnar og greinir mjög á um, hverjar þær sjeu. Að minni hyggju eru þær

margar, svo sem dýrtíðin, sem stafar af afleiðingum ófriðarins mikla, óhagstætt tíðarfar undanfarin ár, vandræðalega óheppileg sala á afurðum landsins, sem leitt hefir af sjer tjón, sem nemur tugum miljóna. Ennfremur hóflaus fjárbrallsgræðgi ýmsra manna, tilhneiging almennings til þess að lifa um efni fram. Þetta eru orsakir, sem erfitt er að ráða bót á, en því meiri ástæða er til að vera á verði um það, sem oss ætti að vera nokkurn veginn sjálfrátt um.

Skal jeg þá lítillega minnast á það atriði, sem næst liggur, og sem að mínu áliti hefir valdið mjög miklu um fjárkreppuna. Það er skipulagsleysi seðlaútgáfurjettarins, eða hið óheppilega fyrirkomulag hans, en sem nú er tækifæri til að ráða bót á með því að samþ. frv. þetta. Vanmáttur Íslandsbanka til að standa straum af seðlum sínum hefir svo berlega komið í ljós, að við svo búið má ekki standa. Þess vegna verður ríkið þegar í stað að taka að sjer nokkurn hluta seðlaútgáfunnar, og að fullu svo fljótt sem ástæður leyfa.

Það væri að vísu æskilegt, ef viðeigandi þætti að minnast nokkrum orðum á önnur frv., sem hjer eru á ferðinni um sama efni, en með því að þau eru ekki til umr. nú, skal það ekki gert. En væntanlega verður tími til þess síðar. Með þessu frv. okkar má segja, að sú stefna sje tekin upp að fresta því ekki til morguns, sem hægt er að gera í dag. Og það er borið fram vegna þess, að enda þótt við flm. viðurkennum, að mörg nýtileg ákvæði sjeu í hinum frv., þá álítum við þau ekki fær um að ráða bót á vandræðum þeim, sem stafa af vanmætti bankans.

Eins og hv. þm. munu hafa veitt eftirtekt, höfum við farið eins langt og við höfum sjeð okkur fært í því að sameina aðalefni þessara frv. í eina heild, en sneitt hins vegar hjá hinu, er okkur þótti lakara eða miður fara í þeim. En ef einhver hv. þm. kynni að halda, að í þessu frv. kæmi fram einhver vottur af hlutdrægni, eða að hagur einnar stofnunar væri borinn meira fyrir bjósti en annarar, þá verð jeg að mótmæla slíkum grun, ef honum verður haldið fram. Við athugun þessa frv. er það öllum augljóst, að aðalstefna þess er sú, að Landsbankinn verði í framtíðinni aðalpeningastofnun landsins og jafnframt seðlabanki. Þetta ætti öllum að vera ljúft að styðja. En þótt þetta sje nú aðalstefnan, þá höfum við flm. engu að síður haft hag Íslandsbanka fyrir augum. Það verður ekki hjá því komist fyrir ríkið að greiða úr vandræðaástandi hans, sem nú er orðið mjög tilfinnanlegt. Það sjest best, ef starfsemi hans er borin saman við það, sem honum var ætlað að gera, sem kemur í ljós í 1. gr. laga nr. 66 frá 1905, að starf hans er komið nokkuð langt frá þeim tilgangi, sem honum var ætlaður í upphafi.

En þó svo sje, þá dugar ekki að sakast um orðinn hlut, heldur reyna að ráða bót á honum. Jeg er sannfærður um það, að það er vilji þjóðarinnar, vilji allra alvarlega hugsandi manna, að aðhyllast stefnu þessa frv.; að þessu þingi sliti ekki svo, að Landsbankinn verði ekki gerður að aðalseðlabanka landsins. Ef þessu tækifæri er slept, er óvíst, að annað jafngott gefist. Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að aðstandendur Landsbankans hafa tjáð sig samþykka því, að slíkt fyrirkomulag verði tekið upp í framtíðinni, sem gert er

ráð fyrir í frv. þessu. En það kemur berlega í ljós í frv., að tilætlunin er sú að styrkja einnig Íslandsbanka. Ríkið styrkir hann á þann hátt að veita honum ábyrgð fyrir láni. Ef svo yrði litið á, að trygging væri fullnægjandi, þá er ríkisstjórninni heimilað að lána honum alt að 5 miljónum króna. Og í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að ríkissjóður geti tekið hlut í bankanum, jafnvel meiri hl. hlutafjárins. Ef sú hefir verið ætlun manna, að hjer væri haft í hyggju að þröngva kosti bankans, þá vona jeg, að menn sjái nú, bæði af frv. sjálfu og orðum mínum, að slíkt er misskilningur. Stefna og tilætlun okkar er sú, að Landsbankinn verði aðalpeningastofnun landsins. En jafnframt beri þinginu skylda til að greiða svo fyrir Íslandsbanka, að hann geti haldið áfram starfi sínu sem verslunarbanki og annast venjuleg viðskifti, sem þar að lúta. Það er þetta, sem fram kemur í frv., og þetta er framtíðarskipulag, sem allir ættu að geta fallist á.

Jeg skal nú ekki orðlengja þetta meira; jeg vænti, að hv. þdm. hafi kynt sjer alt, sem að þessu máli lýtur, og sjeu einráðnir í að láta það ná fram að ganga og leggja fullnaðarsamþykki á það í þessari hv. deild. Annað mál er það, að vel má búast við því, að hv. Ed. líti öðrum augum á það, með því að þar hefir komið fram annað frv. um þetta efni. Þótt það hafi mörg góð ákvæði að geyma og sje að sumu leyti svipað þessu, þá álítum við, að það sje ekki svo fullkomið sem þetta, og nái ekki því marki sem þetta frv. stefnir að. Jeg vona og, að hv. þm. sjeu einráðnir í því að skilja ekki áður en þeir hafa lagt fullnaðarúrslit á þetta mál.

Jeg get lýst því yfir fyrir hönd flm., að við álítum heppilegast, að Ed.frv. verði tekið út af dagskrá, þar til sjeð verður, hvernig þessu frv. reiðir af. Því ef það nær ekki fram að ganga hjer, eða ef hv. Ed. samþ. það ekki, þá erum við flm. einráðnir í því að koma fram með brtt. við Ed.frv. á þann veg, að það nálgist sem mest þetta frv. Við álítum engan veg til þess, að þessu máli verði ráðið til lykta á annan heppilegri hátt en hjer er farið fram á.

Jeg skal ekki fara nánar nú út í einstök atriði frv. Það á betur við síðar, ef andmæli koma fram.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það var út af síðustu orðum hv. flm. (M. K.), að jeg vildi skjóta því til hans, hvort hann gæti ekki felt sig við það að koma nú þegar með brtt. við Ed.frv., en falla frá sínu frv. Með því mundi sparast tími þingsins. Það er búið að samþ. hitt frv. í hv. Ed., og mundi því ekki kosta nema eina umr. þar, ef það væri sent þangað aftur með breytingum. En ef hitt nær fram að ganga hjer, kostar það 3 umr. í Ed. Mjer finst eðlilegra að afgr. á þennan hátt það frv., sem lengra er komið, en að bera fram nýtt frv. Og tíminn er dýrmætur, er komið er að þinglokum.

Flm. (Magnús Kristjánsson): Jeg get ekki sætt mig við þá aðferð, sem hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) stakk upp á. Þessi hv. deild á fullkomlega rjett á því að gera ákvarðanir í þessu máli, og mjer finst það sanngjarnt, að þetta frv. fái að sigla svo langt, sem byr leyfir. Töfin við það verður lítil. Það er svo sem auðvitað, að ef gerðar verða hjer breytingar á Ed.frv., þá verður því illa tekið í Ed. Kemur það þá aftur hingað. Vinst þá enginn tími, hvor aðferðin sem tekin er, og er þá ekk-

ert við þetta unnið. Jeg verð að endurtaka ósk mína um það, að hinu málinu verði frestað, þar til útsjeð er um forlög þessa frv.

Eiríkur Einarsson: Jeg hefi altaf verið þeirrar skoðunar, að heppilegast væri að koma bráðabirgðaskipulagi á peningamálin, eins og þau eru nú á sig komin. Jeg vil nú samt geta þess, að jeg get vel unað við þetta frv. og aðhylst það, þótt það fari fram á annað og meira en bráðabirgðaskipun. En það verður jafnt að koma á bráðabirgðaskipulagi um seðlaútgáfuna, þótt þetta frv. verði samþ., því að þar eru engin ákvæði um fyrirkomulagið fyrst um sinn, ef og að svo miklu leyti sem frv. kemur ekki til greina eða framkvæmda. Er því bráðabirgðaskipulagið samhl. því frv., sem nú er til umr., nauðsynlegt, og geri jeg síðar frekari grein fyrir því. En að öðru leyti vil jeg alls ekki raska frv. eins og það liggur fyrir frá hv. flm.

Mjer hefir verið borið á brýn, að jeg vildi Íslandsbanka ekki vel. Jeg hefi nú, með því að lýsa fylgi mínu við þetta frv., sýnt það berlega, að jeg vil ekki koma bankanum fyrir kattarnef, því að í þessu frv. er ýmislegt, sem styður hag hans. Hann fær tryggðan seðlaútgáfurjett um langt áraskeið, hann fær vonarbrjef um hlutafjáraukningu frá ríkinu og aðra hjálp þess, ívilnun um greiðslur til landssjóðs, vægari tryggingarskilyrði o. s. frv. Má sjá, að það er mjög fjarri því, að gengið sje á rjett Íslandsbanka. Hann er mjög studdur með því öllu saman.

Það má vera, að einhverjir kunni að spyrja, hverju það sæti, að jeg, sem var á móti stj.frv., sje þessu frv. hlyntur, sem þó svipar mikið til stj.frv. Til þess liggja góðar ástæður og gildar. Eru fyrst og fremst í þessu frv. ýms ákvæði, sem ekki eru í hinu, og öll til bóta. Eftir þessu frv. kemst stjórn Íslandsbanka undir innlend yfirráð; eftir því á fram að fara rannsókn á hag bankans, og fleira mætti telja. Svo er og annað, sem mjer þykir mikils um vert, en það er, að mjer er kunnugt um það, að stjórn Landsbankans er hlynt þessu frv. Telur hún það hafa þá kosti fram yfir stj.frv., að hún álitur það aðgengilegra. Þótt ekki væri annað en þetta, að Landsbankinn telur þetta frv. viðunandi umfram annað, sem fram er komið í málinu, eykur því vitanlega mikið gildi í mínum augum. Hvert er fremur að leita til umsagnar og leiðbeiningar um slíkt málefni, og það því fremur, sem landsstjórnin sjálf er svo á reiki um málið, sem raun er á orðin? Þessu gefa hv. þm. ekki nægilega mikinn gaum.

Þótt sitthvað megi að frv. finna, mun jeg greiða því atkv. mitt, en áskil mjer rjett til að koma með brtt. til síðari umr., er mundi þá einkum lúta að bráðabirgðaskipulaginu, eins og jeg hefi getið um.

Jeg hefi ekki skilið fyllilega aðstöðu manna til hv. Ed. og ótta þann og undirgefni, sem kemur fram í því. Jeg held, að þessi deild geti látið það liggja á milli hluta, hvernig hv. Ed. tekur í frv. Það kemur í ljós á sínum tíma. Og fanst mjer hv. frsm. (M. K.) gefa þeim herrum óþarflega undir fótinn eða hálfgert vonarbrjef um afslátt, ef á þyrfti að halda. Jeg held þess vegna, að flestir hv. deildarmenn geti snúið sjer að þessu frv., rætt það og íhugað; það liggur fyrir nú, en ekki Ed.frv.

Jakob Möller: Jeg bjóst við, að stjórn-

in hefði eitthvað meira að segja um þetta frv. en raun er á orðin. Jeg gekk út frá því sem gefnu, að það væri fram komið í samráði við hana, þar sem flm. eru stuðningsmenn stjórnarinnar. En svo var að heyra á ræðu hæstv. fjrh. (M. G.), að hann kysi heldur, að þetta frv. næði ekki fram að ganga, en lagði alt kapp á Ed.frv. Jeg býst þó við því, að stjórninni hafi verið þetta frv. kunnugt og vænti þess vegna, að hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) segði eitthvað um, hvort samkomulag gæti um það náðst eða ekki. Allir vita, að hjer er um mál að ræða, sem löggjafarvaldið er ekki einrátt um. Það er ekki hægt að ráðstafa því, án þess að spyrja hinn aðiljann; það verður að vera samkomulagsmál. Þegar í 1. gr. þessa frv. er ákvæði, sem jeg veit ekki betur en valda muni ágreiningi, eftir því sem Íslandsbanki hefir látið uppi við peningamálanefndina. Hann leggur aðaláhersluna á það að fá að halda toppi seðlaútgáfunnar, en eftir þessu frv. er svo að skilja, að toppurinn eigi að vera hjá Landsbankanum. En ef Íslandsbanki vill ganga að þessu nú, þá er öðru máli að gegna, og mjer þætti vænt um, ef stjórnin gæti upplýst um það.

Yfirleitt væri fróðlegt að vita, hver afstaða Íslandsbanka er til þessa frv., og hvað stjórnin býst við, að taki við 30. sept, ef frv. verður samþ., en hluthafar Íslandsbanka vilja ekki ganga að því. Þá sje jeg aðeins eitt ráð, bráðabirgðalög. Jeg sje ekki að svo stöddu ástæðu til að snúast á móti frv., því að jeg álít það aðeins til bráðabirgða. Það er ekki gengið svo frá skipun seðlaútgáfunnar, að til frambúðar eða endanlegra úrslita megi verða. Það er alveg óvíst, hver á að taka við af Íslandsbanka. Það er órannsakað mál, hvort heppilegt sje að láta Landsbankann gera það. Hann hefir t. d. mikið sparifje, en slikt er ekki talið heppilegt um seðlabanka, og almennur viðskiftabanki, eða það, sem oft hefir verið kallað „spekulations"-banki, er hann í raun og veru engu síður en Íslandsbanki. Jeg held, að best sje að slá engu föstu, því að vafi getur á því leikið, hvort ekki sje rjett að stofna sjerstakan seðlabanka, því að gagngerð breyting verður að ske á Landsbankanum, áður en hann er gerður að seðlabanka. Það er víða talið eins tryggilegt, eða tryggilegra, að láta fasteignir standa bak við seðlana, heldur en gull, og gæti því komið til mála að gera fasteignabankann að seðlabanka. En alt þetta þarf að rannsaka, áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Jeg hefi ekkert á móti því, að þetta frv. fái að ganga til 3. umr. til athugunar, því þó að Landsbankanum væri falin seðlaútgáfan, þá er altaf hægt að breyta því, þegar rannsókn hefir sýnt, að annað er heppilegra.

Fjármálaráðherra (M. G.): Viðvíkjandi afstöðu minni til þessa frv. og Ed.frv. er það að segja, að jeg vildi, að þingið sneri sjer aðall. að öðruhvoru. vegna starfanna hjer og tímans, sem er naumur. Jeg hefi skotið þessu að hv. flm. (M. K.) og mælst til þess, að áhersla yrði fremur lögð á Ed.frv. vegna þess, að það hefir mikið fylgi þeirrar deildar og væri því líklegri samkomulagsgrundvöllur. Jeg hefi fengið neitandi svar, og við því er ekkert að segja. Jeg vildi reyna að spara tvær umr. í Ed., en það virðist ekki hægt úr þessu.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) spurði stjórnina, hvort hún hefði talað við

bankastjóra Íslandsbanka um þetta frv. Það hefir stjórnin ekki gert, því að satt að segja bjóst jeg ekki við, að málið yrði tekið á dagskrá nú. Jeg hafði að vísu sjeð frv. hjá flm. áður en það fór í prentun, en við fórum ekkert nánara út í það mál.

Háttv. þm. (Jak. M.) hjelt, að hægt væri að skilja 1. gr. á tvo vegu, en ef hann lítur svo á það mál, þá er auðvelt fyrir hann að koma með brtt., sem geri greinina ótvíræða.

Þá spurði hv. þm. (Jak. M.), hvað stjórnin mundi gera 30. sept., ef frv. yrði samþ., en hluthafar Íslandsbanka vildu ekki ganga að því. Jeg lít eins á þetta og hann, að það er ekki annað fyrir hendi en að gefa út bráðabirgðalög.

Þetta frv. er að mörgu leyti líkt stj.-frv., og ræður að líkindum, að stjórnin sje ekki á móti þeim ákvæðum, sem þau frv. eiga sameiginleg. En það er ekki nóg, að menn telji einhverja skipun í þessu máli heppilega; það verða að vera líkindi fyrir því, að samkomulag náist um hana innan þings og við bankann, sem hlut á að máli.

Hv. 1. þm. Árn. (E. E.) upplýsti það, að Landsbankinn væri frv. hlyntur. En hann hefir áður lýst því yfir við nefndina, að hann vildi ekki taka við seðlaútgáfunni. Ber að skilja þetta svo, að bankinn hafi aldrei lýst þessu yfir, það hafi verið misskilningur, eða hefir hann breytt skoðun? Það væri fróðlegt að vita.

Annars undrar mig það dálítið, að hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) skuli geta fallist á þetta frv. Hann hefir marglýst því yfir, að hann vilji enga frambúðarráðstöfun á seðlaútgáfunni, en hjer er farið fram á slíkt. En Ed.frv., sem þm. (Jak. M.) getur ekki fallist á, ákveður aðeins að taka seðlaútgáfuna af Íslandsbanka smátt og smátt, en lætur það alveg opið, hvað um hana verður. Það lítur svo út, sem þetta frv. ætti að falla hv. þm. (Jak. M.) vel í geð, og skil jeg ekki, hvers vegna svo er ekki.

Það er rjett hjá hv. þm. (Jak. M.), að það er verulegt atriði, hvernig bankarnir líta á þetta mál. Nú er komin yfirlýsing frá Landsbankanum, og hefi jeg ekki ástæðu til að rengja hana, en álit Íslandsbanka er ókunnugt, en það er hægt að fá það síðar. Jeg held þó, án þess að geta um það sagt með vissu, að bankanum sje betur við frv. Ed.; og þegar þess er gætt, að það var samþ. með öllum atkv. í Ed., er varhugavert að ganga alveg framhjá því. Jeg verð að telja það illa farið, ef samkomulag næst ekki í þessu máli, en um það er ómögulegt að segja fyr en afstaða Ed. til frv. kemur í ljós.

Gunnar Sigurðsson: Mjer þykir vænt um, að sú stefna er orðin ofan á í báðum deildum, að sjálfsagt sje að hjálpa Íslandsbanka með lánum til hlutafjárauka. Jeg hefi haldið þessu fram frá byrjun og gleðst því yfir því, að það skuli verða orðið viðurkent af þinginu. Það er í raun og veru ekki neinn grundvallarmunur á frv. þessu og Ed.-frv., bæði ganga út frá því, að hlaupa undir bagga með bankanum, og jeg sje ekki, að lakara sje að leggja frv. þetta til grundvallar, og það er betra að því leyti, að það tryggir landið betur gagnvart Íslandsbanka og hluthöfum hans. Jeg er þeirrar skoðunar, að ekki beri að gera endanlega skipun á seðlaútgáfunni nú, og það er í raun og veru ekki gert með þessu frv., því málið er áfram í höndum þingsins, þó að Landsbankinn sje tilnefndur til að taka við af Íslandsbanka. En það er rjett stefna að láta

hlutafjárbanka, verslunar- og „spekulations"-banka ekki hafa seðlaútgáfuna á hendi, enda hefir það hvergi reynst affarasælt. Þá get jeg fallist á tilgátu hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), að líklega væri heppilegt í framtíðinni að gera fasteignabankann að seðlabanka, því að fasteignir eru í vissu tilliti betri trygging en gull, og væru ágætur tryggingargrundvöllur, að minsta kosti með gulli, sem einkum væri þörf á út á við fyrir tryggingu seðlanna. Það hefir sjerstaklega komið í ljós nú á ófriðarárunum, að gullið er ekki einhlítt, enda er það alkunna, að á byltingartímum er gullið ekki einhlít trygging.

Það var eins og allir vita hugmundin í fyrstu, er Íslandsbanki var stofnaður, að ein af aðaltryggingum hans fyrir seðlaútgáfunni væri fasteignatrygging. — En frá því var horfið, og var það óheillaráð, því að það mundi hafa reynst, að betur hefði málum hans verið skipað nú, ef hann hefði aðallega bygt á fasteignatryggingum með því gulli, sem hann hafði til umráða.

Mjer datt nú í hug, er jeg sá frv. þetta, að 5 milj. kr. lán væri of lítið fyrir bankann, nema þá að stjórnin eða Landsbankinn gæfi eftir þann hluta, sem Landsbankanum er ætlaður samkvæmt frv., en Íslandsbanki borgaði vexti af þeirri upphæð.

Eiríkur Einarsson: Jeg tók svo eftir, að hæstv. fjrh. (M. G.) beindi þeirri spurningu til mín, hvort stjórn Landsbankans hefði snúist hugur um málið, þar sem hún væri hlynt þessu frv., en hafi ekki getað sætt sig við stj.frv.

Jeg geri ráð fyrir, að Landsbankastjórnin hafi alls ekki snúist. Það sem olli því, að hún gat ekki mælt með frv. stjórnarinnar, eins og því var komið að lokum, er nú á einn eða annan veg fært til leiðrjettingar í þessu frv. Má þar til nefna hina svo nefndu toppseðlaútgáfu, sem nú er tvímælalaust komið fyrir í þessu frv. Ennfremur þau ákvæði í þessu frv., er lúta að stjórn og skipulagi Landsbankans sjálfs í framtíðinni og gera má ráð fyrir, að stjórn hans telji mikilsvert atriði. Mörg önnur ákvæði eru í frv., er vel geta gert herslumun, svo að nú sje ástæða fyrir Landsbankastjórnina að vera því hlynt umfram stj.frv., þótt ekki vilji jeg fullyrða þar með, að bankastjórnin fallist á öll ákvæði þess.

Annars þykir mjer það næsta undarlegt, að hæstv. stjórn fyrir munn hæstv. fjrh. (M. G.) skuli beina þeirri spurningu út til manna á þingbekkjunum, hvaða skoðun Landsbankastjórnin hafi á þessu máli. Hví er hæstv. stjórn ekki í fullu samræmi við bankastjórnina um slíkt mál sem þetta? Þær eiga þó að vinna saman að því að sjá banka þjóðarinnar sem best borgið, og veitti þar síst af fullri samvinnu og einlægni.

Jeg vil aðeins drepa á það, er jeg sagði í fyrri ræðu minni, að það er óviðeigandi, að ræður manna snúist um það, að þetta mál verði að afgreiða á þann hátt, að þingið tefjist sem minst. Það á eingöngu að fara eftir efni frv., en ekki því, að annað frv. hefir náð samþ. Ed., og tæki ef til vill styttri tíma að umbreyta því. Þingmenn sjá, þegar búið er að slíta þingi og komið er heim til kjósendanna, að þá verður ekki spurt um, hvort Alþingi hafi staðið 1 eða 2 dögum lengur, heldur verður spurt um úrslit málanna, og svo dæmir þjóðin, hvort þau eru góð eða ill. Þetta mun ekki hvað síst sannast um bankamálin.

Jeg orðlengi svo ekki frekar um þetta mál, en skal þó benda á, auk þess sem jeg hefi áður getið um, að eitt af því, sem þetta frv. hefir fram yfir Ed.frv., eru öryggisráðstafanirnar, t. d. viðvíkjandi hlutafjáraukningunni, og það hlýtur þó hverjum að þykja miklu máli skifta. Tryggingin, þó í fljótu bragði sýnist góð, getur í reyndinni orðið gagnstæð, og verður ekki of vel um það búið.

Jeg mintist á það fyrir nokkrum dögum, að þá hefði jeg í merku norsku riti lesið grein, þar sem bent var á það, að stofnanir, þó sjóði ættu og sýndust tryggar í dag, gætu oltið um á morgun. Fjármál landsins væru á því hverfanda hveli, og því væri um að gera að fara varlega. Þetta hefir ekki verið sagt ófyrirsynju, eftir þeim fregnum sem borist hafa austan yfir hafið núna síðustu dagana. Þær segja, að 2 norskir bankar, sem álitnir voru stæltir, hafi farið um, og vel má vera að öðrum sje hætt.

Þetta ætti að vera okkur umhugsunarefni, þegar við erum að leita að bjargráðum okkar fjármála vegna. Við eigum ekki umhugsunarlaust eða umhugsunarlítið að flaustra slíku af, heldur eigum við að kosta kapps um að tryggja alt sem best og búa um alla hnúta svo að ekki losni.

Jón Þorláksson: Þetta frv. er hjer til 2. umr. og því tilhlýðilegt að ræða einstök atriði þess, þó jeg hins vegar búist ekki við, að það verði til neinnar fullnustu.

Upp í þetta frv. eru tekin ýms ákvæði úr stj.frv., og verður þá fyrst fyrir mjer að minnast á það ákvæðið, er jeg taldi einna varhugaverðast í stj.frv., að auka fúlgu ógulltrygðra seðla úr ¾milj. upp í 3 miljónir. Jeg tel það mjög varhugavert að grípa til þess óyndisúrræðis, þegar landið hefir tapað nokkru af trausti sínu erlendis, að bæta þar á ofan því að auka ógulltrygða seðla í landinu. Önnur hlið á þessu ákvæði er sú, að mjer finst að valda muni óþægindum, að svo mikil seðlafúlga sje flutt í einu frá öðrum bankanum til hins. Velta annars bankans vex um 2¼ milj. en minkar að sama skapi hjá hinum. Þetta hlýtur að valda óþægindum fyrir viðskiftamenn bankanna, nema því aðeins að mjög góð samvinna sje á milli stjórna bankanna.

Þá er gætilegar farið í Ed.frv., þar sem gert er ráð fyrir, að seðlaútgáfa Íslandsbanka hverfi smátt og smátt með hverju ári.

Annað atriði, sem jeg hefi tilhneigingu til að leggja áherlsu á í þessu sambandi, er það, að svo verði frá gengið, að trygt sje, að seðlamergðin í landinu verði ekki of mikil. Takmörkun seðlamergðarinnar er skilyrði fyrir því, að okkar gjaldmiðill standi jafnfætis dönsku krónunni, en það er í mínum augum afaræskilegt, að svo geti verið. Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir neinni takmörkun, svo að með því fæst engin trygging fyrir því, að seðlarnir verði ekki of margir.

Fyrir utan ákvæðið um seðlaútgáfuna er vitanlega annað aðalefni þessa frv., og það er um hjálp ríkisins Íslandsbanka til handa, svo að hann geti int af hendi skuldbingingar sínar og viðskiftamanna, gagnvart útlöndum.

Stj.frv. fór fram á að heimila Íslandsbanka sjálfum að auka hlutafje sitt, en taka af honum seðlaútgáfurjettinn. Ef það næði fram að ganga, myndi Íslandsbanki að loknum leyfistímanum standa sem öflugur einkabanki við hliðina á

ríkisbankanum íslenska. Þetta áleit jeg og fleiri góða úrlausn málsins um það leyti sem stj.frv. var samið. En síðan hafa tímarnir breyst svo, að þessi leið er ekki fær. Íslandsbanki getur ekki útvegað sjer þá hlutafjáraukning svo bráðlega, sem nauðsyn er til.

Þá er næsta till. í málinu, sem kemur fram í Ed.frv. og hefir fylgi meiri hl. peningamálanefndarinnar, en hún er sú, að ríkissjóður leggi Íslandsbanka til hlutafje með því að taka lán erlendis, og þar sem þetta virðist eina færa leiðin, held jeg, að menn verði að fara hana. Það eru að vísu ákvæði í þessu frv., sem gera það mögulegt, ef næsta þing vill, að taka hluti í Íslandsbanka, en þó eru þetta miklu óákveðnari fyrirmæli heldur en í Ed.frv., og tilgangur þessa frv. virðist einmitt vera sá að komast hjá því, að hlutafje Íslandsbanka verði aukið.

Jeg lít því svo á þetta frv., að tilgangur þess sje sá að afstýra því, að ríkið láti hlutafje í Íslandsbanka. Hins vegar hefir þetta frv. ekkert ákvæði, eins og stj.frv., að leyfa bankanum að auka hlutafjeð, ef ríkið ekki kaupir hluti.

Annars er jeg á sama máli og hv. þm. Dala. (B. J.) um það, að ekkert þessara frv. hafi öll þau ákvæði að innihalda, sem þörf er á til styrktar Íslandsbanka. Hlutafjárkaup af hálfu ríkissjóðs hljóta að taka nokkurn tíma og myndu ekki komast í kring fyr en á hausti komandi. En nauðsynlegt er að greiða úr fjárhagsvandræðunum fyrir þann tíma, því að landsmenn þola ekki, að það dragist svo lengi. Það var rjettilega fram tekið hjá hv. þm. Dala. (B. J.), að fyrst verður að greiða erlendu skuldirnar. Þess vegna þarf viðbótarlánsheimild fyrir stjórnina í þá átt, sem farið er fram á í frv. hv. þm. Dala. (B. J.) og gert er ráð fyrir að nokkru leyti í frv. því, sem hjer er til umr.

Viðvíkjandi umr. þeim, sem fallið hafa hjer, ætla jeg ekki að henda á lofti nema lítið eitt. Þó vil jeg leiðrjetta eitt atriði, sem hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) sagði og að líkindum hefir verið mismæli hans, að Íslandsbanki væri verslunar- og „spekúlations"-banki. — Slíkt hlýtur að vera sagt í ógáti, því vitanlega er bankinn verslunar- og útvegsbanki. **(Gunn. S.:** Er útvegurinn ekki „spekúlation"?). Útgerðin er framleiðslufyrirtæki og annar aðalatvinnuvegur landsmanna, en jeg mun ekki þurfa að skýra fyrir hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), hvað „spekulation" er.

Nú liggja hjer fyrir 4 lagafrv. um þetta sama mál.

Viðvíkjandi þessari frv.mergð, er það að segja, að þau eru í mínum augum alt of mörg. Þau eru svo mörg, að það verður að fækka þeim nú, svo að hv. þm. geti komið sjer saman um, að eitthvert þeirra skuli ganga fram.

Jeg felst á það með hæstv. fjrh. (M. G.), að fyrir þingstörfin væri það heppilegast að taka Ed.frv. og breyta því þá, ef mönnum svo sýndist. Og mjer fyrir mitt leyti finst, að nauðsynlegt sje að breyta dálítið einstökum ákvæðum þess. Og ef það frv. gengur hjer fram með litlum breytingum, þá þyrfti að auki annaðhvort að samþ. frv. hv. þm. Dala. (B. J.), eða þá að taka efni þess frv. inn í Ed.frv., sem jeg þó tel vafasamt, að hægt sje að gera svo vel fari.

Þessi frv. eru nú hjer til 2. umr. í dag, og til þess að gera brtt. við þau, er þá ekki nema tíminn á milli 2. og 3. umr. Sýnist mjer því nauðsynlegt, að menn geti vitað eftir þessa umr., hvort frv. eigi að takast til meðferðar.

Þess vegna sýnast mjer nú aðeins tvær leiðir fyrir hendi.

Önnur er sú að fella annaðhvort frv. og þá sýnist mjer ekki vafamál, að það eigi að vera það frv., sem nú er til umr.

Hin er sú, að ef þetta frv. verður látið ganga fram, þá verður að láta Ed.-frv. bíða, þar til útsjeð er um örlög hins frv. í hv. Ed., eins og hv. flm. (M. K.) líka benti á.

Jeg fæ ekki betur sjeð en að hin mestu vandræði geti af því stafað, ef hv. deild vísar báðum þessum hliðstæðu frv. til 3. umr. Þá geta háttv. þm. ekkert um það vitað, að hvoru frv. þeir eigi að snúa sjer með brtt. sínar, og því alt málið í hinni mestu óreiðu.

Því er það, að jeg tek það ráð að greiða nú atkv. á móti frv. á þskj. 520 í trausti þess, að ef sú fækkun getur komist í kring nú, þá muni allir hv. þdm. hverfa að því ráði að taka Ed.-frv. til meðferðar og gera á því nauðsynlegar breytingar í sambandi við frv. hv. þm. Dala. (B. J.).

Sveinn Ólafsson: Jeg verð að segja það, að jeg er dálitið óþreyjufullur eftir því að sjá, hvernig menn skipa sjer um þetta mál og frv.

Að sjálfsögðu er það svo um þetta mál sem önnur, að á því eru tvær hliðar og ekki sama, hvorri hliðinni er haldið fram. Annars vegar eru hjer hagsmunir þjóðfjelagsins, en hins vegar hagsmunir Íslandsbanka. Blandast mjer ekki hugur um, að hjer eru skiftar skoðanir um það, að hvorri þessara hliða eigi að halla sjer. Geta margvísleg atvik til þess legið, að einn lítur fremur á aðra hlið en hina.

Jeg finn ástæðu til að vera þeim hv. þm. þakklátur, sem tekið hafa undir með því frv., sem nú liggur fyrir til umr., og vil jeg þar til nefna hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) og hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.). En þessi þakklátssemi mín nær heldur ekki lengra, að því er snertir þessa umr. Margt hefir nú fram komið við umr., er gæti gefið tilefni til nokkurra breytinga á frv., en þó er jeg ekki í vafa um, að það besta og hollasta, sem hægt er að gera í þessu mikla vandamáli, er að samþ. frv. án allra efnisbreytinga.

Að því hefir verið mikið gert hjer við umræðurnar að bera saman þetta frv. og Ed.frv. Það frv. liggur að vísu ekki fyrir hjer nú, en úr því það hefir verið dregið inn í umræðurnar, þá er ekki gott fyrir mig að sneiða algerlega hjá því.

Þó jeg hafi nú raunar óbeinlínis tekið það fram, að jeg telji ekki Ed.frv. eins fullkomna lausn á þessu máli eins og þetta frv., þá er þó ekki með því sagt, að ekki sé margt brúklegt og vel hugsað í því frv., og því fjarri mjer að telja frv. óalandi, ef sæmilegar breytingar yrðu á því gerðar. Jeg veit, að ástæður voru knýjandi og erfiðar, þegar þetta frv. var fram borið í hv. Ed., og því hafa hv. þm. þar ekki sjeð sjer fært að ganga eins langt og þeir gjarna hefðu viljað. Má því vel segja, að það frv. sje eins konar málamiðlun.

Því hefir verið haldið hjer fram af hæstv. fjármálaráðherra, að hyggilegast væri að hverfa nú þegar að Ed.frv. með einhverjum smábreytingum. Á þetta get jeg ekki fallist, því ef það frv., sem nú liggur fyrir, er betri lausn á málinu og hyggilegri, — og eitthvað í þá átt hefir hæstv. ráðh. kannast við í mín eyru, — þá er ekki hyggilegt að hverfa að hinu frv., sem lakara er. Það mætti miklu fremur telja það neyðarkost að

fella þetta frv. og taka Ed.frv., og fráleit er sú kenning, að hjer eigi að taka því lakara, af því það er auðsóttara. Skal jeg svo ekki að öðru leyti fara frekar út í orð hæstv. fjrh., en mjer kom það þó nokkuð á óvart, hvernig hann snerist við þessu máli.

Hv. 1. þm. Reykv. tók fremur vingjarnlega á frv. og hjet því að nokkru leyti fylgi sínu. Virtist mjer hann þó leggja allmikla áherslu á það, að í frv. væri ekki eins vel fyrir komið seðlaútgáfunni og æskilegt væri. Sagði hann best að slá úrlausn þess máls á frest, og er það samkvæmt því, sem hann hefir áður haldið fram. Jeg get nú raunar ekki skilið til fulls, hvers vegna hv. þm. vill fresta þessum ráðstöfunum. Hann sagði, að þingið væri ekki bært að setja lög um þessi efni. Og er það svo að skilja, að lögin nái ekki fullu gildi fyr en samþykki hlutaðeigenda Íslandsbanka kemur til. En þessi sama hindrun verður einnig næsta ár og ekki hægt eftir því að bíða, að hún falli burt. Auk þess er óvíst, að afhending seðlaútgáfurjettarins liggi þá á lausu.

Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) lýsti afstöðu sinni til þessa máls svo, að hann væri algerlega á móti frv. þessu og óskaði að það yrði felt. Með þessu hefir hann átakanlegast allra þeirra, sem í þessu máli hafa talað, lýst fylgi sínu við Íslandsbanka.

Þessi sami hv. þm. hafði það að athuga við flutning seðlaútgáfunnar í hendur Landsbankans, að hann óttaðist, að sú fúlga ógulltrygðra seðla í Landsbankanum myndi spilla áliti okkar út á við. — Um þessa hættu mætti skýrskota til stjórnarfrv., þar stendur þetta ákvæði, og líklega ekki að óyfirveguðu máli. Og það er víst, að nú eru seðlar Landsbankans í langt um meira áliti erlendis, þótt engin sje gulltrygging þeirra, en hinir gulltrygðu seðlar Íslandsbanka. Ekki er þetta heldur afarmikið fje, því samkv. frv. er ekki um að ræða nema 2¼ miljón kr., er flytjist í hendur Landsbankans, auk þeirra ¾ milj., sem bankinn nú hefir í umferð.

Þá þótti hv. 3. þm. Reykv. ofmikið veltufje tekið í einu af Íslandsbanka, — taldi hann slíkan áhalla milli bankanna óhollan og varasaman Jeg get ekki skilið, ef trygg eru viðsikfti bankanna á annað borð, að þá komi það að neinni sök, þótt sá bankinn, sem áður var minni, eflist við seðlaflutninginn, enda vænta allar þess og hafa vænst, að seðlarnir flyttust frá Íslandsbanka til Landsbankans, eins og Ed.frv. líka gerir ráð fyrir; munum við og allir búast við því, að Landsbankinn fái þetta í hendur, en bara ögn seinna eftir hinu frumvarpinu.

Skal jeg svo ekki tefja umræður lengur, en vil láta það í ljós, að ef horfið verður frá þessu frv., þá vakir ekki annað fyrir mjer en að koma fram með mjög róttækar breytingar við Ed.frv. En til þess vona jeg að ekki þurfi að koma, því hjer er vissulega tækifæri til þess að skipa vel málinu, með því að samþykkja það frv., sem hjer liggur fyrir.

Flm. (Magnús Kristjánsson): Jeg talaði nokkuð alment um þetta mál fyrir stundu síðan og læt það nægja. En nú hafa nokkrir hv. þm. tekið til máls síðan, og lætur þá að líkindum, að ekki sje ástæðulaust að svara þeim nokkrum orðum.

En það vill nú svo vel til, að sumir þessara manna hafa verið frv. hlyntir, og þeim þarf jeg því ekki að svara. Það var einkum hv. 3. þm. Reykv., sem lýsti

því yfir, að hann væri á móti frv., og skal eg koma að ræðu hans seinna. Jeg ætla þá að víkja fáum orðum að ræðum hv. þm. í þeirri röð, sem þær hafa komið fram.

Hv. 1. þm. Árn. (E. E.) sagði á þann veg, að honum fyndist þetta frv. betra en hin frv., og þakka jeg honum fyrir það.

En hann lagði algerlega rangan skilning í ummæli mín um gang þessara mála hjer á þinginu. Komst hann svo að orði, að jeg hefði verið að gefa hv. Ed. „vonarbrjef“ um það, að þessi hv. deild mundi ekki taka hart á því, þótt Ed. legðist á móti frv. Þetta er algerður misskilningur. Jeg sagði, að hvernig sem hv. Ed. tæki í þetta mál, þá mundum við flm. þessa frv. haga meðferð málsins á þann hátt, að allar leiðir væru opnar til þess að breyta Ed.frv. í svipað horf og okkar frv. Færði jeg rök að því, að ekki þyrfti þingið að tefjast til muna, þó sú aðferð yrði höfð, sem jeg mintist á. Skal jeg víkja nánar að þessu síðar.

Hv. 1. þm. Reykv. tók fremur liðlega í málið, en hreyfði þó athugasemdum og var ekki í alla staði ánægður með frv. Aðalmótbára hans gegn frv. skildist mjer vera sú, að hann taldi það misráðið, að Landsbankinn fengi að gefa út síðustu seðlana fram yfir 8 miljónir. (**Jak. M.:** Þetta er tómur misskilningur.) Það er ekki misskilningur. Hv. þm. lagði einmtt mikið upp úr „seðlatoppinum“, og held jeg, að enginn, sem á hlýddi, hafi getað lagt annan skilning í orð hans. Verð jeg að taka þau hjer eins og þau voru hjer töluð, en ekki eins og hv. þm. nú vill hafa þau.

En jeg geri ráð fyrir því, að ef Íslandsbanki gefur út 5 milj. kr. í seðlum og Landsbankinn 3 miljónir, þá muni eigi þurfa meiri seðla og þessir „toppseðlar“ því ekki þurfa að valda miklum ágreiningi. Vegna verðfalls á mörgum vörum má og gera ráð fyrir því, að seðlaþörfin framvegis verði ekki eins mikil og að undanförnu. Það er og almenn skoðun hjer í þinginu og víðar, að ekki sje heppilegt að gefa út mjög mikið af seðlum. Og þar sem nú stjórnin hefir þetta á valdi sínu, þá býst jeg við, að ekki verði of mikið gefið út. Önnur ástæða hv. þm. var sú, að það væri í sjálfu sjer varhugavert að auka seðlaútgáfu Landsbankans, og vafasamt hvort seðlaútgáfurjetturinn ætti nokkurn tíma að hverfa til hans, því veltufje hans væri svo lítið. Skil eg það svo, að þessi hv. þm. vilji, að Íslandsbanki hafi rjettinn áfram, af því hann hafi veltufé. Jeg held nú, að þetta sje nokkuð fljótfærnisleg ástæða og lítils virði,

Þá var enn eitt atriði, sem sami hv. þingm. mintist á, að það væri líklega heppilegra, að þessi tilvonandi veðbanki hefði seðlaútgáfurjettinn eingöngu. En jeg vil ekki ræða það mál nú, því jeg býst við, að þessi hugsjón eigi langt í land, og finn því ekki ástæðu til að svara þessum hv. þm. frekar.

Hæstv. fjrh. (M. G.) var öðruhvoru að drepa á, að það væri óheppilegt, að þetta frv. hefði fram komið, því að það mundi bara tefja tímann. En jeg hjelt, að jeg hefði svarað því áður, og mjer finst það alveg óverjandi í slíku máli að vera að tala um það, hvort þingið stendur einum degi lengur eða skemur. Hæstv. fjrh. gerði mikið úr því, að hv. Ed. hefði samþykt frv. með öllum atkvæðum, en það var aðeins við síðustu umræðu. En jeg veit ekki betur en að skoðanirnar hafi verið mjög skiftar fram að síðustu stundu, hvernig svo sem það atvikaðist, að svona giftusamlega tókst til. Það getur heldur engan veginn

verið þess valdandi, að þessi hv. deild megi ekki víkja frá þeirri skoðun, því að hún hefir fullkominn rjett til að ræða málið eins ýtarlega og hv. Ed. Það er ekki sanngjarnt að krefjast þess, að við víkjum frá þessu ágreiningsmáli, eins og hann komst að orði.

Þá kem jeg að fyrirspurn hv. 3. þm. Reykv. til hæstv. fjrh., hvort hann hefði lýst yfir afstöðu stjórnarinnar í þessu máli, og hvort honum væri kunnugt um afstöðu Landsbankastjórnarinnar í málinu. Hæstv. fjrh. svaraði þessu á viðeigandi hátt, þó hann hefði getað farið nokkuð ákveðnari orðum um afstöðu stjórnar Landsbankans, því hann veit, hvort hún muni sætta sig við það. Ennfremur hefir verið minst á það, að ekki verði fullrætt um þetta fyr en vitneskja fáist um það, að hve miklu leyti stjórn Íslandsbanka sje þessu fylgjandi. Jeg legg nú ekki mikið upp úr slíku, en jeg tel þetta heppilegra, og hún ætti að vera svo viti borin að álíta þetta hyggilegt, því það mun ekki hafa áhrif á atkvæði mitt, og jeg geri ráð fyrir, að það muni heldur ekki hafa áhrif á atkv. margra þm., hvað stjórn Íslandsbanka álítur. Jeg álít, að með frv. okkar sje Íslandsbanka gerðir sæmilegir kostir, því ef lengra væri farið, þá gæti litið svo út eins og verið væri að verðlauna bankann fyrir það ástand, sem hann hefir skapað að nokkru leyti. Það ætti að vera öllum hv. þm. ljóst, að við eigum ekki að sækja ráð okkar til bankans.

Hv. þingm. lagði mikið upp úr því, að Ed.frv. hefði verið viðurkent hjer sem líklegasti og besti grundvöllurinn, er hjer væri um að ræða. Jeg skal játa það, að það er margt í því frv., sem er gott. En jeg býst við, að enginn, sem vill líta það með sanngirni, mótmæli því, að þetta sje heillavænlegasta skipulagið til frambúðar.

Hv. þm. gaf það í skyn, að það væri skylda deildarinnar að sýna samningalipurð á þann veg að viðurkenna, að eina bjargráðið út úr ógöngunum væri þegar í stað að leggja hlutafje í Íslandsbanka. Jeg verð að álíta þetta mjög mikið efamál, og mjer er ómögulegt að sannfærast um, að það sje besta úrlausnin. Það er varhugavert að afráða nú þegar að kaupa hlutabrjef í bankanum fyrir miljónir króna, eða jafnvel fyrir hærri upphæð en hlutafje hans nemur nú. Þetta er varhugavert, og verður því að fara fram skoðun á hag bankans áður en ríkið leggur fje í hann. En það væri glapræði, ef þessi hlutakaup færu fram nú þegar.

Jeg vil taka þetta skýrt fram, því að þetta er meiningamunurinn.

Enn fremur gat sami hv. þm. (J. Þ.) þess, að það liti svo út sem við flm. værum staðráðnir í því að afstýra því, að ríkið keypti hluti í Íslandsbanka. Þetta er algerlega órökstudd fullyrðing, og er alls ekki hægt að draga það út úr frv. En hitt er annað mál, að við flm. álítum þetta misráðið, að gera það nú þegar, og jeg hygg, að það fyrirkomulag, sem frv. okkar gerir ráð fyrir, verði best.

Ennfremur gat hann þess, að hann vænti þess, að Ed.frv. gengi fram, og vildi ráða deildinni til að taka hreina afstöðu til þessa frv. Þetta er bein aðferð og virðingarverð, en hvort hún er eins heillavænleg, læt jeg ósagt. Að mínu áliti eru það ekki eingöngu vísdómsorð, sem frá þessum háttv. þm. koma, þótt hann hafi góða hæfileika á ýmsum sviðum. Jeg vildi aðeins taka það fram til árjettingar og eg vænti þess, að hv. 3. þm. Reykv. sje ekki svo miklu ráðandi

hjer í deildinni, að hann geti ráðið því, að þetta frv. verði felt við þessa umr., því að það væri hið mesta glapræði.

Magnús Jónsson: Það gæti virst svo, að glundroðinn í bankamálunum færi æ vaxandi hjer á hinu háa Alþingi, ef dæma mætti eftir fjölda frv., sem snjóað hefir í seinni tíð, og hefir þó heyrst, að á fleirum sje von, hvort sem satt er eða ekki, og er vonandi skrök. En þó svona líti út í fljótu bragði, sýnist mjer þó, að nú sje einmitt að færast í ákveðnara mót vilji þingsins í þessu efni og dæmi jeg þar eftir því, hve mikið ættarmót er með þeim tveim banka-frv., sem hjer eru á dagskrá, frv. því, sem hv. Ed. hefir gengið frá, og svo því frv., sem hjer eru á dagskrá, frv. því, er höfuðstefnan í líka átt, þótt út af bregði í einstökum hlykkjum. Bæði gera ráð fyrir því, að ríkið verði að taka í taumana um getuleysi Íslandsbanka að hamla móti straumnum. Bæði vilja láta móti koma ívilnun af hendi þessa banka um hindrunarrjett hans í útgáfu seðla. Bæði snúast þau um þessa tvo tappa, og sýnir það, að dýpra og dýpra hjólfar er að myndast, sem allir vagnar renna eftir meira og minna. Hv. frsm. (M. K.) gat þess líka, að frv. þeirra vildi samrýma þau frv., sem áður hefðu komið fram, og játaði með því samrýmanleik þeirra.

En jeg get ekki fallist á það, að þetta hafi tekist giftusamlega að öllu leyti með þessu frv., heldur finst mjer það stefna eins einhliða í aðra áttina eins og hægt er, og það er sú áttin, sem að Landsbankanum veit, svo að ef semja ætti frv., sem drægi taum þeirrar stofnunar gegn Íslandsbanka, þá hygg jeg, að fara mundi í líka átt og þetta frv.

Nú veit jeg vel, að það er og á að vera vinsælt, að svo stefni. Landsbankinn verður að vera okkur hjartfólgnari en hinn útlendi hlutabanki. En þó má ekki fara hjer lengra en góðu hófi gegnir, og rekist á hagur Landsbankans og þjóðarinnar, þá er ekki vafi á hvort ráða skal. Bankinn er til vegna þjóðarinnar, en ekki þjóðin vegna bankans.

Það er heldur ekki nema sjálfsagt, að forstjórar Landsbankans sjeu ráðunautar um slík mál sem þessi og þeirra orð sjeu meira metin en flestra eða allra annara. En þó verður einnig að líta hjer á afstöðu þeirra í þessu máli, og þá er því ekki að neita, enda hefir heyrst, jafnvel hjer í þessari hv. deild, í umr. um skyld mál, að samkomulag og samvinna bankanna tveggja hafi ekki ávalt verið hin ákjósanlegasta. Og þeir gætu því ef til vill skoðast að nokkru leyti sem partar í málinu. Þeir eru líka umboðsmenn bankans, en við umboðsmenn þjóðarinnar.

Það hefir nú heyrst, að Landsbankastjórnin sje ánægð með þetta frv. En aftur á móti hefir ekki heyrst, að forstjórar Íslandsbanka hafi sagt sína skoðun á þessu. Jeg er nú kann ske ekki mjög spámannlega vaxinn í þessu efni, en þó ætla jeg að leyfa mjer að efast um, að Íslandsbanki geti sætt sig við þetta frv. — Já, það mun óhætt að segja, að Íslandsbanki hljóti að vera fullkomlega andvígur því, t. d. ákvæðum 1. gr. Ef bankinn gat ekki sætt sig við bráðabirgðaskipulag seðlaútgáfunnar, þá getur hann ekki sætt sig við slíkt skipulag, sem hjer er ákveðið

En þarf nú nokkuð að skifta sjer af vilja Íslandsbanka?

Við skulum nú ekki í þessu efni tala neitt um hag bankans sjálfs. En þá er

á það að líta, hvaða afleiðingar gætu orðið fyrir þjóðina sjálfa af fullkominni óánægju bankans með ákvæði frv.

Eins og kunnugt er, er hjer um einskonar skilyrðisbundin lög að ræða. Alþingi er hjer í raun og sannleika ekki nema annar aðili um samning, sem ekki tekst, nema hinn aðilinn fallist á. Íslandsbanki getur því, samkvæmt þessum lögum sjálfum, felt þau úr gildi á hluthafafundi, og hann gerir það, ef honum þykir kosti sínum þrengt of mjög. Ef lögin hafa í sjer slík óánægjuatriði, þá hafa þau í sjer banatilræði við sjálf sig. En hvernig fer þá? Hver verður afleiðing þess, ef hluthafafundur Íslandsbanka fellir lögin úr gildi með því að neita um skilyrði 16. gr.?

Það má auðvitað svara því, að stjórnin geti þá gefið út bráðabirgðalög um framlenging seðlaútgáfurjettarins. En til hvers er þá alt okkar skraf hér orðið? Því að þá er fallið niður ekki aðeins skipulag seðlanna, heldur og heimildin um lán til bankans eða hlutakaup ríkisins. Hafi stjórnin þá fengið lántökuheimild, eins og hjer var til umr. í dag, og ráðstöfunarheimild til bankanna, þá kann ske gæti þetta dankast, en vandræðalegt er það. — En svo er annað. Setjum nú svo, að Íslandsbanki óskaði alls ekki eftir slíku, en tæki þann kost að hætta starfsemi sinni. Þá myndi, hygg jeg, koma ónotalega fram, hve þessi stofnun, sem ýmsum er ekki neitt sjerlega hjartfólgin, er margtvinnuð saman við hag þjóðarinnar, svo að hvorki við nje nokkur annar getur þar við ráðið, eða slitið það lífssamband, sem er milli bankans og atvinnuvega landsins og fjármála allra.

Háttv. flm. (M. K.) talaði um það tækifæri, sem nú væri og nota ætti, en hvernig færi það tækifæri, ef Íslandsbanki væri gerður svo óánægður með það skipulag, að hann hafnaði að ganga að því? Þá tapaðist þetta tvent:

1. Tækifærið að ráða fram úr peningakreppunni og
2. Tækifærið að ná íslenskum tökum á bankanum.

Jeg hygg, að hæstv. stjórn mundi ekki standa fallega að vigi undir slíkum kringumstæðum. Mjer þykir því ekki kynlegt, þótt hæstv. fjármálaráðherra tæki nokkuð dræmt í þetta frv. Hann hlýtur að hafa sjeð, í hverskonar klípu framkvæmd slíkra laga gæti sett stjórnina. Mjer finst sannast að segja stórfurðulegt, að þetta frv. skuli vera upprunnið í herbúðum stjórnarinnar. Væri miklu líkara því, að reynt væri að fleyta því gegnum þingið í þeim tilgangi að koma stjórninni í þær kringumstæður, er væru nokkurn veginn vissar um að verða henni til falls síðar. Jeg hygg nú, að mjer verði tæplega brugðið um óhæfilegt fylgi við núverandi stjórn, og það gæti náttúrlega verið freisting að ýta heldur undir það en hitt fyrir andstæðinga stjórnarinnar. En hvað mjer viðvíkur, þá skal jeg fúslega kannast við það, að mjer þykir sá sigur of dýrkeyptur, þegar hann snýst upp í tjón fyrir þjóðina, eins og jeg efast ekki um, að af því mundi hlotnast, ef í harðbakka slæi í þessu efni.

Þegar jeg ber saman þessi tvö bankafrumvörp, sem áður hafa nefnd verið, þá hika jeg ekki við að taka frv. háttv. Ed. fram yfir, og yfirleitt get jeg felt mig við það skipulag í flestum greinum, sem þar er farið fram á. Skal jeg nefna að eins tvö atriði, sem jeg finn að ber hjer á milli, og gerir það að verkum, að jeg hallast meira að Ed. frv.

Annað er um seðlaútgáfuna. Samkvæmt frv. háttv. Ed. er seðlaútgáfurjettinum ekki ráðstafað til ákveðins banka. Tækifærið er þar aðeins tekið til þess að fá Íslandsbanka til að ganga inn á nýtt samkomulag um seðlaútgáfu hans meðan leyfistími hans stendur og láta af hendi heimildarrjett sinn smátt og smátt. En á hinn bóginn er látið með öllu ósagt að svo komnu, hvernig seðlaútgáfunni verði ráðstafað jafnóðum og hún losnar. Og það tel jeg alveg hárrjett. Á hinn bóginn er í hinu frv. slegið föstu, að Landsbankinn skuli verða seðlabankinn í framtíðinni. Persónulega er jeg á móti því, því til þess þyrfti að breyta skipulagi hans allmjög. Hann yrði þá að hætta að mestu að vera viðskiftabanki og sparisjóður, ef trygt á að vera. En það tel jeg óheppilegt, að ekki sje nema ein stofnun í landinu, sem þau störf hafi með höndum. Lægi því nær að fela seðlaútgáfurjettinn sjerstakri stofnun. En alt þetta þarf að íhuga í næði, og meðan á ekki að ráðstafa seðlaútgáfunni, og ekki nema tiverknaður að vera nú að ákveða, að seðlaútgáfan skuli komast í hendur Landsbankans og breyta því svo ef til vill bráðlega aftur.

Hitt atriðið, sem á milli ber, er það, sem jeg hefi nú áður talað um, að sennilegast er, að þetta frv. beri í sjer sitt eigið banamein með þeim hörðu skilyrðum, sem hinum aðiljanum, Íslandsbanka, eru sett, bæði í 1. gr. og víðar. Þessu er ekki til að dreifa í frv. háttv. Ed., ef sanngrni má vænta frá bankans hálfu. Þar sýnist fulltryggilega frá öllu gengið frá landsins hönd, en á hinn bóginn ekkert, sem á að þurfa að vera óaðgengilegt fyrir Íslandsbanka, og því má sennilega vænta þess, að með þessu fengist sú lausn á málinu, sem stofnað er í voða með hinu.

Ýmislegt fleira gæti jeg nefnt þessu máli mínu til staðfestingar, en læt það kyrt liggja til þess að standa við þau orð mín, að eyða ekki úr hófi fram tíma þingsins. En jeg mun greiða atkv. móti þessu frv. til 3. umr.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg hefi ekki miklu við það að bæta, sem hv. meðflm. mínir hafa tekið fram. Þeir hafa einnig haft tækifæri til þess að svara flestum þeim aðfinslum, sem fram hafa komið í garð frv.

Þó vil jeg benda á það, að mjer þykja andmælendur þessa frv. gera of mikið úr mismun 9. gr. þessa frv. og 5. gr. Ed.frv. Þeir líta svo á, að nauðsyn beri til að ákveða nú þegar um hlutafjárkaup í Íslandsbanka. En við aftur á móti teljum ekki bráða nauðsyn fyrir bankann að fá ákveðin svör um hlutafjárkaup straks. Allur er varinn góður og því rjett að bíða með ákvörðun um það, þar til stjórnin hefir fengið það álit nefndarinnar, sem rannsókn á bankanum leiðir í ljós. Og þó þessi hlutafjárkaup verði ákveðin nú, þá geta þau þó ekki komið til framkvæmda fyr en rannsókn bankans er lokið, sem aldrei getur orðið löngu fyrir næsta þing.

Fyrst er þá það, að þessi rannsókn yrði ekki hafin fyr en hluthafafundir Íslandsbanka eru búnir að samþ. það. Þessi lög áskilja og, að það getur ekki orðið fyr en seint í ágústmánuði. Svo mundi rannsóknin sjálf standa yfir 3—4 mánuði og er þó komið að áramótum. Loks þyrfti svo stjórnin að átta sig á skjölunum, og mundi þá langt liðið að þingi, er hlutafjárkaupin gætu farið fram.

Mjer sýnist því langforsvaranlegast í svona stóru máli eins og þessu, að þinginu sjálfu gefist kostur á að athuga málið, eftir að það fyrir rannsókn bankans hefir fengið nauðsynleg skjöl í hendur.

Jeg segi þetta ekki af því, að jeg vantreysti stjórninni í þessu máli, en mjer finst rjettast, að Alþingi hafi síðasta orðið um þessi hlutafjárkaup.

Þá hafa ýmsir hv. þdm. haft ýmislegt að athuga við ákvæði frv. okkar um seðlaútgáfurjettinn. Skal jeg játa, að í því efni er frv. okkar allfrábrugðið Ed.-frv. En það víkur lítið frá stj.frv. í þessu atriði, og jeg veit ekki betur en einmitt það atriði stj.frv. hafi verið samþ. af forráðamönnum Íslandsbanka, sem sje það, að bankinn afhendi nú þegar 2¼ milj. kr. í seðlum til ríkissjóðs.

Þá hefir verið nokkuð deilt um ákvæðið í frv. okkar um toppseðlana, eða að Landsbankinn skuli gefa út þá seðla, sem þarf umfram 8 miljónir.

Jeg er nú þeirrar skoðunar, að mikil seðlaútgáfa leiði ýmislegt misjafnt af sjer. Fólki finst það efnaðra en áður, þegar það hefir seðlana á milli handanna, og því er meira eytt en skyldi. Held jeg því langt um hollara fyrir þjóðina að hafa gjaldeyrinn allmikið takmarkaðan. Einnig má geta þess, að nú eru vörur að falla í verði og því minni þörf fyrir mikinn gjaldeyri. Jeg held því, að varla geti til þess komið, að við þurfum meiri gjaldeyri en það, að gefnar verði út 7—8 miljónir í seðlum alls.

Jeg geri því sáralítið úr þessum toppseðlum og held, að rjetturinn til þeirra muni verða hvorugum bankanum til búbóta.

Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) gat um, að Íslandsbanki mundi eiga erfitt með að skila nú 2¼ miljón kr. Til þess er því að svara, að bankinn hefir áður undirgengist þetta, og ef honum veitir það örðugt nú, þá gæti ríkissjóður lánað honum eitthvað í bili gegn tryggingu.

Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) sagði, að þetta frv. virtist sveigja til hagsmuna Landsbankans, en til óhags Íslandsbanka.

Það má nú vera, að þetta frv. sje ekki eins ákjósanlegt fyrir Íslandsbanka eins og Ed.frv. En þó get jeg bent hv. þm. (M. J.) á eitt ákvæði í þessu frv., sem ekki er í Ed.frv., en það er um lán til handa Íslandsbanka nú þegar frá ríkisins hálfu, og held jeg, að það væri nokkurs virði fyrir bankann.

Hjá okkur er engin tilhneiging til þess að ráðast á hagsmuni Íslandsbanka eða láta frv. verða óaðgengilegt fyrir hann. Okkur er það kunnugt, ekki síður en öðrum að bankann þarf að styrkja, og það álítum við einmitt að þetta frv. geri, enda hefir enginn andmælt því. Jeg skal ekki bera brigður á það, að hv. þm. (M. J.) sje „fylgjandi þjóðinni", eins og hann komst að orði. Jeg veit af fyrri viðkynningu, að hann vill líta rjett á málin. En hann má þá heldur ekki ætla öðrum aðrar hvatir. (**M. J.**: Það hefi jeg heldur ekki gert).

Ýmsir hv. þdm. hafa talað um það, að ekki væri rjett að afhenda Landsbankanum seðlaútgáfuna nú, þar sem ekki væri á honum það skipulag, að hann gæti verið seðlabanki. Jeg viðurkenni það, að nú er ekki slíkt skipulag á bankanum. En hins vegar er löggjafarvaldinu á hverjum tíma sem er innan handar að breyta því skipulagi. En á þessu þingi er það ekki hægt, og því verður það að bíða. En fyrirkomulag Íslandsbanka er síst betra til þess að hafa seðlaútgáfu. Annars má benda

á það, að fyrirkomulagið, sem verið hefir á Íslandsbanka sem seðlabanka, á ekki minstu sök á því, hversu erfið afkoman er nú hjá þessum banka.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) beindi þeirri spurningu til flm., hvort samþ. Íslandsbanka hefði verið leitað um þetta frv. Jeg get svarað þessu fyrir nefndarmennina, að svo er ekki. En við álítum, eftir að hafa farið yfir stj.frv. og athugað þá smáagnúa, sem á því voru að áliti stjórnar bankans eða bankastjóranna, að bankastjórnin mundi ekki vera þessu frv. mótfallin, samanborið við það, sem hún hefir áður látið í ljós. Jeg get ekki trúað því, að hv. deild geti ekkert samþ. í þessu máli nema það, sem víst er um, að bankastjórn Íslandsbanka vilji ganga að fyrirfram eða mæla með til aðalfundar. Hins vegar höfum við flm. alls ekki þvertekið fyrir það, að við gætum ekki hugsað til einhverra breytinga, þó að við mundum ekki ganga inn á efnisbreytingar í aðalatriðum.

Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði, að varhugavert væri að gefa út meira af ógulltrygðum seðlum, einkum þegar við þyrftum að taka lán erlendis. Jeg get viðurkent þetta að nokkru leyti. Vissulega er það varlegra að hafa sem mesta gulltryggingu, þó hins vegar sje hættulaust að slaka dálítið á henni, þegar vissa er fyrir því, að draga megi seðlana inn með stuttum fyrirvara.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) gat þess, að athuga bæri, hvort ekki væri tiltækilegt, að veðbankinn hefði seðlaútgáfuna. Auðvitað má athuga þetta. En enginn efi er þó á því, að þó veðbankinn gefi út seðlana, þarf líka gulltryggingu. Þó heyrst hafi, að jarðeignir hafi á stríðsárunum sumstaðar verið hugsaðar sem seðlatryggingar að einhverju leyti, geta þær ekki verið það einvörðungu til frambúðar. Það verður altaf nauðsynlegt að hafa gullið, einkum í „krísum“; það er fljóttekin trygging, en seinlegt oft að „realisera“ fasteignir. Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta að sinni.

Jakob Möller: Mig furðar að ýmsu leyti á þessum umr., bæði á ummælum hæstv. stjórnar, ekki síður en orðum ýmsra hv. þm. Hæstv. fjrh. (M. G.) kvaðst ekki skilja vel mína afstöðu í þessu máli. Það er heldur ekki nýtt, að okkur gangi treglega að skilja hvor annan, og jeg fyrir mitt leyti kippi mjer ekki upp við það. Það er fullkomlega rjett, sem hæstv. ráðherra (M. G.) sagði, að þessu frv. svipar allmjög til stj.frv. En því verra á jeg með að skilja það, að hæstv. stjórn skuli vera því eins andstæð og hún virðist vera, og við samanburð frv. sjest, að þetta frv. hefir ýmsar breytingar til bóta, t. d. og fyrst og fremst alveg ótvírætt ákvæði um skipun seðlaútgáfu Íslandsbanka, og auk þess bæði lánsheimild og heimild til að leggja fram hlutafje úr ríkissjóði, þar sem í stj.frv. var aðeins heimild til hlutafjáraukningar, sem vitanlegt var að ekki mundi verða notuð. Jeg hefði þó getað skilið afstöðu hæstv. stjórnar, ef hún hefði upplýst það, að samkomulag gæti ekki náðst um frv. við Íslandsbanka, t. d. ákvæði 1. gr. En það hefir hún ekki gert.

Að því er til þess kemur, sem sagt hefir verið hjer um seðlatoppinn, eða aukaseðlana, þá lít jeg svo á, að hann eigi ótvírætt að vera hjá Landsbankanum eða ríkissjóði. En það er misskilningur, að þessi toppur sje enginn. Þessa reikulu seðla verður altaf að gefa út, og á þá auðvitað að vera ótvírætt ákveð-

ið, hver skuli gefa þá út. Og það þarf ekki til, að fúlgan sje yfir 8 miljónir, eins og einhver var að tala um; toppurinn svo nefndi er alveg jafnt fyrir hendi, hvort sem seðlaútgáfan nemur yfir eða undir 8 miljónum.

Annars mintist hv. þm. Ak. (M. K.) nokkuð á það, að hann legði ekki mikið upp úr því, hvernig Íslandsbanki tæki í þetta alt. Áður en jeg fer lengra út í það vil jeg geta þess alment, að þessi hv. þm. (M. K.) virtist hafa misskilið ræðu mína svo grandgæfilega, að engin tök eru á því að leiðrjetta þar alt. — En þar sem hjer er um það að ræða að taka rjettindi af Íslandsbanka, sem hann hefir, sje jeg ekki, að hjá því verði komist að taka eitthvert tillit til hans. Því hefir að vísu verið slegið fram, að bankinn hafi brotið svo af sjer, að svifta mætti hann öllum rjetti. En jeg veit ekki til þess, að það hafi verið staðfest, og ekki hefir stjórnin litið svo á, eftir því, hvernig hún semur við bankann. Hitt er svo auðvitað sjer á parti, hvernig þeir samningar ganga, eða hve langt bankinn getur eða vill fara vegna tilveru sinnar. En um alt þetta þarf að fá upplýsingar, sem enn þá vantar. Og meðfram þess vegna er það, sem jeg og fleiri viljum láta fresta endanlegum samningum um seðlaútgáfuna, sem stjórnin leggur svo mikið upp úr nú, og ráðstafa þessu aðeins til bráðabirgða. Engin hætta ætti að vera á því, að samningar spiltust við þetta seinna. Má þar benda á það, að bankinn var fús til samninga 1919, og krepti þá ekkert að honum. Svo sje jeg heldur ekki, hvað unnið væri við það að samþ. þetta um seðlaútgáfuna nú, fyrst henni er ekki ráðstafað áfram um leið. Það er einnig athugavert við frv. hv. Ed., að ekkert er ákveðið um það, hvort afhendingin eigi að fara fram ofan frá eða neðan. — Ef hún á að fara fram frá rótunum, er breytingin engin í raun og veru.

Jeg geri ráð fyrir, að jeg hagi atkv. mínu eftir því, hvað orðið getur úr samkomulagi um þetta mál. Jeg mun greiða frv. atkv. til 3. umr., en vænti þess þá að fá þær upplýsingar hjá hæstv. stjórn, sem jeg hefi minst á. En eins og jeg tók fram áðan, þá hefi jeg þær sjerkreddur, sem virðast ekki hafa mikinn byr í hv. deild, að seðlaútgáfan eigi hjá hvorugum bankanum að vera, en auðvitað má síðar meir fela hana sjerstakri stofnun, þótt öðruvísi verði ákveðið nú fyrst um sinn.

Á hinn bóginn verð jeg alveg að mótmæla hv. þm. Ísaf. (J. A. J.), að ekki geti komið til mála að hafa seðla ógulltrygða, þótt um slíkt hafi verið talað á stríðsárunum. Það var nú víst ekki talað svo mjög mikið um það á þeim árum einmitt. En hitt er alveg víst, að ekki er talað minna um það nú. Vitanlega hefir álitið á gulltryggingu minkað einmitt við það, hvernig hún reyndist á stríðsárunum. Hún reyndist sem sje þá svo, að gullið var fyrst „lokað niðri“, en svo þegar átti að fara að nota það, þá vildi enginn líta við því. Og jeg skil ekki það samræmi, sem hv. þm. (J. A. J.) getur fundið í því, að ekki sje óhætt að tryggja seðla með jarðarveði, úr því að hann flytur frv. um að hafa seðlana ótrygða, nema með einfaldri ríkisábyrgð. Auðvitað er hægt að hugsa sjer, að jarðarveðin rýrni, en þá er hitt ekki síður, að ríkisábyrgð getur orðið meira en vafasöm. Að minsta kosti ef allar jarðir landsins fara forgörðum, svo þær verða ekki lengur veðhæfar, þá býst jeg ekki við, að ríkisábyrgðin verði talin mikils virði. Jeg hefi nú þó ekki gert ráð fyrir, að allir

seðlar yrðu trygðir með jarðarveðum eingöngu. Auðvitað er nauðsynlegt að hafa gulltryggingu með, að minsta kosti fyrir „toppseðlunum“, sem kallaðir hafa verið, þ. e. þeim seðlum, sem aðeins er þörf fyrir nokkurn tíma ársins. En það, sem þarf til fastra, daglegra viðskifta, er óhætt að tryggja með jarðarveði eingöngu. Hv. þm. (J. A. J.) kvað gullið nauðsynlegt til kaupa á útlendum vörum. Það gæti auðvitað komið fyrir, að handhægt væri að grípa til gulls í því skyni, og hefir í öðrum löndum oft verið til þess gripið. En þegar um okkar land er að ræða, verður það tæplega gert svo nokkru nemi; gullforði sá, sem við höfum yfir að ráða, verður svo lítill, að hann getur aldrei hrokkið langt til þeirra nota. En á hinn bóginn ber þess að gæta, að við yrðum þá gullausir á eftir, og þá hefðum við hvorki gull nje jarðarveð fyrir seðlunum.

Að öllu athuguðu, sem fram hefir komið í þessum umr., virðist mjer þetta mál ekki standa skýrara fyrir hv. þm. og hæstv. stjórn en svo, að rjettast væri að taka upp það ráð, sem meiri hl. peningamálanefndar benti á, að fresta úrslitum þess til næsta þings og fela það sjerfræðingum til athugunar milli þinga. Það, sem hjer verður gert, verður aldrei annað en fálm út í óvissu. — Jeg sje, að hv. þm. Ak. (M. K.) hugsar sjer til hreyfings, og hann er víst farinn að efast um, að jeg sje eins hlyntur frv. hans og hann gerði ráð fyrir í fyrstu, en það, sem jeg nú sagði, er mín sanna skoðun á málinu, sem jeg hefi aldrei gengið frá, þótt jeg ekki vilji bregða fæti fyrir þetta frv. að svo komnu.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Það varð að samkomulagi milli okkar ráðherranna, að fjrh. (M. G.) hefði orð fyrir stjórninni í þessu máli, og þess vegna er ekki svo nauðsynlegt, að jeg taki til máls, en þó vildi jeg segja nokkur orð út af ummælum háttv. 4. þm. Reykv. (M. J.).

Hann sagði eitthvað á þá leið, að þetta frv. væri óþægilegt fyrir stjórnina og mundi koma henni í hálfgert klandur. Jeg vil taka það fram, að þetta frv. er alls ekkert klandur fyrir stjórnina. Henni skilst glögglega, hvílíkt vandamál hjer er á ferðum, og það er víst hjá öllum þm. sú ábyrgðartilfinning vöknuð, að þeir láti ekki afstöðu til stjórnarinnar ráða miklu, þegar um þetta mál er að ræða. Þetta mál hefir verið miklu meira alvörumál fyrir stjórnina heldur en hitt, hvert fylgi hún hefði meðal þm. Og hvað þetta frv. snertir, þá hefi jeg tekið það eins upp og frv. Ed., að þar kemur fram einlæg viðleitni til að styðja þann tilgang stjórnarinnar, sem var í hennar eigin frv., að koma Íslandsbanka á flot aftur. Þess vegna hefir stjórnin ekki haft ástæðu til annars en að taka þessi frv. bæði vel upp, hvort fyrir sig. Það er því ekki stjórnin, sem veltur á, heldur veltur á því, hvað þm. geta komið sjer best saman um í þessu máli, svo fram gangi sá sameiginlegur grundvöllur málsins, sem hjer er til umræðu, og þess, er næst er á dagskránni. En leitt þykir mjer það, að það skyldi ekki vera frv. Ed., sem fyrst væri til umr. hjer, því að eins og hæstv. fjrh. (M. G.) tók fram, þá er það komið alveg í gegnum deildina þar, fyrir talsvert mikla málamiðlun til samkomulags. Aftur á móti er hvorugt búið að fá reynslu í þessari deild; menn vita enn þá ekkert um fylgi hjer, og því hefði verið rjettara að prófa fyrst það frv, sem óskorað fylgi hafði á undan fengið í Ed.

Jeg skal nú ekki fara út í neinn samanburð á þessum tveim frv., að eins geta þess, að jeg er nokkuð á sama máli og hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) um það, að afstaða Íslandsbanka til þessa frv. sje sú, að hann telji sjer miklu minni tryggingu í þessu frv. en í frv. Ed. fyrir því að geta starfað áfram. Og jeg geri ráð fyrir, að þetta sje í tvennu tilliti. Í fyrsta lagi viðvíkjandi takmörkunum á seðlaútgáfunni í 1. gr., í stuttu máli, að hún sje helst til nærgöngul við hann til þess, að hann geti starfað; og í öðru lagi, að honum þykir óvissan um hlutafjáraukann of mikil í þessu frv.

Á þetta vildi jeg benda, og mjer þykir mjög leitt að þurfa að greiða atkvæði um þetta frv. áður en hitt hefir verið prófað í deildinni.

Fjármálaráðherra (M. G.): Háttv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sagðist undra það, að stjórnin skyldi ekki vilja þetta frv., þar sem það væri svo líkt hennar frv. Jeg skal viðurkenna, að nokkuð er til í því, en vil þó benda á það, að einhvern mun finnur hv. 1. þm. Árn. (E. E.), þar sem hann getur fylgt þessu frv., en ekki stjórnarinnar. En ástæða mín til andstöðu gegn þessu frv. er sú, að jeg tel heppilegra til úrslita að leggja Ed. frv. til grundvallar, því það var afgreitt þaðan í einu hljóði. Enn fremur er það, að síðan stjórnarfrv. var búið til, eru liðnir 6 mánuðir, og þeir hafa fært manni heim sanninn um margt, sem maður vissi ekki fyrir 6 mánuðum. Jeg hefi ekkert borið undir Íslandsbankastjórnina, en hjelt, að háttv. þm. (Jak. M.), sem er í peningamálanefnd, þekti hug bankastjórnarinnar svo, að hann vissi, hvernig hún mundi taka í þetta mál. Er undarlegt af háttv. þm. (Jak. M.) að spyrja stjórnina um það, sem honum ber sem nefndarmanni að vita. Annars er það verk, sem hjer á að vinna, að finna þá úrlausn, sem getur gert bankann færan um að starfa áfram; svo langt verður að fara í rjettindaveitingum til hans, að hann verði þess megnugur; en svo heldur ekki lengra. Það má vera rjett, sem háttv. þm. sagði, að það væri ekki svo stórt atriði, hvort seðlaútgáfunni væri ráðstafað nú eða síðar. Það er sem stendur ekki gert nema til hálfs, og mjer skilst háttv. þm. eigi gera þetta að kappsmáli. Það er ekki verra að hafa seðlaútgáfuna óbundna á næsta þingi. Það er ekkert á móti því að athuga næsta ár, hvað við hana skuli gert. Allflestir eru þeirrar skoðunar, að hún eigi að fara til Landsbankans, en auðvitað er ekkert á móti því að athuga það nánar.

Háttv. þm. (Jak. M.) sagði, að hans till. rjeðu nú ekki miklu. Hann ræður nú alveg eins miklu og hver annar hv. þm., ekki síst þar sem hann er í peningamálanefnd. Hann sagðist ekki vita, hvort ætti að draga inn seðlana ofan frá eðan neðan frá. Það er nú alveg auðsætt, að það á að draga inn ofan frá. Það leiðir af fyrirkomulaginu. Þegar bankinn á að draga inn $\frac{1}{10}$ seðlanna árlega, getur toppurinn ekki verið hjá honum, nema seðlaútgáfan minki árlega meira en svarar þessum tíunda hluta.

Það eru margir háttv. þm., sem hafa tekið það fram, að margt sje gott í frv. Ed. og að margt sje sameiginlegt með þessu frv. og því, sem næst er á dagskránni. Þetta er rjett, og því væri líka rjett að leggja það frv. til grundvallar, sem útrætt er og afgreitt með shlj. 14 atkv. í Ed. En játa skal jeg það,

að einn eða tveir dagar hafa ekki svo mikla þýðingu í þessu máli, ef um verulega atriði er að ræða, þótt jeg hins vegar geti ekki horfið frá því, að hverjum þm. ber skylda til þess að stuðla að því, að þingið standi sem styst.

Jeg tel ekki ástæðu til að ræða meira um uppástungu mína til háttv. þm. Ak. (M. K.). Úr því hann vill ekkert sinna henni, þá nær það ekki lengra, en frá því hverf jeg ekki, að betra væri að taka fyrst Ed. frv. Hann sagði, að ekki bólaði á neinu ósamkomulagi milli deildanna í þessu máli. Það gerir það nú samt, þar sem Ed. hefir með samhlj. atkv. samþ. frv., sem hv. þm. Ak. (M. K.) o. fl. alls ekki virðast vilja sinna.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði í ræðu, að hjer væru annars vegar hagsmunir almennings og hins vegar hagsmunir Íslandsbanka. Þetta er ekki rjett. Hjer er aðeins um hagsmuni almennings að ræða. Hagsmunir Íslandsbanka hafa alls ekkert að segja, nema að því leyti sem þeir fara saman við hagsmuni almennings. En eins og hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) sagði, þá liggja svo margar taugar frá þessum banka út um alt land, að varlega verður að fara, ef losa á um þær allar.

Það er alveg rjett að fylgja ráðum hv. þm. Ak. (M. K.), að taka hitt frv. af dagskrá, ef þetta frv. verður samþ.

Jeg veit ekki, hvort ástæða er til að svara hv. 1. þm. Árn. (E. E.) miklu. Hann fylgir nú þessu frv., en ekki stj.frv. Það hlýtur að vera vegna lánsins, Íslandsbanka, hlutafjárkaupanna og bankaráðs Landsbankans, því að þetta eru þau nýju ákvæði, sem mestu máli skifta.

Nú hjelt jeg, að hv. þm. (E. E.) væri ekki fylgjandi því að kaupa hluti í bankanum, og held, að Landsbankinn óski þess ekki heldur. Lána bankanum vill hann ekki heldur, og þá ætti það einkum að vera þetta bankaráð, sem heillaði þm., og er það ekki nema eðlilegt, eftir allan hrærigraut hans, hártoganir og munnskálp í þessu máli.

Hv. þm. (E. E.) furðaði sig á því, að jeg skyldi spyrja um, hverja skoðun stjórn Landsbankans mundi hafa um ákveðið atriði. Vissi háttv. þm. þó, að ekki var jeg í nefndinni og gat því eigi vitað, hvaða álit stjórn bankans hefði látið uppi við hann. Hins vegar vissi jeg vel, hverjar skoðanir hún hafði látið uppi við stjórnina, því að þær liggja fyrir brjeflega Annars ætla jeg ekki að fara í kappræður við hv. þm. (E. E.), þó að hann sýndist hafa tilhneigingu til þess. En ekki er jeg honum sammála um það, að ekki þurfi að flýta málinu. Held jeg, að full þörf sje á því að fá enda á málið á þessu þingi, og hefir nefndin haft málið svo lengi til meðferðar, að vel mætti fara að draga til úrslita. Það er raunar satt, að enn er ókomið frv. frá þessum hv. þm. (E. E.), sem hann boðaði að mundi koma. En það er nú orðið svo langt síðan, að flestir munu orðnir úrkula vonar um, að það komi. (**E. E.**: Kem fram með það sem brtt.). Nú jæja, það er líklega það heppilegasta, að sem minst fari fyrir þessum væntanlega óburði þm. (E. E.), sem sjálfsagt fæðist andvana, eins og flest hin andlegu fóstur hans.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 : 12 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. B., M. K., M. P., B. Sv.

nei: S. St., St. St., Þór. J., B. H., E. Þ.,

H. K., J. S., J. Þ., M. G., M. J., P. O., P. Þ.

P. J. greiddi ekki atkv.

2.—16. gr. samþ. með 15 : 7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. A. J., J. B., M. K., M. P., B. Sv.

nei: P. O., P. Þ., S. St., St. St., Þór. J., B. H., E. Þ., H. K., J. S., J. Þ., M. G., M. J.

P. J. greiddi ekki atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

17. Æfinleg erfingjarenta.

Á 9. fundi í Ed., laugardaginn 26. febr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um æfinlega erfingjarentu (A. 60).

Á 10. fundi í Ed., mánudaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Kristjánsson): Jeg hefi leyft mjer að bera þetta frv. fram aftur í þessari hv. deild. Á síðasta þingi bar jeg það og fram í Ed., og var því þá vísað til fjárhagsnefndar og breytt nokkuð þar. Frv. var svo samþ. hjer í deildinni við 3 umræður, en af því þingið var svo stutt, vanst ekki tími til að taka það á dagskrá í Nd.

Jeg hefi borið frv. fram með þeim breytingum, sem fjárhagsnefnd gerði á því í fyrra. Sje jeg því ekki ástæðu til að stinga upp á því að vísa málinu aftur til fjárhagsnefndar, úr því að það var athugað þar í fyrra. (**S. E.:** En því ekki vísa því til landbúnaðarnefndar?). Jeg hefi ekkert á móti því, að frv. verði vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1652) með 11 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., laugardaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 60, n. 117).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Frv. samhljóða þessu frv. var samþ. hjer í þessari háttv. deild og afgreitt til Nd. á síðasta þingi, en dagaði þar uppi, af því að þá var komið að þinglokum.

Álit landbúnaðarnefndar er á þskj. 117. En með því, að ástæður flm. frv. (B. K.) eru allítarlegar, þótti ekki þörf að taka þar annað fram en að nefndin mælir með, að frv. nái fram að ganga með litlum breytingum.

Aðalbreyting nefndarinnar er sú, að takmarkið til að geta komið til greina við úthlutun erfingjarentu er hækkað upp í 8 ár, í staðinn fyrir 5 ár, eins og stendur í frv., og að börn, sem vinna þetta tiltekna árabil hjá foreldrum sínum, hafi rjett til verðlauna á sama hátt.

Jeg hefi heyrt af háttv. deildarmönnmönnum, að nefndin hafi spilt fyrir frv. með því að gera ráð fyrir óhæfilega há-

um aldri. Og þeim þykir aldursmarkið of hátt. En á þessu hefi jeg aðra skoðun. Ef aldursmarkið er 25 ár, þá sækir óhæfilega mikill fjöldi, en það eru aðeins tíu, sem geta hlotið þetta, og álít jeg því þess vegna, að engu sje spilt, þó aldursmarkið sje flutt þetta upp. Nú er sjáanlegt, að eftir því, sem fleiri geta sótt um þessi verðlaun, hefir hver einstakur umsækjandi minni von um að hljóta þau, því að þá fer úthlutunin fram með hlutkesti, svo þeir verðugustu geta vel orðið á hakanum fyrir þeim, er minna hafa til unnið. Þó að kunni að rísa ágreiningur um þetta atriði, þá verða þó, vona jeg, allir samþykkir, að börn, sem vinna hjá foreldrum sínum, fái sama rjett og önnur hjú. Því það kemur oft fyrir, að börn vinna um margra ára skeið hjá fátækum foreldrum.

Brtt. við 4. gr. frv. er, að í stað „landssjóðs“ komi ríkissjóðs.

Björn Kristjánsson: Jeg er þakklátur nefndinni fyrir að hafa lofað frv. þessu að lifa og mælt með, að það næði fram að ganga, þó jeg sje ekki alls kostar ánægður með brtt. nefndarinnar, að lengja tímann um 3 ár. Því að þar er lögð áhersla á, að hjú giftist ekki fyr en 28 ára, og það er efamál, hversu holt það er. Þess verður einnig að gæta, að börn eða hjú hafa þjónað innan 20 ára aldurs, því þau eru vanalega fullgild hjú 18 ára eða fyr. Jeg hefði skilið tilgang nefndarinnar með þessu, ef hún hefði fært aldurstakmarkið að neðan niður í 18 ár, og þau þyrftu þá ekki að vera nema 26 ára til að njóta styrksins. Það er líka tæplega hægt að setja eins ströng skilyrði nú og fyrir ca. 30 árum fyrir rjettindum sem þessum. Það er til bóta að setja „þar með talin börn hjá foreldrum“, því það er sjálfsagt að skoða þau sem vinnuhjú í þessu sambandi, enda til þess ætlast, þó eigi komi það nógu skýrt fram í frv.

Jeg er á móti till. í heild sinni. Vona, að háttv. deild samþ. frv. eins og það lá fyrir, en má þó breyta við 3. umr. hvað viðvíkur börnunum.

Það er annars gott, ef fleiri vildu taka til máls og láta álit sitt í ljós um þetta.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg er ekki alls kostar ánægður með frv. það, sem hjer liggur fyrir, og þó enn síður með brtt. hv. landbúnaðarnefndar. Um þetta er fyrst að segja af minni hálfu, að jeg hefi litla trú á því, að fólk verði fest í vistum með fremur smávægilegum verðlaunafyrirheitum. Til þess álít jeg þann straum, sem fellur í gagnstæðu áttina, alt of sterkan. Þó ætla jeg ekkert að snúast á móti frv. af þessari ástæðu, því það, sem hjer á að leggja í sölurnar af ríkisins hálfu, er ekki mikið. Aðalgallann á frumvarpinu tel jag þann, að jafnframt því að verðlauna vinnumensku, stefnir það að því að verðlauna, að seint sje gifst, eigi fyr en hjónaefnin eru 25 ára — eða 28 ára eftir till. nefndarinnar. — En jeg álít miklu nær sanni að skattleggja einlífi en verðlauna, að minsta kosti eftir 25 ára aldur og jafnvel fyr. Jeg verð því að vera eindreginn á móti brtt. nefndarinnar fyrst og fremst. Jeg mun vera því samþykkur að vísa frv. til 3. umr, í því trausti, að því verði breytt til bóta, þó mjer sýnist reyndar skaðlaust, að það fjelli.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg leyfi mjer að beina þeirri fyrirspurn til háttv. nefndar og flm. (B. K.), hvort ætlast sje til, að bæði hjónaefnin þurfi að hafa verið í vist. (G. Ó.: Jeg tók

fram, að annað þyrfti þess). Það sjest ekki á frv., en svo þarf þó að vera, ef eftir því á að breyta, sem frsm. vill, og því er það ekki tekið fram? Jeg leyfi mjer því að skjóta því til nefndarinnar, að hún orði þetta svo, að ekki orki tvímælis um þetta efni.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Eins og jeg bjóst við, risu ýmsir öndverðir gegn brtt. Háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) áleit þetta leggja pressu á fólk, að giftast eigi fyr en 28 ára, en það má þá eins segja, að það sje þyngri pressa heldur en giftast 25 ára, eins og frv. fer fram á. Að menn sjeu í vinnumensku innan 20 ára aldurs, þá var talað um það í fyrra, og þá stungið upp á 16 ára aldri, en okkur fanst ekki geta komið til mála að miða þetta við lægri aldur en 20 ár, sem er lögmætur aldur til að hafa rjett til að vera í lausamensku. En eftir þeim lögum er ekki farið að jafnaði mikið betur en aðflutningsbannslögunum. Hvað því viðvíkur, að ekki megi setja eins ströng skilyrði nú og fyrir 30 árum, þá má segja, að fyrir 30 árum þurfti þeirra ekki við.

Háttv. 1. landsk. (S. F.) er hvorki ánægður með frv. nje brtt., segir, að það sje verið að verðlauna það að giftast seint. Það sje miklu nær að skatta einlífi en verðlauna. Háttv. þm. (S. F.) er innan handar að bera hjer fram frv. um það efni; eflaust mundi vera hægt að nota þær tekjur, sem við það fengjust. Hann hefir lagt út í annað eins og vel getur verið, að fleiri yrðu því fylgjandi.

Hv. 2. þm. S.-M. (S. H. K.) gat þess, að ekki væri hægt að sjá á frv., hvort bæði brúðhjónin þyrftu að hafa verið í vist þennan ákveðna tíma til að geta notið styrksins, en jeg margtók það fram, að þess þyrfti ekki nema annað, og ef karl og kona, sem unnið hefðu til verðlauna, giftust saman, hlytu þau hvort um sig að sjálfsögðu full verðlaun.

Halldór Steinsson: Jeg leyfi mjer að gera þá fyrirspurn til háttv. flm. (B. K.), hvað hefir vakað fyrir honum, þegar talað er um að giftast. Hjú, sem ekki eru gift, geta hafa staðið eins vel í stöðu sinni og hin og geta því átt alt eins vel skilið að njóta styrks eins og hin. Jeg legg því til, að málið sje tekið út af dagskrá til athugunar.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vildi biðja háttv. nefnd að athuga, hvort ekki væri rjett að strika út tilv. í 1. gr. frv., „samkv. l. nr. 15, 11. júlí 1911". Nú liggur fyrir þinginu frv. um erfðafjárskatt, en með því, er það verður að lögum, falla úr gildi lög nr. 15, 11. júlí 1911. Og getur þá orkað tvímælis, hvor lögin eigi að gilda í þessu efni, enda álít jeg tilv. óþarfa.

Í 3. gr. frv. er prentvilla, „hjú" í stað hjúa.

Björn Kristjánsson: Fyrirspurn hv. þm. Snæf. (H. St.) um það, hvort ekki væri rjett að styrkja hjú, hvort heldur væru gift eða ógift, get jeg svarað þannig, að semjandi frv., Eiríkur Briem, hefir athugað þetta og komist að þeirri niðurstöðu, að meira væri um vert að styrkja hjú, sem væru gift og ættu börn, heldur en þau, sem einungis hefðu fyrir sjálfum sjer að sjá.

Halldór Steinsson: Þessa ástæðu get jeg ekki tekið gilda. Því bæði er það, að hjú geta átt fyrir börnum að sjá, þó ógift sjeu, og eins að þau geta haft fyr-

ir gömlum foreldrum eða skyldmennum að sjá. Og sje þetta ekki tekið til greina, mun jeg greiða atkvæði á móti frv.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Mjer er óhætt að segja, að nefndin mun taka til greina það, sem hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) sagði.

Háttv. þm. Snæf. (H. St.) vildi ekki láta taka tillit til þess, hvort hjúin væru gift eða ekki, en sumum finst, að nefndin hafi stungið árinni of djúpt í með því að hafa aldursmarkið 28 ár. Jeg fer að álíta, að þetta sje því að kenna, að háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) skoraði á sem flesta að láta álit sitt í ljós. Annars er einkennilegt, að hv. þm. Snæf. (H. St.) skyldi ekki detta þetta í hug fyr en nú, en þó virðist mjer það liggja í augum uppi, að meiri þörf sje á að styrkja gift hjú en ógift. Það er ekki rjett að gera mikið úr þessu, og vona jeg, að deildin átti sig á þessu og samþ. frv. Hafi ekki breytt svo mjög skoðun á því síðan á þinginu í fyrra vetur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 117, 1. feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Guðf., G. Ó., H. Sn., Jóh. Jóh., S. J., G. B.

nei: B. K., E. Á., G. G., H. St., K. E., S. E., S. H. K., S. F.

3 gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 117, 2. samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

5.—8. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., þriðjudaginn 15. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 132, 135, 142).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Á þskj. 142 kemur landbúnaðarnefnd með tvær smábrtt. á frv. Fyrri brtt. er við 1. gr. frv. Hún er sú, að skírskotun til laga nr. 15, 11. júlí 1911, falli burt, og er hún rjettmæt, því tæpast á það vel við að vitna í þessi lög, sem líkur eru til, að bráðlega falli úr gildi, þar sem frv. til laga um erfðafjárskatt hefir nú verið lagt fyrir þingið. Hin brtt. er sú, að bætt er við, að með hjúum þeim, sem um er rætt, sjeu talin börn þau uppkomin, sem hafa unnið þennan ákveðna tíma sem hjú hjá foreldrum sínum, og býst jeg við, að háttv. deild verði á einu máli í því efni, að þetta sje rjettmætt.

Háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) hefir komið fram með 3 brtt. við frv. á þskj. 135, en tvær þeirra mega heita samhljóða brtt. landbúnaðarnefndar, og að því er kemur til breytinga á b-lið á 3. gr. frv., þá býst jeg ekki við, að landbúnaðarnefnd hafi neitt á móti, að sú breyting verði samþykt.

Björn Kristjánsson: Jeg þakka nefndinni fyrir brtt., sem hún hefir komið fram með á frv. Jeg gætti þess ekki að bera mig saman við hana um breytingar á frv., en þar sem þær hafa farið svo saman, þá tek jeg mínar 2 fyrri aftur, en hvað snertir b-lið 3. gr., þá hefir háttv. nefnd sagt sig meðmælta henni.

Halldór Steinsson: Þetta frv. er borið fram í þeim tilgangi að reyna að tryggja það, að hjú tolli betur í vistum en nú er raun á orðin, og væri þess full nauðsyn, ef hægt væri að ráða bót á þessu, því nú er orðið slíkt los á hjúum að til vandræða horfir og stórhnekkis fyrir landbúnaðinn. Hvað þennan tilgang snertir hefi jeg ekkert við frv. að athuga, heldur tel það í fylsta máta rjettmætt að reyna að ráða bót á slíku. — En eins og jeg tók fram við 2. umr., þá er það misrjettið, er kemur fram í frv., sem jeg get ómögulega felt mig við. Jeg get ekki látið frv. fara svo frá deildinni, að jeg ekki enn lýsi óánægju minni yfir því, hve illa hefir tekist að leiða fram í frv. þá rjettmætu hugsjón, sem liggur að baki.

Eins og allir vita, þá eru mörg hjú, sem hafa unnið dyggilega í vist árum saman, þótt aldrei hafi gifst. Þegar svo heilsan bilar eða ellin sækir heim þessi hjú, þá tekur ekkert annað við en sveitin. Er auðsætt, að hjer fara margir þeir á mis við styrkinn, sem ef til vill ættu hann helst skilið.

Mjer þykir leitt, að hv. landbúnaðarnefnd hefir ekki sjeð sjer fært að taka tillögur mínar til greina og breyta þessu, en af þessum sökum get jeg ekki greitt atkv. með frv.

Björn Kristjánsson: Jeg er sammála hv. andmælanda frv. (H. St.) í því, að æskilegast hefði verið, að þessi styrkur hefði getað náð til allra hjúa, og jeg skal fallast á mál hans í því efni, að það sjeu mörg af bestu hjúunum, sem aldrei giftast. En þar sem upphæðin er svo lítil, sem tök eru á að veita til þessa, þá hlýtur styrkveitingin að verða þessum takmörkum bundin. Ef þessi takmörkun væri ekki sett, og svo mörg hjú gætu komið til greina, þá hlytu vonbrigðin að verða þeim mun meiri, er aðeins örfá gætu fengið styrkinn. Með þessu móti ber þó dálítið á honum, þar sem hann kemur til greina. Hitt er auðvitað vonandi, að landssjóði vaxi svo fiskur um hrygg, að það megi með tímanum færa hjer út kvíarnar, en þá verður vitaskuld að fara fram gagngerð breyting á lögum þessum. — Jeg hygg, að þetta megi teljast góð byrjun, og ef sú verður raunin á, að þetta komi að tilætluðum notum, þá er þingi og stjórn í lófa lagið að víkka síðið seinna meir. Það kann að vera, eins og hv. 1. landsk. þm. (S. F.) tók fram við 2. umr., að fult eins heppilegt hefði verið að láta færri njóta styrksins árlega, en hafa upphæðina þeim mun hærri, en nú hefir verið valin þessi leið, og ætla jeg því, að rjettast sje að reyna nú, hversu hún dugir. Vona jeg því, að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það eru aðeins örfá orð, sem jeg hefi hjer við að bæta, því háttv. 2. þm. G.-K.. (B. K.) tók það fram, sem jeg vildi sagt hafa. Það var ekki af þeim sökum, að það, sem hv. þm. Snæf. (H. St.) vildi breyta láta, hefði við engin rök að styðjast, að landbúnaðarnefnd sá sjer ekki fært að verða við till. hans, heldur af hinu, að handa slíkum fjölda kæmi svo lítið fje að sáralitlum notum. Auk þess mun þeim hjúum, sem giftast, jafnaðarlega meiri þörf á slíkum styrk en hinum ógiftu. Annars vil jeg ekki samþykkja það, að það sjeu tíðast bestu hjúin, sem giftast ekki, en þau munu venjulega vera lengur í vinnumensku en hjú, sem giftast, en hv. deild hefir nú áður sýnt, að hún metur það að engu, þótt hjú sjeu lengur en 5 ár í ársvist. Jeg skal

þó geta þess, að jeg vildi gjarna, að eitthvað væri gert fyrir þau líka, en þetta fje er svo lítið, að tæplega er til að miðla milli mjög margra.

ATKVGR.
Brtt. 135, 1. tekin aftur.
— 142, 1. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 135, 2. a. tekin aftur.
— 142, 2. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 135, 2. b. samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 157).

Á 27. og 28. fundi í Nd., dagana 19. og 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti (B. Sv.): Jeg sting upp á, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar, en til þess þarf afbrigði frá þingsköpum, með því að málið var í landbúnaðarnefnd í hv. Ed. —

Afbrigði um það leyfð og samþ. í e. hlj.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1655) með 17 : 1 atkv.

Á 71., 74. og 75. fundi í Nd., dagana 17., 19. og 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 157, n. 594).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar og varð

ekki útrætt.

---

18. Yfirsetukvennalög.

Á 10. fundi í Ed., mánudaginn 28. febr., var útbýtt
Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 36, 28. nóv. 1919 [Yfirsetukvennalög] (A. 62).

Á 12. fundi í Ed., miðvikudaginn 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg get að mestu vísað til greinargerðarinnar við frv. Vitanlega fengu yfirsetukonur mikla rjettarbót með lögunum frá 1919, en þó hefir talsvert orðið vart við óánægju síðan. Einkum hefir hún stafað af því, að þeim var ekki ákveðin dýrtíðaruppbót eins og flestum öðrum opinberum starfsmönnum. Allir vita þó, að störf ljósmæðra eru engu ábyrgðarminni en önnur opinber störf, og virðist þá rjettlátt, að launin sjeu í líkum hlutföllum.

Annað er líka, sem mælir með þessu. Bólusetningar eru víða að færast í hendur ljósmæðra, en það er svo illa launað, að varla fæst neinn til að gera það. Jeg veit til, að borgunin hefir stundum verið aðeins 8—10 kr. fyrir 4 daga

starf. Ef nú laun ljósmæðra væru hækkuð, mætti skylda þær til að vinna þetta. Annars verður óhjákvæmilegt að hækka taxtann fyrir bólusetningar að miklum mun.

Þá er þriðja atriðið. Á seinustu árum hefir verið mikil hreyfing í sveitunum í þá átt að fá hjúkrunarkonu í hverja sveit. Eins og nú er lendir hjúkrun oftast nær á yfirsetukonunum. Er það þó vitanlega ekki skyldustarf, enda hart í fólksfæðinni, sem nú er, að vera oft að heiman og fá sáralítil laun. Ef launin væru hækkuð, mætti miklu fremur leggja hart að þeim í þessu.

Jeg vona, að hv. deild taki þessu frv. vel, og legg til, að því verði vísað til fjárhagsnefndar að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1650) með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð

ekki útrætt.